DÝRALÆKNATAL

BÚFJÁRSJÚKDÓMAR OG SAGA

Dýralæknafélag Íslands

DÝRALÆKNATAL

BÚFJÁRSJÚKDÓMAR OG SAGA

© 2004. Dýralæknafélag Íslands.
Útlitshönnun/umbrot: Halldór B. Kristjánsson - Leturval
Prentvinnsla: Oddi hf.
Bókband: Oddi hf.
Útgefandi: Dýralæknafélag Íslands.

Þessa bók má eigi afrita með neinum hætti,
svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun,
eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild,
án skriflegs leyfis útgefanda.

ISBN 9979-60-954-0

DÝRALÆKNATAL

BÚFJÁRSJÚKDÓMAR OG SAGA

Ritstjóri:
Brynjólfur Sandholt

Ritnefnd:
Brynjólfur Sandholt, Gísli Jónsson,
Helgi Sigurðsson

Dýralæknafélag Íslands

EFNISYFIRLIT

I. Ágrip af sögu Dýralæknafélags Íslands 10

II. Dýralæknatal 44

III. Um helstu dýrasjúkdóma og starfsvið dýralækna 227

Berklaveiki í húsdýrum á Íslandi. *Páll A. Pálsson* 228
Notkun bóluefna til varnar sjúkdómum í dýrum. *Eggert Gunnarsson* 237
Dýravernd. *Ólafur Jónsson* 250
Saga embættis yfirdýralæknis. *Halldór Runólfsson* 255
Fisksjúkdómar og eftirlit dýralækna. *Gísli Jónsson* 268
Fjárkláði á Íslandi. *Brynjólfur Sandholt* 276
Heilbrigðiseftirlit með sláturafurðum. *Sigurður Örn Hansson* 282
Hringskyrfi. *Páll A. Pálsson* 290
Ágrip af sögu hestadýralækninga. *Helgi Sigurðsson* 296
Smitsjúkdómar í hundum og köttum. *Helga Finnsdóttir* 305
Baráttan við júgurbólgu í kúm. *Auður Lilja Arnþórsdóttir* 316
Karakúlpestirnar. *Brynjólfur Sandholt* 321
Nautgripasæðingar á Íslandi. *Þorsteinn Ólafsson* 330
Kvennasmiðjan. *Helga Finnsdóttir* 339
Loðdýrasjúkdómar og innflutningur húsdýra. *Eggert Gunnarsson* 341
Miltisbruni (Miltisbrandur) á Íslandi. *Páll A. Pálsson* 350
Sæðingar á refum, svínum, geitum og alifuglum. *Þorsteinn Ólafsson* 354
Baráttan við riðuveiki á Íslandi. *Sigurður Sigurðarson* 356
Salmonella og kampylóbakter í kjúklingaeldi. *Jarle Reiersen* 376
Sauðfjársæðingar á Íslandi. *Þorsteinn Ólafsson* 382
Spatt í íslenskum hrossum. *Sigríður Björnsdóttir* 391
Sullaveiki á Íslandi. *Páll A. Pálsson* 398
Sumarexem í íslenskum hestum. *Sigríður Björnsdóttir* 405
Svínasjúkdómar. *Konráð Konráðsson* 410
Sæðingar á hryssum á Íslandi. *Páll Stefánsson* 421

FORMÁLI

Um þessar mundir mun vera liðinn um þriðjungur aldar síðan fyrst var hreyft hugmynd um að gefa út Dýralæknatal. Á tuttugu og fimm ára afmæli Dýralæknafélags Íslands árið 1959 var Búnaðarritið Freyr helgað þessum tímamótum. Þar voru taldir upp allir íslenskir dýralæknar sem lokið höfðu embættisprófi fram til þess tíma. Einnig birtust í ritinu greinar um stofnun Dýralæknafélags Íslands og almennar dýralækningar. Sama skeði þegar félagið hélt upp á 30 og 35 ára afmælin að í ritinu birtust upplýsingar um þá dýralækna sem höfðu lokið námi á þeim tíma.

Á aðalfundi félagsins að Hótel Bifröst í ágúst 1976 var samþykkt svohljóðandi tillaga frá Guðbrandi Hlíðar:

„Aðalfundur DÍ haldinn að Bifröst 13. og 14. ágúst samþykkir að skipa þriggja manna nefnd til þess að undirbúa handrit að 50 ára afmælisriti DÍ ásamt dýralæknatali frá upphafi til 1984. Handriti skal ljúka fyrir aðalfund DÍ 1983 ásamt upplýsingum um prentunarkostnað ritsins.“ Tillagan var samþykkt og í nefndina kosin þau Þórhalla Davíðsdóttir, Guðbrandur Hlíðar og Páll A. Pálsson. Sigurður Sigurðarson tók sæti Guðbrandar í nefndinni þegar hann hvarf af landi brott árið 1982.

Nefndin lét gera spurningaeyðublað sem sent var til allra félagsmanna og ættingja látinna dýralækna. Undirtektir voru mismunandi eins og sýnt hefur sig um sambærileg verkefni og m.a. vegna anna nefndarmanna lognaðist verkefnið út af. Allmörg svör höfðu borist og komu þau svo sannarlega að góðum notum þegar verkið var tekið upp að nýju.

Á aðalfundi DÍ 2001 var ákveðið að fara þess á leit við Brynjólf Sandholt að taka upp þráðinn og stefnt skyldi að því að koma dýralæknatalinu út í sambandi við sjötíu ára afmæli félagsins sumarið 2004.

Sama spurningaeyðublaðið var sent út á ný nema til þeirra sem höfðu svarað í fyrri tilraun, en þeir fengu sent eyðublaðið með þeim upplýsingum sem þeir höfðu sent inn í upphafi og beðnir að

bæta inn upplýsingum yfir það tímabil sem liðið var. Ákveðið var að aðeins þær upplýsingar sem kæmu fram í svörunum yrðu birtar. Við yfirlestur kom fram að í sumum svörum vantaði upplýsingar og var haft samband við þá aðila til að sem mest samræmi yrði í endanlegri útgáfu. Síðan var öllum aðilum send próförk til yfirlestrar til tryggingar að rétt væri farið með upplýsingarnar og einnig var mönnum gefinn kostur á að koma með athugasemdir og viðbótarupplýsingar ef slíks var óskað.

Viðtökur dýralækna um veitingu upplýsinga hafa verið mjög góðar og allir verið hjálplegir að upplýsa um dýralækna sem nefndin vissi ekki um. Einn dýralæknir taldi ástæðu til að um hann yrðu ekki birtar upplýsingar í ritinu. Ritnefndin ákvað að birta aðeins upplýsingar um hann sem liggja fyrir í opinberum gögnum og er æviskrá hans merkt með stjörnu (*), svo að lesendur sjái að þær séu ekki frá honum komnar.

Í ritinu er ágrip að sögu Dýralæknafélags Íslands og nokkrar fleiri upplýsingar sem snerta félagsstarfsemina, menntun og störf dýralækna í landinu. Þetta er langt í frá að vera tæmandi saga og ekki til þess ætlast. Á hinn bóginn er vonandi að síðar muni sögu dýralækninga hér á landi og félagsins gerð betri skil en hér er gert.

Allnokkuð hefur verið skrifað um sjúkdóma í búfé hér á landi og hefur Páll A. Pálson fv. yfirdýralæknir lagst þungt á árarnar í þeim efnum. Ekki má heldur gleyma Dýralækningabók Magnúsar Einarsonar, útg. 1931, sem var ómissandi hverjum þeim sem vildi afla sér upplýsinga um dýrasjúkdóma og lækningar þeirra og var mörgum bændum mikil hjálp áður en dýralæknum fjölgaði. Einnig auðveldaði hún mörgum dýralækninum að þýða útlend nöfn sjúkdóma og athafna er þeir tóku til starfa eftir að þeir komu heim frá námi.

Þegar nokkuð var liðið frá því söfnun upplýsinga hófst og trú aðstandenda á að bókin kæmi út, kom upp sú hugmynd að fá nokkra dýralækna til að skrifa greinar um sögu og gang dýrasjúkdóma hér á landi á síðari tímum. Umleituninni var vel tekið og því er hluti bókarinnar helgaður þessu efni. Birtar eru 25 greinar sem vonast er til að geti verið bæði í senn fræðandi og áhugasöm lesning þeim sem áhuga hafa á sögu dýrasjúkdóma, útrýmingu þeirra og dýralækningum hér á landi sl. tvær aldir.

Eftir því sem umsvif við gerð ritsins jukust þótti rétt að fleiri

legðu hönd á plóginn og á haustfundi DÍ 2003 var kosin ritnefnd sem í eiga sæti Brynjólfur Sandholt, Gísli Jónsson og Helgi Sigurðsson.

Bergrún Bjarnadóttir sá um að skrá upplýsingar um dýralækna inn á tölvutækt form og kunnum við henni bestu þakkir fyrir gott starf. Sérstakar þakkir eru færðar Halldóri B. Kristjánssyni í Leturval sem hefur borið veg og vanda af öllum tæknilegum þáttum og leiðbeint ritnefndinni um þrönga og ókunna stíga útgáfuferilsins. Margir fleiri hafa lagt hönd á plóginn og eru þeim einnig færðar góðar þakkir.

Að lokum óskum við sem að útgáfunni höfum unnið að ritið verði öllum sem það vilja skoða til gagns og ánægju.

Brynjólfur Sandholt
Gísli Jónsson
Helgi Sigurðsson

RITNEFND



Helgi Sigurðsson, Brynjólfur Sandholt og Gísli Jónsson.

I

ÁGRIP AF SÖGU DÝRALÆKNAFÉLAGS ÍSLANDS

Brynjólfur Sandholt

Ágrip af sögu Dýralæknafélags Íslands

Stofnun félagsins

Óljóst er hver upprunalegi hvatinn var að stofnun Dýralæknafélags Íslands (DÍ) en ekki er fjarri lagi að álykta að koma tveggja nýútskrifaðra dýralækna til landsins um sumarið 1934 hafi átt þar drjúgan þátt. Þar með fjölgaði dýralæknum á Íslandi um 50% eða í sex talsins. Öllum starfandi dýralæknum landsins var um haustið boðið til fundar í Reykjavík og eins og segir í fyrstu fundargerð félagsins var Dýralæknafélag Íslands þá stofnað:

„Föstudaginn þ. 7. september 1934 komu dýralæknarnir á Ís-

Stofnendur Dýralæknafélags Íslands á stofnfundi 1934. Frá v.: Bragi Steingrímsson, Ásgeir Ó. Einarsson, Jón Pálsson, Sigurður E. Hlíðar og Ásgeir Þ. Ólafsson. Sjötti stofnandinn, Hannes Jónsson, var fjarverandi er myndin var tekin.

landi, en þeir voru sex talsins, saman til fundar á Hótel Borg í Reykjavík til þess að halda með sér dýralæknafund.“ Segir svo í fundargerðinni að fyrsta mál sem liggi fyrir fundinum sé að stofna félagsskap með dýralæknum landsins.Var félagið síðan stofnað og nefnt Dýralæknafélag Íslands. Fyrsta stjórn félagsins var þannig skipuð: Sigurður E. Hlíðar, formaður, en meðstjórnendur þeir Hannes Jónsson og Jón Pálsson.

Í fyrstu lögum félagsins segir að tilgangur félagsins sé:

a. að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum íslenskra dýralækna.
b. efla samhug og viðkynni stéttarinnar.
c. mæta á opinberum vettvangi fyrir hönd íslenskra dýralækna.
d. auka faglega þekkingu meðlima með fræðsluerindum, umræðum o.fl.

Meðlimir geta allir þeir orðið sem lokið hafa háskólaprófi í dýralækningum og starfa að dýralækningum á Íslandi. Atkvæðisrétt á fundum hafa þó þeir einir sem hafa íslenskan ríkisborgararétt.

Dýralæknum fjölgaði hægt á næstu áratugum sem rekja má til þess að atvinnumöguleikar voru litlir og fagið höfðaði kannski ekki til þeirra sem hófu nám á háskólastigi á þeim tíma. Einnig setti síðari heimsstyrjöldin strik í reikninginn þar sem dýralæknanám var eingöngu mögulegt að stunda við erlenda háskóla og er svo reyndar enn. Dýralæknum tók fyrst að fjölga á sjötta áratugnum og á 25 ára afmæli félagsins voru starfandi dýralæknar hér á landi 17 talsins, þar af var ein kona sem þótti sérstakt á þeim tíma. Á næstu árum fjölgaði dýralæknum lítið bæði vegna aukins námskostnaðar af völdum sífelldra gengislækkana og atvinnutækifæri byggðust enn að miklu leyti á framboði á störfum í opinbera geiranum. Ríkið var ekki ginkeypt fyrir því að auka fjárveitingar til dýralækninga frekar en orðið var, sérstaklega þar sem nú hafði náðst jákvæður árangur í baráttunni við hina skæðu sauðfjársjúkdóma sem bárust til landsins á fjórða áratugnum. Það er ekki fyrr en upp úr 1970 sem dýralæknum tekur að fjölga að marki.

Fjöldi starfandi dýralækna hér á landi hefur verið sem hér segir:

1930	1940	1950	1960	1970	1980	1990	2000	2004
4	6	9	18	20	36	74	86	93

Í dag eru 104 dýralæknar búsettir hér á landi og þar af eru tveir erlendir. Í störfum hjá ríki eru 37 og 6 hjá sveitarfélögum, 44 eru sjálfstætt starfandi dýralæknar, 6 aðrir eru við ýmis störf hjá einkafyrirtækjum og 11 eru eftirlaunaþegar. Við störf erlendis eru 26 íslenskir dýralæknar. Eftirtektarvert er að nú í dag eru 39 konur við dýralæknisstörf hér á landi eða tæp 42% af starfandi dýralæknum. Á síðustu 5 árum hafa 2 af hverjum 3 dýralæknum sem útskrifast verið konur og þetta hlutfall virðist lítið breytast í næstu framtíð. Sambærilegrar þróunar gætir einnig víðast hvar erlendis. Árið 1948 hóf fyrsta konan störf sem dýralæknir hér á land en það var Kirsten Henriksen.

Af þeim dýralæknum sem eru starfandi hafa 12 dýralæknar lokið doktorsprófi og 12 dýralæknar fengið viðurkenningu til að kalla sig fagdýralækna. Faggreinarnar fjalla um smádýralækningar, hrossalækningar, nautgripa- og sauðfjársjúkdóma, alifuglasjúkdóma, fisksjúkdóma, heilbrigðiseftirlit með afurðum sláturdýra og faraldsfræði dýrasjúkdóma.

Af þessari upptalningu má sjá að íslenskir dýralæknar hafa verið framsæknir og fylgst vel með í sínu fagi á undanförnum árum enda hefur viðurkenning á dýralæknismenntun og störfum dýralækna farið stöðugt vaxandi meðal þeirra sem þurfa á þjónustu dýralækna að halda.

Lög um dýralækna

Fyrstu lögin um málefni dýralækna voru sett á Alþingi með lögum um dýralækna nr. 22, 2. október 1891. Fram til þess tíma höfðu stjórnvöld fengið erlenda dýralækna og lækna til að starfa hér að vísindalegum rannsóknum eða skipuleggja aðgerðir til útrýmingar harðvítugum dýrasjúkdómum sem höfðu borist til landsins og má þar fyrst og fremst nefna fjárkláðann.

Í lögunum frá 1891 segir að skipa skuli 2 dýralækna, annan í Suður- og Vesturamtinu og hinn í Norður- og Austuramtinu. Enginn dýralæknir hafði verið skipaður í landinu síðan Snorri Jónsson (1844–1879) var ráðinn dýralæknir 1870-1874 til aðstoðar í baráttunni við seinni fjárkláðann. Stjórnvöld álitu að hans þyrfti ekki lengur við þegar nokkur árangur hafði náðst í að hemja fjárkláðann og sögðu honum upp störfum.

Rétt er að geta þess hér að fyrsti íslenski dýralæknirinn, Teitur Finnbogason (1803–1883), lauk prófi frá Dýralæknaskólanum í

Kaupmannahöfn 1833. Ekkert dýralæknisembætti var þá til hér á landi og var Teitur aldrei á föstum launum en honum voru öðru hvoru falin dýralæknisstörf í sambandi við útrýmingu seinni fjárkláðans. Fyrra embættið (Suðuramtið) samkvæmt lögunum frá 1891 tókst ekki að skipa í fyrr en 1896 og hið síðara 1910. Síðan hefur landið ekki verið dýralæknislaust. Dýralæknisumdæmum fjölgaði í fjögur 1915 og 1933 var einu bætt við og öðru 1939. Árið 1943 var samþykkt breyting á lögum um dýralækna sem fól í sér að héraðsdýralæknirinn í Reykjavík var skipaður yfirdýralæknir jafnframt því að sinna áfram störfum héraðsdýralæknis. Dýralæknafélagið hafði óskað þess að staða yfirdýralæknis yrði sérstakt starf en ekki að hann gegndi áfram héraðsdýralæknisstarfinu eins og sagði í lögunum. Þessi breyting náði fyrst fram að ganga þegar nýr héraðsdýralæknir var skipaður í embætti Gullbringu- og Kjósarsýsluumdæmis 1950.

Það var ekki fyrr en árið 1947 að gerðar voru efnislegar breytingar á lögunum um dýralækna frá 1891 og skipulag dýralæknastarfseminnar í landinu fært í nútímalegra horf. Jafnframt var tveimur dýralæknisumdæmum bætt við auk þess að einn dýralæknir skyldi starfa sem sérfræðingur við Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum. Upp úr 1960 þótti dýralæknum að á ný væri kominn tími til að leita eftir endurskoðun á gildandi dýralæknalögum og létu þann vilja sinn í ljós við ráðamenn en við litlar undirtektir.

Til þess að þoka málinu áfram kaus aðalfundur DÍ nefnd árið 1967 til að semja frumvarp að nýjum dýralæknalögum. Í nefndina voru kosnir Guðbrandur Hlíðar formaður DÍ, Páll A. Pálsson yfirdýralæknir og Brynjólfur Sandholt héraðsdýralæknir. Drög nefndarinnar að frumvarpi um ný lög um dýralækna ásamt ítarlegri greinargerð voru samþykkt á aðalfundi DÍ 1969 og send landbúnaðarráðherra með ósk um að hann legði frumvarpið fram á Alþingi til samþykktar. Jafnframt voru frumvarpsdrögin send Búnaðarþingi og skoraði það á ráðherra að leggja drögin fyrir Alþingi. Frumvarpið var samþykkt 1970 allmikið breytt og mörgum greinum þess breytt í heimildarákvæði. Mikilvægar greinar úr frumvarpinu voru enn að skila sér rúmlega 30 árum eftir að það var lagt fram.

Af þeim nýmælum í tillögum DÍ sem náðu fram að ganga má nefna sérstaklega,

a) að greiða skyldi staðaruppbót í umdæmum þar sem mjólkurkýr voru færri en 1600,
b) fyrir hver 10 ár sem héraðsdýralæknir hefur gegnt þjónustu á hann rétt á að hljóta 6 mánaða frí frá störfum á fullum launum til framhaldsnáms og
c) setja skyldi héraðsdýralæknum erindisbréf.

Heimildir í lögunum til að veita dýralækni lán þegar hann hæfi störf sem héraðsdýralæknir í fyrsta sinn og að sjá skyldi dýralæknisumdæmum fyrir sérstökum læknisáhöldum fengust aldrei nýttar.

Í frumvarpinu var einnig tillaga um að þegar héraðsdýralæknir færi í brýna vitjun umfram 50 km frá bústað sínum greiddi beiðandi vitjunar fyrir fyrstu 50 km en hið opinbera það sem umfram væri. Þetta þótti réttlætismál bæði til að jafna út ferðakostnaðinum og ekki síst út frá dýraverndarsjónarmiði og náði þetta fyrst fram að ganga þegar það var tekið upp í lög um dýralækna nr. 66/1998.

Á næstu áratugum fjölgar dýralæknisumdæmunum og flest urðu þau 31 með lögum um dýralækna frá 1981. Þrjú af þessum umdæmum voru aldrei setin þar sem ekki fékkst fé á fjárlögum til að greiða laun væntanlegra héraðsdýralækna.

Núgildandi lög um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr voru samþykkt á Alþingi í júní 1998 og komu að fullu til framkvæmda í lok ársins 1999.

Baráttumálin

Eins og fyrr segir liggja litlar upplýsingar fyrir um aðdraganda að stofnun félagsins. Alllíklegt er þó að umræður og ákvörðun um innflutning á karakúlfé hafi haft þar áhrif. Dýralæknarnir komið saman til að ræða ástandið og hvaða afleiðingar slíkur innflutningur kynni að hafa út frá faglegum sjónarhóli. Einnig hafa kjör og starfsaðstaða án efa borið á góma þar sem starfsskilyrði dýralækna á þessum tíma voru víða bágborin.

Á þessum tíma voru allir dýralæknar héraðsdýralæknar að einum undanskildum þannig að allar kjarabætur þurfti að sækja til ríkisvaldsins. Að loknum stofnfundi fóru því allir félagarnir til forsætisráðherra til að ræða áhugamál stéttarinnar, bæði faglegu þættina og ekki síður kjaramálin. Ekki er fært til bókar hver árangur þessa fundar varð.

Strax á næsta aðalfundi var samþykkt málefnaskrá þar sem

fram komu þau mál sem fundarmenn töldu að væru mest knýjandi að kæmu til framkvæmda á næstu árum.

Stjórninni var falið að leita til ríkisstjórnarinnar um framgang þessara mála.

Í þessu skyni voru eftirtaldar ályktanir samþykktar:

1. Stofna skyldi kynbótabú sem yrði miðstöð allra tilrauna á sviði húsdýra- og alifuglaræktarinnar og snerti einnig innflutning alidýra, loðdýra og alifugla, bæði til kynbóta og uppeldis.
2. Til útrýmingar fjárkláða skyldi dýralæknum falið eftirlit og framkvæmd á öllu kláðasjúku fé og yfirvöldum sem fá tilkynningu um fjárkláða falið að snúa sér til hlutaðeigandi dýralæknis sem síðan lætur framkvæma nauðsynlegar ráðstafanir m.a. tillögur um skipan baðstjóra og notkun viðurkenndra baðlyfja skv. gildandi lögum.
   Í þessu sambandi var sérstaklega rætt um möguleika á að sérstakur dýralæknir yrði ráðinn að Rannsóknastofu háskólans til að annast þau störf sem að dýrasjúkdómum lytu.
3. Skipa skyldi einn af dýralæknum landsins landsdýralækni sem væri ráðunautur ríkisstjórnarinnar auk þess að hafa eftirlit með lyfjabúðum og Rannsóknastofu háskólans hvað dýralyf snerti, árlegt eftirlit með sláturhúsum landsins og kjötskoðun, einnig eftirlit með mjólkurbúum og smjörbúum og sölu mjólkurafurða.
4. Nauðsynlegt væri að fá fleiri dýralækna til starfa þar sem landbúnaðar væri í mikilli framför og vexti og stefnt skyldi að fjölga þeim í framtíðinni upp í allt að tíu.
   Til að stuðla að aukinni aðsókn í dýralæknanám skorar aðalfundurinn á Alþingi að veita á ný námsstyrk til dýralæknanema en slíkur styrkur hafði verið felldur niður. Auk þess var samþykkt að skora á ríkisstjórnina að veita utanfararstyrk til dýralæknis til þess að kynna sér nýjungar á sviði dýralækninga.

Þá var samþykkt að leita samvinnu við Búnaðarfélag Íslands og ritstjórn hins nýja blaðs „Freyr“ um ákveðið rúm í blaðinu fyrir greinar um dýralækningar eða skylt efni sem dýralæknar óskuðu að fá birtar.

Að lokum var skorað á sýslunefndir og búnaðarsambönd lands-

ins að þau beittu sér fyrir því að komið yrði upp hæfilegum dýralæknisbústöðum með nægilegu landi til ræktunar, svo hægt sé að reka jarðrækt til stuðnings búi og praksís.

Einkennilegt má teljast að engar ályktanir eru gerðar um kjaramál á þessum fyrstu fundum þó að þau hafi án efa borið á góma. Fyrsta umfjöllun um kjaramál er færð til bókar á aðalfundi DÍ 1937 en er þar mótmælt lækkun kjötskoðunargjalds um einn eyri, þ.e.a.s. úr kr. 0.05 í kr. 0.04 pr. skrokk. Í greinargerð sem fylgdi með mótmælum félagsins til landbúnaðarráðuneytisins um að lækkunin yrði tekin til baka segir, að lækkunin sé óréttmæt enda hafi það verið viðurkennt að lækkunin skipti engu fyrir viðkomandi sláturhús en muni aftur á móti töluverðu fyrir dýralæknana sem eru með lægst launuðu opinberum starfsmönnum ríkisins. Auk þess fylgi kjötskoðuninni óhjákvæmilega aukið starf vegna kröfu um nákvæmari innyflaskoðanir í baráttunni við hina nýju sauðfjársjúkdóma sem nú höfðu náð allmikilli útbreiðslu.

Það er ekki fyrr en árið 1939 sem fyrsta gjaldskrá dýralækna er gefin út af landbúnaðarráðuneytinu þar sem dýralæknum er heimilt að taka gjald fyrir önnur störf en eftirlitsstörf. Fram til þessa höfðu héraðsdýralæknar eingöngu föst laun frá ríkinu, og giltu bæði fyrir embættisstörf og vinnu í sjúkravitjunum, en þar að auki skyldu þeir fá greidda fæðispeninga og ferðakostnað þegar þeir væru fjarri heimili sínu vegna opinberra starfa og í vitjunum fyrir einstaklinga.

Fyrsta áratuginn var starfsemi félagsins í lágmarki og fundir ekki haldnir árlega enda ríkti hér sérstakt ástand meðan síðari heimsstyrjöldin stóð yfir hvað snerti leyfi til ferðalaga innan lands, atvinnuástand og sjúkdómastöðu búfjár. Fyrir utan karakúlsjúkdómana bárust til landsins á þessu tímabili áður óþekktir sjúkdómar með matvælum sem flutt voru inn til hernámsliðsins og má þar nefna sjúkdóma eins og svínapest og blöðruþot í svínum.

Árið 1957 voru samþykkt á Alþingi lög um embættisbústaði og náði þá fram að ganga eitt helsta baráttumál dýralækna. Í framhaldi af því voru byggðir eða keyptir dýralæknabústaðir í öllum dýralæknaumdæmum nema á Selfossi, Akureyri og í Reykjavík þar sem ekki þótti ástæða til að kaupa bústaði á þéttbýlissvæðum. Nokkurn tíma tók að ná þessu markmiði þar sem framkvæmdir voru í takt við fjárveitingar og fjárveitinganefnd frekar treg í taumi eins og fyrri daginn. Á eftirstríðsárunum meðan innflutningshöft

Hannes Jónsson dýralæknir, lengst til hægri, og tveir bandarískir dýralæknar að skoða kind vegna gruns um fjárkláða 1943.

voru í algleymingi var einn mikilvægasti þátturinn í starfi stjórnarinnar að útvega innflutningsleyfi fyrir bifreiðakaupum handa dýralæknum. Árangurinn var löngum smár og dýralæknar urðu að kaupa sínar bifreiðar á svörtum markaði á uppsprengdu verði til að sinna sínu starfi.

Háleggur, praksís-bíll Guðbrandar E. Hlíðar. Rússneskur jeppi með fólksbíla yfirbyggingu, 1958.

Gjaldskrá fyrir dýralækna, sem samþykkt skal af landbúnaðarráðuneytinu fékkst endurskoðuð frá grunni 1958. Þar var í fyrsta sinn samþykkt startgjald og greiðsla fyrir tíma í vitjunum. Eitt megin verkefni allra stjórna var að berjast við landbúnaðarráðuneytið um að gjaldskráin hækkaði í takt við kaupgjaldsvísitölu og sambærilega launataksta annarra stétta. Þetta var löngum erfitt stríð og dýralæknar fóru oft með skarðan hlut úr þeirri baráttu. Samkvæmt gildandi samkeppnislögum er sameiginleg gjaldskrá ekki lengur heimiluð og þessi barátta er nú fyrir bí.

Ný lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna voru samþykkt í árslok 1986. Í þessum samningum var kjaradómur lagður niður en þess í stað kveðið á um að samningsrétturinn væri nú að fullu í höndum viðkomandi stéttarfélags og heimild til að fara í verkfall. Í framhaldi hófust samningaviðræður milli launadeildar fjármálaráðuneytisins og DÍ og náðust samningar í apríl 1987. Var þar m.a. kveðið á um að vaktskylda héraðsdýralækna væri 24 klst. á dag alla daga ársins en þeir skyldu þó að jafnaði vera undanskyldir vaktskyldu einn dag í viku. Til þess að ná þessu takmarki skulu nágrannadýralæknar skipuleggja sín á milli gagnkvæm

Á verkfallsvakt 1989. F.v.: Þorvaldur H. Þórðarson og Sigurður H. Pétursson.

vaktaskipti. Greiðsla skuli koma fyrir vaktir þar sem ekki er hægt að koma vaktaskiptum við. Kjarasamningar við ríkið voru lausir í lok 1988 og setti DÍ kröfur um endurskoðun á vaktakerfinu ásamt endurbótum varðandi endurmenntun, sem hvoru tveggja hafði verið erfitt að fá uppfyllt. Dýralæknar í þjónustu ríkisins samþykktu að boða til verkfalls þann 11. apríl 1989 ef samningar hefðu ekki náðst fyrir þann tíma. Samningar náðust ekki og fóru dýralæknar í verkfall ásamt öðrum aðildarfélögum Bandalags háskólamanna (BHM). Sett var upp vaktmiðstöð í Reykjavík þar sem vitjanabeiðnir voru metnar af dýralæknum og fulltrúa landbúnaðarráðuneytisins til að afstýra neyðarástandi. Verkfallinu lauk hinn 18. maí með undirskrift nýs kjarasamnings.

Fyrir utan kjarabætur í hinum almenna kjarasamningi fengu dýralæknar fram í sérstakri bókun að skipuð var sérstök nefnd sem fjalla skyldi um embættis- og vaktskyldu héraðsdýralækna og miðað við að héraðsdýralæknum yrði gert kleift að njóta vikulegra frídaga eins og sambærilegar starfstéttir. Samningur um nýjar reglur um vaktaskipan var undirritaður í október 1989 og lokasamningur í júní 1992.

Við skipan í embætti héraðsdýralækna töldu dýralæknar að landbúnaðarráðherrar hefðu oft ekki tekið tillit til starfsaldurs og menntunar. Það væri því ekki á vísan að róa í þeim efnum að dýralæknar fengju uppskorið sem vert væri fyrir að sitja í tekjuminni umdæmum og jafnframt oft farið í að auka við menntun sína svo að þeir stæðu betur í stykkinu í þjónustu við bændur og aðra dýraeigendur. Í breytingu á lögum um dýralækna sem samþykkt var 1989 er að finna ákvæði sem segir að skipa skuli nefnd er metur hæfni umsækjenda í stöðu héraðsdýralæknis og gerir tillögu til ráðherra um röð umsækjenda þegar fleiri en einn sækja og var þarna komið til móts við óskir dýralækna um tilraun að réttlátari skipun í stöður héraðsdýralækna. Hæfnisnefndin tók til starfa eftir nánari útfærðum starfsreglum sumarið 1989.

Mikill kurr kom upp meðal dýralækna vegna ákvæðis í nýjum lyfjalögum nr. 94/1994 þar sem dýralæknum var gert óheimilt að selja dýralyf. Þessu ákvæði var breytt í fyrra horf fyrir jólin 1994.

Upp úr 1990 jókst þeirri skoðun stöðugt fylgi að tími væri kominn til að breyta skipan dýralæknisþjónustunnar í landinu með tilliti til margvíslegra breyttra aðstæðna frá því lög um dýralækna nr. 77/1981 voru samþykkt. Miklar breytingar höfðu orðið á fjölda búfjár til fækkunar í mörgum umdæmum á þessum tíma, bú stækkuð og fólki fækkað sem vann að framleiðslustörfum búfjárafurða, gæludýrum fjölgað og samgöngur farið stöðugt batnandi. Sjálfstætt starfandi dýralæknum fjölgað og mikils misræmis gætti í aðstöðu þeirra gagnvart héraðsdýralæknum. Einnig þótti hlutverk héraðsdýralækna vera í andstöðu við ríkjandi skoðanir um aðskilnað eftirlits og þjónustu.

Með þetta í huga samþykkti aðalfundur DÍ árið 1995 að skora á landbúnaðarráðherra og Alþingi „að taka til endurskoðunar lög um dýralækna nr. 77/1981 og breyta þeim í samræmi við breytt starfsumhverfi dýralækna og þjóðfélagið í heild.“ Í framhaldi skipaði landbúnaðarráðherra nefnd til að semja frumvarp að nýrri dýralæknaskipan í landinu og ný lög nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr voru samþykkt á Alþingi. Nokkur dráttur varð á að þau tækju gildi þar sem samningar um laun héraðsdýralækna og þóknun fyrir vaktir urðu erfiðari en búist var við.

Margar og miklar breytingar er að finna í þessum lögum miðað við lögin frá 1981 með síðari breytingum. Hér skal aðeins drepið á þær helstu:

Í fyrsta lagi var reynt eftir megni að skilja að læknisþjónustu og eftirlitsstörf sem tókst þar sem dýraþéttleiki var meiri en aftur á móti ekki sem skyldi á dreifbýlli svæðum.
Í öðru lagi að ríkið tryggði dýralæknavakt um land allt allan sólarhringinn árið um kring með skipan vaktsvæða þar sem ríkið greiðir sérstaklega fyrir þessa þjónustu.
Í þriðja lagi til að tryggja byggðum fjarri aðsetri dýralæknis betri dýralæknisþjónustu skyldi hið opinbera greiða hluta ferðakostnaðar og þar með væri frekara jafnræðis gætt.
Í fjórða lagi var heimilt að veita dýralæknum sérfræðiviðurkenningu á sviði dýralækninga.
Í fimmta lagi voru stöður sérgreinadýralækna lögfestar.
Í sjötta lagi var kveðið á um að yfirdýralæknir skuli hafa aðgang að viðunandi aðstöðu, búnaði og sérþekkingu til greiningar dýrasjúkdóma vegna sjúkdómavarna og forvarnarstarfa.
Í sjöunda lagi var grein fyrri laga um heimild landbúnaðarráðherra til að styrkja sýslufélög á svæðum, þar sem dýralæknar voru ekki starfandi til að semja við menn þar búsetta og þekktir voru að sérstakri hæfni til að hjálpa sjúkum búpeningi, felld niður. Þessi lagagrein hafði eftir að dýralæknum fjölgaði verið þeim mikill þyrnir í augum en fékkst ekki felld niður fyrr en við þetta tækifæri.

Dýralæknaþjónusta

Upphaf dýralæknaþjónustu hér á landi má rekja til þess að fyrir tæpri öld voru gerðar kröfur um að heilbrigðisskoða skyldi allar sláturafurðir sem ætlaðar voru til útflutnings til Bretlands. Má því segja að fyrstu störf dýralækna snúist um þennan þátt en ekki um lækningar dýra. Umhverfi dýralækna var ekki hagstætt til að stunda dýralækningar nema í næsta nágrenni við búsetu þeirra þegar ferðast var um á hestum eða sjóleiðis á bátum. Dýralækningar á þessum tíma fólust mest í að fræða bændur um sjúkdóma og forvarnir og síðar að gefa ráð í gegnum síma. Má segja að heilbrigðisskoðun á sláturhúsum og hrossageldingar hafi verið uppistaðan í starfi dýralækna fyrstu tvo áratugina á síðustu öld þegar rættist úr samgöngum á landi.

Sigurður Hlíðar var dýralæknir á Norðurlandi og bjó á Akureyri. Hann segir skemmtilega sögu úr praksís þegar hann var beðinn að koma og gelda fola vestur í Skagafirði. Þannig var að Skagfirð-

Samstarfspraksís í Reykjavík í desember 1984. Standandi f.v.: Árni M. Mathiesen, Magnús H. Guðjónsson, Björn Steinbjörnsson, Ólafur Oddgeirsson og Þorvaldur H. Þórðarson. Sitjandi: Eggert Gunnarsson, Brynjólfur Sandholt og Helgi Sigurðsson.

Samstarfspraksís í Garðabæ í júní 2004. Á myndinni eru frá hægri: Dýralæknarnir Anna Ólöf Haraldsdóttir, Ragnhildur Ásta Jónsdóttir og Jakobína Björk Sigvaldadóttir, ásamt Láru Tryggvadóttur aðstoðarstúlku. Á myndina vantar Hönnu Maríu Arnórsdóttur dýralækni.

Mynd þessi var tekin er efnt var til stórhátíðar í tilefni af 70 ára afmæli Sigurðar E. Hlíðar yfirdýralæknis vorið 1955. Fremri röð frá vinstri: Kirsten Henriksen, Carmen Maria Kortsson, Guðrún Árnadóttir, Guðrún Louise Guðbrandsdóttir, Áslaug Ólafsdóttir Stephensen, Lára Sigurbjörnsdóttir. Aftari röð frá vinstri: Páll Agnar Pálsson, dr. Karl Kortsson (Helmut Brückner), Ásgeir P. Ólafsson, Guðbrandur Einar Hlíðar, Sigurður E. Hlíðar, Jón Pálsson og Ásgeir Ó. Einarsson.

ingar báðu Sigurð um að koma vestur í Skagafjörð í geldingatúr, þeir myndu smala óvönuðum folum saman tiltekinn dag. Samið var um verð, kr. 5.00 á hvern fola. Sigurður reið svo vestur og var kominn þangað á tilteknum tíma. Höfðu Skagfirðingar þá smalað mun fleiri folum saman en ráð var fyrir gert og vildu nú fá afslátt á umsömdu verði, þar sem folarnir voru fleiri en áætlað var. Eftir nokkuð þjark gaf Sigurður kost á því að vana folana fyrir kr. 3.50 hvern að því tilskyldu að Skagfirðingar tækju að sér að handsama folana, binda þá og svæfa, svo að aldrei stæði á, en Sigurður framkvæmdi sjálfa aðgerðina. Var nú tekið til starfa og hvergi dregið af sér. Gengu hvatningar- og frýunarorð á víxl og var unnið í einni lotu uns lokið var aðgerðum á öllum folunum eða í nærri þrjú dægur. Þá höfðu 243 folar verið vanaðir og mun slík þolraun einsdæmi við það verk.

Upp úr 1930 urðu miklar breytingar á vegakerfinu og samgöngur bötnuðu. Við það jókst dýralæknaþjónusta við bændur og þeir

sáu sér hag í því að sækja dýralækni til sjúkra gripa frekar en að gefa sjálfir inn lyf og fá aðstoð nærgætinna manna til aðstoðar. Vissulega voru víða á landinu svæði sem erfitt var að veita þessa þjónustu og hefur svo verið allt fram á þennan dag.

Næsta breyting má segja að hafi skeð upp úr 1960 þegar dýralæknum fjölgar og flest dýralæknisumdæmi eru setin. Þá fara dýralæknar að koma sér upp aðstöðu til aðgerða þar sem hægt var að framkvæma algengar aðgerðir á smærri dýrum og má nefna að keisaraskurðir á ám urðu mjög algengir á þessum árum. Ekki má gleyma hlutverki húsmóðurinnar í rekstri dýralæknaþjónustunnar á þessum árum áður en hún var eins konar ígildi bílasíma og gemsa. Eftir að dýralæknirinn fór út í vitjun var hún sú sem veitti upplýsingar um hvar væri hægt að ná í dýralækninn ef upp komu neyðartilvik og afgreiddi lyfjapakka og lausasölulyf til bænda í fjarveru dýralæknisins. Var þetta til hagsbóta bæði fyrir bændur og dýralækninn.

Síðasta breytingin hefst af alvöru um 1980 samfara fjölgun gæludýra og hrossa í þéttbýli til afþreyingar. Meiri kröfur voru nú gerðar til dýralækna um fjölbreyttari þjónustu og krafa um stöðuga viðveru staðreynd. Bygging spítala og dýralæknastofa hófst á næstu árum og í dag er erfitt fyrir dýralækni að starfa án þess að þessi aðstaða sé fyrir hendi. Jafnframt hafa dýralæknar slegið sér saman um aðstöðu til að geta veitt faglegri þjónustu og ekki síst til að losna við stöðuga vaktskyldu og fá þannig mannsæmandi vinnutíma.

Ekki er hægt ljúka þessum kafla um dýralæknaþjónustu án þess að minnast Íslandsvinarins og öðlingsins Mark Watson, sem færði þjóðinni að gjöf eitt stykki smádýraspítala með öllum búnaði árið 1974, til þess að veita sem mesta og besta þjónustu við íslensk gæludýr.

Menntun dýralækna

Dýralæknar hafa alla tíð þurft að sækja menntun sína til erlendra háskóla. Í upphafi sóttu þeir til Danmerkur en síðar einnig til Þýskalands og Noregs og fáeinir hafa fengið menntun sína í Sviþjóð, Bretlandi og Austurríki. Eins og gefur að skilja eru áherslur í kennslu mismunandi eftir löndum og tekur mið af þeim dýrasjúkdómum og vandamálum sem við er að etja á hverjum stað. Með þetta í huga hafa íslenskir dýralæknar víðtæka þekkingu og

standa betur að vígi í baráttunni við að sjúkdómar berist til landsins vegna vaxandi þrýstings um aukinn innflutning dýra og búfjárafurða í sambandi við alheimsvæðinguna, sem tröllríður allri landbúnaðarumræðu um þessar mundir.

Fyrsti dýralæknaskóli í Evrópu var stofnaður í Lyon í Frakklandi árið 1761 og í Kaupmannahöfn 12 árum síðar. Fyrsti Íslendingurinn sem sækir nám í dýralækningum er Teitur Finnbogason sem útskrifast frá Dýralæknaskólanum í Kaupmannahöfn 1833. Þó að miklar pestir hafi herjað á íslenskan búpening frá því um miðja átjándu öld, fyrst fjárkláðinn og síðan pest í sauðfé upp úr aldamótunum 1800, þá kom ekki áhugi fram um að mennta dýralækni til að starfa hér á landi fyrr en 1831. Það ár gaf konungur út tilskipun um að senda velhæfan námsmann þriðja hvert ár til náms við Dýralæknaháskólann í Kaupmannahöfn og koma síðan til starfa á Íslandi að loknu námi. Kostnaður skyldi greiddur af landsmönnum samkvæmt lausafjártíund. Teitur var sá fyrsti og eini sem naut þessa námsstyrks. Á næstu árum koma fram tillögur á Alþingi um að auka dýralæknaþjónustu í landinu þar sem ýmsir dýrasjúkdómar og þá sérstaklega fjárkláðinn hinn síðari herjuðu á búpening landsmanna. Frumvarp stjórnarinnar, sem hún lagði fram á Alþingi 1877 um bætta dýralæknaþjónustu í landinu, var fellt eins og hinar fyrri tillögur. Fyrstu lög um dýralækna voru samþykkt 2. október 1891 og fyrsti embættisdýralæknirinn skipaður 1. nóvember 1896 sem var Magnús Einarson. Næsti dýralæknir kom til starfa árið 1910 og síðan koll af kolli. Í dag hafa 138 Íslendingar lokið námi í dýralækningum að því best er vitað en þeir hafa ekki allir komið til starfa hér á landi.

Til þess að öðlast starfsréttindi sem dýralæknir hér á landi þarf viðkomandi að hafa lokið prófi frá dýralæknaháskóla sem er viðurkenndur af íslenskum stjórnvöldum. Til þess að fá inngöngu í dýralæknaháskóla þarf að hafa gott stúdentspróf þar sem mikil eftirsókn er eftir að komast að og innganga víða háð fjöldatakmörkunum. Dýralæknanámið tekur 5½–6 ár við flesta dýralæknaháskóla og skiptist í bóklegt og verklegt nám. Náminu má skipta upp í þrjá hluta.

Á fyrsti hluta eru kenndar greinar eins og efnafræði, líffærafræði, lífefna- og lífeðlisfræði, erfða- og frumufræði.

Á öðrum hluta eru kennd gerla-, sníkla- og veirufræði, lyfjafræði og umhverfisfræði.

Á síðasta hluta fer fram kennsla í sjúkdómagreiningu, sjúkdómafræði, lyf- og skurðlækningum, fæðingarhjálp, matvælaeftirliti, dýravernd og lögum sem snerta dýralækningar. Víðast er þess krafist að nemar ljúki lokaverkefni og vinni ákveðinn tíma með dýralæknum við almennar dýralækningar.

Dýralæknaháskólar

Hér verður farið nokkrum orðum um þá dýralæknaháskóla sem íslenskir dýralæknar hafa sótt menntun sína til í gegnum tíðina.

Dýralæknaháskólinn í Kaupmannahöfn

Árið 1773 stofnaði P.C. Abildgaard Den kongelige Veterinærskole í Kaupmannahöfn og var það fyrsti dýralæknaskólinn sem stofnaður var á Norðurlöndum. Aðsetur hans var fyrst í Christianshavn en flutti upp á Fredriksberg 1858 þar sem hann er enn. Með lögum frá 1856 um stofnun Dýralækna- og Landbúnaðarháskóla var dýralæknaskólinn sameinaður landbúnaðarskólanum og síðan hafa þessir skólar verið reknir í sameiningu og kallast Den Kongelige Veterinær- og Landbohøjskole.

Vaxandi umræða hefur farið fram í Danmörku og víðar vegna kröfu um stöðugt aukið námsefni til dýralæknaprófs, sem rekja má til geysilegrar þróunar í vísindageiranum á undanförnum árum samfara því að engu má helst sleppa. Þetta hefur leitt til þess hvort ekki sé kominn tími til að skifta upp náminu á síðari stigum með meiri sérhæfingu í huga en ekki eins og nú er með alhliðamenntun dýralæknis og sérhæfingu að því loknu. Það verður spennandi að fylgjast með þessari þróun á næstu árum.

Undanfarin ár hafa verið teknir inn um 135 stúdentar á ári og er það tvöföldun á fjölda stúdenta frá því um miðja síðustu öld. Á tímabilinu 1948–57 voru konur um 5% af dýralæknastúdentunum en í dag eru þær um 75% og hefur svo verið sl. 10–15 ár.

Alls hafa 55 Íslendingar útskrifast frá skólanum síðastliðin 170 ár.

Dýralæknaháskólinn í Ósló

Norges Veterinærhøgskole var tekinn í notkun 2. september 1935 en þá hófu 15 stúdentar (allt strákar) nám við skólann. Vígsla skólans fór þó ekki fram fyrr en árið eftir, þann 27. ágúst 1936. Tillögur um stofnun dýralæknaskóla í Noregi eiga sér þó langa sögu og má rekja fyrstu hugmyndir um stofnun dýralæknaskóla allt aftur til ársins 1811. Það tók því 124 ár að láta drauminn um eigin dýralæknaskóla rætast. Á meðan sóttu norskir dýralæknanemar menntun sína til skólanna í Kaupmannhöfn, Stokkhólmi og Hannover.

Í byrjun sóttu fáar konur nám í dýralækningum og á árunum frá 1935 til 1950 hófu aðeins 11 konur nám við skólann. Á tímabilinu 1950–70 voru teknar inn 2–4 konur á ári. Á 50 ára afmæli skólans var hlutfallið 50–50, en nú á seinni árum eru konur allt að 80% af þeim sem fá skólavist.

Nemendum hefur stöðugt fjölgað og hefur tala þeirra sem teknir eru inn árlega fjórfaldast frá upphafi og er nú um 60. Auk þess hefur ríkið greitt skólagjöld fyrir 15 dýralæknanema við erlenda háskóla, í Uppsölum, Edinborg og Bristol.

Á fimmta áratugnum var handsalað samkomulag um að íslenskir stúdentar fengju aðgang að skólanum og árið 1950 hófu þrír Íslendingar nám og allt fram á þennan dag hafa íslenskir stúdentar fengið inni á skólanum. Meðan verið var að fullgera dýralæknaháskólann í Helsinki fengu finnskir dýralæknanemar á árunum 1950–60 aðgang á seinni hluta til að ljúka námi.

Fyrstu íslensku dýralæknanemarnir í Ósló. F.v.: Jón Pétursson, Einar Örn Björnsson og Brynjólfur Sandholt.

Stöðugar breytingar eiga sér stað á námsskrá skólans og má nefna að greinar eins og grasa- og dýrafræði og heimspeki hafa verið felldar niður á fyrsta hluta til að rýma fyrir kennslu í fisksjúkdómum, svo eitthvað sé nefnt.

Nú eru miklar umræður í gangi um að sameina Landbúnaðarháskólann á Ási og Dýralæknaháskólann í Ósló með framtíðaraðsetur á Ási og sýnist sitt hverjum.

Margir íslenskir dýralæknar hafa sótt framhaldsmenntun sína til skólans og stjórnendur og starfsfólk hafa verið íslenskum dýralæknum innan handar þegar leitað hefur verið eftir aðstoð í greiningu dýrasjúkdóma og öðrum dýralæknamálum.

Alls hafa 49 íslenskir dýralæknar útskrifast frá skólanum síðan 1957.

Dýralæknaháskólinn í Hannover

Der Tierärtzliche Hochschule in Hannover var stofnaður árið 1778 og hefur þá sérstöðu innan Þýskalands að vera sjálfstæður háskóli í dýralækningum.

Skólinn var fluttur árið 1899 frá Clever Tor til Bischoferholer Dam þar sem hann er í dag. 1953 voru nokkrar deildir fluttar í nýjar byggingar við Westfalenhof í Kirchrode og í framtíðinni er fyrirhugað að flytja allan skólann þangað.

Við skólann starfa um 935 manns og nemendur í dýralækningum eru ca. 2.000 og um 500 líffræðinemar stunda nám við skólann. Árlega eru útskrifaðir um 250 dýralæknar.

Skurðstofa á hestadeild Dýralæknaskólans í Hannover í Þýskalandi.

Nám til dýralæknaprófs tekur 9 annir. Auk þess skulu stúdentar ljúka verklegri þjálfun í eftirfarandi greinum:

1½ mánuð hjá starfandi dýralækni eða á dýralæknastofu.

1½ mánuð á sláturhúsi við kjötskoðun.

3ja mánaða dvöl að eigin ósk hjá starfandi dýralækni, á sláturhúsi eða viðurkenndri rannsóknastofnun.

Venjulegt dýralæknanám tekur 5½ ár og doktorsnám 2½ ár til viðbótar.

Mikil rannsóknastarfsemi fer fram við skólann og hefur verið unnið að allt að 500 verkefnum árlega og fé sem veitt hefur verið til rannsókna á ári numið sem svarar 45 milljónum evra.

Fyrsti íslenski dýralæknirinn útskrifaðist frá Hannover árið 1928 og síðan tveir 1934 en sá næsti ekki fyrr en 1962. Alls hafa 27 íslenskir dýralæknar útskrifast frá skólanum fram til þessa dags.

Dýralæknaháskólinn í Edinborg

Royal (Dick) School of Veterinary Studies í Edinborg hóf reglulega kennslu í dýralækningum í nóvember 1823, en áður hafði William Dick stofnandi skólans haldið fyrirlestra fyrir nemendur í sérstökum greinum dýralækninganna. Skólinn var upphaflega til húsa í smiðju föður Dicks, sem var járningamaður. Árið 1833 var þessi aðstaða við Clyde Street endurbætt og var skólinn þar þangað til 1914 er hann flutti í nýtt húsnæði við Summerhall sem enn eru í notkun. Dick lést 1866 og þá höfðu 818 stúdentar lokið námi frá skólanum en hann hafði fengið viðurkenningu sem háskóli (College) árið 1839. Meðal þeirra voru dýralæknar sem stofnuðu dýralæknaskóla í Kanada, USA, Ástralíu og Írlandi. Einn af nemendum skólans John McFadyen kom við sögu hér á landi í sambandi við rannsóknir á Karakúlpestunum en hann varð síðar rektor við London Veterinary School.

William Dick, stofnandi Dýralæknaháskólans í Edinborg fluttur um set eins og sjá má á efri myndinni.

Árlega eru teknir inn um 100 stúdentar og eru skólagjöld ⅔ hluta nemenda styrktir af ríkinu en ⅓ hluti nemenda verður að greiða fullt gjald. Skólagjöld til BVM&S gráðu fyrir árið 2004–05 eru 15.000 sterlingspund en hægt er að sækja um margvíslega styrki til að lækka þennan kostnað. Auk þess eru að jafnaði milli 30–50 M.Sc. nemendur og 120 nemendur sem vinna að sérstökum rannsóknaverkefnum. Kennarar við skólann eru um 70 talsins. Með náminu verða stúdentar að taka 36 vikna praktískt nám „see-

ing practice“ hjá starfandi dýralæknum eða öðrum sambærilegum stofnunum til þess að öðlast reynslu sem ekki fæst á skólanum.

Árið 1951 varð skólinn hluti af Háskólanum í Edinborg og árið 1964 sérstök deild í háskólanum. Við síðustu endurskipulagninguna árið 2002 var deildarskiptingin aflögð og nú er skólinn hluti af Lækna- og dýralæknaháskólanum (College of Medicine and Veterinary medicine).

Fimm Íslendingar hafa lokið dýralæknaprófi við skólann.

Dýralæknaháskólinn í Uppsölum

Fyrsti dýralæknaskólinn í Svíþjóð var Veterinärinrätningen i Skara sem var stofnaður árið 1775. Skólinn var einkaskóli stofnaður og rekinn af Peter Hernquist en hann hafði dvalið við Dýralæknaskólann í Lyon í Frakklandi til að forframast í dýralæknafræðum. Samtíms Hernquist í Lyon var einmitt Abildgaard sem var frumkvöðull að stofnun dýralæknaskólans í Kaupmannahöfn tveimur árum fyrr. Konunglegur dýralæknaskóli tók síðan til starfa í Stokkhólmi 1823 mest fyrir það að upp kom alvarlegur hrossasjúkdómur í konunglegri hrossakynbótastöð í Stokkhólmi sem kallaði á nærveru dýralækna. Starfaði hann þar fram til 1975 er hann flutti á árunum 1973–77 í nýjar byggingar í Ultuna við Uppsala og sameinaðist þar 1. júlí 1977 Landbúnaðarháskólanum og Skógmeistaraskólanum í eina stofnun, Sveriges Lantbruksuniversitet (SLU). Dýralæknaskólinn í Skara starfaði með ýmsum breytingum fram til 1. júlí 1889 en kennsla í járningum hélst þar þó áfram. Kennsla í dýralækningum hófst þar að nýju árið 1975 en þá sem hluti af Dýralæknaháskólanum.

Í ár eru teknir 82 stúdentar til náms í dýralækningum. Þrír Íslendingar hafa lokið prófi við Dýralæknaháskólann í Uppsölum.

Dýralæknaháskólinn í Vín

Dýralæknaháskólinn í Vín var stofnaður 1767 eftir tilskipun frá Maríu Theresiu keisaraynju. Hann mun vera þriðji elsti dýralæknaskólinn, stofnaður á eftir frönsku skólunum í Lyon og Alfort. Var skólinn stofnaður til að reyna að sporna við dýrasjúkdómum sem þá herjuðu í Evrópu og ekki síður til að styrkja herinn með því að lækna og efla hestakost hans.

Skólinn fékk árið 1777 nafnið hinn Keisaralegi – konunglegi

dýraspítali og var honum fundinn staður í miðborg Vínar, í þáverandi mjólkurbúi Jesúíta sem stóð í 3. hverfi. Eftir 1905 fékk skólinn nafnið K.u.k. Tierärztliche Hochschule. Það var svo árið 1823 að ný aðalbygging skólans var tekin í notkun á þeim stað, en skólinn stóð við Wienzeile í þriðja hverfi, steinsnar frá Stadtpark í miðborg Vínar. Í lok seinni heimsstyrjaldarinnar var skólinn gereyðilagður í loftárásum, en þrátt fyrir það tókst að halda rannsóknum og kennslu áfram. Byggingar voru lagfærðar og að hluta endurbyggðar 1968. Á þessum árum hét skólinn Tierärztlich Hochschule in Wien, en árið 1975 var nafni hans og skipulagi breytt og skólinn nefndur Veterinärmedizinische Universtät Wien. Á þessum tíma voru starfandi við skólann 25 stofnanir og rannsóknastofur. Það var síðan árið 1995 til 1996 að skólinn er fluttur í nýtt glæsilegt húsnæði í 22. hverfi Vínar, sem er úthverfi og liggur austan Dónár. Arkitektinn Sepp Stein hannaði byggingar sem nú hýsa skólann og mun skólinn vera einn sá nýtískulegasti sem um getur. Skólabyggingarnar standa á 15 hektara svæði og eru byggingarnar alls um 47. Þarna er aðstaða til náms fyrir allt að 2800 stúdenta og 600 starfsmenn. Starfandi eru sjö klínískar deildir og þrjár rannsóknastofnanir við skólann.

Hátíðarsalur Dýralæknaháskólans í Vín.

Tveir Íslendingar hafa útskrifast frá Dýralæknaháskólanum í Vín.

Útgáfustarfsemi

Á fyrsta fundi félagsins var ákveðið að gefa út fjölritað blað sem ræddi mál stéttarinnar og önnur fagmál. Ekki hafa varðveitst nein eintök af þessu blaði og óvíst hvort það hafi nokkurn tíma séð dagsins ljós. Þar kann að hafa haft nokkur áhrif að skömmu síðar var ákveðið að leita eftir aðgangi að búnaðarritinu Frey með birtingu greina um dýralæknamál.

Á aðalfundi félagsins 1979 kom fram tillaga um að hefja útgáfu tímarits á vegum félagsins. Ákveðið var að nefna ritið DÝRALÆKNARITIÐ og kom 1. tölublað út í júní 1980. Fyrstu ritstjórn

skipuðu dýralæknarnir Eggert Gunnarsson, ábm., Helgi Sigurðsson, Sigurður H. Pétursson og Þorsteinn Ólafsson.

Tímaritið skyldi flytja faglegt efni og vera vettvangur til miðlunar þekkingar og reynslu á hinum ýmsu sviðum dýralækninga. Misjafnlega hefur tekist um söfnun efnis í ritið og þar hefur mest mætt á ritstjóra. Lengi komu út að jafnaði tvö til þrjú tölublöð á ári en undanfarin ár hefur heldur tregðast um í útgáfustarfseminni.

Í byrjun árs 1987 hóf göngu sína Fréttabréf Dýralæknafélags Íslands. Tilgangurinn með útgáfu fréttabréfsins var að auka upplýsingastreymi frá stjórn og nefndum DÍ til félagsmanna sinna. Einnig að félagar og aðrir gætu komið skoðunum sínum á framfæri um alla þætti sem snertu dýralækningar og aðstöðu dýralækna þar sem betur mætti fara. Útgáfa Fréttabréfsins hefur nokkuð haldist í hendur við starfsfjör stjórna DÍ og mikilvægi þeirra mála sem efst eru á baugi á hverjum tíma.

Fræðsluefni

Það er ekki fyrr en upp úr 1960 að tekinn var upp sá siður að halda fræðslufundi samfara aðalfundinum þar sem einstakir dýralæknar voru fengnir til að segja frá reynslu sinni eða upplýsa um nýja sjúkdóma og það sem var efst á baugi varðandi sjúkdómagreiningar í dýrum, kynningu á nýjum lyfjum og notkun þeirra. Þetta hefur síðan verið fastur liður á flestum aðalfundum félagsins og einnig haust- og vorfundum eftir því sem ástæða hefur þótt

Námskeið í viðbragðsáætlunum gegn smitsjúkdómum.

Heiðursfélagar DÍ: F.v.: Svein Kvaløy, Ásgeir Ó. Einarsson, Ásgeir Þ. Ólafsson, Jón Pálsson, Guðbrandur E. Hlíða, og Erik Blom.

til. Fyrirlesarar hafa komið frá erlendum dýralæknaháskólum og rannsóknastofnunum sem og frá skyldum fræðigeirum.

Páll A. Pálsson kjörinn heiðursfélagi DÍ.

Heiðursfélagar

Í 3ju grein laga félagsins segir að aðalfundur geti kosið dýralækna, vísindamenn eða aðra sem heiðursfélaga. Til þess þarf samþykki þriggja fjórðu hluta fundarmanna. Á fimmtíu ára afmæli félagsins þótti við hæfi að kjósa í fyrsta sinn heiðursfélaga samkvæmt þesssari grein.

Heiðursfélagar Dýralæknafélags Íslands frá 1984 eru:

Ásgeir Ó. Einarsson, Ásgeir Þ. Ólafsson, Guðbrandur E. Hlíðar, Jón Pálsson, Svein Kvaløy og Erik Blom. Páll A. Pálsson var gerður heiðursfélagi 1994.

Aðalfundur DÍ á Bifröst 1984.

Afmælishóf DÍ að Bifröst 1984.

Frá fyrsta þorrablóti dýralækna í landnámi Ingólfs 1980.

Skemmtanir

Á árum áður þegar samgöngur voru erfiðar og dýralæknar fáir voru samskipti milli þeirra ekki eins auðveld og í dag. Aðalfundir félagsins voru því það tækifæri þegar dýralæknar og makar gátu borið saman bækur sínar og sýnt sig og séð aðra ef svo má að orði komast. Að loknum fundarstörfum var alltaf haldin mikil kvöldverðarveisla þar sem gleði ríkti og mátti líkja þessum samkomum við sannar fjölskyldusamkomur. Nú þegar samskiptatæknin gerir allt samband milli dýralækna auðveldara samfara mikilli fjölgun dýralækna og dýralæknapraksísinn ekki lengur rekinn sem fjölskyldufyrirtæki virðist sem þessir „fjölskylduaðalfundarkvöldverðir“ hafi misst sinn tilgang. En áfram skemmta dýralæknar sér.

Siðareglur – Codex Ethicus Dýralæknafélags Íslands

Fyrstu siðareglur félagsins voru samþykktar á aðalfundi þess árið 1956 og hafa síðan verið endurskoðaðar í tvígang. Núgildandi reglur eru frá 1995. Í nýju reglunum er meiri áhersla lögð á dýravernd og meðferð dýra í lækningaskyni en ekki er lögð jafnmikil áhersla á bróðurlegar skyldur eins og í fyrri siðareglum. Þá er heldur ekki fjallað um lágmarksgjaldskrá í codexinum en slíkt samræmist ekki nýjum samkeppnislögum. Siðanefnd er skipuð þremur mönnum, tveir eru félagsmenn kosnir á aðalfundi en sá þriðji er skipaður af stjórn DÍ eftir tillögu Rannsóknastofu í siðfræði. Nefndin skal fjalla um mál sem skotið er til hennar og úrskurði hennar verður ekki áfrýjað.

Dæmi úr siðareglunum:

1. grein. Dýralæknir skal hafa vakandi auga með því að farið sé vel með öll dýr. Þau séu ekki hrekkt, meidd eða kröftum þeirra ofboðið. Hann skal beita sér fyrir því að í aðbúnaði húsdýra sé tekið tillit til þekkingar um náttúrulegt atferli dýranna er tryggi þeim góða vist. Dýralæknir skal gæta þess að ekki sé gengið svo nærri getu dýra að heilsa þeirra skerðist. Sjálfur skal dýralæknir vera til fyrirmyndar í umgengni við dýr.

2. grein. Dýralæknir skal einungis framkvæma þær læknisaðgerðir sem réttmætar teljast og eru í samræmi við viðurkenndar dýralækningar.

13. grein. Dýralæknir skal auðsýna stéttarbróður drengskap og háttvísi jafnt í viðtali sem umtali, ráðum sem gerðum. Honum ber að forðast að kasta rýrð á þekkingu eða störf stéttarbróður.

Merki félagsins

Það kann að virðast einkennilegt en litlar umræður virðast hafa komið fram á fyrstu félagsfundum um gerð merkis fyrir félagið. Það var ekki fyrr en að nefnd sem skipuð var til að sjá um hátíðahöld í sambandi við 50 ára afmæli félagsins gerði tillögu um að nauðsynlegt væri að félagið hefði sitt eigið félagsmerki. Þetta þótti nauðsynlegt því að tillaga kom fram í nefndinni að tilhlýðilegt væri að kjósa heiðursfélaga í sambandi við þessi tímamót og heiðursmerki félagsins yrði þá hannað með slík einkenni í huga. Jafnframt yrði það notað á bréfsefni, tímarit og önnur gögn sem tengdust félaginu.

Leitað var til Péturs Behrens myndlistarmanns og hönnuðar um tillögur að merki fyrir félagið og var ein tillagna hans síðan samþykkt. Fyrir fjórum árum var samþykkt á aðalfundi tillaga um að endurskoða gerð merkisins þar sem það gæfi ekki nægilega skýra tengingu við störf og ímynd dýralækna í dag. Tillögur að nýju merki voru lagðar fram á aðalfundi 2001 en engin þeirra þótti uppfylla þær hugmyndir sem uppi voru og samþykkt að halda sig við gamla merkið áfram.

Húsnæðismál

Fyrstu áratugina var „lögheimili“ félagsins hjá viðkomandi formanni og sá hann um geymslu skjala og eignir félagsins. Við formannaskipti gerðust þessir flutningar stöðugt erfiðari og fannst stjórn félagsins nauðsynlegt að huga að föstum samastað til geymslu þessara gagna og einnig að stjórnin hefði fast innskot fyrir stjórnarfundi, nefndarfundi og aðra starfsemi á vegum félagsins.

Það þótti því rakið tækifæri þegar BHM festi kaup á húsnæði í Lágmúla 7 í Reykjavík og aðildarfélögunum var gefinn kostur á að kaupa sig inn í aðstöðuna að grípa það tækifæri. Rýmið sem fest voru kaup á samsvaraði hluta úr ágætu herbergi sem deilt var með öðru aðildarfélagi BHM. Samtímis var samið við BHM um ákveðna þjónustu á skrifstofu, aðgang að skrifstofutækjum og afnot af stærri sal fyrir félagsfundi. Árið 1999 var eignarhluti félagsins seldur þar sem hann þótti ekki lengur henta og væri auk þess of dýr. Eignum félagsins var komið fyrir í geymslu að Keldum en ný aðstaða hefur ekki enn verið útveguð.

Vísindasjóður DÍ

Sjóðurinn var stofnaður af Guðbrandi E. Hlíðar og bræðrum hans í minningu foreldra þeirra, Guðrúnu Louise og Sigurð E. Hlíðar fv. yfirdýralækni, til eflingar dýralæknamennt á Íslandi. Á aðalfundi Dýralæknafélags Íslands þann 17. ágúst 1968 afhenti Guðbrandur félaginu til ævarandi eignar og ávöxtunar sjóð að upphæð kr. 80 þúsund. Síðar gáfu ýmis fyrirtæki tengd landbúnaði fé til sjóðsins og einnig hafa félagar DÍ árlega lagt sjóðnum til ákveðið hlutfall af félagsgjöldum sínum sem hefur verið meginstoðin í uppbyggingu sjóðsins ásamt tryggri ávöxtun.

Fyrsta stjórn Vísindasjóðs DÍ. F.v.: Brynjólfur Sandholt, Páll A. Pálsson formaður og Guðbrandur E. Hlíðar.

Í skipulagsskrá fyrir sjóðinn, sem upphaflega var gefin út 22. júlí 1968 og endurskoðuð 24. apríl 1979, segir að sjóðurinn sé eign Dýralæknafélags Íslands. Stjórn sjóðsins skipa þrír dýralæknar, yfirdýralæknir, sem jafnframt er formaður sjóðstjórnar, einn dýralæknir kosinn af stjórn DÍ og annar kosinn af aðalfundi DÍ.

Styrk af úthlutunarfénu má veita íslenskum dýralæknum til framhaldsnáms, til vísindastarfa á dýralæknasviðinu eða sem verðlaun fyrir ritgerðir um skyld mál byggðar á sjálfstæðum rannsóknum. Sjóðstjórn er ennfremur heimilt að veita öðrum einstaklingum eða starfshópum viðurkenningu fyrir mikilvæg störf unnin á sviði dýralækninga.

Nám í dýralækningum og einnig sérnám í dýralæknisfræðum er einungis hægt að stunda erlendis og hefur kostnaður því samfara löngum verið meiri en í flestum hliðstæðum greinum háskólamenntunar. Það er þess vegna virðingarvert og ánægjulegt fyrir íslenska dýralæknastétt að starfandi dýralæknar skuli leggja á sig þá miklu vinnu sem framhaldsnámi fylgir til þess að geta síðar aukið færni í starfi og þar með aðstoðað bændur og aðra dýraeigendur við sjúkdóma sem hrjá dýr þeirra og kannski öllu heldur veitt þeim haldbetri ráð til að girða fyrir sjúkdóma sem er affarasælast þegar til lengri tíma er litið.

Fyrsta úthlutun úr sjóðnum fór fram árið 1978. Frá upphafi og fram til loka ársins 2003 hefur 31 styrkur verið veittur úr sjóðnum. Styrkirnir hafa verið um 350.000.- kr að jafnaði á núverandi verðgildi. Þó að hér sé ekki um háa upphæð að ræða þar sem oftast er um 2–3 ára nám að ræða léttir það undir í lokin og er jafnframt viðurkenning frá kollegunum sem lagt hafa fé til sjóðsins. Fé sjóðsins nam í lok ársins 2003 kr. 16.796.833.-.

Eftirfarandi dýralæknar hafa setið í stjórn sjóðsins:

Guðbrandur E. Hlíðar, Páll A. Pálsson, Brynjólfur Sandholt, Sigurður Örn Hansson, Jón Pétursson, Magnús H. Guðjónsson, Halldór Runólfsson og Einar Jörundsson.

Eftirtaldir dýralæknar hafa hlotið styrk úr sjóðnum:

Þorsteinn Ólafsson, Eggert Gunnarsson, Grétar Harðarson, Ólafur Oddgeirsson, Halldór Runólfsson, Helgi Sigurðsson, Birnir Bjarnason, Lars Hansen, Sigurður Örn Hansson, Bernharð Laxdal, Ólöf Guðrún Sigurðardóttir, Rögnvaldur Ingólfsson, Vilhjálmur Svansson, Páll Skúli Leifsson, Konráð Konráðsson, Guðbjörg Þorvarðardóttir, Gunnar Þorkelsson, Helga Finnsdóttir, Ólafur Valsson, Sigurður Sigurðarson, Sveinn Helgi Guðmundsson, Þorvaldur H. Þórðarson, Björn Steinbjörnsson, Alfreð Schiöth, Kristín Björg Guðmundssdóttir, Auður Arnþórsdóttir, Magnús H. Guðjónsson, Sigríður Björnsdóttir, Einar Jörundsson og Þóra J. Jónasdóttir.

Auk þess hafa tveir einstaklingar hlotið heiðursverðlaun úr sjóðnum fyrir vel unnin störf við rannsóknir á dýrasjúkdómum:

Halldór Vigfússon rannsóknamaður og Guðmundur Pétursson læknir.

Rannsóknasjóður DÍ

Þessi sjóður er afurð kjarasamningsins við ríkið 1989. Markmið

sjóðsins er að auka tækifæri félagsmanna Dýralæknafélags Íslands til framhaldsmenntunar, endurmenntunar, rannsókna og þróunarstarfa. Stjórn sjóðsins er skipuð af stjórn DÍ.

Tekjur sjóðsins eru, a) Framlag ríkisins sem nemi 1.8% af föstum dagvinnulaunum félagsmanna DÍ, b) vaxtatekjur og c) aðrar tekjur.

Nokkrir dýralæknar sem starfa hjá sveitarfélögum og einkafyrirtækjum hafa komist að sambærilegum samningum um framlag þeirra til sjóðsins.

Styrkir úr sjóðnum miðast við þá upphæð sem lögð er til sjóðsins fyrir hvern aðilarfélaga en aðild að sjóðnum eiga aðeins þeir félagsmenn DÍ sem greitt er fyrir í sjóðinn.

Í árslok 2003 var eign sjóðsins kr. 12.640.418.-

Innlend samskipti

Dýralæknafélag Íslands gerðist stofnfélagi að Bandalagi háskólamanna (BHM). Félagið hefur notið aðstoðar BHM í kjarabaráttu sinni og fengið aðstoð við samningagerð. Einnig hafa félagsmenn notið aðgangs að sumarbústöðum BHM. DÍ er aðili að Samtökum heilbrigðisstétta og hafa starfað þar aðallega á vettvangi heilbrigði og hollustu matvæla.

Erlend sambönd

Gott samstarf hefur verið alla tíð við dýralæknafélögin á hinum Norðurlöndunum, sérstaklega við dönsku og norsku félögin. Dýralæknafélag Íslands stóð fyrir framkvæmd Norrænu dýralækna-

Frá Opnun XII. Norrœna dýralœknaþingsins í Háskólabíói 1974.

Frá móttöku við upphaf XVII. Norrœna dýralœknaþingsins 1994 í Ráðhúsi Reykjavíkur.

mótanna árin 1974 og 1994 í Reykjavík. Nokkurs efa gætti hjá hinum norrænu dýralæknafélögunum hvort félag með jafnfáa meðlimi gæti tekist á við svo stórt verkefni því að þátttakendur voru í bæði skiptin hátt í eitt þúsund en framkvæmd beggja mótanna tókst með ágætum. Nú hefur verið ákveðið að hætta að halda þessi stóru mót þar sem talið er að þau gegni ekki lengur því hlutverki að miðla nýjustu upplýsingum á vísindasviðinu þó þau gætu haldið áfram að vera vettvangur fyrir auknum kynnum dýralækna á Norðurlöndunum og fjölskyldna þeirra.

Árið 1974 var NKVet sett á laggirnar en það er sérstök deild innan NKJ sem fjallar sérstaklega um rannsóknir á dýrasjúkdómum. NKJ er sameiginleg stofnun á vegum Norðurlandaráðs og er kostuð af því. DÍ hefur verið aðili að þessu samstarfi og er virkur þátttakandi í því starfi sem þar fer fram.

Stjórnarmenn félagsins hafa einnig sótt fundi Heimssambands dýralækna (WVA) og Evrópusamtaka dýralækna (FVE) eftir því sem fjárhagur félagsins hefur leyft. Það er mikilvægt fyrir íslenska dýralækna að sækja slíka fundi þar sem samræming í störfum dýralækna, svo sem sjúkdómavarnir og heilbrigðiseftirlit, eykst stöðugt með vaxandi þátttöku Íslands í alþjóðavæðingunni. Sérstaklega er samband okkar við Evrópusamtök dýralækna mikil-

vægt þar sem þau fylgjast náið með setningu laga og reglugerða Evrópusambandsins þegar fjallað er um heilbrigði dýra og afurða þeirra, dýralyfjamál og dýravernd svo eitthvað sé talið.

Eftir að Eystrasaltsríkin endurheimtu sjálfstæði sitt hefur Dýralæknafélag Íslands stutt kollega sína þar á ýmsan hátt, t.d. með því að senda þangað dýralæknatæki og búnað, og íslenskir dýralæknar hafa flutt þar fyrirlestra um dýrasjúkdóma og aðstoðað við uppsetningu tölvubúnaðar. Einnig hefur félagið boðið þarlendum dýralæknum hingað til lands í náms- og kynnisferðir.

Dýralæknar á 50 ára afmælisfundi Dýralæknafélags Íslands 28. júlí 1984.

Sitjandi frá vinstri: Ásgeir Ó. Einarsson, Jón Pálsson, Ásgeir Þ. Ólafsson og Guðbrandur E. Hlíðar.

Standandi f.v.:
1. röð f.v.: Jón Guðbrandsson, Egill Gunnlaugsson, Birnir Bjarnason, Kirsten Henriksen, Steinn Steinsson, Karl Kortsson, Helga Finnsdóttir, Jón Pétursson, Brynjólfur Sandholt, Katrín Andrésdóttir, Einar Otti Guðmundsson, Gunnar Þorkelsson og Gunnlaugur Skúlason.

2. röð f.v.: Ólafur Jónsson, Gísli Sverrir Halldórsson, Gunnar Gauti Gunnarsson, Sigurður Sigurðarson, Grétar Hrafn Harðarson, Rúnar Gíslason, Eggert Gunnarsson, Bárður Guðmundsson, Guðbjörg Þorvarðardóttir, Árni M. Mathiesen og Einar Örn Björnsson.

3. röð f.v.: Halldór Runólfsson, Ágúst Þorleifsson, Páll A. Pálsson, Sigurður Örn Hansson, Magnús Guðjónsson, Gunnar Már Gunnarsson, Ólafur Oddgeirsson, Helgi Sigurðsson, Þorsteinn Ólafsson, Sigurður H. Pétursson, Sveinn Helgi Guðmundsson, Aðalsteinn Sveinsson, Gunnar Örn Guðmundsson og Sverrir Markússon.

Formenn DÍ 1934 til 2004

Sigurður E. Hlíðar
1934–1944

Jón Pálsson
1944–1958

Ásgeir Þ. Ólafsson
1958–1964

Guðbrandur Hlíðar
1964–1970


Brynjólfur Sandholt
1970–1975


Jón Pétursson
1975–1979

Jón Guðbrandsson
1978–1982

Halldór Runólfsson
1982–1986

Birnir Bjarnason
1986–1988


Magnús H. Guðjónss.
1988–1991

Ólafur Oddgeirsson
1991–1992

Rögnvaldur Ingólfsson
1992–1996

Eggert Gunnarsson
1996–2000

Ólafur Valsson
2000–2003

Þorvaldur H. Þórðarson
2003–

II

DÝRALÆKNATAL

A

Aðalbjörg Jónsdóttir, f. 12. ágúst 1966 í Reykjavík.

Faðir: **Jón Grétar Stefánsson**, f. 10. jan. 1939, geðlæknir, yfirlæknir í Reykjavík. For.: Stefán Þorsteinn Sigurjónsson, f. 25. febr. 1910, verkamaður í Reykjavík, d. 16. maí 1991, og k.h. Aðalbjörg Jónsdóttir, f. 28. júlí 1912, húsmóðir, d. 17. febr. 2000.

Móðir: **Helga Hannesdóttir**, f. 10. maí 1942, geðlæknir og barna- og unglingageðlæknir, Ph.D., sérfræðingur í Reykjavík. For.: Hannes Guðmundsson, f. 25. febr. 1900, húðlæknir, yfirlæknir í Reykjavík, d. 27. maí 1959, og k.h. Valgerður Björg Björnsdóttir, f. 24. maí 1899, húsmóðir, d. 27. jan. 1974.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum við Sund 1985. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Den Kongelige Veterinær- og Landbohøjskole í Kaupmannahöfn 1992. Almennt dýralækningaleyfi í Danmörku febr. 1992 og á Íslandi í apríl 1993.

Starfsferill: Héraðsdýralæknir í N- og V-Ísafjarðarsýslu frá mars til okt. 1992. Héraðsdýralæknir í afleysingum í Norðausturlandsumdæmi eystra frá mars til nóv. 1993. Sóttvarnardýralæknir í fullu starfi í Hrísey frá des. 1993 til febr. 1997 og í hlutastarfi til ágúst 2001. Sjálfstætt starfandi dýralæknir frá mars 1997 til maí 1999. Hóf störf hjá Dýralæknaþjónustu Eyjafjarðar ehf. í júní 1999 í hálfu starfi en er nú í fullu starfi hjá fyrirtækinu.

Maki (4. júlí 1998): **Ólafur Sveinsson**, f. 23. mars 1964, myndlistarmaður.

For.: Sveinn Ólafsson, f. 27. apríl 1925, kennari við Iðnskólann í Reykjavík og Myndlistar- og handíðaskólann, myndskeri í Reykjavík, og k.h. Jóna Gíslunn Árnadóttir, f. 2. ágúst 1922, kennari við Kvennaskólann Ósk og húsmóðir.

Börn þeirra: a) **Karólína Rós**, f. 27. okt. 1997. b) **Sveinn Áki**, f. 30. mars 2000. c) **Baldvin Kári**, f. 26. sept. 2002.



Aðalsteinn Sveinsson, f. 22. febr. 1951 í Hafnarfirði.

Faðir: **Sveinn Ólafur Sveinsson**, f. 24. júní 1924, húsasmíðameistari í Hafnarfirði, d. 4. okt. 2000. For.: Sveinn Guðmundsson, f. 2. júlí 1891, bóndi, síðar verkamaður, d. 8. febr. 1991, og Jónína Sigurbjörg Jónsdóttir, f. 30. mars 1890, húsmóðir á Leirum, A-Eyjafjallahr., Rang., d. 14. júlí 1936.

Móðir: **Rebekka Helga Aðalsteinsdóttir**, f. 10. júlí 1926, verkakona. For.: Aðalsteinn Jónasson, f. 17. apríl 1888, bóndi á Laugarbóli, Ögurhr., N-Ís., d. 27. nóv. 1954, og k.h. Ólöf Ólafsdóttir, f. 28. maí 1902, bóndi, d. 20. maí 1934.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1972. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Den Kongelige Veterinær- og Landbohøjskole í Kaupmannahöfn 1981. Almennt dýralækningaleyfi í Danmörku í mars 1981 og á Íslandi í júlí 1983.

Starfsferill: Starfsmaður í svínasláturhúsi í Herning í Danmörku frá jan. 1981 til júní 1983. Vann við blóðtökur úr hryssum á Suðurlandi frá júlí til sept. 1982. Starfsmaður í sláturhúsi í Vopnafirði frá sept. til okt. 1982. Héraðsdýralæknir í Barðastrandarumdæmi frá júlí 1983 til ágúst 1987. Héraðsdýralæknir Skógaumdæmis frá ágúst 1987 til jan. 1999. Eftirlitsdýralæknir í Gullbringu- og Kjósarumdæmi frá des. 1999.

Félags- og trúnaðarstörf: Formaður skólanefndar Grunnskóla A-Eyjafjallahrepps 1994–1999.

Maki (13. nóv. 1976): **Stefanía Skarphéðinsdóttir**, f. 23. júlí 1954, framkvæmdastjóri.

For.: Skarphéðinn Björnsson, f. 11. nóv. 1924, sjómaður og verkamaður, d. 17. febr. 1998, og k.h. Sigurlaug Jóhannsdóttir, f. 29. jan. 1927, verkakona.

Börn þeirra: a) **Brimar**, f. 16. apríl 1978, háskólanemi. b) **Rebekka Helga**, f. 29. júlí 1982, vefforritari.

Alfreð Schiöth, f. 13. ágúst 1958 á Siglufirði.

Faðir: **Aage Riddermann Schiöth**, f. 27. júní 1902, lyfjafræðingur, lyfsali og framkvæmdastjóri á Siglufirði, d. 10. des. 1969. For.:

Axel Hendrik Riddermann Schiöth, f. 14. febr. 1870, brauðgerðarmeistari á Akureyri, d. 13. apríl 1959, og k.h. Margrethe Elise Schiöth (f. Friis), f. 31. júlí 1871, garðyrkjukona, d. 20. júní 1962.

Móðir: **Helga Elísabet Schiöth** (f. Westphal), f. 10. júní 1937, búfræðingur. For.: Alfred Hermann Wilhelm Ludwig Westphal, f. 23. júlí 1901, bóndi í Mecklenburg í A-Þýskalandi, d. 8. sept. 1978, og k.h. Meta Auguste Westphal (f. Sicho), f. 16. ágúst 1906, d. 23. mars 1966.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum á Akureyri 1978. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Norges veterinærhøgskole í Ósló 1984. Norskt dýralækningaleyfi 1984 og íslenskt dýralækningaleyfi í des. 1984. Námsdvöl á Rannsóknadeild fisksjúkdóma við Veterinærinstituttet í Ósló undir handleiðslu Dr. Tore Håstein og Dr. Trygve Poppe, í apríl 1985. Námskeið á vegum Hollustuverndar ríkisins fyrir verðandi heilbrigðisfulltrúa í okt. 1985 og íslenskt heilbrigðisfulltrúaleyfi í des. 1985. Námskeið á vegum Norska dýralæknafélagsins um fiskeldi og fisksjúkdóma, haldið í Kristiansund í Noregi í mars 1986. Námskeið á vegum Hollustuverndar ríkisins, Eiturefnanefndar og Sambands íslenskra sveitarfélaga í eyðingu meindýra, haldið í Reykjavík í mars 1987. Próf í umhverfisheilsufræði (miljömedicin) frá Norræna heilsuverndarháskólanum í Gautaborg, Svíþjóð í okt. 1990. Námskeið á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands um umhverfismál og áhrif EES-samningsins á framkvæmd mengunareftirlits, haldið í Reykjavík 6.–7. maí 1993. Námskeið á vegum Hollustuverndar ríkisins og embættis yfirdýralæknis um innra eftirlit með framleiðslu og dreifingu matvæla, haldið á Selfossi 14.–16. mars 1995. Próf í faraldsfræði, tölfræði og lýðheilsu frá Norræna heilsuverndarháskólanum í Gautaborg í nóv. 1996. Próf í aðferðafræði til að meta lífsgæði frá Norræna heilsuverndarháskólanum í Gautaborg í mars 2000. Námskeið á vegum Hollustuverndar ríkisins í Hveragerði um gerð minni vatnsbóla haldið 9.–10. sept. 2002.

Starfsferill: Frjótæknir hjá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar frá júlí til ágúst 1981. Settur héraðsdýralæknir í Þingeyjarumdæmi frá júlí

til ágúst 1982. Dýralæknir í Mo, Rana, Noregi frá mars 1983. Dýralæknir í Verdal í N-Þrændalögum, Noregi frá júlí til ágúst s.á. og síðan aftur í Mo, Rana frá sept. til des. s.á. Dýralæknir í Åfjord, S-Þrændalögum, í Byrkjelo, Sogn og Fjordane, Noregi og í Agdenes í Suður-Þrændalögum (afleysingaþjónusta) frá júlí 1984 til apríl 1986. Framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, með aðsetur á Húsavík. Auk þess dýralæknir (vaktasamstarf) í Þingeyjarumdæmi eystra og vestra frá maí 1986 til júlí 1990. Settur héraðsdýralæknir í Norðurlandsumdæmi í júlí 1986. Sviðsstjóri mengunarvarnasviðs hjá Heilbrigðiseftirliti Eyjafjarðar með aðsetur á Akureyri (nú Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra) frá 1. ágúst 1990. Einnig dýralæknir í Eyjafirði í samstarfi við Ármann Gunnarsson og Dýralæknaþjónustu Eyjafjarðar. Settur héraðsdýralæknir í Dalvíkurumdæmi í ágúst 1991. Settur héraðsdýralæknir í Austur-Eyjafjarðarumdæmi í júlí 1998. Stundakennari í almennri efnafræði við Menntaskólann á Akureyri á haustönn 1991. Stundakennari í örverufræði við Verkmenntaskólann á Akureyri á vorönn 1992. Kennari í heilbrigðisfræðum fyrir hjúkrunarfræðinema á lokaári við Háskólann á Akureyri 1997– 2002.

Félags- og trúnaðarstörf: Kjörinn varafulltrúi Dýralæknafélags Íslands (DÍ) í Samtök heilbrigðisstétta á aðalfundi félagsins á Selfossi 25. júlí 1987. Stofnfélagi Félags dýralækna í heilbrigðiseftirliti 26. nóv. 1988. Gjaldkeri stjórnar Heilbrigðisfulltrúafélags Íslands (nú Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa) 1990–1994. Skipaður af umhverfisráðherra, með bréfi dags. 22. apríl 1991, í starfshóp um meðferð og eyðingu á sérstökum úrgangi frá heilbrigðisstofnunum. Skipaður af umhverfisráðherra, með bréfi dags. 22. apríl 1991, í nefnd um leiðbeiningar um gerð starfsleyfa samkvæmt mengunarvarnarreglugerð fyrir heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga og mörk fyrir leyfilega mengun frá atvinnufyrirtækjum við mismunandi aðstæður og kröfur til mengunarvarna. Ritstjóri fréttabréfs Heilbrigðisfulltrúafélags Íslands 1993–1995. Tengiliður DÍ við Dr. Stein Gustafsen dýralækni í Noregi, formann matvælaeftirlitsdeildar XVII. Norræna dýralæknaþingsins 26.–29. júlí 1994 sem haldið var í Reykjavík. Varamaður í stjórn DÍ 1994–1995. Gjaldkeri DÍ 1995–1996. Skoðunarmaður ársreikninga DÍ frá 1998.

Ritstörf: „Miljømedicinske aspekter ved bruk af lindan til kontroll av ondartet saueskabb," ritgerð við Norræna heilsuverndarháskólann í Gautaborg, Svíþjóð í okt. 1990. Skýrsla um reiknaða

ákomu í Mývatn af næringarefnunum köfnunarefni og fosfór frá íbúum, ferðamönnum og landbúnaði, unnin í samstarfi við Gunnar Stein Jónsson hjá Hollustuvernd ríkisins, apríl 1991.

Maki (24. júní 1990): **Ólöf Elfa Leifsdóttir**, f. 31. jan. 1960, iðjuþjálfi.

For.: Leifur Hreinn Þórarinsson, f. 25. júní 1936, bóndi í Keldudal í Hegranesi, Skagafirði, og k.h. Kristín Bára Ólafsdóttir, f. 28. júní 1936, bóndi og húsfreyja.

Börn þeirra: a) **Kristín Helga**, f. 2. júlí 1987. b) **Axel Aage**, f. 14. sept. 1988.

Anna Vigdís Eggertsdóttir, f. 13. júní 1952 í Reykjavík.

Faðir: **Eggert Ólafur Jóhannsson**, f. 15. jan. 1925, yfirlæknir í Reykjavík, d. 13. júní 1992. For.: Jóhann Jóhannsson, f. 19. des. 1884, húsgagnabólstrari í Reykjavík, d. 21. apríl 1931, og k.h. Kristjana Ólafia Benediktsdóttir, f. 13. júní 1890, kennari í Reykjavík, d. 4. maí 1973.

Móðir: **Helga Aradóttir**, f. 8. ágúst 1925, lyfjafræðingur í Reykjavík. For.: Ari Þorvaldur Arason, f. 18. mars 1892, bankaritari í Reykjavík, d. 15. júlí 1967, og k.h. Karitas Halldóra Jónsdóttir, f. 6. des. 1896, húsmóðir, d. 28. apríl 1966.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Hamrahlíð 1971. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Norges veterinærhøgskole (NVH) í Ósló 1977. Almennt dýralækningaleyfi í Noregi 1978. Dr. Scient. frá NVH 1995.

Starfsferill: Starfaði við Institutt for obstetrikk NVH frá júní til okt. 1977, við Institutt for Indremedisin NVH frá jan. 1978 til júní 1980, við Institutt for kirurgi NVH frá jan. til sept. 1983 og febr. til sept. 1984. Lektor við Institutt for obstetrikk NVH 1986–1990 og eftir það lektor við Institutt for smådyrsjukdommer NVH til dagsins í dag. Var með styrk frá Norges landbruksvitenskaplige forskningsfond 1993–1994. Hefur unnið kvöld-, nætur- og helgarvaktir hjá héraðsdýralækninum í Ósló síðan 1977.

Ritstörf: „Ventrikkeldilatasjons/torsjonssyndromet hos hund, en

retrospektiv studie av operativt behandlede kasus," grein í Norsk Veterinærtidsskrift 1988. „To tilfeller av hypertyreose hos katt," Norsk Veterinærtidsskrift 1992. „Et tilfelle av endokrin alopeci hos hunnkatt," Norsk Veterinærtidsskrift 1992. „Hypertyreose hos katt," Norsk Veterinærtidsskrift (tema kattesjukdommer) 1993. „A retrospective study of conservative treatment of gastric dilatation-volvulus in the dog," grein í Acta Veterinaria Scandinavia 1995. „Magedreining hos hund," Norsk Veterinærtidsskrift 1995. „Comparison of two surgical treatments of gastric dilatation-volvulus in the dog," Acta Veterinaria Scandinavia 1996. „Kardiovaskulære komplikasjoner ved ventrikkeldilatasjon/torsjon hos hund. Patofysiologi, diagnose, prognose og behandling," Norsk Veterinærtidsskrift 1996. „Acute gastric dilatation in cats," Acta Veterinaria Scandinavia 1996. „Comparison of the recurrence rate of gastric dilatation with or without volvulus in dogs after circumcostal gastropexy versus gastrocolopexy," grein í Veterinary Surgery 2001. „Spinal cord astrocytoma in a cat," grein í Journal of Small Animal Practice 2001. Dr. Scient. „Gastric dilatation-volvulus in the dog with emphasis on different methods of treatment," verkefni. Hefur auk þess ritað ýmsar greinar í blöð og tímarit.

Maki I (skildu): **Terje Olav Fjeld**, f. 27. febr. 1945, dýralæknir og prófessor.

For.: Olav Fjeld, f. 30. mars 1914, bóndi á Fjeld gård, Halden, Noregi, d. 22. mars 1995, og k.h. Aslaug Fjeld, f. 7. apríl 1919, húsmóðir.

Börn þeirra: a) **Þorgeir Terjeson**, f. 1. ágúst 1974, húsasmiður og bóndi á Fjeld gård. Maki: Jóhanna Laufey Snorradóttir, f. 7. sept. 1974, hársnyrtir. b) **Eggert Ari Terjeson**, f. 11. júní 1980, tónlistarnemi í Ósló.

Maki II (15. júlí 1997): **Truls Øystein Grønneberg**, f. 11. mars 1942, lektor og Ph.D. í efnafræði við háskólann í Ósló.

For.: Erling Grønneberg, f. 20. sept. 1901, gullsmiður, d. 9. sept. 1993, og k.h. Ragnhild Grønneberg, f. 28. sept. 1907, hjúkrunarfræðingur, d. 25. okt. 1989.

Anna Ólöf Haraldsdóttir, f. 14. maí 1972 í Reykjavík.

Faðir: **Haraldur Gunnarsson**, f. 2. ágúst 1937, bifreiðarstjóri í Reykjavík. For.: Gunnar Eyjólfsson, f. 20. apríl 1894, bóndi í

Tobbakoti, Þykkvabæ, Rang., d. 10. okt. 1969, og k.h. Guðrún Jónsdóttir, f. 5. febr. 1898, húsfreyja, d. 23. des. 1960.

Móðir: **Guðjóna Ólafsdóttir**, f. 28. júlí 1945, húsmóðir. For.: Ólafur Guðjónsson, f. 5. apríl 1918, bóndi, Vesturholtum í Þykkvabæ, d. 5. júlí 1998, og k.h. Anna Guðmunda Markúsdóttir, húsfreyja, f. 2. nóv. 1913, d. 11. maí 2001.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti 1992. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Den Kongelige Veterinær- og Landbohøjskole í Kaupmannahöfn í febr. 2001. Almennt dýralækningaleyfi 14. febr. 2001 í Danmörku og 14. mars 2001 á Íslandi.

Starfsferill: Vann hjá lyfjafyrirtækinu Novo Nordisk, á sykursýkisdeild, öll námsárin (1995–2001). Tók við starfi héraðsdýralæknis Austur-Húnaþingsumdæmis 15. mars 2001. Hóf störf á Dýralæknastofunni í Garðabæ í des. 2002.

Maki: **Þórður Helgason**, f. 4. mars 1971, húsasmiður.

For.: Helgi Helgason, f. 9. apríl 1943, bóndi á Þursstöðum II, Borgarbyggð, og María Kristín Jónsdóttir, f. 28. des. 1944, verkakona í Keflavík.

Anna Jóhannesdóttir, f. 20. ágúst 1973 í Reykjavík.

Faðir: **Jóhannes Guðmundsson**, f. 31. des. 1923, bóndi á Jöfra, Kolbeinstaðahreppi, Snæf., d. 10. mars 1987. For.: Guðmundur Jóhannesson, f. 5. júlí 1888, bóndi og póstur á Syðstu Görðum, Kolbeinstaðahr., d. 13. júní 1947, og k.h. Kristín Þórðardóttir, f. 3. júlí 1884, húsfreyja, d. 3. febr. 1939.

Móðir: **Einbjörg Hanna Jónasdóttir**, f. 29. maí 1929, húsfreyja. For.: Jónas Ólafsson, f. 27. apríl 1896, bóndi á Jöfra, Kolbeinstaðahr., d. 18. ágúst 1978, og k.h. Guðbjörg Hannesdóttir, f. 27. júlí 1901, ljósmóðir og húsfreyja, d. 20. mars 1993.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum við Hamra-

hlíð 1993. Stundaði líffræðinám við HÍ 1994–1996. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Den Kongelige Veterinær- og Landbohøjskole í Kaupmannahöfn í des. 2002. Almennt dýralækningaleyfi í Danmörku og á Íslandi 2003.

Starfsferill: Eftirlitsdýralæknir hjá héraðsdýralækni Suðurlandsumdæmis frá 15. júní til 15. ágúst 2000. Starfaði við sumarafleysingar hjá Héraðsdýralækni Snæfells- og Hnappadalssýslu frá 1. júlí til 6. ágúst 2001 og hjá héraðsdýralækni Dalaumdæmis frá 7. ágúst til 24. ágúst s.á. Starfaði við sumarafleysingar hjá héraðsdýralækni Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu í júlí og ágúst 2002. Héraðsdýralæknir í A-Skaftafellssýslu í jan. og febr. 2003 og Héraðsdýralæknir A-Húnvetninga frá 13. til 23. apríl 2003. Starfaði við sumarafleysingar hjá héraðsdýralækninum í Kalix í Svíþjóð í júlí og ágúst 2003.

Arnbjörg Sverrisdóttir, f. 9. okt. 1964 í Neskaupstað.

Faðir: **Sverrir Haraldsson**, f. 8. júlí 1930, yfirlæknir í Reykjavík. For.: Haraldur Víglundsson, f. 9. júlí 1903, lögreglumaður á Seyðisfirði, d. 21. okt. 1974, og k.h. Arnbjörg Sverrisdóttir, f. 16. febr. 1905, húsfreyja, d. 4. nóv. 1987.

Móðir: **Hrefna Jóhannsdóttir**, f. 31. okt. 1932, hjúkrunarfræðingur, hjúkrunarforstjóri í Reykjavík, d. 3. ágúst 1988. For.: Jóhann Kristinn Ólafsson, f. 24. okt. 1883, trésmiður og brúarsmiður í Reykjavík, d. 22. júlí 1967, og k.h. Kristín Guðnadóttir, f. 22. apríl 1891, húsfreyja, d. 8. júní 1942.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti 1984. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Norges veterinærhøgskole í Ósló 1991.

Starfsferill: Starfaði við almennar dýralækningar og í fiskeldi í Tromsø, Noregi frá sept. 1991 til júní 2000 og við almennar dýralækningar og kjötskoðun í Sortland, Noregi frá júní 2000.

Maki (óg.): **Robin Svendsen**, f. 30. sept. 1958, raftæknifræðingur.

For.: Johan Martin Svendsen, f. 10. júní 1927, listamaður (málari), d. í maí 1975, og k.h. Asbjörg Svendsen, f. 8. maí 1926, húsfreyja.

Börn þeirra: a) **Kristján Sverrir**, f. 15. des. 1996. b) **Ísak Freyr**, f. 21. apríl 1999. c) **Jóhannes**, f. 4. okt. 2001.

Auður Lilja Arnþórsdóttir, f. 1. júlí 1961 í Reykjavík.

Faðir: **Arnþór Einarsson**, f. 1. nóv. 1918, kjötiðnaðarmaður í Reykjavík, d. 24. febr. 1977. For.: Einar Högnason, f. 19. júní 1887, bóndi á Búðarhóli, A-Landeyjahr., Rang., d. 20. júní 1931, og k.h. Jónheiður Einarsdóttir, f. 11. sept. 1884, húsmóðir, d. 20. okt. 1968.

Móðir: **Sólveig Kristjánsdóttir**, f. 4. maí 1917, húsmóðir í Kópavogi. For.: Kristján Júlíusson, f. 25. okt. 1889, verkamaður í Reykjavík, d. 25. maí 1986, og Geirlaug Pálsdóttir, f. 3. nóv. 1886, húsmóðir, d. 2. mars 1954.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Kópavogi 1981. Lauk háslólaprófi í dýralækningum frá Norges veterinærhøgskole í Ósló 1989. Almennt dýralækningaleyfi í Noregi og á Íslandi 1989. Lauk M.Sc.-prófi í faraldsfræði 2001 frá University of London (London School of Hygiene and Tropical Medicine og Royal Veterinary College).

Starfsferill: Framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra 1990–1996. Sérgreinadýralæknir við embætti yfirdýralæknis frá 1996 og kennari við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri frá 1996.

Félags- og trúnaðarstörf: Sat í Umhverfisnefnd Húsavíkur 1994–1996, stjórn Dýralæknafélags Íslands 1997–2000, umhverfisnefnd Borgarfjarðarsveitar frá 1998 og í Dýraverndarráði Íslands frá 2002.

Maki (28. des. 1983): **Haukur Gunnarsson**, f. 6. ágúst 1960, kennari.

For.: Gunnar Már Hauksson, f. 2. ágúst 1937, bankamaður í Reykjavík, og Sjöfn Egilsdóttir, f. 31. júlí 1937, húsmóðir í Reykjavík, d. 24. nóv. 1999.

Börn þeirra: a) **Sólveig**, f. 19. mars 1983. b) **Gunnar Már**, f. 16. sept. 1989. c) **Vala**, f. 13. febr. 1992.

Á

Ágúst Þorleifsson, f. 7. júlí 1930 í Hrísey.

Faðir: **Þorleifur Ágústsson**, f. 6. okt. 1900, sjómaður og frystihússtjóri, síðar yfirfiskmatsmaður á Akureyri, d. 17. sept. 1984. For.: Ágúst Jónsson, f. 1. ágúst 1865, útvegsbóndi í Hrísey, d. 8. júní 1935, og k.h. Rósa Jónsdóttir, f. 20. nóv. 1877, d. 28. okt. 1965.

Móðir: **Þóra Magnúsdóttir**, f. 22. júlí 1901, húsmóðir, d. 23. ágúst 1989. For.: Magnús Þorvarðarson, f. 21. sept. 1854, bóndi á Streiti í Breiðdal, S-Múl., d. 21. júlí 1930, og k.h. Júlíana Valgerður Símonardóttir, f. 29. júní 1871, d. 16. febr. 1948.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum á Akureyri 1951. Nám í læknadeild við Háskóla Íslands 1951–1952. Próf í heimspeki og efnafræði vorið 1952. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Norges veterinærhøgskole í Ósló 1957. Almennt dýralækningaleyfi á Íslandi 27. jan. 1958. „Control of the Major Infection Deseases of Animals," námskeið á vegum British Council í London 16.–29. júlí 1961. „Kurs i kjøtt- og næringsmiddelkontroll," eftirmenntunarnámskeið í Ósló 11.–29. júní 1979. „A Nordic Symposium on Soil-Plant-Animal-Man Interrelationships and Implications to Human Health," ráðstefna um steinefni í Helsinki 9.–14. des. 1980.

Starfsferill: Dýralæknir í Eyjafirði í félagi við G. Knutsen 1957–1963. Héraðsdýralæknir í A-Eyjafjarðarumdæmi 1963–1994. Héraðsdýralæknir í V-Eyjafjarðarumdæmi frá 1. jan. 1994 til 31. des. 1999, er starfið var lagt niður.

Félags- og trúnaðarstörf: Ritari Dýralæknafélags Íslands 1960–1961.

Viðurkenning: Paul Harris Fellow.

Barnsmóðir: **Ása Ásgrímsdóttir**, f. 1930, húsfreyja í Reykjavík.

Barn þeirra: a) **Hafsteinn**, f. 13. ágúst 1953, verkfræðingur í Bergen, Noregi. Maki: Patricia Hubbard, húsfreyja.

Maki (7. júlí 1958): **Auður Ólafsdóttir**, f. 10. júní 1939, sjúkraliði.

For.: Ólafur Magnússon, f. 7. sept. 1906, pípulagningameistari á Akureyri, d. 17. des. 1985, og k.h. Droplaug Pálsdóttir, f. 3. mars 1911, húsmóðir, d. 11. febr. 2001.

Börn þeirra: b) **Elfa**, f. 19. okt. 1959, dýralæknir á Akureyri. Maki: Höskuldur Jónsson, f. 30. ágúst 1965, tamningamaður. c) **Vala**, f. 25. maí 1962, talmeinafræðingur í Ósló. Maki: Ingólfur Sigurbjörnsson, f. 10. mars 1959, tölvufræðingur. d) **Arna**, f. 23. jan. 1964, hjúkrunarkona á Akureyri. e) **Þorleifur**, f. 28. júní 1966, Dr. í líffræði í Reykjavík. Maki (óg.): Heiða Hilmisdóttir, f. 21. febr. 1971, matvælafræðingur. f) **Birna**, f. 28. jan. 1971, tannsmiður á Akureyri. Maki: Pétur Broddason, f. 9. okt. 1965, fulltrúi.

Skyldleiki: Elfa Ágústsdóttir dýralæknir er dóttir Ágústs.

Ármann Björgvin Gunnarsson, f. 8. sept. 1943 á Urðum í Svarfaðardal, Eyjaf.

Faðir: **Gunnar Jónsson**, f. 29. sept. 1909, hafnarvörður. For.: Jón Halldórsson, f. 7. nóv. 1884, d. 17. febr. 1963, og k.h. Jóhanna Þorleifsdóttir, f. 28. sept. 1888, d. 16. okt. 1971.

Móðir: **Friðrika Ármannsdóttir**, f. 23. sept. 1913. For.: Ármann Sigurðsson, f. 12. ágúst 1883, bóndi á Urðum, d. 2. ágúst 1969, og Elín Sigurhjartardóttir, f. 21. júlí 1886, d. 12. jan. 1936.

Námsferill: Búfræðingur frá Bændaskólanum á Hvanneyri 1961. Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum á Akureyri 1966. Stundaði nám við Norges veterinærhøgskole í Ósló 1966–1967. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Die Tierärztliche Hochschule í Hannover, Þýskalandi 1973. Stundaði framhaldsnám í almennum dýralækningum við Den Kongelige Veterinær- og Landbohøjskole í Kaupmannahöfn frá nóv. 1983 til mars 1984. Sótti ráðunautanámskeið um fóðrun mjólkurkúa á Hvanneyri 1981 og námskeið fyrir heilbrigðisfulltrúa í Reykjavík 1974. Lauk námskeiði í dómum kynbótahrossa 1981 og gæðingadómum Landssambands hestamanna (LH). Landsdómararéttindi LH og hlaut evrópudómararéttindi fyrir íslenska hesta. Hefur sótt allflest dýralæknaþing frá 1972.

Starfsferill: Aðstoðarmaður héraðsdýralæknis í sláturhúsi

Kaupfélags Borgarness haustin 1969 og 1970. Settur héraðsdýralæknir í Rangárvallaumdæmi sumarið 1972. Settur héraðsdýralæknir í Dalvíkurumdæmi 1. sept. 1973 og skipaður í sama umdæmi 10. des. 1974 til 31. mars 1994. Skipaður héraðsdýralæknir í A-Eyjafjarðarumdæmi 1. apríl 1994 til 30. nóv. 1999. Annar stofnandi Dýralæknaþjónustu Eyjafjarðar 1998. Eftirlitsdýralæknir í Eyjafjarðar- og Skagafjarðarumdæmi frá 1. des. 1999. Settur héraðsdýralæknir Eyjafjarðar- og Skagafjarðarumdæmi 1. júlí 2003. Auk þess stundakennari við Menntaskólann á Akureyri veturinn 1967–1968 og stundakennari við Húsabakkaskóla í Svarfaðardal 1981–1982.

Félags- og trúnaðarstörf: Endurskoðandi hreppsreikninga Svarfaðardalshrepps frá 1974. Formaður heilbrigðisnefndar Svarfaðardalshrepps frá 1974. Fulltrúi Svarfaðardalshrepps í stjórn Heilsugæslustöðvar Dalvíkur frá 1980. Endurskoðandi Sparisjóðs Svarfdæla frá 1982. Formaður Hrossaræktarsambands Eyfirðinga og Þingeyinga frá 1978. Í stjórn Hestamannafélagsins Hrings um árabil. Formaður Karlakórs Dalvíkur frá 1979.

Ritstörf: Hefur ritað ýmsar greinar í tímarit um hestamennsku og landbúnað.

Maki (17. des. 1971) (skildu): **Steinunn Pálsdóttir Hafstað**, f. 20. mars 1947, kennari.

For.: Páll Steinþór Árnason Hafstað, f. 8. des. 1917, cand.agr., skrifstofustjóri hjá Orkustofnun, og Ragnheiður Kristjana Baldursdóttir, f. 20. okt. 1919, kennari.

Börn þeirra: a) **Edda Björk**, f. 13. apríl 1973, garðyrkjufræðingur og líffræðingur. b) **Unnur Erla**, f. 22. febr. 1975, fatahönnuður og kjólameistari. c) **Auður**, f. 18. júlí 1978, ferðamálafræðingur. Maki: Björn Theódórsson, f. 1. jan. 1970, fiskeldisfræðingur í Borgarnesi. d) **Ella Vala**, f. 19. maí 1980, einleikari á horn, tónlistarkennari. Maki: Grímur Helgason, f. 23. apríl 1984, hljómlistamaður í Reykjavík.

Árni Kárason, f. 22. apríl 1939 á Akureyri, d. 1. okt. 1980 í Reykjavík.

Faðir: **Kári Johansen**, f. 10. maí 1912, deildarstjóri á Akureyri, d. 7. nóv. 2002. For.: Johan Mathias Johansen, f. 3. apríl 1874, múrari í Þrándheimi, Noregi, d. 23. apríl 1933, og k.h. María

Soffía Árnadóttir, f. 19. okt. 1878, húsmóðir í Þrándheimi, síðar matráðskona á Akureyri, d. 21. maí 1954.

Móðir: **Sigríður Laufey Árnadóttir**, f. 13. des. 1909, húsmóðir á Akureyri, d. 8. apríl 1999. For.: Árni Jóhannsson, f. 16. mars 1882, aðalgjaldkeri Kaupfélags Eyfirðingaog bæjarfulltrúi á Akureyri, d. 12. apríl 1945, og k.h. Nikólína Sigurjóna Sölvadóttir, f. 30. ágúst 1888, húsmóðir, d. 11. apríl 1950.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum á Akureyri 1959. Tók búfræðipróf frá Bændaskólanum á Hvanneyri 1960. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Norges veterinærhøgskole í Ósló 1966. Lauk M.Sc.-prófi í fisksjúkdómafræðum frá Stirling-háskóla í Skotlandi 1973.

Starfsferill: Héraðsdýralæknir í Snæfellsumdæmi 1966–1968. Héraðsdýralæknir í Dalaumdæmi 1969–1972. Dýralæknir hjá lyfjafyrirtækinu DUMEX í Ósló 1974. Eftirlitsdýralæknir hjá Statens Veterinärmedicinska Anstalt í Stokkhólmi 1975–1976 þar sem viðfangsefnið var fisksjúkdómarannsóknir og heilbrigðiseftirlit á fiskeldisstöðvum. Dýralæknir hjá Heilbrigðiseftirliti ríkisins 1976–1980.

Ritstörf: „An experimental study of two feeding methods for the intensive culture of rainbow trout," magisterritgerð 1973.

Maki (25. júlí 1964): **Gréta Aðalsteinsdóttir**, f. 10. des. 1938, hjúkrunarforstjóri.

For.: Aðalsteinn Sigurðsson, f. 10. júlí 1912, skipasmiður á Ísafirði, d. 26. des. 1996, og Marta Baldey Markúsdóttir, f. 1. jan. 1909, húsmóðir.

Börn þeirra: a) **Kári Grímur**, f. 17. júní 1965, prentmyndasmiður í Mosfellsbæ. b) **Herborg**, f. 8. sept. 1967, tækniteiknari og ljósmyndari í Reykjavík. Maki: Örn Marinó Arnarson, f. 16. okt. 1967, sjálfstætt starfandi kvikmyndagerðarmaður.

Árni Matthías Mathiesen, f. 2. okt. 1958 í Hafnarfirði.

Faðir: **Matthías Árnason Mathiesen**, f. 6. ágúst 1931, lögfræðingur, sparisjóðsstjóri, alþingismaður og ráðherra í Hafnarfirði. For.: Árni Matthías Mathiesen, f. 27. júlí 1903, exam.pharm.,

kaupmaður í Hafnarfirði, d. 8. apríl 1946, og k.h. Svava Einarsdóttir Mathiesen, f. 28. júlí 1906, húsmóðir.

Móðir: **Sigrún Þorgilsdóttir Mathiesen**, f. 27. des. 1931, húsmóðir og læknaritari. For.: Þorgils Guðmundsson, f. 4. des. 1882, kennari og skrifstofustjóri, d. 26. júní 1976, og k.h. Halldóra Sigurðardóttir, f. 2. okt. 1893, húsmóðir og kennari, d. 21. sept. 1966.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Flensborgarskóla í Hafnarfirði 1978. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Royal (Dick) School of Veterinary Studies, Edinborg, Skotlandi 1983. Almennt dýralækningaleyfi í Bretlandi og Íslandi 1983. Lauk M.Sc.-prófi í fisksjúkdómafræðum frá Stirling-háskóla í Skotlandi 1985.

Starfsferill: Almenn dýralæknisstörf víða um land 1983–1991. Héraðsdýralæknir, án fastrar búsetu, frá 1. jan. til 1. júlí 1983. Settur yfirdýralæknir frá 1. júní til 30. júní 1990. Dýralæknir fisksjúkdóma hjá embætti yfirdýralæknis 1985–1988 og aftur 1. okt. 1989 til 1991. Framkvæmdastjóri Faxalax hf. 1988–1989. Alþingismaður frá 1991 og sjávarútvegsráðherra frá 1999.

Félags- og trúnaðarstörf: Oddviti nemendaráðs Flensborgarskóla 1977–1978. Formaður Stefnis, félags ungra sjálfstæðismanna í Hafnarfirði, 1986–1988. Varaformaður SUS 1985–1987. Sat í stjórn Dýralæknafélags Íslands 1986–1987. Formaður handknattleiksdeildar FH 1988–1990. Sat í skólanefnd Flensborgarskóla 1990–1999. Sat í launamálaráði Bandalags Háskólamanna 1985–1987. Sat í stjórn Ábyrgðadeildar fiskeldislána 1990–1994. Sat í Norðurlandaráði 1991–1995. Sat í bankaráði Búnaðarbanka Íslands 1994–1998. Sat í stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins 1994–1999. Formaður Dýraverndarráðs 1994–1999. Sat í þingmannanefnd EFTA/EES 1995–1999.

Ritstörf: Hefur ritað ýmsar greinar um fiskeldi.

Maki (1. júní 1991): **Steinunn Kristín Friðjónsdóttir**, f. 27. apríl 1960, flugfreyja.

For.: Friðjón Þórðarson, f. 5. febr. 1923, lögfræðingur, sýslumaður, alþingismaður og ráðherra í Búðardal og Stykkishólmi, og k.h. Kristín Sigurðardóttir, f. 30. des. 1928, húsmóðir og skrifstofumaður, d. 19. maí 1989.

Börn þeirra: a) **Kristín Unnur**, f. 7. apríl 1996, b) **Halla Sigrún**, f. 22. des. 1997, c) **Arna Steinunn**, f. 25. júlí 2001.

Skyldleiki: Árni og Birnir Bjarnason dýralæknir eru þremenningar.

Ásdís Linda Sverrisdóttir, f. 6. jan. 1972 í Reykjavík.

Faðir: **Sverrir Jakobsson**, f. 22. maí 1948, tæknifræðingur, deildartæknifræðingur í Reykjavík. For.: Jakob Árnason, f. 9. febr. 1920, bifreiðarstjóri í Reykjavík, d. 19. júlí 2003, og k.h. Ásdís Helgadóttir, f. 14. des. 1914, húsmóðir, d. 8. jan. 1994.

Móðir: **Guðrún Albertsdóttir**, f. 11. ágúst 1948, hjúkrunarfræðingur. For.: Albert Egilsson, f. 13. júní 1923, sjómaður í Hafnarfirði, d. 16. nóv. 1953, og k.h. Sigríður Guðný Bjarnveig Georgsdóttir, f. 23. júlí 1926, ræstingastjóri.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti 1990. Lauk prófi frá Sveriges Lantbruksuniversitet í Uppsölum, Svíþjóð í des. 1997. Almennt dýralækningaleyfi á Íslandi í jan. 1998.

Starfsferill: Starfaði við Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, sumrin 1994–1996. Héraðsdýralæknir á Vestfjörðum sumarið 1997 og á Húsavík sumarið 1998. Starfandi dýralæknir hjá Dýralæknaþjónustu Suðurlands frá mars 1998.

Maki (óg.): **Jóhann Rúnar Wolfram**, f. 9. jan. 1972, bifvélavirki.

For.: Axel Wolfram, f. 1. júní 1947, blikksmíðameistari í Hveragerði, og k.h. Ása Jóna Pálsdóttir, f. 23. apríl 1952, kennari.

Börn þeirra: a) **Guðrún Árný**, f. 26. des. 2001. b) Stjúpdóttir Ásdísar og dóttir Jóhanns, Kolbrún Marín, f. 6. mars 1998.

Ásgeir Ólafsson Einarsson, f. 21. nóv. 1906 í Reykjavík, d. 4. apríl 1998 í Reykjavík.

Faðir: **Einar Ólafsson**, f. 8. jan. 1884, matsveinn og verkamaður, síðast í Borgarnesi, d. 28. sept. 1955. For.: Ólafur Jónsson, f. 29. júní 1849, bóndi á Stóru Fellsöxl, Skilmannahr., Borg., d. 18.

febr. 1936 og k.h. Ásgerður Sigurðardóttir, f. 1. nóv. 1853, húsfreyja, d. 30. nóv. 1936.

Móðir: **Þórstína Björg Gunnarsdóttir**, f. 15. ágúst 1882, húsfreyja, d. 13. jan. 1950. For.: Gunnar Þorsteinsson, f. 15. sept. 1850, sjómaður, d. 13. febr. 1940 og k.h. Þórunn Björg Jakobsdóttir, f. 13. júlí 1846, húsfreyja, d. 7. mars 1919.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1927. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Tierärtzliche Hochschule í Hannover, Þýskalandi í júlí 1934. Almennt dýralækningaleyfi á Íslandi 1. sept. 1934. Nám í loðdýrasjúkdómum í Kassel og Ósló 1938. Nám í rannsóknartækni við sníkjudýrarannsóknir í Hannover 1963. Nám í sníkjudýrafræðum í Weybridge, Englandi 1965. Nám í Hannover og í Newcastle, Englandi 1967 í sömu fræðum. Sótti norræn dýralæknamót í Ósló 1954, í Helsinki 1958 og í Kaupmannahöfn 1962.

Starfsferill: Starfaði við kjötskoðun og kúaskoðun fyrir héraðsdýralækni í Gullbringu- og Kjósarumdæmi 1931. Aðstoðarlæknir hjá héraðsdýralækni í Gullbringu- og Kjósarumdæmi frá mars til sept. 1932. Skipaður héraðsdýralæknir í Austurlandsumdæmi 1934. Aðstoðaði próf. Níels Dungal hjá Rannsóknastofnun Háskólans við rannsóknir á mæðiveiki frá jan. til sept. 1936 og 1937. Veitt lausn frá embætti 1939 en settur aftur 1. sept. s.á. vegna kjötskoðunar og rannsókna á garnaveiki á Héraði. Sjálfstætt starfandi dýralæknir í Reykjavík frá 1940. Skipaður héraðsdýralæknir í Gullbringu- og Kjósarumdæmi 15. febr. 1950. Veitt lausn frá embætti vegna afleiðinga vinnuslyss 1. nóv. 1968. Settur í sama embætti til áramóta 1968. Settur héraðsdýralæknir í V-Skaftafellsumdæmi 1. júlí 1969 til 1. júlí 1970. Skipsdýralæknir við hestaútflutning, í alls ellefu ferðum, veturna 1968–1970. Skipaður heilbrigðisráðunautur við Heilbrigðiseftirlit ríkisins 1. júlí 1970. Veitt lausn frá störfum 1. sept. 1976. Starfaði hluta árs við ormarannsóknir að Keldum og Keldnaholti á árunum 1976–1980. Starfaði við kjötskoðun og vann sem dýralæknir á ýmsum stöðum, t.d. í Hólmavík og á Óspakseyri 1973–1974, á Kópaskeri 1976–1979, á Vopnafirði 1980–1981 og Vík í Mýrdal 1982. Bókavörður við Bókasafn Grundar 1983–1997.

Félags- og trúnaðarstörf: Sat í stjórn Glímufélagsins Ármanns 1925–1926. Formaður Íþróttaráðs Austurlands 1934–1935. Fararstjóri á Ólympíuleikana í Berlín 1936. Sat í stjórn Hestamannafélagsins Fáks 1941. Einn af stofnendum Dýralæknafélags Íslands 1934 og sat í stjórn þess um árabil, gjaldkeri 1956–1976. Sat í stjórn Dýraverndunarsambands Íslands 1960–1967. Sat í stjórnskipaðri dýraverndunarnefnd frá 1957.

Ritstörf: „Svínafárið," grein í Búnaðarblaðinu Frey 1942, 8.–9. tbl. „Júgurbólga," grein í Búnaðarblaðinu Frey 1949, 3. tbl. „Helti í kúm," grein í Búnaðarblaðinu Frey 1960, 20. tbl. „Ormaveiki í sauðfé," grein í Búnaðarblaðinu Frey 1964, 17.–18. tbl., og 1971, 1. tbl. „Nokkrir sjúkdómar í íslensku búfé," grein í Búnaðarblaðinu Frey 1983, 1., 2. og 4. tbl. „Dýralæknabálkur," þáttur í Búnaðarblaðinu Frey um 10 ára skeið 1936–1946. „Feitarmengun á fjörum," grein í Morgunblaðinu 27. maí 1997. Hefur auk þess ritað fjölda annarra vísindagreina og greina um íslenskt mál í tímarit og dagblöð allt til ársins 1997.

Viðurkenningar: Hin íslenska fálkaorða 1982. Heiðursfélagi Dýralæknafélags Íslands 1984. Íslandsmeistari í spjótkasti 1926 og 1931. Styrkur úr Vísindasjóði 1967 og 1977.

Aðrar upplýsingar: Greindi fyrstur manna garnaveiki í sauðfé hér á landi á starfsárunum á Austurlandi. Lýsti fyrstur tjóni af völdum sníkjudýra í sauðfé og hafði forystu um að greina hættulega svínapest og koma á samstöðu um varnir gegn henni 1942. Lækningatæki Ásgeirs, dagbækur og aðrir munir hans eru vísir að minjasafni um dýralækningar í lækningaminjasafninu í Nesstofu.

Maki (12. ágúst 1937): **Kirstín Lára Sigurbjörnsdóttir**, f. 28. mars 1913, handavinnukennari og hótelstjóri.

For.: Sigurbjörn Ástvaldur Gíslason, f. 1. jan. 1876, stærðfræðikennari, ritstjóri og prestur í Reykjavík, d. 2. ágúst 1969, og k.h. Guðrún Lárusdóttir, f. 8. jan. 1880, bæjarfulltrúi, alþingismaður og rithöfundur í Reykjavík, d. 20. ágúst 1938.

Börn þeirra: a) **Guðrún Lára**, f. 14. nóv. 1940, húsmóðir og skólasafnskennari. Maki: Ágúst Matthías Sigurðsson, f. 15. mars 1938, sóknarprestur og fræðimaður. b) **Einar Þorsteinn**, f. 17. júní 1942, arkitekt og hönnuður. Maki I: Auður Sigurðardóttir, f. 8. ág. 1945, bókasafnsfræðingur. Maki II: Fjóla Bender, f. 29. okt. 1950, handavinnukennari, d. 13. okt. 2000. Maki III: Manuela Gudrun Loeschmann, f. 6. febr. 1960, Kínafræðingur og listamaður. c) **Sig-**

rún Valgerður, f. 19. okt. 1944, sérfræðingur í fjármálaráðuneytinu. Maki: Pétur Guðgeirsson, f. 17. mars 1946, héraðsdómari í Reykjavík. d) **Þórdís**, f. 16. nóv. 1948, leikskóla- og grunnskólakennari B.Ed. og djákni. Maki: Hjörtur Ingólfsson, f. 2. okt. 1947, framkvæmdastjóri. e) **Áslaug Kirstín**, f. 13. febr. 1952, kennari B.Ed. Maki: Halldór Bjarnason, f. 15. nóv. 1940, kennari og framkvæmdastjóri.

Ásgeir Þorsteinn Ólafsson, f. 28. okt. 1902 í Keflavík, d, 15. júlí 1995.

Faðir: **Ólafur V. Ófeigsson**, f. 24. maí 1869, verslunarstjóri Edinborgarverslunarinnar í Keflavík, d. 21. mars 1931. For.: Ófeigur Ófeigsson, f. 10. des. 1831, bóndi á Fjalli á Skeiðum, Árn., d. 13. maí 1901, og k.h. Vilborg Eyjólfsdóttir, f. 29. maí 1830, húsmóðir, d. 12. jan. 1917.

Móðir: **Þórdís Einarsdóttir**, f. 13. des. 1875, húsmóðir, d. 6. des. 1969. For.: Einar Jónsson, f. 12. febr. 1843, bóndi á Kletti í Geiradal, A-Barð., d. 28. des. 1924, og k.h. Halldóra Jónsdóttir, f. 13. júlí 1838, húsmóðir, d. 10. apríl 1901.

Námsferill: Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Tierärztliche Hochschule í Hannover, Þýskalandi í júní 1927. Dýralækningaleyfi á Íslandi í ágúst 1927. Námsdvöl við Tierärztliche Hochschule í Hannover og við Staatslicher Veterinär Untersuchungsamt, Kassel, Þýskalandi frá nóv. 1938 til jan. 1939. Námsdvöl við Norges veterinærhøgskole í Ósló frá jan. til mars 1939.

Starfsferill: Aðstoðardýralæknir í Reykjavík frá júlí 1927 til júní 1928. Settur dýralæknir í Vestfirðingafjórðungi 3. sept. 1928 og skipaður 7. nóv. s.á. og síðar í Borgarfjarðarumdæmi til 11. júlí 1960. Þegar Borgarfjarðarumdæmi var skipt kaus hann að þjóna Mýrasýsluumdæmi og gegndi því starfi til 1. nóv. 1972. Var settur til að gegna umdæminu áfram til 1. mars 1973. Stundakennari við Bændaskólann á Hvanneyri 1928–1953.

Félags- og trúnaðarstörf: Gjaldkeri Dýralæknafélags Íslands 1948–1956 og formaður félagsins 1958–1964.

Ritstörf: „Ansteckende Lungenentzündung," grein í Deutsche

Tierärztliche Wochenschrift 1931. „Die seuchenhafte Lungenatomatöse und ihre Bedeutung fur die islandische Schafsucht," grein í Deutsche Tierartzliche Wochenschrift 1939. „Ist die Auscheidung von Spulwurmeiern Zeitveilig unterbrochen?," grein í Deutsche Tierärztliche Wochenschrift 1939. „Miltisbrandssmitunin á Skáney 1935," grein í Búnaðarblaðinu Frey 1936.

Viðurkenningar: Heiðursfélagi norska dýralæknafélagsins 1963. Heiðursfélagi Dýralæknafélags Íslands 1984.

Barnsmóðir: **Herborg Hallgrímsdóttir**, f. 12. júlí 1902, d. 7. mars 1984.

Barn þeirra: a) **Herdís**, f. 18. nóv. 1928, hjúkrunarkona í Englandi. Maki: Geoffrey Lionel Matthewmann, f. 24. ágúst 1920, d. 6. jan. 1999.

Maki (6. sept. 1930): **Guðrún Svava Árnadóttir**, f. 23. des. 1908, húsmóðir, d. 16. júlí 1993.

For.: Árni Eiríksson, f. 26. jan. 1868, kaupmaður og leikari í Reykjavík, d. 10. des. 1917, og s.k.h. Vilborg Runólfsdóttir, f. 23. ágúst 1884, húsmóðir, d. 28. sept. 1965.

Börn þeirra: b) **Ólafur Árni**, f. 4. ágúst 1931, verkfræðingur í Bandaríkjunum. Maki: Guðrún Sigríður Ottósdóttir, f. 16. mars 1937, d. 4. okt. 1995. c) **Bragi**, f. 20. mars 1940, tannlæknir í Reykjavík. Maki: Edda Hinriksdóttir, f. 2. mars 1944, hárgreiðslumeistari. d) **Ásgeir**, f. 23. júní 1948, skrifstofumaður í Borgarnesi.

Ásta Kristín Reynisdóttir Parker, f, 13. okt. 1971 í Reykjavík

Faðir: **Reynir Tómas Geirsson**, f. 13. maí 1946, læknir og prófessor í kvensjúkdóma- og fæðingafræði við læknadeild Háskóla Íslands. For.: Geir Reynir Tómasson, f. 24. júní 1916, dr.med.dent., tannlæknir í Reykjavík, og k.h. Maria Elfriede Tómasson (f. Bell), f. 26. júlí 1921 í Þýskalandi.

Móðir: **Steinunn Jóna Sveinsdóttir**, f. 31. júlí 1945, meinatæknir. For.: Sveinn Jónatansson, f. 7. júlí 1917, vélstjóri, d. 15. mars 1998, og k.h. Finnbjörg Ásta Helgadóttir, f. 21. júní 1921.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Hamrahlíð

1989. Lauk B.Sc. (Hons.) í veterinary pathology frá Royal (Dick) School of Veterinary Studies í Edinborg 1993. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá sama háskóla 1995. Almennt dýralækningaleyfi 1995.

Starfsferill: Starfaði sem dýralæknir hjá Kettles í Notthingham, Englandi frá júlí 1995 til febr. 1997. Starfaði við almennar dýralækningar í Auckland, Nýja-Sjálandi í eitt ár 1997–1998. Dýralæknir hjá Ardene House í Aberdeen, Skotlandi frá apríl 1998 til júní 2003. Hefur starfað hjá Melton Veterinary Surgery í Suffolk, Englandi frá júní 2003. Er í júní 2004 að setja á stofn nýjan dýraspítala, Earl Soham í Suffolk, með sérhæfingu í lækningu smádýra.

Viðurkenningar: Viðurkenning fyrir afbragðs námsárangur við stúdentspróf og fyrir hæstu einkunn í líffræði. Margfaldur Skotlandsmeistari í kappróðri. Bretlandsmeistari í kappróðri tvímennings 1994. Henley-meistari á Thames í kappróðri tvímennings 1994. Tók þátt í bresku Samveldisleikunum í Kanada fyrir hönd Skotlands 1994. Viðurkenning frá Edinborgarháskóla fyrir afrek í íþróttum 1993 (Half Blue) og 1994 (Blue).

Maki (19. okt. 1996): **Justin Allen Parker**, f. 30. apríl 1973 í Englandi, verkfræðingur, CEng MIMechE.

For.: Allen Parker, f. í júlí 1949, dr. Í stærðfræði og háskólakennari, og Wendy Parker Askings, f. 4 maí 1948, framhaldsskólakennari.

Barn þeirra: a) **Benedict Tómas James**, f. 7. okt. 2000.

Baldur Helgason, f. 24. júlí 1976 í Reykjavík.

Faðir: **Helgi Baldursson**, f. 6. júní 1948, kennari og skólastjóri á Laugarvatni. For.: Baldur Sigurðsson, f. 1. júní 1919, bóndi á Syðra-Hóli, Kaupangssveit, Eyjaf., d. 2. nóv. 1979, og k.h. Anna Helgadóttir, f. 31. maí 1917, húsmóðir á Syðra-Hóli, d. 23. okt. 1983.

Móðir: **Helga Árnadóttir**, f. 16. des. 1956, kennari á Laugarvatni. For.: Árni Guðjónsson, f. 12. mars 1923, trésmíðameistari í Reykjavík, d. 16. nóv. 2002, og Ingibjörg Júlíana Stefánsdóttir, f. 19. júlí 1919, húsmóðir á Sauðárkróki, d. 14. júlí 1972.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum að Laugarvatni 1996. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Norges veterinærhøgskole í Ósló 2002. Almennt dýralækningaleyfi í Noregi 14. júní 2002.

Starfsferill: Dýralæknir í Finnsnesi, Noregi í apríl 2001, í Rindal, Noregi frá maí til ágúst 2001, í Fetsund, Noregi frá maí til júlí 2002 og í Notodden og Bø, Noregi frá ágúst 2002.

Maki (óg.): **Anette Brungot Dahl**, f. 5. mars 1976, dýralæknir í Bø.

For.: Knut Helkås Dahl, f. 26. mars 1950, Dr. í lífefnafræði, sjálfstætt starfandi ráðgjafi lyfjaframleiðenda í Telemark, Noregi, og k.h. Solvor Kari Brungot, f. 24. febr. 1950, hjúkrunarfræðingur og kennari í Telemark.

Bárður Guðmundsson, f. 24. mars 1943 á Hóli í Bolungarvík.

Faðir: **Guðmundur Magnússon**, f. 10. mars 1912, búfræðingur, bóndi á Hóli, d. 4. mars 1984. For.: Magnús Pálmi Tyrfingsson, f. 1862, bóndi á Hóli, d. 1921, og k.h. Helga Ólafsdóttir, f. 1871, húsmóðir, d. 1961.

Móðir: **Kristín Örnólfsdóttir**, f. 27. ágúst 1915, húsmóðir á Hóli.



For.: Örnólfur Hálfdánarson, f. 1888, bóndi á Skálavík, síðar verslunarmaður á Ísafirði, d. 1960 og k.h. Margrét Reynaldsdóttir, f. 1894, húsmóðir, d. 1966.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum á Akureyri 1964. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Norges veterinærhøgskole (NVH) í Ósló 1970. Almennt dýralækningaleyfi á Íslandi 29. júlí 1972. Endurmenntun við NVH í þrjá mánuði 1981 og einnig s.á. í tvo mánuði við Veterinärinnretningen I í Skara, Svíþjóð. Hefur einnig sótt ýmis námskeið í dýralækningum.

Starfsferill: Héraðsdýralæknir í Ísafjarðarumdæmi frá 1. ágúst 1970 til 15. febr. 1977. Héraðsdýralæknir í afleysingum í Rangárvallaumdæmi frá 15. júní 1976 til 1. ágúst 1976. Héraðsdýralæknir í Þingeyjarþingsumdæmi frá 15. febr. 1977 til 1. júní 1983. Héraðsdýralæknir í Þingeyjarumdæmi eystra frá 1. júní 1983 til 1. des. 1999. Héraðsdýralæknir í Þingeyjarumdæmi 1 og 2 frá 1. des. 1999. Heilbrigðisfulltrúi fyrir Ísafjörð og Bolungarvík 1970–1977. Stundakennari við Menntaskólann á Ísafirði 1971–1972 og stundakennari við Unglingaskólann í Bolungarvík 1971–1972.

Maki (20. ágúst 1966): **Svala Hermannsdóttir**, f. 10. apríl 1944, hárgreiðslumeistari.

For.: Friðleifur Hermann Vilhjálmsson, f. 8. júní 1910, búfræðingur, verkstjóri á Akureyri, d. 2. des. 1998, og k.h. Aðalbjörg Sigurðardóttir, f. 8. apríl 1916, húsmóðir.

Börn þeirra: a) **Hermann**, f. 8. nóv. 1967, doktorskandidat í umhverfishagfræði við Háskólann í Bergen. b) **Birkir**, f. 26. apríl 1972, líffræðingur hjá Hafrannsóknastofnun. Maki: Guðlaug Björnsdóttir, f. 14. júlí 1974, nemi í geislafræði.

Bergþóra Eiríksdóttir, f. 21. febr. 1968 í Reykjavík.

Faðir: **Eiríkur Kristinn Nielsson**, f. 29. nóv. 1942, bifvélavirki í Reykjavík, d. 17. des. 2000. For.: Niels K. Svane, f. 17. maí 1918, bifvélavirki, d. 28. júní 2000, og k.h. Bergþóra Eiríksdóttir, f. 17. okt. 1921, húsmóðir og framreiðslukona í Reykjavík.

Móðir: **Jónína Eggertsdóttir**, f. 13. júlí 1946, gjaldkeri í Reykja-

vík. For.: Eggert Jóhann Jónsson, f. 22. maí 1919, cand. juris., bæjarfógeti í Keflavík, d. 18. júlí 1962, og k.h. Sigríður Theodóra Árnadóttir, f. 18. mars 1926, fulltrúi í lánadeild Búnaðarbanka Íslands í Reykjavík.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum við Sund 1988. Lauk B.Sc.-prófi í líffræði frá Háskóla Íslands 1995. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Den Kongelige Veterinær- og Landbohøjskole í Kaupmannahöfn í júní 2002. Almennt dýralækningaleyfi á Íslandi 20. nóv. 2002.

Starfsferill: Starfaði við vistfræðirannsóknir á kræklingum í Hollandi hjá The National Institute for Coastal and Marine Management frá júní til nóv. 1994. Starfaði í hlutastarfi meðfram námi sem aðstoðarmaður við dýratilraunir hjá lyfjafyrirtækinu Novo Nordisk í Danmörku frá júní 1996 til jan. 2001. Var í afleysingastarfi sem eftirlitsdýralæknir hjá héraðsdýralækni Gullbringu- og Kjósarumdæmis, Gunnari Erni Guðmundssyni, í okt. 2000. Er í 60% starfi sem eftirlitsdýralæknir hjá héraðsdýralækni Gullbringu- og Kjósarumdæmis, Gunnari Erni Guðmundssyni, og 40% starfi á Dýralækningastofu Helgu Finnsdóttur. Kennari hjá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands í október 2003.

Bergþóra Þorkelsdóttir, f. 21. mars 1963 í Kaupmannahöfn.

Faðir: **Þorkell Jóhannesson**, f. 30. sept. 1929, læknir, prófessor við Háskóla Íslands. For.: Jóhannes Sófus Jónsson, f. 13. ágúst 1901, gjaldkeri í Reykjavík, d. 27. okt. 1970, og k.h. Bergþóra Júlíusdóttir, f. 21. ágúst 1905, húsmóðir, d. 21. apríl 1996.

Móðir: **Ester Eggertsdóttir**, f. 6. apríl 1927, hjúkrunarfræðingur í Reykjavík. For.: Eggert Ólafur Briem Einarsson, f. 1. júní 1894, læknir á Þórshöfn, í Borgarnesi og á Kirkjubæjarklaustri, d. 25. ágúst 1974, og k.h. Magnea Jónsdóttir, f. 22. febr. 1899, húsmóðir, d. 10. okt. 1975.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum við Sund 1983. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Den Kongelige Veterinær- og Landbohøjskole í Kaupmannahöfn 1991. Almennt dýralækningaleyfi í Danmörku og á Íslandi 1991. Lauk námi í viðskipta- og rekstrarfræði við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands 2000.

Starfsferill: Starfaði í samvinnu við Grétar Hrafn Harðarson á Hellu 1992. Starfaði við Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði á Keldum frá sept. til des. 1993. Gæðastjóri Kjötumboðsins hf. 1994–1996. Starfsmaður Dýralæknaþjónustu Suðurlands frá jan. 1997 til nóv. s.á. Gæðastjóri Kjötumboðsins hf. frá nóv. 1997 til 1999. Aðstoðarframkvæmdastjóri Kjötumboðsins frá jan. 1999–2000. Rekstrarstjóri þjónustustöðva Olíufélagsins hf. frá nóv. 2000 og markaðsstjóri mannlausra bensínstöðva (EGO-stöðva) frá 2003.

Félags- og trúnaðarstörf: Sat í stjórn foreldrasamtaka á Suðurlandi 1998–2000. Ritari stjórnar Dýralæknafélags Íslands 2000–2004.

Maki (24. júní 1989): **Auðunn Hermannsson**, f. 11. júní 1962, mjólkurverkfræðingur.

For.: Hermann Ágúst, f. 9. ágúst 1933, starfsmaður áhaldahúss Árborgar á Selfossi, og k.h. Guðmunda Auður Auðunsdóttir, f. 21. júní 1940, starfsmaður sýsluskrifstofu.

Börn þeirra: a) **Ásdís**, f. 5. sept. 1987. b) **Ester**, f. 10. júlí 1992.

Bernharð Laxdal, f. 23. júní 1960 í Reykjavík.

Faðir (kjörfaðir): **Bernharð Laxdal**, f. 22. júlí 1904, klæðskeri og kaupmaður á Akureyri og síðar í Reykjavík, d. 6. ágúst 1974. For.: Helgi Laxdal, f. 5. jan. 1856, bóndi í Tungu á Svalbarðsströnd, d. 15. apríl 1918, og k.h. Guðný Grímsdóttir Laxdal, f. 23. mars 1862, húsmóðir, d. 6. jan. 1952.

Móðir (kjörmóðir): **Ingibjörg Jóhannsdóttir Laxdal**, f. 18. júní 1905, húsmóðir, d. 25. maí 1994. For.: Jóhann Tómas Loftsson, f. 2. mars 1879, bóndi og verkamaður, síðast til heimilis á Vatnsleysuströnd, d. 16. apríl 1920, og k.h. Sigríður Þorvaldsdóttir, síðast til heimilis í Reykjavík.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum við Sund 1980. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Norges veterinær-

høgskole í Ósló 1986. Almennt dýralækningaleyfi 1987. Lauk M.Sc.-prófi í fisksjúkdómafræðum frá Stirling-háskóla í Skotlandi 1989.

Starfsferill: Vann við páska- og sumarafleysingar í N-Þrændalögum, Noregi 1986. Starfaði við fisksjúkdómadeild Dýralæknastofnunarinnar í Ósló, Noregi frá jan. til júní 1987. Starfaði við Dýraspítalann í Víðidal í Reykjavík auk þess að sinna almennum dýralæknastörfum í Gullbringu- og Kjósarsýslu frá júlí til des. 1989. Starfaði við fisksjúkdómadeild Tilraunastöðvar Háskóla Íslands að Keldum í Reykjavík frá jan. 1990 til febr. 1991. Sölu- og markaðsstjóri hjá Pharmaco hf. í Garðabæ (síðar PharmaNor hf.) frá 1991. Hefur sinnt ráðgjöf og þjónustu á sviði heilbrigðismála í fiskeldi frá 1991. Setti á stofn dýralæknastofu fyrir gæludýr í Garðabæ og rak hana fram til ársins 1997. Stofnaði fyrirtækið Lífsgleði ehf. utan um dýralæknareksturinn sem og önnur hugðarefni á sviði landbúnaðar 1997.

Félags- og trúnaðarstörf: Ábyrgðarmaður Fréttabréfs Dýralæknafélags Íslands 1992–1994. Sat í aðalstjórn Ungmennafélagsins Stjörnunnar í Garðabæ 1992–1994 og í stjórn Karlakórsins Þrastar í Hafnarfirði frá 2002.

Maki (23. júní 1985): **Anna Björnsdóttir Laxdal**, f. 22. des. 1960, stuðningsfulltrúi.

For.: Björn B. Sveinsson, f. 12. febr. 1938, flugvélstjóri í Lúxemborg, síðar í Bandaríkjunum, og Sólrún Jónsdóttir, f. 21. des. 1937, skrifstofumaður í Lúxemborg, síðar í Kópavogi.

Börn þeirra: a) **Daníel**, f. 22. sept. 1986 í Ósló. b) **Jóhann**, f. 27. jan. 1990 í Reykjavík. c) **Hildur**, f. 22. jan. 1995 í Reykjavík.

Birna Sveinbjörnsdóttir, f. 14. mars 1974 í Reykjavík.

Faðir: **Sveinbjörn Guðjónsson**, f. 16. okt. 1952, fangavörður, bús. á Stokkseyri. For.: Guðjón Sveinbjörnsson, f. 3. des. 1929, bifreiðarstjóri í Reykjavík, og k.h. Ásta Björnsdóttir, f. 22. maí 1921, húsmóðir.

Móðir: **Anna Kristín Pétursdóttir**, f. 23. mars 1956, húsmóðir og skrifstofumaður. For.: Pétur Einarsson, f. 11. jan. 1929, versl-

unarmaður í Reykjavík, d. 8. ágúst 1997, og k.h. Kristín Björg Sveinsdóttir, f. 10. sept. 1926, húsmóðir.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum að Laugarvatni 1994. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Norges veterinærhøgskole í Ósló 2002. Almennt dýralækningaleyfi í Noregi 14. júní 2002.

Starfsferill: Starfaði við sæðingar í Landeyjum og Fljótshlíð á vegum Búnaðarsambands Suðurlands frá júní til ágúst 2000. Var í blönduðum praksís við Dýraspítalann Lögmannshlíð á Akureyri hjá Elfu Ágústsdóttur frá júní til sept. 2001. Starfaði við Veterinærsenteret í Salangen, Indre Troms, Noregi, aðallega í stórdýrapraksís, frá mars til ágúst 2002. Var í blönduðum praksís og vann 50% við slátrurhús hjá Målselv Dyreklinikk/Næringsmiddeltilsynet í Midt Troms, Noregi frá ágúst til des. 2002. Hefur verið í stórdýrapraksís við Vännäs Veterinærstation, Svíþjóð frá jan. 2003.

Félags- og trúnaðarstörf: Sat í stjórn Veterinærstudentenes Forening-NVH sept. 1998 til febr. 1999.

Birnir Bjarnason, f. 3. júlí 1940 í Reykjavík, d. 15. mars 1992.

Faðir: **Bjarni Bjarnason**, f. 3. júní 1906, brunavörður í Reykjavík, d. 19. mars 1991. For.: Bjarni Jakobsson, f. 20. okt. 1859, d. 26. júlí 1906, og k.h. Sigríður Magnúsdóttir, f. 22. maí 1879, húsfreyja, síðast í Reykjavík, d. 14. apríl 1970.

Móðir: **Ósk Sveinbjarnardóttir**, f. 5. okt. 1913, húsfreyja, d. 4. nóv. 1989. For.: Sveinbjörn Guðmundsson, f. 12. júní 1879, bóndi að Hurðarbaki, Kjós., d. 2. febr. 1958, og k.h. Sesselja Guðmundsdóttir, f. 5. ágúst 1874, húsfreyja, d. 5. nóv. 1941.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1960. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Den Kongelige Veterinær- og Landbohøjskole (KVL) í Kaupmannahöfn 1967. Al-

mennt dýralækningaleyfi á Íslandi 1967. Lauk sérnámi í nautgripasjúkdómum 1987.

Starfsferill: Héraðsdýralæknir í A-Skaft. frá sept. 1967 til 1992. Var í smádýrapraksís við KVL í Kaupmannahöfn sumarið 1967. Heilbrigðisfulltrúi 1989–1992.

Félags- og trúnaðarstörf: Sat í stjórn Dýralæknafélags Íslands, var ritari 1975–1979 og formaður 1986–1988. Sat í hreppsnefnd Hafnarhrepps 1974–1982 og frá 1982 til dánardags, oddviti 1982–1986. Sat í skólanefnd Hafnarhrepps 1971–1981. Sat í stjórn Grasköglaverksmiðjunnar í Flatey. Sat í stjórn Kaupfélags A-Skaft. frá 1977 til dánardags og formaður til margra ára. Ræðismaður Danmerkur. Sat í stjórn Heilsugæslustofnunar Suðurlands á Höfn og útgerðarfélaga, Lionsklúbbsins og fleiri félaga.

Maki (17. ágúst 1963): **Edda Flygenring**, f. 10. okt. 1939, húsfreyja.

For.: Garðar Flygenring, f. 19. júlí 1895, bakari í Hafnarfirði, síðar starfsmaður Hamars hf. í Reykjavík, d. 20. okt. 1957, og k.h. Ingibjörg Kristjánsdóttir, f. 1. jan. 1902, húsmóðir, d. 11. jan. 1982.

Börn þeirra: a) **Sigrún Birna**, f. 25. nóv. 1966, bókmenntafræðingur, blaðamaður og rithöfundur. Maki: Moshe Erlendur Okon, lögfræðingur. b) **Garðar Ágúst**, f. 31. ágúst 1968, smiður. Maki: Paula Sörensen, leikskólakennari. c) **Hildur Björg**, f. 19. ágúst 1976, líffræðinemi. Maki: Friðsteinn Hannesson, f. 12. febr. 1970, smiður.

Skyldleiki: Birnir og Árni M. Mathiesen eru þremenningar.

Bjarni Ásgrímsson, f. 19. apríl 1963 í Reykjavík.

Faðir: **Ásgrímur Pálsson**, f. 20. okt. 1934, kennari og síðar aðstoðarskólameistari við Hótel- og veitingaskóla Íslands. Handrita- og prófarkalesari við Vísi, Dagblaðið og DV. Umsjón með handrita- og prófarkalestri Dagblaðsins og DV til nóv. 2003. For.: Páll Guðmundsson, f. 2. maí 1905, bóndi í Engidal í Bárðdælahr., S-Þing., Saltvík í Reykjahr., á Eiðum í Eiðaþinghá, S-Múl., á Syðrivöllum í Miðfirði, V-Hún. og á ný í Engidal, d. 18. des. 1984, og k.h.

Sigurdrífa Tryggvadóttir, f. 16. maí 1911, húsfreyja í Engidal o.v., d. 2. nóv. 1989.

Móðir: **Guðrún Svava Bjarnadóttir**, f. 21. jan. 1940, grunnskólakennari við Langholtsskóla í Reykjavík. Handrita- og prófarkalesari við Vísi, Dagblaðið og DV. For.: Bjarni Rósantsson, f. 14. mars 1904, múrari og byggingameistari á Akureyri, d. 26. sept. 1973, og k.h. Björg Hallgrímsdóttir, f. 20. des. 1898, húsfreyja á Akureyri, d. 25. sept. 1988.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum við Sund 1983. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Murdoch University, Perth, V-Ástralíu 1989. Almennt dýralækningaleyfi 1989.

Starfsferill: Aðstoðarmaður á gæludýraspítala með námi 1987–1988. Almennar dýralækningar í Worksop, Nottinghamshire, Englandi 1990–1992. Gæludýralækningar, lækningar villtra dýra (fuglar, kengúrur o.fl.) og strútalækningar í Perth 1994–1995. Afleysingavinna við almennar dýralækningar á Bretlandseyjum 1996. Gæludýralækningar (mestmegnis skurðlækningar og neyðarþjónusta) í Adelaide, S-Ástralíu 1997–1999. Gæludýralækningar í Busselton, V-Ástralíu 2000–2001. Gæludýralækningar í Perth, V-Ástralíu 2002. Húsfaðir í fullu starfi og gæludýralækningar í hlutastarfi í Albany, V-Ástralíu 2003.

Maki (8. mars. 1997): **Diane Helen Miller**, f. 21. ágúst 1966, dýralæknir og víngerðarmeistari.

For.: Ian Charles Miller, f. 7. maí 1927, svæfingalæknir í Perth, d. 24. sept. 1996, og k.h. Elaine Marjorie Miller, f. 10. apríl 1927, húsfreyja í Perth.

Barn þeirra: a) **Arís Bjarnadóttir-Miller**, f. 20. mars 2001 í Perth.

Björgvin Þórisson, f. 21. sept. 1967 í Reykjavík.

Faðir: **Þórir Guðmundsson**, f. 21. júlí 1934, leigubifreiðarstjóri í Reykjavík. For.: Guðmundur Daðason, f. 13. nóv. 1900, bóndi á Ósi á Skógarströnd, síðar í Garðabæ, og Sigurlaug Jónsdóttir, f. 10. júlí 1908, d. 5. maí 1990.

Móðir: **Hlíf Samúelsdóttir**, f. 27. júlí 1936, póstburðarkona. For.: Samúel Jónsson, f. 20. júlí 1906, bóndi á Snjallsteinshöfða í Landsveit, Rang., d. 25. nóv. 1993, og Elísa Erlendsdóttir, f 18. apríl 1907, d. 2. ágúst 1993.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti 1992. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Tierärztliche Hochschule í Hannover, Þýskalandi 1998. Almennt dýralækningaleyfi 1999.

Starfsferill: Leysti af sem dýralæknir í Húnaþingsumdæmum frá júlí til sept. 1999. Dýralæknir við Dýralækningastofuna í Garðabæ frá 1. okt. 1999 til 31. mars 2003. Sjálfstætt starfandi dýralæknir, aðallega hestalækningar, á Stór-Reykjavíkursvæðinu frá 1. apríl 2003.

Maki: **Vilborg Guðjohnsen**, f. 4. jan. 1971, lyfjafræðingur.

For.: Guðbrandur Guðjohnsen, f. 5. des. 1950, sendibílstjóri í Reykjavík, og Sigrún Viggósdóttir, f. 30. sept. 1949, saumakona.

Börn þeirra: a) **Óðinn**, f. 1. júní 2000. b) **Þórunn**, f. 9. mars 2002.

Björn Steinbjörnsson, f. 12. febr. 1957 á Sauðárkróki.

Faðir: **Steinbjörn Marvin Jónsson**, f. 6. maí 1926, bóndi, söngvari og hestamaður á Hafsteinsstöðum, Staðarhr., Skag., d. 7. sept. 1975. For.: Jón Björnsson, f. 23. febr. 1903, tónskáld, organisti, kórstjórnandi og bóndi á Hafsteinsstöðum, d. 18. nóv. 1987, og k.h. Sigríður Steinunn Trjámannsdóttir, f. 14. okt. 1888, klæðskeri og húsmóðir, d. 3. sept. 1969.

Móðir: **Esther Heiðmar Skaftadóttir**, f. 24. apríl 1936, húsmóðir, síðar lyfjatæknir. For.: Skafti Óskarsson, f. 12. sept. 1912, mjólkurbússtjóri á Sauðárkróki, bóndi í Kjartansstaðakoti, Staðarhr., d. 7. ágúst 1994, og k.h. Ingibjörg Hallgrímsdóttir, f. 8. febr. 1915, húsmóðir.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum við Sund 1978. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Tierärtztliche Hochschule í Hannover, Þýskalandi 1988. Almennt dýralækningaleyfi á Íslandi 1988. Stundaði doktorsnám í frjósemi íslenskra

hrossa við Klinik für Pferde und Institut für Reproduktionsmedizin der Tierärztliche Hochschule í Hannover 1997–2000. Nám í opinberri stjórnsýslu og stjórnun við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands frá jan. 2003.

Starfsferill: Undirbúningsnám fyrir doktorsnám við ónæmisfræðideild Tierärztliche Hochschule í Hannover. Heiti verkefnis: „Sumarexem hjá íslenska hestinum," frá nóv. 1985 til jan. 1987. Sjálfstætt starfandi dýralæknir við Dýraspítalann í Víðidal í Reykjavík frá ágúst 1987 til sept. 1997. Dýralæknir við Sæðingastöð stóðhestastöðvar ríkisins í Celle, Neðra-Saxlandi, Þýskalandi frá okt. 1997 til júlí 1999. Héraðsdýralæknir í Austurlandsumdæmi nyrðra frá des. 1999.

Ritstörf: „Reproduktionsverhalten und Fruchtbarkeit beim Islandpferd," doktorsritgerð við Tierärztliche Hochschule í Hannover 2000.

Maki (4. ágúst 1989): **Þorbjörg Friðriksdóttir**, f. 17. apríl 1965, nemi í ferðamálafræðum við Háskóla Íslands.

For.: Friðrik Stefánsson, f. 20. jan. 1940, bóndi í Glæsibæ, Skag., og k.h. Ragnheiður Erla Björnsdóttir, f. 19. des. 1947, bóndi.

Börn þeirra: a) **Friðrik Marvin**, f. 9. ágúst 1990. b) **Ragnheiður Erla**, f. 6. ágúst 1993. c) **Steinbjörn**, f. 15. maí 1997. d) **Ernir Snær**, f. 1. júlí 1998 í Þýskalandi.

Skyldleiki: Stefán Friðriksson dýralæknir er mágur Björns.

Bragi Matthías Steingrímsson, f. 3. ágúst 1907 á Akureyri, d. 11. nóv. 1971 í Reykjavík.

Faðir: **Steingrímur Matthíasson**, f. 31. mars 1876, héraðslæknir á Akureyri, d. 27. júlí 1948 í Reykjavík. For.: Matthías Jochumsson, f. 11. nóv. 1835, prestur og skáld, d. 18. nóv. 1920, og 3. k.h. Guðrún Runólfsdóttir, f. 6. júní 1851, d. 6. nóv. 1923.

Móðir: **Kristín Katrín Þórðardóttir Thoroddsen**, f. 8. sept. 1885, húsmóðir, d. 7. okt. 1959 í Reykjavík. For.: Þórður Jónas Jónsson Thoroddsen, f. 14. nóv. 1856, héraðslæknir og alþingismaður í Keflavík og Reykjavík,

d. 19. okt. 1939, og k.h. Anna Lovísa Pétursdóttir Thoroddsen (f. Guðjohnsen), f. 18. des. 1858, húsmóðir, d. 10. apríl 1939.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum á Akureyri 1928. Búfræðinám á Hvanneyri 1928–1929. Nám við dýralæknadeild Ludwig-Maximilians-Universität í München, Þýskalandi 1929–1930. Nám í dýralækningum við Tierärztliche Hochschule (síðar Veterinärmedizinische Universität) í Vín 1930–1931 og við Tierärztliche Hochschule í Hannover, Þýskalandi 1931–1934. Dýralæknispróf þaðan 5. júní 1934. Framhaldsnám í Hannover í 3 mánuði 1954.

Starfsferill: Starfandi dýralæknir í Reykjavík 1934–1939. Héraðsdýralæknir á Vestfjörðum, með aðsetur á Ísafirði 1939–1941. Héraðsdýralæknir á Austurlandi, með aðsetur á Ketilstöðum á Völlum, á Eskifirði, á Eiðum og lengst á Egilsstöðum 1941–1958. Héraðsdýralæknir í Laugarásumdæmi, Árn., með aðsetur fyrst á Stóra-Fljóti og síðar í Laugarási, Biskupstungum 1958– 1964. Bús. í Reykjavík frá 1964 til dánardags.

Félags- og trúnaðarstöf: Í hreppsnefnd Egilsstaðahrepps eitt kjörtímabil og átti sæti í sáttanefnd þar. Formaður sóknarnefndar Vallanessprestakalls um árabil.

Ritstörf: „Beobachtungen über die Lungenwurmseuche und Adenomatose der Schafe in Island," grein í Tierärztliche Umschau: Zeitschrift für alle Gebiete der Veterinärmedizin, nr. 15/16, 1953. „Nokkrir þankar um heilsuvernd gripa," grein í Skutul, Ísafirði, 18. árg., 8., 10. og 13. tbl., 1940. „Fyrir bændur og bæjarbúa," viðtal í Skutli, 18. árg., 38. og 40. tbl., 1940. „Ormalyfið Phenothiazin," grein í Búnaðarblaðinu Frey, XL. árg. Reykjavík 1945, s. 135. „Heymæði," grein í Frey, XLII. árg., 1947. „Um hrossarækt," grein í Frey XLIII. árg., 1948. „Phenothiazin," grein í Frey XLIII. árg., 1948. Ritaði auk þess greinar í dagblöð um dýrasjúkdóma, dýralækningar og önnur mál. Samdi skemmtiþætti, gamanvísur og tækifærisræður (óútgefið).

Barnsmóðir: **Elín Eiríksdóttir**, f. 19. jan. 1905, húsmóðir á Þóroddsstöðum í Grímsneshr., Árn., d. 12. maí 1945.

For.: Eiríkur Gíslason, f. 17. nóv. 1869, trésmiður á Eyrarbakka, d. 24. júlí 1942, og k.h. Guðrún Ásmundsdóttir, f. 11 . ágúst 1883, d. 10. júní 1958.

Barn þeirra a) **Eiríkur**, f. 24. febr. 1928, bílstjóri á Eyrarbakka,

síðar á Selfossi, d. 26. nóv. 2003. Maki: Halldóra Jónsdóttir, fædd 30. júlí 1935, kjötvinnslumaður og húsmóðir.

Maki I (skildu): **Marianne Brüderle**, f. 26. ágúst 1907 í Þýskalandi, húsmóðir.

Maki II (15. ágúst 1937): **Sigurbjörg Lárusdóttir**, f. 12. jan. 1909, húsmóðir og bókari hjá Pósti og síma, d. 20. maí 1999.

For.: Lárus Halldórsson, f. 19. ágúst 1875, prestur á Breiðabólsstað á Skógarströnd, d. 17. nóv. 1918, og k.h. Arnbjörg Einarsdóttir, f. 11 júlí 1879, húsmóðir, d. 30. nóv. 1945.

Börn þeirra: b) **Grímhildur**, f. 10. okt. 1937 í Reykjavík, þýskukennari og bókasafnsfræðingur, starfar á Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni. Maki: Haukur Guðlaugsson, f. 5. apríl 1931 á Eyrarbakka, orgelleikari og fv. organisti Akraneskirkju og skólastjóri Tónlistarskólans á Akranesi og fv. söngmálastjóri þjóðkirkjunnar. c) **Baldur Bárður**, f. 18. júní 1939 í Reykjavík, tannlæknir í Bolungarvík, Ólafsvík, Hveragerði, á Sauðárkróki og í Noregi. Maki I (skildu): Anna Maggý Pálsdóttir, f. 3. maí 1943 í Hafnarfirði. Maki II: Esmat Paimani, f. 6. mars 1940 í Íran. d) **Halldór**, f. 16. apríl 1941 á Ísafirði, bankamaður í Ósló. Maki I (skildu): Helka Hilmari Frich, f. 24. febr. 1945 í Ósló, píanókennari. Maki II: Grethe Larsen, f. 23. ágúst 1931 í Danmörku, d. 2. febr. 1999 í Ósló. e) **Steingrímur Lárus**, f. 8. okt. 1942 á Svínaskála við Eskifjörð, íslenskukennari við Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi. Maki: Kristín Sesselja Einarsdóttir, f. 28. nóv. 1943 í Bolungarvík, fulltrúi í Sementsverksmiðjunni á Akranesi. f) **Kormákur**, f. 27. mars 1944 á Eiðum, pípulagningameistari, starfar hjá Ríkisútvarpinu í Reykjavík. Maki I (skildu): Guðrún Nellý Sigurðardóttir, f. 16. júlí 1945 á Sólbakka, Borgarfirði eystra, bókmenntafræðingur í Reykjavík. Maki II: Þórdís Pálsdóttir, f. 18. des. 1945, leikskólastjóri í Kópavogi. g) **Matthías**, f. 8. ágúst 1945 á Eiðum, pípulagningameistari í Reykjavík. Barnsmóðir: Guðrún Sigríður Gunnarsdóttir, f. 30. nóv. 1943. Maki: Ragnheiður Sigurlaug Helgadóttir, f. 24. mars 1943 í Ólafsvík, kennari í Reykjavík. h) **Þorvaldur**, f. 1. jan. 1948 á Egilsstöðum, sagnfræðingur og rannsóknarlögreglumaður í Reykjavík. Maki: Ólöf Sighvatsdóttir, f. 11. maí 1950 í Reykjavík, kennari í Garðabæ. i) **Kristín**, f. 16. des. 1949 á Egilsstöðum, skrifstofumaður í Reykjavík. Maki (skildu): Hallgrímur Tómas Sveinsson, f. 2. ágúst 1947 á Sauðárkróki, verslunarmað-

ur í Reykjavík. Fósturdóttir Braga, dóttir Sigurbjargar: Angela Baldvinsdóttir, f. 7. maí 1931 í San Diego í Kaliforníu, Bandaríkjunum, fv. starfsmaður Pósts og síma í Reykjavík. Maki: Stefán Valur Pálsson, f. 1. júlí 1929 á Akureyri, loftskeytamaður og fv. verslunarmaður og starfsmaður Ljósmyndasafns Reykjavíkur.

Brigitte Brugger, f. 15. júlí 1970 í Zug, Sviss.

Faðir: **Eduard Brugger**, f. 10. jan. 1938, kaupmaður í Oberarth í Sviss.

Móðir: **Rosemarie Brugger-Kenklies**, f. 16. júlí 1939, ritari í Oberharth.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Kantonsschule í Zug, Sviss 1990. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Universität í Zürich, Sviss 1999. Almennt dýralækningaleyfi í Sviss 10. nóv. 1999 og á Íslandi í jan. 2000.

Starfsferill: Eftirlitsdýralæknir hjá embætti yfirdýralæknis frá febr. 2000.

Maki: **Úlfar Guðmundsson**, f. 17. júlí 1964, vélamaður.

For.: Guðmundur Stefánsson, f. 3. mars 1931, bóndi í Skipholti, Hrunamannahr., Árn., og k.h. Margrét Karlsdóttir, f. 10. nóv. 1936, bóndi í Skipholti.

Barn þeirra: a) **Dagur Úlfarsson**, f. 8. mars 2003.



Brynjólfur Sandholt, f. 18. sept. 1929 í Reykjavík.

Faðir: **Egill Sandholt**, f. 21. nóv. 1891, skrifstofustjóri í Reykjavík, d. 27. ágúst 1966. For.: Hallgrímur Rósinkransson, f. 25. maí 1856, verslunarmaður á Ísafirði, d. 19. ágúst 1933, og k.h. Sigríður Egilsdóttir Sandholt, f. 20. des. 1867, húsmóðir á Ísafirði, d. 21. apríl 1930.

Móðir: **Kristín Brynjólfsdóttir**, f. 24. sept. 1898, húsfreyja og skrifstofumaður í Reykja-

vík, d. 25. jan. 1980. For.: Brynjólfur Gíslason, f. 7. nóv. 1861, bóndi í Skildinganesi í Reykjavík, d. 27. jan. 1923, og k.h. Guðný Jónsdóttir, f. 23. sept. 1864, húsmóðir, d. 30. ágúst 1944.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1950. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Norges veterinærhøgskole (NVH) í Ósló í júní 1957. Almennt dýralækningaleyfi í Noregi 1957 og á Íslandi 1958. Próf í heilbrigðisfræðum frá Den Kongelige Veterinær- og Landbohøjskole í Kaupmannahöfn 1967. Námskeið í hesta-, svína- og smádýrasjúkdómum við NVH í Ósló frá sept. til nóv. 1973. Nám í röntgenfræðum og hestalækningum við Tierärtzliche Hochschule í Hannover, Þýskalandi frá jan. til ágúst 1979. Námskeið í hestalækningum í Helsingborg Hästsjukhus, Svíþjóð í okt. 1981. Námskeið í fisksjúkdómum í Kristiansand, Noregi 1988.

Starfsferill: Starfaði við júgurbólgurannsóknir í Lesja og Dombås, Noregi frá okt. til des. 1953. Vann í sumarafleysingum hjá héraðsdýralækninum í Borgarfjarðarumdæmi 1954 og 1955. Aðstoðardýralæknir í Moelv, Noregi frá febr. til apríl 1957. Aðstoðardýralæknir í Berkåk, Noregi frá júní til des. 1957. Héraðsdýralæknir í Dalaumdæmi 1958–1960. Forstöðumaður gæða- og þróunarsviðs hjá Coldwater Seafood Corp. í Maryland, Bandaríkjunum 1960–1963. Héraðsdýralæknir Dalaumdæmis 1963–1968. Héraðsdýralæknir Gullbringu- og Kjósarumdæmis 1968–1989. Forstöðumaður Rannsóknastofu mjólkuriðnaðarins í námsleyfi Ólafs Oddgeirssonar frá 1. sept. 1985 til 28. febr. 1986. Skipaður yfirdýralæknir frá 1. júní 1989 og fékk lausn að eigin ósk 1. sept. 1997. Starfaði hjá Eftirlitsstofnun EFTA í Brussel frá jan. 1998 til jan. 1999.

Félags- og trúnaðarstörf: Formaður Félags íslenskra stúdenta í Noregi 1953–1954. Sýsluskrifari og gjaldkeri Sparisjóðs Dalasýslu frá jan. til apríl 1958 og frá jan. til apríl 1959. Einn af stofnendum Lionsklúbbs Búðardals 1964 og formaður 1965. Formaður sauðfjársjúkdómanefndar 1965–1970 og jafnframt fyrsti dýralæknirinn sem skipaður var í nefndina. Sat í hreppsnefnd Laxárdalshr., Dalas., 1966–1970 og oddviti 1967–1970. Ritari Dýralæknafélags Íslands 1958–1960 og formaður 1970–1975. Sat í nefnd um breytingar á sölu og fyrirkomulagi mjólkur og mjólkurafurða. Formaður framkvæmdanefndar Norræna dýralæknaþingsins í Reykjavík 1974. Eftirlitsmaður með veiðum 42 háhyrninga haustin 1975–

1982. Sat í lyfjanefnd 1981–1997. Sat níu Landsþing hestamanna sem fulltrúi Hestamannafélagsins Fáks. Reisti og rak Hestaspítalann í Víðidal 1979–1989. Fulltrúi Íslands í Dýraverndarnefnd Evrópuráðsins í Strassbourg, Frakklandi 1994–2000. Sat í matvælaráði 1994–1997. Formaður í ráðgjafanefnd um reglur fyrir lífræna landbúnaðarframleiðslu 1995–1999. Sat í stjórn Vísindasjóðs DÍ frá stofnun hans 1968. Sat í norrænni nefnd um samræmingu á kjötskoðun 1989–1991. Fulltrúi Íslands varðandi heilbrigði búfjár og búfjárafurða í samningum við stofnun WTO 1990–1997. Sat í norrænni nefnd um samræmingu á kjötskoðun 1989–1991. Var í forsvari fyrir samninganefnd Íslands um heilbrigði búfjár, búfjárafurða og sjávarafurða í samningum um Evrópska efnahagssvæðið 1992–1997. Sat í nefnd um stofnun dýralæknaháskóla hér á landi 1993. Formaður fisksjúkdómanefndar 1989–1997. Formaður í nefnd til að endurskoða lög um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum 1994–1996. Sat í nefnd til að endurskoða lög um fóðureftirlit 1992 og til að endurskoða lög um dýrasjúkdóma 1994. Formaður nefndar til að koma með tillögur að lögum og reglugerðum um lífræna ræktun og um vistvænar landbúnaðarafurðir 1993–1995. Formaður í nefndum um gerð reglugerða varðandi aðbúnað nautgripa, svína, sauðfjár og hrossa 1994–2000. Sat í Útflutnings- og markaðsnefnd hrossa 1994–1997. Formaður í nefnd til að endurskoða lög um dýralækna 1996–1998. Formaður ráðgjafanefndar um innflutning á norsku kúakyni 1999. Sat í nefnd um skoðun á flutningi Tilraunastöðvarinnar á Keldum 2000. Formaður nefndar til að meta gæði og hollustu íslenskrar kúamjólkur 2000. Formaður í nefnd um hreinlæti og meðferð sjávarafla 2001. Sat í nefnd um verndun villtra dýra 1998–2002. Hefur unnið að útgáfu Dýralæknatals DÍ frá 2001.

Ritstörf: „Um matvælaeftirlit," grein í Búnaðarblaðinu Frey, LX árg., nr. 17–18, 1964. „Eftirlit með sláturafurðum," grein í Tímarit Verkfræðingafélags Íslands, 60. árg., 1975. „Banding studies on six killer whales," grein í Cytogenet. Cell Genet. 28:1980, ásamt Ú. Árnasyni og R. Lutley. „Gæðastjórnun í framleiðslu landbúnaðarafurða," grein í Dýralæknaritinu, 8. árg., 1993. „Flutningar og meðferð sláturdýra," kafli í Handbók bænda 2001 ásamt Sigurði Erni Hanssyni.

Viðurkenningar: Heiðursfélagi Norska dýralæknafélagsins 1988. Heiðursfélagi Dýralæknafélags Íslands mars 2004.

Barnsmóðir: **Elísabet Jónsdóttir**, f. 15. nóv. 1926.

For.: Jón Hjálmsson, f. 9. des. 1867, bóndi, d. 1. des. 1936, og k.h. Magnfríður Magnúsdóttir, f. 13. júní 1900, d. 5. apr. 1994.

Barn þeirra: a) **Jón Atli**, f. 27. ágúst 1956, húsasmíðameistari í Reykjavík. Maki: Hjördís Rósa Halldórsdóttir, f. 13. okt. 1962, sjúkraliði.

Barnsmóðir: **Þórunn Eiríksdóttir**, f. 21. júní 1927.

For.: Eiríkur Bjarnason, f. 21. mars 1895, d. 8. sept. 1977, og k.h. Else Andrea Figved, f. 27. júlí 1895, d. 15. mars 1991.

Barn þeirra: b) **Elsa**, f. 8. maí 1957, húsmóðir í Reykjavík, d. 19. nóv. 1999. Maki I: Sigurður Þór Þorgrímsson, f. 6. ágúst 1952, vélfræðingur. Maki II: Ólafur Haraldsson, f. 15. júlí 1946, viðskiptafræðingur.

Maki (7. febr. 1959): **Agnes Aðalsteinsdóttir**, f. 16. mars 1935, gjaldkeri og húsmóðir.

For.: Aðalsteinn Guðmundsson, f. 8. ágúst 1903, verkstjóri í Reykjavík, d. 13. júní 1994, og k.h. Vilborg Jónsdóttir, f. 24. febr. 1908, húsmóðir, d. 27. nóv. 1997.

Börn þeirra: c) **Egill**, f. 5. júní 1959, vélfræðingur í Reykjavík. Maki (óg.) (skildu): Gíslína Sigurgunnarsdóttir, f. 2. okt. 1960. Maki: Hrönn Steingrímsdóttir, f. 16. maí 1964. d) **Hildur**, f. 19. ágúst 1960, Cand.oecon, fjármálastjóri í Reykjavík. Maki: Sigurður Sigurðarson f. 25. jan. 1958, rafmagnstæknifræðingur. e) **Unnur**, f. 4. sept. 1969, löggiltur sjúkraþjálfari í Kópavogi. Sambýlismaður: Bertil Ólafsson, f. 5. apríl 1970, viðskiptafræðingur.

Charlotta Oddsdóttir, f. 30. sept. 1977 í Edinborg, Skotlandi.

Faðir: **Oddur Borgar Björnsson**, f. 19. ágúst 1950, vélaverkfræðingur, Ph.D., Hafnarfirði. For.: Björn Magnússon, f. 17. maí 1904, prestur á Borg á Mýrum, prófessor við guðfræðideild Háskóla Íslands í Reykjavík, d. 4. febr. 1997, og k.h. Charlotte Kristjana Jónsdóttir, f. 6. júní 1905, húsmóðir, d. 3. sept. 1977.

Móðir: **Ásta Magnúsdóttir**, f. 3. júní 1950, meinatæknir á St. Jósefsspítala í Hafnarfirði. For.: Magnús Jón Eyjólfsson, f. 14. okt. 1915, stöðvarstjóri Pósts og síma í Hafnarfirði, og k.h. Þórunn Ingólfsdóttir Flygenring, f. 24. júní 1919, starfsmaður Pósts og síma í Hafnarfirði.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1997. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Den Kongelige Veterinær- og Landbohøjskole í Kaupmannahöfn í apríl 2003. Stundar doktorsnám við Dep. of Veterinary Clinical Studies, Royal (Dick) School of Veterinary Studies, Edinborg.

Starfsferill: Starfaði við Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum sumrin 1999 og 2000. Vann við söfnun á merablóði fyrir Ísteka ehf. sumrin 2000–2002.

Félags- og trúnaðarstörf: Sat í stjórn Félags íslenskra stúdenta í Kaupmannahöfn 2000–2002.

Dagmar Vala Hjörleifsdóttir, f. 25. mars 1951 í Reykjavík.

Faðir: **Hjörleifur Baldvinsson**, f. 7. mars 1918, prentari í Reykjavík, d. 22. júní 1963. For.: Baldvin Sigurðsson, f. 1. júlí 1875, bóndi á Seltjarnarnesi, d. 20. júlí 1921, og k.h. Sigríður Kristjánsdóttir, f. 30. apríl 1874, húsmóðir, d. 16. maí 1950.

Móðir: **Sigríður Valgeirsdóttir**, f. 15. nóv. 1919, prófessor við Kennaraháskóla Íslands í Reykjavík. For.: Valgeir Jónsson, f. 10. ágúst 1890, húsasmíðameistari í Reykjavík, d. 10. júlí 1950, og k.h. Dagmar Jónsdóttir, f. 12. ágúst 1895, húsmóðir í Reykjavík, d. 7. maí 1986.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum við Hamrahlíð 1971. Lauk B.Sc.-prófi í líffræði frá Háskóla Íslands 1978. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Sveriges Lantbruksuniversitet í Uppsölum, Svíþjóð 1986. Almennt dýralækningaleyfi í Svíþjóð í des. 1986 og á Íslandi í júlí 1987. Réttindi heilbrigðisfulltrúa 1988.

Starfsferill: Dýralæknastörf og tímabundin störf við kennslu ásamt afleysingum héraðsdýralækna á mismunandi stöðum í Svíþjóð 1985–1987. Sjálfstætt starfandi dýralæknir á Akranesi og nærsveitum 1987–1997. Heilbrigðisfulltrúi við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur 1993–1995. Framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Akraness 1995–1997. Starfaði í afleysingum sem héraðsdýralæknir í Tierp, Svíþjóð og var sjálfstætt starfandi á dýralæknastofu í Stokkhólmi 1998. Ráðgjafi yfirmanns umhverfismála í Mósambik, Afríku á vegum SIDA og Afríkugrupperna í Svíþjóð 1999–2001. Sjálfstætt starfandi dýralæknir í Malaví, Afríku 2001–2003. Heilbrigðisfulltrúi hjá umhverfisdeild Umhverfis- og heilbrigðisstofu í Reykjavík frá sept. 2003.

Félags- og trúnaðarstörf: Sat í nefnd um stofnun dýralæknaskóla á Íslandi 1988–1991. Formaður Hundaeigendafélags Akraness 1991–1992. Sat í nefnd um stofnun dýraverndarfélags á

Akranesi og formaður þess 1992–1996. Vann fyrir landlækni að reglum varðandi hreinleika matvæla 1995. Sat í nefnd um endurskoðun reglugerðar um tilraunadýr 1995–1997.

Ritstörf: „Occurance of oral candida albicans and other yeast like fungi in geriatic units in Iceland," grein í tannlæknablaðinu Gerodontics 1986, Holbrook, Hjörleifsdóttir. „Hreinleiki matvæla," skýrsla gerð fyrir landlækni, birt í Heilbrigðisskýrslu 1995. Reglugerð um tilraunadýr, 1997. Skýrslur um umhverfismál í Nampula, Mósambík, 1999–2001. „Er til lím í Afríku?," bók, þýdd úr sænsku, gefin út af Námsgagnastofnun í mars 2003.

Maki: **Halldór Jónsson**, f. 30. apríl 1951, læknir.

For.: Jón Árnason, f. 23. des. 1928, skólastjóri í Reykjavík, d. 8. mars 2000, og k.h. Þórhildur Halldórsdóttir, f. 5. des. 1928, kennari í Reykjavík.

Börn þeirra: a) **Hjörleifur**, f. 21. mars 1972, verkfræðingur. b) **Þórhildur**, f. 17. sept. 1979, læknanemi. c) **Sigurþór**, f. 22. des. 1988.

Dagmar Ýr Ólafsdóttir, f. 12. okt. 1975 í Reykjavík.

Faðir: **Ólafur Ásgeirsson**, f. 20. nóv. 1947, sagnfræðingur, Cand.mag., þjóðskjalavörður í Hafnarfirði. For.: Ásgeir Ólafsson, f. 2. des. 1922, forstjóri, d. 16. ágúst 1986, og k.h. Dagmar Gunnarsdóttir, f. 28. júní 1920, húsmóðir, d. 30. júní 1995.

Móðir: **Vilhelmína Elsa Johnsen**, f. 24. jan. 1949, líffræðingur, B.Sc., menntaskólakennari í Hafnarfirði. For.: Gunnar Johnsen, f. 4. jan. 1911, verkamaður, d. 9. nóv. 1989, og k.h. Sigríður Johnsen, f. 3. sept. 1910, húsmóðir í Garðabæ.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Flensborgarskóla í Hafnarfirði 1994. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Den Kongelige Veterinær- og Landbohøjskole í Kaupmannahöfn 2003. Almennt dýralækningaleyfi á Íslandi 9. júlí 2003 og í Danmörku 8. júlí 2003.

Starfsferill: Dýralæknastörf hjá Snorra Guðmundssyni dýralækni í Bindslev Dyrehospital, Danmörku í jan. 2000. Dýralæknir í

sumarafleysingum hjá Dýralæknastofunni í Garðabæ frá júní til sept. 2003.

Félags- og trúnaðarstörf: Skátaforingi í Skátafélaginu Skjöldungum í Reykjavík 1993–1995. Skátaforingi í Bandaríkjunum 1996–1997. Skátaforingi í 1. Sundby Amager Division, Det Danske Spejderkorps 1998–2003.

Ritstörf: „Mulberry Heart Disease – Diagnostik," lokaritgerð.

Maki (23. ágúst 2003): **Guðmundur Viðar Hreinsson**, f. 18. jan. 1975, bifvélavirki.

For.: Hreinn Guðmundur Hrólfsson, f. 17. mars 1942, bifvélavirki í Reykjavík, og k.h. María Ríkarðsdóttir, f. 29. okt. 1944, hjúkrunarfræðingur í Reykjavík.

Hildur **Edda Þórarinsdóttir**, f. 18. des. 1963 í Reykjavík.

Faðir: **Þórarinn Edilon Sveinsson**, f. 11. nóv. 1943, sérfræðingur í krabbameinslækningum, yfirlæknir á krabbameinsdeild Landspítala Háskólasjúkrahúss í Reykjavík. For.: Sveinn Hallgrímsson, f. 24. sept. 1897, verkstjóri í Reykjavík, d. 17. nóv. 1982, og k.h. Ragnheiður Friðrika Svanlaugsdóttir, f. 15. maí 1907, hjúkrunarkona í Reykjavík.

Móðir: **Hildur Bernhöft**, f. 15. júlí 1944, fulltrúi í danska sendiráðinu í Reykjavík. For.: Sverrir Bernhöft, f. 31. maí 1909, stórkaupmaður í Reykjavík, d. 30. júní 1991, og k.h. Geirþrúður Hildur Sívertsen Bernhöft, f. 19. júlí 1921, guðfræðingur, ellimálafulltrúi í Reykjavík, d. 15. júní 1987.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum við Hamrahlíð 1983. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Den Kongelige Veterinær- og Landbohøjskole í Kaupmannahöfn 1993. Almennt dýralækningaleyfi á Íslandi 2. des. 1996.

Starfsferill: Vann við sumarafleysingar héraðsdýralækna í V- og A-Húnaþingi 1992 og 1993. Sjálfstætt starfandi dýralæknir á Blönduósi 1993–1994. Sjálfstætt starfandi dýralæknir í Borgarfirði frá 1994. Sumarafleysingar héraðsdýralækna í Borgarfjarðar- og Mýrarsýslu 1994 og 1995. Sumarafleysingar héraðsdýralæknis í Snæfellsnesumdæmi frá 1996, að undanskildum sumrunum 2001 og 2002.

Félags- og trúnaðarstörf: Hefur setið í sundnefnd Ungmennasambands Borgarfjarðar frá 2001 og í íþróttanefnd Ungmennafélags Reykdæla frá 2001.

Maki (4. júlí 1992): **Guðmundur Sigurjón Pétursson**, f. 26. ágúst 1960, B.Sc. í véltæknifræði 1993, eftirlitsmaður hjá Vegagerðinni í Borgarnesi.

For.: Pétur Jónsson, f. 28. ágúst 1917, bóndi í Geirshlíð, Borg., d. 10. okt. 1979, og k.h. Rósa Guðmundsdóttir, f. 30. apríl 1921, húsmóðir og bóndi í Geirshlíð, Borg.

Börn þeirra: a) **Sveinn Flóki**, f. 2. júlí 1989. b) **Rósa Stella**, f. 3. júní 1993. c) **Sverrir Geir**, f. 21. des. 2000.

Eggert Gunnarsson, f. 2. jan. 1949 í Reykjavík.

Faðir: **Gunnar Steingrímsson**, f. 23. júní 1921, loftskeytamaður í Reykjavík, d. 13. jan. 2000. For.: Steingrímur Stefánsson, f. 5. maí 1895, bóksali í Reykjavík, d. 4. sept. 1973, og k.h. Þuríður Eggertsdóttir, f. 1. ágúst 1899, húsmóðir, d. 23. maí 1995.

Móðir: **Ragnheiður Hulda Þorkelsdóttir**, f. 1. febr. 1919, hjúkrunarkona í Reykjavík, d. 22. mars 1995. For.: Þorkell Guðbrandsson, f. 8. nóv. 1880, bóndi á Furubrekku og Þorgeirsfelli í Staðarsveit, Snæf., síðar verkamaður í Reykjavík, d. 28. júlí 1968, og k.h. Guðný Theodóra Kristjánsdóttir, f. 18. jan. 1883, húsmóðir, d. 23. maí 1962.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1968. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Norges veterinærhøgskole (NVH) í Ósló 1974. Stundaði framhaldsnám í sýkla- og ónæmisfræði við NVH og Dýrasjúkdómastofnunina í Ósló 1975–1978. Dr. Scient. frá NVH 1978. Sótti námskeið í tilraunadýrafræðum í Kuopio, Finnlandi 1989 og við NVH 1993.

Starfsferill: Dýralæknir í Lom, Gudbrandsdal, Noregi frá des. 1973 til jan. 1974. Settur héraðsdýralæknir í Reykjavík frá júní 1974 til sept. 1974. Kjötskoðunarlæknir í Strandasýslu frá sept. til okt. 1974. Rannsóknarmaður á Tilraunastöð Háskóla Íslands að Keldum frá okt. til des. 1974. Styrkþegi NKJ (Nordisk kontaktorgan for jordbruksforskning) við NVH og Dýrasjúkdómastofnuna í Ósló frá jan. til júní 1978. Settur sérfræðingur við Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, skipaður í stöðu sérfræðings í sýkla- og ónæmisfræði frá 1. jan. 1984. Í hlutastarfi sem sérfræðingur yfirdýralæknis í loðdýrum (dýralæknir loðdýrasjúkdóma) 1986–2001. Settur forstöðumaður Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum frá 1. febr. 1994 til 31. júní 1994. Hlutastarf (37%) sem lektor í örverufræði við líffræðiskor raunvísindadeildar Háskóla Íslands frá 1. jan. 1999, dósent frá 1. mars

2001. Deildarstjóri sýkla-, meinafræði- og sníkjudýradeildar Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum frá 2003.

Félags- og trúnaðarstörf: Sat í stjórn Félags íslenskra stúdenta í Noregi 1970–1971. Sat í stjórn Íslendingafélagsins í Ósló 1976–1978. Sat í stjórn Dýralæknafélags Íslands (DÍ) 1987–1989. Formaður DÍ 1996–2000. Ritstjóri Dýralæknaritsins 1980–1984. Fulltrúi Íslands í NKVet (Nordisk kontaktorgan for veterinærvitenskapelig samarbeide) 1982–1996 og formaður 1994–1996. Sat í íslensku matvælarannsóknarnefndinni 1981–1983. Sat í ráðgjafanefnd yfirdýralæknis varðandi innflutning dýra 1992–1999. Hefur setið í Dýralæknaráði frá 1999 og í stjórn Tilraunastöðvarinnar að Keldum frá 1990. Fulltrúi Íslands í Alþjóða tilraunadýraráðinu (ICLAS) frá 1995.

Ritstörf: „Kulturelle, biokjemiske og antigene egenskaper hos Mycobacterium paratuberculosis," doktorsritgerð í Ósló 1978. „Rannsóknir á sjúkdómum í íslenska melrakkanum," grein í bókinni Villt íslensk spendýr (meðhöfundur). Ritstjórar Páll Hersteinsson og Guttormur Sigbjarnarson. Hið íslenska Náttúrufræðifélag og Landvernd. Hefur auk þess ritað fjölmargar greinar sem birst hafa í erlendum og innlendum vísindaritum og ráðstefnuritum auk fræðsluefnis í blöðum og tímaritum fyrir fagfólk og almenning.

Maki (13. júlí 1973): **Bergþóra Jónsdóttir**, f. 21. maí 1950, líffefnafræðingur frá háskólanum í Ósló 1979.

For.: Jón Hjaltalín Gunnlaugsson, f. 8. júní 1917, læknir, heimilislæknir í Reykjavík, d. 8. júlí 1988, og k.h. Jóna Halldóra Bjarnadóttir, f. 27. des. 1921, húsmóðir.

Börn þeirra: a) **Dagur**, f. 19. júní 1972, læknir og borgarfulltrúi í Reykjavík. Maki: Arna Einarsdóttir, f. 18. apríl 1975, læknir. b) **Gauti**, f. 1. ágúst 1974, hagfræðingur hjá Alþjóða gjaldeyrissjóðnum í Washington D.C., Bandaríkjunum. Maki: Helima Croft, f. 24. júlí 1971, sagnfræðingur. c) **Valgerður**, f. 13. okt. 1981, laganemi.

Skyldleiki: Gunnar Már Gunnarsson dýralæknir er bróðir Eggerts.

Egill Gunnlaugsson, f. 29. sept. 1936 á Bakka í Víðidal, V-Hún.

Faðir: **Gunnlaugur Auðunn Jóhannesson**, f. 16. nóv. 1894, bóndi á Bakka, d. 1. jan. 1970. For.: Jóhannes Guðmundsson, f. 4.

ágúst 1850, bóndi á Auðunnarstöðum í Víðidal, d. 23. maí 1906, og k.h. Ingibjörg Eysteinsdóttir, f. 26. des. 1856, húsmóðir og bóndi, d. 28. maí 1923.

Móðir: **Anna Teitsdóttir**, f. 1. des.1895, d. 10. júlí 1978. For.: Teitur Teitsson, f. 19. júlí 1855, bóndi í Víðidalstungu í Víðidal, d. 18. júlí 1923, og k.h. Jóhanna Björnsdóttir, f. 9. des. 1868, húsmóðir, d. 27. apríl 1966.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum á Akureyri 1958. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Tierärztliche Hochschule í Hannover, Þýskalandi. Almennt dýralækningaleyfi á Íslandi 1964. Hefur tekið þátt í ýmsum námskeiðum og ráðstefnum sem haldin hafa verið hérlendis og erlendis.

Starfsferill: Vann á háskólaárum margvíslega verkamannavinnu með námi til fjáröflunar (í sláturhúsum, ölgerðarhúsi, kornskemmum, sporvögnum o.fl.). Starfaði í leyfum á Íslandi í fiskvinnu og tvö sumur á togurum. Aðstoðardýralæknisstörf í Vorsfelde, V-Þýskalandi des. 1963 og jan. 1964. Settur héraðsdýralæknir í Gullbringu- og Kjósarsýsluumdæmi frá 1. mars 1964 til 31. ágúst 1964. Héraðsdýralæknir í V-Húnaþingsumdæmi frá 1. sept. 1964. Gegndi einnig störfum héraðsdýralæknis í Strandasýsluumdæmi til 1983 og síðar í viðlögum. Hefur einnig þjónað A-Húnaþingsumdæmi í afleysingum.

Félags- og trúnaðarstörf: Formaður skólanefndar Hvammstangahrepps 1972–1986, byggingarnefnd grunnskólans á Hvammstanga 1982–1984. Sat í fræðsluráði Norðurlandsumdæmis vestra 1982–1986. Sat í heilbrigðisnefnd V-Hún. 1974–1994. Sat í heilbrigðisráði Norðurlandsumdæmis vestra 1989–1995. Sat í eigendanefnd félagsheimilis á Hvammstanga 1978–1987. Sat í stjórn Tónlistarskóla V-Hún. 1972–1980. Sat í stjórn sjúkrahúss- og heilsugæslustöðvar á Hvammstanga 1987–2003. Trúnaðarmaður Dýraverndunarfélags Íslands. Sat í yfirkjörstjórn Norðurlandskjördæmis vestra 1972–2003 (að einu kjörtímabili undanskildu). Endurskoðandi, síðar skoðunarmaður reikninga Hvammstangahrepps, síðar Húnaþings vestra frá 1970. Sat í stjórn Sparisjóðs V-Hún. 1987–1999. Formaður stjórnar Spari-

sjóðs Húnaþings og Stranda frá stofnun 1999. Hefur verið í stjórnum ýmissa félaga í lengri eða skemmri tíma.

Maki I (15. febr. 1964) (skildu): **Helga Jóna Ásbjarnardóttir**, húsmóðir, f. 26. júlí 1943.

For.: Ásbjörn Ólafsson Jónsson, f. 20. júlí 1901, d. 24. apríl 1967, og k.h. Jórunn Jónsdóttir, f. 2. mars 1920, matráðskona.

Börn þeirra: a) **Þórbergur**, f. 29. mars 1963 í Reykjavík, lyfjafræðingur. Maki: Guðbjörg Halldórsdóttir, f. 26. mars 1969, skrifstofumaður. b) **Jórunn Anna**, f. 10. febr. 1965, fraktmiðlari, búsett í Noregi. Maki (skildu): Robert Rydland, f. 1. ágúst 1959, viðskiptafræðingur. c) **Gunnlaugur**, f. 19. maí 1971 á Hvammstanga, búfræðingur.

Maki II (11. sept. 1976) (skildu): **Erla Bergmann Vignisdóttir**, f. 24. sept. 1945.

For.: Vignir Ársælsson, f. 23. febr. 1924, sölumaður á Akureyri, d. 20. maí 1979, og Sigurásta Ásmundsdóttir, f. 11. mars 1912, verkakona í Reykjavík, d. 18. apríl 2003.

Fósturbörn Egils og börn Erlu Bergmann: Ester Sigurásta Sigurðardóttir, f. 10. apríl 1964, skrifstofumaður, Jónína Kristín Arnarsdóttir, f. 7. júní 1967 í Reykjavík, bifreiðarstjóri, og Pétur Ragnar Arnarsson, f. 2. okt. 1968 í Reykjavík, vélstjóri og netagerðarmaður.

Maki III (13. júlí 1997): **Elinborg Sigurgeirsdóttir**, f. 10. júlí 1951, tónmennta- og píanókennari, skólastjóri Tónlistarskóla V-Hún.

For.: Sigurgeir Karlsson, f. 29. mars 1908, búfræðingur, bóndi á Bjargi í Miðfirði, d. 4. okt. 1976, og k.h. Anna Vilhelmína Axelsdóttir, f. 24. ágúst 1918, húsmóðir.

Stjúpbörn Egils og börn Elinborgar: Vigdís Gígja Ingimundardóttir, f. 5. febr. 1977 í Reykjavík, og Daníel Geir Sigurðsson, f. 30. okt. 1984 á Blönduósi.

Einar Örn Björnsson, f. 8. júlí 1925 á Húsavík.

Faðir: **Björn Jósefsson**, f. 2. febr. 1885, læknir á Húsavík, d. 25. júní 1963. For.: Jósef Jón Björnsson, f. 26. nóv. 1859, skólastjóri og alþingismaður á Hólum í Hjaltadal, d. 8. okt. 1946, og k.h. Hólmfríður Björnsdóttir, f. 2. febr. 1860, húsmóðir, d. 22. maí 1894.

Móðir: **Sigríður Louisa Sigurðardóttir**, f. 14. okt. 1883, húsmóðir á Húsavík, d. 19. okt. 1971. For.: Sigurður Pétursson, f. 3. júní 1843, bóndi á Hofstöðum í Viðvíkursveit, Skag., d. 29. júní 1929, og k.h. Björg Jónsdóttir, f. 24. jan. 1854, húsmóðir, d. 6. júlí 1913.

Námsferill: Búfræðingur frá Hvanneyri 1945. Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum á Akureyri 1950. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Norges veterinærhøgskole í Ósló 1957. Almennt dýralækningaleyfi 1958.

Starfsferill: Settur dýralæknir í Laugarásumdæmi frá 1. mars til 31. júlí 1956. Skipaður héraðsdýralæknir í Þingeyjarþingsumdæmi á Húsavík 1. febr. 1958 til 1. jan. 1977. Skipaður héraðsdýralæknir í Hvolsumdæmi, Rang. frá 1. jan. 1977 til 1995.

Maki (14. nóv. 1953): **Laufey Bjarnadóttir**, f. 17. júlí 1929, húsmóðir.

For.: Bjarni Bjarnason, f. 22. ágúst 1874, söðlasmiður á Patreksfirði, d. 26. mars 1958, og k.h. Guðfinna Guðnadóttir, f. 1. nóv. 1888, d. 13. apríl 1973.

Börn þeirra: a) **Jóhanna María**, f. 14. mars 1958, bókari. Maki: Andrés Kristinn Hjaltason, f. 27. des. 1955, húsasmiður. b) **Edda Kristín**, f. 1. febr. 1960, arkitekt. Maki: Haraldur Ólafsson, f. 9. des. 1965, veðurfræðingur.



Einar Otti Guðmundsson, f. 6. sept. 1948 í Zürich, Sviss.

Faðir: **Guðmundur Kristinn Kristinsson**, f. 5. júlí 1925, arkitekt í Vesturbæ, Bessastaðahr., Gull., d. 25. okt. 2001. For.: Kristinn Pétursson, f. 16. febr. 1889, blikksmiður í Reykjavík, d. 5. maí 1965, og Guðrún Ottadóttir, f. 16. des. 1892, d. 23. apríl 1972.

Móðir: **Sigrid** Agnes **Kristinsson** (f. Münch), f. 1. nóv. 1927, bókasafnsfræðingur, d. 16. júlí 2000. For.: Alfred J. L. Münch Ferdinandsson, f. 17. júní 1899, d. 2. des. 1973, og k.h. Helga Einarsdóttir, f. 6. ágúst 1897, húsmóðir, d. 4. des. 1968.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1968. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Tierärztliche Hochschule í Hannover, Þýskalandi 1974. Almennt dýralækningaleyfi á Íslandi í sept. 1974.

Starfsferill: Aðstoðardýralæknir í Gullbringu- og Kjósarumdæmi frá mars til apríl 1973, í Austurlandsumdæmi frá maí til júní 1973, í Selfossumdæmi frá júní 1973. Dýralæknir í afleysingum í Selfossumdæmi í júlí 1973 og í Árnessýslu í ágúst 1973. Aðstoðarmaður hjá sauðfjárveikivörnum í sept. 1973. Héraðsdýralæknir, settur 1. sept. 1975 í Barðastrandarumdæmi, skipaður 1. mars 1977 í Ísafjarðarumdæmi. Dýralæknir í afleysingum í Gullbringu- og Kjósarumdæmi í febr. 1976, Ísafjarðarumdæmi frá júní til ágúst 1976, í Barðastrandarumdæmi áfram til ágúst 1978 og frá apríl til júlí 1983. Skipaður héraðsdýralæknir í Skagafjarðarumdæmi frá 1. febr. 1990 og gegndi því embætti þar til það var lagt niður 30. nóv. 1999. Eftirlitsdýralæknir hjá héraðsdýralækni Skagafjarðar- og Eyjafjarðarumdæmis frá 1. des. 1999. Í hlutastarfi hjá heilbrigðisfulltrúanum á Ísafirði og á Bolungarvík frá 1. apríl 1977. Starfaði sem frjótæknir hjá Nautgriparæktarfélagi Skutulsfjarðar frá 1. apríl 1977 til 1990. Framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða 1984–1990 í hlutastarfi.

Félags- og trúnaðarstörf: Sat í Heilbrigðisnefnd Ísafjarðar 1977–1980. Prófdómari við Menntaskólann á Ísafirði 1978–1982. Formaður Taflfélags Ísafjarðar 1979–1981, í stjórn þess 1978–1979. Formaður Skáksambands Vestfjarða 1980–1981. Sat í stjórn Sauðfjárræktarfélags Skutulsfjarðar 1978–1990 og í stjórn Nautgriparæktarfélags Skutulsfjarðar 1986–1990.

Maki (26. mars 1970): **Sigríður Rósa Magnúsdóttir**, f. 22. maí 1950.

For.: Magnús Hjörleifsson, f. 13. júní 1921, verkamaður í Reykjavík, d. 3. sept. 1962 í Reykjavík, og k.h. Guðbjörg Einarsdóttir, f. 14. mars 1927.

Börn þeirra: a) **Magnús**, f. 11. ágúst 1973 í Reykjavík. b) **Guðmundur Otti**, f. 15. ágúst 1977 á Ísafirði. Maki (óg.): Vala Dögg Marinósdóttir, f. 23. júní 1975. c) **Guðbjörg**, f. 25. apríl 1981 á Ísafirði. d) **Kristinn Loftur**, f. 17. des. 1986 á Ísafirði. e) **Einar Bjarni**, f. 30. apríl 1992 á Sauðárkróki.

Einar Jörundsson, f. 10. febr. 1963 á Litlalandi í Mosfellssveit, Kjós.

Faðir: **Jörundur Sveinsson**, f. 2. sept. 1919, loftskeytamaður á Litlalandi, d. 29. sept. 1968. For.: Sveinn Jónsson, f. 5. apríl 1880, bóndi í Þykkvabæjarklaustri, V-Skaft., d. 23. des. 1959, og k.h. Hildur Jónsdóttir, f. 10. ágúst 1890, ljósmóðir, d. 13. júlí 1981.

Móðir: **Margrét Einarsdóttir**, f. 10. ágúst 1922, talsímakona á Litlalandi. For.: Einar Björnsson, f. 9. sept. 1887, bóndi í Laxnesi í Mosfellssveit, d. 8. ágúst 1988, og k.h. Helga Magnúsdóttir, f. 19. ágúst 1891, ljósmóðir, d. 28. des. 1962.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum við Sund 1983. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Norges veterinærhøgskole (NVH) í Ósló 1993. Almennt dýralækningaleyfi í Noregi 18. júní 1993 og á Íslandi 22. ágúst 2001. Sérnám í klínískri meinafræði við University of Guelph, Kanada 1996–1997. Doktorsnám í líffærameinafræði 1994–2000 og dr.med.vet. frá NVH 2000.

Starfsferill: Afleysingar í jóla-, páska- og sumarfríum á síðasta námsári. Almennur praksís í Þrændalögum, Hordaland og Møre- og Romsdal, Noregi. Almennar dýralækningar í Haram, V-Noregi að loknu embættisnámi 1993 fram í des. s.á. Gæludýralækningar við Maridalsveien Smådyrklinikk í Ósló. Sjálfstæður rekstur frá des. 1993 fram í lok ágúst 1994. Almenn vinna í líffærameinafræði sem þjálfunarhluti í doktorsnámi 1994–1998. Aukastarf (25% staða) í frumumeinafræði við Sentrallaboratoriet í Ósló 1997–1998. Lektor við NVH 1999–2000 með ábyrgð á vefjameinafræði-þjónustu og kennslu í vefjameinafræði. Hlutastarf sem verkefnisstjóri fyrir VESO VetLab (vefjameinafræðiþjónusta) 1999– 2000. Sérfræðingur í líffærameinafræði við Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum frá og með 1. ágúst 2000. Í hlutastarfi sem sérfræðingur yfirdýralæknis í loðdýrum (dýralæknir loðdýrasjúkdóma) frá 2001 til okt. 2003.

Félags- og trúnaðarstörf: Stjórnarseta í Noregsdeild International Academy of Pathology 2000–2001. Varamaður í stjórn Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum sem fulltrúi landbúnaðarráðuneytis úr hópi starfsmanna 2001. Hefur setið í stjórn NKVet sem fulltrúi Dýralæknafélags Íslands (DÍ) frá 2001.

Hefur setið í stjórn Vísindasjóðs DÍ frá 2001 og í stjórn Dýralæknafélags Íslands frá 2004.

Ritstörf: „Experimentally induced contact hypersensitivity in lambs," doktorsritgerð frá NVH 2000.

Maki I (skildu): **Sigríður Inga Sigurjónsdóttir**, f. 25. júlí 1968, héraðsdýralæknir.

For.: Sigurjón Andrésson, f. 9. des. 1941, sjálfstæður atvinnurekandi og Ágústa Sigurgeirsdóttir, f. 25. nóv. 1947, sjálfstæður atvinnurekandi.

Maki II (23. febr. 2001): **Guðríður Haraldsdóttir**, f. 6. okt. 1964, cand. psychol. 1997, sálfræðingur.

For.: Haraldur Gunnlaugsson, f. 29. jan. 1924, búfræðingur, skattendurskoðandi á Egilsstöðum, d. 15. ágúst 1986, og k.h. Gunnþóra Björnsdóttir, f. 30. maí 1923, húsmóðir á Egilsstöðum.

Börn þeirra: a) **Auður**, f. 28. okt. 2002. b) **Þóra**, f. 28. okt. 2002. Fóstursonur Einars og sonur Guðríðar: Andri Eydal, f. 26. mars 1990.

Elfa Ágústsdóttir, f. 19. okt. 1959 á Akureyri.

Faðir: **Ágúst Þorleifsson**, f. 7. júlí 1930, dýralæknir á Akureyri. For.: Þorleifur Ágústsson, f. 6. okt. 1900, yfirfiskmatsmaður, d. 17. sept. 1984, og k.h. Þóra Magnúsdóttir, f. 22. júlí 1901, húsmóðir, d. 22. ágúst 1989.

Móðir: **Auður Ólafsdóttir**, f. 10. júní 1939, sjúkraliði á Akureyri. For.: Ólafur Magnússon, f. 7. sept. 1906, pípulagningameistari á Akureyri, d. 17. des. 1985, og k.h. Droplaug Pálsdóttir, f. 3. mars 1911, d. 11. febr. 2001.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum á Akureyri 1979. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Norges veterinærhøgskole í Ósló 1984. Almennt dýralækningaleyfi í Noregi 1984 og á Íslandi 1985.

Starfsferill: Starfaði við afleysingar fyrir sæðingamenn í Ringebu og Fåvang í Guðbrandsdal, Noregi í páska-, sumar- og jólafríum 1981–1982. Afleysingamaður dýralækna í Ringebu og Fåvang í

páska-, sumar- og jólafrí 1983. Við sumarafleysingar fyrir dýralækna í Sjøholt við Ålesund, Noregi 1984. Dýralæknir í Mo, Rana, N-Noregi frá 1. jan. til 30. ágúst 1985. Sjálfstætt starfandi dýralæknir á Akureyri og í Eyjafirði 1985. Dýralæknir á eyjunni Bømlo við Bergen, Noregi 1. mars til 1. júní 1986. Sjálfstætt starfandi dýralæknir á Akureyri og Eyjarfjarðarsvæðinu frá 1. júlí 1986. Hefur starfað á Dýraspítalanum í Lögmannshlíð við lækningar á gæludýrum og hestum auk þess að sinna almennum dýralæknastörfum í sveitum Eyjafjarðar frá 1994.

Maki (16. des. 1995): **Höskuldur Jónsson**, f. 31. ágúst 1965, búfræðingur frá Hólum í Hjaltadal 1984, iðnrekstrarfræðingur frá Háskólanum á Akureyri 1989, tamningamaður.

For.: Jón Höskuldsson, f. 7. júní 1938, bifvélavirki á Akureyri, og k.h. Ásta Dúna Jakobsdóttir, f. 23. ágúst 1944, húsmóðir.

Börn þeirra: a) **Þóra**, f. 30. júní 1997. b) **Pálína**, f. 24. júní 2000.

Skyldleiki: Ágúst Þorleifsson dýralæknir er faðir Elfu.

Ellen Ruth Ingimundardóttir, f. 12. júní 1966 á Selfossi.

Faðir: **Ingimundur Marelsson**, f. 24. ágúst 1937, húsasmíðameistari, verkstjóri á Selfossi. For.: Marel Jónsson, f. 14. maí 1913, mjólkurbílstjóri á Selfossi, d. 5. ágúst 2002, og k.h. Þuríður Sesselja Þorkelsdóttir, f. 10. jan. 1914, saumakona og húsmóðir á Selfossi. Stjúpfaðir: Sigurður Jónsson, bifreiðarstjóri.

Móðir: **Ásdís Hoffritz**, f. 13. júlí 1942, húsmóðir. For.: Karl Ágúst Adam Hoffritz, f. 26. ágúst 1901 í Danmörku, pípulagningamaður og handiðnaðarmaður á Selfossi, d. 29. apríl 1980, og k.h. Sigurbjörg Hoffritz (Sigurðardóttir), f. 25. sept. 1906, saumakona og húsmóðir, d. 14. nóv. 1996.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Fjölbrautaskóla Suðurlands 1986. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Den Kongelige Veterinær- og Landbohøjskole í Kaupmannahöfn 2001. Almennt dýralækningaleyfi á Íslandi í maí 2001. Námskeið í tilraunadýrafræðum í maí og júní 2002 í St. Petersburg, Rússlandi sem gefur m.a. réttindi til að setja upp og stýra dýratilraunum.

Starfsferill: Vann við dýratilraunir í afleysingum og ígripum hjá Novo Nordisk á N-Sjálandi 1989–1996. Starfaði sem dýralæknir í sauðburði á Hólmavík í maí og júní 2000 og í maí og júní 2001. Leysti síðan af sem eftirlitsdýralæknir í Sláturhúsi Suðurlands á Selfossi í tvær vikur í júlí 2002. Vann sem eftirlitsdýralæknir í Gullbringu- og Kjósarsýslu frá ágúst 2001 til mars 2002. Forstöðumaður Tilraunadýradeildar og dýralæknir hjá Lyfjaþróun hf. frá febr. 2002 til mars 2004.

Maki (22. júlí 1995): **Richard Már Jónsson**, f. 14. mars 1965, rafmagnsverkfræðingur og framkvæmdastjóri.

For.: Jón Már Richardsson, f. 9. okt. 1942, rafeindavirkjameistari, og Guðrún Þorsteinsdóttir, f. 8. júlí 1943, sjúkraliði.

Börn þeirra: a) **Mikael Ingi**, f. 15. maí 1997. b) **Aldís Inga**, f. 12. júlí 2000.

Ellert Þór Benediktsson, f. 30. mars 1967 í Reykjavík.

Faðir: **Benedikt Lárusson**, f. 18. mars 1924, framkvæmdastjóri í Stykkishólmi. For.: Lárus Guðmundur Kristjánsson, f. 2. ágúst 1883, húsasmiður í Stykkishólmi, d. 9. júlí 1966, og k.h. Þórey Nikulásdóttir, f. 5. okt. 1879, húsmóðir í Stykkishólmi, d. 5. febr. 1966.

Móðir: **Kristín Sigríður Björnsdóttir**, f. 24. okt. 1931. For.: Björn Ingibergur Hildimundsson, f. 2. maí 1906, verkstjóri í Stykkishólmi, d. 29. sept. 1983, og k.h. Elísabet Magnúsdóttir, f. 21. apríl 1912, húsmóðir, d. 18. okt. 1984.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Verzlunarskóla Íslands 1987. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Den Kongelige Veterinær- og Landbohøjskole í Danmörku 1996. Almennt dýralækningaleyfi í Danmörku í jan. 1996 .

Starfsferill: Aðstoðarmaður á rannsóknarstofum hjá Novo Nordisk í Danmörku frá okt. 1993 til nóv. 1994. Dýralæknir hjá Ullits Dyrlæger Aps. í Farsø kommune, Danmörku 1996–2000. Hálft starf sem eftirlitsdýralæknir hjá héraðsdýralækni Suðurlands frá mars 2000 til og með des. 2001. Dýralæknir hjá Dýralæknamið-

stöðinni ehf. á Hellu frá mars 2000 og einn af þremur stofnendum hennar.

Maki (25. júlí 1992): **Anne Bau**, f. 23. des. 1966, líffræðingur.

For.: Benny Bau, f. 1. okt. 1938, yfirkennari í Humlebæk, Danmörku, og Aase Bidstrup, f. 11. mars 1940, kennari í Nykøping, Danmörku.

Börn þeirra: a) **Jónas Bau**, f. 30. apríl 1992. b) **Símon Bau**, f. 11. júní 1995.

Eufemia Hanna Gísladóttir, f. 2. okt. 1945 í Kaupmannahöfn, bús. í Bangalore, Indlandi.

Faðir: **Gísli Hermannsson**, f. 28. febr. 1916, verkfræðingur, d. 8. jan. 1983. For.: Hermann Þórðarson, f. 19. febr. 1881, kennari, d. 1. febr. 1962, og k.h. Ragnheiður Gísladóttir, f. 6. apríl 1884, d. 25. ágúst 1979.

Móðir: **Betty Hermannsson**, f. 11. ágúst 1914. For.: Benzion Epelmann og k.h. Richia Epelmann.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1965. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Den kongelige Veterinær- og Landbohøjskole í Kaupmannahöfn 1973. Lauk sérnámi í matvælaörverufræði, matvælaefnafræði, hollustuháttum og matvælalöggjöf frá sama skóla. Almennt dýralækningaleyfi í júlí 1973.

Starfsferill: Aðstoðardýralæknir við Levnedsmiddelkontrollen í Holbæk, Danmörku frá 15. mars 1974 til 1. maí 1975. Aðstoðardýralæknir við Miljø- og levnedsmiddelkontrollen í Helsingør, Danmörku frá 15. júní 1975 til 1. október 1978 og við Miljø- og levnedsmiddelkontrollen í Hillerød, Danmörku frá 1. okt. 1978.

Maki (16. okt. 1969): **Mogens Hansen**, f. 7. mars 1944, lögfræðingur.

For.: Jens Hansen, f. 8. nóv. 1909, cand.agro, d. 4. júní 1988, og k.h. Herdis Hansen (f. Mogensen), f. 20. maí 1915, húsmæðrakennari.

Barn þeirra: a) **Herdis Betty**, f. 2. júlí 1970, hjúkrunarfræðingur. Maki: Peter Huuson, f. 1963, uppeldisfræðingur, deildarstjóri.

Freydís Dana Sigurðardóttir, f. 1. júní 1972 á Akureyri.

Faðir: **Sigurður Gíslason**, f. 20. des. 1949, fyrrverandi jarðvinnuvélastjóri, nú bús. í Svíþjóð. For.: Gísli Eiríksson, f. 10. febr. 1918, bifvélavirki, Árnesi, Eyjafirði, d. 6. apríl 1999, og k.h. Elise Hustad Eiríksson, f. 19. apríl 1911, húsfreyja í Árnesi, d. 31. mars 1998. Stjúpfaðir: **Árni Ó. Jósteinsson**, f. 21. okt. 1958, framleiðslutæknifræðingur, Grafarvogi, Reykjavík.

Móðir: **Salvör Jósefsdóttir**, f. 19. febr. 1955, húsmóðir í Grafarvogi. For.: Jósef Tryggvason, f. 19. ágúst 1934, bóndi á Þrastarhóli í Eyjafirði, og k.h. Vilborg Pedersen, f. 29. júní 1934, húsfreyja á Þrastarhóli.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum á Egilsstöðum vorið 1991. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Den Kongelige Veterinær- og Landbohøyskole í Kaupmannahöfn í júní 2002. Almennt dýralækningaleyfi í Danmörku í júní 2002 og í Svíþjóð í okt. 2002.

Starfsferill: Hefur starfað sem sjálfstæður dýralæknir, í samstarfi við þrjá sænska kollega, við Österlens Veterinärstation i Smedstorp, Skáni, Svíþjóð frá okt. 2002.

Maki (10. júlí 1998): **Guðröður Ágústsson**, f. 12. apríl 1966, atvinnuhestamaður.

For.: Ágúst Guðröðarson, f. 24. okt. 1944, bóndi í Sauðanesi, Langanesi, N-Þing., og Erla Bil Bjarnardóttir, f. 12. apríl 1947, garðyrkjustjóri í Garðabæ.

Barn þeirra: a) **Snorri**, f. 28. nóv. 1997 í Helsingør, Danmörku.

G

Gestur Páll Júlíusson, f. 16. jan. 1974 í Reykjavík.

Faðir: **Júlíus Gestsson**, f. 14. sept. 1945, sérfræðingur í bæklunarlækningum, forstöðulæknir Bæklunardeildar Fjórðungssjúkrahúss Akureyrar á Akureyri. For.: Gestur Einarsson, f. 15. sept. 1910, vélstjóri og skipstjóri í Nýlendu í Garði, Gerðahr., Gull., d. 15. maí 1964, og k.h. Pálína Hreiðbjörg Þorleifsdóttir, f. 11. sept. 1911, húsmóðir, d. 24. jan. 1997.

Móðir: **Rannveig Guðnadóttir**, f. 6. maí 1951, hjúkrunarfræðingur með sérnám í skurðlækningum og stjórnun, hjúkrunarforstjóri í Reykjavík. For.: Guðni Erlendsson, f. 21. des. 1915, atvinnubílstjóri og athafnamaður í Keflavík, d. 28. ágúst 1972, og k.h. Anna Kristjánsdóttir, f. 17. ágúst 1925, klæðskeri í Keflavík.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum á Akureyri 1994. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Veterinärmedizinsche Universität í Vín 2002. Almennt dýralækningaleyfi á Íslandi 28. okt. 2002 og í Sviþjóð 14. ágúst 2003. Járningameistari frá háskólanum í Vín 2002.

Starfsferill: Tamningamaður hjá Piet Hoyos sumrin 1994–1996. Járningamaður hjá Dr. Johannes Anich dýralækni og járningameistara 1996–1998. Járningamaður hjá Stefan Grum járningameistara 1998–2001. Dýralæknir hjá Dýralæknaþjónustu Eyjafjarðar 2002–2003. Héraðsdýralæknir í Linköping og Väderstad, Sviþjóð frá 21. ágúst 2003 til 3. okt. 2003. Héraðsdýralæknir í Flyinge, Sviþjóð frá 15. okt. 2003.

Félags- og trúnaðarstörf: Formaður ljósmyndarafélagsins FÁLMA og hestamannafélagsins HESTMA í Menntaskólanum á Akureyri. Ýmis félagsstörf fyrir hestamannafélagið Létti á Akureyri.

Viðurkenningar: Reiterabzeichen mit grünem Kranz in Bronze, Federation Equestre Nationale Autriche árið 2002.

Barnsmóðir: **Elva Eir Þórólfsdóttir**, f. 16. apríl 1975, grunnskólakennari á Akureyri.

Barn þeirra: a) **Júlíus**, f. 9. sept. 1994.

Maki (óg.): **Elísabet Sigurðardóttir**, f. 27. nóv. 1973, lögfræðingur í mastersnámi í Evrópurétti við Háskólann í Lundi, Svíþjóð.

For.: Sigurður Sigurðsson, f. 16. mars 1945, verkfræðingur í Garðabæ, og k.h. Guðríður Einarsdóttir, f. 2. nóv. 1948, lyfsali í Garðabæ.

Fósturdóttir Gests Páls og dóttir Elísabetar: Tara Mist Bjarkadóttir, f. 23. júlí 1999.

Gísli Sverrir Halldórsson, f. 19. jan. 1956 á Sauðárkróki.

Faðir: **Halldór Gíslason**, f. 21. apríl 1938, bifvélavirki, verkstjóri í Kópavogi. For.: Gísli Gottskálksson, f. 27. febr. 1900, kennari, skólastjóri í Sólheimagerði, Skag., d. 4. jan. 1960, og k.h. Nikólína Jóhannsdóttir, f. 12. mars 1909, húsmóðir, d. 24. mars 2002.

Móðir: **Fanney Salgerður Sigurðardóttir**, f. 13. mars 1936, sjúkraliði í Kópavogi. For.: Sigurður Einarsson, f. 5. júlí 1895, bóndi á Merki í Borgarfirði eystri, d. 7. des. 1939, og k.h. Una Kristín Árnadóttir, f. 4. ágúst 1895, húsmóðir, d. 21. apríl 1943.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum við Tjörnina 1975. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Den Kongelige Veterinær- og Landbohøjskole í Kaupmannahöfn 1982. Almennt dýralækningaleyfi í Danmörku 29. jan. 1982, á Íslandi 16. júní 1982 og í Noregi 23. mars 1994.

Starfsferill: Leysti héraðsdýralækni Skagafjarðarumdæmis af frá 1. júní til 31. ágúst 1981. Dýralæknir án fastrar búsetu frá 1. febr. til 31. des. 1982. Gegndi þá störfum við afleysingar fyrir héraðsdýralækna í Gullbringu- og Kjósarumdæmi, Skagafjarðarumdæmi, Snæfellsnessumdæmi, Strandaumdæmi og Laugaráss- og Hreppaumdæmi. Starfaði á Dýraspítala Watsons í Reykjavík frá 1. jan. til 1. maí 1983. Héraðsdýralæknir Hofsósumdæmis frá 1. maí 1983 til 1. sept. 1992. (Launalaust leyfi frá 1. sept. 1991 til 1. sept. 1992). Framkvæmdastjóri Slátursamlags Skagfirðinga frá 1. sept. 1991 til 31. ágúst 1993. Sjálfstætt starfandi dýralæknir í Skagafirði frá 1. sept. 1993 til 15. febr. 1994. Sjálfstætt starfandi dýralæknir

í Suldal, Rogaland, Noregi frá 17. febr. 1994 til 15. sept. 1999. Héraðsdýralæknir Skagafjarðarumdæmis í leyfum á árunum 1983–1991, samtals 23 mánuði. Sérgreinadýralæknir inn- og útflutnings búfjárafurða frá 15. sept. 1999. Kennari á tveimur námskeiðum í refasæðingum á Hólum 1987 og 1988. Kennari í hrossarækt við Bændaskólann á Hólum 1985–1991. Stofnaði Dýralæknastofu Suðurnesja í Keflavík í jan. 2004 ásamt Hrund Hólm dýralækni og hefur rekið hana í félagi við hana síðan.

Félags- og trúnaðarstörf: Varamaður í stjórn Dýralæknafélags Íslands (DÍ) 1987–1988, ritari 1988–1992 og gjaldkeri frá 2000. Ýmis nefndarstörf fyrir DÍ, s.s. kjaranefnd 1986– 1987. Sat í nefnd um framtíð Keldna og yfirstjórn dýralæknastéttarinnar á Íslandi 1987–1988. Sat í nefnd til undirbúnings stofnunar dýralæknaháskóla á Íslandi 1988. Sat í Háskóla- og samninganefnd DÍ 1988–1990. Sat í nefnd til mótunar framtíðarvinnutilhögunar og vinnuskilyrða héraðsdýralækna 1989–1990. Sat í samninganefnd um helgarvaktakerfi héraðsdýralækna 1989–1992.

Maki I (skildu): **Jónína Hallsdóttir**, f. 22. ágúst 1957, hjúkrunarfræðingur í Reykjavík.

Börn þeirra: a) **Halldór**, f. 8. febr. 1980, háskólanemi í Noregi. b) **Harpa Þöll**, f. 15. júlí 1985, nemi. c) **Hákon Freyr**, f. 7. okt. 1993.

Maki II (19. apríl 2003): **Hrund Hólm**, f. 4. maí 1975, dýralæknir.

For.: Helgi Hólm, f. 18. mars 1941, kennari í Keflavík, og k.h. Brynja Árnadóttir, f. 17. okt. 1944, kennari í Keflavík.

Gísli Jónsson, f. 7. maí 1960 á Hvolsvelli, Rang.

Faðir: **Jón Þorsteinn Gíslason**, f. 1. júní 1942, bifreiðarstjóri í Hafnarfirði. For.: Gísli Jónsson, f. 5. febr. 1912, pípulagningarmeistari í Hafnarfirði, d. 3. des. 1993, og k.h. Guðrún Þorsteinsdóttir, f. 13. júní 1917, vökukona í Hafnarfirði, d. 12. mars 1998.

Móðir: **Sveinveig Guðmundsdóttir**, f. 22. des. 1942, starfskona á Hrafnistu í Hafnarfirði. For.: Guðmundur Sigfússon, f. 16. maí 1913, bóndi í Fljótshlíð og verkamaður í Þorlákshöfn, d. 28. mars

1996, og k.h. Þorbjörg Halldóra Pálsdóttir, f. 2. des. 1915, húsfreyja, d. 9. júlí 2002.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Flensborgarskólanum í Hafnarfirði í des. 1979. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Norges veterinærhøgskole (NVH) í Ósló 1986. Almennt dýralækningaleyfi í Noregi í des. 1986 og á Íslandi í apríl 1993 . Nám í fisksjúkdómafræðum við Veterinærinstituttet í Ósló í febr. og mars 1987, undir handleiðslu Dr. Tore Håstein og Dr. Trygve Poppe, að viðbættum verklegum æfingum og námskeiðum næstu ár á eftir. Nám þetta gefur heimild til að stunda faggilta heilbrigðisþjónustu við fiskeldis- og kynbótastöðvar í Noregi.

Starfsferill: Starfsmaður Líffærafræðideildar NVH í Ósló frá júní til júlí 1983. Frjótæknir í Rangárvallasýslu í júní og júlí 1984. Starfsmaður Líffærafræðideildar NVH í júní til júlí 1985. Settur héraðsdýralæknir í Bessaker, S-Þrændalögum, Noregi í mars og apríl 1986. Settur héraðsdýralæknir í Bessaker frá júní til ágúst 1986. Sjálfstætt starfandi dýralæknir í samvinnu við héraðsdýralækninn í Suldal í Rogalandi, Noregi frá des. 1986 til júní 1991. Dýralæknir fisksjúkdóma hjá embætti yfirdýralæknis frá júní 1991. Kjötskoðunarlæknir í sláturhúsinu á Vopnafirði haustin 1992 og 1993. Settur héraðsdýralæknir í Barðastrandarumdæmi frá okt. til nóv. 1995. Kjötskoðunarlæknir í sláturhúsunum á Patreksfirði og Þingeyri haustin 1994–1996. Starfsmaður embættis yfirdýralæknis hjá Eftirlitsstofnun EFTA í Brussel frá des. 1995 til apríl 1996.

Félags- og trúnaðarstörf: Ýmis trúnaðarstörf á vegum Dýralæknafélags Íslands (DÍ), s.s. fulltrúi DÍ í miðstjórn Bandalags háskólamanna (BHM) 1991– 1999, fulltrúi DÍ í Húsfélaginu Ásbrú 1993–2000, fulltrúi DÍ í kjararáði dýralækna sem heyra undir Kjaranefnd 1997–1999, fulltrúi DÍ í kjararáði sérgreinadýralækna frá 1999, fulltrúi DÍ í sjúkrasjóði BHM frá 2001 og fulltrúi DÍ í Orlofssjóði BHM frá 1991. Starfsmaður stjórnar DÍ 1992–1994. Sat í ritstjórn Fréttabréfs DÍ 1992–1994. Fulltrúi í undirbúningsnefnd fyrir XVII. Norræna dýralæknaþingið sem haldið var í Reykjavík í júlí 1994. Meðstjórnandi í stjórn DÍ 1999–2000. Sat í landsliðsnefnd Handknattleikssambands Íslands 1999–2001. Félagi í samtökum evrópskra fiskmeinafræðinga frá 1987. Ráðgjafi og ritari fisksjúkdómanefndar frá 1991. Skipaður formaður Dýralæknaráðs af landbúnaðarráðherra frá júlí 1999, ráðherra og

yfirdýralækni til ráðuneytis um innflutning dýra, erfðaefnis dýra, búfjárafurða og aðra þætti er snerta heilbrigðismál dýra. Skipaður af landbúnaðarráðherra í nefnd til að meta áhrif sjókvíaeldis á líffríkið frá maí 2000 til apríl 2001. Skipaður af landbúnaðarráðherra í sérfræðinganefnd til að meta þætti er snerta sambýli eldislaxa og náttúrulegra laxastofna frá ágúst 2000 til apríl 2001. Skipaður af umhverfisráðherra í nefnd um nýfæði og erfðabreytt matvæli 2003. Skipaður af landbúnaðarráðherra í nefnd til endurskoðunar á lögum um innflutning dýra 2003–2004. Sat í undirbúningsnefnd að útgáfu Dýralæknatals DÍ 2003–2004.

Ritstörf: Hefur ritað ýmsar greinar um heilbrigðismál á sviði fiskeldis.

Maki (20. jan. 1984): **Guðrún Dagmar Rúnarsdóttir**, f. 26. sept. 1961, starfsmaður hjá PharmaNor hf. í Garðabæ.

For.: Rúnar Helgi Sigdórsson, f. 11. júlí 1942, skósmiður í Hafnarfirði, d. 17. maí 2001, og Indíana Höskuldsdóttir, f. 29. nóv. 1941, sérhæfður aðstoðarmaður dauðhreinsunardeildar Landspítalans.

Börn þeirra: a) **Hrefna Sif**, f. 11. febr. 1984 í Ósló. b) **Jón Rúnar**, f. 15. jan. 1988 í Haugasundi, Noregi.

Grétar Hrafn Harðarson, f. 22. des. 1953 í Reykjavík.

Faðir: **Hörður Guðmundsson**, f. 15. sept. 1922, gjaldkeri í Reykjavík, d. 19. sept. 2003. For.: Guðmundur Pétursson, f. 24. maí 1873, nuddlæknir í Reykjavík, d. 18. febr. 1944, og Halldóra Sigurjónsdóttir, f. 19. ágúst 1894, saumakona, d. 20. nóv. 1973.

Móðir: **Kristrún Guðnadóttir**, f. 8. nóv. 1920, húsmóðir. For.: Guðni Magnússon, f. 12. nóv. 1889, bóndi á Hólmum, A-Landeyjahr., Rang., d. 28. sept. 1978, og k.h. Rósa Andrésdóttir, f. 19. mars 1890, húsmóðir, d. 17. jan. 1983.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1973. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Royal (Dick) School of Veterinary Studies í Edinborg 1978. Hefur auk þess sótt ýmis

styttri námskeið og ráðstefnur. Sótti námskeið um alifuglasjúkdóma hjá Institute for Animal Health, Houghton Laboratory, Englandi frá 25. jan. til 4. feb. 1988.

Starfsferill: Starfaði hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins við landnýtingarverkefni sumarið 1975. Dýralæknir hjá Jóni Guðbrandssyni héraðsdýralækni á Selfossi og settur héraðsdýralæknir þar í sumarleyfi héraðsdýralæknis 1976 og 1977. Starfaði við rannsóknir á lífefnafræðideild Mordun Research Institute, Edinborg, Skotlandi haustið 1977. Dýralæknir við Tilraunastöðina á Keldum frá júlí til des. 1978. Stundakennari í verklegri lífefnafræði við læknadeild Háskóla Íslands á sama tíma. Ráðinn dýralæknir hjá G.N. Gould and Partners í Hamshire, S-Englandi haustið 1980. Starfaði sem gæðastjóri og dýralæknir við Holtabúið á Ásmundarstöðum, Ásahr., Rang. 1982–1985. Settur héraðsdýralæknir í Helluumdæmi vegna sumarleyfis héraðsdýralæknis í ágúst 1985. Skipaður héraðsdýralæknir í Helluumdæmi 1. jan. 1986 og gegndi því starfi þar til embættið var lagt niður 30. nóv. 1999. Tilraunastjóri hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins með starfsaðstöðu á Selfossi og Stóra-Ármóti, Hraungerðishr., Árn. frá jan. 2000. Aðili að rekstri Dýralæknamiðstöðvarinnar ehf. á Hellu frá des. 1999, í þjónustu- og ráðgjafastörfum, einkum á sviði nautgriparæktar.

Félags- og trúnaðarstörf: Gjaldkeri Dýralæknafélags Íslands (DÍ) 1983–1987. Fulltrúi DÍ í Heimssambandi kúadýralækna, World Association for Buiatrics. Ýmis önnur trúnaðarstörf á vegum DÍ, s.s. störf að kjaramálum og endurmenntunarmálum dýralækna. Fulltrúi Búnaðarsambands Suðurlands í tilraunanefnd Stóra-Ármóts 1989–1999. Formaður nefndar landbúnaðarráðuneytisins til þess að endurskoða reglur um alifuglabú, útungunarstöðvar, slátrun, verkun og geymslu afurða alifugla 1987–1990. Varamaður skv. tilnefningu yfirdýralæknis í nefnd landbúnaðarráðuneytisins til að meta hæfni umsækjenda í stöðu héraðsdýralæknis frá 1992. Fulltrúi yfirdýralæknis í nefnd landbúnaðarráðuneytisins til að vera yfirdýralækni til ráðuneytis um innflutning á fósturvísum úr norska NRF-kúastofninum 1998. Fulltrúi yfirdýralæknis í faghópi landbúnaðarráðherra vegna samanburðarrannsókna á NRF-kúm 2000–2001. Fulltrúi í faghópi landbúnaðarráðuneytis vegna sjö ára rannsóknar á íslenska kúastofninum frá

maí 2001. Meðlimur í eftirtöldum félögum: DÍ, British Cattle Veterinary Association, Flugbjörgunarsveitinni á Hellu og Rótarýklúbbi Rangæinga.

Maki (7. febr. 1981): **Sigurlína Magnúsdóttir**, kennari, f. 2. sept. 1954.

For.: Magnús Guðmundsson, f. 28. jan. 1925, verslunarmaður í Reykjavík, d. 15. ágúst 1990, og k.h. Margrét Erlendsdóttir, f. 16. mars 1927, húsmóðir í Reykjavík.

Börn þeirra: a) **Styrmir**, f. 7. apríl 1982. b) **Björk**, f. 7. maí 1985.



Guðbjörg Anna Þorvarðardóttir, f. 30. mars 1951 í Reykjavík.

Faðir: **Þorvarður Kjerúlf Þorsteinsson**, f. 24. nóv. 1917, lögfræðingur og sýslumaður á Ísafirði, d. 31. ágúst 1983. For.: Þorsteinn Jónsson, f. 20. júlí 1889, kaupfélagsstjóri á Reyðarfirði, d. 13. okt. 1976, og k.h. Sigríður Þorvarðardóttir Kjerúlf, f. 25. maí 1891, húsmóðir, d. 13. júní 1973.

Móðir: **Anna Einarsdóttir**, f. 4. nóv. 1921, d. 11. nóv. 1998. For.: Einar Jónsson, f. 21. apríl 1885, vegaverkstjóri á Akranesi, síðar í Reykjavík, d. 29. júlí 1969, og k.h. Guðbjörg Kristjánsdóttir, f. 12. jan. 1888, húsmóðir, d. 1. sept. 1979.

Námsferill: Tók búfræðipróf frá Hvanneyri 1969 og stúdentspróf frá Menntaskólanum við Tjörnina 1973. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Den Kongelige Veterinær- og Landbohøjskole í Kaupmannahöfn í febr. 1981. Mastersgráða í geislunarfræðum dýralækninga (Veterinary Radiology) frá Sydney-háskóla, Sydney í ágúst 1993. Ýmis námskeið, s.s. hollustuvernd fyrir heilbrigðisfulltrúa frá 7. til 25. nóv. 1983 og hollustuvernd fyrir meindýraeyða frá 24. til 26. mars 1987. Einnig flestöll námskeið Dýralæknafélags Íslands (DÍ) frá 1983, þ.á.m. í fiskeldi og fisksjúkdómum 1986, heilbrigðiseftirliti með kjöti og kjötvörum 1987, júgurbólgu, loðdýrasjúkdómum, hestasjúkdómum, svínasjúkdómum, gæðaeftirliti og fleiru. Námskeið í sæðingum refa á Hólum 1988. Vikunámskeið í skurðlækningum hjá Post Graduate Foundation í Sydney, 13. til 17. febr. 1989. Vikunámskeið í hestasjúkdómum frá 1. til 5.

febr. 1993, einnig frá 19. til 23. febr. 1996. Danskt dýralæknaleyfi í febr. 1981 og íslenskt í júlí s.á. Nýsjálenskt dýralæknaleyfi 1982. Leyfi sem heilbrigðisfulltrúi í ágúst 1985.

Starfsferill: Dýralæknir á svínasláturhúsi í Danmörku frá nóv. til des. 1980. Dýralæknir við blóðtökur frá ágúst til sept. 1981. Dýralæknir við sláturhús Alliance Freezing Work Invercargill, Nýja-Sjálandi 1982–1983. Leysti af héraðsdýralækna í sumarleyfum frá júlí til ágúst 1980, frá júní til júlí 1981 og frá júlí til ágúst 1983. Héraðsdýralæknir Strandasýslu 1983–1989 og frá apríl til júní 1991. Heilbrigðisfulltrúi Strandasýslu 1985–1989. Héraðsdýralæknir Dalaumdæmis frá sept. 1989 til nóv. 1990. Héraðsdýralæknir Barðastrandaumdæmis frá nóv. til des. 1990. Héraðsdýralæknir Þingeyjarumdæmis vestra 1991–1996. Héraðsdýralæknir Hvolsvallarumdæmis 1996–1999. Hefur rekið Dýralæknastofu Dagfinns (Skólavörðustíg 35) í Reykjavík frá 1999.

Félags- og trúnaðarstörf: Sat í stjórn DÍ 1987–1991 og í kjaranefnd DÍ 1991–1995.

Guðbrandur Einar Hlíðar, f. 9. nóv. 1915 á Akureyri, d. 31. des. 2000 í Reykjavík.

Faðir: **Sigurður Einarsson Hlíðar**, f. 4. apríl 1885, yfirdýralæknir og alþingismaður í Reykjavík, d. 18. des. 1962. For.: Einar Einarsson, f. 24. sept. 1853, trésmiður og söngkennari í Hafnarfirði, d. 7. jan. 1891, og Sigríður Jónsdóttir, f. 2. mars 1852, húsmóðir, d. 4. jan. 1915.

Móðir: **Guðrún Louise Guðbrandsdóttir**, f. 18. sept. 1887, húsmóðir, d. 6. júní 1963. For.: Guðbrandur Teitsson, f. 29. nóv. 1850, kaupmaður og konsúll í Reykjavík, d. 22. febr. 1899, og k.h. Jacobine Frederikke Louise Ziemsen, f. 5. febr. 1853, húsmóðir, d. 4. júlí 1936.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum á Akureyri 1935. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Den Kongelige Veterinær- og Landbohøjskole í Kaupmannahöfn 1943. Almennt dýralækningaleyfi á Íslandi 1944.

Starfsferill: Dýralæknir í Norðlendingafjórðungi og síðar héraðsdýralæknir í Akureyrarumdæmi 1944–1952. Héraðsdýra-

læknir í Skagafjarðarumdæmi 1958–1960. Stundaði rannsóknastörf við Statens Veterinärmedicinske Anstalt í Stokkhólmi 1952–1958 og 1960–1963. Forstöðumaður Rannsóknastofu Mjólkursamsölunnar í Reykjavík 1963–1982.

Félags- og trúnaðarstörf: Sat í stjórn Dýraverndunarfélags Akureyrar 1948–1952 og sambærilegra samtaka í Skagafirði 1958–1960. Formaður Dýralæknafélags Íslands (DÍ) 1965–1970. Framkvæmdastjóri XII. Norræna dýralæknaþingsins í Reykjavík 1974. Stofnaði Vísindasjóð DÍ 1968 og sat í stjórn hans frá upphafi til 1982. Fulltrúi Íslands í norrænum samstarfsnefndum varðandi júgurbólgurannsóknir um árabil.

Ritstörf: Nokkrar greinar í blaðinu Íslendingi um búfjársjúkdóma. „Untersuchungen über die antigene Struktur von Vibrio foetus von Rind," grein í Zentralblatt für Veterinärmedizin 1955. „Skyddsympninger i Sverige mot piroplasmas," grein í Sth. 9. Nordisk Veterinærmöde, Kaupmannahöfn. „Júgurbólga í íslenskum kúm og lyfjagjöf við henni." J. Agr. Res. Icel. 1979 11, (1-2).

Viðurkenningar: Heiðursfélagi DÍ 1984.

Maki (staðfest sambúð 23. okt. 1996): **Sven Bertil Herder Anderson**, f. 23. nóv. 1933, danskennari, rannsóknarmaður.

For.: Folke Anderson, f. 22. apríl 1907, trésmiður í Svíþjóð, d. 24. okt. 1994, og k.h. Elsa Anderson, f. 2. okt. 1911, húsmóðir.

Skyldleiki: Guðbrandur er sonur Sigurðar E. Hlíðar, fv. yfirdýralæknis, og langafabarn Teits Finnbogasonar, fyrsta íslenska dýralæknisins. Ingunn Reynisdóttir dýralæknir er afabarn Gunnars, bróður Guðbrandar.

Guðjón Kristinsson, f. 10. nóv. 1950 í Borgarholti, Ásahr., Rang.

Faðir: **Ingvi Kristinn Jónsson**, f. 5. maí 1905, bóndi í Borgarholti, d. 12. nóv. 1989. For.: Jón Runólfsson, f. 10. sept. 1865, bóndi á Hárlaugsstöðum (áður Borgarholt), d. 29. okt. 1934, og k.h. Vilborg Jónsdóttir, f. 15. okt. 1866, húsfreyja, d. 10. maí 1940.

Móðir: **Þórunn Guðjónsdóttir**, f. 11. júní 1919, húsfreyja í Borgarholti. For.: Guðjón Árnason, f. 8. febr. 1886, bóndi á Neðri-Þverá, Fljótshlíðarhr., Rang., d. 6. nóv. 1954, og k.h. Sigríður Sigurðardóttir, f. 24. júní 1894, húsfreyja, d. 26. ágúst 1977.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum að Laugarvatni 1971. Lauk prófi í dýralækningum frá Tierärztliche Hochschule í Hannover, Þýskalandi 10. júlí 1980. Sérnám í líffærafræði við Anatomisches Institüt der Tierärztliche Hochschule frá 15. júlí 1980 til 15. júlí 1985. Lauk doktorsprófi frá sama skóla 16. des. 1983.

Starfsferill: Starfsmaður Sauðfjárveikivarna í 3 mánuði haustið 1985. Aðstoðardýralæknir hjá Dr. Dietrich Kettler í Þýskalandi frá 15. febr. til 1. apríl 1988. Keypti dýralæknaþjónustu Dr. Kettlers ásamt Dr. T. Grzonka 1. apríl 1988 og starfar enn á þeim vetvangi.

Félags- og trúnaðarstörf: Formaður Íslendingafélagsins Hafis í Hannover 1976–1983.

Ritstörf: „Vergleichende makroskopisch-anatomische Untersuchung der Keimlinge von Deutschen Merinofleischschafen und Deutschen Schwarzköpfligen Fleischschafen," doktorsritgerð. Auk þess þrjár sérritgerðir sem hafa birst í fagtímaritum.

Maki (30. júní 1977): **Elke Mari Osterkamp**, f. 25. nóv. 1951, sölustjóri. For.: Friedrich Wilhelm Osterkamp, f. 31. okt. 1923 í Bauer, d. 2. okt. 1999, og k.h. Lieselotte Osterkamp (f. Borcherding), f. 5. nóv. 1927, húsmóðir, d. 6. nóv. 2002.

Börn þeirra: a) **Þórunn**, f. 15. sept. 1977, dýralæknanemi. b) **Þorsteinn Friedrich**, f. 9. jan. 1980, jarðeðlisfræðinemi. c) **Þórhildur Nína**, f. 16. okt. 1982 eðlis- og líffræðinemi. d) **Þorbjörg Kristín**, f. 13. sept. 1987, menntaskólanemi.

Guðleif Kristjánsdóttir, f. 29. sept. 1967 í Reykjavík.

Faðir: **Kristján Jónsson**, f. 26. febr. 1942, rennismiður og bifvélavirki. For.: Jón Sigurðsson, f. 7. jan. 1912, verkamaður, d. 30. maí 1992, og k.h. Sigríður Kristjánsdóttir, f. 23. febr. 1919, húsmóðir.

Móðir: **Guðbjörg Greipsdóttir**, f. 11. nóv. 1949, ritari. For.: Greipur Kristjánsson, f. 31. mars 1914, lögregluvarðstjóri, d. 4. okt. 1988, og k.h. Guðleif Helgadóttir, f. 27. des. 1909, húsmóðir.

Námsferill: Stúdentspróf frá Menntaskólanum á Laugarvatni

1988. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Die Tierärztliche Hochschule í Hannover, Þýskalandi 1995.

Starfsferill: Vann við afleysingar hjá Dr. Munkel Hauptstr. 17, Langenhage, Þýskalandi 1996–1998 og hjá Dr. Mobus, Astvastr., Pohle, Þýskalandi. Fastráðin hjá Dr. Enno Holtzhausen, Meinkingsburgerweg 8, frá 2000.

Maki (14. júní 1996): **Andreas Schulz**, f. 17. des. 1958, iðnhönnuður, prófessor.

For.: Albert Schulz, f. 10. maí 1928, eimreiðarstjóri, d. 10. des. 1974, og Ilse Schulz, f. 7. júní 1928, húsmóðir.

Börn þeirra: a) **Kristján Breki**, f. 27. apríl 1993. b) **Sóley**, f. 21. júní 1999.

Guðni Ragnar Smith, f. 3. febr. 1961 í Reykjavík.

Faðir: **Paul Ragnar Smith**, f. 6. mars 1940, flugmaður, siglingafræðingur og kerfisfræðingur. For.: Erling Smith, f. 22. febr. 1910, skrifstofustjóri og fulltrúi, d. 11. sept. 1985, og k.h. Matthilde Marie Ellingsen, f. 11. júlí 1912, d. 1. ágúst 1980.

Móðir: **Íris Bryndís Guðnadóttir**, f. 7. nóv. 1942, tannsmíðameistari. For.: Guðni Jón Guðbjartsson, f. 29. júní 1916, vélstjóri, stöðvarstjóri Ljósafossvirkjunar í Grímsneshr., Árn., og Ragnheiður Guðmundsdóttir, f. 10. júní 1913, húsfreyja, d. 13. sept. 1995.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Hamrahlíð 1983. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Norges veterinærhøgskole í Ósló 1994. Almennt dýralækningaleyfi í Noregi 1994. Nám í tölvu- og upplýsingatækni við Saga Innovation AS í Hamar, Noregi. Lauk námi í öryggis-, eftirlits- og kerfisfræði sumarið 2004 með gráðurnar Comp-TiA, CCNA og MCSA.

Starfsferill: Dýralæknir í Odda og Finnøy, Noregi 1993 og á Solør Veterinærkontor, Noregi 1993–1994. Afleysingar við heilbrigðiseftirlit í sláturhúsi í Ølen, Noregi 1994–1996. Deildar-

dýralæknir í Stord (Huglo & Bømlo), Noregi 1994–1996, helgarvaktir. Eftirlitsdýralæknir við hvalveiðar á vegum VESO, Noregi 1996–1999. Dýralæknir við Nesbyen Dyreklinikk 1996–1999, Solør Dyreklinikk, Noregi og Kirkenær Smådyrklinikk, Noregi 2000 og Veterinærsentrum Hamar 2001.

Félags- og trúnaðarstörf: Meðlimur í ADHD foreningen Hedemark frá 2002 og stjórnarmaður í ADHD foreningen Hedemark 2003.

Maki (skildu): **Britt Louise Didriksen**, f. 25. maí 1965, læknir.

For.: Per Bjørn Svendsen, f. 17. mars 1946, rafvirki og Anne Lise Didriksen Noss, f. 20. sept. 1947, einkaritari og verslunarmaður.

Börn þeirra: a) **Björn Ragnar Didriksen Smith**, f. 10. ágúst 1987, menntaskólanemi. b) **Anne Bryndís Didriksen Smith**, f. 10. ágúst 1987, menntaskólanemi. c) **Hilde Björk Didriksen Smith**, f. 12. maí 1994.

Guðrún Margrét Sigurðardóttir, f. 5. júní 1968 í Reykjavík.

Faðir: **Sigurður Pálsson**, f. 20. nóv. 1940, bjó í Kópavogi, d. 4. okt. 2003. For.: Páll Gísli Ólafsson, f. 15. maí 1910, bóndi á Starrastöðum, Lýtingsstaðahr., Skag., d. 12. jan. 1990, og k.h. Guðrún Kristjánsdóttir, f. 11. júlí 1913, húsmóðir á Starrastöðum, d. 17. júlí 2002.

Móðir: **Sigurbjörg Rannveig Stefánsdóttir**, f. 22. maí 1937, húsmóðir í Kópavogi. For.: Stefán Þórarinn Sigurðsson, f. 25. sept. 1907, bóndi á Steiná í Svartárdal, A-Hún., d. 19. maí 2000, og k.h. Ragnheiður Rósa Jónsdóttir, f. 10. nóv. 1908, húsmóðir, d. 31. mars 1997.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum við Hamrahlíð 1988. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Den Kongelige Veterinær- og Landbohøjskole í Kaupmannahöfn í jan. 1996.

Starfsferill: Sumarafleysingar í Þingeyjarsýslum sumrin 1994 og 1995. Hóf störf sem sjálfstætt starfandi dýralæknir í Skagafirði í febr. 1996. Sumarafleysingar í A- og V-Hún. sumrin 1996 og 1997. Héraðsdýralæknir Hofsósumdæmis haustið 1998. Héraðsdýralæknir A-Hún frá des. 1999 til maí 2000.

Maki (1996): **Vésteinn Þór Vésteinsson**, f. 18. febr. 1968, rafeindavirki.

For.: Vésteinn Vésteinsson, f. 18. sept. 1942, skrifstofumaður og bóndi í Hofstaðaseli, Skag., og k.h. Elinborg Bessadóttir, f. 26. mars 1947, húsmóðir og bóndi.

Börn þeirra: a) **Ragna Vigdís**, f. 23. mars 1997. b) **Vésteinn Karl**, f. 3. febr. 1999. c) **Guðný Rúna**, f. 28. júlí 2002.

Guðmundur Bjarnason, f. 5. des. 1969 í Reykjavík.

Faðir: **Bjarni Hrafn Guðmundsson**, f. 9. júlí 1943, vélfræðingur í Hafnarfirði. For.: Guðmundur Ögmundsson, f. 16. ágúst 1902, bifreiðarstjóri í Reykjavík, d. 9. júní 1946, og k.h. Kristín Bjarnadóttir, f. 3. febr. 1917, húsmóðir, d. 3. sept. 2002.

Móðir: **María Þorgrímsdóttir**, f. 22. júlí 1944, leikskólakennari, dagvistarfulltrúi í Hafnarfirði, d. 23. ágúst 2003. For.: Þorgrímur Maríusson, f. 4. des. 1904, sjómaður á Húsavík, d. 12. mars 1989, og k.h. Matthea Guðný Sigurbjörnsdóttir, f. 25. júlí 1903, húsmóðir á Húsavík, d. 27. nóv. 1968.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Flensborgarskólanum í Hafnarfirði 1989. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Den Kongelige Veterinær- og Landbohøjskole í Danmörku í sept. 1996. Almennt dýralækningaleyfi í Danmörku í sept. 1996 og á Íslandi í júlí 1999.

Starfsferill: Starfaði með dýralæknum í Danmörku frá des. 1996 til júlí 1999. Settur héraðsdýralæknir Helluumdæmis í sumarafleysingum frá 15. júlí til 15. sept. 1999. Aðstoðardýralæknir hjá Grétari Hrafni Harðarsyni, héraðsdýralækni Helluumdæmis, frá 15. sept. til 1. des. 1999. Eftirlitsdýralæknir í hlutastarfi frá 1. des. 1999 til 1. jan. 2002. Einn af stofnendum og starfsmönnum Dýralæknamiðstöðvarinnar ehf. á Hellu frá des. 1999.

Maki (6. nóv. 1999): **Olga Mörk Valsdóttir**, f. 24. sept. 1968, matvælafræðingur.

For.: Valur Valsson, f. 1. apríl 1946, sjómaður í Danmörku, og Herdís Sigurðardóttir, f. 20. apríl 1949, verkakona.

Börn þeirra: a) **Bjarni Valur**, f. 25. júlí 1995. b) **Valdís María**, f. 17. sept. 1999.

Gunnar Örn Guðmundsson, f. 17. nóv. 1948 í Reykjavík.

Faðir: **Guðmundur Jóhann Guðmundsson**, f. 22. jan. 1927, fv. formaður verkamannafélagsins Dagsbrúnar og alþingismaður í Reykjavík, d. 12. júní 1997. For.: Guðmundur Halldór Guðmundsson, f. 4. okt. 1887, sjómaður í Reykjavík, d. 17. febr. 1982, og k.h. Sólveig Jóhannsdóttir, f. 7. ágúst 1897, húsmóðir, d. 10. júní 1974.

Móðir: **Elín Torfadóttir**, f. 22. sept. 1927, leikskólakennari og framhaldsskólakennari. For.: Torfi Guðmundur Þórðarson, f. 6. nóv. 1901, stjórnarráðsfulltrúi í Reykjavík, d. 15. des. 1975, og k.h. Anna Úrsúla Björnsdóttir, f. 10. jan. 1902, húsmóðir, d. 12. jan. 1957.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1969. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Veterinärmedizinische Universität í Vín, 1977. Almennt dýralækningaleyfi 29. ágúst 1978. Dr.med.vet. frá Veterinärmedizinische Universität Wien í Vín 23. júní 1978.

Ritstörf: „Untersuchungen zur Verbesserung von Hengstejakulaten miteinem emulgierten Vitamin – A – E - Präparat," doktorsritgerð í Vín 1978.

Starfsferill: Starfsmaður rannsóknarstofu IAEA (Alþjóða kjarnorkumálastofnunarinnar í Vín) 1971–1973. Rannsóknarvinna í Stadl Paura í Austurríki vegna doktorsverkefnis 1974 og 1975. Starfsmaður Rannsóknastofnunar landbúnaðarins í Keldnaholti við beitarþolsrannsóknir 1976. Dýralæknir í Buchbach í Bayern í blönduðum praksís frá 1. júlí 1977 til 30. júní 1978. Settur héraðsdýralæknir í Borgarfjarðarumdæmi 1. okt. 1978 og skipaður þar 18. jan. 1980. Skipaður héraðsdýralæknir Gullbringu- og Kjósarumdæmis 1. des. 1999. Dýralæknir í Þrændalögum, Noregi í tvo mánuði 1995. Kennari við búvísindadeild og stundakennari við bændadeild Bændaskólans á Hvanneyri 1978–1995. Stundakenn-

ari við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri frá 1999. Stundakennari við Menntaskólann í Kópavogi 2000–2002.

Félags- og trúnaðarstörf: Ritari Dýralæknafélags Íslands (DÍ) 1982–1986. Í afmælisnefnd DÍ í tilefni af 50 ára afmæli félagsins 1982–1984. Fulltrúi Íslands í nefnd á vegum NKVet (Nordisk kontaktorgan for veterinærvitenskapelig samarbeide) 2003. Formaður Heilbrigðisnefndar Borgarfjarðarumdæmis 1990–1998. Sat í stjórn Svæðisnefndar heilbrigðiseftirlits á Vesturlandi 1990–1998. Formaður Karlakórsins Söngbræðra frá 1992. Hefur setið í stjórn Hestamannafélagsins Faxa frá 2000.

Maki (20. des. 1970): **Elísabet Haraldsdóttir**, f. 18. júní 1949, myndlistarmaður og skólastjóri Andakílsskóla.

For.: Haraldur Ásgeirsson, f. 4. maí 1918, fv. forstjóri Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins í Reykjavík, og k.h. Halldóra Einarsdóttir, f. 13. júní 1924, húsmæðrakennari í Reykjavík.

Börn þeirra: a) **Bárður Örn**, f. 8. apríl 1974, nemi í Viðskiptaháskólanum á Bifröst. b) **Halldór Örn**, f. 17. júlí 1979, stúdent, nemi í Kanada. c) **Sólveig Ragnheiður**, f. 10. des. 1986, nemi í Verzlunarskóla Íslands.

Gunnar Gauti Gunnarsson, f. 6. jan. 1952 í Reykjavík.

Faðir (kjörfaðir): **Gunnar H. Grímsson**, f. 9. febr. 1907, búfræðingur, d. 11. sept. 2003. For.: Grímur Stefánsson, f. 25. des. 1865, bóndi á Húsavík, Strand., d. 27. maí 1924, og k.h. Ragnheiður Kristín Jónsdóttir, f. 17. maí 1867, húsmóðir, d. 4. júlí 1935.

Móðir (kjörmóðir): **Sigurlaug Helgadóttir**, f. 16. mars 1916, húsmóðir. For.: Helgi Þórðarson, f. 3. febr. 1877, bóndi á Hárekssstöðum í Norðurárdal, Mýr., d. 11. des. 1951, og k.h. Ingibjörg Skarphéðinsdóttir, f. 1. júlí 1890, húsmóðir, d. 11. mars 1965.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá hagfræðideild Verzlunarskóla Íslands 1973. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Tierärzthliche Hochschule í Hannover, Þýskalandi 1982. Almennt dýralækningaleyfi 25. apríl 1983. Námskeið vegna embættis heilbrigðisfulltrúa frá nóv. til des. 1986.

Starfsferill: Starfaði við dýralæknaháskólann að námi loknu frá okt. til des. 1982. Dýralæknastörf hjá sveitadýralækni í þorpi nálægt Mönchengladbach, Þýskalandi frá jan. til júlí 1983. Aðstoðardýralæknir í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu frá júlí til nóv. 1983. Héraðsdýralæknir í Dalvíkurumdæmi frá 1. nóv. 1983 til 15. mars 1984. Aðstoðardýralæknir í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu frá mars 1984 til ársloka 1993. Héraðsdýralæknir í Mýrasýsluumdæmi frá 1. jan. 1994 til 30. nóv. 1999. Héraðsdýralæknir í Mýra- og Borgarfjarðarsýsluumdæmi frá 1. des. 1999.

Maki I (5. júní 1976) (skildu): **Jónína Guðrún Halldórsdóttir**, f. 29. des. 1954, húsmóðir í Reykjavík.

For.: Halldór Halldórsson, f. 13. apríl 1931, bús. á Akureyri, og k.h. Guðbjörg Sumarliðadóttir, f. 2. nóv. 1933.

Börn þeirra: a) **Guðbjörg Lilja**, f. 12. nóv. 1975, leikskólakennari. b) **Sigurlaug Tanja**, f. 10. júní 1978, leikskólakennari.

Maki II (8. apríl 1995): **Steinunn Árnadóttir**, f. 9. apríl 1965, píanókennari.

For.: Árni Theodórsson, f. 11. jan. 1929, bóndi á Brennistöðum, Borg., og k.h. Vigdís Sigvaldadóttir, f. 13. apríl 1933, húsmóðir.

Börn þeirra: c) **Árni**, f. 30. sept. 1986. d) **Sólveig**, f. 26. júní 1996. d) **Margrét**, f. 6. des. 1997.

Gunnar Már Gunnarsson, f. 9. júní 1951 í Reykjavík.

Faðir: **Gunnar Steingrímsson**, f. 23. júní 1921, loftskeytamaður í Reykjavík, d. 13. jan. 2000. For.: Steingrímur Stefánsson, f. 5. maí 1895, bóksali í Reykjavík, d. 4. sept. 1973, og k.h. Þuríður Eggertsdóttir, f. 1. ágúst 1899, húsmóðir í Reykjavík, d. 23. maí 1996.

Móðir: **Ragnheiður Hulda Þorkelsdóttir**, f. 1. febr. 1919, hjúkrunarkona í Reykjavík, d. 22. mars 1995. For.: Þorkell Guðbrandsson, f. 8. jan. 1880, bóndi á Furubrekku og Þorgeirsfelli í Staðarsveit, Snæf., síðar verkamaður í Reykjavík, d. 28. júlí 1968, og k.h. Guðný Theodóra Kristjánsdóttir, f. 18. jan. 1883, húsmóðir, d. 23. maí 1962.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík

1971. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Norges veterinærhøgskole í Ósló 1978. Almennt dýralækningaleyfi á Íslandi í ágúst 1978 og í Noregi í júní 1991.

Starfsferill: Héraðsdýralæknir í Barðastrandarumdæmi sept. 1978 til apríl 1983. Héraðsdýralæknir Þingeyjarþingsumdæmis vestra frá apríl 1982 til mars 1992. Dýralæknir fisksjúkdóma hjá Suldal fiskehelsetjeneste í Noregi frá júní 1991 til jan. 1994. Sjálfstætt starfandi dýralæknir frá jan. 1994 til mars 1999. Héraðsdýralæknir í Indre Ryfylke veterinærdistrikt, Rogaland, Noregi frá mars 1999 til 31. des. 2003. Distriktsjef for Mattilsynet í Egersund í Rogaland frá 1. jan. 2004.

Félags- og trúnaðarstörf: Formaður í Rogaland Veterinærforening 2000–2002.

Maki (23. júní 1973): **Guðrún Þóra Bragadóttir**, f. 22. febr. 1951, félagsráðgjafi.

For.: Bragi Ásbjörnsson, f. 2. maí 1929, iðnaðarmaður í Kópavogi, og k.h. Magnea Katrín Þórðardóttir, f. 27. júní 1923, húsmóðir.

Börn þeirra: a) **Bragi Freyr**, f. 11. ágúst 1975, félagsfræðingur í Reykjavík. b) **Hulda Mjöll**, f. 11. ágúst 1977, uppeldisfræðingur í Noregi. c) **Gunnar Birkir**, f. 23. júní 1980, háskólanemi í Noregi.

Skyldleiki: Eggert Gunnarsson dýralæknir er bróðir Gunnars.

Gunnar Þórir **Þorkelsson**, f. 3. febr. 1951 í Reykjavík.

Faðir: **Þorkell Ármann Þórðarson**, f. 27. mars 1912, d. 20. jan. 1981. For.: Þórður Tómasson, f. 1870, bóndi á Eystri-Hól, V-Landeyjahr., Rang., d. 1958, og Guðrún Brynjólfsdóttir, f. 1887, bóndi í Vatnskoti í Þykkvabæ, d. 1971.

Móðir: **Ólöf Jóhanna Kristjánsdóttir**, f. 30. jan. 1912, húsmóðir, d. 17. febr. 1989. For.: Kristján Jóhannesson, f. 4. febr. 1878, skósmiður í Reykjavík, d. 18. des. 1967, og k.h. Ingibjörg Jónsdóttir, f. 2. des. 1885, húsmóðir, d. 8. júlí 1955.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1972. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Den Kongelige Vet-

erinær- og Landbohøjskole í Kaupmannahöfn 1981. Almennt dýralækningaleyfi á Íslandi og í Danmörku 23. mars 1981. Sérnám í Danmörku, fagdýralæknir í nautgripasjúkdómum 1993–1996. Heilbrigðisfulltrúaréttindi 1988.

Starfsferill: Settur héraðsdýralæknir í Þingeyjaþingsumdæmi frá 1. febr. til 1. sept. 1981 í námsleyfi Bárðar Guðmundssonar héraðsdýralæknis. Settur héraðsdýralæknir í Norðausturlandsumdæmi, jafnframt Þingeyjaþingsumdæmi frá 15. júní til 1. sept. 1981. Settur héraðsdýralæknir í Norðausturlandsumdæmi frá 20. sept. 1981 til 1983. Héraðsdýralæknir á Kirkjubæjarklaustri frá 10. júlí 1983. Framkvæmdastjóri Heilsugæslustöðvarinnar á Kirkjubæjarklaustri frá 1998. Nautgripasæðingar á svæðinu frá 1. jan. 1988.

Félags- og trúnaðarstörf: Formaður Heilbrigðisnefndar Þórshafnarhrepps, N-Þing. Hefur setið í Heilbrigðisnefnd Suðurlands frá upphafi og er varaformaður hennar.

Maki (15. júní 1972): **Jóna Sigfríð Sigurbjartsdóttir**, f. 9. maí 1951, hársnyrtimeistari.

For.: Sigurbjartur Sigurðsson, f. 25. júní 1924, hitavirki, og k.h. Guðbjörg Bjarnheiður Jónsdóttir, f. 29. des. 1927.

Börn þeirra: a) **Guðbjörg Lísa**, f. 6. sept. 1974, yfirflugfreyja hjá Air Atlanta. b) **Eygló Ida**, f. 20. júlí 1980, leikskólaleiðbeinandi.

Gunnlaugur Skúlason, f. 10. júní 1933 í Bræðratungu, Biskupstungnahr., Árn.

Faðir: **Skúli Gunnlaugsson**, f. 11. sept. 1888, bóndi í Bræðratungu, d. 26. des. 1966. For.: Gunnlaugur Þorsteinsson, f. 15. maí 1851, bóndi og hreppstjóri á Kiðjabergi, Grímsneshr., Árn., d. 3. maí 1936, og k.h. Soffía Skúladóttir, f. 29. des. 1865, húsmóðir, d. 8. mars 1954.

Móðir: **Valgerður Pálsdóttir**, f. 20. maí 1899, húsmóðir, d. 14. mars 1983. For.: Páll Þorsteinsson, f. 22. okt. 1863, bóndi og hreppstjóri á Tungu í Fáskrúðsfirði, d. 9. des. 1959, og k.h. Elínborg Stefánsdóttir, f. 18. des. 1867, húsmóðir, d. 2. júní 1951.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum að Laugar-

vatni 1955. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Tierärztliche Hochschule í Hannover, Þýskalandi 1962. Almennt dýralækningaleyfi 1. apríl 1963.

Starfsferill: Við nám og störf í Þýskalandi frá áramótum 1962–1963 til mars 1963. Settur dýralæknir í forföllum Braga Steingrímssonar í Laugaráshéraði 1. apríl 1963 og gegndi einnig fyrir Ásgeir Ó. Einarsson í forföllum hans í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Skipaður í Laugarásumdæmi 1. sept. 1964 til 30. nóv. 1999. Síðan sjálfstætt starfandi.

Félags- og trúnaðarstörf: Formaður Heilbrigðisnefndar í Laugaráslæknishéraði. Einn af stofnendum Félags íslenskra stúdenta í Hannover og í fyrstu stjórn þess. Formaður Hestamannafélagsins Loga 1969–1973 og aftur 1977–1982. Formaður Skálholtssóknar 1979–1983. Fyrsti formaður Hundaræktarfélags Íslands. Formaður Þýsk-íslenska vinafélagsins á Suðurlandi í nokkur ár. Meðstjórnandi í DÍ nokkur ár.

Ritstörf: Hefur skrifað nokkrar greinar í blöð, einkum í tímarit hestamanna, Eiðfaxa og Hestinn okkar.

Viðurkenningar: Sæmdur Das Verdienstkreuz 1. klasse af forseta Þýskalands, Dr. V. Weizsäcker, 10. apríl 1992.

Maki: **Renata Vilhjálmsdóttir**, f. Pandrick, f. 13. ágúst 1939, handavinnukennari.

For.: Heinz Pandrick, f. 4. júlí 1909, tannlæknir í Berlín, d. í mars 1968, og k.h. Gerda Pandrick (f. Entz), f. 16. júlí 1915, endurskoðandi.

Börn þeirra: **Barbara**, f. 28. sept. 1961, leikskólakennari. Maki: Thomas Schwarlzlose, f. 21. mars 1961, efnafræðingur. b) **Helga**, f. 24. sept. 1963, matvælaverkfræðingur. Maki: Óskar Þór Jóhannsson, f. 27. ágúst 1960, læknir. c) **Elín**, f. 22. apríl 1965, tónskáld og kennari. Maki: Bjarni Harðarson, f. 25. des. 1961, ritstjóri. d) **Skúli Tómas**, f. 28. ágúst 1968, læknir. Maki: Bryndís Sigurðardóttir, f. 7. okt. 1970, læknir. e) **Hákon Páll**, f. 10. maí 1972, húsasmíðameistari. Maki (skildu): Hulda Kristófersdóttir, f. 27. mars 1973.

Skyldleiki: Jón Pálsson dýralæknir er móðurbróðir Gunnlaugs.

Halldór Runólfsson, f. 7. mars 1948 í Gunnarsholti, Rang.

Faðir: **Runólfur Sveinsson**, f. 27. des. 1908, skólastjóri á Hvanneyri, sandgræðslustjóri í Gunnarsholti, d. 4. febr. 1954. For.: Sveinn Sveinsson, f. 5. des. 1875, bóndi á Ásum í Skaftártungu, síðar á Fossi í Mýrdal, d. 14. jan. 1965, og k.h. Jóhanna Margrét Sigurðardóttir, f. 21. okt. 1879, d. 2. júní 1968.

Móðir: **Valgerður Halldórsdóttir**, f. 2. apríl 1912, skólastjóri á Laugalandi í Eyjafirði, húsmóðir á Hvanneyri, d. 1. jan. 1990. For.: Halldór Vilhjálmsson, f. 14. febr. 1875, búfræðikandídat, skólastjóri á Hvanneyri, d. 12. maí 1936, og k.h. Svava Þórhallsdóttir, f. 12. apríl 1890, kennari, d. 22. jan. 1979.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1968. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Royal (Dick) School of Veterinary Studies í Edinborg 1973. Almennt dýralækningaleyfi í Bretlandi 1973 og á Íslandi 13. ágúst 1974. Lauk M.Sc.-prófi í matvælafræðum og hollustuháttum frá sama háskóla 1984. Námskeið í fisksjúkdómum í London 1972, námskeið í sauðfjársjúkdómum í Edinborg 1978 og námskeið í eiturefnafræði í Kaupmannahöfn 1985. Námskeið í opinberri stjórnsýslu og stjórnun við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands 2002–2003.

Starfsferill: Aðstoðardýralæknir í Norður-Skotlandi frá júlí 1973 til júní 1974. Settur héraðsdýralæknir í Selfossumdæmi frá júlí til sept. 1974. Héraðsdýralæknir í Kirkjubæjarklaustursumdæmi frá sept. 1974 til júní 1983. Deildarstjóri Hollustuverndar ríkisins frá júlí 1983 til sept. 1991. Framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis frá sept. 1991 til ágúst 1997. Yfirdýralæknir frá sept. 1997. Starfaði í mörgum fagnefndum á vegum Hollustuverndar í norrænu samstarfi 1983–1997.

Félags- og trúnaðarstörf: Formaður nefndar um íbúðir aldraða á Kirkjubæjarklaustri 1978–1982. Sat í hreppsnefnd Kirkjubæjarhrepps 1982–1983. Umboðsmaður Landgræðslunnar á Kirkjubæj-

arklaustri 1975–1983. Ritari Dýralæknafélags Íslands (DÍ) 1979–1982. Formaður DÍ 1982–1986. Formaður Lionsklúbbs á Kirkjubæjarklaustri 1977–1978. Formaður Lionsklúbbs Mosfellsbæjar 1992–1993. Formaður framkvæmdanefndar XVII. Norræna dýralæknaþingsins í Reykjavík 1994.

Ritstörf: Hefur ritað greinar í ýmis tímarit.

Maki (12. júlí 1969): **Steinunn Ingibjörg Einarsdóttir**, f. 10. júlí 1948, deildarmeinatæknir.

For.: Einar Þorsteinsson, f. 27. ágúst 1926, verslunarstjóri hjá OLÍS í Reykjavík, og k.h. Sæunn Mýrdal Sigurjónsdóttir, f. 17. júní 1926, hattadama í Reykjavík.

Börn þeirra: a) **Arnar**, f. 22. ágúst 1967, rafeindavirki á Sauðárkróki. Maki: Ingibjörg Jóna Hjaltadóttir, f. 14. ágúst 1965 á Sauðárkróki, þroskaþjálfi. b) **Freyr**, f. 8. nóv. 1972, viðskiptafræðingur í Bandaríkjunum. c) **Birkir**, f. 10. maí 1975, flugvirki í Kópavogi. d) **Íris**, f. 25. jan. 1979, stúdent í Kópavogi.

Hallur Kristjánsson, f. 31. jan. 1961 í Reykjavík.

Faðir: **Kristján Baldvinsson**, f. 30. nóv. 1935, læknir, sérfræðingur í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp í Reykjavík. For.: Baldvin Þorkell Kristjánsson, f. 9. apríl 1910, félagsmálafulltrúi í Kópavogi, d. 3. nóv. 1991, og k.h. Gróa Ásmundsdóttir, f. 15. sept. 1910, talsímavörður í Kópavogi, d. 29. júní 1993.

Móðir: **Inger Hallsdóttir**, f. 14. des. 1935, kennari í Reykjavík. For.: Hallur Kristjánsson, f. 2. ágúst 1906, póstafgreiðslumaður og fulltrúi í Reykjavík, d. 24. apríl 1988, og k.h. Ingeborg Nanna Kristjánsson (f. Nielsen), f. 22. apríl 1912, húsmóðir í Reykjavík, d. 7. mars 1990.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1981. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Den Kongelige Veterinær- og Landbohøjskole í Kaupmannahöfn 1988. Almennt dýralækningaleyfi í Danmörku 8. febr. 1988. Próf í kennslufræðum frá Danmarks Erhvervfspædagogiske Læreruddannelse í maí 1999. European Computer Driving Licence í sept. 2000.

Starfsferill: Stundaði dýralæknastörf hjá Linde Dyrlæger Ap. frá

1. mars 1988 til 30. apríl 1989. Starfaði við kjöteftirlit frá 1. maí til 30. júní 1989. Starfandi dýralæknir hjá Dyrlægegruppen Hedensted I/S frá 1. júlí 1989 til 30. júní 1997. Yfirkennari hjá Veterinærsygeplejerske uddannelser á CEU-Kolding frá 1. júlí 1997 til 30. sept. 2002. Aðstoðarhéraðsdýralæknir við Veterinærafdelingen Fødevareregion í Vejle, Danmörku frá 1. okt. 2002.

Félags- og trúnaðarstörf: Hefur setið í stjórn í Horsens og Omegns Dyrlægeforening frá 2001 og verið formaður frá 2002.

Maki: **Birgitta Bonde**, f. 13. júní 1958, yfirlyfjafræðingur.

For.: Valdemar Bonde, f. 2. júlí 1925, kennari í Vejle, d. 15. apríl 1988, og k.h. Lissi Bonde, „modetilskærer“, f. 12. júlí 1931.

Barn þeirra: a) **Sara**, f. 15. nóv. 1995.

Hanna María Arnórsdóttir, f. 17. júlí 1969 í Reykjavík.

Faðir: **Arnór Sveinsson**, f. 1. nóv. 1943, bifvélavirki í Garðabæ. For.: Sveinn Valdemar Ólafsson, f. 6. nóv. 1913, tónlistarmaður, hljóðfæraleikar og hljóðfærakennari í Reykjavík, d. 4. sept. 1987, og k.h. Hanna Sigurbjörnsdóttir, f. 4. júní 1915, bókavörður í Reykjavík.

Móðir: **Hrafnhildur Vera Rodgers**, f. 16. apríl 1944, afgreiðslukona í Garðabæ. For.: James Michael Rodgers, liðsforingi í flugher Bandaríkjanna, og Kristín Ermenreksdóttir, f. 19. jan. 1919, afgreiðslukona í Reykjavík.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti 1989. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Den Kongelige Veterinær- og Landbohøjskole í Kaupmannahöfn 1997. Almennt dýralækningaleyfi 1997.

Starfsferill: Starfaði hjá Sauðfjárveikivörnum á Tilraunastöðinni á Keldum frá mars 1993 til jan. 1994. Stundakennari við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri veturinn 2000-2001. Tók við rekstri Dýralæknastofunnar í Garðabæ, ásamt Jakobínu B. Sigvaldadóttur, vorið 1997 og hefur rekið hana í félagi við hana síðan.

Maki (8. ágúst 1998): **Jón Örn Kristinsson**, f. 10. okt. 1968, sölumaður fasteigna.

For.: Kristinn Bjarnason, f. 11. ágúst 1930, verslunarmaður í Reykjavík, og k.h. Kristlaug Vilfríður Jónsdóttir, f. 18. febr. 1929, fulltrúi í Reykjavík.

Börn þeirra: a) **Kristlaug Vera**, f. 8. júlí 1996. b) **Markús Hávar**, f. 6. des. 1998.

Hannes Ólafur Jónsson, f. 8. sept. 1882 á Hvarfi, Bárðdælahr., S-Þing., d. 18. sept. 1942 í Reykjavík.

Faðir: **Jón Sigurgeirsson**, f. 2. nóv. 1847, bóndi á Hvarfi, d. 23. des. 1897. For.: Sigurgeir Jónsson, f. 6. apríl 1820 í Vogum, bóndi á Galtarstöðum ytri í Hróarstungu, N-Múl., d. 14. des. 1887, og k.h. Ólöf Gabríelsdóttir, f. 5. des. 1821 í Haga, Aðaldælahr., S-Þing., d. 7. júní 1885.

Móðir: **Helga Jónsdóttir**, f. 23. nóv. 1848 á Stóruvöllum, Bárðdælahr., d. 15. júní 1937. For.: Jón Ingjaldsson, f. 23. jan. 1820 á Halldórsstöðum, Bárðdælahr., bóndi á Halldórsstöðum, d. 27. jan. 1910, og k.h. Guðný Stefánsdóttir, f. 1820 í Eyjafirði.

Námsferill: Lauk gagnfræðaprófi á Akureyri 1904. Stundaði nám í Askov-lýðháskólanum, Danmörku 1905. Cand.agro. frá Den Kongelige Veterinær- og Landbohøjskole í Kaupmannahöfn (KVL) 1907. Lauk háskólaprófi í dýralækningum við KVL 1916.

Starfsferill: Aðstoðardýralæknir á Skáni í 2–3 mánuði að loknu dýralæknaprófi. Dýralæknir í Vestfirðingafjórðungi frá 16. apríl 1916 til 31. okt. 1927. Dýralæknir í Sunnlendingafjórðungi frá 1. nóv. 1927 til 18. sept. 1942.

Félags- og trúnaðarstörf: Einn af stofnendum Dýralæknafélags Íslands og í fyrstu stjórn félagsins.

Ritstörf: „Hætta af innflutningi búfjár," grein í Búnaðarritinu 1917.

Maki: **Júlíana Magdalena Jónsdóttir**, f. 20. febr. 1893, húsfreyja og hannyrðakennari í Stykkishólmi og í Reykjavík, d. 16. okt. 1966.

For.: Jón Magnússon, f. 31. mars 1858, úrsmiður og hafnsögumaður í Stykkishólmi, d. 5. júní 1923, og k.h. Hansína Lilja Jónsdóttir, f. 2. júlí 1876, sölukona í Stykkishólmi, d. 24. apríl 1954.

Börn þeirra: a) **Sigurður**, f. 27. mars 1921, viðskiptafræðingur í Kópavogi, d. 20. febr. 1983. Maki: Kolbrún Einarsdóttir, f. 18. febr. 1918, verkakona, d. 31. okt. 2003. b) **Jón**, f. 2. nóv. 1922, Cand.med. frá Háskóla Íslands 1952, sérfræðingur á Landspítalanum í Reykjavík. Maki I: Margrét Gunnarsdóttir Viðar, f. 14. apríl 1929, d. 1. júní 1963. Maki II (skildu): Hildur Júlíusdóttir, f. 17. apríl 1935, hjúkrunarfræðingur. Maki III: Ásgerður Helgadóttir, f. 13. apríl 1936, ljósmóðir. Tvær dætur Hannesar og Júlíönu dóu í frumbernsku.

Hákon Ingvi Hansson, f. 1. des. 1950 á Höfn í Hornafirði.

Faðir: **Hans Jóhannsson**, f. 17. mars 1928, járnsmiður, d. 6. maí 1964. For.: Walter May, f. 31. okt. 1902, verkstjóri, d. í okt. 1980, og Martha May.

Móðir: **Björk Hákonardóttir**, f. 25. okt. 1916, d. 4. jan. 2001. For.: Hákon Finnsson, f. 11. júlí 1874, bóndi, d. 9. jan. 1946, og k.h. Ingiríður Guðmundsdóttir, f. 24. okt. 1877, d. 24. ágúst 1943.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum við Hamrahlíð 1970. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Tierärztliche Hochschule í Hannover, Þýskalandi 1. des. 1975. Almennt dýralækningaleyfi 15. febr. 1977.

Starfsferill: Dýralæknir í Feiburg/Elbe, Þýskalandi frá 1. jan. 1976 til 20. jan. 1977. Settur héraðsdýralæknir í Austurlandsumdæmi syðra 1. febr. 1977, skipaður í embættið 1. febr. 1978 með aðsetur á Breiðdalsvík. Settur héraðsdýralæknir í Austurlandsumdæmi nyrðra og Suðausturlandsumdæmi í sumarleyfum viðkomandi héraðsdýralækna flest sumur 1977–2000. Stundakennari við Grunnskólann í Breiðdalshreppi 1978–1979 og 1990–1991. Settur héraðsdýralæknir í A-Skaft. frá 15. mars til 1. maí 1992 og frá 1. júlí til 1. ágúst 1992.

Félags- og trúnaðarstörf: Sat í sýslunefnd S-Múl. 1978–1982. Formaður stjórnar Kaupfélags Stöðfirðinga 1978–1984. Varamaður í stjórn Dýralæknafélags Íslands 1982. Formaður stjórnar Hraðfrystihúss Breiðdælinga hf. 1983–1987. Formaður hreindýra-

ráðs, skipaður af umhverfisráðherra frá 1. sept. 1994. Hefur setið í nefndum til endurskoðunar á lögum og reglugerðum um málefni hreindýra.

Helga Finnsdóttir, f. 10. febr. 1948 í Reykjavík.

Faðir: **Finnur Magnús Einarsson**, f. 6. sept. 1898, bóksali og kennari í Reykjavík, d. 19. febr. 1983. For.: Einar Finnsson, f. 9. maí 1863, járnsmiður og vegavinnuverkstjóri í Reykjavík, d. 9. febr. 1939, og k.h. Vigdís Pétursdóttir, f. 7. nóv. 1868, húsmóðir í Reykjavík, d. 2. nóv. 1948.

Móðir: **Guðrún M. Einarson**, f. 22. maí 1905, húsmóðir í Reykjavík. For.: Magnús Einarson, f. 16. apríl 1870, embættisdýralæknir í Reykjavík og ráðunautur ríkisstjórnarinnar í málefnum er vörðuðu dýralæknamál, d. 2. okt. 1927, og k.h. Ásta Sigríður Einarson (f. Sveinbjörnsson), f. 5. des. 1877, pínókennari og húsmóðir, d. 29. mars 1959.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1970. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Den Kongelige Veterinær- og Landbohøjskole (KVL) í Kaupmannahöfn 1979. Almennt dýralækningaleyfi í Danmörku í júní 1979 og á Íslandi 1. okt. 1980. Sérnám í sjúkdómum hunda og katta í Kaupmannahöfn 1992–1996. Viðurkenning endurnýjuð í febr. 2001. Fjölmörg námskeið varðandi sjúkdóma og atferli hunda og katta, aðallega í Danmörku en einnig í Noregi, Finnlandi og Frakklandi. Nám í tækniteiknun við Verkfræðideild Háskóla Íslands 1971.

Starfsferill: Settur héraðsdýralæknir í Selfossumdæmi frá 20. júlí til 20. ágúst 1978. Aðstoðarkennari við Institut for intern medicin Ambulatorisk klinik, við KVL í Kaupmannahöfn frá 1. febr. 1979 til 31. des. 1980. Aðstoðardýralæknir við Ambulatorisk klinik og Klinisk centrallaboratorium frá KVL í Kaupmannahöfn frá 1. júlí 1979 til 31. des. 1980. Stundakennari við Klinik for kirurgi og intern medicin við KVL árið 1979 til ársloka 1980. Settur héraðsdýralæknir í Selfossumdæmi frá 15. júlí til 31. júlí 1980, í Gullbringu- og Kjósarsýsluumdæmi frá 1. ágúst til 31. ágúst 1980

og í Selfossumdæmi frá 7. ágúst til 7. sept. 1981. Sjálfstætt starfandi dýralæknir á eigin stofu í Reykjavík frá 1. jan. 1981.

Félags- og trúnaðarstörf: Félagi í Zontaklúbbi Reykjavíkur 19. maí 1984 og einn af stofnendum Zontaklúbbsins EMBLU í Reykjavík 1988. Formaður EMBLU frá 2001–2003. Ein af stofnendum hundaskóla Hundaræktarfélags Íslands (HFRÍ) árið 1986 og leiðbeinandi á hvolpanámskeiðum þar síðan. Formaður vísindaráðs HRFÍ frá 1988. Ritstjóri SÁMS, félagsblaðs HRFÍ, 1988–1992 og ritari á sýningum HRFÍ frá árinu 1987. Hefur setið í stjórn deildar íslenska fjárhundsins frá 1999. Skipuð í starfshóp á vegum landbúnaðarráðuneytis um gerð áhættugreiningar vegna innflutnings á gæludýrum til Íslands með tilliti til sjúkdómavarna 18. júlí 2001. Skipuð í nefnd til að semja reglugerð um umhirðu, aðbúnað og meðferð gæludýra og endurskoðun á reglugerð um dýrahald í atvinnuskyni 24. maí 2002.

Ritstörf: „Insidensen af antistoffer mod Toxplasma gondii hos katte i Island," grein í Dýralæknaritinu no. I, 1997. „Um Cheyletiella maurakláða á mönnum og köttum á Íslandi," grein í Læknablaðinu 1997, skrifuð ásamt Karli Skírnissyni, Keldum, og Jóni Hjaltalín Ólafssyni, Landspítala. „Duration of antibody elicited by canine distemper virus vaccination in dogs," grein í Veterinary Record 1997, skrifuð ásamt Olson, P. Klingaborn, B. Hedhammer, A. Hefur auk þess ritað fjölmargar greinar um atferli og sjúkdóma hunda og katta í SÁMI, félagsblað HFRÍ, í Kynjaketti, félagsblað Kattaræktarfélags Íslands og félagsblað Kattavinafélags Íslands.

Maki (11. júlí 1981): **Sigurður Örn Hansson**, f. 20. júlí 1947, aðstoðaryfirdýralæknir.

For.: Hans Guðnason, f. 27. ágúst 1911, búfræðingur og bóndi á Hjalla í Kjós, d. 22. sept. 1983, og k.h. Unnur Hermannsdóttir, f. 27. júlí 1912, kennari og húsmóðir, d. 24. nóv. 1994.

Barn þeirra: a) **Ragnheiður Ásta**, f. 20. apríl 1982.

Skyldleiki: Magnús Einarsson dýralæknir er afi Helgu.

Helga Berglind Ragnarsdóttir, f. 8. jan. 1973 á Hvammstanga.

Faðir: **Ragnar Sigurður Bergmann Benediktsson**, f. 7. apríl 1924, búfræðingur frá Hólum í Hjaltadal, Skagaf., bóndi á Barkarstöðum í Miðfirði, Húnaþingi vestra. For.: Benedikt Björnsson, f.

22. febr. 1885, bóndi á Barkarstöðum, d. 13. maí 1967, og k.h. Jenný Karólína Sigfúsdóttir, f. 27. júní 1895, húsmóðir, d. 18. ágúst 1983.

Móðir: **Arndís Pálsdóttir**, f. 28. jan. 1929, húsmóðir á Barkarstöðum. For.: Páll Theódórsson, f. 17. nóv. 1882, bóndi á Sveðjustöðum, Ytri Torfustaðahr., V-Hún., d. 20. des. 1939, og k.h. Vinbjörg Ásta Jóhannsdóttir, f. 17. ágúst 1893, húsfreyja, d. 10. jan. 1980.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Verkmenntaskólanum á Akureyri 1993. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Den Kongelige Veterinær- og Landbohøjskole í Kaupmannahöfn í júlí 2000. Almennt dýralækningaleyfi í Danmörku 2000 og á Íslandi 2003.

Starfsferill: Dýralæknir við Skærbæk Dyreklinik á S-Jótlandi, Danmörku frá ágúst 2000 til sept. 2003. Eftirlitsdýralæknir í Eyjafjarðar- og Skagafjarðarumdæmi frá okt. 2003.

Maki (8. ágúst 1998): **Sigmar Benediktsson**, f. 1. des. 1971, matreiðslumaður.

For.: Benedikt Ketilbjarnarson, f. 21. mars 1949, rafveituvirki í Hafnarfirði, og k.h. Bára Sigurjónsdóttir, f. 11. júní 1949, matráður í Hafnarfirði.

Börn þeirra: a) **Bára Dís**, f. 25. sept. 1999 í Kaupmannahöfn. b) **Sigurður Bergmann**, f. 30. nóv. 2001 á S-Jótlandi.

Helgi Ingimundur Bachmann **Sigurðsson** f. 20. júlí 1952 í Reykjavík.

Faðir: **Sigurður Hermann Helgason**, f. 20. apríl 1922, pípulagningarmeistari í Reykjavík, d. 6. ágúst 2000. For.: Helgi Ingimundarson Bachmann, f. 17. maí 1872, d. 1. nóv. 1952, og k.h. Jóna Guðrún Jónsdóttir, f. 4. des. 1885, d. 8. nóv. 1972. Þau bjuggu í Vestmannaeyjum og síðast í Reykjavík.

Móðir: Brynhildur **Fjóla Steingrímsdóttir**, f. 23. ágúst 1927, símastúlka, bús. í Hafnarfirði, d. 4. ágúst 1993. Fósturfaðir Helga og eiginmaður Fjólu,

Kristinn Jónsson, f. 20. sept. 1937, útibússtjóri. For.: Steingrímur Björn Davíðsson, f. 17. nóv. 1891, skólastjóri og vegavinnustjóri, bús. á Blönduósi, síðast í Reyjavík, d. 9. okt. 1981, og k.h. Helga Dýrleif Jónsdóttir, f. 8. des. 1895, húsmóðir, d. 7. júní 1965.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1972. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Norges veterinærhøgskole (NVH) í Ósló í des. 1977. Doktorsnám (Ph.D.) við Den Kongelige Veterinær- og Landbohøjskole í Kaupmannahöfn (KVL) frá hausti 1983 til des. 1985. Varði doktorsritgerð í jan. 1986 í klínískri efnafræði og efnaskiptasjúkdómum um fóstureitrun í sauðfé (Ovine ketosis). Aukafög: Einnar annar nám í innri sjúkdómum með áherslu á efnaskiptasjúkdóma í kúm og lungnasjúkdóma í hrossum. Einnar annar nám í meinafræði með áherslu á lifrarmeinafræði. Einnar annar nám í meðferð og notkun geislavirkra efna og „tracer“ tækni. Lauk prófum við KVL í lyfjafræði, réttarlæknisfræði, matvælalöggjöf og stjórnunarfræði 1984. Hlaut dýralæknaréttindi í Danmörku 18. febr. 1985. Sérfræðingur í hrossasjúkdómum frá norska landbúnaðarráðuneytinu og NVH í Ósló 16. júní 1994 og sérfræðingsleyfi endurnýjað 12. sept. 2001. Hefur sótt tugi námskeiða og ráðstefna á Íslandi, í Noregi, Danmörku og Englandi á sviði heilbrigðiseftirlits, loðdýraræktar, fisksjúkdóma, meðferðar kjöts og kjötvara, skurðlækninga, klínískrar efnafræði og hestasjúkdóma.

Starfsferill: Vann með námi á Tilraunastöð Háskóla Íslands að Keldum sumarið 1975. Vann við sæðingar í nautgripum og svínum í Kongsvinger, Noregi sumarið 1976. Afleysingar hjá héraðsdýralækninum í Stryn, Noregi sumarið 1977. Starfaði við almenn dýralæknastörf og heilbrigðiseftirlit í Kolvereid, N-Þrændalögum, Noregi, frá námslokum í des. 1977 til aprílloka 1978. Farand-dýralæknir hjá landbúnaðarráðuneytinu og í samstarfi við Brynjólf Sandholt héraðsdýralækni í Gullbringu- og Kjósarsýslu (allan þann tíma) 1978–1981. Heilbrigðisfulltrúi í hálfu starfi í Mosfellssveit, á Kjalarnesi og í Kjós 1981–1983 . Sjálfstætt starfandi dýralæknir í Gullbringu- og Kjósarsýslu frá 1981–1983 í samstarfi við Brynjólf Sandholt héraðsdýralækni. Starfaði einnig á Dýraspítala Watsons frá 1. nóv. 1982 til 1. júní 1983. Dýralæknir við Tilraunastöð Háskóla Íslands að Keldum frá 1. júlí til 15. ágúst 1983. Doktorsnám við KVL í Kaupmannahöfn 1983–1985. Afleysingastarf sem yfirmaður Klinisk Centrallaboratorium við

KVL í Kaupmannahöfn 1984–1985. Afleysingar við Struer-Hurup Andels-svínasláturhúsið á Jótlandi, Danmörku í mánaðartíma árin 1983 og 1984. Sérfræðingur við Tilraunastöð Háskóla Íslands að Keldum frá 1986–1997, fyrstu átta árin í fullu starfi en síðan í hálfu starfi. Sjálfstætt starfandi dýralæknir á höfuðborgarsvæðinu frá 1986 með aðaláherslu á dýralækningar og þjónustu við hestamenn, fyrst var það aukastarf en frá 1. jan. 1998 var það aðalstarf. Var í samstarfi við dýralækna á Dýraspítala Watsons í Víðidal og Stein Steinsson héraðsdýralækni 1998–2001. Stóð að stofnun hlutafélags um byggingu og rekstur nýs dýraspítala í Víðidal ásamt fimm öðrum dýralæknum og hefur annast rekstur hans ásamt öðrum dýralæknum frá 15. okt. 2001.

Félags og trúnaðarstörf: Sat í heilbrigðisnefnd Mosfellssveitar, Kjalarness og Kjós 1979–1983. Sat í ritstjórn Dýralæknaritsins og var ritstjóri þess um tíma. Hefur setið í ritnefnd Eiðfaxa frá 1989 og í ritnefnd Acta Veterinaria Scandinavica frá 1998. Ritstjóri héraðsfréttablaða í Mosfellsbæ frá 1986, fyrst Mosfellsfrétta, þá Mosfellsblaðsins og er nú ritstjóri Varmár, fréttarits Sjálfstæðisflokksins í Mosfellsbæ. Formaður heilbrigðisnefndar Mosfellsbæjar og Seltjarnarness frá 2001.

Ritstörf: Hefur ritað tugi fræðslugreina í hestatímaritið Eiðfaxa um umhirðu og sjúkdóma í hrossum frá 1988. Hefur auk þess ritað nokkrar greinar í Búnaðarritið Frey um sauðfé. Höfundur fjölmargra vísindagreina um efnaskiptasjúkdóma í sauðfé sem birst hafa í tímaritunum Acta Veterinaria Scandinavica, Journal of Veterinary Medicin og Búvísindum (Icel. Agr. Sci.). Hefur ritað greinar um hrossasjúkdóma í tímaritin Livestock Production Science og Búvísindi. Meðhöfundur vísindagreina um spatt í íslenskum hestum sem birst hafa í tímaritunum Equine Veterinary Journal, Acta Veterinaria Scandinavica og Livestock Production Science. Höfundur handbókar um hrossasjúkdóma fyrir hestamenn, Hestaheilsu, sem kom út í Reykjavík 1989, síðan endurútgefin og endurbætt 2001.

Maki I (skildu): **Inga Elín Kristinsdóttir**, f. 22. sept. 1957, gler- og leirlistamaður.

Börn þeirra: a) **Eygerður**, f. 29. maí 1978, uppeldisfræðingur. b) **Fjóla Dögg**, f. 4. apríl 1980, sálfræðinemi.

Barnsmóðir: **Þuríður S. Þorbjarnardóttir**, f. 28. des. 1951.

Barn þeirra: c) **Marel**, f. 21. febr. 1987.

Maki II: **Jóna Dís Bragadóttir**, f. 4. apríl 1963, uppeldisfræðingur og kennari.

For.: Bragi Ásgeirsson, f. 20. mars 1940, tannlæknir í Reykjavík, og k.h. Edda Hinriksdóttir, f. 2. mars 1944, hárgreiðslumeistari.

Börn þeirra: d) **Anna Jóna**, f. 24. mars 1993. e) **Hinrik Ragnar**, f. 1. nóv. 1994.

Stjúpsonur Helga og sonur Jónu: Bragi Páll Sigurðsson, f. 29. mars 1984, menntaskólanemi. Faðir Braga er Sigurður Páll Jónsson.

Hjörtur Magnason, f. 11. júlí 1948 í Reykjavík.

Faðir: **Magni Guðmundsson**, f. 3. ágúst 1916, Ph.D. í hagfræði, fjármála- og viðskiptaráðgjafi í Reykjavík, d. 24. jan. 2000. For.: Guðmundur Jónsson, f. 29. jan. 1884, byggingameistari og útgerðarstjóri í Stykkishólmi, d. 22. des. 1943, og k.h. Guðrún Einarsdóttir, f. 26. sept. 1877, húsmóðir, d. 24. nóv. 1926.

Móðir: **Ása Hjartardóttir**, f. 20. sept. 1920, verslunarmaður í Reykjavík. For.: Hjörtur Ögmundsson, f. 27. apríl 1893, bóndi og hreppstjóri í Álfatröðum, Hörðudalshr., Dal., d. 28. jan. 1985, og k.h. Kristín Helgadóttir, f. 21. apríl 1888, d. 24. ágúst 1976.

Námsferill: Inntökupróf og I.- og II.-hluti landbúnaðardeildar Den Kongelige Veterinær- og Landbohøjskole í Kaupmannahöfn. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá sama skóla 1976. Almennt dýralækningaleyfi í Danmörku 28. júní 1976, í Svíþjóð 15. sept. 1976 og á Íslandi 27. ágúst 2000. Lauk fyrri hluta almennrar læknisfræði frá Københavns Universitet 1984. Hefur réttindi til að starfa við hestakappreiðar, til að svæfa villt dýr með lyfjavopnum og til að fara með skotvopn við veiðar. Hefur sótt fjölda námskeiða í dýrasjúkdómum, dýravernd, opinberri stjórnun og eftirliti.

Starfsferill: Afleysingar héraðsdýralækna og eftirlit í sláturhúsum í Svíþjóð 1976–1980. Héraðsdýralæknir á ýmsum stöðum í Sví-

þjóð, s.s. í Sveg 1980–1981, í Brösarp 1982–1984, í Sjöbo 1987–1989, í Munkedal 1990–1993, í Gällivare 1994–1998 og í Vilhelmina 1999–2000. Ráðunautur loðdýraræktunarfélags Svíþjóðar 1983–1985. Héraðsdýralæknir Austurlandsumdæmis nyrðra frá 2000.

Maki I (15. apríl 1972) (skildu): **Karin Eva Margit Magnason**, f. 31. júlí 1951, hjúkrunarkona.

For.: Olof Lindström, f. 1916, endurskoðandi í Málmey, Svíþjóð, d. 1993, og k.h. Margit Lindström, f. 1921, húsmóðir, d. 1999.

Börn þeirra: a) **Hjörtur Mathias**, f. 26. júlí 1971, stúdent. b) **Sara Málfríður**, f. 10. ágúst 1972, stúdent. c) **Hanna Kristín**, f. 4. júní 1977, stúdent. d) **Snorri Harald**, f. 25. maí 1980, stúdent. e) **Edda Karín**, f. 22. ágúst 1984, stúdent.

Maki II (1988) (skildu): **Christel Magnason**, f. 16. okt. 1962, tanntæknir.

Barn þeirra: f) **Richard Hjorth**, f. 13. febr. 1990.

Hróbjartur Darri Karlsson, f. 18. sept. 1961 í Reykjavík.

Faðir: **Karl Sævar Benediktsson**, f. 23. febr. 1934, sérkennari, skólastjóri í Reykjavík. For.: Benedikt Gabríel Valgeir Guðmundsson, f. 26. júlí 1908, skipstjóri í Hafnarfirði, d. 3. mars 1972, og Aðalheiður Kristný Stefánsdóttir, f. 26. júlí 1914, húsmóðir í Bandaríkjunum, d. 23. febr. 1987.

Móðir: **Helga Steinunn Hróbjartsdóttir**, f. 30. sept. 1936, sérkennari og námsráðgjafi í Reykjavík. For.: Hróbjartur Árnason, f. 12. júní 1897, burstagerðarmeistari og forstjóri í Reykjavík, d. 11. febr. 1953, og k.h. Ingibjörg Þorsteinsdóttir, f. 15. sept. 1909, húsmóðir.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum við Hamrahlíð 1980. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Tierärztliche Hochschule í Hannover, Þýskalandi í júní 1986. Almennt dýralækningaleyfi á Íslandi í ágúst 1986. Leyfisbréf sem heilbrigðisfulltrúi í des. 1986. Cand.med. og dr.med. frá Universität Wien, í Vín 1992. Almennt dýralækningaleyfi í Hollandi 22. febr. 1994. Sérnám í lyflæknisfræði við AMC Amsterdam 1995–2000. Sérfræðing-

ur í lyflæknisfræði 13. nóv. 2000. Sérnám í hjartalæknisfræði við AMC Amsterdam og Háskólasjúkrahúsið í Haukalandi, Björgvin, Noregi til sept. 2003.

Starfsferill: Dýralæknir í Reykjavík, á Selfossi og í Dalasýslu 1986–1987. Héraðsdýralæknir í afleysingum á Dalvík, Selfossi, Hellu, Laugarási, Hvolsvelli, Þórshöfn og Búðardal með námi 1988–1990. Aðstoðarlæknir á slysadeild Borgarspítalans með námi í júní og júlí 1991. Kandidatsár á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri frá júní 1992 til maí 1993. Læknir á Héraðshælinu á Blönduósi frá júní til okt. 1993. Aðstoðarlæknir á Landspítalanum, krabbameinsdeild frá okt. 1993 til apríl 1994 og á Modum Bad Nervesanatorium, Noregi frá maí 1994 til sept. 1995. Dýralæknir í hlutastarfi í Nedre-Eiker, Buskerud, Noregi, frá maí 1994 til sept. 1995 og á Osterøy, Hordalandi, Noregi frá sept. 2001–2004.

Félags- og trúnaðarstörf: Ritari Íslendingafélagsins í Hannover 1982–1985. Trúnaðarmaður aðstoðarlækna á Modum Bad, Noregi 1992 og hjartadeild Haukelands-sjúkrahússins í Björgvin 2001–2003. Meðstjórnandi í Læknafélagi íslenskra lækna í Noregi 2003.

Ritstörf: Ritaði greinar í Lesbók Morgunblaðsins 1987–1998. Fréttaritari Morgunblaðsins í Vín 1987–1990. Meðhöfundur að greinum frá Institute für Arbeitsmedizin Universitet Wien 1990–1992.

Maki (1989): **Þórhildur Sveinsdóttir**, f. 31. mars 1962, iðjuþjálfi.

For.: Sveinn Sigurbjörnsson, f. 29. maí 1938, bóndi og húsasmiður í Ártúni, Grýtubakkahr., S-Þing., og k.h. Matthildur Þórhallsdóttir, f. 13. júní 1942, húsmóðir og bóndi.

Börn þeirra: a) **Starkaður**, f. 29. sept. 1992. b) **Sveinn Breki**, f. 3. ágúst 1994. c) **Brjánn**, f. 10. okt. 1999.

Hrund Hólm, f. 4. maí 1975 í Keflavík.

Faðir: **Helgi Hólm**, f. 18. mars 1941, kennari í Keflavík. For.: Friðbjörn Hólm, f. 13. maí 1909, vélsmiður í Reykjavík, d. 27. apríl 1982, og Sigurlaug Ólafsdóttir, f. 12. apríl 1908, húsmóðir og verkakona í Reykjavík, d. 18. sept. 1990.

Móðir: **Brynja Árnadóttir**, f. 17. okt. 1944, kennari í Keflavík. For.: Árni Þorsteinsson, f. 14. nóv. 1908, skipstjóri í Keflavík, d. 10. mars 1986, og k.h. Jenny Lovísa Einarsdóttir, f. 9. maí 1912, húsmóðir og verkakona í Keflavík, d. 2. jan. 2002.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Fjölbrautaskóla Suðurnesja 1994. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Norges veterinærhøgskole í Ósló 2001. Almennt dýralækningaleyfi í Noregi 15. júní 2001 og á Íslandi 3. júlí 2001.

Starfsferill: Starfaði með námi við afleysingar hjá héraðsdýralækni Skaga- og Eyjafjarðarumdæmis og héraðsdýralækni Vestfjarðaumdæmis frá júní til okt. 2000. Vann á Lyfjastofnun frá jan. til nóv. 2001. Starfaði við embætti yfirdýralæknis á aðalskrifstofu, frá nóv. 2001. Afleysingar fyrir héraðsdýralækna A- og V-Hún. í júlí 2002. Afleysingar af og til á Dýralækningastofu Helgu Finnsdóttur frá maí 2001 til okt. 2002. Stundakennari við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri veturinn 2002–2003. Stofnaði Dýralæknastofu Suðurnesja í Keflavík ásamt Gísla Sverri Halldórssyni dýralækni í janúar 2004 og hefur rekið hana í félagi við hann síðan.

Félags- og trúnaðarstörf: Vefstjóri Dýralæknafélags Íslands frá maí 2002.

Maki (19. apríl 2003): **Gísli Sverrir Halldórsson**, f. 19. jan. 1956, dýralæknir.

For.: Halldór Gíslason, f. 21. apríl 1938, bifvélavirki í Reykjavík, og k.h. Fanney Salgerður Sigurðardóttir, f. 13. mars 1936, sjúkraliði.

Hrund Lárusdóttir, f. 14. nóv. 1971 á Kirkjubæjarklaustri.

Faðir: **Lárus Siggeirsson**, f. 25. júní 1936, bóndi og veðurathugunarmaður á Kirkjubæjarklaustri. For.: Siggeir Lárusson, f. 3. des. 1903, bóndi og loftskeytamaður á Kirkjubæjarklaustri, d. 11. okt. 1984, og k.h. Soffía Kristinsdóttir, f. 16. júní 1902, húsmóðir, d. 1. febr. 1969.

Móðir: **Ólöf Sigríður Benediktsdóttir**, f. 25. okt. 1936, húsmóðir, veðurathugunarmaður og bóndi á Kirkjubæjarklaustri. For.: Benedikt Sigurðsson, f. 18. okt. 1911, sjómaður og verslunarmaður á Vopnafirði, d. 1. nóv. 1963, og k.h. Stefanía Jóhanna Valdemarsdóttir, f. 24. nóv. 1917, fyrst á Vopnafirði og síðar á Egilsstöðum.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Fjölbrautaskólanum við Ár-

múla 1991. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Den Kongelige Veterinær- og Landbohøjskole í Kaupmannahöfn í júní 2000. Almennt dýralækningaleyfi á Íslandi 6. júlí 2000. Lauk B.Sc.-prófi í líffræði frá Háskóla Íslands 1995.

Starfsferill: Settur héraðsdýralæknir A-Húnaþingsumdæmis í veikindafríi og afleysingum í júlí og ágúst 2000. Eftirlitsdýralæknir hjá héraðsdýralækni Mýra- og Borgarfjarðarumdæmis við sláturhús SS að Laxá haustin 2000 og 2001. Eftirlitsdýralæknir hjá héraðsdýralækni Suðurlands við sláturhús SS á Selfossi haustið 2002. Starfaði sem aðstoðarmaður í praksís hjá héraðsdýralækni Mýra- og Borgarfjarðarumdæmis í 40% stöðu til 1. apríl 2004 ásamt því að leysa hann af sem héraðsdýralæknir í sumarleyfi hans. Eftirlitsdýralæknir í 60% stöðu hjá héraðsdýralækni Suðurlandsumdæmis frá des. 2000 til ágúst 2002. Hóf hlutastarf á dýraspítala Þórunnar Láru, „Dýralæknirinn Mosfellsbæ“, í apríl 2004.

Maki: **Eiríkur Sigurðsson**, f. 7. nóv. 1970, líffræðingur og upplýsingafulltrúi hjá Íslenskri erfðagreiningu.

For.: Sigurður Jónsson, f. 26. sept. 1933, bóndi að Melum í Hrútafirði, nú bús. í Reykjavík, og k.h. Lilja Sigurðardóttir, f. 26. júlí 1937, bóndi og húsmóðir.

Hrund Ýr Óladóttir, f. 12. ágúst 1976 í Mosfellsbæ.

Faðir: **Óli Theódór Hermannsson**, f. 24. júní 1943, matreiðslumeistari í Mosfellsbæ. For.: Hermann Árnason, f. 21. nóv. 1905, verkamaður í Látrum í Aðalvík, Hnífsdal og síðast í Reykjavík, d. 10. júlí 1989, og k.h. Sigurlaug Herdís Friðriksdóttir, f. 14. ágúst 1909, húsmóðir, d. 20. ágúst 1989.

Móðir: **Guðríður Guðrún Hannibalsdóttir**, f. 3. mars 1938, kennari í Mosfellsbæ. For.: Hannibal Jóhannes Guðmundsson, f. 24. apríl 1907, bóndi á Hanhóli í Bolungarvík, d. 9. des. 1984, og k.h. Þorsteina Kristjana Jónsdóttir, f. 16. nóv. 1914, bóndi.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum við Hamrahlíð 1996. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Norges

veterinærhøgskole í Ósló í júní 2003. Stundaði nám í líffræði við raunvísindadeild Háskóla Íslands 1996–1997.

Starfsferill: Starfaði við Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði á Keldum frá maí til ágúst 1997 og tók þátt í Nýsköpunarsjóðsverkefninu „Könnun á vessabundnum ónæmisþáttum barra (*Dicentrarchus labrax*)“. Tók þátt í framhaldsverkefni sem styrkt var af Nýsköpunarsjóði frá júní til ágúst 1998. Starfaði á Rannsóknadeild fisksjúkdóma á Keldum við verkefni hjá Dr. Bjarnheiði Guðmundsdóttur frá júní til ágúst 1999. Starfaði á sýkla- og bóluefnadeild á Keldum frá júní til ágúst 2000. Rannsóknarmaður þar frá júní til ágúst 2001. Starfaði við afleysingar hjá Dýralæknaþjónustunni Varmahlíð ehf. frá júní til sept. 2002.

Félags- og trúnaðarstörf: Formaður Félags íslenskra námsmanna í Ósló og nágrenni (FÍSN) 2000–2001.

Ritstörf: Hefur tekið þátt í tveimur Nýsköpunarsjóðsverkefnum.

Maki (1. ágúst 2001): **Sigurður Árni Magnússon**, f. 9. febr. 1977, vélfræðinemi.

For.: Magnús Bogi Pétursson, f. 5. júlí 1945, tæknifræðingur á Seltjarnarnesi, og k.h. Unnur Kristinsdóttir, f. 3. mars 1946, hárgreiðslumeistari.

Hörður Sigurðsson, f. 23. apríl 1970 á Siglufirði.

Faðir: **Sigurður Harðarson**, f. 3. apríl 1946, arkitekt í Reykjavík. For.: Hörður Þorgilsson, f. 16. febr. 1923, múrarameistari í Reykjavík, og Málfríður Andrea Sigurðardóttir, f. 6. mars 1923, skrifstofumaður í Reykjavík.

Móðir: **Ingibjörg María Möller**, f. 12. júlí 1944, kennari, aðstoðarskólastjóri. For.: Jóhann Georg Möller, f. 27. maí 1918, verkamaður og verkstjóri á Siglufirði, d. 25. júní 1997, og Tryggva Hel-

ena Sigtryggsdóttir, f. 21. sept. 1923, húsmóðir og verkakona á Siglufirði.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1991. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Tierärztliche Hochschule í Hannover, Þýskalandi 1997. Almennt dýralækningaleyfi á Íslandi í jan. 1998 og í Noregi í apríl 1998.

Starfsferill: Verknám og afleysingar í dýralækningum frá 1. ágúst til 1. okt. 1995. Aðstoðarmaður við rannsóknir á frjósemi íslenska hestsins frá 1. júní til 1. ágúst 1996. Dýralæknir hjá Ísteka (Lyfjaverslun Íslands) frá 1. ágúst til 1. okt. 1996. Verknám og afleysingar í dýralækningum frá 15. apríl til 15. júlí 1997. Dýralæknir í Åfjord í Suður-Þrændalögum, Noregi frá 20. jan. til 2. júlí 1998. Dýralæknir hjá Ísteka frá 1. ágúst til 1. okt. 1998. Dýralæknir á Dýralæknastofu Dagfinns frá 1. nóv. 1998 til 15. apríl 2003. Eftirlitsdýralæknir hjá embætti héraðsdýralæknis í Gullbringu- og Kjósarumdæmi frá 1. maí 2003. Dýralæknir loðdýrasjúkdóma frá 1. nóv. 2003.

Félags- og trúnaðarstörf: Sat í stjórn Badmintondeildar KR frá jan. 1998. Formaður þar frá mars 2002.

Maki: **Kristín Pálsdóttir**, f. 9. júlí 1971, læknir.

For.: Páll Þórðarson, f. 10. ágúst 1944, lögfræðingur í Reykjavík, og k.h. Þorbjörg Einarsdóttir, f. 17. jan. 1945, húsmóðir.

Barn þeirra: a) **Védís**, f. 30. sept. 2002.

Höskuldur Jensson, f. 11. nóv. 1968 í Hellubæ í Hálsasveit, Borg.

Faðir: **Jens Pétursson**, f. 15. ágúst 1929, trésmíðameistari, fyrst í Hellubæ, síðar í Reykjavík. For.: Pétur Finnbogason, f. 2. maí 1894, bóndi og sjómaður á Litla-Bæ og Hjöllum í Skötufirði, síðar á Ísafirði, d. 22. apríl 1990, og k.h. Stefanía Jensdóttir, f. 5. ágúst 1893, d. 22. apríl 1972.

Móðir: Gíslína **Perla Höskuldsdóttir**, f. 8. febr. 1935, bóndi, d. 23. okt. 1983. For.: Höskuldur Eyjólfsson, f. 1893, bóndi á Hofsstöðum í Hálsasveit, d. 1994, og k.h. Gíslína Magnúsdóttir, f. 1890, d. 1966.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Fjölbrautaskólanum við Ármúla 1987. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Norges veterinærhøgskole í Ósló 1994.

Starfsferill: Sumarafleysingar fyrir héraðsdýralækni Austfjarðaumdæmis nyrðra á Egilsstöðum sumrin 1993 og 1994. Aðstoðarmaður héraðsdýralæknis Helluumdæmis frá ágúst 1994 til des. 1995. Héraðsdýralæknir Ísafjarðar- og V-Barðastrandarumdæma frá jan. 1995 til jan. 1999. Sjálfstætt starfandi dýralæknir í Skagafirði frá jan. 1999. Stundakennari við Hólaskóla frá 1999.

Maki (óg.): **Laufey Haraldsdóttir**, f. 21. maí 1966, dýralæknir og heilbrigðisfulltrúi.

For.: Haraldur Hannesson, f. 11. ágúst 1926, bóndi í Víðigerði, Eyjafirði, og k.h. Sólveig Benný Jóhannsdóttir, f. 25. des. 1932, verkakona og húsmóðir í Víðigerði, d. 30. nóv. 2001.

Barn þeirra: a) **Gísli**, f. 28. okt. 2000.

Ingunn Reynisdóttir, f. 22. maí 1967 í Reykjavík.

Faðir: **Reynir Aðalsteinsson**, f. 16. nóv. 1944, tamningamaður og reiðkennari á Sigmundarstöðum í Hálsasveit, Borg. For.: Aðalsteinn Höskuldsson, f. 23. ágúst 1920, bifreiðarstjóri í Reykjavík, d. 17. apríl 1987, og k.h. (skildu) Karolína Soffía Jónsdóttir, f. 13. sept. 1917, d. 13. maí 1992.

Móðir: **Jónína Vilborg Hlíðar Gunnarsdóttir**, f. 10. mars 1946, húsmóðir. For.: Gunnar Hlíðar, f. 20. maí 1914, símstöðvarstjóri í Borgarnesi, d. 22. des. 1957, og k.h. Ingunn Hólmfríður Sigurjónsdóttir Hlíðar, f. 10. ágúst 1910, hjúkrunarkona, d. 7. apríl 1994.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Fjölbrautaskólanum við Ármúla 1987. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Den Kongelige Veterinær- og Landbohøjskole í Kaupmannahöfn 2003. Almennt dýralækningaleyfi á Íslandi og í Danmörku 30. júní 2003.

Starfsferill: Sjálfstætt starfandi dýralæknir í V-Húnaþingi frá maí 2003. Gæðastjóri Sláturhúss Hvammstanga frá 26. ágúst 2003.

Maki: **Pálmi Geir Ríkharðsson**, f. 14. júní 1965, kennari.

For.: Ríkharður Björnsson, f. 9. ágúst 1929, húsgagnasmiður í Reykjavík, d. 27. sept. 2001, og Lilja Guðjónsdóttir, f. 9. júní 1932, sjúkraliði í Vogum á Vatnsleysuströnd.

Barn þeirra: a) **Jónína Lilja**, f. 24. júlí 1992.

Skyldleiki: Teitur Finnbogason dýralæknir er langalangalangafi Ingunnar og Sigurður Hlíðar dýralæknir er langafi og Guðbrandur Hlíðar dýralæknir er afabróðir.

Jakobína Björk Sigvaldadóttir, f. 11. nóv. 1967 í Reykjavík.

Faðir: **Sigvaldi Guðmundsson**, f. 22. apríl 1936, lögregluvarðstjóri, bús. í Kópavogi. For.: Guðmundur Baldvinsson, f. 18. ágúst 1906, bóndi á Hamraendum, Miðdalahr., Dal., og k.h. Gróa María Sigvaldadóttir, f. 19. júlí 1912, húsmóðir.

Móðir: **Sonja Símonardóttir**, f. 24. júní 1936, ljósmóðir, bús. í Kópavogi. For.: Símon Petersen, f. 18. ágúst 1889, fiskmatsmaður í Suðurey í Færeyjum, d. 1. okt. 1970, og k.h. Jakobína Petersen, f. 11. okt. 1891, húsmóðir, d. 10. jan. 1947.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum við Hamrahlíð 1987. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Den Kongelige Veterinær- og Landbohøjskole í Kaupmannahöfn 1996. Almennt dýralækningaleyfi 2. des. 1996.

Starfsferill: Tók þátt í sumarexemsverkefni hjá yfirdýralæknisembættinu 1997–1998. Annar eigandi Dýralæknastofunnar í Garðabæ frá 1997.

Maki: **Björn Styrmir Árnason**, f. 8. nóv. 1967, BA-próf í kvikmyndagerð.

For.: Árni Mogens Björnsson, f. 30. ágúst 1946, prentari í Reykjavík, og k.h. Sigþrúður Þórhildur Guðnadóttir, f. 10. apríl 1950, húsmóðir.

Barn þeirra: a) **Guðbjartur Árni**, f. 19. júlí 2003.

Jarle Reiersen, f. 27. febr. 1959 í Stavanger í Noregi.

Faðir: **Magnus Reiersen**, f. 20. maí 1925, bóndi í Oltedal, Gjesdal, Noregi, d. 22. nóv. 1992. For.: Nils Osvald Reiersen, f. 27. des. 1885, bóndi í Lima, Gjesdal, d. 9. maí 1963, og k.h. Anna Reiersen, f. 29. apríl 1888, húsmóðir, d. 29. nóv. 1966.

Móðir: **Gerd Reiersen**, f. 24. maí 1934, húsmóðir í Oltedal. For.: Jon Gjesdal, f. 20. okt. 1898, bóndi í Skjeldbrei, Sandnes, Noregi,

d. 29. okt. 1968, og k.h. Sigrid Gjesdal, f. 20. nóv. 1904, húsmóðir, d. 1. júní 1998.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Sandnes Gymnas í Noregi 1977. Búfræðingur frá Vinterlandbruksskolen á Jæren, Noregi 1980. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Norges veterinærhøgskole í Ósló 1986. Almennt dýralækningaleyfi í Noregi 1986 og á Íslandi 1990.

Starfsferill: Rannsóknarmaður við Statens Institutt for Folkehelse í Ósló 1986–1987. Dýralæknir í Gjesdal 1987–1993. Dýralæknir alifuglasjúkdóma hjá embætti yfirdýralæknis frá 1993. Ráðunautur alifugla hjá Bændasamtökum Íslands frá 1999.

Félags- og trúnaðarstörf: Sat í starfshópi, skipuðum af landbúnaðarráðherra, um aðgerðir vegna Campylobacter-sýkinga 1999–2000. Hefur starfað með stjórnskipaðri samstarfsnefnd um smitsjúkdóma.

Ritstörf: „Campylobacter in Icelandic poultry operation and human disease," grein í Epideminol. Infect. 2002, 129. N. Stern, et. al. (meðhöfundur).

Maki (6. ágúst 1983): **Lára Dröfn Gunnarsdóttir**, f. 16. jan. 1961, arkitekt.

For.: Gunnar Lárusson, f. 5. maí 1929, sjómaður á Akranesi, og k.h. Sigrún Björgvinsdóttir, f. 26. jan. 1940, starfsmaður dvalarheimilis.

Börn þeirra: a) **Sindri**, f. 5. mars 1990. b) **Sigrún**, f. 27. febr. 1992.

Jón Guðbrandsson, f. 18. mars 1929 í Finnbogahúsi í Reykjavík.

Faðir: **Guðbrandur Jónsson**, f. 30. sept. 1888, bókavörður við Landsbókasafn Íslands í Reykjavík, d. 5. júlí 1953. For.: Dr. Jón Þorkelsson, f. 16. apríl 1859, íslenskufræðingur, þjóðskjalavörður í Reykjavík, d. 10. febr. 1924, og k.h. Karólína Jónsdóttir, f. 23. mars 1852, húsmóðir í Reykjavík, d. 19. des. 1926.

Móðir: **Sigríður Bjarnadóttir**, f. 23. jan. 1911, húsmóðir í Reykjavík. For.: Bjarni Sverrisson, f. 13. maí 1879, steinsmiður og síðar afgreiðslumaður í Gasstöð Reykjavíkur, d. 20. mars 1974, og

k.h. Ingibjörg Steinunn Brynjólfsdóttir, f. 2. jan. 1883, húsmóðir, d. 21. júní 1941.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1950. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Den Kongelige Veterinær- og Landbohøjskole í Kaupmannahöfn 1957. Almennt dýralækningaleyfi í Danmörku 31. jan. 1957 og á Íslandi 22. jan. 1958. Kynnti sér auk þess gerlagreiningu í tengslum við júgurbólgu hjá kúm við júgurbólgurannsóknarstöðina í Ringsted í Danmörku og einnig aðferðir til þess að fylgjast með hreinlæti í mjólkurbúum við mjólkurbúið Trifolium í Kaupmannahöfn veturinn 1958–1959. Tók þátt í námskeiði í hreinlæti við framleiðslu og dreifingu mjólkur og mjólkurvara á vegum Sameinuðu þjóðanna í Finnlandi sumarið 1960. Tók þátt í námskeiði í hreinlæti og annarri meðferð við slátrun og dreifingu á kjötvörum við Norges veterinærhøgskole í Ósló 1980. Tók þátt í Norrænu dýralæknaþingunum í Reykjavík 1974 og 1994 og dýralæknaþinginu í Kaupmannahöfn 1982.

Starfsferill: Starfaði við landbúnað á Íslandi með námi sumrin 1951–1956. Aðstoðardýralæknir hjá Jakoby Andersen í Bredsten á Jótlandi frá 1. febr. 1957 til 1. des. s.á. Forstöðumaður rannsóknarstofu Mjólkursamsölunnar í Reykjavík frá 1. apríl 1958 til 31. des. 1961. Sinnti dýralækningum með störfum á rannsóknarstofunni. Héraðsdýralæknir í Selfossumdæmi frá 1. jan. 1962 til 30. nóv. 1999.

Félags- og trúnaðarstörf: Átti sæti í Sauðfjársjúkdómanefnd 1971–1993, formaður nefndarinnar 1971–1974. Sat í hreppsnefnd Selfosshrepps kjörtímabilið 1974–1978. Formaður stjórnar Rafmagns- og Hitaveitu Selfoss á sama tíma. Fulltrúi Selfossbæjar í stjórn Fjölbrautaskóla Suðurlands 1982–1986. Formaður sjálfstæðisfélagsins Óðins á Selfossi 1969–1971 og aftur 1973–1974. Formaður fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna í Árnessýslu 1971–1975. Sat í stjórn útgerðar- og fiskverkunarfélagsins Straumness hf. á Selfossi frá stofnun félagsins 1970 og var formaður þess 1978 er það var selt. Átti sæti í byggingar- og úthlutunarnefnd þjónustuíbúða fyrir aldraða að Grænumörk 5 á Selfossi 1990–1998. Formaður nefndar dýralækna til ráðuneytis yfirdýralækni við inn-

flutning dýra 1992–1999. Ritari Dýralæknafélags Íslands 1964–1975 og formaður félagsins 1979–1982. Aðalhvatamaður að gerð flugvallar við Selfoss og í stjórn Flugklúbbs Selfoss um árabil.

Viðurkenningar: Heiðursfélagi sjálfstæðisfélagsins Óðins.

Maki (31. ágúst 1951): **Þórunn Einarsdóttir**, f. 15. maí 1931, húsmóðir.

For.: Einar Ólafsson, f. 1. maí 1896, bóndi í Lækjarhvammi í Reykjavík, d. 15. júlí 1991, og k.h. Berta Ágústa Sveinsdóttir, f. 31. ágúst 1896, húsmóðir, d. 28. mars 1968.

Börn þeirra: a) **Bertha Sigrún**, f. 22. maí 1953, sjúkraliði. Maki: Pétur Guðjónsson, f. 24. sept. 1958, rafmagnsverkfræðingur í Reykjavík. b) **Sigríður**, f. 5. jan. 1955, bóndi. Maki: Hjörleifur Ólafsson, f. 13. sept 1955, rafvirki og bóndi, Fossi, Hrunamannahr., Árn. c) **Einar**, f. 29. jan. 1958, húsasmíðameistari. Maki: Guðfinna Elín Einarsdóttir, f. 14. mars 1963, tækniteiknari og leirmunasmiður á Selfossi. d) **drengur**, f. 8. mars 1960, d. 9. mars s.á. e) **Ragnhildur**, f. 8. mars 1961, þroskaþjálfi. Maki: Anton Sigurjón Hartmannsson, f. 9. apríl 1960, sjómaður á Selfossi. f) **Guðbrandur**, f. 28. febr. 1962, húsasmíðameistari. Maki: Guðrún Edda Haraldsdóttir, f. 29. des. 1962, hárskeri á Selfossi. g) **Ingólfur Rúnar**, f. 29. sept. 1963, landfræðingur. Maki: Svanborg Berglind Þráinsdóttir, f. 1. jan. 1970, geislafræðingur í Kópavogi. h) **Sveinn Þórarinn**, f. 10. sept. 1965, pípulagningameistari. Maki: Selma Sigurjónsdóttir, f. 5. nóv. 1974, húsmóðir á Selfossi. i) **Brynhildur**, f. 8. júlí 1969, félagsliði. Maki: Guðjón Kjartansson, f. 27. ágúst 1966, símsmiður á Selfossi. j) **Matthildur**, f. 11. jan. 1976, búfræðingur. Maki: Hjörtur Bjarkar Halldórsson, f. 23. febr. 1976, viðskiptafræðingur í Reykjavík.

Jón Pálsson, f. 7. júní 1891 í Þingmúla í Skriðdal, S-Múl., d. 19. des. 1988 á Selfossi.

Faðir: **Páll Þorsteinsson**, f. 22. okt. 1863, óðalsbóndi, hreppstjóri í Tungu í Fáskrúðsfirði, d. 17. des. 1959. For.: Þorsteinn Jónsson, f. 7. maí 1832, bóndi í Víðivallagerði, d. 1909, og k.h. Sigurbjörg Hinriksdóttir, f. 1833, húsmóðir.

Móðir: **Elínborg Stefánsdóttir**, f. 18. des. 1867, húsmóðir í Tungu, d. 2. júní 1951. For.: Stefán Jónsson, f. 7. febr. 1815, bóndi í Þóreyjarnúpi, d. 1881, og k.h. Gróa Sveinsdóttir, f. 19. apríl 1829, húsmóðir, d. 28. ágúst 1912.

Námsferill: Tók 5. bekkjarpróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1913. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Den Kongelige Veterinær- og Landbohøjskole í Kaupmannahöfn 1918. Almennt dýralækningaleyfi í ágúst 1918.

Starfsferill: Aðstoðardýralæknir í tvö sumur með námi í Svedala, Skáni, Svíþjóð. Skipaður dýralæknir í Austfirðingafjórðungi 1918–1934. Skipaður héraðsdýralæknir í Suðurlandsumdæmi 1. apríl 1934, veitt lausn 31. des. 1961. Settur til að gegna dýralæknisstörfum í Reykjavík í nokkra mánuði 1942. Rak búskap samhliða dýralæknisstörfum bæði á Reyðarfirði og Selfossi.

Félags- og trúnaðarstörf: Einn af stofnendum Dýralæknafélags Íslands (DÍ) og formaður félagsins 1948–1958. Formaður Hestamannafélagsins Sleipnis 1938–1952. Formaður Hrossaræktarfélags Suðurlands 1949–1956. Sat í hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps í nokkur ár og í fyrstu hreppsnefnd Selfosshrepps.

Ritstörf: „Lungnaormar í sauðfé," grein í Búnaðarritinu 1928.

Viðurkenningar: Hin íslenska fálkaorða 1962. Heiðursfélagi DÍ 1984.

Maki (5. júlí 1918): **Áslaug Ólafsdóttir Stephensen**, f. 23. apríl 1895, húsmóðir, d. 30. okt. 1981.

For.: Ólafur Stephensen frá Viðey, f. 24. júlí 1863, guðfræðingur og prófastur, d. 10. mars 1934, og k.h. Steinunn Eiríksdóttir frá Karlsskála í Reyðarfirði, f. 1. febr. 1870, húsmóðir, d. 21. mars 1957.

Börn þeirra: a) **Garðar**, f. 22. nóv. 1919, skógarvörður, d. 25. okt. 2003. Maki: Móeiður Helgadóttir, f. 12. maí 1924. b) **Ólafur**, f. 29. mars 1922, forstjóri. Maki: Hugborg Benediktsdóttir, f. 27. febr. 1923, d. 23. okt. 2002. c) **Páll**, f. 22. ágúst 1924, tannlæknir. Maki: Þórhildur Svava Þorsteinsdóttir, f. 4. febr. 1931. d) **Helgi**, f. 4. febr. 1928, bankaútibússtjóri. Maki: Hallbjörg Teitsdóttir, f. 18. mars 1933, d. 30. mars 1998. e) fósturdóttir: **Steinunn Helga Sigurðardóttir**, f. 6. júní 1937. For.: Sigurður Kristinsson, f. 6. ágúst 1915, sjómaður í Reykjavík, og k.h. Ragnheiður Ólafsdóttir Stephensen, f. 15. jan. 1914, d. 22. jan. 1981, húsfreyja. Maki: Halldór Jónsson, f. 3. nóv. 1937, verkfræðingur.

Skyldleiki: Gunnlaugur Skúlason dýralæknir er systursonur Jóns og Tómas Jónsson dýralæknir er langafabarn hans.



Jón Pétursson, f. 23. júní 1930 á Egilsstöðum á Völlum, S-Múl.

Faðir: **Pétur Jónsson**, f. 23. okt. 1904, bóndi á Egilsstöðum á Völlum, d. 1. ágúst 1991. For.: Jón Bergsson, f. 25. maí 1855, verslunarstjóri, síðar kaupfélagsstjóri og bóndi á Egilsstöðum, d. 16. júlí 1924, og k.h. Margrét Pétursdóttir, f. 28. mars 1865, húsmóðir, d. 16. júlí 1944.

Móðir: **Elín Stephensen**, f. 19. okt. 1904, húsmóðir, d. 25. mars 1994. For.: Ólafur Magnússon Stephensen, f. 24. júlí 1863, prestur á Mosfelli, Grímsneshr., Árn., og síðar prófastur í Bjarnanesi, A-Skaft., síðast bóndi á Auðum á Vatnsleysuströnd, d. 10. mars 1934, og k.h. Steinunn Eiríksdóttir Stephensen, f. 1. febr. 1870, húsmóðir, d. 21. mars 1957.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum á Akureyri 1950. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Norges veterinærhøgskole (NVH) í Ósló 1957. Almennt dýralækningaleyfi á Íslandi 1. mars 1958. Lagði stund á nám við Moredun institute and Glensaugh research station Edinburgh, Skotlandi frá mars til apríl 1970, við NVH frá nóv. 1978 til og með ágúst 1979, við Statens forsøksgård for småfe, Høyland, Noregi í apríl 1980 og Tune Landbohøjskole á Sjálandi, Danmörku (loðdýrasjúkdómar) í maí og júní 1992. Námsferð til Englands til að kynnast nýjungum í gerð og starfsemi sláturhúsa í júní 1977.

Starfsferill: Aðstoðarmaður héraðsdýralæknis á Selfossi í fríum 1955–1957. Aðstoðardýralæknir í Borgarnesi frá sept. til okt. 1957. Héraðsdýralæknir í Austurlandsumdæmi frá 1. mars 1958 til 30. nóv. 1999 (umdæmið náði í upphafi frá Gunnólfsvíkurfjalli að Skeiðará, því var síðan skipt 1967 og héraðsdýralæknir kom á Hornafjörð, þá var því á ný skipt 1973 og minnkað um Bakkafjörð og Vopnafjörð og héraðsdýralæknir kom á Þórshöfn og síðast var umdæminu skipt 1977 og héraðsdýralæknir settist að á Breiðdalsvík fyrir svæðið sem nær frá Fáskrúðsfirði að Lónsheiði). Héraðs-

dýralæknir í Austurlandsumdæmi nyrðra frá 1. des. 1999 til 30. júní 2000. Héraðsdýralæknir á Blönduósi frá sept. 2000 til apríl-loka 2001. Eftirlitsdýralæknir í Búðardal, Króksfjarðarnesi og Óspakseyri frá sept. til okt. 2001. Héraðsdýralæknir á Hólmavík frá maí til júní 2003 og aftur 2004. Heilbrigðisfulltrúi á Fljótsdalshéraði og Borgarfirði eystra 1981–1989. Bóndi á Egilsstöðum 2 frá 1991.

Félags- og trúnaðarstörf: Sat í Áfengisvarnarnefnd Egilsstaðakauptúns 1958–1967. Formaður Dýralæknafélags Íslands (DÍ) 1975–1979. Sat í nefnd skipaðri til athugunar á nýtingu verðmæta úr sláturúrgangi 1977–1978. Sat í lyfjaverðlagsnefnd þegar fjallað var um verðlagningu dýralyfja 1979–2001. Sat í nefnd skipaðri af menntamálaráðuneytinu til að endurskoða lög um friðun hreindýra og eftirlit með þeim 1985–1986. Sat í Sauðfjársjúkdómanefnd 1981–1999. Formaður heilbrigðisnefndar Fljótsdalshéraðs og Borgarfjarðar eystra 1990–1994. Sat í siðanefnd DÍ 1995–2001. Starfaði í Rótarý-hreyfingunni frá 1964. Umdæmisstjóri Rotary International á Íslandi 1996–1997, í umdæmisráði 1995–2001. Fulltrúi íslensku Rótarý-hreifingarinnar á Löggjafarþingi Rotary International í Chicago í mars 2000.

Ritstörf: „Ormaveiki og varnir gegn ormasmiti í sauðfé," grein í Búnaðarblaðinu Frey, LXXVI árg. „Islandske studenter ved Norges veterinærhøgskole," grein í Norsk Veterinærtidskrift 93. árg. nr.7/8.

Viðurkenningar: Poul Harries orða Rotary International 1996.

Vítur: Hlaut vítur á aðalfundi DÍ 1977 vegna viðtals í Sjónvarpinu um hundahald í Reykjavík.

Maki: **Hulda Pálína Matthíasdóttir**, f. 4. nóv. 1930, starfsmaður í apótekum í Reykjavík og Ósló, síðar fulltrúi héraðsdýralæknis á Egilsstöðum.

For.: Matthías Stefánsson, f. 13. okt. 1897, rafvirki og bifreiðarstjóri í Reykjavík, d. 31. des. 1988, og k.h. Guðrún Kortsdóttir, f. 8. febr. 1900, húsmóðir, d. 1. jan 1999.

Börn þeirra: a) **Ólafur**, f. 14. febr. 1957, dýralæknir og framkvæmdastjóri á Akureyri. Maki: Edda Kristrún Vilhelmsdóttir, f. 18. sept. 1962, þjóðfélagsfræðingur. b) **Guðrún**, f. 9. mars 1958, cand.polit., lektor í Sogndal, Noregi. c) **Elín Hrund**, f. 15. júní 1964, leikskólakennari í Reykjavík. Maki: Þorsteinn Sigurðsson, framleiðslustjóri.

Skyldleiki: Ólafur Jónsson dýralæknir er sonur Jóns. Áslaug, kona Jóns Pálssonar dýralæknis, er móðursystir Jóns. Guðbjörg Þorvarðardóttir dýralæknir er þremenningur við föður Jóns. Tómas Jónsson dýralæknir er afabarn Áslaugar og Jóns Pálssonar.

Karl Freyr Karlsson, f. 18. mars 1972 í Reykjavík.

Faðir: **Karl Davíðsson**, f. 4. nóv. 1949, sjóntækjasérfræðingur á Akureyri. For.: Davíð Sigurðsson, f. 26. nóv. 1919, bílasali, síðast bús. í Reykjavík, d. 26. jan. 1980, og k.h. Jóna G. Ingimarsdóttir, f. 23. nóv. 1923, ritari, síðast í Reykjavík, d. 11. nóv. 1988.

Móðir: **Margrét Kristín Eyfells**, f. 16. maí 1951, húsmóðir, bús. á Akureyri. For.: Einar Eyfells, f. 12. jan. 1922, verkfræðingur, síðast bús. í Reykjavík, d. 7. sept. 1994, og k.h. Unnur Nikulásdóttir Eyfells, f. 21. jan. 1924, söngkona.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Fjölbrautaskólanum við Ármúla 1992. Stundaði nám í líffræði við Háskóla Íslands 1993–1994 og við Københavns Universitet 1994–1995. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Den Kongelige Veterinær- og Landbohøjskole í Kaupmannahöfn 2002. Almennt dýralækningaleyfi á Íslandi 2002.

Starfsferill: Verkefnisstjóri á sviði gæðastjórnunar við Norðlenska matborðið frá 2002.

Maki (5. ágúst 1995): **Sigríður Örvarsdóttir**, f. 14. júní 1972, textílhönnuður og kennari.

For.: Örvar Kristjánsson, f. 8. apríl 1937, tónlistarmaður, bús. í Reykjavík, og k.h. Hildur Svava Karlsdóttir, f. 29. ágúst 1942, læknaritari í Hveragerði.

Börn þeirra: a) **Margrét**, f. 28. nóv. 1993. b) **Katla**, f. 24. maí 1996. c) **Jökull**, f. 8. okt. 2000.

Karl Helmut Brückner-Kortsson, f. 17. okt. 1915 í Crimmitschau, Saxlandi, Þýskalandi.

Faðir: **Curt Brückner**, f. 11. apríl 1874, dr.med.vet., borgardýralæknir, d. 4. júní 1925. For.: Emil Brückner, f. 24. mars 1845, prófessor, kennaraskólastjóri í Schneeberg, Þýskalandi, d. 8. ágúst

1928, og k.h. Anna Brückner (f. Bonitz), f. 14. febr. 1845, húsmóðir, d. 6. apríl 1914.

Móðir: **Johanna Brückner** (f. Helling), f. 18. apríl 1883, húsmóðir, d. 8. nóv. 1960. For.: Albrecht Helling, f. 22. mars 1843, stórkaupmaður í Plauen, Saxlandi, d. 20. júlí 1933, og k.h. Alma Helling (f. Watzdorf), f. 21. ágúst 1840, húsmóðir, d. 21. nóv. 1913.

Námsferill: Tók stúdentspróf eða ígildi þess frá Gymnasium latínuskóla í Keilhau 1935. Lauk háskólaprófi frá Tierärztliche Hochschule í Hannover, Þýskalandi 16. mars 1940. Almennt dýralækningaleyfi á Íslandi 1. okt. 1980. Lauk doktorsprófi frá sama skóla 30. mars 1940. Leyfi fyrir dýralækna í opinberri þjónustu í Þýskalandi 1948. Nám í hitabeltissjúkdómum við Freie Universität, Berlín 1941, í búfjársæðingum í Lübeck, Þýskalandi 1949, í nautgripasjúkdómum við Tierärztliche Hochschule í Hannover 1972, í loðdýrasjúkdómum við háskólastofnun Celle-Hannover 1981.

Starfsferill: Liðsforingi og dýralæknir á spítala fyrir hesta 1940. Yfirdýralæknir 18. loftherdeildarinnar í Þýskalandi 1942. Borgardýralæknir í Flensborg, Þýskalandi 1945. Sjálfstætt starfandi dýralæknir í Hertogad, Láenborg, Þýskalandi í búfjársæðingum, aðgerðum gegn ófrjósemi og við umsjón með kynbótastarfsemi 1947. Stofnaði rauðakrossdeildina til að liðsinna flóttamönnum. Ráðinn héraðsdýralæknir í Rangárvallaumdæmi 20. maí 1950. Skipaður ræðismaður Sambandslýðveldisins Þýskalands 1954.

Félags- og trúnaðarstörf: Formaður þýsk-íslenska vinafélagsins á Suðurlandi 1954. Sat í stjórn Félags ræðismanna erlendra ríkja, Corps consulaire. Stofnaði Rótarý-klúbb Rangæinga 1965. Sat í stjórn Stúdentafélags Suðurlands 1966. Stofnandi Frímúrarareglunnar 1976. Formaður Heilbrigðisnefndar Rangárvallahrepps 1982.

Ritstörf: Hefur ritað ýmsar greinar í íslensk og erlend tímarit.

Viðurkenningar: Heiðursmerki 1940–1945. Heiðurskross 1. stigs Sambandslýðveldis Þýskalands 1971. Riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu 1986. Gullmerki dýralæknaháskólans í Hannover 1990.

Maki I: **Carmen Brückner** (f. Thoni), f. 31. maí 1914 í Nice, d. 4. maí 1994 í Reykjavík.

Börn þeirra: a) **Hans Brückner-Karlsson**, f. 4. febr. 1946, verkfræðingur. b) **Haraldur Brückner-Karlsson**, f. 25. mars 1947, verkfræðingur. c) **Helgi Brückner-Karlsson**, f. 6. nóv. 1950, sölustjóri. d) **Kristjana Brückner-Karlsdóttir**, f. 24. nóv. 1951, rekstrarstjóri.

Maki II (24. nóv. 1997): **Antje Brückner-Kortsson** (f. Lorenz), f. 6. jan. 1944, sjúkraliði.

For.: Alfred Lorenz, f. 27. sept. 1900, útgerðarmeistari Graal-Müritz, Þýskalandi, d. 3. mars 1959, og k.h. Ella Lorenz (f. Peters), f. 30. jan. 1907, húsmóðir, d. 17. maí 1988.

Katrín Helga Andrésdóttir, f. 11. mars 1956 á Stóra-Kroppi í Reykholtsdal, Borg.

Faðir: **Andrés Jóhannesson**, f. 20. des. 1931, búfræðingur, bóndi á Stóra-Kroppi, síðar kjötmatsformaður, nú bús. á Selfossi. For.: Jóhannes Erlendsson, f. 8. ágúst 1888 á Sturlu-Reykjum í Reykholtsdal, Borg., búfræðingur, bóndi og hreppstjóri á Sturlu-Reykjum, d. 29. júlí 1950, og k.h. Jórunn Kristleifsdóttir, f. 5. okt. 1897 á Stóra-Kroppi, húsmóðir, d. 27. maí 1972.

Móðir: **Sigríður Ágústsdóttir**, f. 9. nóv. 1933 í Reykjavík, búfræðingur, bóndi á Stóra-Kroppi og síðar fulltrúi í Reykjavík, nú á Selfossi. For.: Kristján Ágúst Jóhannesson, f. 1. febr. 1889 á Ísafirði, framkvæmdastjóri á Ísafirði, d. 15. maí 1941, og Sóley Þorsteinsdóttir, f. 6. mars 1912 í Bolungarvík, kaupkona í Reykjavík, d. 23. júlí 1988.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum við Hamrahlíð 1975. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Norges veterinærhøgskole í Ósló 1982. Almennt dýralækningaleyfi í Noregi í júní 1982 og á Íslandi 1984. Stundar mastersnám í Lýðheilsu (Public health) við Nordiska hälsovärdshögskolan í Gautaborg, Svíþjóð. Hefur sótt ýmsar ráðstefnur og endurmenntunarnámskeið á vegum norrænu dýralæknafélaganna og Háskóla Íslands.

Starfsferill: Dýralækningar í Alta og Kautokeino, Finnmörku, Noregi 1981. Dýralækningar í Mo i Rana, Nordland, Noregi 1981–1982. Dýralækningar í Rødøy, Norland, Noregi 1982–1984.

Sjálfstætt starfandi dýralæknir í uppsveitum Árnessýslu 1984–1986. Héraðsdýralæknir í Hreppaumdæmi 1984–1999. Héraðsdýralæknir í Suðurlandsumdæmi frá 1. des. 1999. Eftirlitsmaður hjá Vottunarstofunni Túni ehf. frá 1999.

Félags- og trúnaðarstörf: Fyrsti varaþingmaður Samfylkingar á Suðurlandi 1999–2002. Varamaður stjórnarformanns Vottunarstofunnar Túns ehf. frá 1999.

Ritstörf: Hefur ritað ýmsar blaðagreinar tengdar dýralækningum, aðallega í Bændablaðið og Morgunblaðið.

Maki: **Sveinn Ingvarsson**, f. 8. ágúst 1946, líffræðingur, M.Sc. í vistfræði, bóndi í Reykjahlíð.

For.: Ingvar Þórðarson, f. 29. sept. 1921 á Reykjum, Skeiðahr., Árn., bóndi í Reykjahlíð, og k.h. Sveinfríður Hersilía Sveinsdóttir, f. 27. ágúst 1923 á Mælifellsá, Lýtingsstaðarhr., Skag., bóndi.

Börn þeirra: a) **Sigríður Sóley**, f. 26. júlí 1991. b) **Ingvar Hersir**, f. 21. júní 1995.

Katrín Harðardóttir, f. 24. jan. 1963 í Reykjavík.

Faðir: **Hörður Helgason**, f. 27. mars 1923, stjórnmálafræðingur, sendiherra, bjó víða, síðast í Reykjavík, d. 9. júlí 1991. For.: Helgi Guðbjartsson, f. 6. okt. 1891, kaupmaður á Ísafirði og í Reykjavík, d. 15. júlí 1971, og k.h. Sigrún Júlíusdóttir, f. 7. jan. 1982, húsmóðir, d. 6. des. 1968.

Móðir: **Sarah Ross Helgason**, f. 20. maí 1926, húsmóðir. For.: John O. Boynton, f. 12. sept. 1899, Ph.D., kennari og skólastjóri í Flórída, Bandaríkjunum, d. 1982, og k.h. Sarah Boynton, f. 28. okt. 1907, húsmóðir.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum við Hamrahlíð 1982. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Den Kongelige Veterinær- og Landbohøjskole í Kaupmannahöfn 1989. Almennt dýralækningaleyfi í Danmörku 1989 og á Íslandi 1990.

Starfsferill: Starfaði við afleysingar í Húnavatnssýslu 1989. Hóf störf í Reykjavík í samstarfi við Dýraspítalann í Víðidal í jan. 1990. Meðeigandi í Dýraspítalanum í Víðidal frá 2001 og hefur starfað þar síðan.

Félags- og trúnaðarstörf: Varaformaður Kattavinafélags Íslands frá 1994. Meðstjórnandi í Dýralæknafélagi Íslands 2000–2003.

Maki (15. ágúst 1988): **Kristján Jónasson**, f. 27. mars 1964, jarðfræðingur.

For.: Jónas Kristjánsson, f. 5. febr. 1940, ritstjóri og rithöfundur á Seltjarnarnesi, og k.h. Kristín Halldórsdóttir, f. 20. okt. 1939, fyrrv. alþingismaður, framkvæmdastjóri.

Börn þeirra: a) **Katla**, f. 29. maí 1987. b) **Kári**, f. 10. okt. 1996.

Kirsten Henriksen, f. 22. mars 1920 í Kaupmannahöfn.

Faðir: **Ludvig Lauritz Henriksen**, f. 29. nóv. 1881, verslunarstjóri, d. 10. febr. 1956.

Móðir: **Sofie Elisabeth Lowi Henriksen**, f. Andersen, f. 2. febr. 1885, d. 10. febr. 1972.

Námsferill: Tók stúdentspróf í Kaupmannahöfn 1938. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Den kongelige Veterinær- og Landbohøjskole (KVL) í Kaupmannahöfn 1944. Almennt dýralækningaleyfi í Danmörku 1944.

Starfsferill: Aðstoðardýralæknir við Lyngby Dyrehospital í Danmörku frá júní 1944 til júní 1945. Aðstoðardýralæknir við KVL í Kaupmannahöfn, á klinik for mindre husdyr frá júní 1945 til 1. nóv. 1947. Smádýralækningar í Reykjavík frá 1948. Heilbrigðiseftirlit með sláturafurðum í Reykjavík og víðar 1948–1998.

Félags- og trúnaðarstörf: Meðstofnandi Dansk kvindeklub í Reykjavík og formaður klúbbsins 1956–1959.

Maki (22. júní 1946): **Páll Agnar Pálsson**, f. 9. maí 1919, dýralæknir, d. 10. júlí 2003.

For.: Páll Zóphóníasson, f. 18. nóv. 1886, búnaðarmálastjóri og alþingismaður, d. 1. des. 1964, og k.h. Guðrún Þuríður Hannesdóttir, f. 11. maí 1881, húsmóðir, d. 11. nóv. 1963.

Börn þeirra: a) **Hlín Helga**, f. 20. okt. 1949, kennari, M.Ed. Maki: Ólafur Guðmundsson, f. 4. júlí 1944, kennari. b) **Vigdís Hallfríður**, f. 12. ágúst 1951, hjúkrunarfræðingur. Maki (óg.) (skildu): Þórarinn Ólafsson, f. 2. des. 1950, verkfræðingur.

Kjartan Hreinsson, f. 30. jan. 1958 í Reykjavík.

Faðir: **Hreinn Jóhannsson**, f. 26. nóv. 1937, byggingameistari í Garðabæ. For.: Jóhann Magnús Hallgrímsson, f. 23. sept. 1911, byggingameistari í Reykjavík, d. 1. jan. 1982, og Guðrún Jónasdóttir, f. 24. júní 1914, matráðskona í Stykkishólmi.

Móðir: **Geirþrúður Guðrún Kjartansdóttir**, f. 10. júní 1935, skólaritari í Garðabæ. For.: Kjartan Ólafsson, f. 12. ágúst 1913 (1914), eldsmiður, járnsmiður og kafari, drukknaði við Færeyjar um 1946, og Sigríður Ingibjörg Þórarinsdóttir, f. 30. júní 1905, húsmóðir, d. 12. mars 1994.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1978. Tók sveinspróf í húsasmíði frá Iðnskólanum í Reykjavík 1979. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Norges veterinærhøgskole í Ósló 1984. Lauk réttindanámi heilbrigðisfulltrúa 1986.

Starfsferill: Almennar dýralækningar í Evenes, Noregi í þrjár vikur í apríl 1984, í Sand, Ryfylke, Noregi í sex vikur og í Flatanger, N-Þrændalögum, Noregi frá jan. til júní 1985. Dýralæknir á Keldum í afleysingum og við fleiri störf, m.a. krufningar og loðdýrasjúkdóma, frá júní til des. 1985. Almennar dýralækningar í Reykjavík á Dýraspítalanum í Víðidal í samstarfi við Brynjólf Sandholt héraðsdýralækni frá okt. 1985 til sept. 1989. Ráðgefandi dýralæknir hjá Sambandi loðdýraræktenda frá jan. til des. 1988. Framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Austurlandssvæðis frá maí 1989 til júlí 1994. Afleysingar um helgar og í sumarleyfum Jóns Péturssonar héraðsdýralæknis á Austurlandi. Auk afleysingar fyrir sæðingarmann á Héraði frá maí 1988 til júlí 1992. Sláturhússtjóri hjá Kaupfélagi A-Skaftfellinga og stjórnandi endurbyggingar sláturhúss og kjötpökkunarstöðvar frá 1. sept. 1995 til 30. júlí 1998. Heilbrigðisfulltrúi A-Skaft. (hlutastarf) frá ágúst 1994 til sept. 1995. Sjálfstætt starfandi við almennar dýralækningar í A-Skaft. (hlutastarf). Héraðsdýralæknir A-Skaft. frá 1. des. 1999. Auk þess heilbrigðisfulltrúi A-Skaft. frá febr. 1999 til mars 2000.

Félags- og trúnaðarstörf: Meðstjórnandi Handknattleiksdeildar Stjörnunnar í Garðabæ 1977–1978, varaformaður 1978–1979. Sat í hússtjórn Íslendingafélagsins í Ósló 1980–1984. Gjaldkeri Íslend-

ingafélagsins í Ósló 1982–1983. Formaður handknattleiksráðs Ungmennafélagsins Vals á Reyðarfirði 1989–1992. Formaður handknattleiksráðs Ungmenna- og íþróttasambands Austurlands 1990–1992. Fulltrúi í Sambandsstjórn Handknattleikssambands Íslands fyrir Austurland 1990–1994. Aðalmaður í sveitarstjórn Reyðarfjarðar fyrir óháða borgara 1990–1994 og í hafnarstjórn Reyðarfjarðar og ýmsum nefndum á vegum sveitarstjórnar á sama tíma. Aðalmaður í sveitarstjórn Reyðarfjarðar fyrir Framsóknarmenn og óháða borgara 1994. Forseti Kiwanisklúbbsins Óss 1998–1999. Meðstjórnandi í Hestamannafélaginu Hornfirðingi 1999–2002, formaður félagsins frá 2002. Varamaður í stjórn framhaldsskóla A-Skaft. til febr. 2003 (ráðherraskipaður), aðalmaður þar frá febr. 2003. Formaður framkvæmdanefndar Fjórðungsmóts hestamanna á Austurlandi 2003.

Ritstörf: Hefur þýtt og samið námsefni um refasæðingar ásamt Eggert Gunnarssyni dýralækni.

Maki (4. ágúst 1984): **Sigríður Árný Sævaldsdóttir**, f. 30. júní 1956, launafulltrúi.

For.: Guðni Sævaldur Jónsson, f. 7. ágúst 1934, sjómaður í Hafnarfirði, d. 6. nóv. 1989, og k.h. Þóra Eyjólfsdóttir, f. 8. sept. 1931, húsmóðir.

Börn þeirra: a) **Geirþrúður María**, f. 1. sept. 1985. b) **Ríkey**, f. 30. apríl 1989. c) **Sæþór Pétur**, f. 20. apríl 1993. d) **Jara**, f. 9. júlí 1995.

Konráð Konráðsson, f. 28. sept. 1957 í Reykjavík.

Faðir: **Konráð Guðmundsson**, f. 28. apríl 1930, fv. hótelstjóri í Reykjavík. For.: Guðmundur Einarsson, f. 24. júní 1892, forstjóri á Stokkseyri, bús. í Merkigarði, Stokkseyri, Árn., d. 18. okt. 1976, og k.h. Þorbjörg Ásgeirsdóttir, f. 23. okt. 1895, húsmóðir, d. 7. okt. 1970.

Móðir: **Edda Lövdal**, f. 14. ágúst 1929, húsmóðir í Reykjavík, fv. deildarritari. For.: Bertholt Auschütz, og Lovísa Einarsdóttir, f. 13. sept. 1907, kennari í Reykjavík, d. 22. apríl 1996.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum við Hamrahlíð 1977. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Norges veterinærhøgskole í Ósló 1983. Almennt dýralækningaleyfi í Noregi 7. jan. 1984 og á Íslandi 1987. Sérnám í Danmörku, fagdýralæknir í svínasjúkdómum, 1991–1993. Sérfræðingsleyfi í Danmörku vorið 1993.

Starfsferill: Dýralæknir í Noregi í apríl 1983 og júní og júlí s.á. í Þrændalögum. Dýralæknir í Byrkjelo, Noregi frá febr. 1984 til febr. 1987. Dýralæknir á Hellu frá febr. til ágúst 1987. Framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis frá 1. ágúst 1987 til 1. sept. 1991. Dýralæknir svínasjúkdóma hjá embætti yfirdýralæknis frá 1. sept. 1991 til 15. des. 1999. Faglegur framkvæmdastjóri Stjörnugríss Vallá, Kjalarnesi frá 15. des. 1999 til 1. febr. 2001. Dýralæknir svínasjúkdóma og svínaræktarráðunautur frá 1. febr. 2001.

Félags- og trúnaðarstörf: Störf á vegum Dýralæknafélags Íslands (DÍ), s.s. ritstjórn fréttarits DÍ og Dýralæknaritsins í nokkur ár. Ritari nefndar 1990–1994 til undirbúnings XVII. Norræna dýralæknaþingsins sem haldið var í Reykjavík í júlí 1994. Sat í nokkrum nefndum á vegum DÍ og landbúnaðarráðherra.

Maki (6. júlí 1985): **Ólafía Sigríður Hjartardóttir**, f. 12. okt. 1957, textílkennari.

For.: Hjörtur Bjarnason, f. 27. sept. 1936, bókari í Reykjavík, og k.h. (skildu) Ingibjörg Loftsdóttir, f. 11. júlí 1935, matráðskona í Reykjavík.

Börn þeirra: a) **Brynjar**, f. 24. júlí 1984, nemi. b) **Ingibjörg Helga**, f. 11. mars 1987, nemi. c) **Edda Björk**, f. 7. júlí 1992.

Kristín Silja Guðlaugsdóttir, f. 11. ágúst 1975 á Akranesi.

Faðir: **Guðlaugur Guðmundsson**, f. 18. des. 1942, bóndi í Arabæ, Gaulverjabæjarhr., Árn. For.: Guðmundur Magnússon, f. 26. okt. 1922, skrifstofumaður í Reykjavík, d. 24. ágúst 1986, og k.h. Unnur Jónsdóttir, f. 14. júní 1920, húsfreyja og bóndi í Deildartungu, Reykholtsdal, Borgarfirði.

Móðir: **Sigríður Fjóla Sigurrós Guðmundsdóttir**, f. 12. ágúst 1944, bóndi í Arabæ. For.: Guðmundur Lúther Sigurðsson, f. 27. maí 1909, sjómaður á Patreksfirði, d. 5. júní 1975, og Hjördís Þórarinsdóttir, f. 30. maí 1918, d. 28. des. 1997.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Fjölbrautaskóla Suðurlands 1995. Lauk B.Sc.-prófi í almennri líffræði frá Háskóla Íslands 1998. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Den Kongelige Veterinær- og Landbohøjskole í Kaupmannahöfn í des. 2003. Gestanemandi í þrjá mánuði við University of California, Veternary Medical Teaching Hospital, Davis, California sumarið 2003. Almennt dýralækningaleyfi í Danmörku 12. jan. 2004 og á Íslandi 10. mars 2004.

Starfsferill: Vann að rannsóknarverkefni við Lífeðlisfræðistofnun Háskóla Íslands ásamt því að vera styrkþegi úr aðstoðarmannasjóði HÍ frá sept. 1997 til mars 1998. Vann í afleysingum í Blóðbankanum við Barónsstíg sumarið 1999. Afleysingar við Tilraunastöð Háskóla Íslands að Keldum sumarið 2001. Aðstoðardýralæknir á Dýraspítalanum í Lögmannshlíð á Akureyri frá apríl til júní 2004.

Kristín Björg Guðmundsdóttir, f. 10. des. 1962 í Reykjavík.

Faðir: **Guðmundur G. Þórarinsson**, f. 31. okt. 1939, verkfræðingur í Reykjavík. For.: Þórarinn Bjarnfinnur Ólafsson, f. 12. júlí 1920, verkamaður og bifreiðarstjóri í Reykjavík, d. 7. maí 1977, og k.h. Aðalheiður Sigríður Guðmundsdóttir, f. 18. sept. 1922, húsmóðir, d. 14. febr. 1990.

Móðir: **Anna Björg Jónsdóttir**, f. 15. maí 1939, læknaritari í Reykjavík. For.: Jón Guðmann Bjarnason, f. 30. mars 1918, bifvélavirki í Reykjavík, og k.h. Guðbjörg Sveinbjarnardóttir, f. 26. apríl 1913, húsmóðir, d. 10. des. 1959.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum við Hamrahlíð 1982. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Den Kongelige Veterinær- og Landbohøjskole (KVL) í Kaupmannahöfn 1989. Almennt dýralækningaleyfi í Danmörku 31. jan. 1989 og á Íslandi

1. sept 1991. Lauk doktorsnámi í sýklafræði við KVL í Kaupmannahöfn 17. jan. 2003.

Starfsferill: Eftirlitsstörf hjá A/S Padborg Fjerkræslagteri í Danmörku í júní og júlí 1987. Leiðbeinandi á Stationær klinik for mindre husdyr og á Institut for Veterinær Patologi við KVL í Kaupmannahöfn á vorönn 1988. Settur héraðsdýralæknir í Barðastrandarumdæmi í apríl og maí 1988. Settur héraðsdýralæknir í Snæfellsnesumdæmi í júlí og ágúst 1988. Almenn dýralæknisstörf hjá Kværndrup-Espe-Ringe Dyrlægerne á Fjóni, Danmörku frá febr. 1989 til ágúst 1991. Settur héraðsdýralæknir í Barðastrandarumdæmi í sept. og okt. 1991. Rannsóknastörf á Dýrasjúkdómadeild yfirdýralæknisembættisins á Keldum frá nóv. 1991. Helgarvaktir og sumarafleysingar á Dýralækningastofu Helgu Finnsdóttur á árunum 1991–1994.

Ritstörf: „Listeria monocytogenes in Animals in Iceland," doktorsritgerð frá KVL í Kaupmannahöfn í des. 2002.

Maki (5. des. 1996): **Árni Sigurðsson**, f. 30. nóv. 1955, veðurfræðingur.

For.: Sigurður Kristján Árnason, f. 20. sept. 1925, húsasmíðameistari og listmálari á Seltjarnarnesi, og k.h. Vilborg Vigfúsdóttir, f. 9. nóv. 1929, skrifstofumaður.

Börn þeirra: a) **Sigurður Kári**, f. 1. febr. 1993. b) **Guðmundur Garðar**, f. 2. júní 1995.

Lars Hansen, f. 23. apríl 1958 á Öxnalæk, Ölfushr., Árn.

Faðir: **Jacob Hansen**, f. 9. febr. 1925, bóndi á Öxnalæk, d. 18. des. 1976. For.: Anders Hansen, f. 18. sept. 1890, bóndi í Kokkenborg, Jótlandi, Danmörku, d. 10. mars 1965, og k.h. Anna Hansen, f. 25. maí 1895, d. 4. sept. 1987.

Móðir: **Margrét Guðrún Hansen**, f. 24. febr. 1922. For.: Jón Bergsson, f. 14. febr. 1880, kennari og myndlistarmaður á Ólafsfirði, d. 3. júní 1968, og k.h. Þorgerður Jörundsdóttir, f. 15. sept. 1881, d. 30. sept. 1950.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum að Laugarvatni 1978. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Den Kongelige Veterinær- og Landbohøjskole í Kaupmannahöfn í jan. 1985. Almennt dýralækningaleyfi í Danmörku í febr. 1985 og á Íslandi í des. 1985. Lauk M.Sc.-prófi í fisksjúkdómafræðum frá Stirlingháskóla í Skotlandi 1986–1987.

Starfsferill: Starfaði á námsárum 1982–1983, frá júní til ágúst hvort ár, á Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Starfsmaður í sláturhúsi í Vojens og Struer, Danmörku frá júní til ágúst 1984. Settur útibússtjóri Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins í Neskaupstað frá 1. júní til 31. des. 1985. Aðstoðarmaður dýralæknis fisksjúkdóma frá 15. okt. 1987 til 31. ágúst 1988. Settur dýralæknir fisksjúkdóma frá 1. sept. 1988 til 30. sept. 1989. Starfaði við lyfjafyrirtækið Smith Kline Beecham frá 1. mars 1990 til 31. mars 1995. Stundaði almennar dýralækningar á Suðurlandi frá 1. apríl til 31. des. 1995. Hefur starfað við Dýralæknaþjónustu Suðurlands frá 1. jan. 1996. Afleysingar fyrir héraðsdýralækna í Búðardal, á Selfossi, Hellu, Hvolsvelli, Skógum og á Höfn ýmis styttri tímabil, s.s. sumarfrí, veikindafrí o.s.frv.

Félags- og trúnaðarstörf: Hefur setið í stjórn Dýralæknaþjónustu Suðurlands frá jan. 1996.

Maki (21. júní 1997): **Gerður Þórisdóttir**, f. 28. apríl 1959, kennari.

For.: Þórir Þorgeirsson, f. 14. júlí 1917, íþróttakennari, oddviti Laugardalshr., d. 25. júní 1997, og k.h. Esther Matthildur Kristinsdóttir, f. 22. febr. 1932, íþróttakennari.

Börn þeirra: a) **Sara**, f. 6. okt. 1993. b) **Aron**, f. 8. júní 1995. c) **Jakob Þórir**, f. 11. maí 2002.

Laufey Haraldsdóttir, f. 21. maí 1966 á Akureyri.

Faðir: **Haraldur Hannesson**, f. 11. ágúst 1926 í Víðigerði, Eyjaf., bóndi í Víðigerði. For.: Hannes Ingibergur Kristjánsson, f. 28. apríl 1887, bóndi í Víðigerði, d. 7. ágúst 1970, og k.h. Laufey Jóhannesdóttir, f. 8. apríl 1893, húsmóðir, d. 26. ágúst 1985.

Móðir: **Sólveig Benný Jóhannsdóttir**, f. 25. des. 1932, verkakona og húsmóðir í Víðigerði, d. 30. nóv. 2001. For.: Jóhann Hávarður Angantýsson, f. 9. okt. 1898, sjómaður og verkamaður á Akureyri, d. 15. maí 1990, og k.h. Hildur Pálsdóttir, húsmóðir, f. 11. júlí 1906, d. 22. apríl 1987.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Verkmenntaskólanum á Akureyri 1987. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Norges veterinærhøgskole í Ósló 1995. Almennt dýralækningaleyfi á Íslandi 2. des. 1996. Lauk sjúkraliðaprófi 1988. Réttindi heilbrigðisfulltrúa 1998.

Starfsferill: Almennar dýralækningar í Noregi samhliða námi frá des. 1993 til jan. 1995. Héraðsdýralæknir Hreppaumdæmis í afleysingum frá júní til des. 1995. Héraðsdýralæknir Strandaumdæmis 1996–1999. Almennar dýralækningar í Ísafjarðarumdæmi 1996–1999. Heilbrigðisfulltrúi hjá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra síðan í maí 1999. Úttektarmaður hjá lífrænu vottunarstofunni Túni ehf. frá 1999. Sat í norrænni nefnd dýralækna sem fjallaði um smáskammtalækningar á dýrum (samstarfsverkefni Norðurlandanna fimm) 2001–2003. Fulltrúi yfirdýralæknis í nefnd sem skipuð var af landbúnaðarráðherra og sem fjalla á um mögu-

leika á sölu landbúnaðarafurða beint af búum ferðaþjónustubænda og eftir atvikum annarra bænda 2004.

Félags- og trúnaðarstörf: Meðstjórnandi í stjórn Skógræktarfélags Skagafjarðar 1999–2002 og ritari og varaformaður félagsins frá 2002. Varamaður í stjórn Sparisjóðs Hólahrepps 2001–2003. Gjaldkeri Kvenfélags Hólahrepps frá 2001. Hefur verið í varastjórn Skógræktarfélags Íslands frá 2002. Sat í varastjórn Dýralæknafélags Íslands 2003–2004 og ritari stjórnar þess frá 2004.

Maki (óg.): **Höskuldur Jensson**, f. 11. nóv. 1968, dýralæknir.

For.: Jens Pétursson, f. 15. ágúst 1929, bóndi í Hellubæ, síðar húsasmíðameistari í Reykjavík, og k.h. Gíslína Perla Höskuldsdóttir, f. 8. febr. 1935, bóndi og húsmóðir í Hellubæ, d. 22. okt. 1983.

Barn þeirra: a) **Gísli**, f. 28. okt. 2000.

Líney Emma Jónsdóttir, f. 11. ágúst 1967 í Reykjavík.

Faðir: **Jón Baldur Sigurðsson**, f. 8. okt. 1937, dýrafræðingur í Mosfellsbæ. For.: Sigurður Páll Samúelsson, f. 7. nóv. 1910, verkstjóri í Reykjavík, d. 23. nóv. 1993, og k.h. Þórunn Jónsdóttir, f. 30. ágúst 1914, húsmóðir, d. 6. júní 2000.

Móðir: **Teng Gee Lee**, f. 7. júní 1936 í Singapúr, framkvæmdastjóri. For.: Lee Chee Shan, f. 1909, bankastjóri í Singapúr, d. 1986, og k.h. Aw Cheng Hu, húsmóðir, f. 8. jan. 1914.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum að Laugarvatni 1988. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Tierärztliche Hochschule í Hannover, Þýskalandi 1997.

Starfsferill: Sjálfstætt starfandi dýralæknir frá nóv. 1997. Afleysingar á Dýraspítalanum í Víðidal frá nóv. 1997 til jan. 1999. Markaðsfulltrúi dýralyfja hjá Ísfarm ehf. frá maí 1999, ásamt hefðbundnum dýralæknastörfum.

Maki: **Jón Pétur Ólafsson**, f. 30. mars 1957, búfræðingur og múrarameistari.

For.: Ólafur Hermann Eyjólfsson, f. 17. ágúst 1927, loftskeyta-

maður í Hafnarfirði, d. 15. ágúst 1997, og k.h. Guðrún Jónsdóttir, f. 19. apríl 1931, þjónustufulltrúi hjá Símanum í Hafnarfirði.

Barn hennar: a) **Sóley Tómasdóttir**, f. 30. júní 1994. Barn þeirra: b) **Baldur Logi**, f. 9. des. 2000. Stjúpbörn Líneyjar Emmu og börn Jóns Péturs: Höskuldur, f. 4. júní 1981, og Guðrún, f. 29. ágúst 1987.

Lísa Bjarnadóttir, f. 8. des. 1969 í Hafnarfirði.

Faðir: **Bjarni Sævar Róbertsson**, f. 18. sept. 1946, bifvélavirki. For.: Róbert Bjarnason, f. 5. jan. 1917, skrifstofustjóri, d. 30. júní 2000, og k.h. Þórlaug Guðmundsdóttir, f. 22. nóv. 1922, húsmóðir, d. 22. júní 1993.

Móðir: **Nanna Guðrún Ásmundsdóttir**, f. 25. ágúst 1946, sjúkraliði. For.: Ásmundur J. Aðalsteinsson, f. 20. des. 1921, sjómaður, og k.h. Guðrún Jónsdóttir, f. 13. nóv. 1922, húsmóðir, d. 28. febr. 2002.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Flensborgarskólanum í Hafnarfirði 1989. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Freie Universität í Berlín 1. apríl 1999. Almennt dýralækningaleyfi á Íslandi í maí 1999.

Starfsferill: Afleysingar héraðsdýralæknis Dalasýslu í maí 1999. Afleysingar héraðsdýralækna í Borgarfjarðar- og Mýraumdæmi frá júní til ágúst 1999. Sjálfstætt starfandi í Borgarfjarðar- og Mýrasýsluumdæmi frá ágúst 1999, fyrst í fullu starfi til des. 1999, síðar í hálfu starfi fram til maí 2001. Eftirlitsdýralæknir í Kjósarumdæmi, fyrst í fullu starfi frá des. 1999 til okt. 2000, þá í 60% starfi á móti sjálfstæðum rekstri í Borgarfirði og á Mýrum fram til maí 2001. Síðan á Dýraspítalanum í Víðidal frá maí 2001.

Maki (óg.): **Halldór Benediktsson**, f. 22. nóv. 1969, húsasmiður.

For.: Benedikt Elínbergsson, f. 9. sept. 1941, bifreiðarstjóri í Hafnarfirði, og k.h. Ingibjörg Benediktsdóttir, f. 17. okt. 1942, húsmóðir.

Börn þeirra: a) **Aron Breki**, f. 18. ágúst 1998 í Reykjavík. b) **Óskírður** drengur, f. 15. apríl 2004 í Reykjavík.

Magnús Einarsson, f. 16. apríl 1870 á Höskuldsstöðum í Breiðdal, S-Múl., d. 2. okt. 1927 í Reykjavík.

Faðir: **Einar Gíslason**, f. 9. des. 1838, hreppstjóri og alþingismaður á Höskuldsstöðum, d. 8. júlí 1887. For.: Gísli Þorvarðarson, f. 24. ágúst 1809, bóndi á Höskuldsstöðum, d. 8. júlí 1866, og k.h. Ingibjörg Einarsdóttir, f. 1807, húsmóðir, d. 1. nóv. 1876.

Móðir: **Guðrún Helga Jónsdóttir**, f. 6. maí 1840, húsmóðir, d. 17. júní 1918. For.: Jón Einarsson, f. 27. ágúst 1805, bóndi á Gilsá í Breiðdal, d. 31. jan. 1849, og k.h. Ragnheiður Jónsdóttir, f. 19. febr. 1811, húsmóðir, d. 13. ágúst 1897.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Latínuskólanum í Reykjavík 1891. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Den Kongelige Veterinær- og Landbohøjskole í Kaupmannahöfn 1896. Almennt dýralækningaleyfi á Íslandi 1896. Sótti Norrænt dýralæknamót í Stokkhólmi 1921 og Norrænt dýralæknamót í Danmörku 1926.

Starfsferill: Dýralæknir Suður- og Vesturamtsins frá 1. nóv. 1896 til 1916. Dýralæknir Suðuramtsins frá 1916 til dánardags.

Félags- og trúnaðarstörf: Bæjarfulltrúi í Reykjavík 1903–1908. Í niðurjöfnunarnefnd 1917–1923, formaður 1921–1923. Einn af styrktarmönnum Búnaðarfélags Íslands frá stofnun félagsins 1899 og endurskoðandi félagsins um langt skeið. Einn stofnenda og fyrsti formaður Árvakurs hf., útgáfufélags Morgunblaðsins. Formaður Oddfellowreglunnar í Reykjavík um skeið.

Ritstörf: „Um fjárkláða," Reykjavík 1897. „Aðflutningsbann," Reykjavík 1909. „Dýralækningabók," Reykjavík 1931. Einn stofnenda og meðútgefandi Búnaðarblaðsins Freys 1904–1909.

Maki: **Ásta Sigríður Arinbjörnsson**, f. 5. des. 1877, húsmóðir, d. 27. mars 1959.

For.: Lárus Sveinbjörnsson, f. 31. ágúst 1834, dómstjóri í Reykjavík, d. 7. jan. 1910, og k.h. Jörgína Thorgrímsen, f. 25. apríl 1849, d. 6. des. 1915.

Börn þeirra: a) **Lárus**, f. 5. júní 1902, lauk prófi í líffærafræði við Háskólann í Árósum, Danmörku, d. 14. ágúst 1969. b) **Guðrún**, f. 22. maí 1908. c) **Helga**, f. 23. mars 1912, d. 14. okt. 1997. d) **Birgir**, f. 24. des. 1914.



Magnús Hinrik Guðjónsson, f. 8. júní 1954 í Reykjavík.

Faðir: **Guðjón Vilberg Magnússon**, f. 18. apríl 1931, rafvirkjameistari og bifreiðarstjóri. For.: Magnús Guðjónsson, f. 27. ágúst 1899, bifvélavirki, d. 19. apríl 1991, og k.h. Bjargey Guðjónsdóttir, f. 4. apríl 1907.

Móðir: **Erla Gertrude Dürr**, f. 6. nóv. 1935, verslunarmaður í Reykjavík. For.: Eugen Heinrich Dürr, f. 4. júlí 1910, verkfræðingur í Þýskalandi, d. 22. des. 1969, og Sigrún Ástrós Eiríksdóttir, f. 2. júní 1911, húsmóðir í Reykjavík, d. 7. ágúst 1990.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum við Tjörnina 1974. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Norges veterinærhøgskole í Ósló 1982. Almennt dýralækningaleyfi á Íslandi 7. des. 1983. Stundaði nám í landbúnaðarfræðum við University of Manitoba, Bandaríkunum 1975–1977. Sótti tveggja mánaða námskeið í umhverfisfræðum við Nordiska Hälsovårdhögskolan í Gautaborg, Svíþjóð 1991, tveggja mánaða námskeið í faraldsfræði og tölfræði við sama skóla 1994 og tveggja mánaða námskeið í norrænni dýraheilbrigðisstjórnun 1997. Lauk M.Ph.-prófi frá sama skóla 2004.

Starfsferill: Aðstoðarmaður héraðsdýralæknis í Rennesøy, Ytre Ryfylke, Noregi í apríl 1982. Aðstoðarmaður héraðsdýralæknis í Overhalla, Namdalen, Noregi frá 15. júlí til 15. ágúst 1982. Sjálfstætt starfandi dýralæknir í Sømna, Helgeland, Noregi frá 15. jan. til 15. júlí 1983. Sjálfstætt starfandi dýralæknir í Reykjavíkurumdæmi frá 17. júní 1983 til 30. júní 1985. Héraðsdýralæknir án fastrar búsetu, í 50% starfshlutfalli, frá 25. jan. til 30. júní 1984. Framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra frá 1. júlí til 31. des. 1985. Framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja frá 10. febr. 1986.

Félags- og trúnaðarstörf: Í stjórn Dýralæknafélags Íslands (DÍ) 1986–1991, formaður 1988–1991. Sat í stjórn Vísindasjóðs DÍ 1995–1997. Sat í undirbúningsnefnd fyrir XVII. Norræna dýralæknaþingið sem haldið var í Reykjavík 1994. Sat í stjórn nemendaráðs Nordiska hälsovårdhögskolan 1994–2000. Fulltrúi nemenda í kennsluráði skólans 1994–1996 og í stjórn skólans 1996–2000. Hefur setið í stjórn Krabbameinsfélags Suðurnesja frá 1996. Fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga í Íslensku vatnafræðinefndinni frá 2001. Ráðgjafi Sambands íslenskra sveitarfélaga í umhverfis- og matvælamálum Evrópusambandsins frá 2002. Sat í yfirkjörstjórn Keflavíkur og síðar Reykjanesbæjar 1990–2000. Formaður nefndar sjávarútvegsráðuneytisins um matvælaeftirlit í sjávarútvegi. Á sæti í nefnd menntamálaráðuneytisins um framtíðarskipulag Tilraunastöðvarinnar að Keldum. Hefur gegnt fjölmörgum trúnaðarstörfum fyrir Sjálfstæðisflokkinn, þar á meðal sem formaður fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna í Keflavík og síðar Reykjanesbæ 1993–1999. Skipaður í stjórn Háskólaseturs Suðurnesja, Sandgerði, í mars 2004.

Ritstörf: „Piperazinforgiftning hos hund med kronisk nyresvikt," grein í Norsk Veterinærtidsskrift 1982, 94, 4. sérprentun. „The outbreak of Salmonella typhimurium DT204b in Europe in the year 2000," lokaritgerð (Master of Public Health) við Nordiska hälsovårdhögskolan (The Nordic School of Public Health), Gautaborg, Svíþjóð 2004.

Maki I (skildu): **Ingibjörg Bragadóttir**, kennari.

Barn þeirra: a) **Bragi Hinrik**, f. 21. sept. 1973, rekstrarfræðingur. Maki: Svandís Magnúsdóttir, f. 8. júní 1973, hárgreiðslumeistari.

Maki II (18. mars 1987): **Ása Valgerður Einarsdóttir**, f. 29. nóv. 1953, framhaldsskólakennari.

For.: Einar Jóhannesson, f. 27. ágúst 1927, skurðlæknir í Svíþjóð, d. 30. júní 1996, og Hulda Engilbertsdóttir, f. 22. okt. 1931, húsmóðir í Reykjavík.

Börn þeirra: b) **Erla Dürr**, f. 19. mars 1986, nemi. c) **Hulda**, f. 3. apríl 1991. Fóstursonur Magnúsar og sonur Ásu Valgerðar: Einar Þorgeirsson, f. 15. mars 1981, nemi.

Margrét Ellertsdóttir, f. 8. júní 1959 í Reykjavík.

Faðir: **Ellert Guðmundsson**, f. 13. mars 1930, skipstjóri í Reykjavík. For.: Guðmundur Árnason, f. 9. sept. 1877, bóndi, síðar fisksali í Reykjavík, d. 24. febr. 1954, og k.h. Marsibil Björnsdóttir, f. 8. júní 1889, húsmóðir, d. 4. apríl 1940.

Móðir: **Sigríður Marta Sigurðardóttir**, f. 28. ágúst 1931, húsmóðir í Reykjavík. For.: Sigurður Sigurðsson, f. 7. maí 1905, bankamaður í Reykjavík, d. 11. maí 1955, og k.h. Hrafnhildur Pétursdóttir, f. 5. febr. 1912, skipsþerna, d. 13. ágúst 1966.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum við Hamrahlíð 1978. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Norges veterinærhøgskole (NVH) í Ósló 1985. Almennt dýralækningaleyfi í Noregi 20. des. 1985 og á Íslandi 1990.

Starfsferill: Afleysingar við Dýraspítalann í Sandnes, Noregi frá 20. des. 1985 til 3. jan. 1986. Starfaði á Líffærafræðideild NVH frá 3. jan. til 30. mars 1986. Dýralæknir í Tydal í Suður-Þrændalögum, Noregi frá 1. apríl 1986 til 1. sept. 1989. Dýralæknir alifuglasjúkdóma hjá embætti yfirdýralæknis frá 1. júní 1990 til 1. júní 1991. Dýralæknir í Tydal frá 1. júlí 1991 til 10. ágúst 1995. Dýralæknir í Grimstad, Noregi frá 20. ágúst 1995 til 1. júlí 1996. Dýralæknir í Tydal frá 10. júlí 1996.

Maki I (24. des. 1982) (skildu): **Magnús Magnússon**, f. 24. nóv. 1944, atvinnurekandi í Ljusdal, Svíþjóð.

For.: Magnús Magnússon, bakari í Reykjavík, og k.h. Sólveig Dagmar Erlendsdóttir, húsmóðir.

Börn þeirra: a) **Hilmar**, f. 14. apríl 1988. b) **Sigríður Marta**, f. 9. des. 1989.

Maki II (30. okt. 2001): **John Inge Sörensen**, f. 6. okt. 1951, atvinnurekandi.

For.: John Sörensen, f. 12. júní 1908, bakari í Selbu, Noregi, d. 16. jan. 1995, og k.h. Ingfrid Sörensen, f. 20. maí 1912, starfaði við veitingarekstur.

Margrét Katrín Guðnadóttir, f. 9. maí 1972 á Ísafirði.

Faðir: **Guðni Ásmundsson**, f. 9. sept. 1938, húsasmíðameistari á Ísafirði. For.: Ásmundur Guðnason, f. 24. febr. 1908 á Djúpavogi, S-Múl., sjómaður og iðnverkamaður á Djúpavogi og í Reykjavík, d. 26. nóv. 1982, og k.h. Guðfinna Gísladóttir, f. 21. nóv. 1902 á Kambsnesi, Dal., ljósmóðir á Djúpavogi og í Reykjavík, d. 9. apríl 1984.

Móðir: **Sigrún Vernharðsdóttir**, f. 29. júní 1940, grunnskólaleiðbeinandi á Ísafirði. For.: Hermann Vernharð Jósepsson, f. 12. ágúst 1906 á Atlastöðum í Fljótavík, N-Ís., bóndi í Fljótavík og Hnífsdal, N-Ís., d. 9. maí 1982, og k.h. Þórunn María Friðriksdóttir, f. 4. júní 1905 í Efri-Miðvík, Sléttuhr., N-Ís., húsmóðir, d. 18. nóv. 1996.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum á Ísafirði 1993. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Den Kongelige Veterinær- og Landbohøjskole í Kaupmannahöfn 2002. Almennt dýralækningaleyfi á Íslandi 1. maí 2002.

Starfsferill: Sjálfstætt starfandi dýralæknir í Borgarfjarðar- og Mýrarsýsluumdæmi ásamt Dalaumdæmi frá 1. maí 2002. Staðgengill héraðsdýralæknisins á Ísafirði í sumarleyfum árin 2001 og 2002 og auk þess nokkrar vikur á árunum 2002 og 2003.

Maki (14. ágúst 1999): **Jón Arnar Sigurþórsson**, f. 9. júlí 1971, nemi.

For.: Sigurþór Lúðvík Sigurðsson, f. 21. apríl 1948 í Reykjavík, verkamaður í Danmörku, og k.h. Jakobína Pálsdóttir Jónsdóttir, f. 17. nóv. 1948 á Bíldudal, verkakona.

Barn þeirra: a) **Helena Jakobína**, f. 13. júlí 2000.

Nanna Lúthersson, f. 8. okt. 1965 í Danmörku.

Faðir: **Pétur Bergholt Lúthersson**, f. 2. sept. 1936, húsgagna- og innanhúsarkitekt í Reykjavík. For.: Lúther Jónsson, f. 22. sept. 1892, bóndi á Valshamri, Skógarströnd, Snæf., d. 28. apríl 1974, og Kristín Pétursdóttir, f. 21. nóv. 1890, húsfreyja og saumakona á Harrastöðum, Miðdölum, Dal., d. 18. febr. 1984.

Móðir: **Birgitte Patt Lúthersson**, f. 19. nóv. 1940, útstillingahönnuður í Reykjavík. For.: Christian Patt, f. 8. maí 1912, kennari og hljóðfærasmiður í Sviss, og Leonie Patt, f. 24. apríl 1912, húsfreyja í Sviss.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum við Hamrahlíð 1984. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Den Kongelige Veterinær- og Landbohøjskole í Kaupmannahöfn 1992. Almennt dýralækningaleyfi í Danmörku 1. febr. 1992.

Starfsferill: Vann hjá Dyrlæge Henning Fougt, Jerslev, Sjælland, Danmörku, frá febr. 1992 til mars 1996, Sneslev Dyreklinik frá febr. 1996 til mars 2001, Højelse Dyreklinik 2001 og Brogaardens Korn og Føder, Lampang Pony Clinic, Lampang Taílandi frá sept. 2003.

Félags- og trúnaðarstörf: Átti þátt í stofnun Lampang Pony Welfare Organization og fékk styrk frá Alþjóðlegu Dýrahjálparstofnunni í London (WSPA) til að setja á laggirnar Lampang Pony Clinic í Taílandi í sept. 2003.

Ritstörf: „Fodring af heste," 20 faglegar greinar um fóðrun og sjúkdóma hrossa sem birtar voru í tímaritinu Ridehesten Hippologisk frá 2001 til 2003. Höfundur að bók um fóðrun hrossa sem kemur út í Danmörku í sept. 2004.

Maki: **Ole Pedersen**, f. 28. mars 1963, prófessor í Kaupmannahöfn.

For.: Svend Ove Pedersen, f. 25. mars 1928, bakari í Danmörku og Gudrun Jensine Pedersen, f. 5. mars 1931.

Börn þeirra: a) **Jakob**, f. 4. des. 1989. b) **Kamilla**, f. 3. ágúst 1993.

Oddur Rúnar Hjartarson, f. 8. maí 1931 í Vatnsholti, Grímsneshr., Árn.

Faðir: **Hjörtur Jóhannsson**, f. 6. des. 1901, bifreiðarstjóri í Reykjavík, d. 3. mars 1996. For.: Jóhann Magnússon, f. 15. des. 1857, landpóstur og bóndi að Hofsstöðum í Helgafellssveit, Snæf., d. 2. des. 1910, og k.h. Ingibjörg Þorsteinsdóttir Bergmann, f. 10. sept. 1865, húsmóðir á Hofsstöðum, síðar í Stykkishólmi og Reykjavík, d. 22. sept. 1949.

Móðir: **Guðmundína Guðmundsdóttir**, f. 28. maí 1899, húsmóðir í Reykjavík, d. 4. sept. 1997. For.: Guðmundur Jóhannesson, f. 28. sept. 1860, sjómaður í Reykjavík, d. 26. apríl 1913, og k.h. Sigríður Ólafsdóttir, f. 1. júní 1860, húsmóðir, d. 12. júní 1899.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1953. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Norges veterinærhøgskole (NVH) í Ósló í des. 1959. Almennt dýralækningaleyfi á Íslandi 14. jan. 1960. Framhaldsnám í Veterinary Public Health, við NVH frá jan. til des. 1966. Stundaði sama nám við ýmsar stofnanir í Danmörku frá jan. til mars 1968. Lærði miljömedicin við Nordiska hälsovårdhögskolan í Gautaborg, Svíþjóð frá febr. til mars og sept. til okt. 1987. Réttindanám í heilbrigðisskoðun á kjöti til útflutnings í Noregi 1966. Námskeið í Bandaríkjunum um slátrun, heilbrigðisskoðun sauðfjár og nautgripa ásamt kröfum sem gerðar voru um kjötinnflutning til Bandaríkjanna frá nóv. til des. 1968. Námskeið í sauðfjárslátrun og heilbrigðisskoðun kjöts í Noregi frá sept. til okt. 1971. Námskeið í gæðaeftirlit með mjólk og mjólkurvörum ásamt tækjabúnaði mjólkurstöðva í Danmörku, Svíþjóð og Noregi í maí 1981. Námskeið í aðgerðum gegn salmonellasmiti í kjúklingum, skipulagi eftirlits með aukaefnum í innfluttum matvælum og öflun gagna í Svíþjóð og Finnlandi vegna væntanlegrar endurskoðunar íslenskrar matvælalöggjafar o.fl. í júní 1982.

Starfsferill: Aðstoðardýralæknir í Selfossumdæmi frá júní til ágúst 1958. Sjálfstætt starfandi dýralæknir í Borgarfirði frá 14. jan.

til 11. júlí 1960. Settur héraðsdýralæknir til að gegna Borgarfjarðarumdæmi, skipaður í embættið 1. jan. 1962. Settur heilbrigðisráðunautur við Heilbrigðiseftirlit ríkisins frá 1. okt. 1978 til 1. okt. 1979. Starfaði við gæða- og hreinlætiseftirlit hjá Iceland Seafood Corp. í Bandaríkjunum 5. sept. 1979 til 5. sept. 1980. Settur heilbrigðisráðunautur hjá Heilbrigðiseftirliti ríkisins öðru sinni frá 25. sept. 1980, skipaður í embættið frá 1. apríl 1981 til 1. ágúst 1982 (en þá var nafni Heilbrigðiseftirlits ríkisins breytt í Hollustuvernd ríkisins). Deildardýralæknir hjá Hollustuvernd ríkisins frá 1. ágúst til 1. des. 1982. Framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkursvæðis frá 15. nóv. 1982 til 1. júní 2001. Prófdómari og stundakennari við Bændaskólann á Hvanneyri 1960–1970. Stundakennari í heilbrigðisfræðum við læknadeild Háskóla Íslands 1984–1994.

Félags- og trúnaðarstörf: Vann að tilraunum á vegum yfirdýralæknisembættisins við aflífun sauðfjár með rafmagni í Sláturhúsi Kaupfélags Borgfirðinga frá í ágúst til okt. 1970 og að hreinlætis- og heilbrigðiseftirliti í nýbyggðum sláturhúsum haustin 1971 og 1972. Sat í stjórn DÍ 1962–1964 og Heilbrigðisfulltrúafélagi Íslands 1982–1984. Sat í nefnd sem vann að endurskoðun reglugerðar um mjólk og mjólkurvörur 1979 og 1981–1982 og reglugerð um aukaefni í matvælum 1982–1983. Ritari og starfsmaður nefndar um salmonellusýkingar frá 4. júní 1987 til 31. maí 1988 og nefndar um endurskoðun matvælalöggjafar frá jan. 1989 til okt. 1992.

Ritstörf: „Sláturhúsamál," grein í Búnaðarblaðinu Frey, 65. árg. 1969.

Maki (14. jan. 1956): **Soffía Ágústsdóttir**, f. 12. febr. 1935, fulltrúi.

For.: Kristján Ágúst Jóhannesson, f. 1. febr. 1889, framkvæmdastjóri á Ísafirði, d. 14. maí 1941, og Sóley Þorsteinsdóttir, f. 6. mars 1912, kaupkona í Kópavogi, d. 21. júlí 1988.

Börn þeirra: a) **Ágúst**, f. 12. júní 1954, cand.med. heilsugæslulæknir á Hvammstanga. Maki I: Hulda Karlsdóttir, f. 30. apríl 1955, hjúkrunarforstjóri. Maki II: Elísabeth Einarsdóttir, f. 14. nóv. 1949. b) **Kristján**, f. 14. júlí 1961, cand.med. sérfræðingur í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp í Kópavogi. Maki: Berglind Björnsdóttir Steffensen, f. 23. júlí 1967, læknir. c) **Hjörtur**, f. 31. ágúst 1962, d. 26. okt. 1990, cand. med. d) **Sóley Hildur**, f. 11. nóv. 1964, kennari, bús. í París. Maki: Lars Nicolas Mangal, f. 10. ágúst 1965 í Edinborg, verkfræðingur, bús. í París.

Ó

Ólafur Jónsson, f. 14. febr. 1957 í Ósló í Noregi.

Faðir: **Jón Pétursson**, f. 23. júní 1930, fv. héraðsdýralæknir á Egilsstöðum. For.: Pétur Jónsson, f. 23. okt. 1904, búfræðingur, bóndi, d. 1. ágúst 1991, og k.h. Elín Stephensen, f. 19. okt. 1904, húsmóðir á Egilsstöðum, d. 25. mars 1994.

Móðir: **Hulda Pálína Matthíasdóttir**, f. 4. nóv. 1930. For.: Matthías Stefánsson, f. 13. okt. 1897, rafvirki og verkstjóri, d. 31. des. 1988, og k.h. Guðrún Kortsdóttir, f. 8. febr. 1902, húsmóðir, d. 31. des. 1999.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá eðlisfræðideild Menntaskólans við Tjörnina 1977. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Norges veterinærhøgskole í Ósló 1982. Lauk 6 eininga námi í Produksjonshygiene frá norska landbúnaðarháskólanum að Ási 1996. Lauk 15 eininga námi í stjórnun og rekstri frá Símenntunardeild Háskólans á Akureyri, 2002.

Starfsferill: Sjálfstætt starfandi dýralæknir á Fljótsdalshéraði 1983 og 1986–1987. Settur héraðsdýralæknir í Austurlandsumdæmi nyrðra 1984–1985. Dýralæknir með umsjón með rannsóknarverkefnum hjá Rannsóknastofu mjólkuriðnaðarins 1988–1991. Dýralæknir hjá Mjólkursamlagi KEA á Akureyri 1991–1994. Gæðastjóri Mjólkursamlags KEA og síðar Norðurmjólkur 1994–1999. Gæðastjóri KEA/Kaldbaks 1999–2001. Framkvæmdastjóri Bústólpa ehf. frá 2001. Stundakennari við rekstrardeild Háskólans á Akureyri frá 1998. Prófdómari við rekstrardeild Háskólans á Akureyri frá jan. 2000.

Félags- og trúnaðarstörf: Ritari Dýralæknafélags Íslands 1992–1996. Ritstjóri Dýralæknaritsins ásamt Konráð Konráðssyni 1988–1992. Félagi í Forening for Mastitisforskning og bekæmpelse í Danmörku. Félagi í Sheep Veterinary Society (deild úr British Vet. Association). Formaður í Nordisk mastitisforening 1992–1994. Í forsæti fyrir „Mastitis Section“ á XVII. Norræna

dýralæknaþinginu í Reykjavík 1994. Fulltrúi í undirbúningsnefnd fyrir XVII. Norræna dýralæknaþingið 1994. Prófdómari við nokkur lokaverkefni við búvísindadeildina á Hvanneyri. Fulltrúi Staðlaráðs Íslands í ISO/ TC 23/SC 19 Agricultural Electronics í Genf 1994–1998. Formaður SUNN 1993–1999. Fulltrúi í Dýraverndarráði 1994–2002. Meðlimur í starfshópi skipuðum af landbúnaðarráðherra um „Vistvænt Ísland“ og í starfshópi til að gera tillögur að vistvænni mjólkurframleiðslu. Sat í heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra 1999–2000. Forseti Rótarýklúbbs Akureyrar 2001–2002.

Ritstörf: „Júgurbólguverkefni í Eyjafirði 1988–1990,“ Rannsóknastofa mjólkuriðnaðarins (1990), „Studies on causality of perinatal lamb mortality on commercial farms in east Iceland,“ poster á XVII. Norræna dýralæknaþinginu í Reykjavík 26.–29. júlí 1994. „Management factors in low and high BMSCC herds,“ poster á XVII. Norræna Dýralæknaþinginu í Reykjavík 26.–29. júlí 1994, unninn ásamt Torfa Jóhannessyni. Aarestrup, F.M., Jensen, N.E., Wegener, C.H., Jónsson, Ó., Myllys, V., Thorberg, B-M., Waage, S., Rosdahl, V.T. „A Study of Phage- and Ribotype Patterns of Staphylococcus Aureus Isolated from Bovine Mastitis in the Nordic Countries,“ grein í Acta vet. Scand. 28. „Könnun á algengi Listeria ssp. í hrámjólk á samlagssvæði Mjókursamlags KEA,“ grein í Dýralæknaritinu, 11. árg., mars 2000, 1. tbl., unnin ásamt Rannveigu Björnsdóttur og Björgvini Harra Bjarnasyni. „Occurrence and characterisation of Listeria monocytogenes by automated ribotyping in the dairy industry,“ veggspjald á R3 Meeting, Turku, Finnlandi í júní 2003, unnin ásamt Jóhanni Örlygssyni og Rannveigu Björnsdóttur. „Júgurbólga í kvígum á Eyjafjarðarsvæðinu,“ veggspjald á Ráðunautafundi 2003, unnin ásamt Rannveigu Björnsdóttur.

Maki (4. nóv. 1995): **Edda Kristrún Vilhelmsdóttir**, f 18. sept. 1961, þjóðfélagsfræðingur og verðbréfafulltrúi.

For.: Vilhelm Karl Jensen, f. 29. mars 1920, prentari á Akureyri, d. 1. ágúst 1999, og k.h. Jakobína Anna Gunnarsdóttir, f. 22. nóv. 1923, talsímavörður á Akureyri.

Börn þeirra: a) **Gunnar Orri**, f. 19. júlí 1996. b) **Pétur Þorri**, f. 31. mars 1999.

Skyldleiki: Jón Pétursson dýralæknir er faðir Ólafs.

Ólafur Sveinn Oddgeirsson, f. 9. jan. 1951 í Tungu, Fljótshlíðarhr., Rang.

Faðir: **Oddgeir Guðjónsson**, f. 4. júlí 1910, bóndi í Tungu, síðar á Hvolsvelli. For.: Guðjón Jónsson, f. 20. mars 1872, bóndi í Tungu, d. 5. apríl 1952, og k.h. Ingilaug Teitsdóttir, f. 4. ágúst 1884, húsmóðir.

Móðir: **Guðfinna Ólafsdóttir**, f. 19. júlí 1922, ljósmóðir á Hvolsvelli. For.: Ólafur Sveinn Sveinsson, f. 15. jan. 1889, bóndi á Syðra-Velli, Gaulverjarbæjarhr., Árn., d. 17. júlí 1976, og k.h. Margrét Steinsdóttir, f. 17. maí 1890, húsmóðir, d. 18. des. 1970.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum við Hamrahlíð 1972. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Tierärztliche Hochschule í Hannover, Þýskalandi 1977. Almennt dýralækningaleyfi á Íslandi 1. okt. 1980. Stundaði framhaldsnám í matvælafræðum við Tierärztliche Hochschule í Hannover frá 1. okt. 1978 til 1. ágúst 1981 og dr.med.vet. frá sama háskóla 1981.

Starfsferill: Aðstoðardýralæknir í Þýskalandi frá 1. jan. 1978 til 30. sept. 1978. Aðstoðarmaður við kennslu og rannsóknir á Matvælastofnun Tierärztliche Hochschule í Hannover 1978–1981. Afleysingar í almennum dýralækningum um helgar og í fríum á sama tíma. Starfsmaður sérverkefnis hjá Heilbrigðiseftirliti ríkisins 1981–1982. Framkvæmdastjóri á Rannsóknarstofu mjólkuriðnaðarins í Reykjavík 1982–1992. Starfaði frá 1. okt. 1985 til 31. jan. 1986 við Animal Breeding Research Organisation í Edinborg ásamt Dr. Roger Spooner að verkefninu „Tissue types in cattle (bovine major histocompatibility complex) and susceptability (to mastitis)“ en það var fjármagnað með styrk frá Norðurlandaráði. Senior Officer við Eftirlitsstofnun EFTA í Brussel í Belgíu frá okt. 1992 til júlí 1999. Framkvæmdastjóri hjá Food Control Consultants Ltd. í Skotlandi frá 1999.

Félags- og trúnaðarstörf: Ritstjóri Dýralæknaritsins 1984–1986. Meðlimur í vísindanefnd Alþjóða mjólkursambandsins (International Dairy Federation) um júgurbólgu 1990–1991. Formaður Dýralæknafélags Íslands 1991–1992.

Ritstörf: „Pharmakokinetsche Vergleichsuntersuchungen nach intraartikulärer, intramuskulärer und intravenöser Applikation

antibakterieller Therapeutika bei Rindern unter Berücksichtigung therapeutischer Effekte und des fleischygiensisch relevanten Rückstandsgeschehens," doktorsritgerð við Tierärztliche Hochschule í Hannover 1980. „Tissue types in cattle," The Icelandic veterinary journal, 1986. „Relationship between the bovine major histocompatibility complex (BoLA), erythrocyte markers and susceptibility," grein í Animal Genetics 1988 skrifuð ásamt P.S. Simpson, A.L.G. Morgan, D.S. Ross og R.L. Spooner. „Association between the bovine major histo-compatibility complex (BoLA) and milk production in Icelandic dairy cattle," grein í Animal 1988, skrifuð ásamt P.S. Simpson, J.V. Jonmundsson og R. Oliver.

Maki I (15. júní 1972) (skildu): **Elín Margrét Jóhannsdóttir**, f. 13. apríl 1952, bankafulltrúi.

For.: Jóhann E. Kristjánsson, f. 30. júlí 1926, kjötiðnaðarmaður og kaupmaður, d. 5. jan. 2003, og k.h. Hulda Inger Klein Kristjánsson, f. 29. ágúst 1926, húsmóðir.

Börn þeirra: a) **Hulda**, f. 26. júní 1970. Maki: Árni Jón Eggertsson, f. 11. maí 1970, hagfræðingur. b) **Berglind**, f. 9. jan. 1976. Maki: Alexander Briesinger, f. 12. jan. 1975, eðlisfræðingur. c) **Arndís Finna**, f. 14. júní 1978.

Maki II (20. jan. 1988): **Fiona MacTavish**, f. 1. júní 1956, geðhjúkrunarkona.

For.: Brian MacTavish, f. 4. okt. 1934, bólstrari, og k.h. Margret Rose MacTavish, f. 16. febr. 1935.

Börn þeirra: d) **Geir**, f. 16. jan. 1988. e) **Brynjar**, f. 17. ágúst 1989.

Ólafur Valsson, f. 25. júlí 1959 í Reykjavík.

Faðir: **Valur Arnþórsson**, f. 1. mars 1935, kaupfélagsstjóri á Akureyri, d. 13. okt. 1990. For.: Arnþór Jensen, f. 22. maí 1906, framkvæmdastjóri Pöntunarfélags Eskfirðinga, d. 9. jan. 1993, og k.h. Guðný Anna Pétursdóttir Jensen, f. 8. nóv. 1911, húsmóðir, d. 30. júlí 1988.

Móðir: **Sigríður Ólafsdóttir**, f. 12. maí 1946, húsmóðir. For.: Ólafur Helgason, f. 14. febr. 1903, tollari í Reykjavík, d. 10. mars 1998, og k.h. Ólöf Ingimundardóttir, f. 13. jan. 1909, húsmóðir, d. 17. febr. 1987.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum á Akureyri 1980. Lauk prófi í dýralækningum frá Den Kongelige Veterinær- og

Landbohøjskole (KVL) í Kaupmannahöfn 1988. Almennt dýralækningaleyfi í Danmörku 1988 og á Íslandi 1991. Fimm vikna námsdvöl á Bjerke Hestehospital í Ósló 1990. Tók þátt í Norrænu dýralæknaþingi í Reykjavík 1994. Fagdýralæknir í nautgripasjúkdómum frá Danmörku 1996. Tók þátt í NMSM-ráðstefnu um júgursjúkdóma í Gautaborg, Svíþjóð 1997. Tók þátt í námskeiði um bakteríuónæmi gegn sýklalyfjum á vegum Alþjóðasjúkdómastofnunarinnar í París 2001.

Starfsferill: Ýmis sumarstörf með námi. Settur héraðsdýralæknir í Snæfellsnesumdæmi sumarið 1986. Kjötskoðun á alifuglasláturhúsinu Ars í Danmörku sumarið 1987. Settur héraðsdýralæknir í Austurlandsumdæmi frá 1. júlí til 18. ágúst 1988. Sæðingar í Austurlandsumdæmi 1. júlí til 8. ágúst 1988. Stundakennari í meinafræði við KVL í Kaupmannahöfn 1987–1988. „Amanuensis“ við sama skóla frá 1. sept. 1988 til 31. des. 1990. Dýralæknir hjá Helsinge Dyrlæger, Helsinge, Danmörku frá 1. jan. 1990 til 1. jan. 1991. Starfsmaður yfirdýralæknis frá 1. jan. 1991 til ágúst 1994. Settur til að gegna stöðu dýralæknis við Einangrunarstöð ríkisins í Hrísey frá 1. jan. til 30. sept. 1991 og frá 16. okt. til 30. nóv. 1991. Kjötskoðunarlæknir í Strandasýslu haustið 1991. Settur til að gegna hálfri stöðu dýralæknis án fastrar búsetu frá 1. jan. til 31. ágúst 1991. Settur héraðsdýralæknir í Strandasýslu frá 1. sept. til 31. okt. 1992. Settur til að gegna hálfri stöðu dýralæknis án fastrar búsetu frá 1. nóv. til 31. des. 1992. Dýralæknir Strandasýslu frá hausti 1991 til hausts 1993. Helgar- og kvöldvaktir fyrir Helga Sigurðsson dýralækni og aðstoð við skurðaðgerðir á hestum 1992–1994. Dýralæknir júgursjúkdóma hjá embætti yfirdýralæknis 1993–1994. Héraðsdýralæknir Dalvíkurumdæmis 1994– 1999. Eigandi Dýralæknaþjónustu Eyjafjarðar ehf. og starfandi dýralæknir þar frá júní 1999. Héraðsdýralæknir Skaga- og Eyjafjarðarumdæmis 1999. Eftirlitsdýralæknir hjá Eftirlitsstofun EFTA í Brussel frá 1. sept. 2003.

Félags- og trúnaðarstörf: Störf í ýmsum nefndum á vegum Dýralæknafélags Íslands (DÍ) 1996–2003, s.s. seta í kjaramálahópi héraðsdýralækna, nefnd um akstursreglur og vinnuhópi DÍ um sýklalyfjanotkun. Sat í stjórn DÍ 1996–1999 og formaður félagsins

2000–2003. Hefur setið í Dýralæknaráði frá 1999 og í nefnd um endurskoðun reglugerðar um mjólk og mjólkurvörur frá 2001.

Maki (14. ágúst 1988) (skildu): **Jóhanna Baldvinsdóttir**, f. 21. sept. 1961, lyfjafræðingur.

For.: Baldvin Bjarnason, f. 22. apríl 1940, kennari á Akureyri, og k.h. Róshildur Sigtryggsdóttir, f. 7. ágúst 1940, kennari.

Börn þeirra: a) **Baldvin**, f. 12. mars 1985. b) **Sigríður**, f. 5. nóv. 1992. c) **Róshildur Arna**, f. 23. mars 1994.

Ólöf Loftsdóttir, f. 22. nóv. 1965 í Keflavík.

Faðir: **Loftur Baldvinsson**, f. 27. des. 1936, skrifstofumaður í Reykjavík, d. 5. júlí 1993. For.: Baldvin Gunnlaugur Loftsson, f. 28. des. 1910, útgerðarmaður á Dalvík, d. 11. jan. 1978, og k.h. Bergþóra Jónsdóttir, f. 7. des. 1917, húsmóðir, d. 16. apríl 1976.

Móðir: **Sigrún Dúfa Helgadóttir**, f. 25. okt. 1942, læknaritari í Reykjavík. For.: Helgi Eiríksson (kjörfaðir), f. 13. febr. 1922, aðalbókari Ríkisskipa í Reykjavík, og k.h. Ólöf Ingibjörg Sigurjónsdóttir, f. 4. okt. 1923, húsmóðir.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti 1986. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Den Kongelige Veterinær- og Landbohøjskole í Kaupmannahöfn 1994.

Starfsferill: Starfsmaður Nordisk Gentofte (síðar Novo Nordisk), við umsjón með tilraunadýrum. Afleysingar í A- og V-Hún. í júní 1992. Afleysingar í A-Skaft. í júlí 1992. Afleysingar í A- og V-Hún. í júlí 1993. Aðstoðardýralæknir í Dalabyggð 1994. Héraðsdýralæknir í Barðastrandarsýslu s.á. í þrjá mánuði. Afleysingar á Snæfellsnesi í júlí 1994. Deildardýralæknir Hollustuverndar ríkisins frá okt. 1994 til júní 1996. Sjálfstætt starfandi dýralæknir í Reykjavík (Víðidal) í júní 1996. Dýralæknir og hluthafi Dýraspítalans í Víðidal ehf. frá okt. 2001.

Maki I (4. ágúst 1990) (skildu): **Vilhjálmur Kr. Garðarsson**, f. 3. sept. 1960, grafískur hönnuður í Danmörku.

For.: Ingibergur G. Tryggvason, f. 10. des. 1933, og Kolbrún H. Sigurjónsdóttir, f. 25. des. 1936.

Barn þeirra: a) **Daði**, f. 30. sept. 1991.

Maki II (12. júlí 1997): **Kristján Kristjánsson**, f. 17. febr. 1956, líffræðingur, forstöðumaður vísindasviðs Rannís.

For.: Kristján B. Þorvaldsson, f. 30. maí 1921, stórkaupmaður í Reykjavík, d. 11. ágúst 2003, og k.h. Guðný Eyjólfsdóttir, f. 27. okt. 1925, húsmóðir, d. 7. ágúst 1992.

Barn þeirra: b) **Helga**, f. 22. nóv. 1998.

Ólöf Guðrún Sigurðardóttir, f. 17. okt. 1961 í Reykjavík.

Faðir: **Sigurður Jónsson**, f. 4. jan. 1925, lyfjafræðingur í Reykjavík. For.: Jón Sigurðsson, f. 22. febr. 1884, raffræðingur í Reykjavík, d. 4. júlí 1928, og k.h. Ólöf Guðrún Sigurðardóttir, f. 7. febr. 1903, húsmóðir, d. 14. júní 1954. Seinni maður Ólafar: Albert Paul Goodman, f. 22. okt. 1906, sendiráðsfulltrúi, d. 14. júní 1967.

Móðir: **Guðlaug Ágústa Hannesdóttir**, f. 4. mars 1926, hjúkrunarfræðingur. For.: Hannes Pálsson, f. 22. jan. 1903, skipstjóri, síðar forstjóri í Reykjavík, d. 4. des. 1996, og k.h. Ásdís Þorsteinsdóttir, f. 6. júlí 1901, húsmóðir, d. 1. júní 1986.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum við Hamrahlíð vorið 1980. Lauk prófi í dýralækningum frá Norges veterinærhøgskole (NVH) í Ósló í des. 1985. Praktískt nám í líffærameinafræði við University of Liverpool í Englandi 1986–1989. Praktískt nám í líffærameinafræði við University of California (Dep. of Pathology, School of Veterinary Medicine, Davis), Bandaríkjunum 1989–1991. Nám í líffærameinafræði við NVH í Ósló frá 1993.

Starfsferill: Starfaði við sæðingar í Landeyjum og Fljótshlíð á vegum Búnaðarsambands Suðurlands í júní og júlí 1984. Starfaði hjá Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum 1986 og 1998–1999. Líffærameinafræðingur við Líffærafræðideild NVH í Ósló 1991–1992. Líffærameinafræðingur við Líffærafræðideild Dýrasjúkdómastofnunarinnar í Ósló 1992–1998 og 1999–2004. Forstöðumaður Tilraunadýradeildar og dýralæknir hjá Lyfjaþróun hf. frá júlí 2004.

Ritstörf: Hefur ritað sex greinar í alþjóðleg tímarit og þrjár greinar í Norska dýralæknaritið.

Páll Skúli Leifsson, f. 10. ágúst 1960 á Ísafirði.

Faðir: **Leifur Guðmundur Pálsson**, f. 28. nóv. 1918, stýrimaður í Hnífsdal, N-Ís., d. 22. júlí 1999. For.: Páll Pálsson, f. 10. júlí 1883, útvegsbóndi í Hnífsdal, d. 26. mars 1975, og k.h. Guðrún Guðríður Guðleifsdóttir, f. 4. júlí 1895, húsfreyja í Hnífsdal, d. 3. mars 1923.

Móðir: **Inga Þórhildur Jónsdóttir**, f. 12. okt. 1929, fulltrúi í Hnífsdal. For.: Jón Grímsson, f. 18. des. 1887, málafærslumaður á Ísafirði, d. 25. sept. 1977, og Ása Finnsdóttir Thordarson, f. 18. maí 1892, húsmóðir, d. 15. maí 1971.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum á Ísafirði 1980. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Den Kongelige Veterinær- og Landbohøjskole (KVL) í Kaupmannahöfn í jan. 1989. Almennt dýralækningaleyfi á Íslandi 1989. Nám í þýsku í Freiburg, Þýskalandi 1980–1981. Nám í líffræði við Háskóla Íslands 1981–1983. Sérnám í meinafræði (aðalfag) og gerlafræði (aukafag) við Laboratorium for Veterinær Patologi við KVL 1991–1995 og Ph.D.-gráða frá sama háskóla 1995.

Starfsferill: Stundaði togarasjómennsku á skuttogaranum Páli Pálssyni á sumrin á árunum 1976–1985. Starfaði sem aðstoðarmaður við rannsóknir á Tilraunastöð Háskóla Íslands að Keldum sumarið 1987. Vann við kjötskoðun í Jutlandia sláturhúsinu í Skive á Jótlandi frá 1. júlí til 15. ágúst 1988. Settur héraðsdýralæknir í Barðastrandarumdæmi frá 1. febr. til 30. júní 1989. Settur héraðsdýralæknir í Snæfellsnesumdæmi frá 1. júlí til 10. ágúst 1989. Sjálfstætt starfandi dýralæknir á Selfossi frá 15. ágúst 1989 til 15. ágúst 1991. Settur héraðsdýralæknir í A-Skaftafellsumdæmi frá 15. apríl til 15. júní 1992. Aðstoðarkennari í meinafræði við Laboratorium for Veterinær Patologi við KVL í tvö ár samhliða og að loknu sérnámi. Aðjúnkt í meinafræði frá sama stað frá 1. júlí 1996 til 30. júní 1998, skipaður lektor frá 1. júlí 1998.

Félags- og trúnaðarstörf: Sat í stjórn Nordisk Forening for Veterinær Patologi 1997–2000, formaður 1999–2000. Sat í stjórn Dansk Selskab for Veterinær Patologi og Hygiejne 1997–2001. Meðlimur í Det Husdyrbrugs- og Veterinærvidenskabelige Kollegium við KVL frá 1999.

Ritstörf: Hefur ritað vísindagreinar um meinafræði í ýmis tímarit. Er einn höfunda bókarinnar Sektionsteknik sem kom út árið 2001.

Maki (10. ágúst 1996): **Júlíana Guðrún Reynisdóttir**, f. 16. júlí 1960, bankamaður.

For.: Reynir Alfreð Sveinsson, f. 3. júlí 1916, verkstjóri í Reykjavík, d. 11. maí 1995, og k.h. Guðrún Eyvindsdóttir Bergmann, f. 1. nóv. 1919, húsmóðir.

Börn þeirra: a) **Inga Lilja**, f. 18. okt. 1985. b) **Sindri**, f. 12. júlí 1996.

Páll Agnar Pálsson, f. 9. maí 1919 á Kletti, Reykholtsdalshr., Borg., d. 10. júlí 2003.

Faðir: **Páll Zóphóníasson**, f. 18. nóv. 1886, landbúnaðarkandídat í Kaupmannahöfn 1904, búnaðarmálastjóri, alþingismaður, d. 1. des. 1964. For.: Zóphónías Halldórsson, f. 11. júní 1845, prestur, prófastur í Viðvík, Skag., d. 3. jan. 1908, og k.h. Jóhanna Soffía Jónsdóttir, 1. apríl 1855, húsmóðir í Goðdölum, Viðvíkurhr., Skag., d. 2. jan. 1931.

Móðir: **Guðrún Þuríður Hannesdóttir**, f. 11. maí 1881, húsmóðir, d. 11. nóv. 1963. For.: Hannes Magnússon, f. 17. nóv. 1839, bóndi og hreppstjóri í Deildartungu, Reykholtsdalshr., Borg., d. 28. sept. 1903, og k.h. Vigdís Jónsdóttir, f. 24. mars 1843, húsmóðir, d. 15. júlí 1914.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1937. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Den Kongelige Veterinær- og Landbohøjskole (KVL) í Kaupmannahöfn 1944. Almennt dýralækningaleyfi í Danmörku 1. júlí 1944 og á Íslandi í sept. 1948. Framhaldsnám í sýkla- og meinafræði húsdýra í Danmörku, Svíþjóð og Bretlandi 1945–1948. Fór námsferðir til Banda-

ríkjanna 1950 og 1979, Bretlands 1965 og 1968, Svíþjóðar 1975 og Danmerkur 1977.

Starfsferill: Dýralæknastörf á Jótlandi, Danmörku 1944–1945. Sérfræðingur við Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum 1948–1956 og 1979–1998. Settur forstöðumaður þeirrar stofnunar 1959–1967. Yfirdýralæknir frá 1. jan. 1956 til 31. des. 1989.

Félags- og trúnaðarstörf: Sat í stjórn Hafnarstúdenta- og Íslendingafélagsins í Kaupmannahöfn 1945–1947. Varaformaður Landssambands hestamannafélaga 1959–1963. Sat í stjórn Tilraunaráðs búfjárræktar 1960–1965. Sat í dýraverndarnefnd 1958–1978. Sat í stjórn Vísindasjóðs Dýralæknafélags Íslands (DÍ) 1968–1993. Sat í stjórn Vísindasjóðs 1972–1975. Formaður fisksjúkdómanefndar 1970–1989. Sat í lyfjanefnd 1976–1990. Sat í Flúormengunarnefnd 1969–1984. Sat í Dýraverndunarnefnd Evrópuráðsins 1968–1994. Hefur setið ýmsa fundi og ráðstefnur um búfjársjúkdóma erlendis og flutt erindi um það efni, m.a. í Bandaríkjunum, Bretlandi, Þýskalandi, Frakklandi og á Norðurlöndunum, bæði við háskóla, alþjóðlegar stofnanir og í vísindafélögum.

Ritstörf: Hefur ritað fjölda ritgerða, einkum um búfjársjúkdóma, í innlend og erlend tímarit.

Viðurkenningar: Kjörinn félagi í Vísindafélagi Íslendinga 1965. Riddarakross hinnar íslensku Fálkaorðu 17. júní 1974. Heiðursdoktor við KVL í Kaupmannahöfn 1974. Heiðursverðlaun úr sjóði Ásu Wright 1976. Veitt Finlands Veterinärförbunds gyllene förtjänsttecken 1980. Heiðursdoktor Norges veterinærhøgskole í Ósló 1985. Heiðursdoktor læknadeildar Háskóla Íslands 1986. Heiðursfélagi Finlands Veterinärförbund 1992. Heiðursfélagi í DÍ 1994.

Maki (22. júní 1946): **Kirsten Henriksen**, f. 22. mars 1920, dýralæknir.

For.: Ludvig Lauritz Henriksen, f. 29. nóv. 1881, verslunarstjóri í Kaupmannahöfn, d. 10. mars 1956, og k.h. Sofie Elisabeth Lowi Henriksen (f. Andersen), f. 2. febr. 1885, húsmóðir, d. 10. febr. 1972.

Börn þeirra: a) **Hlín Helga**, f. 20. okt. 1949, kennari, M.Ed. Maki: Ólafur Guðmundsson, f. 4. júlí 1944, kennari. b) **Vigdís Hallfríður**, f. 12. ágúst 1951, hjúkrunarfræðingur. Maki (óg.) (skildu): Þórarinn Ólafsson, f. 2. des. 1950, verkfræðingur.

Páll Stefánsson, f. 15. des. 1961 í Vík í Mýrdal, V-Skaft.

Faðir: **Stefán Ármann Þórðarson**, f. 29. sept. 1929, símvirki, símsmiður og bókari á Selfossi. For.: Þórður Stefánsson, f. 25. júlí 1894, verkamaður á Sólheimum, Vík í Mýrdal, d. 7. apríl 1981, og k.h. Guðrún Ingibjörg Sigurðardóttir, f. 7. jan. 1899, húsmóðir, d. 9. nóv. 1988.

Móðir: **Sigrún Jónsdóttir**, f. 27. febr. 1935, húsmóðir á Selfossi. For.: Jón Gíslason, f. 11. jan. 1896, bóndi og alþingismaður í Norðurhjáleigu í Álftaveri, V-Skaft., d. 2. apríl 1975, og k.h. Þórunn Pálsdóttir, f. 5. sept. 1896, húsmóðir, d. 27. okt. 1990.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum við Hamrahlíð 1981. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Tierärztliche Hochschule í Hannover, Þýskalandi í nóv. 1986. Almennt dýralækningaleyfi á Íslandi í jan. 1987. Námsdvöl við Tierärztliche Hochschule í Hannover frá ágúst 1989 til sept. 1990 hjá prófessor Bodo Hertsch í Chirurgie og Orthopädie. Á sama tíma námskeið í röntgentækni og fóðurfræði við sama skóla.

Starfsferill: Starfsnám með skóla með og hjá Jóni Guðbrandssyni, héraðsdýralækni á Selfossi, 1984 og 1986. Samstarf með Jóni Guðbrandssyni við almennar dýralækningar og kjötskoðun frá 1. jan. 1987 til júní 1989. Starfsnám við Tierärztliche Hochschule í Hannover frá ágúst 1989 til sept. 1990. Stundaði almennar dýralækningar í Bremen, Þýskalandi frá sept. 1990 til des. 1990. Dýralæknir í Helluhéraði frá des. 1990 til sept. 1991. Almennar dýralækningar og embættisstörf í afleysingum með Jóni Guðbrandssyni frá sept. 1991 til des. 1998. Stofnaði Dýralæknaþjónustu Suðurlands ehf. með Lars Hansen og Sigurði Inga Jóhannssyni 1. jan. 1996 og sinnti þá almennum dýralækningum á Suðurlandi. Dýraspítalinn á Stuðlum, sem seinna meir varð miðstöð Dýralæknaþjónustu Suðurlands, var stofnaður 1992 og stækkaður og endurbættur 2000, með þjónustu fyrir smádýr og hross. Framkvæmdastjóri Dýralæknaþjónustu Suðurlands ehf. frá 1996. Stofnandi Sæðingarstöðvarinnar í Gunnarsholti ehf. ásamt ýmsum öðrum og framkvæmdastjóri þess reksturs frá 1999.

Félags- og trúnaðarstörf: Ýmis nefndar- og stjórnarstörf í félög-

um, m.a. formaður hestamannafélagsins Sleipnis á Selfossi og nágrenni 1995–1997. Skipaður í dýralæknaráð 1999. Fulltrúi í bæjarstjórn Ölfus frá 2002 og hefur átt sæti í ýmsum nefndum og sinnt trúnaðarstörfum á vegum sveitarfélagsins.

Barnsmóðir: **Margrét Sigurðardóttir**, f. 1958, frá Stóru-Sandvík, Sandvíkurhr., Árn.

Barn þeirra: a) **Hólmfríður Ásta**, f. 19. apríl 1981.

Maki (6. febr. 1988): **Edda Björk Ólafsdóttir**, f. 15. apríl 1963, garðyrkjubóndi og húsmóðir.

For.: Ólafur Tryggvi Ólafsson, f. 25. apríl 1933, garðyrkjufræðingur á Selfossi, og k.h. Hulda Svanhildur Jóhannesdóttir, f. 7. júní 1931, húsmóðir.

Börn þeirra: b) **Ólafur Tryggvi**, f. 24. febr. 1989. c) **Hrafnkell Áki**, f. 29. maí 1991. d) **Fannar**, f. 13. nóv. 1995. e) **Þórir Gauti**, f. 7. des. 1998.

Per Gudmund Knutsen, f. 10. sept. 1923 í Ósló, Noregi, d. 20. okt. 2003.

Faðir: **Gunnar Sverre Knutsen**, vélvirki í Ósló.

Móðir: **Gudrun Marie Knutsen**, húsmóðir í Ósló.

Námsferill: Tók stúdentspróf í Drammen, Noregi 1946. Lauk prófi í dýralækningum frá Norges veterinærhøgskole (NVH) í Ósló 1952. Norskt dýralækningaleyfi 1953 og íslenskt dýralækningaleyfi 1954.

Starfsferill: Starfaði við NVH í Ósló í eitt ár að loknu námi. Höfuðsmaður yfir riddaraliðssveit norska hersins um tíma. Héraðsdýralæknir í Eyjafjarðarumdæmi frá 9. jan. 1954 til 31. mars 1963. Héraðsdýralæknir í V-Eyjafjarðarumdæmi frá 1. apríl 1963 til 31. des. 1993.

Maki: **Halla Jónsdóttir**, f. 16. mars 1933, ljósmóðir, d. 14. apríl 2003.

For.: Jón Þórarinsson, f. 26. febr. 1907, vélamaður, d. 19. des. 1991, og k.h. Hólmfríður Guðnadóttir, f. 9. mars 1907, húsmóðir, d. 2. febr. 1984.

Börn þeirra: a) **Jón Gudmund**, f. 20. maí 1964, varðstjóri hjá

Slökkviliði Akureyrar. Maki: Jóna Birna Óskarsdóttir, f. 8. sept. 1965, leikskólakennari og nemi í hjúkrunarfræði við Háskóla Akureyrar. b) **Gunnar Sverre**, f. 27. maí 1970, lögreglumaður. Maki: Brynja Þóranna Viðarsdóttir, f. 17. sept. 1970, ritari.

Ragnar Jón Ragnarsson, f. 2. okt. 1948, d. 27. júní 1982 í Hafnarfirði.

Faðir: **Ragnar Guðmundsson**, f. 23. júlí 1912, bóndi á Ferjubakka, Borgarhr., Mýr., d. 3. apríl 1948. For.: Guðmundur Magnússon, f. 24. okt. 1880, bóndi á Ferjubakka, d. 10. okt. 1958, og k.h. Guðrún Sigurðardóttir, f. 29. ágúst 1878, húsfreyja, d. 31. jan. 1963.

Móðir: **Ingibjörg Vídalín Jónsdóttir**, f. 28. okt. 1921, húsfreyja á Velli, Hvolhr., Rang., d. 8. okt. 1992. For.: Jón Sigurðsson, f. 13. des. 1871, alþingismaður og hreppstjóri í Haukagili, Hvítársíðuhr., Mýr., d. 20. sept. 1935, og k.h. Hildur Guðmundsdóttir, f. 21. sept. 1877, húsfreyja, d. 3. júní 1938.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1969. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Tierärztliche Hochschule í Hannover, Þýskalandi 1975. Almennt dýralækningaleyfi í Þýskalandi 1975 og á Íslandi 1977. Kynnti sér smádýralækningar í Þýskalandi 1981.

Starfsferill: Aðstoðardýralæknir í Þýskalandi 1975–1977. Héraðsdýralæknir N-Austurlandsumdæmis 1977–1981. Dýralæknir við Dýraspítala Watsons í Reykjavík 1981–1982.

Félags- og trúnaðarstörf: Oddviti Þórshafnarhrepps 1980–1981.

Maki (1. október 1971): Guðríður **Halla Bergsdóttir**, f. 20. apríl 1948, grunnskólakennari.

For.: Bergur Vigfússon, f. 10. nóv. 1914, kennari við Flensborgarskóla, skólastjóri við Iðnskólann í Hafnarfirði, forstöðumaður Sjúkrasamlags Kópavogs, d. 8. júní 2002, og k.h. Margrét Jónatansdóttir Líndal, f. 2. sept 1917, húsmóðir, d. 11. mars 1991.

Börn þeirra: a) **Bergur Ingi**, f. 22. maí 1969, verkfræðingur. b) **Snorri**, f. 4. september 1971, bifreiðasmiður. c) **Ingibjörg Ásdís**, f. 18. júlí 1977, háskólanemi. d) **Margrét Edda**, f. 19. mars 1979, B.Sc. í rafmagns- og tölvuverkfræði.

Ragnhildur Ásta Jónsdóttir, f. 6. jan. 1972 í Reykjavík.

Faðir: **Jón Runólfsson Kristinsson**, f. 26. nóv. 1943, sérfræðingur í barnalækningum í Reykjavík. For.: Yngvi Kristinn Jónsson, f. 5. maí 1905, bóndi í Borgarholti, Ásahr., Rang., d. 12. nóv. 1989, og k.h. Þórunn Guðjónsdóttir, f. 11. júní 1919, húsmóðir.

Móðir: **Kristrún Ragnhildur Benediktsdóttir**, f. 3. ágúst 1944, læknir, sérfræðingur í meinafræði og dósent við Háskóla Íslands. For.: Benedikt Egill Árnason, f. 10. nóv. 1913, löggiltur endurskoðandi í Reykjavík, d. 2. ágúst 1984, og Sigríður Pálsdóttir, f. 5. júlí 1918, matreiðslufræðingur sjúkra, síðar húsmóðir og verslunarmaður í Reykjavík.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1991. Stundaði nám í líffræði við Háskóla Íslands 1992–1994. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Tierärztliche Hochschule í Hannover, Þýskalandi 2000. Almennt dýralækningaleyfi 5. des. 2000 á Íslandi.

Starfsferill: Sex vikna praksís á Dýraspítalanum í Víðidal frá ágúst til sept. 1998. Vann í sex vikur við kjötskoðun í sláturhúsi í Lindköping, Svíþjóð í maí og júní 1999. Sex vikna praksís hjá Dýralæknaþjónustu Suðurlands í júlí og ágúst 1999. Sex vikna praksís hjá Dýraspítalanum í Víðidal í ágúst og sept. 1999. Eftirlitsdýralæknir í Gullbringu- og Kjósarumdæmi frá júní til ágúst 2000. Eftirlitsdýralæknir í Gullbringu- og Kjósarumdæmi frá des. 2000 til júní 2001. Var í hlutastarfi hjá Dýralæknastofunni í Garðabæ í maí og júní 2001. Dýralæknir hjá Dýralæknastofunni í Garðabæ frá júní 2001.

Maki: **Bjarni Þórarinn Sigurðsson**, f. 29. ágúst 1971, sölustjóri í Reykjavík.

For.: Sigurður Jónsson, f. 21. des. 1940, bóndi í Stóra-Fjarðarhorni, Broddaneshr., Strand., og k.h. Elsa Bjarnadóttir, f. 11. sept. 1941, húsmóðir.

Barn þeirra: a) **Elsa Kristrún**, f. 27. des. 2002.

Rannveig Hildigunnur Einarsdóttir, f. 28. mars 1970 á Brekku, Bessastaðahr., Gull.

Faðir: **Einar Hafsteinn Árnason**, f. 22. júlí 1927, vélvirki á Brekku. For.: Árni Björn Gunnlaugsson, f. 1. júlí 1903, bóndi á Brekku, d. 14. sept. 1980, og k.h. Sæbjörg Einarsdóttir, f. 12. mars 1898, húsmóðir, d. 17. nóv. 1952.

Móðir: **Sesselja M. Kjærnested**, f. 25. jan. 1938, húsmóðir á Brekku. For.: Sókrates Friðfinnsson Kjærnested, f. 8. nóv. 1902, matsveinn í Hafnarfirði, d. 10. jan. 1950, og k.h. Rannveig Hildigunnur Kristjánsdóttir, f. 3. maí 1907, verkakona í Hafnarfirði, d. 12. febr. 1989.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Fjölbrautaskóla Garðabæjar 1989. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Norges veterinærhøgskole í Ósló vorið 1996. Almennt dýralækningaleyfi í Noregi í júní 1996.

Starfsferill: Starfaði á námsárunum við sæðingar í Hattfjelldal í Noregi sumarið 1994 og við dýralæknastörf í Rennebukommune, Noregi páskana 1995. Dýralæknir í Støren veterinærdistrikt frá okt. 1996. Stofnaði Berkåk Dyreklinikk í sept. 2000 ásamt Knut Ingolf Dragset og Harald Holm og hefur unnið þar frá stofnun.

Félags- og trúnaðarstörf: Sat í stjórn Námsfélags íslenskra stúdenta í Ósló 1992–1993.

Maki (27. júní 1998): **Knut Ingolf Dragset**, f. 1. okt. 1969, dýralæknir.

For.: Eivind Dragset, f. 16. júlí 1945, fylkisdýralæknir í Þrændalögum, Noregi, bús. í Støren, Noregi, og k.h. Synnøve Frøset Dragset, f. 28. júlí 1944, kennari.

Börn þeirra: a) **Saga**, f. 23. okt. 1995. b) **Eivind**, f. 8. sept. 1997. c) **Eir**, f. 8. nóv. 2000. d) **Sókrates**, f. 27. júní 2003.

Rúnar Gíslason, f. 20. jan. 1948 í Reykjavík.

Faðir: **Gísli Guðnason**, f. 27. sept. 1914, verkstjóri í Reykjavík, d. 4. nóv. 1974. For.: Guðni Einarsson, f. 26. júlí 1882, bóndi í Arnarbæli í Flóa og landpóstur, d. 20. febr. 1924, og Þorbjörg Sigrún Eggertsdóttir, f. 9. mars 1879, húsmóðir, d. 10. júlí 1943.

Móðir: **Jóna Gróa Kristmundsdóttir**, f. 10. jan. 1917, húsmóðir, starfaði síðar m.a. við símavörslu, d. 15. sept. 2002. For.: Kristmundur Jónsson, f. 8. ágúst 1895, lengst sjómaður, síðast verkamaður í Reykjavík og Vestmannaeyjum, d. 9. jan. 1960, og k.h. Jónína Jóhannsdóttir, f. 30. okt. 1888, húsmóðir, d. 6. sept. 1976.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1968. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Tierärtztliche Hochschule í Hannover, Þýskalandi 1976. Almennt dýralækningaleyfi 1. nóv. 1978.

Starfsferill: Aðstoðardýralæknir í Bad Friedrichshall, Þýskalandi frá 1. júlí 1976 til 31. okt. 1977. Aðstoðardýralæknir í Wünnenberg, Þýskalandi frá okt. 1977 til 15. sept. 1978. Settur héraðsdýralæknir í Austurlandsumdæmi frá 1. des. 1978 til 31. ágúst 1979. Settur héraðsdýralæknir í Strandaumdæmi frá 1. okt. 1979 til 31. des. 1979. Settur héraðsdýralæknir í Snæfellsnesumdæmi frá 15. jan. 1980 til 31. mars 1981. Skipaður héraðsdýralæknir í Snæfellsnesumdæmi 1. apríl 1981.

Félags- og trúnaðarstörf: Sat í stjórn handknattleiksdeildar Knattspyrnufélagsins Víkings 1965–1968. Sat í stjórn Ungmennafélags Snæfells í Stykkishólmi 1990–1993. Formaður stjórnar Byggðasafns Snæfellinga 1990–1994. Hefur setið í bæjarstjórn Stykkishólms frá 1994, forseti frá 1995. Formaður Heilbrigðiseftirlits Vesturlands frá 1999. Formaður Náttúrustofu Vesturlands frá 2002.

Maki (29. apríl 1975): **Brynja Jóhannsdóttir**, f. 22. jan. 1954, húsmóðir.

For.: Jóhann E. Kristjánsson, f. 30. júlí 1926, kjötiðnaðarmaður, kaupmaður, d. 5. jan. 2003, og k.h. Hulda Inger Klein Kristjánsson, f. 29. ágúst 1923.

Börn þeirra: a) **Guðni**, f. 15. jan. 1975, d. 13. febr. 1975. b) **Hermann**, f. 30. maí 1976, vélvirki. c) **Björk**, f. 20. júní 1979, heildsali. Maki (óg.): Murat Özdemir, f. 12. febr. 1972, heildsali. d) **Jóhanna**, f. 30. júlí 1980, nemi í alþjóðaviðskiptafræði. Maki (óg.): Richard de Goede, f. 9. sept. 1977.

Rögnvaldur Ingólfsson, f. 4. júní 1947 í Reykjavík.

Faðir: Sveinn **Ingólfur Rögnvaldsson**, f. 29. jan. 1917, eirsmíðameistari, verkstjóri í Reykjavík. For.: Rögnvaldur Jón Snorrason, f. 3. sept. 1886, kaupmaður á Akureyri, d. 27. sept. 1923, og k.h. Sigríður Sveinsdóttir, f. 11. apríl 1890, húsmóðir á Akureyri, síðar í Reykjavík, d. 1. mars 1990.

Móðir: **Hólmfríður Jónasdóttir**, f. 24. okt. 1917, húsmóðir. For.: Jónas Páll Magnússon, f. 18. maí 1885, bókbindari í Reykjavík, d. 11. nóv. 1954, og k.h. Guðbjörg Gísladóttir, f. 25. jan. 1897, d. 18. jan. 1978.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1967. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Norges veterinærhøgskole í Ósló 1973. M.Sc. í matvælafræði frá University of Bristol 1991.

Starfsferill: Héraðsdýralæknir Gullbringu- og Kjósarsýslu í júlí og ágúst 1973. Héraðsdýralæknir Norðausturlandsumdæmis 1973–1977. Héraðsdýralæknir Dalaumdæmis 1977–1996. Sviðsstjóri matvælasviðs Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur 1996–2001. Deildarstjóri Matvælaeftirlits Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur frá 2002.

Félags- og trúnaðarstörf: Gjaldkeri í stjórn Dýralæknafélags Íslands (DÍ) 1975–1979. Formaður Heilbrigðisnefndar Dalasýslu 1987–1996. Sat í skólanefnd Grunnskólans í Búðardal 1987–1996, lengst af sem formaður. Ritstjóri Fréttabréfs DÍ 1991–1992. Meðstjórnandi í stjórn DÍ sama tíma. Formaður DÍ 1992–1996. Var þátttakandi á þingi Evrópusambands dýralækna 1993 og 1994. Varamaður í Dýraverndarráði 1994–1998. Fulltrúi Íslands í NKVet, norrænni nefnd um dýralæknavísindi, 1996–2002. Hefur setið í matarsjúkdómanefnd sem hefur starfað á vegum umhverfisráðuneytisins frá 1999.

Ritstörf: Hefur ritað greinar í Fréttabréf DÍ, Dýralæknaritið, Frey og Búvísindi.

Viðurkenningar: Hlaut Maurice Ingram heiðursverðlaunin fyrir bestu einkunn í M.Sc.-árgangi frá Institute of Food Science and Technology, Bristol 1991. Heiðursfélagi Dýralæknafélagsins í Lit-

háen 1995, m.a. vegna aðstoðar við uppbyggingu starfs félagsins og tölvuvæðingu þess.

Maki (28. ágúst 1970): **Kristjana Emilía Kristjánsdóttir**, f. 14. maí 1948, húsmóðir.

For.: Kristján Páll Sigurðsson, f. 8. febr. 1908, bóndi á Grímsstöðum, N-Þing., d. 27. júní 1985, og k.h. Aðalbjörg Vilhjálmsdóttir, f. 19. okt. 1917, húsmóðir, d. 11. febr. 1991.

Börn þeirra: **Anna Margrét**, f. 8. maí 1970, uppeldisfræðingur í London. b) **Ingólfur**, f. 15. nóv. 1973, læknir. c) **Sigurður Þór**, f. 30. nóv. 1980, tónlistarkennari.

Sif Traustadóttir, f. 16. sept. 1973 í Reykjavík.

Faðir: **Trausti Eiríksson**, f. 10. okt. 1946, sjálfstætt starfandi verkfræðingur í Reykjavík. For.: Eiríkur Egill Kristjánsson, f. 20. okt. 1903, verslunarmaður í Reykjavík, d. 13. mars 1998, og k.h. Lilja Guðmundsdóttir, f. 26. júní 1905, húsmóðir, d. 6. maí 1976.

Móðir: **Jóna Guðrún Guðmundsdóttir**, f. 31. des. 1947, hjúkrunarfræðingur í Danmörku. For.: Guðmundur Bjarnason, f. 10. okt. 1902, bóndi og trésmiður í Grundarfirði, d. 4. jan. 1951, og k.h. Guðrún Kristín Björnsdóttir, f. 24. maí 1914, húsmóðir, d. 17. apríl 1981.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1993. Lauk B.Sc.-prófi í líffræði frá Háskóla Íslands 1997. Námsdvöl við University of California, Davis, Bandaríkjunum í apríl og maí 2002. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Den Kongelige Veterinær- og Landbohøjskole (KVL) í Kaupmannahöfn 2003.

Starfsferill: Starfaði sem eftirlitsdýralæknir í Gullbringu- og Kjósarsýslu í sumarafleysingum 2001. Praksís við Animal Hospital of Cloverdale í Kaliforníu, Bandaríkjunum í júní 2002. Dýralæknir á Dýralæknastofu Dagfinns í Reykjavík frá 1. maí 2003.

Ritstörf: „Ástæður fyrir aflífun á hundum og köttum á Íslandi," lokaverkefni við KVL 2003.

Maki (30. sept. 1995): **Gísli Þór Þorkelsson**, f. 10. mars 1970, bifvélavirkjameistari.

For.: Þorkell Jón Gíslason, f. 9. jan. 1934, lögfræðingur, borgarfógeti í Reykjavík, bús. á Seltjarnarnesi, d. 9. júlí 1997, og k.h. Margrét Sjöfn Gísladóttir, f. 15. júní 1934, hárgreiðslumeistari á Seltjarnarnesi.

Barn þeirra: a) **Baldur Freyr**, f. 25. júlí 1996.

Sighvatur Snæbjörnsson, f. 29. júní 1938 í Hólshúsi, Hrafnagilshr., Eyjaf.

Faðir: **Snæbjörn Sigurðsson**, f. 22. ágúst 1908, bóndi í Hólshúsum, Hrafnagilshr. og á Grund, Hrafnagilshr., d. 17. nóv. 1991. For.: Sigurður Bjarnason, f. 31. ágúst 1863, bóndi og fræðimaður á Snæbjarnarstöðum í Fnjóskadal, Hálshr., S-Þing., d. 3. des. 1950, og k.h. Hólmfríður Jónsdóttir, f. 16. nóv. 1867, húsmóðir, d. 27. sept. 1930.

Móðir: **Pálína Jónsdóttir**, f. 4. apríl 1907, húsmóðir í Hólshúsum og á Grund, d. 21. mars 1982. For.: Jón Bergsson, f. 14. febr. 1880, kennari og kaupmaður í Hrísey og á Ólafsfirði, síðar á Akureyri, d. 3. júní 1968, og k.h. Þorgerður Jörundsdóttir, f. 15. sept. 1881, húsmóðir, d. 30. sept. 1950.

Námsferill: Tók stúdenspróf frá Menntaskólanum á Akureyri 1958. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Norges veterinærhøgskole í Ósló 1965. Stundaði nám í læknisfræði við Háskóla Íslands og cand.med. þaðan 20. júní 1973. Almennt dýralækningaleyfi á Íslandi 13. apríl 1977 og í Svíþjóð 8. des. 1978. Sérfræðingsleyfi í svæfingum og deyfingum 26. sept. 1980.

Starfsferill: Settur héraðsdýralæknir í Borgarfjarðarumdæmi frá 1. jan. til 1. des. 1966 og í Gullbringu- og Kjósarumdæmi frá 1. jan. til 1. ágúst 1967. Hefur starfað sem svæfingarlæknir á Akureyri, í Keflavík og í Reykjavík.

Maki (9. des. 1967) (skildu): **Hrafnhildur Gísladóttir**, f. 25. júlí 1943, húsmóðir.

For.: Gísli Jónsson, f. 4. sept. 1898, listmálari í Reykjavík, d. 9. nóv. 1944, og k.h. Einarbjörg (Björg) Böðvarsdóttir, f. 23. okt. 1903, húsmóðir, d. 12. júlí 1985.

Börn þeirra: a) **Sturla**, f. 12. júní 1969, rekstrarfræðingur. b) **Björg**, f. 29. apríl 1971, grafískur hönnuður. c) **Skúli**, f. 30. jan. 1976, flugumsjónarmaður.

Sigríður Björnsdóttir, f. 7. jan. 1964 á Selfossi.

Faðir: **Björn Sigurðsson**, f. 6. júlí 1935, bóndi í Úthlíð, Biskupstungnahr., Árn. For.: Sigurður Tómas Jónsson, f. 25. febr. 1900, bóndi í Úthlíð, d. 11. okt. 1987, og k.h. Jónína Þorbjörg Gísla-

dóttir, f. 19. okt. 1909, húsmóðir, d. 19. febr. 1979.

Móðir: **Ágústa Margrét Ólafsdóttir**, f. 7. nóv. 1937, bóndi og húsmóðir. For.: Ólafur Ögmundsson, f. 2. ágúst 1899, bóndi í Hjálmholti, Hraungerðishr., Árn., d. 15. febr. 1982, og k.h. Guðmunda Guðjónsdóttir, f. 15. ágúst 1914, húsmóðir, d. 30. maí 1991.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum að Laugarvatni 1984. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Norges veterinærhøgskole í Ósló 1992. Almennt dýralækningaleyfi í Noregi 19. júní 1992 og á Íslandi 23. apríl 1993. Doktorsnám í klínískum röntgenfræðum við Sveriges Lantbruksuniversitet í Uppsölum, Svíþjóð og lauk þaðan Ph.D.-gráðu 7. júní 2002.

Starfsferill: Sjálfstætt starfandi dýralæknir í almennum praksís í Þrændalögum, Noregi frá júlí til des. 1991 (með námi) og frá júlí til des. 1992. Sjálfstætt starfandi dýralæknir í almennum praksís í Árnessýslu frá ágúst 1993 til júní 1994. Dýralæknir hrossasjúkdóma hjá embætti yfirdýralæknis frá júní 1994. Hefur einnig annast kennslu á hrossabraut Hólaskóla 1994–2001.

Ritstörf: „Bone spavin in Icelandic horses – Aspects of predisposition, pathogenesis and prognosis," doktorsritgerð, gefin út í Uppsölum 2002. Hefur skrifað vísinda- og fræðslugreinar í tímarit.

Maki (óg.): **Ólafur Ingi Sigurgeirsson**, f. 30. okt. 1964, líffræðingur.

For.: Sigurgeir Óskar Sigmundsson, f. 16. mars 1938, kaupmaður á Grund á Flúðum, d. 9. febr. 1997, og k.h. Jóna Sólveig Ólafsdóttir, f. 5. febr. 1944, kaupmaður.

Börn þeirra: a) **Sigurgeir**, f. 26. febr. 1993. b) **Þorgerður Una**, f. 27. júlí 2003.

Sigríður Inga Sigurjónsdóttir, f. 25. júlí 1968 í Reykjavík.

Faðir: **Sigurjón Andrésson**, f. 9. des. 1941, sjálfstæður atvinnurekandi í Reykjavík. For.: Andrés Jónsson, f. 5. apríl 1904, klæðskeri í Reykjavík, d. 12. júní 1942, og k.h. Ólöf Dagmar Úlfarsdóttir, f. 5. febr. 1917, húsmóðir og læknaritari í Reykjavík, d. 13. okt. 1968.

Móðir: **Ágústa Sigurgeirsdóttir**, f. 25. nóv. 1947, sjálfstæður atvinnurekandi. For.: Sigurgeir Borgfjörð Ásbjörnsson, f. 22. jan. 1920, tollvörður í Reykjavík, d. 23. jan. 1980, og k.h. Þóra Þórðardóttir, f. 20. okt. 1916, húsmóðir, d. 24. des. 1999.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Fjölbrautaskólanum við Ármúla 1990. Búfræðingur frá Bændaskólanum á Hvanneyri 1987. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Norges veterinærhøgskole (NVH) í Ósló 1997. Almennt dýralækningaleyfi í Noregi vorið 1997 og á Íslandi 1998.

Starfsferill: Starfaði við Grue dyreklinikk, Ósló frá vori 1997 til jan. 1998, við A1 fugle- og dyreklinikk, Ósló frá jan. 1998 til ágúst 1998. Tók vaktir við NVH í Ósló frá jan. til ágúst 1998. Aðstoðarmaður dýralæknis í Búðardal haustið 1998. Dýralæknir á Dýralæknastofu Dagfinns frá jan. til apríl 1999. Héraðsdýralæknir í Ísafjarðarumdæmi frá maí til 30. nóv. 1999. Héraðsdýralæknir í Vestfjarðaumdæmi frá 1. des 1999. Stundakennari við Menntaskólann á Ísafirði 2000–2001.

Maki (skildu): **Einar Jörundsson**, f. 10. febr. 1963, dýralæknir.

For.: Jörundur Sveinsson, f. 2. sept. 1919, loftskeytamaður á Litlalandi í Mosfellssveit, d. 29. sept. 1968, og k.h. Margrét Einarsdóttir, f. 10. ágúst 1922, talsímakona á Litlalandi.

Barnsfaðir: **Guðmundur Guðmundsson**, f. 6. nóv. 1967, símsmíðameistari.

For.: Sveinbjörn Matthíasson, f. 2. maí 1938, rafeindavirki, og k.h. Jónína Guðmundsdóttir, f. 6. febr. 1940, hjúkrunarfræðingur.

Barn þeirra: a) **Ólöf Dagmar Guðmundsdóttir**, f. 13. nóv. 1999.

Sigurbjörg Ólöf Bergsdóttir, f. 28. ágúst 1962 í Reykjavík.

Faðir: **Bergur Andrésson**, f. 6. júní 1916, d. 1. sept. 1984. For.: Andrés Ólafsson, f. 26. júní 1869, bóndi og hreppstjóri á Neðri-Hálsi í Kjós, d. 3. mars 1931, og k.h. Ólöf Gestsdóttir, f. 25. júní 1883, húsmóðir, d. 18. júní 1966.

Móðir: **Ingibjörg Kristín Lárusdóttir**, f. 17. febr. 1923, skrif-

stofumaður í Reykjavík, d. 26. júní 1989. For.: Lárus Finnbogi Björnsson, f. 16. maí 1894, bóndi, síðar verslunarmaður í Reykjavík, d. 1981, og Sigurbjörg Sigríður Sigurvaldadóttir, f. 29. nóv. 1895, d. 23. des. 1986.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum við Hamrahlíð 1984. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Den Kongelige Veterinær- og Landbohøjskole í Kaupmannahöfn 1990.

Starfsferill: Dýralæknir í afleysingum á Húsavík sumarið 1988 og á Hellu og Hvolsvelli sumarið 1989. Vann við heilbrigðiseftirlit í sláturhúsum í Dalaumdæmi haustið 1989. Héraðsdýralæknir í Norðausturlandsumdæmi frá 1. mars 1990 til 30. júní 1996. Héraðsdýralæknir í Dalaumdæmi frá 1. júlí 1996.

Maki: **Heiðar Hafliði Hermundsson**, f. 18. júní 1952, tækjamaður og húsvörður.

For.: Hermundur Kjartansson, múrari í Þistilfirði, og k.h. Fjóla Þorsteinsdóttir, f. 8. apríl 1930, húsmóðir og verkakona.

Börn þeirra: a) **Hermundur Grétar**, f. 8. júní 1983 (stjúpsonur). b) **Fjóla Björg**, f. 8. apríl 1993. c) **Sesselja Dís**, f. 31. ágúst 1999.

Sigurborg Daðadóttir, f. 2. júní 1958 á Ísafirði.

Faðir: **Daði Steinn Kristjánsson**, f. 23. júní 1920, stýrimaður, d. 29. jan. 1981. For.: Kristján Hálfdánarson, f. 29. okt. 1893, skipstjóri í Bolungarvík, d. 14. okt. 1933, og k.h. Ingibjörg Kristín Guðjónsdóttir, f. 26. júní 1894, d. 24. des. 1942.

Móðir: **Gerður Sturlaugsdóttir**, f. 13. jan. 1928, bifreiðarstjóri. For.: Sturlaugur Einarsson, f. 12. júní 1892, bóndi í Múla, N-Ís., d. 18. sept. 1958, og k.h. Guðrún Elín Kristjánsdóttir, f. 3. júní 1885, d. 3. júní 1973.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Verzlunarskóla Íslands í maí

1979. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Tierärztliche Hochschule í Hannover, Þýskalandi 1. júlí 1985. Rekstrar- og viðskiptanám hjá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands (18 ein.) 1999. Dýralæknisréttindi 2. des. 1985. Heilbrigðisfulltrúaréttindi 28. febr. 1986. Réttindi frá Fiskistofu til að setja upp og taka út innra eftirlits- og gæðakerfi (GÁMES), 25. maí 1994. Hefur auk þess tekið ýmis námskeið á sviði dýralækninga.

Starfsferill: Aðstoðarmaður hjá Sauðfjárveikivörnum á Keldum 1982–1983. Settur héraðsdýralæknir í Dalvíkurumdæmi í sumarleyfi Ármanns Gunnarssonar í ágúst 1983. Héraðsdýralæknir í Selfossumdæmi í veikindafríi Jóns Guðbrandssonar í júlí 1984. Kjötskoðunarlæknir við sláturhús Kaupfélags Vopnfirðinga 1985–1991. Framkvæmdastjóri Einangrunarstöðvar ríkisins í Hrísey 1986–1993 með eins og hálfs árs hléi. Deildardýralæknir á matvæla- og heilbrigðissviði Hollustuverndar ríkisins 1993–1994. Framkvæmdastjóri Nautastöðvar Búnaðarfélags Íslands 1994–1996. Framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Kópavogssvæðis 1996–1998. Vaktir hjá héraðsdýralækni Gullbringu- og Kjósarumdæmis 1997–1998. Skrifstofustjóri Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis 1999–2000. Gæðastjóri fuglabúsins Móa hf., (síðar Matfugls ehf.) frá 2000. Verkefnaráðning hjá umhverfisráðuneyti 1999 sem fólst í samningu leiðbeinandi reglna um uppbyggingu gjaldskrár fyrir heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga. Verkefnaráðning hjá landbúnaðarráðuneyti 1999, sem fólst í samningu gjaldskrár fyrir eftirlitsstörf embættisdýralækna.

Félags- og trúnaðarstörf: Sat í stjórn Dýralæknafélags Íslands (DÍ) sem gjaldkeri 1992–1994. Formaður heilbrigðisnefndar Reykjavíkur 1994–1995. Gjaldkeri Norrænnar dýralæknaráðstefnu 1994. Nefndarmaður í nefnd skipaði af borgarstjórn Reykjavíkur um framtíðarskipan sorphirðumála 1994. Sat í stjórn hestamannafélagsins Léttis á Akureyri í fjögur ár, þar af formaður í eitt og hálft ár. Varamaður DÍ í Dýraverndarráði frá 1998.

Maki (staðfest samvist 30. ágúst 1997): **Hanna María Karlsdóttir**, f. 19. nóv. 1948, leikkona.

For.: Karl S. Guðjónsson, f. 21. okt. 1895, rafvirkjameistari, d. 5. ágúst 1986, og Dagrún Friðfinnsdóttir, f. 21. mars 1912, saumakona, d. 19. mars 1998.

Sigurður Einarsson Hlíðar, f. 4. apríl 1885 í Hafnarfirði, d. 18. des. 1962 í Reykjavík.

Faðir: **Einar Einarsson**, f. 24. sept. 1853, trésmiður og söngkennari í Hafnarfirði, d. 7. jan. 1891.

Móðir: **Sigríður Jónsdóttir**, f. 2. mars 1852, húsmóðir, d. 4. jan. 1915.

Námsferill: Tók 4. bekkjar próf frá Lærðaskólanum í Reykjavík 1904. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Den Kongelige Veterinær- og Landbohøjskole í Kaupmannahöfn 1910. Námskeið við sama skóla í þrjá mánuði 1922. Námsdvöl við Rannsóknastofnun í Kiel, Þýskalandi veturinn 1929–1930.

Starfsferill: Dýralæknir í Norður- og Austuramti frá 1. apríl 1910 og í Norðlendingafjórðungi frá 1. nóv. 1915 til 1. febr. 1943. Yfirdýralæknir og dýralæknir í Sunnlendingafjórðungi vestan sýslumarka Gullbringusýslu- og síðar Gullbringu- og Kjósarumdæmi til 31. des. 1955. Starfaði við heilbrigðisskoðun á kjöti í Reykjavík 1956–1962.

Félags- og trúnaðarstörf. Aðalhvatamaður að stofnun Dýralæknafélags Íslands og fyrsti formaður þess 1934–1943. Alþingismaður á Akureyri 1937–1949. Þýskur vararæðismaður 1927–1940. Sat í fulltrúaráði Rannsóknastofnunar Háskólans 1936–1939. Formaður Dýraverndunarfélags Íslands 1943–1953.

Ritstörf: „Helstu alidýrasjúkdómar á Íslandi," 1915. „Samband mannaberkla og nautgripaberkla," 1920. „Sauðfé og sauðfjársjúkdómar á Íslandi," 1937. „Rit um Jaagziekte," 1941. „Nokkrar Árnesingaættir," 1956.

Viðurkenningar: Riddarakross hinnar íslensku Fálkaorðu 1945. Stórriddarakross hinnar íslensku Fálkaorðu 1956.

Maki: **Guðrún Louise Guðbrandsdóttir**, f. 18. sept. 1877, húsmóðir, d. 6. júní 1963.

For.: Guðbrandur Teitsson, f. 29. nóv. 1850, kaupmaður og konsúll í Reykjavík, d. 22. febr. 1899, og k.h. Jacobine Fredrikke Louise Zimsen, f. 5. febr. 1853, húsmóðir, d. 4. júlí 1936.

Börn þeirra: a) **Brynja**, f. 9. nóv. 1919, lyfjafræðingur á Akureyri, d. 29. maí 1947. b) **Skjöldur**, f. 7. júní 1912, klæðskeri og músíkant í Kaupmannahöfn, d. 7. mars 1983. Maki I (skildu):

Anna Sigurðardóttir. Maki II: Hellborg, f. 16. nóv. 1923 í Danmörku. c) **Gunnar**, f. 20. maí 1914, stöðvarstjóri Pósts og síma, d. 22. des. 1957. Maki: Hólmfríður Ingunn Sigurjónsdóttir Hlíðar, f. 10. ágúst 1910, d. 7. apríl 1994. d) **Guðbrandur**, f. 9. nóv. 1915, dýralæknir í Reykjavík, d. 31. des. 2000. Maki (í staðfestri samvist): Herder Anderson, f. 23. nóv. 1933, danskennari og rannsóknarmaður. e) **Jóhann**, f. 25. ágúst 1918, sóknarprestur í Reykjavík, d. 1. maí 1997.

Skyldleiki: Guðrún Louise, eiginkona Sigurðar, er barnabarn Teits Finnbogasonar, fyrsta íslenska dýralæknisins. Guðbrandur Hlíðar dýralæknir er sonur Sigurðar og Ingunn Reynisdóttir dýralæknir er langafabarn hans.

Sigurður Örn Hansson, f. 20. júlí 1947 í Eyjum í Kjós.

Faðir: **Hans Guðnason**, f. 27. ágúst 1911, búfræðingur, bóndi á Hjalla í Kjós., d. 22. sept. 1983. For.: Guðni Guðnason, f. 28. maí 1877, bóndi í Eyjum í Kjós, d. 2. nóv. 1964, og k.h. Guðrún Hansdóttir, f. 8. ágúst 1877, húsmóðir, d. 15. apríl 1956.

Móðir: **Unnur Hermannsdóttir**, f. 27. júlí 1912, kennari og húsmóðir á Hjalla, d. 24. nóv. 1994. For.: Hermann Þórðarson, f. 19. febr. 1881, kennari á Glitstöðum, Norðurárdalshr., Borg., d. 1. febr. 1962, og k.h. Ragnheiður Gísladóttir, f. 6. apríl 1884, húsmóðir, d. 21. ágúst 1979.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1966. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Den Kongelige Veterinær- og Landbohøjskole í Kaupmannahöfn í júní 1973. Almennt dýralækningaleyfi í Danmörku í júní 1973 og á Íslandi í júlí 1974. Námsferðir til Norðurlandanna í maí og júní 1978, til Nýja-Sjálands og Ástralíu í febr. og mars 1981 og auk þess fjölmargar styttri ferðir til Norðurlandanna og Bretlands. Lauk M.Sc.-gráðu í kjötvísindum frá University of Bristol, Bretlandi 1985–1986. Námskeið í verkefnastjórnun við þróunar- og skipulagsverkefni og við verklegar framkvæmdir við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands 1987. Námskeið í gæðastjórnun og aðlögun gæðakerfa að breyttum

kröfum á Evrópumarkaði, við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands í maí 1991. Nám í rekstrar- og viðskiptagreinum (18 ein.) við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands 1993. Námskeið í úttekt á gæðakerfum samkvæmt ISO 9000 stöðlum, haldið á vegum ESA í Brussel 1996. Námskeið í bandarískum reglum um heilbrigðiseftirlit í sláturhúsum og kjötvinnslum, haldið fyrir erlenda eftirlitsmenn í FSIS Training Centre og A&M University, College Station, Texas, Bandaríkjunum í jan. og febr. 1998. Námskeið í notkun innra eftirlits- og gæðakerfi (GÁMES) í sláturhúsum í febr. 2001. Hefur auk þess setið fjölmörg styttri námskeið, flest á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands, Dýralæknafélags Íslands, danska dýralæknafélagsins og Hundaræktarfélags Íslands.

Starfsferill: Aðstoðardýralæknir hjá Poul Rom dýralækni í Biersted, Danmörku frá 1. júlí 1973 til 30. júní 1974. Settur héraðsdýralæknir í Dalaumdæmi frá 1. ágúst 1974 til 31. júlí 1975. Skipaður héraðsdýralæknir í Dalaumdæmi frá 1. ágúst 1975 til 30. júní 1977. Forstöðumaður rannsóknastofu Búvörudeildar Sambandsins frá 1. júlí 1977 til 14. nóv. 1993. Dýralæknir heilbrigðiseftirlits í sláturhúsum frá 15. nóv. 1993. Gegndi starfi framkvæmdastjóra XVII. Norræna dýralæknaþingsins sem haldið var í júlí 1994 í Reykjavík frá 15. nóv. 1993 til 15. ágúst 1994. Settur kjötmatsformaður í hálfu starfi frá 1. ágúst 1999 til 31. jan. 2000. Staðgengill yfirdýralæknis og settur yfirdýralæknir í nokkur skipti frá ágúst 1994 til 1. mars 2000. Skipaður aðstoðaryfirdýralæknir 1. mars 2000. Stundakennsla í slátrun við Iðnskólann í Reykjavík. Umsjón með og kennsla á fjölmörgum námskeiðum fyrir starfsfólk í sláturhúsum á árunum 1977–1994. Smádýralækningar í afleysingum á Dýralækningastofu Helgu Finnsdóttur í Reykjavík frá 1981.

Félags- og trúnaðarstörf: Hefur setið í Lyfjanefnd ríkisins frá 1990. Sat í Aðskotaefnanefnd frá 1. júlí 1998 til 9. nóv. 2000. Ritari nefndar um endurskoðun á lögum nr. 30/1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum frá 1994–1996. Formaður nefndar um endurskoðun hluta reglugerðar nr. 188/1988 um slátrun, mat og meðferð sláturafurða. Stjórnandi vinnu við gerð reglugerðar um hreinlætisáætlun í sláturhúsum og kjötpökkunarstöðvum 1998. Stjórnandi vinnu við gerð reglugerðar nr. 40/1999 um innra eftirlit í sláturhúsum og kjötpökkunarstöðum þeirra, 1999. Stýrði vinnuhópi um gerð viðbragðsáætlana við náttúruhamförum 1997.

Sat í nefnd um gerð reglugerðar um aðbúnað sauðfjár 2000. Sat í nefnd um samantekt á tillögum og álitsgerð um nám fyrir starfsfólk sem vinnur við slátrun 1992. Sat í nefnd um samningu reglugerðar um meðferð slátur- og dýraúrgangs 2000. Sat í nefnd um samningu reglugerðar um kólígerlarannsóknir á sauðfjárafurðum 2000–2001. Sat í nefnd um samningu reglugerðar um salmonellurannsóknir á sláturafurðum 2001. Stjórnandi vinnuhóps um gerð viðbragðsáætlana við smitsjúkdómum 1999–2003. Sat í norrænum vinnuhópi um gerð viðbragðsáætlana í landbúnaði vegna geislaslysa 2000–2002. Sat í norrænum vinnuhópi um endurskoðun á heilbrigðiseftirliti í sláturhúsum 2001. Sat í norrænum vinnuhópi um endurskoðun á kjötskoðun 2003. Sat í norrænum vinnuhópi um matvælaöryggi með tilliti til sjálfbærrar þróunar 2003. Hefur auk þess verið varamaður í Matvælaráði, Markanefnd, Samstarfsnefnd um matarsjúkdóma og í Fagráði í lífrænum búskap.

Ritstörf: „An Evaluation of the Hennessy Grading Probe for Measuring Carcass quality," mastersritgerð 1986. Hefur ritað greinar í bændablaðið Frey, Handbók bænda og Dýralæknaritið.

Maki (11. júlí 1981): **Helga Finnsdóttir**, f. 10. febr. 1948, dýralæknir.

For.: Finnur Magnús Einarsson, f. 6. sept. 1898, bóksali og kennari í Reykjavík, d. 19. febr. 1983, og Guðrún M. Einarson, húsmóðir, f. 22. maí 1905.

Barn þeirra: a) **Ragnheiður Ásta**, f. 20. apríl 1982.

Sigurður Ingi Jóhannsson, f. 20. apríl 1962 á Selfossi.

Faðir: **Jóhann Halldór Pálsson**, f. 7. mars. 1936, bóndi í Dalbæ, Hrunamannahr., Árn., d. 28. nóv. 1987. For.: Páll Guðmundsson, f. 8. sept. 1899, bóndi í Dalbæ, d. 17. maí 1966, og k.h. Margrét Guðmundsdóttir, f. 7. jan. 1898, húsmóðir, d. 4. maí 1988.

Móðir: **Hróðný Sigurðardóttir**, f. 17. maí 1942, bóndi og húsmóðir, skrifstofumaður og sveitarstjórnarmaður, d. 28. nóv. 1987. For.: Sigurður Ingi Sigurðsson, f. 16. ágúst 1909, búfræðingur og oddviti,

skrifstofustjóri, og Arnfríður Jónsdóttir, f. 30. maí 1919, húsmóðir.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum að Laugarvatni 1982. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Den Kongelige Veterinær- og Landbohøjskole í Kaupmannahöfn.

Starfsferill: Vann ýmis störf á námsárum, á Íslandi og í Danmörku. Bóndi í Dalbæ 1989–1992. Sjálfstætt starfandi dýralæknir 1990–1995 og settur héraðsdýralæknir í afleysingum í Hreppaumdæmi og Laugarásumdæmi á sama tíma auk V-Barðastrandaumdæmis (tímabundið). Afleysinga- og vaktasamstarf í Hreppa- og Laugarásumdæmi 1992–1994. Er einn af þremur stofnendum Dýralæknaþjónustu Suðurlands ehf. 1. jan. 1996 og hefur starfað þar síðan. Oddviti Hrunamannahrepps í aukastarfi frá 2002.

Félags- og trúnaðarstörf: Átti sæti í ýmsum nefndum innan Ungmennafélags Hrunamanna (U.M.F.H.) 1976–1982, sat síðan í varastjórn og gjaldkeri Knattspyrnudeildar U.M.F.H. 1990–1996. Gjaldkeri í sóknarnefnd Hrepphólakirkju 1993–1997. Meðstjórnandi í stjórn Dýralæknafélags Íslands 1994–1996. Sat í ráðherraskipaðri nefnd sem vann að breytingu á dýralæknalögum 1996–1998. Formaður skólanefndar Menntaskólans að Laugarvatni frá des. 2001 (varamaður 1997–2001). Sat í stjórn Kaupfélags Árnesinga frá apríl 2002 til júní 2003. Formaður stjórnar Dýralæknaþjónustu Suðurlands. Formaður stjórnar Hótels Flúða hf. 1996–2002 og aftur frá 2003.

Maki (8. ágúst 1987): **Anna Kristjana Ásmundsdóttir**, f. 23. sept. 1962, grunnskólakennari og leiðsögumaður.

For.: Ásmundur Bjarnason, f. 17. febr. 1927, aðalbókari á Húsavík, og k.h. Kristrún Jónína Karlsdóttir, f. 14. ágúst 1928, kennari á Húsavík, d. 26. nóv. 2002.

Börn þeirra: a) **Nanna Rún**, f. 23. sept. 1983. b) **Jóhann Halldór**, f. 18. júlí 1990. c) **Bergþór Ingi**, f. 7. jan. 1992.

Sigurður Helgi Pétursson, f. 16. mars 1946 í Reykjavík.

Faðir: **Pétur M. Sigurðsson**, f. 15. júní 1907, mjólkurfræðingur, mjólkurbústjóri í Reykjavík, bóndi í Austurkoti, Sandvíkurhr. í Flóa, Árn., safnvörður á Selfossi, d. 14. nóv. 2000. For.: Sigurður Helgi Sigurðsson, f. 9. okt. 1874, kaupmaður á Siglufirði og á Blönduósi, d. 27. mars 1948, og k.h. Margrét Pétursdóttir, f. 12. júní 1883, húsmóðir, d. 8. sept. 1932.

Móðir: **Sigríður Jóna Ólafsdóttir**, f. 31. júlí 1912, d. 2. okt. 1998. For.: Ólafur Jónsson, f. 18. mars 1868, bóndi í Haganesi í Fljótum, búfræðingur, d. í júlí 1948, og k.h. Jórunn Stefánsdóttir, f. 25. júlí 1878, húsmóðir, d. 4. sept. 1968.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum að Laugarvatni 1966. Lauk háskólaprófi frá Norges veterinærhøgskole í Ósló 1971. Almennt dýralækningaleyfi á Íslandi í des. 1971. Nám í íslensku til BA-prófs við Háskóla Íslands 2000–2002. Kennsluréttindanám við Kennaraháskóla Íslands 2000–2002 og fékk staðfest kennsluréttindi við framhaldsskóla 2001 og grunnskóla 2003.

Starfsferill: Starfaði á gerlarannsóknastofu Mjólkurbús Flóamanna sumarið 1969. Starfaði við sæðingar á Suðurlandi frá júlí til ágúst 1970. Dýralæknir í Støren í S-Þrændalögum, Noregi frá júlí til ágúst 1971 og í Verdalen í S-Þrændalögum, Noregi október s.á. Héraðsdýralæknir í Laugarásumdæmi, Árn. í jan. 1972. Héraðsdýralæknir í Reykjavík í júlí 1972. Héraðsdýralæknir í Mýraumdæmi í ágúst 1972. Kenndi við Bændaskólann á Hvanneyri í mars 1972. Héraðsdýralæknir í Dalaumdæmi frá sept. 1972 til mars 1973. Héraðsdýralæknir í A-Húnaþingsumdæmi frá mars 1973 til mars 2001. Hætti störfum sem héraðsdýralæknir vegna veikinda. Rak bú á Grund, A-Hún. 1993–1999 samhliða dýralæknisstarfinu. Kennari við Grunnskólann að Húnavöllum, A-Hún. frá ágúst 2001. Starfsmaður á skrifstofu Kaupfélags Húnvetninga frá mars til ágúst 2001.

Félags- og trúnaðarstörf: Formaður Tónlistarfélags A-Hún. 1984–1999. Formaður sóknarnefndar Auðkúlusóknar 1987–1999. Sat í stjórn Vélsmiðju Húnvetninga 1986–1992. Organisti í Auðkúlukirkju 1990–1998. Hefur setið í stjórn Sjálfsbjargar, A-Hún. og var formaður félagsins 2001–2002. Meðlimur í íslenska Esperantosambandinu frá 2003.

Ritstörf: Hefur ritað grein um fjárkláða í Dýralæknaritið.

Maki (14. des. 1975): **Ragnhildur Þórðardóttir**, f. 12. nóv. 1951, húsmóðir.

For.: Þórður Þorsteinsson, f. 27. júní 1913, bóndi á Grund, A-Hún., d. 8. ágúst 2000, og Guðrún Jakobsdóttir, f. 2. nóv. 1921.

Börn þeirra: a) **Guðrún Valdís**, f. 24. mars 1976, BA í félagsfræði frá Háskóla Íslands og háskólanemi. Maki (óg.): Jóhann Haukur Björnsson, f. 7. maí 1976, BA í sálfræði og skipulagsfræði. b) **Pétur Magnús**, f. 9. mars 1979, háskólanemi í Rostock.



Sigurður Sigurðarson, f. 2. okt. 1939 á Sigurðarstöðum í Bárðardal, S-Þing.

Faðir: **Sigurður Jónsson**, f. 8. jan. 1909, smiður og bóndi á Sigurðarstöðum, d. 22. okt. 1939. For.: Jón Jónsson, f. 22. febr. 1875, bóndi á Sigurðarstöðum, d. 26. febr. 1935, og k.h. Jónína Sölvadóttir, f. 22. apríl 1874, húsmóðir, d. 23. júlí 1954. Fósturfaðir frá tíu ára aldri: Ágúst Andrésson, f. 31. ágúst 1885, bóndi og hreppstjóri í Hemlu í Landeyjum, Rang., d. 16. jan. 1965.

Móðir: **Kristín Skúladóttir** f. 30. mars 1905, húsmóðir og barnakennari, fyrst á Sigurðarstöðum, svo á Keldum, Rangárvallahr., Rang., þá á Selalæk, Rangárvallahr., Rang., síðan í Hemlu, og síðast í Reykjavík, d. 13. júní 1995. For.: Skúli Guðmundsson, f. 25. okt. 1862, fræðimaður og bóndi á Keldum, d. 1. júní 1946, og k.h. Svanborg Lýðsdóttir, f. 1. ágúst 1863 í Hlíð, Gnúpverjahr., Árn., húsmóðir, d. 31. mars 1954.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum á Akureyri 1961. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Norges veterinærhøgskole (NVH) í Ósló 1967. Almennt dýralækningaleyfi á Íslandi í jan. 1968. Mastersnám í meinafræði búfjár við The Royal Veterinary College í London 1969–1970. Sérfræðingsleyfi í sauðfjár-, geita- og nautgripasjúkdómum sem gildir fyrir Noreg og Ísland frá NVH í Ósló í jan. 1995. Önnur menntun: Þátttaka í rannsóknarverkefnum um heilbrigði hreindýra á Íslandi 1963–1967 og síðar. Námsdvöl í N-Noregi, m.a. með Sömum um sjúkdóma í hreindýrum 1966 og 1972 og enn 2003–2004. Nám í meinafræði búfjár og greiningu sjúkdóma í búfé og villtum dýrum við NVH í Ósló 1972. Vinna og starfsþjálfun í sauðfjársjúkdómum við Tilraunabúið í Høyland í V-Noregi 1972. Nám í efnaskiptasjúkdómum í nautgripum við Dýralæknaháskólann í Hannover, Þýskalandi 1973 og síðar einnig við dýralæknastofnanir í Danmörku,

Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Nám í kálfaeldi, starfsemi sæðingarstöðva og kynsjúkdómum í nautgripum og sauðfé við dýralæknastofnanir í Þýskalandi og á Norðurlöndum 1973 og 1975. Námskeið í umhirðu og sjúkdómum í sauðfé í Skotlandi 1974. Náms- og fyrirlestraferð til Grænlands um sauðfjársjúkdóma á Grænlandi 1989. Námskeið í greiningu Príon- eða TSE-sjúkdóma (sjúkdóma í riðuflokki) við aðalrannsóknarstöð dýrasjúkdóma á Bretlandseyjum í Weybridge sunnan Lundúna 1992. Námskeið í nýjum greiningaraðferðum sömu sjúkdóma í Frakklandi 2001. Námskeið í búfjársjúkdómum í Eystrasaltslöndum, þar sem fluttur var eigin fyrirlestur um sjúkdóma í jórturdýrum á Íslandi, haldin í Lettlandi 1993 og Litháen 1997. Nám í skipulagi baráttu gegn gin- og klaufaveiki við höfuðstöðvar dýrasjúkdóma (DEFRA) við Pagestreet í Lundúnum 2001. Heimsóknir til starfandi dýralækna og dvöl með þeim í S-Englandi, Chichester og Llandeilo í Wales 2001 í því skyni að kynna sér búfjársjúkdóma í Englandi og Wales.

Starfsferill: Pakkhúskarl og bílstjóri á sumrum og í skólafríum 1957–1962 og í afleysingum við lok þess tíma innanbúðarmaður og útibússtjóri hjá Kaupfélaginu á Rauðalæk í Holtum, Rang. Rannsóknarmaður hjá Sauðfjárveikivörnum á Keldum sumrin 1963–1967. Settur héraðsdýralæknir í Borgarfjarðarumdæmi í einn mánuð 1966. Settur héraðsdýralæknir í Borgarfjarðar-, Laugaráss- og í Rangárvallaumdæmi 1967–1968. Kennsla í líffærafræði búfjár við Bændaskólann á Hvanneyri 1968. Rannsóknarstörf við Tilraunastöðina á Keldum í sjö mánuði 1968 og umsjón með sýningum fyrir stöðina 1968 og oftar og fyrir Dýralæknafélagið 1974. Sérfræðingur Sauðfjársjúkdómanefndar 1969–1993 og yfirdýralæknis síðan. Framkvæmdastjóri Sauðfjársjúkdómanefndar 1976–1978. Forstöðumaður rannsóknadeildar Sauðfjárveikivarna á Keldum 1969 og 1970–1993. Settur yfirdýralæknir í veikindaforföllum Páls Agnars Pálssonar 1987. Kennsla í líffærafræði og sjúkdómum búfjár á nokkrum námskeiðum við Bændaskólann á Hvanneyri. Deildarstjóri Rannsóknadeildar dýrasjúkdóma að Keldum á vegum yfirdýralæknis frá 1993. Sérfræðingur í sauðfjár- og nautgripasjúkdómum við Tilraunastöðina á Keldum frá 1995. Dýralæknisstörf í Englandi og Wales við útrýmingu gin- og klaufaveiki í einn mánuð 2001. Við nám og rannsóknir á hreindýrasjúkdómum í Lapplandi

2003–2004 með aðstöðu hjá og í samvinnu við Institutt for Arktisk Veterinærmedisin og Háskólann og Háskólasjúkrahúsið í Tromsö.

Félags- og trúnaðarstörf: Formaður í Félagi íslenskra stúdenta (FÍSN) í Ósló 1965–1966. Formaður í Foreldra- og kennarafélagi Árbæjarskóla í Reykjavík 1981–1982. Seta í tilraunaráði landbúnaðarins, dýraverndarnefnd og fóðurnefnd fyrir embætti yfirdýralæknis. Þátttaka í starfi Kvæðamannafélagsins Iðunnar frá 1989 og flutningur kvæðalaga í nafni þess einn eða með öðrum. Formaður vísnanefndar félagsins og bókavörður 1991–2003. Stjórnarmaður í félagi til verndar íslenska fínullarfénu frá Skriðuklaustri, „Íslensku erfðafé“.

Ritstörf: „Smitferill riðuveiki á Íslandi og reynsla af varnaraðgerðum,“ erindi flutt í Brussel 1990. „Sjúkdómar í hreindýrum,“ bókargrein 1993: Villt íslensk spendýr. Ritstjórar; Páll Hersteinsson og Guttormur Sigbjarnarson. Hið íslenska náttúrufræðifélag og Landvernd. „Riðuveiki á Íslandi, smitferill, einkenni, meingerð og útrýming,“ veggspjaldakynning í Göttingen, Þýskalandi 1995 (meðhöfndur). „Smitferill Creutzfeldt-Jakob sjúkdóms og riðuveiki í sauðfé á Íslandi,“ veggspjaldakynning í París 1996 (meðhöfundur). „Mites as vectors for scrapie,“ grein í The Lancet, Volume 347, 1996 (meðhöfundur). „Riðuveiki á Íslandi og aðgerðir gegn henni,“ erindi flutt í London 1996. „Skrapie eða riðuveiki á Íslandi,“ tímaritsgrein í Noregi 2000. „Saga riðuveiki,“ erindi flutt í Noregi 2001. Hefur ritað nokkurn fjölda af greinum í prentmiðla á Íslandi um búfjársjúkdóma og skyld mál frá 1957. „Rök gegn innflutningi á norsku kúakyni-NRF,“ bæklingur, ritaður ásamt Stefáni Aðalsteinssyni 2000. „Vísnaþættir og stökur,“ níu hefti með völdum vísum úr íslenskum prentmiðlum 1997–1999. Þátttaka í útgáfu á Víkingslækjarætt (endurskoðuð útgáfa verks Péturs Zóphaníasarsonar og frumútgáfu af handriti hans með viðaukum sem leiða eiga verkið til lykta).

Viðurkenningar: Nokkrar viðurkenningar fyrir árangur í frjálsum íþróttum, einkum kastgreinum 1957–1980. Tvenn verðlaun í spjótkasti á Landsmótum ungmennafélaganna og tvisvar á Norðurlandamótum dýralæknanema. Einu sinni Norðurlandameistari dýralæknanema í spjótkasti. Heiðursfélagi hjá Félagi geitfjáreigenda 2001.

Maki (1969): **Halldóra Einarsdóttir**, f. 21. mars 1942, sjálf-

menntuð handíðakona og hönnuður, húsmóðir og um skeið stöðvarstjóri fiskeldisstöðvarinnar að Laxalóni, d. 26. ágúst 2000.

For.: Einar Sverrisson, f. 1. apríl 1914, rafvirkjameistari, uppfinningamaður og bóndi í Kaldrananesi í Mýrdal, V-Skaft., og k.h. Ragnhildur Sigríður Guðjónsdóttir, f. 28. maí 1915, húsmóðir, d. 5. júní 1990.

Börn þeirra: a) **Sigurður**, f. 6. jan. 1969, tamningamaður, búfræðingur og bóndi í Þjóðólfshaga í Holtum. Maki I (óg.) (slitu samvistum): Anita Pálsdóttir, f. 25. des. 1967, iðnrekstrarfræðingur. Maki II: Sigríður Arndís Þórðardóttir, f. 3. des. 1977, stúdent. b) **Ragnhildur**, f. 21. júní 1970, barnakennari og golfkona í Reykjavík, svo í Mosfellsbæ. Maki: Þorvarður Friðbjörnsson, f. 6. okt. 1965, búfræðingur, tamningamaður og húsasmiður. c) **Einar Sverrir**, f. 3. sept. 1973, verkstæðisformaður og vélhjólamaður í Reykjavík. d) **Sölvi**, f. 12. jan. 1978, húsasmiður og tamningamaður í Reykjavík, svo í Mosfellsbæ. Maki: Álfhildur Leifsdóttir, f. 4. mars 1977, kerfisfræðingur.

Sigurður Freyr Sigurðsson, f. 9. apríl 1973 í Hafnarfirði.

Faðir: **Sigurður Hrólfur Sigurbjörnsson**, f. 7. apríl 1929, trésmiður á Björgum, S-Þing., d. 13. okt. 1992. For.: Sigurbjörn Jónsson, f. 26. nóv. 1895, bóndi á Björgum, d. 17. okt. 1975, og k.h. Björg Grímhildur Sigurðardóttir, f. 5. sept. 1900, húsmóðir, d. 8. apríl 1971.

Móðir: **Aldís Björgvinsdóttir**, f. 30. júní 1942, fóstra á Seltjarnarnesi, d. 16. okt. 1989. For.: Björgvin Anton Jónsson, f. 11. ágúst 1921, sjómaður í Hafnarfirði, og k.h. Rakel Guðmundsdóttir, f. 20. júní 1922, verkakona í Hafnarfirði.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1993. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Tierärztliche Hochschule í Hannover, Þýskalandi 1999. Almennt dýralækningaleyfi í Þýskalandi 23. febr. 2000.

Starfsferill: Aðstoðarmaður fóðurdeildar Rannsóknastofnunar landbúnaðarins frá febr. til apríl 1997. Dýralæknir í Åfjord Veterinærdistrikt í Noregi frá febr. til júlí 1999. Dýralæknir í Nieders.

Landgestüt Celle í Þýskalandi frá jan. til júní 2000. Sjálfstætt starfandi dýralæknir á Húsavík frá jan. 2000 til des. 2001. Kommuneveterinær í Askvoll, Noregi frá jan. 2002 til maí 2003. Distriktveterinær í Vännäs, Svíþjóð frá maí 2003.

Maki (óg.): **Hanne Kittilsen**, f. 28. júní 1975, dýralæknir.

For.: Runar Kittilsen, f. 3. jan. 1946, verkfræðingur í Tønsberg, Noregi, og k.h. Karin Kittilsen, f. 5. apríl 1948, verslunarmaður og fulltrúi.

Silvia Windmann, f. 24. febr. 1976 í Herford, Kreis Herford, Þýskalandi.

Faðir: **Horst Herbert Windmann**, f. 18. maí 1944, verkfræðingur í Löhne, Þýskalandi.

Móðir: **Hiltrud Windmann**, f. 14. jan. 1947, húsmóðir í Löhne, Þýskalandi.

Námsferill: Úskrifaðist frá Städtisches Gymnasium Löhne, Þýskalandi 1995. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Tierärztliche Hochschule í Hannover, Þýskalandi 2001.

Starfsferill: Eftirlitsdýralæknir í Svalbarðs- og Þórshafnarhreppi frá 1. jan. 2003.

Maki: **Edze Jan de Haan**, f. 11. ágúst 1969, sjúkraþjálfari.

Slavko Helgi Bambir, f. 1. sept. 1939 í Citluk, Bosníu og Hersegovínu.

Faðir: **Marijan Bambir**, f. 12. mars 1911, forstjóri járnbrautafyrirtækis í Osijek í Króatíu. For.: Jure Bambir, bóndi í Bosníu og Hersegovínu, og k.h. Luca Bambir, húsmóðir í Bosníu og Hersegovínu.

Móðir: **Marija Sulić Bambir**, f. 4. maí 1917, húsmóðir í Osijek, Króatíu, d. febr. 2001. For.: Jakov Sulić, múrari í Bosníu og Hersegovínu, og k.h. k.h. Ruža Sulić, húsmóðir í Bosníu og Hersegovínu.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá menntaskóla í Osijek, Króatíu

1959. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Veterinarski Fakultet, Sveućilista U Zagrebu, í Zagreb 1967. Lauk mastersgráðu í almennri meinafræði frá sama háskóla 1974 og doktorsgráðu 1976. Varð dósent við háskólann 1980 og hlaut prófessorgráðu innan sama fagsviðs við Dýralæknaháskólann í Zagreb 1986. Hlaut almennt dýralækningaleyfi á Íslandi 1988.

Starfsferill: Gegndi herskyldu sem dýralæknir í Zadar, Júgóslavíu 1968. Starfaði sem aðstoðardýralæknir, síðar dósent og loks sem prófessor við kennslu nemenda og leiðbeiningu við masters- og doktorsverkefni við dýralæknaháskólann í Zagreb, Króatíu 1969–1988. Á sama tímabili fólst starfið einnig í sjúkdómagreiningu og ráðgjafaþjónustu við bændur og dýralækna, með höfuðáherslu á meinafræði svína, kjúklinga, sauðfjár og gæludýra. Í lok tímabilsins einnig á sviði fisksjúkdóma. Hóf störf sem meinafræðingur við almenna sjúkdómagreiningu hjá embætti yfirdýralæknis á Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum í jan. 1988 og staðfesti sama ár í fyrsta sinn greiningu á hænsnalömun (Marek) hér á landi. Á tímabilinu 1991–1993 var starfinu skipt til helminga á milli embættis yfirdýralæknis og Tilraunastöðvarinnar á Keldum. Greindi í fyrsta sinn smáveirusótt (Parvo) í hundum hér á landi haustið 1992. Frá 1993 færðist starfið að mestu leyti yfir á Rannsóknadeild fisksjúkdóma á Keldum auk þátttöku í almennri sjúkdómagreiningu innan Rannsóknadeildar dýrasjúkdóma hjá embætti yfirdýralæknis.

Félags og trúnaðarstörf: Sat í stjórn Félags meinafræðinga í Króatíu 1975–1980. Gegndi starfi formanns verkalýðsfélags í Zagreb 1980–1982 og formanns launamálaráðs Króatíu sömu ár. Landsliðsmaður í júgóslavneska handknattleiksliðinu árin 1961–1967. Atvinnumaður í handknattleik í Austurríki 1972–1977 auk þess að sinna háskólakennslu í Zagreb. Handknattleiksþjálfari í Króatíu og Slóveníu 1978–1987. Landsliðsþjálfari kvennalandsliðs Íslands í handknattleik 1988–1991. Handknattleiksþjálfari íslenskra félagsliða 1991–2001. Meðlimur króatísku Ólympíunefndarinnar frá 1991.

Ritstörf: „Histopathological changes in sheep liver infected with Dicrocoelium lanceatum and histopathological changes in dicrocoelious liver after therapy with different anthelmintics," doktorsritgerð 1976. Af öðrum greinum ber helst að geta: „Lungenparagonimose bei dem schwarzen panter," grein í XVIII

Internationalen Symposium uber die erkrankungen der zootiere, Innspruk 1976. „Leptospirosis in domestic cat," grein í Vet. Archiv, Zagreb 1981. „Metacercariae (Digenea) in Atlantic cod, haddock, whiting and saithe around Iceland," grein í Bulletin of the Scandinavian Society for Parasitology, Vol. 9, 1999. „*Abra prismatica* (Mollusca), a new host record for *Prosorhynchoides gracilescens* (Digenea)," grein í Acta Parasitologica, 45 (3), 2000. „Ytri sníkjudýr á þorskseiðum á fyrsta og öðru aldursári við Ísland," grein í Læknablaðinu, 86. árg. 2000. „Atypical Aeromonas salmonicida infection in naturally and experimentally infected cod, *Gadus morhua* L.," grein í Journal of Fish Diseases, 2002, 25. „The ontogeny of complement component C3 in Atlantic cod (*Gadus morhua* L.) an immunohistochemical study," grein í Fish & Shellfish Immunology, 2003. „Parasites of farmed juvenile Atlantic cod caught in the wild in Icelandic waters," grein í Bulletin of the Scandinavian Society for Parasitology, 2003. „An immunohistochemical study on complement component C3 in juvenile Atlantic halibut (*Hippoglossus hippoglossus* L.)," grein í Developmental & Comparative Immunology, 2004.

Maki (26. mars 1966): **Neda Čadež Bambir**, f. 30. mars 1943 í Ravna Gora, Króatíu, efnaverkfræðingur hjá Astra.

For.: Zorko Čadež, f. 20. ágúst 1913, athafnamaður í Króatíu, d. 4. okt. 1994, og k.h. Štefanija Čar Čadež, f. 14. des. 1914, húsmóðir í Króatíu, d. 1990.

Börn þeirra: a) **Denisa Bambir**, f. 16. maí 1967 í Zagreb, dýralæknir. Maki (skildu): Ivan Schveiger, læknir í Zagreb. b) **Lana Bambir**, f. 1. febr. 1976 í Zagreb, lögfræðingur. Maki: Victor Stupalo, verkfræðingur í skipasmíðum í Zagreb.

Snorri Guðmundsson, f. 6. des. 1956 í Reykjavík.

Faðir: **Guðmundur Pétursson**, f. 25. júlí 1917, lögfræðingur hrl., í Reykjavík. For.: Pétur Magnússon, f. 10. jan. 1888, lögfræðingur, hrl., ráðherra í Reykjavík, d. 26. júní 1948, og k.h. Þórunn Ingibjörg Guðmundsdóttir, f. 6. júní 1895, húsmóðir í Reykjavík, d. 14. jan. 1966.

Móðir: **Sigríður Ingibjörg Níelsdóttir**, f. 11. ágúst 1920, verslunarmaður og húsmóðir í Reykjavík. For.: Níels Guðnason, f. 8. mars 1888, húsasmíðameistari í Borgarnesi, d. 27. júní 1975, og k.h.

Soffía Hallgrímsdóttir, f. 21. mars 1887, húsmóðir, d. 3. júní 1977.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1976. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Den Kongelige Veterinær- og Landbohöjskole í Kaupmannahöfn 1984. Almennt dýralækningaleyfi í Danmörku 30. jan. 1984.

Starfsferill: Eftirlitsdýralæknir við Struer Andelssvineslagteri, Danmörku frá jan. til maí 1984. Aðstoðardýralæknir hjá Farstrup/Vegger Dyrlægene í Nibe, Danmörku í júní 1984. Dýralæknir í sjálfstæðum rekstri í samstarfi við þrjá aðra dýralækna á Bindslev Dyrehospital, Bindslev, Danmörku frá jan. 1987.

Félags- og trúnaðarstörf: Hefur setið í stjórn Vendsyssel Dyrlægeforening frá 1989 og var formaður 1997–2001.

Maki: **Bolette Steen Jensen**, f. 15. nóv. 1956, skipulagsarkitekt.

For.: Holger Steen Jensen og k.h. Ellen Margrete Jensen, húsmóðir.

Börn þeirra: a) **Soffia**, f. 13. apríl 1984. b) **Katrín**, f. 22. febr. 1986. c) **Helga**, f. 17. júlí 1989.

Snorri Jónsson, f. 27. júní 1844 í Papey, d. 4. okt. 1879 í Papey.

Faðir: **Jón Þorvarðarson** (yngri), f. 1814, bóndi í Papey.

Móðir: **Rósa Snorradóttir**, f. 1815, húsmóðir í Papey.

Námsferill: Tók háskólapróf í dýralækningum frá Den Kongelige Veterinær- og Landbohøjskole í Kaupmannahöfn 1870.

Starfsferill: Dýralæknir Suðuramts 1870–1874. Þá þóttust ráðamenn ekki þurfa hans lengur með. Fluttist austur í Papey og bjó þar til æviloka.

Ritstörf: „Lýsing fjárkláðans“, Reykjavík 1876. „Um óþrif í sauðfé“, Reykjavík 1876. Greinar í Tidskrift for Veterinær, Kaupmannahöfn 1879. Hlaut verðlaun fyrir.

Viðurkenningar: Verðlaun fyrir ritgerð um húsdýrasjúkdóma á Íslandi sem birtist í Tidskrift for Veterinærer, Kaupmannahöfn 1879.

Stefán Friðriksson, f. 2. júní 1973 á Sauðárkróki.

Faðir: **Friðrik Stefánsson**, f. 20. jan. 1940, bóndi í Glæsibæ, Staðarhr., Skag. For.: Stefán Friðriksson, f. 2. febr. 1902, bóndi í Glæsibæ, d. 20. júní 1980, og k.h. Ingibjörg Jónsdóttir, f. 27. okt. 1915, húsmóðir, síðar bús. á Sauðárkróki.

Móðir: **Ragnheiður Erla Björnsdóttir**, f. 19. des. 1947, húsmóðir í Glæsibæ. For.: Björn Jóhann Jóhannesson, f. 17. nóv. 1905, bóndi í Fjósum í Svartárdal, A-Hún., d. 27. apríl 1970, og k.h. Þorbjörg Guðrún Bjarnadóttir, f. 22. júní 1919, húsmóðir, síðar í Reykjavík.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra, Sauðárkróki 1992. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Justus Liebig-Universität, Giessen, Þýskalandi 2000. Almennt dýralækningaleyfi í Þýskalandi 14. nóv. 2000. Almennt dýralækningaleyfi á Íslandi 2001.

Starfsferill: Vann við blóðtökur fyrir PMSG-vinnslu á vegum Ísteka í ágúst og sept. 1997–1999. Starfsnám við Tierklinik am Lindenhof, Kaufungen, Þýskalandi frá apríl til júlí 1999. Afleysingar fyrir héraðsdýralækninn á Egilsstöðum í júlí 2000. Starfaði hjá Tierärztpraxis Dr. Eisenach Laufenselden, Þýskalandi frá sept. 2000 til febr. 2001. Blóðtökur á vegum Ísteka í aukastarfi 2000–2002. Sjálfstætt starfandi dýralæknir í Skagafirði frá mars til júní 2001. Afleysingar á Egilsstöðum frá júní til ágúst 2001. Dýralæknir hjá Dýralæknaþjónustu Suðurlands á Selfossi frá okt. 2001 til nóv. 2002. Settur héraðsdýralæknir í A-Húnaþingsumdæmi frá des. 2002 til des. 2003. Skipaður héraðsdýralæknir í A-Húnaþingsumdæmi í nóv. 2003.

Maki (23. sept. 1995): **Hólmfríður Sveinsdóttir**, f. 8. febr. 1972, næringarfræðingur í doktorsnámi.

For.: Sveinn Rúnar Sigfússon, f. 5. ágúst 1946, verslunarstjóri á

Sauðárkróki, og k.h. Heiðrún Friðriksdóttir, f. 22. nóv. 1949, læknaritari.

Börn þeirra: a) **Friðrik Þór**, f. 11. júlí 1995. b) **Herjólfur Hrafn**, f. 15. des. 2001.

Skyldleiki: Björn Steinbjörnsson dýralæknir er mágur Stefáns.

Steinn Þorkelsson Steinsson, f. 4. febr. 1931 í Reykjavík.

Faðir: **Þorkell Steinsson**, f. 27. nóv. 1897, lögregluvarðstjóri, d. 21. ágúst 1983. For.: Steinn Jónsson, f. 8. ágúst 1862, bóndi á Skúfslæk í Flóa, d. 11. okt. 1947, og k.h. Ingunn Þorkelsdóttir, f. 2. ágúst 1863, húsmóðir, d. 13. júní 1957.

Móðir: Margaret **(Ríta)** Ritchie **Steinsson**, f. 23. júlí 1907, verslunarstjóri, d. 25. febr. 1976. For.: James Ritchie, f. 10. júlí 1880, skipstjóri, d. 19. maí 1927, og k.h. Agnes Ritchie, f. 10. ágúst 1881, d. 14. ágúst 1962.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1952. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Den Kongelige Veterinær- og Landbohøjskole í Kaupmannahöfn 1959. Almennt dýralækningaleyfi í september 1960.

Starfsferill: Aðstoðardýralæknir hjá Jóni Pálssyni dýralækni á Selfossi frá júlí 1959 til áramóta 1959–1960. Starf í almennri sýklafræði við Det Veterinære Serumlaboratorium í Kaupmannahöfn frá 1. jan. til 31. ágúst 1960. Héraðsdýralæknir í Skagafjarðarumdæmi frá sept. 1960 til nóv. 1989. Héraðsdýralæknir í Gullbringu- og Kjósarumdæmi frá nóv. 1989 til 1. des. 1999. Settur héraðsdýralæknir í A-Húnaþingsumdæmi frá 16. maí til 15. júní 2000. Stóð að stofnun og byggingu Dýraspítalans í Víðidal ásamt fimm öðrum dýralæknum og er þar í hlutastarfi.

Félags- og trúnaðarstörf: Sat í skóla- og heilbrigðisnefnd Sauðárkrókskaupstaðar í nokkur ár. Forseti Rotarýklúbbs Sauðárkróks 1973–1974. Formaður Sauðárkróksdeildar Norræna félagsins 1974–1981.

Maki (19. des. 1953): **Þorgerður Friðriksdóttir**, f. 19. febr. 1932, d. 22. jan. 1983, húsmóðir.

For.: Friðrik Jónsson, f. 25. sept. 1904, vörubifreiðarstjóri í Reykjavík, d. 29. sept. 1987, og k.h. Guðfinna Þorleifsdóttir, f. 5. febr. 1905, húsmóðir, d. 6. apríl 1975.

Börn þeirra: a) **Þorsteinn**, f. 11. febr. 1954, viðskiptafræðingur, fjármálastjóri í Hafnarfirði og síðar sveitarstjóri á Vopnafirði. Maki: Sigurbjörg Guðmundsdóttir, f. 26. febr. 1955. b) **Finna Birna**, f. 4. febr. 1958, myndlistarmaður frá Akademi der bildenden Künste í München. Maki: Baldur Pálsson Hafstað, f. 18. maí 1948, prófessor við Kennaraháskóla Íslands. c) **Friðrik**, f. 12. sept. 1968, fiskeldisfræðingur og framleiðslustjóri hjá Hólalaxi í Hjaltadal, Skagafirði. Maki: Elisabet Jansen, f. 10. júní 1968, B.Sc. í búvísindum. d) **Þorkell**, f. 12. sept. 1968, vistmaður á Sambýlinu á Akureyri.

Maki (óg.): **Bryndís Guðmundsdóttir**, f. 3. júlí 1933, sjúkraliði.

For.: Guðmundur Brynjólfsson, f. 13. ágúst 1915, bifreiðarstjóri í Reykjavík, d. 15. maí 2000, og k.h. Sigurbjörg Ólafsdóttir, f. 24. júní 1914, d. 7. júlí 1989.

Steinunn Geirsdóttir, f. 4. mars 1971 í Reykjavík.

Faðir: **Geir Friðgeirsson**, f. 18. ágúst 1947, barnalæknir í Reykjavík. For.: Friðgeir Hólm Eyjólfsson, f. 18. okt. 1918, skipstjóri í Kópavogi og á Akureyri, d. 16. okt. 1996, og Elín Auðunsdóttir, f. 2. apríl 1915, húsmóðir, d. 21. apríl 1992.

Móðir: **Kolbrún Þormóðsdóttir**, f. 11. jan. 1952, leiðsögumaður í Reykjavík. For.: Þormóður Sigurðsson, f. 30. apríl 1903, prestur á Ljósavatni, S-Þing., d. 26. mars 1955, og k.h. Nanna Jónsdóttir, f. 7. maí 1907, húsmóðir, d. 17. sept. 1976.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum á Akureyri 1991. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Norges veterinærhøgskole í Ósló 2000. Almennt dýralækningaleyfi á Íslandi 14. ágúst 2000 og í Noregi 16. júní 2000.

Starfsferill: Starfaði í Akureyrarapóteki sumrin 1989–1996. Annaðist rannsóknir á nýrnaveiki í íslenskum laxfiski við Tilraunastöð Háskóla Íslands að Keldum frá júní til ágúst 1997. Afleysingadýralæknir hjá Dýralæknaþjónustu Suðurlands frá júní til

ágúst 1999. Eftirlitsdýralæknir við Einangrunarstöð gæludýra í Hrísey frá maí til nóv. 2000. Dýralæknir í almennum praksís hjá Dýralæknaþjónustu Eyjafjarðar frá maí 2000 til jan. 2003. Eftirlitsdýralæknir á Suðurlandi frá apríl til júlí 2003. Dýralæknir hjá Dýralæknaþjónustu Hafnarfjarðar frá okt. 2003.

Maki (25. ágúst 2001): **Björn Kristinn Broddason**, f. 24. maí 1967, símsmíðameistari, lögreglumaður.

For.: Broddi Björnsson, f. 4. maí 1938, lögreglumaður á Akureyri, og k.h. Kristín Pétursdóttir, f. 31. okt. 1942, matráðskona og húsmóðir.

Börn þeirra: a) **Kolbrún Emma**, f. 11. júní 1998. b) **Kristín Lind**, f. 26. sept. 2002. Stjúpbörn Steinunnar og börn Björns Kristins: Sandra Kristín, f. 6. ágúst 1985, og Guðmundur Aron, f. 3. des. 1991.

Svafa Sigurðardóttir, f. 22. jan. 1966 í Reykjavík.

Faðir: **Sigurður Ingvarsson**, f. 12. okt. 1909, eldsmiður í Reykjavík, d. 7. apríl 2001. For.: Ingvar Pétur Jónsson, f. 21. júní 1862, smiður og bóndi í Framnesi, Rang. o.v., d. 31. mars 1940, og k.h. Katrín Jósepsdóttir, f. 23. maí 1872, húsmóðir og prjónakona, d. 23. okt. 1938.

Móðir: **Guðrún Bjarnadóttir**, f. 16. ágúst 1931, húsmóðir í Reykjavík, d. 15. nóv. 1989. For.: Bjarni Sigurðsson, f. 1. ágúst 1899, bóndi á Hofsnesi í Öræfum, A-Skaft., d. 13. mars 1985, og k.h. Lydía Angelíka Pálsdóttir, f. 18. ágúst 1899, ljósmóðir, d. 5. jan. 1969.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1986. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Norges veterinærhøgskole í Ósló 1999. Almennt dýralækningaleyfi á Íslandi 30. júlí 1999. B.Sc. í líffræði frá Háskóla Íslands 1990.

Starfsferill: Líffræðingur á Rannsóknastofu Háskóla Íslands í líf-eðlisfræði 1989–1992. Líffræðingur á glasafrjóvgunardeild Landspítalans 1992–1993. Starfaði sumarið 1996 á Tilraunastöð Háskólans í meinafræðum að Keldum. Starfaði við sæðingar á kúm á Kynbótastöð Suðurlands sumarið 1997. Héraðsdýralæknir í sum-

arafleysingum á Vestfjörðum sumarið 1998. Sjálfstætt starfandi dýralæknir í Noregi frá 15. mars til 15. júlí 1999. Héraðsdýralæknir í Dalaumdæmi í barnsburðarleyfi Sigurbjargar Ólafar Bergsdóttur frá 1. ágúst 1999 til 30. maí 2000. Í hálfu starfi sem sjálfstætt starfandi dýralæknir í samvinnu við héraðsdýralækninn í Dalaumdæmi. Samtímis í hálfu starfi hjá Mjólkursamlaginu í Búðardal í sérverkefni til að bæta mjólkurgæði (frumutöluátak). Yfirmaður á bóluefnadeild á Tilraunastöð Háskólans í meinafræðum að Keldum í afleysingum 2001–2002 og hafði auk þess umsjón með tilraunadýrum. Eftirlitsdýralæknir á Suðurlandi frá 4. nóv. 2002. Settur héraðsdýralæknir á Suðurlandi í forföllum.

Félags- og trúnaðarstörf: Trúnaðarmaður á vinnustað fyrir Félag íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) 1991–1992. Fulltrúi Sambands íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE) í Félagi íslenskra stúdenta í Noregi (FÍSN) 1994–1995. Formaður í stjórn Íslendingakórsins í Ósló 1995–1997.

Maki (16. ágúst 2003): **Baldur Kristjánsson**, f. 22. júlí 1949, sóknarprestur.

For.: Kristján Benediktsson, f. 12. jan. 1923, kennari og fv. borgarfulltrúi í Reykjavík, og k.h. Svanlaug Ermenreksdóttir, f. 5. sept. 1925, kennari.

Barn þeirra: a) **Rúnar**, f. 8. apríl 2002.

Sveinn Helgi Guðmundsson, f. 17. jan. 1956 á Blönduósi.

Faðir: **Guðmundur Þorsteinsson**, f. 11. okt. 1910, bóndi á Syðri-Grund, Svínavatnshr., A-Hún., d. 6. nóv. 2000. For.: Þorsteinn Þorsteinsson, f. 4. des. 1842, bóndi á Grund, d. 21. ágúst 1921, og k.h. Ragnhildur Sveinsdóttir, f. 27. júlí 1871, húsmóðir á Grund, d. 24. febr. 1951.

Móðir: **Guðrún Sigurjónsdóttir**, f. 16. júlí 1922, húsmóðir á Syðri-Grund. For.: Sigurjón Oddsson, f. 7. júní 1891, bóndi á Rútsstöðum, Svínavatnshr., d. 10. sept. 1989, og k.h. Guðrún Jóhannsdóttir, f. 23. júlí 1898, húsmóðir á Rútsstöðum, d. 12. maí 1966.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum á Akureyri

1976. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Norges veterinærhøgskole (NVH) í Ósló í des. 1981. Almennt dýralækningaleyfi í Noregi í des. 1981 og á Íslandi í ágúst 1983. Stundaði framhaldsnám við NVH í Ósló og Landbúnaðarháskólann að Ási veturinn 1994–1995 og þar að auki þjálfun í eigin héraði þegar heim kom. Sérfræðingsleyfi í nautgripasjúkdómum með aðaláherslu á forvarnir 1. júlí 1997, endurnýjað 9. jan. 2003. Námskeið fyrir heilbrigðisfulltrúa í þrjár vikur í Reykjavík í nóvember 1983.

Starfsferill: Næturvörður í hlutastarfi við stúdentabæina að Sogni og Kringsjá 1976–1979. Starfaði við landbúnaðinn að Syðri-Grund flest sumur. Frjótæknir í A-Hún. sumarið 1979. Sjálfstætt starfandi dýralæknir í samvinnu við tvo aðra dýralækna í Nærøy kommune, N-Þrændalögum, Noregi frá 10. jan. 1982 til júlí 1983. Skipaður héraðsdýralæknir í Norð-Austurlandsumdæmi frá sept. 1983 til apríl 1987. Framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra frá apríl 1987 til ágúst 1992. Skipaður héraðsdýralæknir í A-Skaftafellssýsluumdæmi frá 1992 til júlí 1998. Launalaust námsleyfi veturinn 1994–1995. Sérfræðingur í nautgripasjúkdómum (við sjúkdómagreiningar) við Veterinærinstituttet í Sandnes, Noregi frá ágúst 1998. Aukastörf: Heilbrigðisfulltrúi Þórshafnar og nágrennis 1984–1987. Afleysingakennari við Barnaskólann á Þórshöfn á sama tímabili. Stundakennari við Fjölbrautaskólann á Sauðárkróki 1989–1990. Heilbrigðisfulltrúi A-Skaftafellssýslu 1992–1994.

Félags- og trúnaðarstörf: Sat í Barnaverndarnefnd Þórshafnar 1985–1987.

Ritstörf: Gaf árið 1996 út bókina Hraustar kýr – Um fóðrun, fjós og forvarnir í mjólkurframleiðslunni. Bókin er að nokkrum hluta byggð á þýðingu á norsku bókinni „Sjukdom i fjøset," en margir aðrir höfundar eru að efni í bókinni. „Hræeitrun (botulisma) í hrossum," grein í Eiðfaxa, nr. 6, 1994. „Type B botulinum intoxication in horses; case report and literature review," grein í Equine veterinary education, nr. 9 1997. Greinar um „garnapest (enterotoxemi/pulpy kidney) í sauðfé," Freyr 1985. „Barlindeitrun í nautgripum," grein í Norsk Veterinærtidsskrift nr. 7, 2000. Grein um sníkilinn *Neospora caninum*: „Har neosporose noen betydning i norsk storfehold." grein í Norsk Veterinærtidsskrift nr. 8–9, 2001. „Inn med kalvene, vekk med sykdommene," grein í Bondevennen í október 1999. „Generelle råd for å hindre syk-

dom og avmagring hos unge kalver," grein í Bondevennen nr. 27/28, 2002. „Litt om viruslidelser hos kalv," grein í Bondevennen sept. 2003.

Maki (22. des. 1994): **Karin Roland**, f. 25. mars 1960, félagsráðgjafi.

For.: Arvid Lien, f. 26. júní 1926, bifreiðarstjóri í Halsnøy, Sør-Hordaland, Noregi, og k.h. Gunvor Lien (f. Jordal), f. 18. júlí 1936, bifreiðarstjóri.

Börn þeirra: a) **Guðrún**, f. 24. apríl 1985, nemi. b) **Ingunn Valdís**, f. 31. maí 1989. c) **Gunnar Arvid**, f. 11. jan. 1992. Fósturdóttir Sveins Helga og dóttir Karinar: Silja Roland Sveinsdóttir, f. 18. jan. 1983, hárgreiðslukona.

Sveinn Ólason, f. 28. apríl 1971 á Selfossi.

Faðir: **Óli Andri Haraldsson**, f. 19. jan. 1933, bóndi á Nýja-Bæ, Sandvíkurhr., Árn. For.: Haraldur Jóhannesson, f. 22. okt. 1903, vélstjóri, síðast í Reykjavík, d. 24. júní 1982, og k.h. Kristín Sveinsdóttir, f. 18. febr. 1905, húsmóðir og saumakona, d. 23. nóv. 1991.

Móðir: **Helga Hermannsdóttir**, húsmóðir á Nýja-Bæ. For.: Hermann Þorsteinsson, f. 16. júní 1903, bóndi á Langholti, Hraungerðishr., Árn., d. 22. ágúst 1994, og k.h. Guðbjörg Pétursdóttir, f. 14. apríl 1911, húsmóðir.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Fjölbrautaskóla Suðurlands 1990. Lauk háskólaprófi frá Den Kongelige Veterinær- og Landbohøjskole í Kaupmannahöfn 1998. Almennt dýralækningaleyfi á Íslandi 26. mars 1998.

Starfsferill: Vann við almenn sveitastörf og sjómennsku á sumrum fram til 1997. Sumarvinna við kjötskoðun á svínasláturhúsinu í Herning, Danmörku 1997. Dýralæknir hjá Dýralæknaþjónustu Suðurlands frá mars 1998.

Maki (2000): **Sigurdís Lilja Guðjónsdóttir**, f. 30. apríl 1975, háskólanemi í ferðamálafræðum.

For.: Guðjón Sigurðsson, f. 25. maí 1941, bóndi og húsasmiður í Kolsholti II, Villingaholtshr., Árn., og k.h. Eydís Lilja Eiríksdóttir, f. 10. jan. 1943, húsmóðir.



Sverrir Sigurður Markússon, f. 16. ágúst 1923 í Ólafsdal, Saurbæjarhr., Dal.

Faðir: **Markús Torfason**, f. 6. okt. 1887, bóndi í Ólafsdal og kaupfélagsstjóri í Salthólmavík, Saurbæjarhr., Dal., d. 29. ágúst 1956. For.: Torfi Bjarnason, f. 28. ágúst 1838, skólastjóri í Ólafsdal, d. 24. júní 1915, og k.h. Guðlaug Zakaríasdóttir, f. 19. okt. 1845, húsmóðir, d. 20. maí 1937.

Móðir: **Sigríður Guðný Benedikta Brandsdóttir**, f. 21. nóv. 1881, húsmóðir í Ólafsdal og Ásum í Salthólmavík, d. 8. des. 1949. For.: Brandur Tómasson, f. 13. nóv. 1836, prestur á Prestbakka í Hrútafirði og í Ásum í Skaftártungu, V-Skaft., d. 19. júlí 1891, og s.k.h. Valgerður Jónsdóttir, f. 11. okt. 1841, húsmóðir, d. 11. júní 1913.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum á Akureyri 1944. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Sveriges Lantbruksuniversitet í Uppsölum, Svíþjóð 1956. Námskeið í kjötskoðun og matvælaeftirliti við Norges veterinærhøgskole í Ósló 1981.

Starfsferill: Starfaði við fjósa- og kúaskoðun í S-Þing. haustið 1948. Kjötskoðun í sláturhúsinu á Fossvöllum haustið 1950. Settur dýralæknir í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum frá 1. maí 1952 til ársloka 1954. Héraðsdýralæknir í Húnaþingsumdæmi með aðsetur á Blönduósi frá 1. maí 1956 til 1. sept. 1964 og eftir skiptingu umdæmisins héraðsdýralæknir í A-Húnaþingsumdæmi til 28. febr. 1973. Héraðsdýralæknir í Mýrasýsluumdæmi frá 1. mars 1973 til ársloka 1993 með aðsetur í Borgarnesi. Kjötskoðunardýralæknir í sláturhúsinu á Þingeyri við Dýrafjörð haustið 1995. Kjötskoðunardýralæknir í sláturhúsinu á Kópaskeri haustin 1996–1999. Staðgengill héraðsdýralæknisins í Austurlandsumdæmi nyrðra frá 15. júlí til 15. ágúst 1999. Kjötskoðunardýralæknir í sláturhúsinu á Vopnafirði haustið 2000.

Félags- og trúnaðarstörf: Meðhjálpari í Blönduóskirkju 1967–1973.

Maki (21. sept. 1954): **Þórhalla Davíðsdóttir**, f. 18. mars 1929, kennari, skrifstofumaður.

For.: Davíð Árnason, f. 6. ágúst 1892, stöðvarstjóri á Eiðum og Akureyri, d. 17. júlí 1983, og Þóra Steinadóttir, f. 5. ágúst 1902, kennari og húsmóðir, d. 27. mars 1998.

Börn þeirra: a) **Davíð Aðalsteinn**, f. 24. sept. 1956, stúdent. b) **Sigríður María**, f. 28. júní 1958, viðskiptafræðingur. Maki I: Stefán Þór Ragnarsson, f. 22. sept. 1958, tæknifræðingur. Maki II: Þorvarður Hjalti Magnússon, f. 10. sept. 1957, kerfisfræðingur. c) **Sverrir Þórarinn**, f. 14. maí 1959, tæknifræðingur. Maki: Marta Pálmadóttir, f. 16. sept. 1960, kennari. d) **Torfi Ólafur**, f. 15. apríl 1961, kerfisfræðingur. Maki: Inga Björg Sverrisdóttir f. 29. des. 1961, bókasafnsfræðingur.

Teitur Finnbogason, f. 24. ágúst 1803 í Reykjavík, d. 25. júlí 1883.



Faðir: **Finnbogi Björnsson**, f. 1761, verslunarmaður, d. 21. júlí 1832.

Móðir: **Arndís Teitsdóttir**, f. 1775, húsmóðir í Reykjavík, d. 1850.

Námsferill: Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Den Kongelige Veterinær- og Landbohøjskole í Kaupmannahöfn 1833. Almennt dýralækningaleyfi á Íslandi 1833. Járnsmiður.

Starfsferill: Ekkert dýralæknisembætti var til á Íslandi þegar Teitur lauk námi og var hann því aldrei á föstum launum sem dýralæknir. Honum voru þó öðru hvoru falin dýralæknisstörf, t.d. í baráttunni við fjárkláðann þegar hann barst til landsins öðru sinni. Á síðustu árum sínum lagði Teitur stund á dýralækningar. Meginstarf Teits voru járnsmíðar og er hann sagður hafa verið brautryðjandi í smíði skeifna og járningum hesta.

Félags- og trúnaðarstörf: Sat í bygginganefnd Reykjavíkur 1839 og í bæjarstjórn Reykjavíkur 1841.

Ritstörf: „Stuttur leiðarvísir til að lækna fjárkláða," 1856, rituð ásamt Jóni Hjaltalín.

Maki: **Guðrún Guðbrandsdóttir**, f. 17. mars 1809, húsmóðir, d. 18. apríl 1887.

Börn þeirra: a) **Arndís**. b) **Guðbrandur**, f. 29. nóv. 1850, d. 22. febr. 1899.

Skyldleiki: Teitur er afi Guðrúnar, konu Sigurðar Hlíðar dýralæknis, langafi Guðbrandar Hlíðar dýralæknis og einnig langafi Gunnars, móðurafa Ingunnar Reynisdóttur dýralæknis.

Tómas Jónsson, f. 27. júní 1970 í Hafnarfirði.

Faðir: **Jón Ólafsson**, f. 11. apríl 1948, skrifstofustjóri í Reykjavík. For.: Ólafur Jónsson, f. 29. mars 1922, mjólkurfræðingur,

kaupmaður á Selfossi, og k.h. Hugborg Benediktsdóttir, f. 27. febr. 1922, húsmóðir, d. 23. okt. 2002.

Fósturfaðir: Egill Bjarnason, f. 20. júní 1952, yfirlögregluþjónn í Hafnarfirði.

Móðir: **Sigurlín Tómasdóttir**, f. 20. maí 1946, skrifstofustjóri í Hafnarfirði. For.: Tómas Jónsson, f. 19. okt. 1900, bóndi í Sólheimahjáleigu, V-Skaft., síðar smiður í Vík í Mýrdal, V-Skaft., d. 1984, og Gróa Ragnhildur Þorsteinsdóttir, f. 5. jan. 1917, hótelstýra í Vík í Mýrdal.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Flensborgarskólanum í Hafnarfirði 1990. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Tierärztliche Hochschule í Hannover, Þýskalandi 1998. Almennt dýralækningaleyfi í Noregi 3. ágúst 1998 og á Íslandi 29. sept. 1998.

Starfsferill: Starfaði hjá embætti yfirdýralæknis á Íslandi í febr. og mars 1996 við ýmis störf. Dýralæknir í sumarafleysingum í Åfjord, Noregi frá 1. maí til 16. ágúst 1997. Sjálfstætt starfandi dýralæknir í Åfjord frá júlí 1998 til mars 1999 og frá júlí til september 1999. Dýralæknir hjá Dýralæknaþjónustu Suðurlands á Selfossi frá 1. okt. 1999 til 1. okt. 2001. Sjálfstætt starfandi dýralæknir á Blönduósi frá okt. 2001. Eftirlitsdýralæknir í Gullbringu- og Kjósarumdæmi frá 1. apríl 2002.

Maki: **Una Björk Unnarsdóttir**, f. 13. jan. 1972, hársnyrtir.

For.: Jack Unnar Dauley, f. 3. ágúst 1943, og k.h. Þórdís Þorbergsdóttir, f. 18. apríl 1945. Börn hennar: a) Glódís Brá Alfreðsdóttir, f. 7. mars 1996. b) Unnur Ösp Alfreðsdóttir, f. 3. ágúst 1999.

Skyldleiki: Jón Pálsson dýralæknir er langafi Tómasar.



Valdimar Brynjólfsson, f. 16. febr. 1941 á Selfossi.

Faðir: **Brynjólfur Valdimarsson**, f. 1. jan. 1896, bifreiðarstjóri á Selfossi, d. 19. des. 1973. For.: Valdimar Brynjólfsson, f. 30. júní 1874, bóndi á Sóleyjarbakka, Árn., d. 20. mars 1958, og k.h. Helga Pálsdóttir, f. 26. sept. 1873, húsmóðir, d. 3. júlí 1952.

Móðir: **Lilja Eiríksdóttir**, f. 25. júlí 1909, húsmóðir á Selfossi, d. 17. apríl 1993. For.: Eiríkur Ingimagnsson, f. 29. júní 1877, ökumaður, d. 11. maí 1948, og Elísabet Jónsdóttir, f. 11. maí 1878, húsmóðir, d. 4. des. 1933.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum að Laugarvatni 1960. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Norges veterinærhøgskole í Ósló 1968. Almennt dýralækningaleyfi á Íslandi í júní 1968. Stundaði júgurbólgurannsóknir við Dýrasjúkdómastofnunina í Ósló, frá mars til júní 1977. Heilbrigðisfulltrúaréttindi 1981.

Starfsferill: Vann við verslunarstörf með námi og starfaði síðar á rannsóknarstofu Mjólkurbús Flóamanna. Héraðsdýralæknir í Borgarfjarðar- og Mýraumdæmum 1968. Héraðsdýralæknir í Snæfellsnesumdæmi 1. jan. 1969. Sumarafleysingar í Dalaumdæmi 1968–1979. Leyfi frá störfum 15. jan. 1980 og lausn frá embætti að eigin ósk 1980. Heilbrigðisfulltrúi hjá Akureyrarbæ frá 15. jan. 1980. Framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Eyjafjarðar 1. jan. 1983. Framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra frá sept. 1998. Stundakennari í Verkmenntaskólanum á Akureyri frá 1982 og við Háskólann á Akureyri 1989–2000.

Félags- og trúnaðarstörf: Formaður skólanefndar í Stykkishólmi 1971–1974. Stjórnarmaður á Hótel Stykkishólmi (Þór hf.) 1978–1979. Sat í heilbrigðisnefnd Stykkishólms 1970–1974 og 1978– 1979. Félagi í Heilbrigðisfulltrúafélagi Íslands (síðar Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa) og hefur gegnt þar ýmsum trúnaðarstörfum (gjaldkeri, formaður, fulltrúi í stjórn Hollustuvernd-

ar). Hefur setið í endurskoðunarnefnd laga um hollustuhætti o.fl. Virkur félagi í Lionshreyfingunni, fyrst í Lionsklúbbi Stykkishólms og síðar í Lionsklúbbi Akureyrar. Hefur margoft gegnt stjórnunarstörfum, hefur tvisvar verið í umdæmisstjórn sem umhverfisfulltrúi og tvívegis í undirbúningsnefnd vegna Lionsþings á Akureyri.

Ritstörf: Hefur unnið kennsluefni í heilbrigðisfræði fyrir Verkmenntaskólann á Akureyri.

Maki (19. ágúst 1967): **Jakobína Þórdís Kjartansdóttir**, f. 30. júní 1945, verslunarmaður og húsmóðir.

For.: Kjartan Ólafsson, f. 15. okt. 1910, póstur á Akureyri, d. 28. jan. 1982, og k.h. Þórdís Björg Valdimarsdóttir, f. 22. okt. 1914, húsmóðir, d. 25. maí 1995.

Börn þeirra: a) **Þórdís Björg**, f. 21. júlí 1968, textíllistamaður. Maki: Valgeir Blöndal Magnússon, f. 24. júlí 1966, kennari. b) **Lilja**, f. 16. júlí 1970, leikskólakennari.

Vignir Sigurólason*, f. 2. sept. 1963 á Húsavík.

Námsferill: Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Den Kongelige Veterinær- og Landbohøjskole í Kaupmannahöfn 1992.

Starfsferill: Héraðsdýralæknir í Þingeyjarumdæmi frá 1. des. 1999.



Vilhjálmur Svansson, f. 3. apríl 1960 í Reykjavík.

Faðir: **Svanur Hvítaness Halldórsson**, f. 1. mars 1935, bifreiðarstjóri í Kópavogi. For.: Halldór Pjetursson, f. 12. sept. 1897, rithöfundur, d. 6. júní 1989, og Svava Jónsdóttir, f. 24. apríl 1909, húsmóðir, d. 4. jan. 2001.

Móðir: **Jóhanna Jóhannsdóttir**, f. 12. sept. 1935, fulltrúi. For.: Jóhann Ásmundsson, f. 7. mars 1915, bóndi á Kverná í Eyrarsveit, Snæf., d. 22. jan. 1982, og Svanborg Rósamunda Kjartansdóttir, f. 23. jan. 1916, húsmóðir í Vindási í Eyrarsveit, Snæf.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Kópavogi 1980. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Den Kongelige Vet-

erinær- og Landbohøjskole (KVL) í Kaupmannahöfn. Ph.D. í veiru- og ónæmisfræði frá sama skóla 1992.

Starfsferill: Settur héraðsdýralæknir í sumarafleysingum í Hofsóss- og Skagafjarðarumdæmum í júlí og ágúst 1984. Starfsmaður hjá Sauðfjárveikivörnum að Keldum frá febr. til maí 1985. Settur héraðsdýralæknir í sumarafleysingum frá júní til ágúst í V- og A-Húnavatnssýsluumdæmum 1985–1989. Dýralæknir við De Forenede Sjællandske Andelsslagterier, Ringsted, Danmörku og Vestjyske Andelsslagterier, Lemvig, Danmörku frá sept. 1986 til febr. 1987. Aðstoðarmaður við rannsóknir á fóstureitrun í sauðfé á Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum frá apríl til júní 1987. Héraðsdýralæknir Hofsóssumdæmis frá sept. 1991 til okt. 1998. Sérfræðingur á Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum frá okt. 1998. Kennsla: Fyrirlesari og námskeiðshaldari í veirufræði við KVL í Danmörku 1989–1991. Stundakennari við Bændaskólann á Hólum í Hjaltadal veturna 1992–1998. Kennari á námskeiðum á vegum Endurmenntunardeildar Hólaskóla og Búnaðarsambands Skagafjarðar og Þingeyjarsýslna 1995–1997.

Félags- og trúnaðarstörf: Fulltrúi í búfjárnefnd Hofshrepps 1992–1998. Ýmis nefnda- og stjórnunarstörf fyrir hestamannafélagið Svaða í Skagafirði 1992–2002. Varamaður í hreppsnefnd Hofshrepps 1994–1998. Fulltrúi í Heilbrigðisnefnd Skagafjarðar 1994–1998. Formaður hrossaræktardeildar Hóla- og Viðvíkurhrepps frá 1998.

Ritstörf: „Studie af en række virusbetingede infectioner hos mink," doktorsritgerð 1991. Hefur ritað ýmsar greinar í vísindarit auk annarra greina í önnur tímarit.

Maki I (óg.) (slitu samvistum): **Sigrún Ögmundsdóttir**, f. 4. júlí 1959, skrifstofustjóri og myndlistarmaður.

Barn þeirra: a) **Vera**, f. 17. júní 1983.

Maki II (29. ágúst 1992): **Áslaug Jónsdóttir**, f. 31. mars 1963, rithöfundur og myndlistarkona.

For.: Jón Kristófer Magnússon, f. 2. ágúst 1932, fv. bóndi og hreppstjóri í Melaleiti, Borg., og k.h. Kristjana Höskuldsdóttir, f. 12. júlí 1936, organisti.

Barn þeirra: b) **Kristjana**, f. 5. maí 1993.

Þorleifur Sigfússon, f. 10. sept. 1963 í Reykjavík.

Faðir: **Sigfús Guðmundsson**, f. 22. okt. 1941, búfræðingur, bóndi í Vestra-Geldingaholti, Skeiða- og Gnúpverjahr., Árn. For.: Guðmundur Júlíus Guðmundsson, f. 14. júlí 1912, verkamaður í Reykjavík, d. 27. apríl 1998, og k.h. Guðný Sigfúsdóttir, f. 16. jan. 1919, verkakona og húsmóðir, d. 10. des. 1998.

Móðir: **Rosemarie Brynhildur Þorleifsdóttir**, f. 17. júní 1941, húsmóðir, reiðkennari í Vestra-Geldingaholti. For.: Þorleifur Þórðarson, f. 27. apríl 1909, kennari, forstjóri, d. í ágúst 1980, og k.h. Annie Chaloupek Þórðarson, f. 27. júlí 1910, óperusöngkona og listamaður, d. 27. des. 1947.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum við Hamrahlíð 1982. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Tierärztliche Hochschule í Hannover, Þýskalandi 1991. Almennt dýralækningaleyfi í Þýskalandi 1991, í Noregi og Danmörku 1992 og í Svíþjóð 2003. Hefur sótt ýmis námskeið tengd dýralækningum. Dvaldist í Hannover í sex vikur haustið 1999 og starfaði þá við hestalækningar.

Starfsferill: Sjálfstætt starfandi dýralæknir í Åfjord, Noregi 1991–1998. Starfaði við Næringsmiddeltilsynet í Ålesund, Noregi 1998–1999. Almenn dýralæknastörf í afleysingum í Ålesund og Ørskog, Noregi 1998–2003. Starfaði við hestalækningar í Noregi 2000–2003. Starfaði við kjötskoðun og heilbrigðiseftirlit í Stranda kommune, Noregi 2001–2002. Keypti Kolungens Hästklinik í Mellerud, Svíþjóð með Tone S. Rånes vorið 2003 og hafa þau rekið hana saman síðan.

Maki (12. okt. 1995): **Tone S. Rånes**, f. 2. maí 1974, hjúkrunarfræðingur.

For.: Idar Rånes, f. 24. mars 1951, bifreiðarstjóri í Åfjord, Noregi, og k.h. Iren Rånes, f. 13. júní 1955, húsmóðir og bifreiðarstjóri.

Börn þeirra: a) **Ástrós Iren**, f. 20. febr. 1997. b) **Sindri Sigfús**, f. 22. okt. 1998.

Þorsteinn Árnason, f. 16. mars 1966 í Fljótstungu á Hvítársíðu, Mýr.

Faðir: **Árni Þorsteinsson**, f. 26. maí 1927, búfræðingur, bóndi í Fljótstungu, d. 3. mars 1997. For.: Þorsteinn Einarsson, f. 19. mars 1892, bóndi í Giljahlíð í Flókadal, d. 8. ágúst 1984, og k.h. Jónína Agata Árnadóttir, f. 15. nóv. 1891, húsfreyja, d. 12. ágúst 1936.

Móðir: **Ingibjörg Bergþórsdóttir**, f. 27. ágúst 1930, stúdent, bóndi í Fljótstungu. For.: Bergþór Jónsson, f. 8. okt. 1891, bóndi í Fljótstungu, d. 9. júlí 1955, og k.h. Kristín Pálsdóttir, f. 13. júlí 1885, húsfreyja í Fljótstungu, d. 16. ágúst 1965.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi 1984. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Norges veternærhøgskole í Ósló 1991. Almennt dýralækningaleyfi í Noregi 1991 og í Danmörku 1993. Sérgreinadýralæknir í svínasjúkdómum í Danmörku frá 1999.

Starfsferill: Almennar dýralækningar í afleysingum í Tolga, Nordøsterdal, Noregi í apríl 1990 og í Balsfjord, Troms, Noregi, haustið 1990. Afleysingar í almennum dýralækningum í Risør, Øst-Agder, Noregi, vorið 1991. Sjálfstætt starfandi dýralæknir í Risør 1991–1992. Héraðsdýralæknir í Ytre Sogn, Noregi 1992–1993. Vann við matvælaeftirlit og kjötskoðun í N-Jótlandi, Danmörku 1993–1995. Vann við ráðgjöf á svínabúum, hjá Landbrugets Vet. Konsulenttjeneste frá 1995. Eggjabóndi („Pedersminde“) í Vester Hassing í N-Jótlandi, Danmörku frá 1994.

Maki (30. okt. 1992): **Pia Schoppe Hesselvig**, f. 9. júní 1967.

Börn þeirra: a) **Jónas**, f. 4. sept. 1992 í Førde, Noregi. b) **Nanna**, f. 28. júní 1994 í Álaborg, Danmörku. c) **Sif**, f. 28. júní 1994 í Álaborg, Danmörku.

Þorsteinn Líndal, f. 19. nóv. 1944 í Reykjavík.

Móðir: **Anna Líndal**, f. 2. sept. 1908, ritari í Reykjavík, d. 28. mars 1988.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1965. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Norges Veterinærhøgskole í Ósló 1971. Almennt dýralækningaleyfi á Íslandi í júlí

1971 og í Noregi 1987. Námskeið í skurðlækningum við Dýralæknaháskólann í Ósló haustið 1982.

Starfsferill: Héraðsdýralæknir í Skógaumdæmi frá 19. nóv. 1971 til 31. júlí 1987. Sjálfstætt starfandi dýralæknir í Meldal, Noregi frá ágúst 1987.

Barnsmóðir: **Kristín Óskarsdóttir**, f. 30. mars 1945.

Barn þeirra: a) **Óskar**, f. 6. júlí 1962, bakari í Drammen, Noregi. Maki: Soffía Hreinsdóttir, f. 9. sept. 1960.

Maki: **Margrét Tryggvadóttir**, f. 1. mars 1945, leikskólasérkennari.

For.: Tryggvi Einarsson, f. 26. sept. 1901, bóndi í Miðdal í Mosfellssveit, d. 14. sept. 1985, og k.h. Sæunn Halldórsdóttir, f. 7. mars 1913, húsmóðir, d. 2. júní 2000.

Börn þeirra: b) **Sæunn**, f. 15. mars 1967, kennaranemi. Maki: Ásgeir Guðnason, f. 20. febr. 1964, fiskeldisfræðingur. c) **Halldór Kjartan**, f. 3. maí 1972, járnsmiður. Maki (óg.): Heidi Sommervold, f. 5. júní 1973. d) **Tryggvi**, f. 28. nóv. 1975, verkamaður.

Þorsteinn Ólafsson, f. 3. apríl 1947 í Reykjavík.

Faðir: **Ólafur Þorsteinsson**, f. 8. mars 1916, skrifstofumaður í Reykjavík, d. 27. mars 1991. For.: Þorsteinn Bjarnason, f. 2. okt. 1865, bóndi og fræðimaður í Háholti, Gnúpverjahr., Árn., d. 23. sept. 1951, og k.h. Ingibjörg Þorsteinsdóttir, f. 25. apríl 1872, húsmóðir, d. 19. jan. 1923.

Móðir: **Guðbjörg Einarsdóttir**, f. 29. apríl 1921, húsmóðir í Reykjavík. For.: Einar Sveinsson, f. 24. apríl 1884, bóndi á Lækjarbrekku, Gnúpverjahr., d. 4. nóv. 1858, og k.h. Sesselja Loftsdóttir, f. 13. febr. 1891, húsmóðir, d. 18. júní 1961.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1967. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Norges veterinær-

høgskole (NVH) í Ósló 1973. Almennt dýralækningaleyfi í jan. 1974. Dr.Scient. frá NVH 1975–1979 í æxlunarlífeðlis- og meinafræði búfjár. Fann aðferð til að frysta hrútasæði og lýsti þeirri aðferð 1979. Hún hefur verið notuð eftir það í Noregi með mjög góðum árangri og er eina aðferðin sem hefur verið nothæf í heiminum til þess að sæða ær með frystu sæði í leghálsop og seinna eftir tilvísun hans djúpt í skeið. Lærði fósturvísaflutninga í kúm við Den Kongelige Veterinær- og Landbohøjskole í Kaupmannahöfn 1984. Framkvæmdi fyrstu aðgerðina hér á landi í Laugardælum 1985.

Starfsferill: Dýralæknir í Dalaumdæmi frá 15. jan. til 15. júlí 1974. Starfaði á Tilraunastöðinni á Keldum frá 15. mars til 15. júní 1979. Afleysingar í öllum umdæmum í Árnes- og Rangárvallasýslum frá 15. júní til 20. sept. 1979. Framkvæmdastjóri Einangrunarstöðvar holdanauta í Hrísey með starfsaðstöðu á Keldum frá 20. sept. 1979 til apríl 1986. Í hlutastarfi við Rannsóknarstofnun landbúnaðarins frá 1. jan. 1983 til apríl 1986 og við Ræktunarfélag Norðurlands á sama tíma. Framkvæmdastjóri Kynbótastöðvar Suðurlands frá apríl 1986 til júní 1996. Sérfræðingur hjá Kynbótastöð Suðurlands og Búnaðarsambandi Suðurlands frá júní 1996. Í hálfu starfi sem ráðgjafi í júgursjúkdómum og júgurbólgugreiningu hjá Mjólkurbúi Flóamanna frá jan. 1998. Vinna við Sauðfjársæðingastöð Suðurlands í des. á hverju ári frá 1986. Af öðrum tilfallandi störfum má m.a. nefna kennslu á námskeiðum fyrir frjótækna, kennslu á endurmenntunarnámskeiðum fyrir frjótækna og bændur víða um land og kennslu við Framhaldsdeild Bændaskólans á Hvanneyri og við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri.

Ritstörf: Hefur setið í ritnefnd Dýralæknaritsins frá 1981. Hefur ritað ýmsar greinar um málefni dýralækna í blöð og tímarit.

Maki (11. júlí 1975) (skildu): **Þóranna Pálsdóttir**, f. 31. júlí 1951, veðurfræðingur.

For.: Páll Hannesson, f. 6. júlí 1925, verkfræðingur í Kópavogi, og k.h. Hjördís Pétursdóttir, f. 11. ágúst 1926, húsmóðir.

Börn þeirra: **Sigrún**, f. 6. des. 1974, kennari. Maki: Jóhannes Þórarinsson, f. 18. des. 1973, verkfræðinemi. b) **Hjördís**, f. 3. júlí 1979, læknanemi. c) **Anna**, f. 10. júlí 1983, nemi.

Þorvaldur Hlíðdal Þórðarson, f. 17. júlí 1954 í Reykjavík.

Faðir: **Þórður Einarsson**, f. 19. júní 1923, sendiherra í Reykjavík, löggiltur skjalaþýðandi og dómtúlkur, d. 12. maí 1997. For.: Einar Einarsson, f. 23. apríl 1880, bátasmiður í Reykjavík, d. 11. mars 1939, og Sigríður Þórðardóttir, f. 19. sept. 1884, húsmóðir, d. 2. mars 1953. Fósturfaðir Þórðar: Jóhannes Þórðarson, f. 2. nóv. 1872, bóndi á Egilsstöðum, Villingaholtshr, Árn., síðar smiður í Reykjavík, d. 16. des. 1956.

Móðir: **Karólína Guðmundsdóttir Hlíðdal**, f. 12. apríl 1929, húsmóðir í Reykjavík. For.: Guðmundur Jónasson Hlíðdal, f. 10. febr. 1886, rafmagnsverkfræðingur, póst- og símamálastjóri í Reykjavík, d. 25. júní 1965, og k.h. Karólína Þorvaldsdóttir Hlíðdal, f. 31. des. 1886, húsmóðir, d. 11. maí 1957.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum á Akureyri 1975. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Royal (Dick) School of Veterinary Studies í Edinborg. Almennt dýralækningaleyfi í Bretlandi 15. júlí 1982. Fagdýralæknir í sjúkdómum hunda og katta frá Den Kongelige Veterinær- og Landbohøjskole í Kaupmannahöfn í mars 1999.

Starfsferill: Dýralæknir í afleysingum hjá Callaghan & Walker í Englandi frá 6. sept. til 14. sept. 1982. Aðstoðardýralæknir hjá Robson & Partners í Skotlandi frá 25. okt. 1982 til 31. okt. 1984. Sjálfstætt starfandi dýralæknir í samvinnu við Héraðsdýralækni Gullbringu- og Kjósarumdæmis með aðsetur á Dýraspítala Watsons í Víðidal frá okt. 1984 til okt. 2001. Einn stofnenda og eigenda Dýraspítalans í Víðidal frá okt. 2001. Settur héraðsdýralæknir í Gullbringu- og Kjósarumdæmi í leyfum héraðsdýralæknis 1984–1999.

Félags- og trúnaðarstörf: Varamaður í stjórn Ísaga hf. 1987–1990. Varaformaður Kattavinafélags Íslands 1988–1996. Formaður Dýralæknafélags Íslands frá ágúst 2003.

Ritstörf: „Pharmacokinetics of Lignocaine in Icelandic Horses, after infiltration anaesthesia," grein í Vet. Record 1996, 138.

Maki I (2. sept. 1978) (skildu): **Ásdís Óskarsdóttir Vatnsdal**, f. 19. jan. 1956, MA (Honors) í enskum fræðum frá Edinborgar-

háskóla 1980 og MLitt í enskum fræðum frá Edinborgarháskóla 1982. Kennsluréttindapróf frá Háskóla Íslands 1985.

Barn þeirra: a) **Þórður Gunnar**, f. 21. sept. 1985.

Maki II (27. maí 1995): **Sigurlaug Anna Auðunsdóttir**, f. 31. ágúst 1965, förðunarfræðingur, matráður.

For.: Auðunn Jósafat Guðmundsson, f. 22. sept. 1934, búfræðingur, bifreiðarstjóri í Keflavík, og k.h. Guðbjörg Þorvaldsdóttir, f. 23. sept. 1934, húsmóðir.

Börn þeirra: b) **Hrafn Hlíðdal**, f. 29. ágúst 1993. c) **Hervar Hlíðdal**, f. 24. mars 1996. d) **Hrannar Hlíðdal**, f. 8. mars 1999. e) **Hjörtur Hlíðdal**, f. 20. okt. 2000.

Þóra Jóhanna Jónasdóttir, f. 14. júlí 1965 í Reykjavík.

Faðir: **Jónas Alfreð Pálsson**, f. 11. sept. 1937, vélsmiður. For.: Páll Hróar Jónasson, f. 17. maí 1908, trésmiður, bóndi í Hróarsdal og Utanverðunesi, Rípurhr., Skag., síðar trésmiður í Reykjavík, d. 21. des. 1999, og k.h. Þóra Jóhanna Jónsdóttir, f. 20. nóv. 1919, meðferðarfulltrúi, d. 20. maí 1997.

Móðir: **Unnur Tómasdóttir**, f. 22. des. 1940, sjúkraliði í Kópavogi, síðar í Reykjavík. For.: Tómas Sigurðarson, f. 21. júní 1890, bóndi á Reynifelli, Rangárvallahr., Rang., d. 6. jan. 1983, og k.h. Hannesína Kristín Einarsdóttir, f. 24. júlí 1904, húsmóðir, d. 16. nóv. 1990.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Kópavogi 1984. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Norges veterinærhøgskole (NVH) í Ósló 1990. Almennt dýralækningaleyfi í Noregi 1990 og á Íslandi 1991. Dr.med.vet. gráða frá NVH í Ósló 2002. Námsdvöl í tengslum við Dr.med.vet. gráðu við Fred Hutchinson Cancer Research Center, Seattle, Bandaríkjunum frá jan. til des. 1998 og frá sept. til nóv. 2000 .

Starfsferill: Sumarafleysingar á Averøy, Noregi 1990. Héraðsdýralæknir í Ísafjarðarumdæmi 1990–1993. Starfaði við Institutt for smådyrsjukdommer við NVH frá sept. til des. 1993. Dýralæknir við Skedsmo dyreklinikk, Ósló frá des. 1993 til júlí 1994. Kennari og verkefnisstjóri dýrahjúkrunarnáms við NVH í Ósló frá maí 1994

til júlí 1996. Var með styrk frá Norges forskningsråd til doktorsnáms við Avdeling for Genetikk við NVH frá júlí 1996 til sept. 2000. Starfaði við krabbameinsrannsóknir, sem hluti af doktorsnámi, við Fred Hutchinson Cancer Research Center, Seattle, Bandaríkjunum 1998 og frá sept. til nóv. 2000. Verkefnisstjóri hjá Íslenskri erfðagreiningu, krabbameinsdeild, frá jan. 2001 til júlí 2002. Lektor við Institutt for smådyrsjukdommer við NVH frá júlí 2002 til des. 2003. Er með styrk frá Norges forskningsråd til Post-doktor krabbameinsrannsókna við Institutt for smådyrsjukdommer við NVH frá jan. 2004.

Félags- og trúnaðarstörf: Sat í stúdentaráði við NVH 1987–1989. Sat í Collegium Ordinensis við NVH 1988–1989.

Ritstörf: „Hva er diagnosen?," grein í Norsk Veterinær Tidsskrift 1994. „Five new linkage groups in the canine linkage map," grein í Anim Genet. 1999. „Frequency of BRCA1/BRCA2 mutations in a population-based sample of young breast carcinoma cases," grein í Cancer 2000. „Genetic mapping of a naturally occurring hereditary renal cancer syndrome in dogs," grein í Proc Natl Acad Sci USA 2000. „Chromosomal assignment of canine TSC2, PKD1 and CLN3 genes by radiation hybrid- and linkage analyses," grein í Anim Genet. 2000. „Renal microcystic tubular lesions in two 1Year-old dogs – an early sign of hereditary renal cystadenocarcinoma?," grein í J Comp Pathol. 2000. „A population-based familial aggregation analysis indicates genetic contribution in a majority of renal cell carcinomas," grein í Int J Cancer. 2002. „A hereditary renal cancer syndrome in dogs – Genetic approach and diagnostic tools," doktorsritgerð 2002. Hefur auk þess ritað ýmsar greinar í norsk blöð og tímarit

Maki (22. júlí 1995): **Birkir Þór Guðmundsson**, f. 22. maí 1964, rekstrarhagfræðingur, framkvæmdastjóri.

For.: Guðmundur Björn Hagalínsson, f. 2. maí 1934, bóndi á Hrauni, síðar fiskverkandi á Flateyri, og k.h. Guðrún Bjarnadóttir, f. 19. okt. 1936, húsmóðir.

Börn þeirra: a) **Arnar Hugi**, f. 13. apríl 1992. b) **Jónas Alfreð**, f. 23. nóv 1994. Stjúpbörn Þóru Jóhönnu og börn Birkis Þórs: **Heiða Björk**, f. 30. maí 1984, og **Guðmundur Björn**, f. 3. sept. 1987.

Þórunn Lára Þórarinsdóttir, f. 13. mars 1968 í Reykjavík.

Faðir: **Þórarinn Jónasson**, f. 26. apríl 1944, bóndi í Laxnesi í Mosfellsbæ. For.: Jónas Sveinsson, f. 7. júlí 1895, læknir, d. 28. júlí 1967, og k.h. Ragnheiður Lára Hafstein, f. 24. júlí 1913, húsmóðir í Reykjavík, d. 21. ágúst 1971.

Móðir: **Ragnheiður Gíslason**, f. 30. júní 1942, húsmóðir í Laxnesi. For.: Bergur G. Gíslason, f. 6. nóv. 1907, stórkaupmaður, og k.h. Ingibjörg Jónsdóttir, f. 30. apríl 1915.

Námsferill: Tók stúdentspróf frá Verzlunarskóla Íslands 1988. Lauk háskólaprófi í dýralækningum frá Den Kongelige Veterinær- og Landbohøjskole í Kaupmannahöfn 1999. Almennt dýralækningaleyfi í Danmörku 3. ágúst 1999 og á Íslandi 2003. Stundaði nám í líffræði við Háskóla Íslands 1991–1994.

Starfsferill: Starfaði við Hestaleiguna í Laxnesi frá 1984 til ágúst 1994. Dýralæknir hjá dýralæknunum á Kvægtorvet í Danmörku frá nóv. 1999 til febr. 2002. Sjálfstætt starfandi dýralæknir í Danmörku frá júní 2002 til apríl 2003. Stofnaði og rekur sinn eigin dýraspítala, Dýralækninn Mosfellsbæ, frá ágúst 2003.

Félags- og trúnaðarstörf: Sat í bekkjarráði í Verzlunarskóla Íslands 1985–1986. Sat í nemendamótsnefnd og í stjórn Nemendafélags Verslunarskóla Íslands 1987–1988. Sat í foreldraráði Gladsaxe kommune, Danmörku 2001–2002.

Ritstörf: „Risikofaktorer for kolik hos hest," lokaritgerð, birt í Dansk Veterinær Tidskrift, 20. tbl., 83. árg. 2000.

Maki (óg.): **Jón Svan Grétarsson**, f. 29. okt. 1963, byggingatæknifræðingur.

For.: Grétar Halldór Jónsson, f. 6. júní 1941, innkaupastjóri hjá PharmaNor hf. í Garðabæ, og Ágústa Olsen, f. 28. sept. 1943, starfar við umpökkun og merkingu lyfja hjá PharmaNor hf.

Börn þeirra: a) **Þórarinn**, f. 18. júlí 1997. b) **Grétar**, f. 30. ágúst 2001. Stjúpdóttir Þórunnar Láru og dóttir Jóns Svan: Sunna, f. 1. febr. 1985.

III

UM HELSTU DÝRASJÚKDÓMA OG STARFSVIÐ DÝRALÆKNA

Páll A. Pálsson

Berklaveiki í húsdýrum á Íslandi

Inngangur

Berklaveiki er langvinnur sjúkdómur af völdum berklasýkla (*Mycobacterium tuberculosis*). Berklaveiki getur lagst á allar tegundir húsdýra og veldur auk þess oft sjúkdómum í fuglum. Þrjú afbrigði berklasýkla eru algengust; mannaberklar (*Typ. humanus*), nautaberklar (*Typ. bovinus*) og fuglaberklar (*Typ. avium*).

Mannaberklasýkillinn veldur fyrst og fremst berklaveiki í mönnum en stöku sinnum veldur hann berklaveiki í öpum og dýrum sem hafa mjög náin og stöðug samskipti við menn eins og kjölturakkar og kettir, en talið er til undantekninga að nautgripir smitist af mannaberklum. Fuglaberklasýkillinn er eina afbrigðið sem veldur berklaveiki í fuglum, en getur einnig valdið berklaveiki í svínum en sjaldnar í nautgripum, sauðfé og hrossum. Nautaberklasýkillinn virðist minnst sérhæfður þessara afbrigða því hann veldur berklaveiki í flestum tegundum dýra, auk þess sem hann veldur iðulega berklaveiki í fólki ef svo ber undir og er þar jafnmikill skaðvaldur og mannaberklarnir sjálfir.

Berklasýkillinn getur ekki aukið kyn sitt utan sjúklingsins. Aðaluppspretta berklasmits kemur því frá berklaveiku fólki, nautgripum og fuglum.

Í nautgripum verður sýking langoftast (90%) gegnum öndunarfærin, en í svínum og fuglum er smit frá meltingarvegi langalgengast. Frá smitstað í slímhúð öndunarfæra eða meltingarvegs berast sýklar til viðkomandi svæðiseitla og valda þar bólgum. Í dýrum mun fremur sjaldgæft að sýkingin staðni á þessu stigi, heldur breiðist sýkingin út, að vísu mishratt eftir dýrategundum og aðstæðum, uns yfir lýkur.

Berklaveiki í nautgripum

Eina elstu heimild um búfjársjúkdóma hér á landi er að finna í ritgerð Magnúsar Stephensen árið 1808. Ekki er þar minnst á berklaveiki í nautgripum. Snorri Jónsson dýralæknir telur í ritgerð

sinni um búfjársjúkdóma frá 1879 að berklaveiki í nautgripum sé óþekkt. Innflutningur til landsins á nautgripum, hrossum og sauðfé var bannaður með lögum nr. 7/1882, nema með sérstakri undanþágu stjórnvalda. Árið 1905 var lögum þessum breytt þannig að þau tóku líka til svína og geita. Síðan hefur verið í gildi innflutningsbann á öllum dýrum að kalla, nema sérstök undanþága ráðuneytis komi til. Nær engar líkur eru á því að berklaveikir gripir hafi verið fluttir til landsins síðan.

Þótt nautgripaberklar hafi verið vel þekktir í mörgum löndum V-Evrópu á 19. öld, og sjúkdómurinn í nautgripum algengur, þá er það ekki fyrr en upp úr 1880 að berklasýkillinn fannst og mönnum fer að verða ljóst eðli sjúkdómsins og gangur hans.

Magnús Einarson dýralæknir hóf störf hér á landi árið 1896 en frá árinu 1905 hafði hann með höndum alla heilbrigðisskoðun á nautgripum sem komu til slátrunar í Reykjavík. Telur hann árið 1922 að berklaveiki í nautgripum sé ekki til á Suðurlandi, ella hlyti hann að hafa orðið hennar var í þeim 9000 gripum sem hann hafði þá skoðað. Þá gerði Magnús skömmu fyrir 1920 berklapróf á 100 kúm í nágrenni Reykjavíkur og reyndust þær allar neikvæðar. Í Múlasýslum gerði Magnús berklapróf á nær 300 kúm. Telur hann 3% þeirra hafa verið grunsamlegar og voru flestar þeirra af berklaheimilum. Ekki er upplýst hvort þessir grunsamlegu gripir voru rannsakaðir nánar.

Árið 1922 rannsakaði Hannes Jónsson dýralæknir kýr í Arnarfirði og svöruðu þrjár kýr í Neðri-Hvestu jákvætt við inndælingu á tuberculini undir húð. Þar á bæ hafði orðið að drepa eina kú haustið 1917, sem var orðin mæðin, mögur og hóstandi. Lungun reyndust alsett gulum þrimlum og brjóst- og búkhimna alsett stærri og minni nöbbum alla leið aftur að grindarhala. Önnur álíka var drepin 1919 og orðasveim heyrði Hannes um það að fleiri kýr þar um slóðir en þessar hefðu verið „óhreinar innvortis" er þær voru drepnar. Ein þeirra þriggja sem jákvætt svöruðu var mögur. Var hún drepin „kom þá fram að öll lungun voru alsett títuprjónshausstórum að 25 eyrings stórum gulum meir eða minna ostuðum þrimlum. Bronchialkirtlar sumir allt að hnefastórir með stærri og minni ostuðum stykkjum, smá kalkanir í sumum þeirra. Aðrir lymphukirtlar t.d. mesenterial og júgurkirtlar allmikið þrútnir og minni partar af þeim virtust byrjaðir að osta.“ Í skýrslu til ráðuneytisins 19. nóvember 1922 telur Magnús Einar-

son auðsætt að fyrsta kýrin á Neðri-Hvestu, „hver sem hún hefur verið hafi sýkst af manni, sem komið hefur með nautaberkla í sér frá útlöndum, því um sýkingu frá útlendum nautgripum getur ekki verið að ræða, þar sem þeir hafa ekki verið innfluttir í manna minnum.“ Vegna þessara veiku gripa var gert berklapróf á öllum nautgripum í Arnarfirði, en ekki fundust fleiri gripir jákvæðir. Þess má geta að berklar komu fram í heimilisfólki á Neðri-Hvestu sem og í tveim stúlkum sem þar höfðu dvalið. Voru uppi raddir um að þessi bráða smitun í fólki kynni að stafa frá hinum berklaveiku kúm á bænum, en ekki mun það hafa verið kannað nánar.

Dýralæknar gerðu berklapróf á kúm víðsvegar um land á þessum árum. Hannes Jónsson prófaði nær 90 kýr í Dalasýslu árið 1921 sem allar reyndust neikvæðar. Jón Pálsson prófaði 222 gripi í Múlasýslu árið 1920 og svöruðu tvær kýr jákvætt, og munu þær báðar hafa verið á bæjum þar sem berklaveiki í heimilisfólki hafði orðið vart. Sama ár prófaði Sigurður Hlíðar eða lét prófa á annað hundrað nautgripi í Eyjafirði, Siglufirði og víðar og svöruðu allt að 18% jákvætt, þótt Sigurður teldi síðar að sum af þessum svörum hefðu verið nokkuð vafasöm. Þeir gripir sem jákvætt svöruðu voru felldir, þar sem tilgangurinn var að uppræta sjúkdóminn. Enginn þessara gripa bar klínisk einkenni um berklaveiki. Sigurður taldi ekki ósennilegt að gripir þessir hefðu orðið fyrir smiti frá fólki, en berklaveiki var algeng meðal fólks í þessum sveitum um þetta leyti.

Árið 1923 voru sett sérstök lög um berklaveiki í nautgripum. Með lögum þessum er öllum sem nautgripi hafa undir höndum skylt að tilkynna dýralækni hið fyrsta um öll sjúkdómstilfelli er vekja grun um berklaveiki. Ennfremur geyma lög þessi heimild um niðurskurð, samgöngubann, bætur o.s.frv. ef berklaveiki verður vart. Sem betur fer hefur lítið þurft að beita þessum lögum.

Bragi Steingrímsson dýralæknir gerði berklapróf á nær 800 nautgripum í Reykjavík og nágrenni á árunum 1934–1935. Þrír gripir svöruðu jákvætt og voru þeir felldir. Á stríðsárunum gerðu dýralæknar á vegum Bandaríkjahers berklaprófanir á þúsundum nautgripa víðsvegar um land og reyndust allir neikvæðir.

Um 1950 fór að bera allnokkuð á berklahnútum í garnaeitlum úr svínum sem slátrað var í Reykjavík. Voru í því sambandi gerð berklapróf á nautgripum á býlum þar sem einnig var stunduð hænsna- eða svínarækt. Af þeim 433 nautgripum sem voru próf-

aðir sýndu 26 jákvæða útkomu með avian tuberculini og voru niðurstöður túlkaðar þannig að gripirnir hefðu orðið fyrir smiti af völdum fuglaberkla. Engir gripir sýndu einkenni berklaveiki og frekari ráðstafanir voru ekki gerðar með gripi þessa.

Þegar varnarlið úr her Bandaríkjamanna tók við vörslu Keflavíkurflugvallar 1951 komu fljótlega fram kröfur um að berklaprófa skyldi kýr á bæjum sem seldu óunna mjólk til Mjólkursamsölunnar í Reykjavík. Voru því á annað þúsund nautgripir í nærsveitum Reykjavíkur berklaprófaðir árin 1952–1953 en ekki fannst neinn gripur er sýndi jákvæða útkomu.

Lang yfirgripsmestu berklaprófanir í nautgripum voru gerðar að ósk varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli árin 1959, 1965 og 1971. Árið 1959 voru allir nautgripir eins árs og eldri á svæðinu frá Snæfells- og Hnappadalssýslum suður og austur í V-Skaftafellssýslu, alls 21.589 gripir prófaðir. 35 gripir svöruðu jákvætt án einkenna um berklaveiki. Þeir voru felldir en aðeins í einum þeirra fundust berklabreytingar, sem við ræktun reyndist fuglaberklar. Árið 1965 voru prófaðir 23.718 gripir á sömu slóðum, að viðbættri A-Skaftafellssýslu. Af þeim svöruðu 21 jákvætt. Þegar gripir þessir voru felldir fundust ekki merki um berklaveiki í neinum þeirra, en þrír þeirra voru garnaveikir. Árið 1971 voru 23.272 nautgripir alls í áðurnefndum landshlutum enn prófaðir á sama hátt og áður. Alls sýndi 41 gripur jákvæða útkomu við húðpróf, þeir voru felldir en ekki varð vart berklaskemmda í neinum þeirra.

Allar berklaprófanir á nautgripum sem hér er drepið á staðfesta þá

Mynd 1:
Berklaskemmdir í lungum úr nautgrip. Áberandi gulleitur gröftur sem er sérkennandi fyrir berkla í nautgripum.
Heimild: W.S. Monlux og A.W. Monlux, Atlas of Meat Inspection Pathology, Washington, 1972.

skoðun sem Magnús Einarson lét í ljós í skýrslu til atvinnumálaráðuneytisins árið 1922 þar sem hann segir „en hvað sem einstökum tilfellum líður er ég alsannfærður um það, að berklaveiki í nautgripum sé afar sjaldgæf hér á landi, þegar litið er til alls landsins í heild."

Berklaveiki í svínum

Allar þrjár tegundir berkla geta lagst á svín en eru misskæðar. Nautaberklar munu oftast valdir að alvarlegri berklaveiki í svínum. Fuglaberklar valda venjulega aðeins eitlabólgu á háls- og hengiseitlum. Svipuðu máli gegnir um mannaberkla en er fátítt. Þó geta þessar síðarnefndu tvær tegundir berklasýkla valdið berklaveiki við sérstök skilyrði, einkum ef smágrísir verða fyrir smiti og smitmagn er mjög mikið.

Magnús Einarson mun fyrst hafa orðið var við berkla í svínum hér á landi árið 1906. Var þar um að ræða innflutt svín frá Noregi. Var svínunum lógað og urðu ekki frekari eftirköst af því máli.

Við kjötskoðun í Reykjavík hefur stöku sinnum orðið vart við berklaskemmdir í svínum. Nær alltaf hefur verið um að ræða skemmdir í hengiseitlum. Einna mest bar á þessu á fyrstu árunum eftir síðustu styrjöld, en algengt var þá að nota matarleifar frá hermannaskálum, ósoðnar, sem fóður fyrir svín. Í þessu fóðri voru að sjálfsögðu bæði svína- og hænsnaleifar og því ekki ósennilegt að þar kunni að hafa leynst líffæri eða eitlar sýkt af hænsnaberklum. Þess má geta í þessu sambandi að tvær veirupestir, svínapest og blöðruþot, bárust á þessum árum í íslenska svínastofninn með ósoðnum matarleifum frá hermannaskálum og ollu verulegu tjóni. Það var ekki fyrr en árið 1957 að fyrirskipað er að sjóða matarleifar af þessu tagi ef þær eru ætlaðar til skepnufóðurs.

Þá sjaldan ræktun hefur verið gerð á eitlum úr svínum sem sýnt hafa breytingar sem eru berklakyns, hefur smitið verið af völdum fuglaberkla. Ekki er vitað til þess að svín sem smitast hafa af berklaveikisýklum hafi borið nein einkenni um berklaveiki. Þau virðast alltaf hafa verið frískleg og í góðum holdum.

Berklaveiki í sauðfé

Berklaveiki í sauðfé mun vera mjög sjaldgæfur sjúkdómur. Nautaberklar geta valdið útbreiddri berklaveiki í sauðfé en fuglaberklar eru því ekki eins hættulegir, valda oftast fyrst og fremst

eitlabólgu. Mannaberklar virðast lítið skaðlegir sauðfé, og tilraunir til að sýkja sauðfé með mannaberklum hafa yfirleitt ekki borið neinn árangur. Berklasmit í sauðfé hefur mjög sjaldan fundist hér á landi og þá sjaldan sem berklaskemmdir finnast eru þær bundnar við hengiseitla sem greinilegir hnútar. Þegar ræktun á sýklum hefur tekist hefur komið í ljós að um fuglaberkla hefur verið að ræða og oftar en ekki hefur komið í ljós að hænsni hafa verið geymd undir sama þaki og sauðfé. Við kjötskoðun á sláturhúsum hefur mjög sjaldan orðið vart við bólgur sem grunur leikur á að væru berklakyns og aldrei hefur þess orðið vart hér á landi svo að vitað sé að kindur hafi sýnt sjúkleg einkenni um berklaveiki. Sigurður Hlíðar dýralæknir taldi að hann hafi rekist á 4 berklatilfelli í öllu því sauðfé sem hann skoðaði fyrstu 25 starfsár sín, eða u.þ.b. 600 þúsund fjár alls.

Berklaveiki í hrossum

Hross fá sjaldan berkla jafnvel þótt þau séu í nánu sambýli við berklaveikar kýr eða hænsni. Hér á landi hefur berklaveiki verið staðfest í hrossum í eitt skipti að minnsta kosti. Veikin kom upp í stóði í V-Húnavatnssýslu sem af kynbótaástæðum hafði verið haldið sér í nokkur ár. Ekki voru aðrar skepnur á bænum og ekki vitað til þess að hrossin hefðu samgang við aðrar skepnur. Í ágústmánuði 1974 var tekið eftir því að tvö hross lögðu óeðlilega mikið af miðað við önnur hross í stóðinu. Var talið að hrossin hefðu fengið lungnabólgu. Lyfjameðferð kom þó að engu gagni og þegar smá dró af öðru hrossinu var það fellt, 4 vetra hryssa.Við skoðun á lungum fundust margir vel afmarkaðir, fleskkenndir misstórir hnútar 3–4 cm í þvermál. Í miðju þeirra fannst grágulur ostkenndur gröftur. Svipaðir hnútar sáust bæði í lifur og milti. Berklasýklar voru ræktaðir og kom í ljós að hér var um sýkingu með fuglaberklum að ræða. Þar sem ekki hafði áður fundist berklaveiki í hrossum, voru sýni send til Statens Veterinære Serumlaboratorium í Kaupmannahöfn. Var það staðfest með ræktun og sýkingartilraunum að um fuglaberkla væri að ræða. Þess var helst getið til að hross þessi hefðu sýkst af fugli sem hélt sig mikið í beitilandi hrossanna, en á það verða seint færðar neinar sönnur. Ekki virðist hafa orðið meiri brögð af þessari berklaveiki, og voru þó engar sérstakar ráðstafanir gerðar til þess að uppræta smitið, enda erfitt við að eiga þar sem ekki er mikið að byggja á berklaprófi í hrossum.

Berklaveiki í hundum og köttum

Hér á landi hefur ekki fundist berklaveiki í hundum og köttum enda ekki verið sérstaklega eftir því leitað. Hundar geta sýkst bæði af mannaberklum og nautaberklum og sumstaðar erlendis er berklaveiki í hundum ekki óalgeng. Kettir sýkjast oftast af nautaberklum en sjaldan ber það við að þeir sýkist af mannaberklum. Allmörg dæmi eru um það erlendis að hundar hafi sýkt börn af berklum. Væri ástæða til þess að gefa máli þessu meiri gaum, ekki síst ef kjölturökkum fjölgar hér á landi.

Berklaveiki í fuglum

Berklar í fuglum voru fyrst staðfestir hér á landi í hænu frá Hafnarfirði árið 1933. Voru ræktaðir berklasýklar úr hænu þessari á Rannsóknastofu Háskólans. Síðan hafa berklar fundist í hænsnum einkum frá sveitabæjum víða um land. Svo virðist sem fuglaberklar hafi alls ekki verið fátíðir hér á landi meðan sá vani var almennur að láta hænsni í sveitum og þorpum vera frjáls ferða sinna og farga hænum fyrst þegar þær voru orðnar mjög gamlar og endurnýja stofninn með því að láta hænur liggja á eggjum og unga út öðru hverju.

Berklaveiki í hænsnum er fyrst og fremst bundin við meltingar-



Mynd 2: *Berklaskemmdir í líffærum úr hænu. Gulir hnútar í lifur, milti og utan á mjógörn. Heimild: C.J. Randall, Diseases of the Domestic Fowl, Ipswich, 1985.*

veginn. Utan á görnum finnast djúp sár sem líta út eins og smá æxli eða hnútar, full af draflakenndum greftri, sem er morandi af berklasýklum. Saur úr berklaveikum hænum er því að jafnaði mjög mengaður berklasýklum. Oft er einnig miklar berklaskemmdir að finna í milti og lifur. Berklaveiki dregur að sjálfsögðu mjög úr þrifum fuglanna og varpi, en sjaldan kemur það fyrir að berklasýklar finnist í eggjum. Oft ganga fuglar lengi með berklaveiki áður en yfir lýkur.

Niðurlag

Venjulega hefur berklasmit ekki leitt til þess að dýrin yrðu sjúk eða smitberar. Allt bendir til þess að auk hænsna séu villtir fuglar hér á landi stundum valdir að þessum smitunum. Hinsvegar hefur ekki enn verið hafist handa um skipulega rannsókn á útbreiðslu berkla í villtum fuglum hér á landi, en slíkt má ekki dragast öllu lengur. Mun hér einkum koma til álita þær fuglategundir sem um varptímann lifa í þéttu nábýli þar sem hundruð, jafnvel þúsundir unga og fullorðinna fugla hafast við á mjög takmörkuðu svæði nokkurt skeið.

Síðustu áratugi eftir að yfirleitt var farið að slátra búfé á sláturhúsum þar sem heilbrigðisskoðun á líffærum er gerð, gafst betra tækifæri en áður til að fylgjast með því hvort sjúkdómar á borð við berkla leynist með húsdýrum hér á landi. Hefur heilbrigðiseftirlit þetta staðfest það sem áður var haldið fram að berklaveiki í búfé á Íslandi sé fátíður sjúkdómur en komi þó fyrir við og við í einhverri mynd.

Berklaveiki í fólki var algeng ef ekki algengasta dánarorsök hér á landi fyrri hluta 20. aldar. Berklaræktanir hafa farið fram á Rannsóknastofu Háskólans síðan hún tók til starfa í húsakynnum við Barónstíg árið 1934, þegar grunur lék á að um berkla væri að ræða. Jákvæðar ræktanir úr berklaveiku fólki skipta nú þúsundum. Aldrei munu nautaberklar hafa fundist við þessar berklaræktanir, enda þótt sumir stofnar sem einangraðir hafa verið úr fólki hafi sýnt nokkur frávik við ræktun og næmispróf frá venjulegu mynstri mannaberkla.

Við athugun á þeim miklu gögnum sem tiltæk eru um þessar rannsóknir, bendir allt til þess að orsök berklaveiki í fólki hér á landi sé af völdum mannaberkla og húsdýr hafi lítið eða ekki komið þar við sögu.

Þessi grein er stytt og endursögð grein sem birtist í Búnaðarritinu, 103. árg., 1990.

Ritstjórn.

Helstu heimildir.

1. Birna Oddsdóttir: Örfá orð um berklaræktanir. Blað meinatækna. 1. tbl., 1986, 17–18.
2. Frank A. Todd: Milk Control Program of U.S. Forces in Iceland. The Bulletin of the U.S. Army Medical Department. No. 4, Vol. V, 1946, 463-467.
3. Frank A Todd: Bréfleg heimild, 1959.
4. Guðmundur Gíslason: Bréflegar og munnlegar heimildir.
5. Halldór Kristjánsson: Æthiologiske undersøgelser over den kirurgiske Tuberkulose i Børnealderen. Kbh. 1930, Doktorsritgerð.
6. Halldór Vigfússon og Guðmundur Gíslason: Fuglaberklar. Freyr 41, 1946, 223–227.
7. Halldór Vigfússon: Bréfleg heimild, 1976.
8. Hannes Jónsson: Skýrsla til Atvinnu- og Samgöngumálaráðuneytisins, september 1922.
9. Magnús Einarson: Búnaðarrit, 15, 1901, 125–161.
10. Magnús Einarson: Skýrsla til Atvinnu- og Samgöngumálaráðuneytisins, nóvember 1922.
11. Níels Dungal: Skýrsla Rannsóknarstofu Háskólans 1934–1959, Reykjavík 1962.
12. Níels Dungal: Occurrence and manifestation of Tuberculosis in Iceland. Acta Tuberc. Scandinavia, 19, 1945, 275–308.
13. Snorri Jónsson: Husdyrhold og Husdyrsygdommer i Island. Tidskr. f. veterinærer, Kbh, 1879, 137–177.
14. Sigurður Ein. Hlíðar: Samband mannaberkla og nautaberkla, Akureyri, 1920.
15. Sigurður Ein. Hlíðar: Sauðfé og Sauðfjársjúkdómar, Akureyri, 1937.
16. Sigurður Sigurðsson: Tuberculosis in Iceland. Epidemiological Studies, Washington DC, 1950, Doktorsritgerð.
17. Sigurður Sigurðsson: Um berklaveiki á Íslandi. Læknablaðið, 62, 1976, 1–50.
18. Valtýr Stefánsson: Berklaveiki í nautpeningi. Freyr, 20, 1923, 19–21.
19. Þuríður Árnadóttir o.fl.: Berklaveiki á Íslandi 1975–1986. Læknablaðið, 75, 1989, 209–216.
20. Heilbrigðisskýrslur, Reykjavík, 1959, 86–87.

Eggert Gunnarsson

Notkun bóluefna til varnar sjúkdómum í dýrum

Inngangur

Hér á landi hafa um áratugaskeið verið notuð bóluefni til varnar sjúkdómum í sauðfé. Notkun bóluefna í önnur dýr hefur til skamms tíma verið sáralítil. Þó hafa breyttir búskaparhættir og ör vöxtur í bæði hænsna- og svínaeldi leitt til aukinnar notkunar bóluefna í þessum búgreinum. Einnig er talsverð notkun á bóluefnum í fiskeldi og á seinni árum hefur notkun bóluefna í gæludýr orðið umtalsverð. Í þessari grein verður í stuttu máli gerð grein fyrir notkun bóluefna í sögulegu samhengi og framleiðslu ónæmisefna hér á landi til varnar sjúkdómum í dýrum.

Upphaf bólusetninga

Hugtakið ónæmi er þekkt frá gamalli tíð. Gríski heimspekingurinn Thukydid sem var uppi frá 460–400 f. Kr. veitti því t.d. athygli að fólk fékk sjaldnast sama smitsjúkdóminn tvisvar sinnum. Í Kina var dregið úr tíðni bólusóttar með því að taka skorpur af bólusóttarsjúklingum og nudda í sár á litlum börnum og kom það í veg fyrir að þau fengju bólusótt síðar á ævinni. Í Evrópu var svipaðri aðferð beitt til þess að draga úr tíðni nautapestar á 17. öld. Upphaf bólusetningar til varnar sjúkdómum í hinum vestræna heimi er þó oftast rakið til enska læknisins Edwards Jenner sem var uppi 1749–1823. Hann hafði veitt því eftirtekt að mjaltastúlkur fengu síður bólusótt en annað fólk. Hins vegar fengu þær oft kúabólu sem er miklu mildari sjúkdómur í mönnum en bólusóttin. Jenner ályktaði sem svo að kúabólusmit veitti vörn gegn bólunni. Árið 1796 smitaði hann ungan dreng með kúabólu og 6 vikum seinna reyndi hann að smita drenginn af bólusótt en hann veiktist ekki. Bólusetning með kúabólu til varnar bólusótt hefur síðan verið beitt um allan heim og tæpum 200 árum eftir fyrstu tilraun Jenners

Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum. Stofnunin var sett á laggirnar 1948 til rannsókna á búfjársjúkdómum. Ein af meginstoðum starfseminnar hefur frá upphafi verið framleiðsla á bóluefnum og mótefnasermi til varnar sauðfjársjúkdómum.

lýsti Alþjóða heilbrigðisstofnunin því yfir að búið væri að útrýma bólusótt í heiminum.

Franski efnafræðingurinn og örverufræðingurinn Louis Pasteur (1822–1895) notaði orðið „vaccination“ yfir þessa aðferð til varnar smitsjúkdómum til heiðurs Jenner. Uppruna orðsins má rekja til latneska orðsins „vacca“ sem þýðir kýr. Íslenska orðið bólusetning vísar sömuleiðis til þessarar fyrstu tilraunar Jenners til þess að verjast bólusóttinni. Pasteur gerði fjölmargar tilraunir með bóluefni, m.a. *Pasteurella* bóluefni gegn fuglakóleru og bóluefni gegn miltisbrandi í nautgripum sem olli miklu tjóni víða í Evrópu á 18. og 19. öld. Pasteur uppgötvaði m.a. að sýklar sem höfðu verið veiklaðir þannig að þeir ullu ekki sjúkdómi gátu hins vegar veitt ágæta vörn gegn sjúkdómnum. Merkustu rannsóknir Pasteurs á þessu sviði eru þó tvímælalaust tilraunir hans með bóluefni gegn hinum hræðilega sjúkdómi hundaæði. Á síðustu áratugum 19. aldar voru gerðar margar merkar uppgötvanir á þessu fræðasviði. M.a. uppgötvuðu menn að gera mátti bakteríur óvirkar með hitameðhöndlun eða formalíni og nota sem bóluefni og sömuleiðis

mátti afeitra mörg eiturefni sjúkdómsframkallandi baktería með formalíni og nota sem bóluefni. Þessar uppgötvanir lögðu grunninn að þróun bóluefna gegn sjúkdómum eins og stífkrampa og öðrum clostridiumsjúkdómum í mönnum og dýrum, t.d. bráðapest og lambablóðsótt.

Önnur merk uppgötvun frá þessum tíma er að sermi frá sjúklingum sem höfðu gengið í gegnum veikindi gaf ákveðna vörn gegn sjúkdómnum. Sömuleiðis sermi frá einstaklingum sem höfðu verið bólusettir. Þessa vitneskju hafa menn síðan notað til framleiðslu á mótefnasermi, fyrst og fremst í hrossum, til þess að fyrirbyggja sjúkdóma en einnig til lækninga. Notkun mótefnasermis var mikil áður fyrr, einkum fyrir tíma fúkkalyfjanna og einnig vegna þess að aðferðin þótti öruggari en bólusetning því oft kom fyrir að veiklun sýklastofna tókst ekki sem skyldi og bólusetning gat því haft þveröfug áhrif við það sem til var ætlast og valdið sjúkdómi í stað þess að vernda gegn honum. Eftir því sem tækninni við bóluefnisframleiðslu hefur fleygt fram hefur þó dregið mjög úr notkun mótefnaserma.

Notkun bóluefna gegn dýrasjúkdómum á Íslandi

Íslenskur búfénaður er laus við marga þá sjúkdóma sem hrjá dýr erlendis. Þetta á einkum við um marga veirusjúkdóma. Þar af leiðandi er notkun bóluefna ekki jafn almenn hér á landi og víða erlendis. T.d. eru engin bóluefni notuð í nautgripi og einungis stöku sinnum gripið til þess að bólusetja hross gegn stífkrampa og botulisma (hræeitrun). Það er helst í sauðfjárrækt að beitt er bólusetningum og þá gegn sjúkdómum af völdum baktería sem eru útbreiddar í náttúrunni eins og t.d. *Clostridium* og *Pasteurella* bakteríum eða bakteríusjúkdómum sem borist hafa hingað til lands með innflutningi og ekki hefur tekist að útrýma með niðurskurði eða eftir öðrum leiðum eins og t.d. garnaveiki. Þessi bóluefni eru að mestu framleidd innanlands. Hér á landi hefur lengstum verið ráðandi mjög íhaldssöm stefna varðandi notkun á innfluttum bóluefnum. Þetta á sérstaklega við um lifandi bóluefni. Oft eru bóluefni samsett og innihalda smitefni sem ekki eru til staðar hér á landi og yfirvöld vilja ekki fá inn í landið. Erlendis frá eru fjölmörg dæmi um að upp hafi komið sjúkdómar vegna mengunar á bóluefnum eða vegna þess að bóluefnisstofnar hafa ekki verið veiklaðir sem skyldi og því valdið sjúkdómi í stað þess að vernda gegn honum.

Dæmi er um að bóluefni gegn bólusótt hafi verið mengað með gin- og klaufaveiki veirunni. Þá eru dæmi um að gin- og klaufaveiki hafi komið upp vegna ófullnægjandi veiklunar bóluefnisstofna. Notkun bóluefna getur því í sumum tilvikum haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar. Eitt versta dæmið úr sögunni er dreifing riðu í sauðfé á Bretlandseyjum á millistríðsárum síðustu aldar með bóluefni gegn „Louping ill“. Til framleiðslu á bóluefninu var notaður heilavefur úr sauðfé sem síðar sýndi sig að hafa í nokkrum tilvikum verið smitað af riðu. Þetta varð til þess að riða dreifðist um allar Bretlandseyjar með bóluefninu. Með bættri tækni og tækjabúnaði til bóluefnaframleiðslu og auknum gæðakröfum og eftirliti með framleiðslunni hafa líkurnar á slysum af þessu tagi minnkað. Þó eru dæmi um óæskileg áhrif bólusetningar frá síðustu árum. Við bólusetning á svínum í Danmörku gegn sjúkdómnum bláeyra (PRRS, Porcine Respiratory and Reproductive Syndrome) olli bóluefnisstofninn sjúkdómi sem dreifðist í dönskum svínabúum líkt og sjúkdómsframkallandi stofn veirunnar. Þegar tekin er afstaða til notkunar á innfluttum bóluefnum hér á landi þarf því alltaf að vega og meta áhættuna miðað við ávinninginn. Á síðustu árum hefur notkun innfluttra bóluefna í svína- og hænsnarækt og fiskeldi aukist. Þá hafa um árabil verið notuð innflutt bóluefni í gæludýr eins og t.d. hunda og ketti.

Innlend bóluefnisframleiðsla

Upphaf framleiðslu bóluefna gegn dýrasjúkdómum hér á landi má rekja allt til ofanverðrar 19. aldar. Sá sjúkdómur sem olli sauðfjárbændum hvað mestum búsifjum fyrr á öldum var bráðapestin, bakteríusjúkdómur af völdum *Clostridium septicum*. Sjúkdómnum var lýst hér á landi þegar á 18. öld. Olli hann oft miklu tjóni á vissum landsvæðum. Sjúkdómurinn var þekktur víða um lönd, t.d. í Noregi og á Bretlandseyjum. Um miðja 19. öld virðast menn vera farnir að gera sér grein fyrir að orsök veikinnar er smit af einhverjum toga en engin haldgóð ráð fundust þó til að verjast veikinni þó að ýmislegt væri reynt.

Það var norski dýralæknirinn Ivar P. Nielsen (1855–1939) sem sýndi fram á að ákveðna sýkla, sem hann nefndi Vibrio septicque, væri alltaf að finna í bráðapestarkindum. Árin 1891–1893 fór hann að gera tilraunir með bóluefni. Tókust þær vonum framar. Veturinn 1895–1896 kynnti ungur íslenskur búfræðingur, Hólm-

geir Jensson, sér tilraunir Nielsens og heimkominn hóf hann að gera tilraunir með framleiðslu bráðapestarbóluefnis. Fleiri Íslendingar reyndu fyrir sér með gerð bóluefnis eftir að grein eftir Nielsen birtist í þýðingu í Ísafold 1894, en flestar tilraunir mistókust að miklu leyti því margt fé drapst af völdum bólusetningar. Árið 1896 kom út bæklingur „Bráðabirgðaleiðbeining í bólusetningu og annarri meðferð á bráðapest í sauðfé“ eftir norska dýralækninn J.N. Bruland sem Alþingi hafði kostað hingað til lands til þess að rannsaka bráðapestina og leiðbeina um gerð bóluefnis samkvæmt aðferð Nielsen. Bóluefni Nielsen samanstóð af þurrkuðum, muldum nýrnavef úr sjálfdauðri pestarkind blönduðum í vatni. Ýmsir öðluðust færni og reynslu í gerð þessa bóluefnis og höfðu nokkurn árangur. Er þetta fyrsta bóluefnið sem farið var að nota hér á landi til varnar búfjársjúkdómi.

Árið 1897 fór síðan Magnús Einarson dýralæknir (1870–1927) að nota svokallað „danska bóluefnið“. Það bóluefni samanstóð af hreinum pestargróðri og byggði á rannsóknum prófessors C.O. Jensen í Kaupmannahöfn á bráðapest, en þær stundaði hann af mikilli kostgæfni um áratuga skeið. Hér á landi voru reyndar nokkrar gerðir þessa danska bóluefnis á meðan á skipulögðum tilraunum stóð, en það bóluefni sem varð síðan ofan á var svokallað „serovaccine“, sem samanstóð af pestarsýklasporum og sermi úr hrossum sem dæld höfðu verið reglulega með gróðri af pestarsýklum. Þetta bóluefni var notað hér á landi um nær fjögurra áratuga skeið. Talsvert fyrirhafnasamt var að nota bóluefnið. Það samanstóð af dufti sem þurfti að mylja og hræra út í mortéli og krafðist vandvirkni og mikils hreinlætis. Fyrir kom að slys urðu en engu að síður leiddi notkun þess til þess að verulega dró úr tjóni af völdum þessa sjúkdóms.

Niels P. Dungal.

Laust fyrir 1930 hóf prófessor Niels P. Dungal síðan tilraunir með nýja tegund bóluefnis. Það var talsvert frábrugðið danska bóluefninu og samanstóð af sýklagróðri og eiturefnum sýklanna sem hvoru tveggja hafði verið gert óvirkt með formalíni. Bóluefnið var látið af hendi í sérstökum glösum með gúmmítappa. Þetta bóluefni hefur verið framleitt hér á landi allt til þessa

dags samkvæmt forskrift Dungals, fyrst á Rannsóknastofu Háskólans en síðustu áratugina á Tilraunastöðinni að Keldum.

Auk fyrrnefnds bóluefnis gegn bráðapest (*Clostridium septicum*) er framleitt á Keldum bóluefni gegn öðrum *Clostridium* sjúkdómum eins og lambablóðsótt (*C. perfringens* týpa B) og garnapest (*C. perfringens* týpa D). Þá er framleitt bóluefni gegn garnaveiki af völdum *Mycobacterium paratuberculosis* (*Mycobacterium avium subsp. paratuberculosis*) og bóluefni gegn lungnapest af völdum *Pasteurella* sýkla. Einnig eru framleidd mótefnasermi í hrossum gegn lambablóðsótt og garnapest. Páll Agnar Pálsson (1919–2003), sem lengst af starfsævinnar starfaði sem sérfræðingur á Tilraunastöðinni jafnframt því sem hann gegndi stöðu yfirdýralæknis, kom þessari framleiðslu á laggirnar og var í forsvari fyrir henni á meðan hann starfaði á Keldum.

Notaðar eru hefðbundnar aðferðir við framleiðslu bóluefnanna og hafa þær lítið breyst í áranna rás. Byggjast þær á því að sýklarnir eru ræktaðir upp í stórum stíl og síðan drepnir eða gerðir óvirkir með formalíni, fenóli eða upphitun.

Mótefnasermi er framleitt með því að sprauta óvirku eitri sýklanna í hross og þau síðan látin framleiða mótefni gegn þeim. Hrossunum er síðan tekið blóð og sermið notað til að verja lömb gegn sýkingum. Þegar framleiðslan var hvað mest voru um 30 hross í mótefnaframleiðslu á Keldum.

Bóluefnin sem framleidd eru að Keldum eru svokölluð dauð bóluefni, þ.e. sýklarnir hafa verið gerðir óvirkir. Það eru því engar líkur á því að með þeim berist óæskileg smitefni eða að bóluefnisstofninn breytist og fái aftur sýkingarhæfni, eins og komið getur fyrir þegar um er að ræða lifandi eða veikluð bóluefni. *Clostridium* og lungnapestarbóluefni eru til varnar sjúkdómum af völdum baktería sem eru alls staðar í umhverfi dýranna og verður ekki útrýmt. Eina og jafnframt kostnaðarminnsta ráðið gegn þessum sjúkdómum er bólusetning. Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir þessum bóluefnum.

Bóluefni og sermi gegn lambablóðsótt

Lambablóðsótt er víða landlæg og finnst sýkillinn, *Clostridium perfringens* B, í jarðvegi og kindasaur. Fullorðnar kindur eru smitberar og sóttmenga hús og haga. Verja má nýfædd lömb gegn lambablóðsótt með því að bólusetja ærnar á meðgöngu, þannig að

Páll Agnar Pálsson (1919–2003) yfirdýralæknir og sérfræðingur á Keldum við blóðtöku úr sermishesti. Honum til aðstoðar er Jón Guðmundsson (1918–1993) bústjóri á Keldum og Auður Ingólfsdóttir starfskona á Keldum. Páll Agnar byggði upp bóluefnisframleiðsluna á Keldum og veitti henni faglega forstöðu um árabil meðfram öðrum störfum.

þær framleiði mótefni gegn lambablóðsóttinni sem þær síðan skila yfir í lömbin með broddmjólkinni. Bóluefni gegn lambablóðsótt var fyrst notað hér á landi 1937 og hefur verið framleitt á Keldum alla tíð. Bóluefnið er blanda af lambablóðsóttarsýklum og eiturefnum sýklanna sem gerð hafa verið óvirk með formalíni. Mælt hefur verið með því að að bólusetja ærnar tvisvar fyrir fyrsta burð og síðan árlega. Á seinni árum hefur bóluefni gegn lambablóðsótt verið framleitt sem hluti af blönduðu bóluefni gegn lambablóðsótt, garnapest og bráðapest.

Sermi gegn lambablóðsótt hefur verið framleitt á Keldum allt frá upphafsárum stofnunarinnar. Það er notað í lömb á bæjum þar sem ærnar hafa ekki verið bólusettar. Sprauta þarf lömbin á fyrsta sólarhring eftir burð.

Bóluefni og sermi gegn garnaeitrun og flosnýrnaveiki

Clostridium perfringens D veldur tvenns konar sjúkdómum í sauðfé, annars vegar flosnýrnaveiki í lömbum snemma á vorin eða sumrin (sjaldnast í alveg nýfæddum lömbum) og hins vegar garnaeitrun í eldra fé á haustin. Bóluefni hefur verið framleitt á Keldum allt frá árinu 1972 og búið til á svipaðan hátt og lambablóðsóttarbóluefnið. Bóluefnið er notað í ær rétt fyrir burð eins og lambablóðsóttarbóluefnið, í lömb ca. 3 vikna gömul og í yngra fé á haustin. Mjög er mismunandi eftir bæjum hvort nauðsynlegt er að bólusetja gegn þessum sjúkdómi og þá hvaða aldurshóp. Á seinni árum hefur bóluefni gegn garnaeitrun/flosnýrnaveiki verið framleitt sem hluti af blönduðu bóluefni.

Á Keldum er framleitt mótefnasermi í hrossum gegn garnapest til notkunar í lömb á vori, en notkun er fremur lítil.

Bóluefni gegn bráðapest

Bráðapestar af völdum *Clostridium septicum* verður vart á haustin og snemma vetrar. Það er helst yngra féð sem veikist. Eins og áður segir var bóluefni fyrst framleitt hér á landi af prófessor Niels Dungal um 1930 og var framleitt á Rannsóknastofu Háskólans allt til ársins 1975 er framleiðslan var flutt upp að Keldum. Bóluefnið er notað í yngra féð á haustin um leið og það kemur af fjalli. Bóluefnið er framleitt bæði sem sérstakt bóluefni, en einnig sem hluti af blönduðu bóluefni.

Blandað bóluefni gegn lambablóðsótt, bráðapest og garnapest

Um nokkurra ára skeið hefur verið framleitt á Keldum svokallað blandað bóluefni gegn lambablóðsótt, garnapest og bráðapest. Bóluefnið inniheldur sömu sýkla og eiturefni og bóluefni gegn hverjum þessara sjúkdóma fyrir sig. Farið var út í að blanda þessum bóluefnum saman til hagræðis fyrir bændur. Mælt er með að yngra fé sé bólusett einu sinni til tvisvar á haustin, allt eftir því hversu pestarhætt er á bænum. Síðan eru allar lambfullar ær bólusettar einu sinni á vori u.þ.b. mánuði fyrir burð. Í flestum tilvikum gefur þetta nægjanlega vörn. Á einstaka bæ getur þó þurft að bólusetja ærnar tvisvar ef smitálag er mikið.

Bóluefni gegn lungnapest

Lungnapest af völdum *Pasteurella* sýkla kemur upp öðru hvoru hér á landi. Oft er búið til bóluefni úr þeim stofni sem veldur veikinni á hverjum stað. Bóluefnið sem framleitt er í dag samastendur af þremur stofnum *Pasteurella* bakteríunnar, *P. multocida, P. trehalosis* og *Mannheimia haemolytica*. Þær tvær síðast nefndu gengu áður undir nafninu *P. haemolytica*. Bóluefnið er blanda af sýklum og eiturefnum bakteríunnar sem gert hefur verið óvirkt með fenóli. Þegar sjúkdómsins verður vart þarf að bólusetja allt fé svo fljótt sem auðið er, einkum eldra fé. Síðan er nauðsynlegt að bólusetja á hverju hausti, a.m.k. næstu 2 ár, um leið og fé er tekið á hús. Ráðlegt er að bólusetja á nágrannabæjum ef lungnapestar hefur orðið vart.

Bóluefni gegn garnaveiki

Garnaveiki, sjúkdómur af völdum bakteríunnar *Mycobacterium avium subsp. paratuberculosis*, barst til landsins með innfluttu karakúlfé 1933. Með þessum innflutningi var ætlunin að kynbæta íslenska féð og auka verðmæti afurða en áhrifin urðu þveröfug. Kindurnar, sem reyndust sjálfar alla tíð heilbrigðar, báru til landsins mjög skæða sjúkdóma, þ.e. garnaveiki, visnu, þurramæði og votamæði. Urðu íslenskir sauðfjárbændur fyrir gífurlegum búsifjum á næstu áratugum af völdum þessara svokölluðu karakúlpesta. Segja má að tilkoma þeirra hafi opnað mjög augu manna fyrir nauðsyn á góðri aðstöðu til rannsókna á búfjársjúkdómum og þannig átt sinn þátt í stofnun Tilraunastöðvarinnar að Keldum.

Talið er að 5 af 20 innfluttum kindum hafi borið garnaveikismit.

Á næstu 18 árum barst garnaveiki víða um land. Árleg dánartala náði að meðaltali 8–9% á bæ en gat farið upp í 40% á einstaka bæjum. Er talið að upp undir 100.000 fjár hafi drepist úr garnaveiki á þeim árum sem veikin var í hámarki. Þegar sýnt varð að ekki tækist að útrýma garnaveiki með niðurskurði eins og hinum karakúlpestunum þróaði Björn Sigurðsson, fyrsti forstöðumaður Tilraunastöðvarinnar, bóluefni til varnar. Um 1920 höfðu verið gerðar tilraunir með bólusetningu gegn garnaveiki í Frakklandi, en þegar Björn hóf tilraunir var þessari aðferð hvergi beitt í baráttunni gegn þessum sjúkdómi. Tilraunir Björns og samverkamanna stóðu í um áratug. Á þessu tímabili voru bólusett um 3000 lömb á um 140 bæjum og annar eins hópur hafður til samanburðar. Rannsóknarefniviðurinn var gerður upp endanlega af Páli A. Pálssyni að Birni látnum og var lokaniðurstaðan að með bólusetningu mætti draga úr dánartíðni af völdum garnaveiki um 91 %. Árið 1966 var gert skylt að bólusetja öll ásetningslömb á garnaveikisvæðum. Skylt er að bólusetja öll ásetningslömb á tímabilinu 15. september til 31. desember. Reynslan hefur sýnt að sé rétt staðið að bólusetningu og hún framkvæmd í tíma má halda tjóni af völdum veikinnar í lágmarki. Á sumum landsvæðum hefur hennar ekki orðið vart í meira en áratug.

Garnaveikibóluefnið samanstendur af tveimur garnaveikistofnum sem drepnir hafa verið með upphitun, þurrkaðir, muldir og síðan blandað saman við jurtaolíu og paraffínolíu í ákveðnum hlutföllum. Ein bólusetning veitir ævilangt ónæmi. Einn helsti ókostur þessa bóluefnis er að það veldur oft talsverðum bólgum á stungustað.

Aðrar þjóðir hafa tekið upp svipaðar varnaraðgerðir gegn garnaveiki og Íslendingar. Íslenskt garnaveikibóluefni hefur um árabil verið flutt út til Færeyja. Bóluefnið hefur einnig verið notað í tilraunaskini í fjarlægum löndum, t.d. í Indlandi.

Önnur bóluefni

Stöku sinnum kemur upp illskæð lungnabólga í alimink af völdum *Pseudomonas aeroginosa*. Eina haldbæra ráðið til þess að stöðva útbreiðslu veikinnar er að bólusetja á búunum þar sem veikin kemur upp með bóluefni sem framleitt er úr þeim stofni sem veldur veikinni hverju sinni. Þetta hefur verið gert nokkrum sinnum þegar þess hefur gerst þörf.

Innflutt bóluefni

Það er ekki fyrr en um 1990 að farið var að flytja inn bóluefni að einhverju marki til notkunar hér á landi, einkum í fiskeldi og í alifugla- og svínaeldi. Fyrir þann tíma hafði einungis verið flutt inn lítilræði af bóluefnum í gæludýr.

Fram til ársins 1997 sá Tilraunastöðin að mestu leyti um innflutning og dreifingu þessara bóluefna en að kröfu Lyfjaeftirlits ríkisins var þeirri starfsemi hætt og látin í hendur lyfjainnflutningsfyrirtækja.

Bóluefni í fiskeldi

Íslenskt fiskeldi hefur ekki farið varhluta af ýmsum smitsjúkdómum. Fyrstu bólusetningar voru framkvæmdar árið 1985 gegn vibríuveiki (*Vibrio anguillarum*) vegna útflutnings á seiðum til Noregs. Næstu tvö ár var einnig bólusett gegn þessum sjúkdómi og 1987 einnig gegn hitraveiki (*Vibrio salmonicida*), einnig vegna útflutnings á seiðum. Á næstu árum var enginn útflutningur og því ekkert bólusett. Frá árinu 1991 hefur bólusetningum verið beitt í vaxandi mæli í baráttunni gegn ýmsum sjúkdómum í fiskeldi innanlands, m.a. gegn vibríuveiki, kýlaveikibróður (*Aeromonas salmonicida subsp. achromogenes*), vetrarsárum (*Moritella viscosa*) og hitraveiki. Þessi bóluefni eru öll framleidd erlendis en í mörgum tilvikum með stofnum sem einangraðir hafa verið hér á landi og byggja að verulegu leyti á rannsóknum vísindamanna á Rannsóknadeild fisksjúkdóma á Keldum.

Bóluefni í alifuglaeldi

Fyrir tilstilli sérgreinadýralæknis í alifuglasjúkdómum hófst skipulögð bólusetning í alifuglaeldi árið 1993 með bólusetningu gegn hænsnalömun (*Marek Disease*). Árlega eru notaðir rúmlega 200.000 skammtar. Á árunum 1996–2001 voru stofnfuglar bólusettir gegn barkabólgu (*Infectious bronchitis, IB*) og frá árinu 2001 hafa ákveðnir hópar holdastofna verið bólusettir gegn svokallaðri blávængjaveiki (*Chicken anemia virus, CVA*) vegna sýkinga sem komu upp árið 2000. Í öllum tilvikum er um veirusjúkdóma að ræða. Notuð eru lifandi bóluefni.

Bóluefni í svínabúskap

Fram undir árið 1990 var notkun bóluefna í svínabúskap sára-

lítil og nánast aðeins í tilraunaskini á einstaka búum. Árið 1990 var hafin bólusetning gegn snúðtrýni (*Pasteurella multocida og Bordetella bronchiseptica*) og illkynja lungnabólgu (*Actinobacillus pleuropneumoniae*) á nokkrum búum. Með tilkomu embættis dýralæknis svínasjúkdóma 1991 var hafin skipulögð greining og skráning sjúkdóma í svínum og jafnframt hafin notkun bóluefna með markvissum hætti til varnar ýmsum sjúkdómum í þessari eldisgrein. Hafin var bólusetning gegn rauðsýki (*Erysipelotrix insidiosa*) 1991, smitandi fósturláti (parvoveirusýking) 1992, kólisýkingum (*Escherichia coli*) og mycoplasmalungnabólgu 1993.

Bóluefni gegn sjúkdómum í gæludýrum

Laust fyrir 1980 var farið að flytja inn í smáum stíl samsett bóluefni í ketti gegn öndunarfærasýkingum (rhinotracheitis og caliciveirusýkingum) og kattafári (panleukopenia). Þetta bóluefni er enn í notkun. Árið 1992 greindist hér á landi smáveirusótt í hundum og var þá fljótlega farið að bólusetja gegn þessum sjúkdómi, fyrst með dauðu bóluefni, en frá haustinu 2003 með lifandi, veikluðum veirustofni. Um tíma var einnig á markaði samsett, dautt bóluefni gegn smitandi lifrarbólgu (HCC) og smáveirusótt. Einnig er nokkuð um að hundar sem fluttir eru til útlanda séu bólusettir gegn hundaæði að kröfu innflutningslands.

Lokaorð

Á því leikur enginn vafi að í baráttunni gegn smitsjúkdómum skiptir notkun bóluefna miklu máli. Þau bóluefni og mótefnasermi sem eru framleidd hér á landi eru nánast skraddarasaumuð miðað við íslenskar aðstæður, oftast úr stofnum sem einangraðir hafa verið úr íslenskum efnivið. Framleiðsla og sala þessara ónæmisefna hefur lengstum verið ein megin sértekjulind Tilraunastöðvarinnar á Keldum og íslenskum sauðfjárbændum til mikilla hagsbóta. Framtíð þessarar framleiðslu er hins vegar óljós. Minkandi markaður vegna samdráttar í sauðfjárbúskap og auknar kröfur til framleiðsluhúsnæðis og gæðaeftirlits veldur því að erfitt getur orðið að láta þessa framleiðslu bera sig fjárhagslega. Það er því viðbúið að þessi kafli í sögu baráttunnar gegn búfjársjúkdómum hér á landi sé brátt á enda. Með aukinni þekkingu á sviði ónæmisfræði, örverufræði og ekki minnst sameindaerfðafræði hefur orðið mikil þróun á sviði bóluefnaframleiðslu. Hlutverk Tilrauna-

stöðvarinnar mun í framtíðinni fyrst og fremst liggja á sviði rannsókna á þessu sviði og tilrauna fremur en framleiðslu. En um sinn er þó nauðsynlegt að stofnunin framleiði bóluefni, sem eru nánast skraddarasaumuð miðað við íslenskar aðstæður og því ekki tiltæk á alþjóðlegum markaði. Einnig er mikilvægt að hér á landi sé til staðar þekking og aðstaða til þess að geta brugðist við ef óvæntan vágest ber að garði. Innflutningi bóluefna fylgir viss áhætta Þróun á þessu sviði hefur þó leitt til þess að sú áhætta er í flestum tilvikum hverfandi.

Helstu heimildir:

Ársskýrslur Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum.

Brines R. Two hundred years on: Jenner and the discovery of vaccination. Immunology Today 1996,17, 203–204.

Gudding, R. Immunprofylakse i veterinærmedisinen. Scandinavian Veterinary Press. Oslo 2000, 325 bls.

Páll Agnar Pálsson. Paratuberculosis in Icelandic sheep and its control by vaccination. Bull.Off.int.Epiz. 1962, 58, 65–79.

Páll Agnar Pásson. Baráttan við bráðapestina. Búnaðarritið 1994, 107, 3–23.

Ólafur Jónsson

Dýravernd

Í skýrslu Snorra Jónssonar dýralæknis, annars í röð íslenskra dýralækna, til Landshöfðingja um helstu sjúkdóma í búfénaði í Múlasýslum veturinn 1876–1877 er víða vikið að aðbúnað og fóðrun búfénaðarins í sýslunum báðum. Öll skýrslan ber þess merki að honum þyki í flestu áfátt í aðbúnaði og fóðrun og vitnar hann m.a. til erlendra viðmiða um rýmisþörf. Með þessari skýrslu Snorra má segja að sleginn hafi verið tónninn að öllu starfi íslenskra dýralækna að dýravernd fram til okkar daga. Um daga Snorra var löggjöf um dýravernd heldur rýr og þau fáu lagaákvæði sem tiltæk voru reyndust harla gagnslítil þegar á reyndi.

Löggjöf um dýravernd á Íslandi kemur fyrst til svo að heitið geti árið 1915, en þá voru samþykkt sérstök lög á Alþingi um dýravernd. Var það fyrir atbeina Dýraverndunarfélags Íslands og nokkurra einstaklinga, þar sem fremstur fór meðal jafningja Tryggvi Gunnarsson, að þessi lög voru sett. Lög þessi voru síðan í gildi í um 42 ár eða þar til ný lög um dýravernd litu dagsins ljós árið 1957, en árið 1932 höfðu verið sett sérstök lög um geldingu húsdýra.

Með lögunum frá árinu 1957 var komið á laggirnar sérstakri dýraverndarnefnd, en eitt af fyrstu verkum hennar var gerð tillagna um tvær reglugerðir, annars vegar reglugerð um aflífun húsdýra, slátrun búfjár og alifugla og hins vegar reglugerð um meðferð búfjár, rekstur og flutning með vögnum, skipum og flugvélum. Þá ræddi nefndin ýmis mál er varðaði veiðar á villtum dýrum, bæði á láði og legi, og síðan ýmis mál er vörðuðu slysahættu á dýrum, s.s. að gera átak í að hreinsa upp ónýtar girðingar í byggð og óbyggðum og hættu sem gripum, þá aðallega hestum, gæti stafað af vaxandi umferð á þjóðvegum landsins. Þá kom forðagæslan einnig til skoðunar hjá nefndinni og erindi eins sláturleyfishafa um að aflífa sláturfé með rafmagni og efasemdir nefndarmanna um að halda mjólkurkýr á rimlagólfi.

Fyrsta einstaka málið sem barst nefndinni til umfjöllunar á 6.

fundi nefndarinnar í nóvember 1960 og varðaði illa meðferð á skepnum, var kærumál héraðsdýralæknisins á Austurlandi vegna halastýfingar bónda á 20 kúm. Þetta mál endaði síðan fyrir dómi með sakfellingu. Af fundargerðarbókum nefndarinnar er ekki hægt að sjá að slík einstök dýraverndarmál hafi komið inn á borð nefndarinnar í mörg ár eftir það. Hverju sætir skal ósvarað hér, en leiða má að því líkum að fjölgun dýralækna á þessum árum og eins áður nefndar reglugerðir, hafi haft veruleg áhrif til batnaðar í þessum efnum.

Miklar breytingar urðu í búskaparháttum á Íslandi á sjöunda og áttunda áratug liðinnar aldar og á sama tíma var komin af stað nokkur umræða í fjölmiðlum um dýraverndarmál. Störf nefndarinnar á næstu fundum tók því töluvert mið af þessu, m.a. var nokkuð rætt um aðbúnað búfénaðar og meðferð tilraunadýra. Nefndin fjallaði einnig töluvert um sædýrasafnið í Hafnarfirði á þessum árum og eins nauðsyn þess að fræða búfjáreigendur og almenning um dýraverndarmál.

Með bréfi dagsettu 26. febrúar 1974 var dýraverndarnefnd síðan falið af menntamálaráðuneytinu að endurskoða lögin um dýravernd. Menntamálaráðuneytinu hafði borist skrifleg beiðni frá Dýravendarsambandinu um að endurskoðun færi fram. Nágrannaþjóðir okkar voru á þessum tíma að endurskoða lög um dýravernd, m.a Norðmenn, sem samþykktu síðan ný lög síðar á því sama ári. Þessi mál hreyfðust lítið næstu árin en voru oft til umræðu á fundum nefndarinnar. Í nefndinni virðast hafa verið uppi tvö sjónarmið, annars vegar meirihlutans sem taldi að ný lög ættu að taka töluvert mið af nokkuð öðruvísi aðstæðum hér á landi í öllum búskaparháttum miðað við nágrannalönd okkar og síðan hins vegar minnihlutans, sem taldi að ekki væri þörf á að taka tillit til slíkra hluta og byggja ætti að mestu á gildandi lögum á hinum Norðurlöndunum.

Á næstu árum komu fram nokkur frumvarpsdrög sem ekki náðu inn á Alþingi. Að hluta til gekk erfiðlega að brúa fyrrnefnd sjónarmið, en eins má ætla að einnig hafi tafið framgang málsins að á þessum árum voru að vakna hugmyndir manna um sérstakt umhverfisráðuneyti þar sem gert var ráð fyrir að ný lög yrðu hýst.

Það var síðan á vordögum 1994 sem Alþingi samþykkir ný lög um dýravernd sem m.a. byggðu á ákvæðum Evrópusamnings um vernd dýra í landbúnaði og öðluðust þau gildi að því er Ísland

varðar 20. mars 1990 og lauk þar með vinnu sem hafði staðið full tuttugu ár.

Þær breytingar helstar sem urðu á frumvarpinu í meðförum Alþingis sneru að því að festa betur í sessi tilvist tilraunadýranefndar og einnig að fella niður ákvæði um skipan dýraverndarnefnda í hverju umdæmi héraðsdómsstóla, líkt og gert er hjá nágrannaþjóðum okkar. Rökin fyrir seinni breytingunni eru tvíþætt. Í fyrsta lagi taldi umhverfisnefnd Alþingis óeðlilegt að dýravendarráð sem ætlað var að taka við af dýraverndarnefnd samkvæmt eldri lögunum hefði engu eftirlitshlutverki að gegna og taldi að með þessari breytingu gæfist ráðinu heimild til að hafa frumkvæði að málatilbúningi. Í annan stað taldi umhverfisnefnd ástæðu til að leggja sérstaka áherslu á að héraðsdýralæknar yrðu tengiliðir dýraverndarráðs um allt land og af þeim sökum ekki skynsamlegt né þörf á að koma á því nefndakerfi sem frumvarpið gerði ráð fyrir. Með þessu er ljóst að Alþingi sýndi þarna með skýrum hætti að það mat mikils störf héraðsdýralækna að dýraverndarmálum og ætlaði þeim stórt hlutverk í þeim efnum áfram.

Með nýjum lögum var yfirstjórn dýraverndarmála flutt frá menntamálaráðuneytinu yfir til umhverfisráðuneytisins og eins og fyrr segir tók dýraverndarráð við hlutverki dýraverndarnefndar. Lögin frá árinu 1994 eru rammalög sem gera ráð fyrir setningu ítarlegra reglugerða og frá gildistöku laganna hafa fjölmargar reglugerðir litið dagsins ljós. Má þar m.a. nefna reglugerðir um notkun lyfja og meðferð á sýningar- og keppnishrossum, um dýrahald í atvinnuskyni, um bann við aðgerðum á hundum og köttum sem framkvæmdar eru án læknisfræðilegra ástæðna og endurskoðuð reglugerð um dýratilraunir. Auk þess hefur dýraverndarráð verið umsagnaraðili, sbr. 5. gr. laga um dýravernd, um aðbúnaðarreglugerðir fyrir flest húsdýr sem settar eru samkvæmt heimild í lögum nr. 46/1991 um búfjárhald, lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og lögum nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr.

Með lögum um Umhverfisstofnun nr. 90 frá árinu 2002 var Umhverfisstofnun falið að annast starfsemi dýraverndarráðs og eftirlit með framkvæmd laga um dýravernd.

Þar með lauk eftirlitshlutverki dýraverndarráðs og er það ráðuneytinu einungis til ráðgjafar hér eftir.

Mikil umræða fór fram á Alþingi veturinn 1956–57 um frum-

varpsdrögin sem þá lágu fyrir um það undir hvaða ráðuneyti lögin ættu að heyra. Í framsögu með frumvarpinu sagði þáverandi menntamálaráðherra Gylfi Þ. Gíslason að menn teldu rétt að yfirstjórn friðunarlöggjafarinnar í heild, s.s. fuglafriðunarmálefni og náttúruvernd, heyri undir ráðuneyti menntamála og þar með einnig lög um dýravernd. Þessari umræðu er síður en svo lokið.

Eins var þá á Alþingi einnig rætt um nauðsyn þess að skipa sérstaka dýraverndarnefnd eins og frumvarpsdrögin gerðu ráð fyrir. Það vekur athygli að bæði Búnaðarfélag Íslands og Dýralæknafélagið töldu ekki á þeim tíma ástæðu til að hafa sérstaka dýraverndarnefnd þar sem félögin töldu að öflugt starf Dýraverndunarfélags Íslands gerði nefndina óþarfa.

Þess hefur ekki verið talin þörf á að dýralæknar legðu hönd á helga bók í viðurvist mætra votta til að sverja eið við þá skyldu að vera gæslumenn þess að farið sé vel með dýr. Þessi skylda er svo samofin menntun dýralækna og auk þess mótuð af starfi genginna kollega að hér þarf engrar sérstakrar staðfestingar við. Í lögum þeim sem sett hafa verið um störf dýralækna gegnum tíðina hefur heldur ekki verið kveðið sérstaklega á um skyldur dýralækna hvað varðar dýravernd, en þó tekið fram í erindisbréfi héraðsdýralækna frá árinu 1971, en þar segir í 12. gr. „Héraðsdýralæknar skulu hafa vakandi auga með því í starfi sínu, að dýr sæti ekki ómannúðlegri meðferð. Þeir skulu hvetja menn til að sýna dýrum nærgætni í hvívetna svo þau þjáist ekki að óþörfu. Sjálfir skulu þeir vera til fyrirmyndar í starfi sínu og umgengni við dýr.“

Íslenskir dýralæknar hafa síðan áréttað þetta sérstaklega í siðareglum sem þeir hafa sett sér, en fyrstu siðareglur félagsins voru samþykktar á aðalfundi þess árið 1956 og hafa síðan verið endurskoðaðar í tvígang. Núgildandi siðareglur eru frá 1995.

Frumherjar í íslenskri dýralæknastétt voru ódeigir við, jafnt í ræðu sem riti, að hvetja menn til að bæta aðbúnað búfénaðarins. Hægt og bítandi færðust þessi mál til betri vegar, samtímis sem efnahagur þjóðarinnar batnaði til muna. Stjórnvöld styrktu heilbrigðisþjónustu við búfénað með uppbyggingu héraðsdýralæknisembætta um allt land og lög um forðagæslu með sveitarfélögin sem bakhjarl hafa tryggt eftirlit þannig að horfellir búfénaðar heyrir fortíðinni til. Áður hefur verið vikið að frumkvæði Dýraverndarfélags Íslands og innan vébanda þess hafa verið einstaklingar sem hafa lagt mikið af mörkum til dýraverndar í landinu.

Öflugt félagskerfi bænda og stuðningur stjórnvalda við búgreinarnar um langan tíma er hér einnig sterkur áhrifavaldur.

Allt hefur þetta hjálpast að til að tryggja bærilegan aðbúnað húsdýra hérlendis. Það verður þó á engan hallað þó því sé hér haldið fram að störf héraðsdýralækna í áratugi, þar sem samtímis var unnið að læknishjálp, sjúkdómavörnum eða eftirlitsstarfi heima á búunum sem í afurðarstöðvum landbúnaðarins, hafi samtímis gefið leiðbeiningar sem skilað hafi dýravernd mestu í landinu til þessa.

Halldór Runólfsson

Saga embættis yfirdýralæknis

1. Lagagrunnur og aðdragandi að stofnun embættisins

Fyrstu lög sem sett voru um starfsemi dýralækna á Íslandi voru lög nr. 22 frá 2. október 1891 um skipun dýralækna á Íslandi. Þau voru gefin út af Kristjáni níunda Danakonungi. Með lögum þessum voru skipaðir tveir dýralæknar, annar í Suður- og Vesturamtinu og hinn í Norður- og Austuramtinu. Það var hlutverk Landshöfðingja að skipa þá og ákveða hvar þeir skyldu búa.

Næsta lagabreyting kemur svo með lögum nr. 61 um dýralækna frá 3. nóvember 1915 og gefin út af Kristjáni tíunda Danakonungi. Lög þessi námu úr gildi lögin frá 1891 og þar er kveðið á um að á Íslandi skulu vera fjórir dýralæknar og þá einn í hverjum fjórðungi. Það skuli vera Íslandsmálaráðuneytið sem skipi þá og ákveði þeim búsetu.

Árið 1933 breytir Kristján tíundi lögunum frá 1915 með lögum nr. 61 frá 19. júní. Þar segir að dýralæknar skulu vera fimm, tveir í Sunnlendingafjórðungi, þriðji í Vestfirðingafjórðungi, fjórði í Norðlendingafjórðungi og fimmti í Austfirðingafjórðungi. Atvinnumálaráðuneytið skipi þá og kveður á um bústað þeirra. Þar segir ennfremur að eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Með lögum nr. 24 frá 12. júní 1939 afnemur Kristján tíundi eldri lög og dýralæknum er fjölgað í sex, tveir í Sunnlendingafjórðungi, tveir í Vestfirðingafjórðungi, einn í Norðlendingafjórðungi og einn í Austfirðingafjórðungi. Með þessum lögum kemur fyrsta ákvæðið um gjaldskrá fyrir störf dýralækna, sem atvinnumálaráðuneytið setti síðan með Gjaldskrá fyrir dýralækna nr. 190/1939. Flutningsmaður að frumvarpi þessara laga var Sigurður E. Hlíðar sem var þingmaður Akureyrar frá 1937–1949 og síðar fyrsti yfirdýralæknir landsins.

Í greinargerð með þessu frumvarpi kemur m.a. fram að ósk um fjölgun dýralækna í Vestfirðingafjórðungi hafi komið frá þingmanni Norður-Ísfirðinga. Í öðru lagi sé staður fundinn í íslenskri

löggjöf er heimili stjórnarráði Íslands að setja gjaldskrá yfir embættisverk dýralækna, á sína vísu eins og gjaldskrá embættislækna, en fram að þessum tíma hafi stjórnarráðið ekki getað orðið við ósk dýralækna um staðfestingu gjaldskrár vegna brestandi lagaheimildar, þó að það hafi ekkert fundið við gjaldskrána að athuga að öðru leyti. „Því sé hér um eðlilegt og blábert sanngirnismál að ræða," svo notað sé orðalag greinargerðarinnar.

Það er síðan með lögum nr. 4 frá 27. janúar 1943 um breyting á lögum nr. 24/1939 að fyrst er kveðið á um skipun yfirdýralæknis. Í fyrstu grein laganna er kveðið á um að dýralæknar skulu áfram vera sex, tveir í Sunnlendingafjórðungi og skal annar hafa búsetu í Reykjavík. Það var atvinnumálaráðherra sem á að skipa þá og ákveða búsetu. Í annarri grein þessara laga segir svo: „Dýralæknirinn í Reykjavík skal vera yfirdýralæknir. Hann skal vera ráðunautur ríkisstjórnarinnar í heilbrigðismálum búpenings, hafa eftirlit með embættisfærslu annarra dýralækna, yfirumsjón með sóttvörnum næmra búfjársjúkdóma og innflutningi búfjár og búfjárafurða." Í þriðju grein kemur ennfremur fram að yfirdýralæknir skuli fá greiddan nauðsynlegan skrifstofukostnað samkvæmt reikningi. Í greinargerð með þessum lögum kemur m.a. fram að frumvarpið hafi verið flutt samkvæmt beiðni Dýralæknafélags Íslands og að aðalbreytingin sé að dýralæknirinn í Reykjavík sé jafnframt yfirdýralæknir. Störfum dýralæknisins í Reykjavík hafi á ýmsa lund verið þannig háttað og því virðist ekki óeðlilegt að sú tilhögun verði lögfest. Virðist þetta hagkvæmt fyrirkomulag og í samræmi við aðra læknaskipun og erlendar fyrirmyndir, en hafi ekki í sér fólgin aukin útgjöld önnur en skrifstofukostnað yfirdýralæknis.

Næstu lagabreytingar verða svo árið 1947 og fram til 1981 voru gerðar nokkrar breytingar. Lög nr. 77 frá 1. október 1981 stóðu síðan lítt breytt allt þar til að núverandi lög nr. 66 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr voru samþykkt 15. júní 1998, sem gengu ekki að fullu í gildi fyrr en 1. desember 1999. Í þessum lögum kemur m.a. fram að aðskilja beri eftirlit og þjónustu dýralækna og ákvæði um sérgreinadýralækna og sérstök Rannsóknadeild dýrasjúkdóma er lögfest.

Önnur lög sem hafa haft mikil áhrif á starfsemi embættisins eru lög nr. 54/1990 um innflutning dýra og lög nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Með lögum nr. 25/1993 var gerð

sú breyting að Sauðfjárveikivarnir voru lagðar niður og öll barátta gegn smitsjúkdómum í dýrum felld undir embætti yfirdýralæknis.

2. Yfirdýralæknar sem starfað hafa

Það er því við ofangreindar aðstæður sem embætti yfirdýralæknis var stofnað árið 1943 og má ætla að mönnum hafi verið orðin ljós þörfin á að hafa sérstakan yfirdýralækni til að vera ríkisstjórn til ráðgjafar um ýmis heilbrigðismál dýra og hafa yfirstjórn um m.a. innflutningsmál. Sérstakt má telja að fyrstu tveir yfirdýralæknarnir sinntu einnig öðrum embættum og því miður hefur embættinu ekki enn verið sýndur sá sómi að útvega því sér húsnæði.

Sigurður E. Hlíðar.

Þeir sem gegnt hafa embætti yfirdýralæknis eru:

Sigurður E. Hlíðar var skipaður yfirdýralæknir 1. febrúar 1943 í samræmi við lög nr. 4/1943. Hann gegndi embættinu óslitið til ársloka 1955 ásamt því að vera héraðsdýralæknir í Reykjavík til 15. febrúar 1950. Hann mun alla tíð hafa sinnt embættisverkum frá skrifstofu á heimili sínu. Sigurður E. Hlíðar lést 18. desember 1962.

Páll Agnar Pálsson tók við starfi yfirdýralæknis í byrjun árs 1956. Páll Agnar var meinafræðingur við Tilraunastöð Háskólans í meinafræði á Keldum þegar hann tók við starfinu og gegndi þeirri stöðu síðan í hálfu starfi allt þar til hann lét af störfum um mitt ár 1989. Á árunum 1959 til 1967 var Páll Agnar einnig forstöðumaður á Keldum. Páll hafði embættisskrifstofu sína alla tíð í húsnæði Tilraunastöðvarinnar á Keldum. Páll Agnar lést 10. júlí 2003.

Páll Agnar Pálsson.

Brynjólfur Sandholt.

Guðbrandur Hlíðar var settur yfirdýralæknir í námsleyfi Páls A. Pálssonar í 6 mánuði árið 1984, en einnig leysti hann Pál oft af í sumarleyfum.

Sigurður Sigurðarson var settur yfirdýralæknir í 6 mánuði árið 1987 í veikindaforföllum Páls A. Pálssonar.

Brynjólfur Sandholt var skipaður yfirdýralæknir 1. júní 1989 og gegndi því starfi til 31. ágúst 1997, er hann lét af störfum að eigin ósk. Áður hafði Brynjólfur gegnt störfum héraðsdýralæknis, fyrst í Dalaumdæmi og síðar í Kjósarumdæmi. Brynjólfur hafði sína embættisskrifstofu í húsnæði landbúnaðarráðuneytisins, fyrst á Rauðarárstíg 25 fram til haustsins 1996 og síðar á Sölvhólsgötu 7.

Halldór Runólfsson var skipaður yfirdýralæknir frá og með 1. september 1997, en hann hafði áður verið héraðsdýralæknir á Kirkjubæjarklaustri og síðar deildarstjóri hjá Hollustuvernd ríkisins og framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis. Embættisskrifstofa Halldórs hefur verið á Sölvhólsgötu 7 í húsakynnum landbúnaðarráðuneytisins.

Halldór Runólfsson.

Sigurður Örn Hansson hefur gegnt starfi aðstoðaryfirdýralæknis síðan 1. mars 2000. Þau nýmæli komu inn í lög nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, að við embætti yfirdýralæknis skuli starfa aðstoðaryfirdýralæknir, sem skuli vera yfirdýralækni til aðstoðar og staðgengill hans og vera valinn úr hópi sérgreinadýralækna.

3. Vandamál vegna innflutnings dýra og dýraafurða

a) Innflutningur búfjárafurða.

Á Íslandi hefur innflutningur búfjárafurða lengi verið mjög takmarkaður vegna þeirrar hættu, sem búfénaði okkar gæti stafað af

smitsjúkdómum sem gætu borist með afurðunum. Í byrjun 20. aldar var það fyrst og fremst miltisbrandur sem barst til landsins, með illa sútuðum nautshúðum, að því talið er. Löggjöf þ.a.l. var síðan sett til að reyna að koma í veg fyrir þessa smitleið, en þess má geta að fólk hér á landi mun einnig hafa smitast af sjúkdómnum, auk þeirra dýra sem drápust. Hætta á innflutningi þessa sjúkdóms mun einnig hafa verið stór þáttur í að innflutningur á beinamjöli var bannaður snemma á 20. öld, nokkuð sem seinna kom sér vel þegar kúariðan fór að breiðast út um Evrópu, fyrst og fremst með menguðu kjöt- og beinamjöli frá Bretlandi.

Árið 1942 barst hingað svínapest, sem var talin hafa borist með innfluttu svínakjöti frá Bandaríkjunum til herliðsins sem dvaldi hér á stríðsárunum. Blöðruþot í svínum var staðfest á svínabúi í nágrenni Reykjavíkur árið 1953 og talið er að smit hafi borist með matarleifum frá eldhúsum á Keflavíkurflugvelli.

Ekki er kunnugt um að fleiri dýrasjúkdómar hafi borist til landsins með búfjárafurðum og má þakka það að lang stærstum hluta strangri innflutningslöggjöf okkar.

b) Innflutningur dýra.

Hér verður gerð nokkur grein fyrir afdrifaríkum ákvörðunum um innflutning á búfé, sem ætla má að hafi haft talsverð áhrif á að ákveðið var 1943 að skipa hér sérstakan yfirdýralækni.

Telja má að það hafi fylgt íslenskum bændum alla tíð að hafa áhuga á að flytja inn önnur búfjárkyn til kynbóta á þeim einhæfu stofnum af sauðfé og nautgripum sem landnámsmenn fluttu með sér. Eflaust hefur einhver innflutningur átt sér stað á miðöldum, en engar áreiðanlegar heimildir eru tiltækar þar að lútandi.

Vitað er að á bæði 18. og 19. öld var flutt inn sauðfé og með því barst fjárkláði, sem mjög illa gekk að eiga við og olli miklu tjóni og heiftarlegum deilum um aðferðir til útrýmingar. Það er ekki fyrr en á þessari öld að vonir eru bundnar við að útrýming hafi loksins tekist.

Riðuveiki er talin hafa borist til landsins frá Danmörku með hrút af enskum uppruna, sem var fluttur að Veðramóti í Skagafirði 1878. Enn er barist við þessa veiki.

Árið 1882 voru sett fyrstu lögin um bann við innflutningi á útlendu kvikfé, en sérstaka undanþágu mátti þó gera með stjórnarleyfi, gegn varúðarreglum og tryggingum. Þessum lögum var lítil-

lega breytt 1905 og 1909. Þann 15. júní 1926 voru sett lög nr. 22 sem stóðu óbreytt fram til 1931. Á þessum árum voru dýralæknar hér fáir, eins og sjá má af framangreindum lagasetningum, en þeirra áhrifamestur var að líkindum Magnús Einarson sem var lengi dýralæknir í Reykjavík. Hann var mjög á móti hvers konar innflutningi búfjár vegna sjúkdómahættu.

Fyrsta aldarfjórðunginn var þó stöðug umræða um innflutning á Búnaðarþingum. 1930 eru flutt inn fimm sauðnaut frá Grænlandi samkvæmt sérstökum lögum þ.a.l., en illa var staðið að þessu máli og þau drápust öll fljótlega eftir komu til landsins.

Það er síðan í febrúar 1931 sem Alþingi lætur undan þrýstingi og lagt er fram frumvarp til laga um að heimila innflutning sauðfjár til sláturfjárbóta. Í því voru ákvæði um að hið innflutta fé skuli sett í sóttkví að lokinni skoðun dýralæknis og þar eigi það að vera í tvö ár eða lengur, ef ástæða þykir til. Frumvarpið var síðan sent Búnaðarþingi, sem lagði til afdrifaríkar breytingar. Í fyrsta lagi að í stað tveggja ára einangrunar skuli látið nægja að halda hinu innflutta fé í sóttkví svo lengi sem dýralæknir í samráði við formann rannsóknastofu ríkisins í þágu atvinnuveganna telja nauðsynlegt. Í öðru lagi var lagt til að leyfður yrði, auk sauðfjár frá Skotlandi til sláturfjárbóta, innflutningur Karakúlfjár frá Þýzkalandi til lambaskinnsframleiðslu. Alþingi samþykkir síðan endanleg lög með þessum breytingum eða lög nr. 27 frá 8. september 1931. Í þessum lögum er kveðið á um að fé sem er í sóttkví skuli háð eftirliti þess dýralæknis sem næstur sé. Ennfremur að innflutta féð skuli látið æxlast í sóttkvínni og ennfremur að færðar séu í sóttkvína íslenskar ær sem skulu látnar fá lömb við hinum innfluttu hrútum.

Innflutningsheimildir voru síðan notaðar 1932 þegar 25 kindur voru fluttar inn frá Skotlandi. Þær voru hafðar í þrjá mánuði í sóttkví í Þerney við Reykjavík, en að því búnu fluttar að Halldórsstöðum í Laxárdal, nema bændaskólarnir á Hvanneyri og Hólum fengu sinn hrútinn hvor. Ekki er talið að neinir nýir sjúkdómar hafi komið með þessum kindum.

1933 eru síðan fluttir inn 5 Galloway nautgripir og hafðir í nokkra mánuði í sóttkví í Þerney. Í þeim fannst síðar hringskyrfi og var þeim öllum lógað, en einum nautkálfi sem fæddist í eyjunni var bjargað í land og undan honum kom ættstofn sem enn er til.

Það er síðan í júlí 1933 að fluttar eru inn 20 kindur af Karakúl stofni frá virtu fjárræktarbúi í Þýzkalandi og með þeim komu heil-

brigðisvottorð, sem metin voru fullnægjandi. Þær voru strax fluttar út í Þerney og að tveimur mánuðum liðnum gefur dýralæknir í Reykjavík út vottorð þess efnis að kindurnar teljist heilbrigðar og voru þær skömmu síðar fluttar víðs vegar um landið. Alls er talið að þrír sjúkdómar hafi borist til landsins með þessum innflutningi, votamæðin sem kom fyrst upp í Borgarfirði, þurramæðin sem kom fyrst upp í Þingeyjarsýslu og garnaveikin sem kom upp á svipuðum tíma víðs vegar á landinu. Fyrstgreindu sjúkdómunum var útrýmt og er talið að síðasta tilfelli mæðiveikinnar hafi verið á Hreimsstöðum í Norðurárdal 1965. Við útrýmingu garnaveikinnar er enn fengist við.

Fyrsti innflutningur Galloway-sæðis. F.v.: Páll A. Pálsson yfirdýralæknir og Ólafur Stefánsson nautgriparæktarráðunautur.

Það tók langan tíma að fá úr því skorið um hvaða veiki var að ræða, þar sem mæðiveikin átti í hlut, því lengi hölluðust margir að því að um lungnapest eða lungnaormaveiki væri að ræða. Spunnust af þessu hatrammar deilur, m.a. á milli dýralækna landsins. Garnaveikin var hins vegar rétt greind af Ásgeiri Einarssyni dýralækni fljótlega eftir að hennar varð vart á Austurlandi.

Eftir hina afdrifaríku innflutninga á árinu 1933 lá innflutningur á lifandi dýrum lengi niðri. Innflutningur á sæði úr skoskum Galloway nautum var leyfður á sjöunda og áttunda áratugnum. Þetta sæði var síðan notað til að sæða kvígur, bæði af Galloway blendingsstofni og alíslenskum, sem voru fluttar í einangrunarstöð nautgripa í Hrísey, sem landbúnaðarráðuneytið reisti. Fósturvísar af holdastofnum nautgripa voru fluttir inn árið 1995 og komið fyrir í fósturmæðrum í Einangrunarstöðinni Hrísey. Árið 2000 var gefin heimild til innflutnings á norskum fósturvísum af mjólkurkúakyni, en heimildin var ekki nýtt þar sem meirihluti kúabænda reyndist á móti slíkum innflutningi og eru 51 fósturvísar enn í djúpfrysti í Noregi og verða brátt úreltir hvað kynbótagildi varðar.

Einangrunarstöðin í Hrísey.

Gæludýr voru einnig flutt inn bæði ólöglega og löglega, en Einangrunarstöð gæludýra í Hrísey, sem landbúnaðarráðuneytið reisti, tók til starfa árið 1990 með nýjum lögum um innflutning dýra og jókst þá löglegur innflutningur til muna. Fyrst var rekstur og fagleg stjórn einangrunarstöðvarinnar í umsjá yfirdýralæknis, en síðar var rekstur færður til einkaaðila. Nú eru á hverju ári gefin leyfi fyrir innflutningi á um 200 hundum og köttum. Á árinu 2003 var innréttuð sérstök aðstaða á Keflavíkurflugvelli á vegum yfirdýralæknis til að geta skoðað gæludýrin og innflutningsskjöl, sem fylgja með þeim, strax við komuna til landsins. Einnig til að betur fari um dýrin og þau hvílist áður en þau eru send í einangrun í Hrísey.

Ný skoðunarstöð gæludýra hefur verið komið upp á Keflavíkurflugvelli.

Ennfremur er reglubundinn innflutningur á frjóeggjum vegna eggja- og kjúklingaframleiðslunnar og hafa eggja- og kjúklingabændur komið sér upp einangrunaraðstöðu, sem er undir eftirliti yfirdýralæknis. Frjóegg

anda, dúfna, fasana og helsingja hafa einnig verið flutt inn frá ýmsum löndum.

Sótthreinsuð hrogn laxfiska, barra, þorsks og sandhverfu ásamt sæeyrum og risarækju hafa verið flutt inn, eftir nákvæma umfjöllun Fisksjúkdómanefndar, sem yfirdýralæknir veitir formennsku. Skrautfiskar, skrautfuglar og ýmis smádýr eru flutt inn reglulega. Sama er að segja um innflutning á ýmsum dýrum sem notuð eru vegna tilrauna, svo sem mýs og rottur.

Loðdýr hafa verið flutt inn á sérstök einangrunarbú undir eftirliti yfirdýralæknis.

Fangfullar gyltur og svínasæði hefur verið flutt inn nokkrum sinnum á síðustu árum og dýrum og sæði komið fyrir í einangrunaraðstöðu sem Svínaræktarfélag Íslands reisti í Hrísey.

Óhætt er að segja að allur löglegur innflutningur hafi gengið vel fyrir sig og ekki til þess vitað að nýir sjúkdómar hafi borist til landsins með slíkum innflutningi. Hver einasti innflutningur er meðhöndlaður sérstaklega af embætti yfirdýralæknis, ströng skilyrði sett fyrir meðmælum til landbúnaðarráðherra vegna leyfisveitinga og öll dýr sett í sérstaka einangrun, þar sem fylgst er með heilbrigði þeirra og þeim ekki sleppt úr einangrun fyrr en það er tryggt að þau beri ekki sjúkdóma með sér.

4. Áhrif af alþjóðasamningum

Íslendingar gerðust aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu (EES) árið 1994, en sömdu þá um undanþágur frá öllum tilskipunum varðandi lifandi dýr og búfjár- og sjávarafurðum en árið 1996 gekk svo í gildi nýr samningur varðandi yfirtöku Íslands á tilskipunum varðandi sjávarafurðir. Yfirdýralæknir var í forsvari fyrir faglegum samningahópum varðandi þessa þætti fyrir Íslands hönd frá upphafi. Sérstök undanþága var í upphafi í gildi varðandi innflutning lifandi fiska og ýmissa sjávardýra. Sú undanþága rann út á síðasta ári með bráðabirgðalögum nr. 103/2003.

Það er síðan árið 1995 að Ísland gerist aðili að Alþjóðaviðskiptastofnuninni (WTO) og þá fyrst fara að koma fram áhrif af alþjóðasamningum á innflutning á búfjárafurðum. Samkvæmt sérstökum samningi WTO um heilbrigði dýra og plantna (SPS samningnum), þá getur hver þjóð valið sér það varna- og áhættustig sem hún telur sig þurfa til að koma í veg fyrir að dýra- og mannasjúkdómar berist til landsins með innflutningi dýra, búfjárafurða og plantna.

Skilyrði þess að innflutningi sé neitað er að sýnt sé fram á að ákveðnir sjúkdómar séu ekki fyrir hendi í landinu og að hætta geti stafað af innflutningnum. Yfirdýralæknir hefur frá upphafi sinnt þessari hlið WTO aðildarinnar. Frá árinu 1995 hefur innflutningur hrárra búfjárafurða sem landbúnaðarráðuneytið hefur heimilað innflutning á, eftir jákvæða umsögn yfirdýralæknis, smám saman aukist. Ísland hefur þó ekki alltaf uppfyllt skuldbindingar sínar varðandi þennan innflutning.

5. Kröfur erlendra kaupenda og útflutningur landbúnaðarafurða

Óhætt er að segja að kröfur erlendra kaupenda vegna útflutnings á búfjárafurðum hafi í gegnum tíðina verið stór áhrifavaldur í að bæta verkun og aðstöðu til framleiðslunnar. Í dag hafa sex sláturhús leyfi til útflutnings á kjöti til Evrópusambandsins (ESB) en þrjú til Bandaríkjanna. Fjórar mjólkurstöðvar hafa leyfi til að flytja mjólk og mjólkurvörur til ESB landa. Samkvæmt lögum nr. 93/1995 um matvæli hefur yfirdýralæknir haft umsjón með útflutningi búfjárafurða, allt frá eftirliti með framleiðslu afurða til útgáfu heilbrigðisvottorða. Kröfur þessara landa eru sífellt að þyngjast og aukin vinna er hjá embætti yfirdýralæknis við að hafa eftirlit með framleiðendum að þeir uppfylli öll skilyrði til útflutnings á viðkomandi markaði.

6. Viðhorf til framtíðar

Eins og fram hefur komið samdi Ísland um undanþágur frá ákveðnum köflum í EES samningnum þegar hann var undirritaður. Undanþágurnar áttu í fyrstu við allan viðauka I í EES samningnum, en síðan ákvað Ísland að yfirtaka allar gerðir Evrópusambandsins sem vörðuðu fiska, en fengu undanþágur til 2000 til að endurskoða aðra hluta þessa viðauka sem varða lifandi dýr og dýraafurðir.

Á árinu 2000 óskaði ESB eftir því að Ísland myndi innleiða allar gerðir í viðauka eitt eins og Noregur væri búinn að gera. Ísland óskaði þá eftir því að ESB myndi rökstyðja þessa ósk sína formlega. Það svar hefur ekki enn borist. Hins vegar tóku fulltrúar ESB þetta mál upp á sameiginlegum fundi Noregs og Íslands í lok nóvember 2003 í tengslum við innleiðingu þessara landa á matvælareglugerð ESB nr. 178/2002/EC. Máli þessu er því ekki lokið og

ljóst er að ESB mun halda áfram, með einum eða öðrum hætti, að pressa á Ísland að yfirtaka þessar gerðir.

Að yfirtaka þessar gerðir mun þýða að Íslandi verður skylt að heimila frjálst flæði á lifandi dýrum og landbúnaðarafurðum frá öllum ESB löndum, sem eftir 1. maí 2004 mun þýða frá 25 ESB löndum. Þ.á.m. eru lönd í Austur Evrópu sem hingað til hafa ekki verið talin koma til greina sem lönd sem Ísland myndi leyfa innflutning frá á lifandi búfé eða landbúnaðarafurðum. Í þessu sambandi er vert að hafa í huga þær umfangsmiklu athugasemdir sem voru gerðar við umsókn Bændasamtakanna og Landsambands kúabænda um innflutning á norskum fósturvísum á NRF kúakyninu, sem yfirdýralæknir gaf landbúnaðarráðuneytinu jákvæða umsögn um. Noregur er sem kunnugt er það land í EES þar sem búfjársjúkdómar eru í svipuðu lágmarki og á Íslandi.

Talið er hugsanlegt að ekki muni líða mjög langur tími þar til Noregur muni hefja viðræður við ESB um að ganga í sambandið. Gangi Noregur í sambandið mun verða mjög erfitt fyrir Ísland að reyna að halda uppi EES samningnum með Lichtenstein. Noregur ákvað fyrir nokkrum árum að yfirtaka allar gerðir ESB um lifandi dýr og dýraafurðir. Áður en til þessarar yfirtöku kom hafði norska yfirdýralæknisembættið fengið umtalsverðar fjárveitingar til að kanna með sýnatökum og rannsóknum hver væri raunveruleg staða búfjársjúkdóma í Noregi. Hún reyndist góð og síðan hafa Norðmenn haldið uppi reglubundnum sýnatökum og rannsóknum til að sýna fram á sitt góða sjúkdómaástand og til að geta stýrt innflutningi á dýrum og dýraafurðum.

Á alþjóðagrundvelli er ekki viðurkennt að lönd lýsi yfir því að hinir og þessir alvarlegir búfjársjúkdómar séu ekki til staðar í þeirra löndum, nema hægt sé að sanna það með vísindalega útreiknuðum sýnatökum og rannsóknum úr viðkomandi búfjártegundum, að tilteknir skæðir smitsjúkdómar séu ekki til staðar í landinu. Samkvæmt SPS samningi WTO getur hvert ríki sett sér ákveðið verndarstig gagnvart innflutningi á landbúnaðarvörum, sem það telur nauðsynlegt til að vernda líf og heilsu almennings og dýra. Til þess er ætlast að landið geti þá með vísindalegum rökum og rannsóknaniðurstöðum sýnt fram á að það þurfi á þessu verndarstigi að halda og að ekki sé verið að nota þennan samning til að hindra innflutning. Embætti yfirdýralæknis hefur aldrei fengið nægilegar fjárveitingar á undanförnum árum til að halda

Halldór Runólfsson yfirdýralæknir á fundi Alþjóða dýraheilbrigðisstofnunarinnar.

uppi nægilegum sýnatökum og rannsóknum til að geta sýnt fram á einstæða stöðu Íslands með tilliti til búfjársjúkdóma.

Hér á landi hefur A sjúkdómur á lista Alþjóða dýraheilbrigðisstofnunarinnar (OIE) ekki greinst á síðustu 50 árum og er þetta einsdæmi í heiminum. Hér á landi er verið að fást við sjúkdóma á B lista OIE, svo sem riðuveiki og garnaveiki, en báðir þessir sjúkdómar eru á lista embættis yfirdýralæknis yfir þá sjúkdóma sem stefnt er að útrýma á næstu 10 til 20 árum.

Með hliðsjón af ofangreindu er ljóst að komi til þess, sem yfirdýralæknir hefur engan áhuga á, að Ísland verði að hefja samninga við ESB um yfirtöku á öllum ákvæðum viðauka I í EES samningnum, þá mun Ísland ekki get sýnt fram á yfirburðastöðu sína m.t.t. dýrasjúkdóma með vísindalegum rökum. Yfirdýralæknir hefur hins vegar margsinnis rætt við forystumenn ESB um þetta mál og þá hafa þeir talið fullvíst að Ísland muni fá að njóta sérstöðu hvað varðar búfjársjúkdóma, þess aðeins að það geti framvísað alþjóðlega viðurkenndum niðurstöðum um sérstöðu sína m.t.t. búfjársjúkdóma.

Óskum embættisins um sérstaka fjárveitingu þessa efnis var í engu sinnt af landbúnaðarráðuneyti, fjármálaráðuneyti eða Fjárlaganefnd Alþingis á árinu 2003 vegna fjárlagaheimilda ársins 2004.

Hin viðkvæma staða Íslands kom berlega í ljós við afgreiðslu bráðabirgðalaga nr. 103/2003 vegna innleiðingar á tilskipunum ESB um fisksjúkdóma og verslun með lifandi fisk. Þá kom í ljós, að ef Ísland neitar eða frestar að taka yfir ákveðnar tilskipanir ESB, sem samþykkt hefur verið að taka yfir, hefur Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) það hlutverk að þvinga íslensk stjórnvöld til að innleiða slíkar tilskipanir.

Allar líkur eru því á, að öllu óbreyttu, að Ísland verði í framtíðinni að lúta einræðisvaldi ESB hvað varðar innflutning á lifandi búfé og búfjárafurðum, þar sem ekki verður hægt að sýna fram á einstæða stöðu landsins m.t.t. búfjársjúkdóma sökum skilningsleysis fjárveitingarvaldsins.

Gísli Jónsson

Fisksjúkdómar og eftirlit dýralækna

– sögulegt yfirlit –

Greinarstúfur þessi er á engan hátt tæmandi en ætti engu að síður að varpa ljósi á sögulega þróun fiskeldis, sjúkdóma og aðkomu dýralækna að eftirliti með fisksjúkdómum hér á landi.

Þróun fiskeldis

Það sem fyrst og fremst hefur einkennt sögu fiskeldis hér á landi eru kröftugar sveiflur þar sem skipst hefur á mikill uppgangur með ríkjandi bjartsýni og hrun og svartsýni. Algengt er að rekja upphaf fiskeldis allt aftur til ársins 1884 þegar fyrstu tilraunir við klak laxahrogna hófust. Kreistingar riðlaxa og frjóvgun hrogna fór fram í þremur klakhúsum, á Þingvöllum, Reynivöllum í Kjós og Hjarðarholti í Dölum. Eftir 1920 dafnaði þessi starfsemi og náði töluverðri útbreiðslu um landið með allt að 40 starfandi klakhúsum. Tilgangurinn var framleiðsla seiða til sleppinga í laxveiðiár.

Árið 1951 urðu viss þáttaskil í íslensku fiskeldi, en þá var reist eldisstöð fyrir regnbogasilung að Laxalóni. Sama ár voru flutt til landsins sótthreinsuð hrogn frá Danmörku og enn í dag er allur innlendur regnbogi af þessum uppruna. Þá hóf Rafmagnsveita Reykjavíkur eldi laxaseiða í eldisstöð sem reist var við Elliðaárnar 1953, sem seinna átti eftir að koma við sögu þegar saga smitsjúkdóma er rakin. Með tilkomu Laxeldisstöðvar ríkisins í Kollafirði 1961 má segja að traustur grunnur hafi verið lagður að framtíð fiskeldis hér á landi. Næstu ár fylgdi ákveðinn uppgangur og bjartsýni í seiðaeldi. Stöðvar á borð við Öxnalæk í Ölfusi og Laxamýri í S-Þing. litu dagsins ljós og á áttunda áratugnum hófst útflutningur lifandi seiða til Noregs og nokkrum árum síðar einnig til Írlands.

Sumarið 1972 hófust fyrstu tilraunir með laxeldi í sjókvíum við Hvammsey í Hvalfirði og stuttu síðar í Höfnum og í Fáskrúðsfirði. Kvíaeldisbylgjan hin fyrsta fór illa af stað og endaði með því að

megnið af fiskinum slapp á öllum þessum stöðum. Í lok níunda áratugarins hófst svo kvíaeldisbylgja hin önnur, í kjölfar offramleiðslu laxaseiða og endaloka á útflutningi seiða. Bjartsýni ríkti og kvíum komið fyrir á flestum flóum og fjörðum en óblítt veðurfar, sjúkdómar og verðhrun á mörkuðum réði mestu um endalok þessa tímabils. Kvíaeldisbylgjan hin þriðja átti svo upptök sín um síðustu aldamót með aðkomu stærstu sjávarútvegsfyrirtækja landsins. Vel var vandað til verka, með höfuðstöðvar sjókvía og vinnslu á Austfjörðum og mannvirki öll hin glæsilegustu.

Árið 1978 hófst starfsemi hinnar fyrstu eiginlegu strandeldisstöðvar að Húsatóftum við Grindavík og þangað má rekja fyrsta tilfelli ákveðins smitsjúkdóms sem síðar meir átti eftir að einkenna íslenskt fiskeldi og valda því töluverðu tjóni. Upp úr miðjum níunda áratugnum hófu fleiri slíkar stöðvar starfsemi, og þrátt fyrir mikinn stofnkostnað og hrakfarir, hafa þessar stöðvar borið uppi þungan af framleiðslu sláturfisks allt fram á þessa öld.

Eldi sjávarfiska á sér allt aðra og styttri sögu. Segja má að það hafi byrjað með lúðueldi hjá Fiskeldi Eyjafjarðar árið 1987. Lúðueldi hefur verið farsælt og er framleiðsla lúðuseiða hér á landi í fremstu röð og mikil eftirspurn erlendra fyrirtækja eftir seiðum og útflutningur verið líflegur um árabil. Seinna kom til sögunnar tilraunaeldi á þorski, barra, sandhverfu og hlýra. Hlýsjávartegundin barri skipar ákveðinn sess í sögunni. Barrahrogn voru frá því vorið 1994 og fram yfir aldamót flutt inn árlega frá Frakklandi, klakin og alin við hátækniaðstæður sem byggðust á jarðvarma og kröftugri endurnýtingu sjávar. Þróunarstarfið var um tíma leiðandi í heiminum á sínu sviði en markaðsmál o.fl. leiddi til endaloka fyrirtækisins eftir nær áratuga spennandi frumkvöðlastarf. Þá hefur eldi sæeyrna verið í vexti síðan í lok níunda áratugarins.

Aðkoma dýralækna

Lengi vel var lítill gaumur gefinn að eftirliti og greiningu fisksjúkdóma. Þegar fiskeldi jókst að umfangi og nauðsyn þótti að taka sjúkdómaeftirlit fastari tökum í byrjun áttunda áratugarins reyndist mikill skortur á sérfræðikunnáttu innan fagsins. Lengi vel reyndu starfsmenn á Tilraunastöðinni á Keldum, í samvinnu við erlenda fisksjúkdómafræðinga, að bjarga málum. Það var fyrst með tilkomu laga um lax- og silungsveiði sumarið 1970 að formleg afskipti dýralækna hófust með fiskeldi. Með þeirri löggjöf kom

fisksjúkdómanefnd til sögunnar, undir formennsku Páls Agnars Pálsson yfirdýralæknis, og skyldi hún hafa forgöngu um fisksjúkdómarannsóknir. Í lögum þessum er þess getið að ráðherra sé rétt að skipa sérfræðing í fisksjúkdómum að Keldum. Einhverra hluta vegna varð ekki af þessari ráðningu fyrr en seint á árinu 1977, en þá kom til starfa Sigurður Helgason fisksjúkdóma- og gerlafræðingur sem árið 1986 tók við yfirstjórn Rannsóknadeildar fisksjúkdóma. Frá því lögin um lax- og silungsveiði voru sett hefur embætti yfirdýralæknis beitt sér fyrir eftirliti og baráttu gegn fisksjúkdómum á sama hátt og hjá öðrum dýrum. Snemma árs 1971 kom Brynjólfur Sandholt héraðsdýralæknir Reykjavíkurumdæmis að eftirliti með fiskeldi og loks árið 1985 var með lögum komið á nýju embætti dýralæknis fisksjúkdóma undir yfirstjórn yfirdýralæknis og með aðsetur að Keldum. Árni M. Mathiesen gegndi stöðu dýralæknis fisksjúkdóma frá upphafi og fram á vor 1991, með eins árs hléi 1988–1989. Lars Hansen var aðstoðarmaður dýralæknis fisksjúkdóma 1987–1988 og síðan settur dýralæknir fisksjúkdóma í ársleyfi Árna 1988–1989. Frá júní 1991 hefur Gísli Jónsson gegnt þessari stöðu. Bernharð Laxdal starfaði sem sérfræðingur á Rannsóknadeild fisksjúkdóma 1987–1991 en hefur síðan komið að eftirliti og ráðgjöf sem sjálfstætt starfandi. Árið 1985 hófst fyrir alvöru kerfisbundið eftirlit með fisksjúkdómum. Eftirlitið hefur byggst á góðri samvinnu dýralæknis fisksjúkdóma, héraðsdýralækna, sjálfstætt starfandi dýralækna í fiskeldishéruðum og Rannsóknadeildar fisksjúkdóma á Keldum.

Sjúkdómarannsóknir og þróun fisksjúkdóma

Fyrstu skipulögðu rannsóknir á smitsjúkdómum í eldisfiski hér á landi voru sýklarannsóknir á regnbogasilungi í Laxalóni árin 1955 og 1956, framkvæmdar á Keldum að frumkvæði landbúnaðarráðuneytisins. Sérstök leit var gerð að bakteríu er veldur kýlaveiki en án árangurs. Fyrstu rannsóknir á veirusjúkdómum í fiskum voru síðan framkvæmdar að frumkvæði sama ráðuneytis á regnbogasilungi í Laxalónsstöðinni árin 1973 og 1974. Gekkst ráðuneytið fyrir því að fenginn var danskur fisksjúkdómafræðingur til þess að gera sérstaka leit að veirusjúkdómum, með áherslu á veirublæði (VHS), iðradrep (IHN) og brisdrep (IPN). Skipulögð leit að þessum veirum hófst hins vegar árið 1985 og enn í dag hafa sjúkdómsframkallandi veirur ekki fundist í eldisfiski hér á landi.

Árið 1968 var fyrsti smitsjúkdómur í eldisfiski staðfestur hér á landi, en það var nýrnaveiki af völdum bakteríunnar *Renibacterium salmoninarum*. Veikin kom upp í laxaseiðum í eldisstöðinni við Elliðaár sem rekin var af Stangveiðifélagi Reykjavíkur og var bakterían greind bæði á Rannsóknastofu Háskólans og Tilraunastöðinni að Keldum. Nýrnaveiki er landlæg í villtum laxfiskastofnum hér við land og fer ómældur tími og fjármagn í að verjast veikinni. Nýrnaveiki skýtur af og til upp kollinum í fiskeldi, sem ávallt má rekja til tengsla við villta náttúru, og er sá einstaki sjúkdómur sem hefur komið flestum fiskeldisstöðvum í rekstrarþrot á liðnum áratugum.

***Mynd 1**. Seiði með nýrnaveiki.*



***Mynd 2.** Nýrnaveikieinkenni í nýra.*

***Mynd 3.** Kýlaveikibróðir í laxi.*



***Mynd 4.** Kýlaveikibróðir, skorið inn á kýli í holdi.*

Sá sjúkdómur sem næst hélt innreið sína var kýlaveikibróðir sem bakterían *Aeromonas salmonicida* undirtegund *achromogenes* veldur. Veikin kom fyrst upp í laxi í strandeldisstöðinni að Húsatóftum við Grindavík árið 1979 og breiddist þaðan hægt og bítandi út til allra strandeldisstöðva á næstu árum og féll síðasta vígið á NA-landi vorið 1997. Kýlaveikibróðir olli miklu tjóni í smituðum stöðvum og varð í raun

ekki komið böndum á sjúkdóminn fyrr en með nýju bóluefni vorið 1992. Veikin hefur greinst í flestum tegundum fiska, en við eldisaðstæður hefur hún verið sérstaklega skæð í laxi og bleikju en einnig valdið afföllum hjá þorski, lúðu, hlýra og hrognkelsum.

Þá varð fyrst vart við vetrarsár árið 1983, sem bakterían *Moritella viscosa* veldur. Veikin lét lítið á sér bera þar til veturinn 1992/3, en þá olli hún talsverðu tjóni í laxeldi í strandeldisstöðvum. Bólusett hefur verið gegn vetrarsárum með ágætum árangri síðan vorið 1993. Bakterían greinist öðru hvoru í laxi og regnbogasilungi en án þess að valda teljandi tjóni.



Mynd 5. *Yfirlitsmynd yfir vetrarsár á ýmsum stigum.*

Rauðmunnaveiki, af völdum bakteríunnar *Yersinia ruckeri*, skaut upp kollinum í laxaseiðum í strandeldi að Strönd í Hvalfirði sumarið 1990. Brugðist var við með niðurskurði og sást veikin ekki aftur fyrr en haustið 1997. Næstu árin mátti greina sjúkdóminn í nokkrum tilfellum, bæði í laxa- og bleikjuseiðum, en ávallt á vægu formi enda um saklausa undirtegund bakteríunnar að ræða. Vorið og sumarið 2003 keyrði svo um þverbak, en þá kom veikin upp í laxaseiðum í fjórum eldisstöðvum og olli tiltölulega miklu tjóni. Ætla má að óvenju hlýr vetur hafi gert það að verkum að bakterían hefur náð góðri bólfestu í náttúrunni og gegna fuglar aðalhlutverki í smitdreifingu. Í september 2003 var í fyrsta sinn bólusett gegn veikinni með góðum árangri.

Mynd 6. *Hitraveikieinkenni undir kvið laxa.*

Hitraveiki, sem bakterían *Vibrio salmonicida* veldur, var

Mynd 7. *Hitraveikieinkenni í innri líffærum, kröftugar blæðingar í lifur*

fyrst greind í mars 1993. Veikin kom upp í laxi í sjókvíaeldi með töluverðum afföllum í kjölfarið. Strax var hafist handa við bólusetningar með afbragðs árangri og heyrir veikin nánast sögunni til.

Hin eiginlega kýlaveiki, sem bakterían *Aeromonas salmonicida* undirteg. *salmonicida* veldur, kom upp í villtum laxi og urriða í Elliðaánum sumarið 1995. Bakterían er verulega skæð og drap á nokkrum mánuðum um 200 fiska sem var um 7% af heildargöngu í ána og um 20% af veiddum laxi þetta sumarið. Gripið var til ýmissa sértækra aðgerða næstu árin að undirlagi fisksjúkdómanefndar og undir stjórn dýralæknis fisksjúkdóma, án þess þó að banna veiði í ánni. Vel tókst til og hefur bakterían ekki greinst síðan í maí 1996.

Haustið 2001 var vibríuveiki, af völdum *Listonella* (*Vibrio*) *anguillarum*, í fyrsta sinn greind hér á landi. Veikin kom upp í 2ja kg þorski sem alinn var í strandkeri að Stað við Grindavík. Afföll urðu um 20% á einni viku en böndum var komið á veikina með hjálp lyfja. Síðan hefur vibríuveiki í tvígang komið upp, í fyrra skiptið í áframeldi á undirmálsþorski við Vestmannaeyjar sumarið 2003 og í seinna skiptið í smáseiðum í Tilraunaeldisstöð Hafró að Stað haustið 2003. Reikna má með að bakterían verði viðloðandi þorskeldi sem verið hefur í örum vexti á liðnum árum og notkun bóluefna óumflýjanleg.

Mynd 8. *Vibríuveiki í þorski; ytri einkenni.*

Sníkjudýr af ýmsum toga eru viðvarandi viðfangsefni í íslensku fiskeldi, bæði ferskvatns- og sjávartegunda, og verða eldismenn að vera á stöðugu varðbergi. Aðrir sjúkdómar af völdum smitefna hafa ekki greinst í íslensku fiskeldi svo orð sé á gerandi og í stuttu máli er þessi staða einsdæmi á heimsvísu og fyrir það höfum við hlotið síaukna eftirtekt erlendis frá og almenna viðurkenningu. Það þykir einsdæmi að hér hafi aldrei komið upp smitsjúkdómar af völdum veira, en veirusjúkdómar á borð við brisdrep (IPN),

blóðþorra (ISA) og taugadrep (VNN) valda ómældu tjóni hjá öllum fiskeldisþjóðum á norðurhveli jarðar.

En það eru ekki eingöngu smitsjúkdómar sem herja á íslenskt fiskeldi, segja má að ýmis óáran komi við sögu. Auk óblíðra veðurafla og óstöðugs markaðar hefur fiskeldisgreinin þurft að glíma við vandamál á borð við þörunga, marglyttur, brennisteinsvetni (H_2S) og undirkælingu svo eitthvað sé nefnt.

Mikil framför hefur átt sér stað í baráttunni gegn smitsjúkdómum í fiskum á liðnum áratug, ekki síst sýkingum af völdum baktería. Bylting varð þegar ný kynslóð bóluefna kom á markað upp úr 1992. Unnið hefur verið markvisst að því að draga úr notkun sýklalyfja í fiskeldi og hefur árangur ekki látið á sér standa og eiga umrædd bóluefni þar stóran þátt auk betri aðbúnaðar og aukins skilnings eldismanna á smitvörnum.



Framtíðin

Framtíð íslensks fiskeldis er ekki alslæm og er greinin löngu búin að skjóta rótum þó ung sé. Eldi á Atlantshafslaxi mun án efa halda velli án þess þó að verða sú tegund sem skilar mestri arðsemi vegna markaðsstöðu og umfangsmikils eldis annarra þjóða sem alið geta lax við mun hagstæðari aðstæður en bjóðast hér við

land. Ljóst þykir að eldi bleikju og lúðu hefur tekist vel við okkar aðstæður og eldi sandhverfu og sæeyrna þykir lofa góðu. Eldi nýrra tegunda á borð við þorsk, hlýra og ýsu á eftir að sanna sig á næstu árum. Af framleiðslutölum í töflunni hér fyrir neðan má ráða að þrátt fyrir ágjafir og erfiðleika hefur þessi unga atvinnugrein byggst upp hægt og bítandi á liðnum áratugum. Það er með fiskeldi eins og flest annað, sennilega er sígandi lukka farsælust til árangurs til lengri tíma litið.



Heimildir:

1. Árni Ísaksson: Eldi laxfiska í sjó. Freyr, 11–12, 1973, 285–289.
2. Björn Rúnar Guðmundsson: Staða laxeldis og þróunarmöguleikar þess. Skýrsla unnin á vegum Framkvæmdastofnunar ríkisins, 1980.
3. Sigurður Helgason: Munnlegar heimildir.
4. Þorsteinn Þorsteinsson: Laxalónsmál – safn til sögu Keldna 2. Úrklippur úr blöðum, skjöl úr skjalasafni – samantekt í styttra máli, 1995.
5. Fisksjúkdómanefnd: Fundargerðir og skýrslur.

Brynjólfur Sandholt

Fjárkláði á Íslandi

Á fyrri hluta 18. aldar var ullariðnaður hér á landi með líku sniði og verið hafði frá landnámsöld. Það var því eftir miklu að slægjast ef hægt væri að koma á umbótum á því sviði með sömu tækni og þekktist í nágrannalöndum okkar.

Skúli fógeti Magnússon fór með ull af íslensku fé til Kaupmannahafnar og lét vinna hana í verksmiðjum þar úti og sýndi fram á að ull af íslensku fé gat vel hentað til klæðagerðar. Það var upphafið að byggingu Innréttinganna í Reykjavík um miðja 18. öld með styrk frá konungi og þar hófst vinna við að gera vaðmál úr íslenskri ull en skinnaverkun nokkru síðar.

Fljótlega kom í ljós að afurðir íslenska fjárins voru miklu lakari en algengra fjárkynja á Bretlandseyjum, einkum hvað ullargæði snerti. Til að bæta úr þessu flutti sænsk-þýskur barón, Friðrik Hastfer að nafni, 10 enska hrúta hingað til lands sumarið 1756 og keypti síðan 100 íslenskar ær og stofnsetti sauðfjárbú að Elliðavatni við Reykjavík og fékk til þess styrk frá konungi. Nokkuð framhald varð á þessum innflutningi næstu 4–5 árin.

Brátt spurðist út að gæði ullar af blendingsfénu væri snöggtum betri en af alíslensku fé svo munað gæti tvöföldu eða jafnvel þreföldu verði. Fyrir áeggjan fyrirmanna og von um skjótfenginn gróða fór eftirsókn eftir kynbótahrútum vaxandi og dreifðist fé frá Elliðavatni víða um Suður- og Vesturland á næstu árum.

Veturinn 1761 fór að bera á veikindum í sauðfé á Elliðavatni en árið áður hafði Hastfer með sér nokkra spánska hrúta og talið var að þessir hrútar hefðu sýkst á leiðinni. Veturinn eftir komu í ljós samskonar einkenni í sauðfé víða á Suðvesturlandi, allt frá Árnessýslu og vestur í Dali. Sjúkdómurinn lýsti sér með því að féð var slegið hrúðri og kaunum og fylgdi þessu ákafur kláði. Talið var að orsökin væri skorkvikindi sem græfi sig niður í holdið og byggi þar um sig og ylli miklum kláða og hrúðurmyndunum ef ekkert væri að gert. Sambærilegan sjúkdóm töldu menn vera þekktan erlendis og var sjúkdómurinn nefndur fjárkláði.



Kláðamaur (Psoroptes ovis).
A: Lirfa. B: Nymfa. C: Kvendýr. D: Karldýr.

Er sjúkdómurinn hafði legið hér í landi í rúman áratug og verið viðvarandi á svæðinu frá Jökulsá á Sólheimasandi vestur og norður um land allt til Eyjafjarðar, að undanteknum Vestfjörðum, og allar tilraunir bænda til að útrýma kláðanum höfðu mistekist ákváðu yfirvöld með konunglegri tilskipun að þar sem kláðinn var eða grunur um að hann hafi stungið sér niður skyldi öllu sauðfé lógað. Jafnframt segir í tilskipuninni að öll fjárhús á þessum svæðum skuli rifin, veggjum sundrað og timbur úr þeim sviðið í eldi áður en reist yrðu ný, rýmri og loftbetri fjárhús.

Fjárskiptunum lauk 1779 og höfðu þá staðið í níu ár. Nokkur mistök hafa að öllum líkum orðið á nokkrum stöðum þar sem víða gætti mótþróa og ósjaldan teflt á tæpasta vað í trássi við fyrirmæli yfirvalda. Yfirleitt tókst að fá nýtt fé jafnóðum þó um langan veg væri að fara og margir orðið að sætta sig við að byrja einungis með fáar kindur. Í upphafi fóru fjárskiptin fram án nokkurs styrks en síðar á fjárskiptatímanum fékkst styrkur í formi eftirgjafar á sköttum.

Þegar fjárkláðinn barst til landsins var sauðfjáreign landsmanna talin um 360 þúsund en alls er talið að um 280 þúsund fjár hafi drepist eða verið skorið niður áður en tekist hafði að vinna bug á sjúkdómnum. Þegar haft er í huga að stór og fjármörg héruð sluppu alveg við kláðann, hefur tjón bænda á þeim svæðum þar sem veikin lagðist á með hvað mestum þunga verið gífurlegt.

Þetta var fyrsti búfjársjúkdómur hér á landi sem varð tilefni til aðgerða af hálfu opinberra aðila og var nefndur fjárkláðinn fyrri.

Þrátt fyrir þessi áföll og kostnað var áfram flutt inn sauðfé til kynbóta. Árið 1855 fékk bóndinn í Svignaskarði hrút og tvær ær af spönsku kyni en þær ulli engri sýkingu. Aftur á móti komu 4 ensk

lömb sama haust sem fara áttu að Hraungerði í Flóa. Í flutningnum austur töfðust þau í Miðdal og síðar kom í ljós að heimaféð hafði smitast af kláða. Þaðan breiddist kláðinn fljótt út en ensku lömbin voru aflífuð í Hraungerði. Þessi kláðafaraldur var kallaður fjárkláðinn síðari eða sunnlenski fjárkláðinn eins og hann hefur stundum verið nefndur.

Fyrstu viðbrögð til að hefta útbreiðslu fjárkláðans var skoðun á fé í réttum og síðan að beita niðurskurði, en það var í samræmi við tilskipunina frá 1772. Stjórnin í Danmörku tók fljótlega upp þá stefnu að beita lækningum en Alþingi aðhylltist aftur á móti lengst af niðurskurð. Út af þessu spunnust hinar hatrömmustu deilur sem stóðu í langan tíma og greindi menn á um hvort heldur ætti að beita niðurskurði eða lækningum til útrýmingar fjárkláðanum.

Strax árið 1857 var sett reglugerð um meðferð fjárkláðans þar sem fyrirmæli voru gefin um lækningar, sótthreinsun fjárhúsa og bann við að reka fé á fjall frá bæjum þar sem sýkinnar hafði orðið vart. Því aðeins átti að lóga fé að kindur væru svo yfirkomnar að lækningar gætu ekki borið árangur. Eins og fyrr segir var mikil sundrung og fálm um hvernig baráttunni skyldi hagað þangað til stjórnin tók af skarið 1859 og tilnefndi tvo menn til að veita þessu starfi forstöðu og gaf þeim nokkurskonar alræðisvald. Þetta voru þeir professor Tscherning, yfirdýralæknir Danmerkur, og Jón Sigurðsson forseti. Fóru þeir um landið ásamt tveimur dýralæknum, var annar þeirra Teitur Finnbogason, og lögðu á ráðin og ákváðu hvernig starfinu skyldi hagað. Sem dæmi um hve hitinn og heiftin var mikil í þingmönnum út af þessu máli var Jón Sigurðsson ekki kosinn forseti Alþingis 1859.

Síðar komu lög sem fjölluðu um kostnaðarskiptingu fjáreigenda og landssjóðs. Má þar benda á að samkvæmt fjárkláðalöggjöf frá 1901 og 1903 var fjáreigendum skylt að leggja til viss baðáhöld, aðstoð við böðunina og að standa straum af vissum kostnaði vegna flutnings baðáhalda og baðlyfja en annar kostnaður skyldi greiddur af hinu opinbera og hefur þetta fyrirkomulag gilt að mestu fram á þennan dag.

Nokkuð var sótt til erlendra dýralækna um ráð til að ráða niðurlögum veikinnar og komu tveir íslenskir dýralæknar þar að, þó í minna mæli en ætla mætti. Það voru dýralæknarnir Teitur Finnbogason (1803–83) og Snorri Jónsson (1844–79). Um 1880 var talið að tekist hefði að ráða niðurlögum fjárkláðans en hann kom

fram á ný, en ekki með sama ógnarmætti og áður. Um þetta leyti má segja að niðurskurður hafi beðið ósigur, m.a. vegna óhemju kostnaðar sem honum fylgdi en lækningar með lyfjum alfarið teknar upp sem viðurkennd aðferð í baráttuni við fjárkláðann.

Árin 1902–5 ferðaðist norskur bóndi, Ole Myklestad, á vegum stjórnarinnar um landið og leiðbeindi um tilbúning baðlyfs (tóbaksblöndu) og böðun sauðfjár. Þótti hann nokkuð harður í horn að taka og náði drjúgum árangri en ekki tókst þó að útrýma kláðanum í það skiptið.

Ýmis lyf hafa verið notuð í gegnum tíðina til að drepa niður kláðann. Fyrst voru notuð smyrsl sem borin voru á hrúðrin til að mýkja þau upp fyrir böðunina. Þessi smyrsl innihéldu t.d. kreolín 1 hl., spritt 1 hl. og grænsápa 8 hl. Síðan var féð baðað upp úr kresólupplausn sem þótti árangursríkust. Veigamikill þáttur í útrýmingarbaráttunni var sótthreinsun fjárhúsanna en það gat reynst torvelt í framkvæmd þar sem þau voru mörg byggð úr torfi og grjóti. Einnig varð að hafa í huga að smitið gat haldist í slíkum húsum allt upp í 5 vikur.

Aðstæður til böðunar voru víða mjög erfiðar og oft notaðir balar eða grunnar þrær í jötum. Algengast var að kindur væru bundnar svokölluðu sauðbandi, þ.e.a.s. allir fætur voru bundnir saman og kindinni síðan lyft og sett niður í baðlöginn og snúið þar þangað til hún var gegnvot. Þetta var erfitt og seinlegt kalsaverk þar sem böðunin var oftast framkvæmd á tímabilinu október til desember. Síðar komu til betri baðlyf eins og Gamatox sem innihélt benzenehexachlorid, en hefur reyndar nú verið bannað. Til að létta sér erfiðið voru víða gerðar djúpar baðþrær í jötur fjárhúsa þar sem féð gat gengið ofaní og síðan synt eftir þrónni í a.m.k. eina mínútu og jafnframt var því difið á bólakaf

Ær með fjárkláða, ull nudduð af á hrygg og hupp.

Fjárkláði í kind. Ull nudduð af baki og af verða sár.

svo hausinn og féð allt bjórvöknaði sem var nauðsynlegt til að árangur næðist.

Allt þetta hefur stuðlað að því að kláðatilfellum hefur fækkað svo að kláðinn hefur aðeins gert vart við sig í 2–3 varnarhólfum á síðustu áratugum.

Þegar skipulögð fjárskipti hófust vegna mæðiveikinnar var gert að skyldu að fjárskiptafé skyldi baðað áður en því var sleppt í nýtt hólf. Árangurinn varð sá að fjárkláða hefur ekki ekki orðið vart í mörgum fjárskiptahólfum nú á seinni árum.

Það var lagaskylda frá 1958 að baða allt sauðfé í landinu annað hvert ár á tímabilinu 1. nóvember til 15. mars og tvíbaða ef upp kæmi kláði. Þegar leið á síðari hluta áttunda áratugarins og kláði hafði ekki gert vart við sig um stóran hluta landsins, óskuðu bændur eftir því að þessar reglur yrðu endurskoðaðar. Í sambandi við ný lög um varnir gegn dýrasjúkdómum var ákveðið að fella niður skylduböðun en baða þar sem kláði yrði staðfestur.

Á undanförnum árum hafa nýjar tegundir lyfja gegn kláða komið á markaðinn og leyst gömlu baðlyfin af hólmi. Þessum lyfjum er sprautað undir húð og dreifast síðan um líkamann þannig að þegar maurinn sýgur vessa úr kindinni þá fær hann lyfið í sig og drepst. Einnig virka þau vel á innyflaorma og hafa því tvíþætta verkun. Þessi lyf hafa verið í stöðugri þróun á síðustu 15–20 árum

og nú eru komin lyf á markaðinn sem hafa enn lengri verkunartíma og meiri möguleiki til að verjast endursmiti frá umhverfinu.

Með þessi nýju lyf í huga var ákveðið haustið 1996 að gera tilraun og sprauta allt ásetningsfé í Reykhólahólfi og sjá hvort kláðamaurnum verði útrýmt með þessari aðferð en kláði hefur verið landlægur á þessum slóðum í áratugi. Kláði kom upp á einum bæ á svæðinu fjórum árum síðar, en sprautað var á ný og nú er að sjá hver árangurinn verður. Einnig hefur allt sauðfé verið sprautað í Miðfjarðarhólfi með nýju og árangursríkara lyfi og niðurstöðu beðið hvort sami eða betri árangur náist.

Það standa því vonir til að fjárkláðanum verði innan tíðar útrýmt úr landinu eftir 150 ára baráttu sem hefur haft í för með sér ómælda vinnu fyrir bændur að viðbættum drjúgum lyfjakostnaði ásamt miklu álagi og óþægindum fyrir dýrin.

Að lokum er rétt að benda á að fleiri óværur hrjá íslenskt sauðfé heldur en kláðamaurinn og má þar nefna eftirtalin sníkjudýr.

Færilúsin var algeng í sauðfé hér áður fyrr en við skylduböðun við fjárskipti og lögskipaðar kláðabaðanir eftir það dró mjög úr útbreiðslu hennar. Algengt var að við rúning hlypi hún yfir á fólk sem vann við rúninginn og þótti það frekar óhugnanlegt þar sem hún er dökkbrún á lit og drjúgtstór eða um hálfur sentimeter á lengd.

Fellilúsin (hafíslús) sýgur ekki blóð eins og færilúsin heldur lifir á húðfrumum.

Ef mikið er af henni þá veldur hún miklum kláða og má þá sjá kindur nudda sig mikið.

Fótakláði er af völdum maurs sem heldur sig milli klaufanna og allt upp hné eða hækli. Fé sem er haldið fótakláða má oft sjá tanna sig á fótum til að draga úr kláðanum.

Eins og fyrr segir er fjöldi áhrifaríkra lyfja á markaðinum í dag og það ásamt kerfisbundnum baráttuaðferðum unnum af vandvirkni ætti að geta orðið til þess að þessum óþrifum verði útrýmt hér á landi innan ekki langs tíma.

Heimildir:

Saga Íslendinga VI, Tímabilið 1700–1770, Menntamálaráð og Þjóðvinafélagið.

Sig. Ein. Hlíðar, dýralæknir: Sauðfé og Sauðfjársjúkdómar, Akureyri MCMXXXVII.

Gils Guðmundsson : Öldin sem leið, 1861–1900, Forlagið Iðunn, Reykjavík, 1956.

Páll A. Pálsson: Óþrif í sauðfé og sauðfárbaðanir. Vasahandbók bænda 1954. Búnaðarfélag Íslands.

Sigurður Örn Hansson

Heilbrigðiseftirlit með sláturafurðum

Íslendingar hafa öldum saman framleitt kjöt og aðrar búfjárafurðir. Lengst af voru þessar afurðir notaðar í vöruskiptum en þegar verslun var gefin frjáls upp úr miðri 19. öld var farið að selja sauði á fæti til slátrunar erlendis, einkum til Bretlands. Í lok 19. aldar, árið 1896, settu Bretar skyndilega bann við þessum innflutningi og báru við smithættu og einnig að hér á landi væru ekki sérfróðir menn til þess að votta heilbrigði útfluttra sauðkinda.

Hér var úr vöndu að ráða því á Íslandi voru þá engin sláturhús, heldur var sláturfé slátrað á blóðvelli, hvernig sem viðraði, og kjötið flutt saltað til útflutnings. Hér voru heldur engir lærðir slátrarar sem kunnu að slátra og verka kjötið fyrir erlendan markað. Skjótt var brugðist við og var fyrsta sláturhúsið hér á landi tekið í notkun árið 1907 í Reykjavík. Það var Sláturfélag Suðurlands sem átti þetta sláturhús. Einnig var gert átak til að skapa þekkingu og kunnáttu á slátrun. Menn voru sendir utan til Danmerkur til að læra slátrun og eftir að heim kom stjórnuðu þeir slátrun og leiðbeindu um verkun. Í þessum efnum þurftu Íslendingar að taka mið af erlendum kröfum, erlendum mörkuðum og erlendum eftirlitsaðilum.

Í upphafi var kjötið flutt út saltað, sá markaður drógst verulega saman upp úr fyrri heimstyröldinni. Á þriðja tug síðustu aldar kom frysting á kjöti smátt og smátt til sögunnar í stað söltunar og nú, á síðustu 15–20 árum, er í mjög auknum mæli farið að selja kjöt kælt.

Sláturhús og kjötfrystihús voru byggð víða um land og voru þau um 120 talsins árið 1960. Þá tók þeim að fækka vegna bættra samgangna og samgöngutækja og haustið 2003 voru sláturhúsin alls 21. Með fækkun sauðfjársláturhúsa hefur slátrun aukist verulega í þeim sem eftir eru. Árið 2003 var um 80% allrar sauðfjárslátrunar í 5 sláturhúsum. Um 70% nautgripa var slátrað í 3 sláturhúsum, en alls var nautgripum slátrað í níu sláturhúsum.

Hrossum var slátrað í 8 sláturhúsum og var um 36% þeirra slátrað í sláturhúsi Sláturfélags Suðurlands á Selfossi. Svínum var slátrað í 9 sláturhúsum og var sláturhús Stjörnugríss í Saltvík þeirra langstærst en þar er slátrað tæpum 43% allra svína á landinu. Alifuglum var slátrað í 4 sláturhúsum árið 2003. Þróunin í sláturhúsabyggingum og búnaði til slátrunar hefur ætíð tengst kröfum erlendis frá, því innanlandsmarkaðurinn hefur lengst af skeytt fremur lítið um þessi mál þó á síðustu árum hafi orðið nokkur breyting þar á.

Jafnframt byggingu sláturhúsa upp úr 1900 var byrjað að flokka kjötið og heilbrigðisskoða og smátt og smátt efldist löggjöfin, sem tengdist þessum málum. Heilbrigðisskoðun á sláturafurðum var fyrst tekin upp hér á landi árið 1905. Í heilbrigðissamþykkt fyrir Reykjavíkurkaupstað 1. apríl 1905 var svo mælt fyrir að heilbrigðisskoðun skyldi fara fram á kjöti af nautgripum, hrossum og svínum og var það Magnús Einarson dýralæknir sem annaðist hana.

Fyrstu lögin um heilbrigðisskoðun og merkingu á kjöti eru frá 1912. Með því að heilbrigðisskoða kjötið fékkst hærra verð fyrir það á erlendum mörkuðum. Engin ákvæði voru um sláturhús né búnað þeirra og ekki minnst á innlendan markað.

Kröfur markaðarins varðandi kindakjöt breyttust, salan á söltuðu kjöti minnkaði og útflutningur á frystu kjöti jókst. Brátt varð því þörf á að endurskoða reglur um skoðun á kjötinu, setja nýjar og ítarlegri reglur um mat á því og flokkun þess.

Árið 1919 voru sett lög um flokkun og mat á kjöti og aftur árið 1930 og 1933. Í lögunum frá 1930 var heimild til löggildingar á sláturhúsum og frystihúsum sem verka afurðir til útflutnings en ekkert fjallað um sláturafurðir ætlaðar á innanlandsmarkað. Árið 1933 voru enn sett ný lög með kröfu um löggildingu útflutningssláturhúsa. Í þessum lögum var í fyrsta sinn ákvæði um heilbrigðisskoðun á sláturafurðum, sem ætlaðar voru til sölu innanlands í kaupstöðum, þar sem íbúar væru fleiri en 1000. Árið 1943 voru gerðar nokkrar breytingar á lögunum einkum að því er varðaði kjötmat.

Árið 1949 voru enn sett ný lög um kjötmat og fleira og þá var í fyrsta sinn gerð krafa um að allt kjöt, sem ætlað var til sölu innanlands skyldi vera af sláturgripum, sem slátrað væri í löggiltum sláturhúsum. Þó var ráðherra heimilt að veita undanþágu til eins

Sigurður E. Hlíðar fyrrverandi yfirdýralæknir, í hvítum slopp (f. 4. apríl 1885, d. 18. des. 1962. Héraðsdýralæknir á Akureyri 1910–1943, eða þar til hann varð yfirdýralæknir), við heilbrigðisskoðun á kjöti í sláturhúsi Kaupfélags Eyfirðinga á Akureyri haustið 1929. Sá sem er sitjandi á myndinni er Ólafur Tryggvi Ólafsson (f. 1. des. 1874, d. 30. ágúst 1961), kjötbúðarstjóri hjá Kaupfélagi Eyfirðinga og skrifari í sláturhúsinu í sauðfjársláturtíð. Ljósm.: Edward Sigurgeirsson á Akureyri. Birt með leyfi.

árs í senn fyrir sláturhús, sem ekki uppfylltu kröfur um löggildingu. Ennfremur var heimilt að selja afurðir af sláturfénaði, öðrum en sauðfé, sem slátrað var utan löggiltra sláturhúsa, enda skyldu afurðir skoðaðar og merktar af þeim sem kjötskoðun annast.

Aðstaða til slátrunar heima á sveitabýlum var oftast afar bágborin, hreinlætisaðstöðu mjög áfátt og kæling ófullnægjandi. Skrokkar af heimaslátruðum gripum voru sendir í næsta sláturhús í bjórnum eða, ef þeir höfðu verið flegnir, í ófullkomnum umbúðum t.d. notuðum léreftspokum undan hveiti, skildir eftir á brúsapalli sem mjólkurbílar sem ekki voru ætlaðir til slíkra flutninga komu síðan til skila í sláturhús. Ekki var furða að sláturafurðir sem fengu slíka meðferð væru oft í mjög lélegu ásigkomulagi og ekki hæfar til manneldis. Þessi undanþágu ákvæði drógu mjög úr áhrifum laganna.

Árið 1966 voru aftur sett ný lög um slátrun og meðferð sláturafurða. Samkvæmt þeim var gert ráð fyrir, að öll sláturhús skyldu löggilt af landbúnaðarráðuneytinu en þó var gert ráð fyrir að unnt væri að veita sláturhúsum, sem ekki uppfylltu kröfur um löggildingu, undanþágu til slátrunar eitt ár í senn, næstu 3 ár eftir gildistöku laganna. Alþingi framlengdi þessa undanþáguheimild allt til ársins 1990. Þegar ekki var lengur unnt að fá undanþágu til slátrunar var gert átak til að bæta sláturhúsin og þeim fækkaði þá talsvert því nokkur ófullkomin hús voru lögð niður og fengu úreldingarbætur.

Árið 1997 voru gildandi lög sett. Enn var leitast við að laga löggjöfina að breyttum tímum og breyttum viðhorfum innanlands og á helstu markaðssvæðum fyrir kjöt og sláturafurðir.

Gildissvið laganna var víkkað þannig, að einnig væri unnt að hafa eftirlit með fóðrun, eldi og heilbrigði sláturdýra heima á býlunum sjálfum. Í raun hafði þetta þegar hafist með sýnatökum vegna salmonellu og kampýlobakter í alifuglabúum á eldistímanum. Einnig var gert ráð fyrir að unnt væri að gera kröfur um að óhrein sláturdýr kæmu ekki til slátrunar.

Önnur nýjung í lögunum voru kröfur um innra eftirlit fyrirtækjanna sjálfra og árið 1999 var sett reglugerð um innra eftirlit í sláturhúsum og kjötpökkunarstöðvum þeirra. Strax árið 1992 hafði yfirdýralæknir þó fyrirskipað að sláturleyfishafar kæmu á innra eftirliti í sláturhúsum.

Starfsmenn í sláturhúsi, f.v.: Fjóla Runólfsdóttir aðstoðarstúlka og Hrund Lárusdóttir eftirlitsdýralæknir.

Í lögunum er ákvæði um eftirlitssjóð sem stendur straum af greiðslum vegna heilbrigðiseftirlits með sláturafurðum. Þessi sjóður var stofnaður til að eftirlitsþoli greiddi ekki eftirlitsaðila beint og þannig komið í veg fyrir hugsanleg hagsmunatengsl.

Í lögunum var í fyrsta sinn gerð krafa um að í hverju sláturhúsi starfaði að jafnaði maður með slátraramenntun. Í lok 20. aldarinnar var gerð tilraun til að koma á slátraranámi við Iðnskólann í Reykjavík. Menntamálaráðuneytið samþykkti námsskrá fyrir námið og haldin voru nokkur námskeið fyrir starfsmenn sem höfðu alhliða reynslu af sláturstörfum. Skipulegt nám samkvæmt námsskránni hófst þó ekki, einkum vegna tregðu sláturleyfishafa til að taka þátt í verklegri kennslu og fóru þeir fram á það við menntamálaráðuneytið að málið yrði endurskoðað. Á allra síðustu árum hafa þó verið haldin nokkur slátraranámskeið í Menntaskólanum í Kópavogi. Vafalítið hafa þessi námskeið, sem og námskeið í slátrun sem haldin voru á vegum sláturleyfishafa, leitt til aukinnar verkkunnáttu. Starfsfólk í sauðfjársláturhúsum var lengst af

einkum bændafólk úr nágrenni sláturhúsanna. Með aukinni mannfæð í sveitum reyndist sífellt erfiðara að fá sérþjálfað, hæft fólk til starfa við slátrun. Á árunum upp úr 1990 fór að verða algengt, að erlent verkafólk kæmi til starfa í sláturhúsum, einkum sauðfjársláturhúsum en einnig í sérhæfðum svína- og alifuglasláturhúsum. Þetta verkafólk var frá ýmsum löndum, einkum frá Póllandi og frá Norðurlöndunum og slátrarar frá Bretlandi og í litlum mæli frá Nýja-Sjálandi.

Fyrstu mælingar á vegum yfirdýralæknis á aðskotaefnum í sláturafurðum voru gerðar 1974, en þá voru mæld klórkolefnissambönd í mör fullorðins fjár. Þetta var gert til að kanna hvort leifar af baðlyfi fyndust í afurðum eftir þrifabaðanir þar sem notað var Gammatox baðlyf (virkt efni: Lindan). Í byrjun níunda áratugarins var magn blýs og kadmíums mælt í lifur og kjöti lamba.

Árið 1989 hófst svo skipulegt eftirlit með aðskotaefnum og lyfjaleifum í sláturafurðum Enn á ný voru það erlend stjórnvöld, bandarísk og evrópsk, sem kröfust þess að skipulegt eftirlit væri með þessum efnum í afurðum sem flytja ætti á markað í Bandaríkjunum og Evrópusambandinu (ESB). Eftirlitið var í upphafi einungis með sauðfjárafurðum en tekur nú til sláturafurða allra búfjártegunda, auk eldisfisks og mjólkur og er nú unnið eftir tilskipun ESB á þessu sviði. Árlega er gerð sýnatökuáætlun um aðskotaefnamælingar í sláturafurðum og eru þær samþykktar af matvælaeftirlitsdeild bandarískra landbúnaðarráðuneytisins og framkvæmdastjórn ESB. Kjötskoðunarlæknar taka sýni og mælingar eru gerðar á fjórum innlendum og erlendum rannsóknastofum. Sýklalyfjamælingar eru gerðar á Tilraunastöð Háskóla Íslands á Keldum, ólífræn snefilefni eru mæld á Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, sum sníklalyf á Dýralæknaháskólanum í Ósló en allar aðrar mælingar eru gerðar á Rannsóknastofnun matvæla og dýrasjúkdóma (EELA) í Helsinki í Finnlandi.

Leitað er að efnum og efnasamböndum í eftirfarandi meginflokkum:

- hormónar og vaxtaraukandi efni
- sníklalyf
- sýklalyf
- klórkolefnissambönd
- lífræn fosfórsambönd
- ólífræn snefilefni

Frá því mælingarnar hófust hafa örfá sýni mælst með sýklayfjum yfir viðmiðunarmörkum, en annars hafa allar mælingar verið undir greiningarmörkum eða langt undir viðmiðunarmörkum.

Búnaður sláturhúsa hefur þróast með breyttum kröfum. ESB gerði árið 1995 kröfu um uppihangandi fláningu á sláturdýrum. Þau sláturhús, sem höfðu útflutningsleyfi á ESB-markað, brugðust við með því að kaupa slíkan búnað frá Bretlandi. Reyndar hafði Kaupfélag Borgfirðinga þegar árið 1988 sett upp slíkan búnað í sauðfjársláturhúsi sínu í Borgarnesi.

Ný reglugerð um slátrun og meðferð sláturafurða var sett 2003. Hún kom í stað eldri reglugerða frá því rétt fyrir 1970 og tók mið af reglum nágrannalandanna. Helstu nýmæli hennar voru þau, að nú er greint á milli löggildingar á sláturhúsum og kjötpökkunarstöðvum og sláturleyfis vegna reksturs þeirra. Landbúnaðarráðuneytið löggildir byggingar og búnað en embætti yfirdýralæknis veitir sláturleyfi. Heilbrigðismerki, sem notað er til að merkja afurðir var skilgreint í fyrsta sinn, nákvæmar reglur settar um kjötpökkunarstöðvar og um neyðarslátrun.

Svínaskrokkur dæmdur óhæfur í sláturhúsi vegna rauðsýki.

Enn þróast reglur varðandi slátrun og meðferð sláturafurða. Á vegum Codex alimentarius, ESB og á norrænum vettvangi er nú unnið að endursköpun á reglum um heilbrigðisskoðun á sláturafurðum en þær hafa verið mikið til óbreyttar í rúm 100 ár. Sjúkdómar sem áður ullu mestum usla, eins og berklar, tríkínur og fleiri sjúkdómar hefur nú verið nær útrýmt. Aðrir skaðvaldar eins og salmonella, kampýlobakter og E. kóli 0157(VETEC) valda nú miklu tjóni. Kjötskoðun byggðist í upphafi á stórsæjum breytingum en það sem

veldur neytendum heilsutjóni nú, eru sýklar, sem ekki sjást með berum augum og því verður að beita öðrum aðferðum við kjötskoðun. Eftirlitið þarf að ná frá bónda til borðs eða frá haga til maga og beita verður aðferðum GÁMES kerfisins á öllum stigum. Nota þarf áhættumat til að átta sig á hver háskinn er á hverju svæði eða í hverju landi, auka þarf skimun fyrir þeim smitefnum, sem þörf er talin á á hverjum stað, strax á býlinu hjá bóndanum. Einstaklingsmerkingar á búfé eru forsenda fyrir heilbrigðiseftirliti með sláturafurðum í framtíðinni, skoðun á lifandi dýrum verður aukin og upplýsingar um heilsufar sláturdýra verða nýttar til að ákvarða hversu ítarleg skoðun á afurðun þarf að vera til að tryggja öruggar afurðir. Til að minnka hættu á krosssmiti milli afurða verður aukin áhersla lögð á sjónræna skoðun á sláturafurðum og minni áhersla á að skera í eitla.

Við endurskoðun á reglum um heilbrigðiseftirlit með sláturafurðum var lögð mikil áhersla á dýravelferð. Góður aðbúnaður sláturdýra og heilbrigði þeirra er forsenda fyrir því að afurðirnar séu heilbrigðar og öruggar til neyslu. Dýravelferð, dýraheilbrigði og öryggi sláturafurða er órjúfanlega tengdir þættir og hafa áhrif hver á annan. Samfella í eftirlitinu frá bónda til borðs er því mikilvæg og fagþekking dýralækna á öllum þessum þáttum er ótvíræð.

Eitt af stóru verkefnum íslenskra dýralækna á næstu árum verður að laga íslenska löggjöf og verklag við heilbrigðisskoðun á sláturafurðum að þessum nýju hugmyndum til þess að tryggja öruggar afurðir. Ný löggjöf á þessu sviði gengur í gildi hjá ESB í ársbyrjun 2006. Sláturhús með útflutningsleyfi á ESB-markað verða þá eins og endra nær að uppfylla kröfur þess eða missa útflutningsleyfið ella.

Páll A. Pálsson

Hringskyrfi

Hringskyrfi er smitandi húðsjúkdómur í búfé, sem sveppir (*Tricophytus verrucosum*) valda. Ósjaldan smitast fólk af sjúkum gripum og skepnur geta svo aftur smitast af fólki, sem er með útbrot af völdum þessa svepps. Þessi húðsjúkdómur er landlægur í flestum löndum heims en hér á land hefur sjúkdómsins aðeins orðið vart í fáein skipti og tekist hefur að uppræta hann með róttækum aðferðum.

Hringskyrfi í Þerney

Sumarið 1933 voru fluttir til landsins fimm nautgripir af holdakynjum frá Skotlandi. Var þeim komið fyrir í Þerney í sóttvarnarskyni. Nokkru eftir að gripirnir komu til landsins fór að bera á húðsjúkdómi í þeim, sem reyndist hringskyrfi. Smit barst í nautgripi bónda og fólk á bænum smitaðist. Ekki var staðfest smit í sauðfé bónda né í tveimur hestum sem í eynni voru. Lækningatilraunir gengu seint og margir óttuðust að veikin bærist í búfé í landi.

Hinum innfluttu gripum var því öllum slátrað og síðar einnig nautgripum bónda, en kálfur sem innflutt kýr eignaðist var tekin úr karinu og fluttur í eldhús húsmóðurinnar, þar sem hann var geymdur uns hann var fluttur að Blikastöðum í Mosfellssveit og alinn þar um skeið. Ítarleg sótthreinsun fór fram á gripahúsum í eynni og aðrar varúðarráðstafanir gerðar og tókst á þann hátt að uppræta sjúkdóminn.

Hringskyrfi í Eyjafirði

Haustið 1966 varð vart hringskyrfi í kúm á bænum Grund í Hrafnagilshreppi. Talið var fullvíst að sjúkdómurinn hafi borist með útlendum vinnumanni sem sinnti fjósverkum á bænum um sumarið. Maður þessi hafði útbrot (skildi) á handleggjum og höfði. Hringskyrfið breiddist út einkum vegna samgangs nautgripa milli bæja og sölu gripa frá smituðum bæjum, sem reyndust hafa verið

smitaðir við sölu, án þess að einkenni væru enn komin fram. Auk nautgripa var hringskyrfi einnig staðfest í sauðfé og hrossum og um 25 manns fengu ákomur, mismunandi alvarlegar, af völdum þessa svepps. Þar var fyrst og fremst um að ræða fólk sem sinnti fjósverkum, lækningum og slátrun sýktra gripa.

Með girðingum og hömlum á flutningi og samgangi var reynt að hindra útbreiðslu sjúkdómsins. Eigi að síður barst sjúkdómurinn á 12 bæi í Eyjafirði, þar sem samtals voru 472 nautgripir. Svo til hver einasti gripur á þessum bæjum smitaðist. Kálfauppeldi var stöðvað á bæjum þar sem sjúkdómurinn gerði vart við sig til að girða fyrir nýsmit. Endursmit á gripum sem læknast höfðu átti sér ekki stað að því er virtist og hafa sýktir gripir því öðlast ónæmi gegn sveppnum.

Lyfjameðferð virtist koma að takmörkuðu gagni, en tafði fyrir útbreiðslu sjúkdómsins milli gripa og dró þannig sjúkdóminn á langinn í fjósinu. Þar sem hringskyrfis varð vart í hrossum og sauðfé var ákveðið að fella fé og hross, sem voru smituð eða í mikilli smithættu til að girða fyrir að sjúkdómurinn bærist með þeim út fyrir hið smitaða svæði.

Þegar sjúkdómurinn var um garð genginn voru gripahús þrifin rækilega og sótthreinsuð og kálfauppeldi til reynslu hafið á nýjan leik. Áttu kálfarnir að gefa til kynna hvort smitið hefði verið upprætt.

Frá því hringskyrfis varð fyrst vart í Eyjafirði og þar til öllum aðgerðum og hömlum var létt af leið hálft fjórða ár. Síðan er ekki vitað að sjúkdómurinn hafi gert vart við sig í Eyjafirði.

Þó að bændur yrðu fyrir verulegum óþægindum vegna sjúkdómsins og þeirra aðgerða sem nauðsynlegar voru svo sem sölubanns á búfé, samgöngubanns, banns við uppeldi kálfa og förgun hrossa og kinda, sýndu þeir málinu yfirleitt skilning og studdu við þær aðgerðir, sem fyrirskipaðar voru í sóttvarnarskyni. Var sá þegnskapur þeim til verðugs hróss.

Hringskyrfi í Vestur-Eyjafjallahreppi

Í byrjun júní 1987 komu tveir unglingar, piltur og stúlka, frá Svíþjóð til sumardvalar að Mið-Grund í Vestur-Eyjafjallahreppi. Stúlkan, sem var vön skepnum, fór fljótlega að hjálpa til við fjósverk. Skömmu eftir komu þeirra var tekið eftir því að stúlkan var með upphlaupinn, rauðleitan smáblett á hægri handlegg og

Hringskyrfiskaun á kálfi úr Vestur-Eyjafjallahreppi.
Myndina tók Grétar Harðarson héraðsdýralæknir.

stækkaði bletturinn smám saman og tveir aðrir blettir komu fram neðar á handleggnum. Húsmóðirin hvatti stúlkuna til að leita læknis en hún drap því á dreif þar sem hún færi af landi brott 15. júlí. Samkvæmt upplýsingum lækna í Svíþjóð var síðar staðfest að um hringskyrfi hafi verið um að ræða. Með hliðsjón af því að stúlkan vann fjósaverk á Mið-Grund og þar bar fyrst á hringskyrfi í kúnum, sem hún mjólkaði, verður að telja vafalítið að gripirnir hafi smitast af þessari sænsku stúlku.

Í byrjun ágúst 1987 tók húsmóðirin á Mið-Grund eftir skurfu á haus á einni mjólkurkúnni í fjósinu. Áleit hún að um sólarexem væri að ræða og gerði því ekkert veður út af því. Seint í október þegar farið var að klippa kýrnar var tekið eftir því að eitthvað óvenjulegt var á ferðinni, þar sem í ljós kom að á mörgum kúnum voru dreifðir hárlausir blettir og skurfur víða um skrokkinn. Var haft samband við héraðsdýralækni, sem taldi að um sveppasýkingu væri að ræða og lét lyf af hendi til meðferðar á útbrotunum og tók bónda jafnframt vara við því að láta frá sér skepnur til lífs.

Um miðjan nóvember 1987 hafði bóndi samband við héraðsdýralækninn á Hellu varðandi útbrotin á kúnum og sýndi honum blett ca. 5 cm stóran í þvermál sem hann hafði fengið á hægri úln-

lið. Taldi dýralæknirinn að um hringskyrfi væri að ræða. Sýni tekin af útbrotum kúnna staðfestu við ræktun að um hringskyrfi væri um að ræða. Var bændum í sveitinni tilkynnt um þessa niðurstöðu og athygli vakin á reglum er sjúkdóminn varða og þá einkum hömlum á flutningi á skepnum milli bæja.

Dreifing sjúkdómsins milli bæja

Bærinn Mið-Grund er í svonefndu Holtshverfi. Þar er þéttbýlt og eru næstu bæir Syðsta-Grund, Efsta-Grund, Holt, Indriðakot, Björnskot, Ormskot og Vallnatún. Bóndinn á Mið-Grund hafði einnig ábúð á Syðstu-Grund, þar sem nautgripir hans voru geymdir. Í Björnskoti, sem ekki er í ábúð, voru hafðir kálfar og geldneyti í sumarbeit. Við skoðun kom í ljós að girðingar í kringum Syðstu-Grund voru ekki traustar og samgangur gripa þar svo að nokkur samgangur var við nágranna bæi og þar með Björnskot. Nautgripir á Syðstu-Grund voru um 100 og í janúar 1988 höfðu sést útbrot á u.þ.b. 90 þeirra og líklegast er talið að sjúkdómurinn hafi breiðst þaðan út til annarra gripa á svæðinu.

Í nóvember fannst hringskyrfi í geldneytum á Ysta-Skála, sem höfðu verið í sumarbeit í Björnskoti og var þeim lógað í þeirri von um að sjúkdómurinn bærist ekki í mjólkurkýrnar en sú von brást. Í Indriðakoti voru kálfar hafðir sér í húsi og smituðust þeir ekki vegna aðgæslu og að árvekni húsráðenda.

Hringskyrfi var staðfest á sex bæjum alls í Vestur-Eyjafjallasveit, þ.e. Syðstu-Grund, Mið-Grund, Efstu-Grund, Björnskoti, Indriðakoti og Ysta-Skála. Á þessum bæjum voru hátt á þriðja hundrað nautgripir. Nær allir þessir gripir sýndu greinileg merki um þennan húðsjúkdóm, þó voru einstaka gripir sem aldrei sá einkenni á. Á öðrum skepnum, hrossum, sauðfé og hundum sáust ekki merki um sjúkdóminn. Hringskyrfi virtist yfirleitt ekki há gripunum að neinu marki og losnuðu gripirnir við einkennin eftir 2–4 mánuði.

Reynsla var fyrir því hér á landi að hross og sauðfé hafi smitast af nautgripum við vissar aðstæður. Erfitt er að finna sjúkleg einkenni hringskyrfis í sauðfé og hrossum, þó að smituð séu og geti því borið smit. Af þessum sökum var ekki talið á það hættandi að láta hross og sauðfé sem orðið höfðu fyrir mikilli smithættu á sýktum bæjum lifa. Vakti þessi ákvörðun nokkra óánægju og leiðindi, enda byggðist hún á smithættu hverju sinni.

Til að draga úr smitmagni á sýktum bæjum voru menn hvattir

til að senda til slátrunar sem fyrst þá gripi sem slátra átti hvort eð var, hætta við kálfauppeldi og kaupa ekki gripi að til að reyna að girða fyrir nýsmit í fjósinu. Hins vegar var heldur lítið gert að því að reyna með lyfjum að lækna gripi, sem veikst höfðu, þar sem reynsla af þeirri vinnu í Eyjafirði hafði ekki borið tilætlaðan árangur.

Sjúkdómavarnir

Í reglugerð frá 18. febr. 1967 um varnir gegn smitandi hringskyrfi í nautgripum o.fl. og auglýsingu frá 30. mars 1988 um varúðarráðstafanir og aðgerðir vegna hringskyrfis undir Eyjafjöllum eru tíunduð ýmis framkvæmdaatriði t.d. um flutning gripa, samarbeit í girtum hólfum, merking og skráning allra nautgripa til að tryggja sem besta yfirsýn um flutninga og geymslu gripa.

Í Noregi var árið 1990 farið að framleiða bóluefni gegn hringskyrfi eftir rússneskri fyrirmynd. Þetta er svonefnt „lifandi bóluefni“ og er vand með farið. Hér á landi hafa tilraunir með þetta bóluefni ekki verið gerðar enn, því hætt er við ef farið væri að beita bólusetningu að sjúkdómurinn yrði landlægur hér á landi. Bólusett dýr gætu verið einkennalausir smitberar og borið sjúkdóminn í óbólusetta gripi, því að ólíklegt er að upp yrði tekin kostnaðarsöm allsherjar bólusetning.

Hreinsun og sótthreinsun á fjósum sem og áhöldum, tækjum og búnaði sem talinn var geta borið smit var lokið á árinu 1989. Ekki hefur orðið vart einkenna hringskyrfis síðan sótthreinsun lauk og eru því allar líkur á að tekist hafi að uppræta þennan sjúkdóm enn einu sinni.

Þótt ýmissar gagnrýni yrði vart varðandi einstök framkvæmdaatriði sýndi fólk yfirleitt mikla þolinmæði og þegnskap í langvinnri og stundum tvísýnni baráttu við þennan þráláta og hvimleiða sjúkdóm. Útgjöld hins opinbera vegna bóta voru umtalsverð því að fella þurfti ca 650 fjár og ca 45 hross og setja upp girðingar vegna beitilanda nálægt 23 km að lengd, ásamt ýmsum kostnaði við eftirlitsstörf, sótthreinsistörf o.s.frv.

Lokaorð

Hringskyrfi er yfirleitt ekki talinn til alvarlegri sjúkdóma búfjár, þar sem hann veldur ekki dauða og alla jafna ekki miklum veikindum. Sjúkdómurinn hefur hins vegar verulegar óbeinar afleið-

ingar. Í mörgum löndum þar sem hringskyrfi er landlægt eru þeir bæir þar sem veikin kemur upp hnepptir í samgöngubann, gripi frá sýktum bæjum má ekki selja til lífs og þeim má ekki beita á sameiginleg beitilönd, flytja á sýningar eða markaði. Þess vegna er oftast reynt að lækna gripi á sýktum bæjum, en hún getur verið bæði tímafrek og kostnaðarsöm. Ef gripum með hringsskyrfi er slátrað koma útbrotin fram sem verulegur galli í húðinni og gerir þær verðlitlar. Algengt er að hringskyrfi berist frá sjúkum gripum á fólk sem sinnir um gripina einkum á handleggi en getur komið fram hvar sem er.

Af þeim ástæðum sem hér eru raktar ætti að vera nokkuð ljóst að nokkuð er á sig leggjandi til þess að forðast að þessi sjúkdómur verði landlægur í búfé hér á landi. Með öllu er óþekkt hvernig þessi sjúkdómur leggst á útigangshross og sauðfé hér á landi nái hann fótfestu.

Þessi grein er stytting á grein Páls Hringskyrfi í Búnaðarritinu, árg. 105, 1992.

Ritstjórn

Helstu heimildir.

1. Aamodt, O., Gudding, R.: Norsk Veterinærtidskrift, 7, 507–511.
2. Aðalsteinn Sveinsson: Munnleg og skrifleg heimild.
3. Forshell, P. K.: Svensk Veterinærtidning, 1991. 43, 14, 718–719.
4. Friðriksson, S.: Árbók landbúnaðarins, 1970, 101–108.
5. Jónsdóttir, K., Hjálmarsdóttir, M. H.: Læknaneminn, 1988, 41, 24–28.
6. Sigurður Sigurðarson : Munnlegar og skriflegar heimildir.
7. Þættir um innflutning búfjár og búfjársjúkdóma, Reykjavík, 87–107.

Helgi Sigurðsson

Ágrip af sögu hestadýralækninga

Inngangur

Saga íslenska hestsins er samofin sögu landsins því fljótlega eftir landnám eru til heimildir um hesta hér á landi. Þessar heimildirnar eru hvað bestar er varða húsdýr, því hestar voru grafnir með dauðum mönnum og því finnast bein þeirra víða í kumlum. Í fornöld virðist hesturinn vera töluvert stærri en á síðari öldum, þó ekki hafi hann verið jafn stór og hestar nú á dögum. Kumlin hér á landi benda til þess að Íslendingar hafi fljótt orðið hestaþjóð og var algengara hér á landi að leggja hesta í grafir en annars staðar á Norðurlöndum. Fornmenn kunnu ekkert ráð til að verja hófa hestanna fyrir sliti því skeifur finnast hvorki í kumlum né annars staðar. Hins vegar kunnu þeir að reka í þá brodda til að fá fótfestu á ís. Það er því nokkuð ótrúlegt miðað við aðstæður nú á dögum að þeir virðast hafa riðið yfir landið þvert og endilangt á ójárnuðum hestum, því notkun skeifna kemst ekki á fyrr en á 11. öld.

Sjúkdómar í hestum að fornu

Í Íslendingasögum eru sjúkdómar í hestum ekki nefndir né aðgerðir á þeim. Í Biskupasögum eru lækningar á hestum oftast nátengdar dýrlingatrú og áheitum og eru ritaðar heimildir um alþýðlegar lækningar tiltölulega fáar og takmarkaðar fyrr en á seinni hluta 18. aldar. Í annálum frá 16. og 17. öld er getið um bráðadauða í hrossum en ekki er getið að menn hafi reynt að lækna eða koma í veg fyrir slíka sjúkdóma. Í nokkrum handritum frá 17. og 18. öld er að finna ráð gegn kvillum í hrossum, en þetta eru að mestu einkennileg úrræði úr erlendum ritum sem byggja á hindurvitnum fremur en ráðum sem voru algeng á Íslandi. Í ferðabók Eggerts Ólafssonar er aðeins getið um útrýmingu á lús. Magnús Stephensen skrifar nokkuð um sjúkdóma og læknisaðgerðir almúgamanna við þeim í byrjun 19. aldar, þó lýsingar hans hafi verið ófullkomnar. Dýralæknabók sem Jón Hjaltalín gaf út 1837 er talin hafa haft lítil áhrif hér á landi þar sem mikið af því sem fjall-

Rannsóknir á beinum hafa leitt í ljós að þegar á landsnámsöld greindist spatt og beinkalkanir í íslenskum hestum. Sigríður Björnsdóttir og Einar Jörundsson.

að er um í bókinni átti ekki við aðstæður hér og flest þeirra lyfja sem nefnd voru, voru annað hvort ófáanleg eða of dýr til að bændur hefðu ráð á þeim.

Læknisráð

Algengt var að mæla með blóðtökum sem læknisráði við hrossasjúkdómum og í bók Jóns Hjaltalín eru blóðtökur ráðlagðar við ekki færri en 14 sjúkdómum í hrossum, s.s. hrossasótt og klumsi. Það sama á við um að „hanka hest“, en þessi aðferð var bæði notuð sem vörn og læknisráð. Algengast var að setja hanka í brjóst hesta en annars voru þeir settir víðar. Algengast var að hanka hesta við meiðslum en einnig var algengt að nota hönkun við heymæði. Seinni hluti 19. aldar var blómatími hankalækninga en um aldamótin 1900 er verulega farið að draga úr notkun þessarar lækningaraðferðar. Önnur læknisráð s.s við hrossasótt var að setja þeim stólpípu og hella gegnum nasirnar. Voru þessar inngjafir af ýmsum toga s.s. saltvatn, fjallagrös, lýsi, kransaugnadropar, hland og glábersalt. Þá voru notaðar ýmis konar hressandi blöndur s.s. baunakaffi og brennivínskaffi. Við ormaveiki voru notuð margs

konar lyf auk hlands, salts og lýsis s.s. steinolía, blý, byssupúður og tóbaksseyði.

Menntaðir dýralæknar

Fyrsti menntaði dýralæknirinn á Íslandi var Teitur Finnbogason og lauk hann prófi frá Kaupmannahöfn 1833. Á þeim tíma var mesta áherslan í kennslunni lögð á járningu hesta. Teitur járnaði hesta og smíðaði skeifur í Reykjavík eftir heimkomuna en áhrif af kennslu hans urðu lítil. Næstur í röð íslenskra dýralækna var Snorri Jónsson sem lauk prófi frá Kaupmannahöfn 1870, en áhrif hans á alþýðlegar dýralækningar voru einnig takmarkaðar. Í bók sinni um Husdyrhold og Husdyrsygdomme i Island sem kom út sama ár og hann lést 1879 fjallar hann þó af þekkingu um járningaaðferðir og lýsir nokkrum aðalgöllum sem tíðkuðust hér á landi um hans daga og gera jafnvel enn s.s. að laga hófinn að skeifunni og að skeifurnar voru næstum alltaf of litlar. Nútíma dýralækningar á Íslandi hófust ekki að neinu marki fyrr en Magnús Einarson útskrifast sem dýralæknir 1897 og er skipaður dýralæknir yfir Suður- og Vesturamtinu með búsetu í Reykjavík. Að ráði Magnúsar var reynt að leggja af ýmis konar grófar aðgerðir á hestum, þar á meðal hönkun og blóðtökur án sjúkdómsgreiningar, þó lengi eimdi að notkun þessara aðferða. Magnús stóð fyrir námskeiði í dýralækningum og kenndi mönnum geldingar og notkun klóróforms. Þá kenndi hann þeim að nota Sandstöng. Löngu fyrir andlát sitt 1927 hafði Magnús lokið samningu Dýralækningabókar sinnar sem þó kom ekki út fyrr en 1931. Óhætt er að segja að bók þessi hafði víðtæk áhrif á dýralækningar hér á landi, þó áhrif starfandi dýrlækna verði ekki veruleg í fyrstu, en 1933 voru aðeins starfandi fjórir dýralæknar á landinu.

Geldingar

Hafa verður í huga að gelding húsdýra og þar á meðal gelding hesta var í fyrstu ekki talin til greina dýralæknisfræðinnar. Þannig voru geldingar ekki á skipulagsskrá danska dýralæknaskólans í fyrstu. Geldingamenn framkvæmdu geldingar hér á landi og oft voru það aðrir einstaklingar en þeir sem stunduðu lækningar, þó stundum færi þetta saman. Þó Magnús Einarson hafi kennt geldingamönnum notkun svæfingarefna og notkun Sandstangar, liðu áratugir þar til þetta varð viðurkennd aðferð og grófar geldingar

Felliböndin sem voru aðall hvers dýralæknis alla síðustu öld heyra nú brátt sögunni til.

hyrfu af sjónarsviðinu. Sem dæmi má nefna að hluti kenninga Magnúsar um geldingaraðferðir var lögfestur 1935. Þó voru þessi lög mjög ófullnægjandi miðað við þá þekkingu sem við höfum í dag. Þannig hljóðaði fyrsta greinin: „Geldingar húsdýra, sem eldri eru en veturgömul, skal framkvæmd af dýralækni eða sérstökum geldingamönnum, sem með vottorði frá héraðslækni eða dýralækni sanna, að þeir hafi lært að fara með staðdeyfingarlyf eða svæfingarlyf og aflað sér þeirrar þekkingar eða leikni, sem nauðsynleg er...“ Dýralæknar yfirtóku smátt og smátt geldingar á hestum, en það var þó ekki fyrr en með dýraverndarlögum 1994 að þeim var einum heimilt að gelda hesta.

Aðgerðir á hestum

Aðgerðir á hestum voru takmarkaðar, en á fyrsta fjórðungi 20. aldar var farið að gera holskurði á laungröðum hestum og klóróform notað sem svæfingarmeðal. Til eru lýsingar á aðgerðum á „kryptorchidum“ sem Hannes Jónsson dýralæknir í Reykjavík gerði 1928 og Ásgeir Ólafsson dýralæknir í Borgarfirði framkvæmdi á hestum frá 1931. Aðgerðir þessar voru gerðar fyrir daga sýklalyfja úti í náttúrunni við góðar aðstæður að sumarlagi. Um aðrar holskurðsaðgerðir var ekki að ræða aðrar en kviðslit. Hafa verður í huga að á þessum tíma var hesturinn helsta farartækið og þekking dýralækna á meiðslum í hófum og fótleggjum mikil, jafnvel meiri en varð um miðbik aldarinnar.

Breytingar á notkun hestsins

Þegar líða tók á 20. öldina minnkaði mikilvægi hestsins sem þarfasta þjónsins og öld bíla og dráttarvéla tók við. Mikilvægi hestsins í dýralækningum minnkaði að sama skapi, þó starfandi héraðsdýralæknar sinntu eftir sem áður hestinum þegar eitthvað bjátaði á. Upp úr miðri 20. öldinni vaknaði aukinn áhugi fyrir notkun hestsins en nú eingöngu sem tómstundagaman. Fólk á þéttbýlli stöðum og víðar byrjaði að halda hesta sér til ánægju og njóta kostanna. Jafnframt hófst útflutningur til útlanda þar sem hesturinn var notaður í sama tilgangi. Veruleg aukning verður á sjöunda áratugnum og hraður stígandi í þessari þróun fram á þennan dag. Gífurlegur fjöldi fólks stundar nú hestamennskuna og þá er hestamennskan orðin atvinnugrein sem fjöldi manns hefur viðurværi sitt af hestum, eitthvað sem var vandséð fyrir um tuttugu árum. Með þessari þróun hafa lækningar á hestum aukist verulega auk þjónustu við þennan geira og er nú svo komið að sérhæfing er orðin á þessu sviði.

Starfsemi dýralækna

Í upphafi þessa tímabils óx fjöldi þeirra sem stunduðu hestamennsku sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu. Páll A. Pálsson þáverandi yfirdýralæknir stundaði, ásamt héraðsdýralækninum í Reykjavík Ásgeiri Einarssyni, lækningar á hestum á þessu svæði. Páll skrifaði nokkuð um sjúkdóma í hestum og birtust þær greinar víða. Mikill vaxtarbroddur var á þessu sviði þegar Brynjólfur Sandholt tekur við embætti héraðsdýralæknis í Gullbringu- og Kjósarsýslu 1969 og byrjar hann þá þegar að leggja sig eftir að sinna þessum þætti dýralækninga sérstaklega. Eftir að Helgi Sigurðsson hóf störf með Brynjólfi 1978 jókst þessi þjónusta við hestamennskuna. Brynjólfur leitaði sér framhaldsmenntunar erlendis á þessu sviði og kom upp fyrstu aðstöðunni til hestalækninga hér á landi í lok árs 1979. Brynjólfur og Helgi komu sér síðan upp röntgentæki til sjúkdómsgreininga og var þetta í fyrsta sinn sem slíkt gerðist hér á landi, langt á eftir þróun á þessu sviði erlendis. Röntgenmyndir af hestum höfðu verið teknar fram að þeim tíma í undantekningatilfellum í tengslum við Borgarspítalann. Batnandi aðstaða varð til þess að aðgerðum á hestum fjölgaði og voru nú framkvæmdar allan ársins hring, ekki aðeins að sumarlagi eins og verið hafði og þá í góðu veðri. Brynjólfur keypti

Brynjólfur Sandholt og Helgi Sigurðsson við fyrsta röntgentækið sem notað var við hestalækningar hér á landi.

síðan fyrstu svæfingarvélina sem notuð var til aðgerða hér á landi árið 1986 og með því var stigið annað stórt framfaraskref á sviði hestalækninga. Fleiri aðstöður til hestalækninga tóku til starfa, ein á Selfossi rekin af Páli Stefánssyni og önnur í Reykjavík rekin af Helga Sigurðssyni. Jafnframt fjölgaði tækjum þ.e. röntgentækjum og svæfingartækjum. Í kjölfar náms erlendis kom Páll Stefánson síðan heim með fyrsta sónartækið sem notað var og með tilkomu þess gjörbreyttust greiningar á frjósemisvandamálum. Fljótlega keyptu Ólafur Valsson og Helgi Sigurðsson tæki og í kjölfarið fjölgaði þessum tækjum í hestalækningum og nú eru þau sjálfsagður hlutur í hestadýralækningum. Þá hóf Helgi notkun speglunartækja árið 1994 en slík tæki höfðu þá um áratuga skeið verið notuð við hestalækningar erlendis. Í dag er svo komið að fjölmargir dýralæknar stunda hestadýralækningar og aðstaðan hef-

Skurðstofa fyrir hesta á Dýraspítalanum í Víðidal.

ur batnað enn frekar. Þá eru hestadýraspítalar á þrem stöðum á landinu, þ.e. á Akureyri, Selfossi og í Reykjavík. Einnig eru aðstöður til dýralækninga víðar s.s. á Húsavík og á Hellu. Aðgerðum hefur fjölgað verulega og margar aðgerðir sem þóttu nær óframkvæmanlegar eru orðnar „rútínu“ aðgerðir s.s. holskurðir vegna garnaflækju. Fyrstu aðgerðina vegna garnaflækju framkvæmdi Brynjólfur Sandholt ásamt nokkrum kollegum árið 1989 og heppnaðist hún. Aðrar aðgerðir s.s. vegna griffilbeina og spattboranir eru einnig orðnar rútínu aðgerðir. Rannsóknir á sjúkdómum hesta hafa vaxið og sama má segja um sérhæfingu innan fagsins. Fyrstur til að fá viðurkenningu sem sérfræðingur í hestasjúkdómum var Helgi Sigurðsson árið 1994. Þá hefur fræðsluefni fyrir hestamenn aukist mikið og hafa margir dýralæknar verið iðnir við að skrifa greinar um þessi efni í tímarit. Helgi Sigurðsson gaf út bókina „Hestaheilsu“ árið 1989, en henni var ætlað að vera handbók fyrir hestamenn og auka þekkingu á sviði hestamennsku. Önnur útgáfa af bókinni kom út 2001 í stækkaðri og endurbættri mynd, en þekking og breytingar á umhverfi hestamennskunnar eru hraðar og því slík útgáfa nauðsynleg.

Hlutur hestamennskunnar innan landbúnaðarins hefur vaxið gífurlega og er nú litið á hestamennskuna sem einn helsta vaxtarbrodd atvinnugreinarinnar. Stofnað var sérstakt embætti dýralæknis hrossasjúkdóma hjá yfirdýralækni árið 1998 og er Sigríður Björnsdóttir fyrst til að gegna þessu embætti. Þá var Sigríður Björnsdóttir fyrst dýralækna til að taka doktorspróf á sviði rannsókna á sjúkdómum í íslenskum hestum árið 2003. Viðfangsefnið var spatt í íslenskum hestum.

Smitsjúkdómar

Smitsjúkdómar hafa ekki verið áberandi í íslenskum hrossum nema á síðustu árum að eingangrun landsins frá meginlandinu hefur verið rofin. Miltisbruni greindist í hrossum og öðru búfé hér á landi á síðustu áratugum 19. aldarinnar og í upphafi þeirrar tuttugustu í kjölfar innflutnings á ósútuðum húðum en hefur sem betur fer horfið. Stífkrampi er frekar sjaldgæfur en gerir vart við sig öðru hvoru og er þá staðbundinn. Hvanneyrarveiki skýtur niður öðru hvoru í kjölfar þess að farið var að gefa hestum súrhey eða á seinni árum blautt rúlluhey. Verstu tilfellin hafa orðið þegar hestar hafa komist í súrheysrekjur eða myglað hey. Rúlluvæðingin

hefur orðið þess valdandi að menn þurfa sífellt að vera á verði og gæta þess að vinnslan á heyinu sé góð. Þá hefur orðið vart við bótulíneitrun hér á landi með vaxandi notkun rúllubagga, en fyrstu tilfellin voru staðfest hér á landi 1986 og á síðasta áratug 20. aldar komu upp tugir tilfella þar sem margir hestar hafa drepist eða verið aflífaðir. Þá hefur útbreiðsla og tíðni salmonellusýkinga í skepnum aukist verulega á síðastu áratugum 20. aldar. Sumarið 1989 varð vart við folaldadauða á tveimur bæjum á Suðurlandi. Við nánari rannsóknir var staðfest sýking af völdum *salmonella typhimurium* á 6 bæjum og drapst á sjötta tug folalda og hesta. Á næstu árum var sýkingin að stinga sér niður á einstaka bæ á Suðurlandi og í nágrenni Reykjavíkur. Veturinn 1999 og 2000 greindist mikill fjöldi tilfella á Suðurlandi og í hesthúsum í Reykjavík.

Sveppasýking breiddist hratt út um landið sumarið 1992 og reyndist vera af völdum *Trichophyton mentagrophytes*. Nú er þessi húðsjúkdómur landlægur hér á landi og skýtur öðru hvoru upp kollinum, án þess að valda faraldri.

Veirusýkingar hafa verið fátíðar en einangrun landsins virðist rofin. Þó hefur okkur enn tekist að verjast þeim veirutegundum sem valda hvað alvarlegustu sjúkdómunum s.s. inflúensu, kverkeitilbólgu eða herpesveiru af gerð 1. Mótefni gegn þremur herpesveirum hafa verið staðfest í blóðvatni hrossa hér á landi. Þetta eru herpesveirur af gerð 4, 2 og 5. Þá hafa verið staðfest mótefni gegn öndunarfæraveirunum rhinoveirur 1 og 2. Í lok vetrar 1990 bar á smitandi kvefpest í hrossum á höfuðborgarsvæðinu. Einkenni voru fyrst og fremst nefrennsli sem stundum var mikið og slímkennt. Þá var hósti áberandi. Hestarnir voru yfirleitt hitalausir og átlyst í lagi. Eitlar bólgnir á einstaka hesti. Ástandið lagaðist af sjálfu sér á nokkrum vikum. Vorið 1994 veiktust hestar á höfuðborgarsvæðinu af smitandi öndunarfærasjúkdómi sem lýsti sér sem hósti og mikill roði í koki. Átlyst virtist í lagi og hestarnir hitalausir. Sjúkdómurinn dreifðist um svæðið og hvarf um vorið þegar hestum var sleppt á sumarhaga.

Í febrúarmánuði 1998 kom upp óþekkt veiki í hestum á Reykjavíkursvæðinu og barst hún hratt um svæðið. Þá barst hún austur fyrir fjall og dreifðist hratt um Suðurlandsundirlendið. Veikin barst um allt land á nokkrum mánuðum. Faraldsfræði sýkingarinnar benti eindregið til veirusýkingar. Erfiðlega gekk að greina veiruna en hún fannst að lokum í saursýnum með rafeindasmásjá.

Hesthúsabyggingar og umhverfi sem hestum er búið hefur batnað verulega á síðustu árum.

Er hér um að ræða enteroveiru af flokki *Picornaviridae*. Á vormánuðum 2004 fór góðkynja smitandi augnsjúkdómur af stað og dreifðist víða og var staðfest að orsökin var adenoveira.

Lokaorð

Ljóst er þegar þetta er skrifað um lækningar á hestum að margt á eftir að breytast með framförum á sviði erfðafræði, framfara innan læknisfræðinnar og vaxandi meðvitund um velferð hesta sem dýrategundar. Nýlega sett reglugerð frá 1999 um aðbúnað og heilbrigðiseftirlit hrossa gefur tóninn um það sem koma skal. Þegar frá líður verður sérhæfing dýralækna innan dýrategunda enn meiri en nú er, enda sjást þess þegar merki meðal þeirra sem stunda hestadýrlækningar í dag.

Heimildir:

Ásgeir Þ. Ólafsson: „Kryptorchida-operationir frá 1931–1972“. Dýralæknaritið (1984) 3:1.

Helgi Sigurðsson: Hestaheilsa. Reykjavík, 2001.

Houser, George J.: Saga hestalækninga á Íslandi. Akureyri, 1977.

Kristján Eldjárn: „Fornþjóð og minjar“. Saga Íslands I. Reykjavík, 1974.

Magnús Einarson: Dýralæknabók. Reykjavík, 1931.

Helga Finnsdóttir

Smitsjúkdómar í hundum og köttum á Íslandi

Saga smitsjúkdóma í gæludýrum á Íslandi er sem betur fer heldur fátækleg og má þakka það hvoru tveggja legu landsins og einangrun ásamt áratuga banni við innflutningi lifandi dýra og erfðaefnis þeirra.

Frá upphafi byggðar var sullaveiki algengasti og útbreiddasti smitsjúkdómurinn í mönnum og dýrum, en fyrstu heimildir um hann ná allt aftur til byrjunar 13. aldar, þó ekki sannaðist fyrr en um miðja 19. öld hver væri hinn raunverulegi orsakavaldur væri.[18] Sullaveiki hefur verið útrýmt í dag, en skuggi fortíðar leikur hundaeigendur nútímans enn grátt, því bann við hundahaldi í höfuðborg landsins sem og mörgum sveitarfélögum eru leifar óttans við hana. Af faröldrum má nefna hundapest (hundafár) sem hefur geisað hér endrum og sinnum gegnum aldirnar.[12]

Árið 1989 var veitt undanþága frá banni við innflutningi gæludýra og einangrunarstöð ríkisins í Hrísey tók til starfa. Frá þeim tíma hefur smitsjúkdómum í hundum og köttum fjölgað hægt og sígandi, einna mest af völdum sníkjudýra, en einnig veira og þá aðallega í köttum.

Eftirfarandi sjúkdómar eða mótefni gegn þeim hafa verið staðfestir í hundum og köttum á Íslandi:

HUNDAR

VEIRUSJÚKDÓMAR

Hundaæði (Rabies)

Ekki er vitað með vissu hvort hundaæðis hafi nokkurn tímann orðið vart í hundum á Íslandi, en til er frásögn frá árinu 1765 um drepsótt ,,er byrjaðist á Austfjörðum í hundum.“[1]

Hugsanlega gæti lýsingin á sjúkdómseinkennum átt við hunda-

æði, en í frásögninni er ennfremur sagt að bæði menn, naut og hestar hafi drepist eftir að hundar bitu þá.[1]

Hundapest/hundafár (Canine Distemper)

Í dýralækningabók Magnúsar Einarsonar stendur: ,,Hundapestar hefur orðið vart við og við hér á landi, þó aldrei hafi hún verið að staðaldri. Framan af barst hún af og til til landsins með innfluttum hundum og dreifðist frá þeim um smærri eða stærri svæði, geysaði þar um nokkurra ára bil en dó síðan út. Þess á milli var landið hundapestarlaust.[12]

Pestarfaraldrar sem geisuðu á landinu 1870, 1888 og 1890 ollu mikilli fækkun á hundum en lögðu um leið baráttunni gegn sullaveiki óbeint lið.[18] Síðast varð hundapestar vart árið 1966, en faraldurinn dó þá út.

Í dag eru allir innfluttir hundar vel bólusettir gegn hundapest andstætt hundum fæddum hér á landi, en bannað er að bólusetja þá þar sem sjúkdómurinn finnst ekki í landinu.

Smáveirusótt (Canine Parvovirus)

Smáveirusóttar í hundum varð fyrst vart í heiminum árið 1978. Hinn 23. nóvember 1992 sendi Sigurður Örn Hansson, dýralæknir, hund til krufningar að Keldum vegna gruns um smáveirusótt sem reyndist réttur.[19] Ekki tókst að komast að því hvernig hundurinn, ungur silkiterríer frá Hvolsvelli en fæddur í Skaftafellssýslu, smitaðist. Yfirvöld brugðust skjótt við og leyfðu samstundis innflutning deydds bóluefnis, en fram til þess tíma hafði öll bólusetning gegn smitsjúkdómum í hundum verið óheimil á Íslandi. Hinn 9. desember sama ár hófst bólusetning gegn smáveirusótt með bóluefninu CandurP. Sóttin varð aldrei að neinum faraldri sem ef til vill má þakka því, að desembermánuður var kaldur og það snjóaði nánast daglega.

Á haustmánuðum 2003 heimilaði yfirdýralæknir innflutning lifandi bóluefnis gegn smáveirusótt og bólusetning hófst hinn 10. október sama ár.

Smitandi lifrarbólga í hundum (Hepatitis Contagiosa Canis)

Veirusjúkdómurinn, smitandi lifrarbólga í hundum, hefur greinst í hundum öðru hverju mörg undanfarin ár þó aldrei hafi verið um faraldur að ræða. Ekki er nákvæmlega vitað hvenær

sjúkdómurinn barst til landsins, en hefur líklegast verið landlægur frá um 1980.[3]

Áður en bólusetning hófst, var ekki óalgengt að dýralæknar sæju hunda með „blátt auga“, annað eða bæði, eftir að önnur sjúkdómseinkenni voru horfin, en æðahjúpsbólga er meinkennandi fyrir smitandi lifrarbólgu.

Árið 1996 hófst innflutningur á bóluefninu Canlan sem innihélt, auk mótefnis gegn smáveirusótt, deytt mótefni gegn smitandi lifrarbólgu. Síðan þá hefur tilfellum lifrarbólgu fækkað til muna.

BAKTERÍUSJÚKDÓMAR

Salmonellasýking

Sýking í hundum af völdum *Salmonella* spp. er fátíð, en hefur þó verið staðfest í nokkrum hundum í Reykjavík, á Suðurlandi og í einangrunarstöð ríkisins í Hrísey.

Í febrúar 2000 var staðfest tilfelli salmonellasýkingar þar sem heimilishundur smitaði tvo meðlimi fjölskyldunnar. Var um að ræða *Salmonella typhimurium*, en talið var líklegast að hundurinn hafi smitast í fjörunni í Skerjafirði.[3]

Gulusótt (Leptospirosis)

Talið er að nokkrir hundar á Álftanesi, Bessastaðahreppi, hafi smitast af gulusótt í kringum 1980 og smitefnið hafi sennilegast borist í þá úr fjörunni.[2]

Hótelhósti (Canine Infectious Tracheobronchitis. Kennel cough)

Haustið 1991 vaknaði grunur um hótelhósta í íslenskum fjárhundi sem hafði verið á hundahóteli.[6] Öll einkenni minntu á sjúkdóminn sem fékkst þó ekki staðfestur. Af og til síðan þá hafa svipuð einkenni skotið upp kollinum í hundum og árið 2003 var hótelhósti loks staðfestur með krufningu og ræktun.[4]

SJÚKDÓMAR AF VÖLDUM FRUMDÝRA

Bogfrymlasótt (Toxoplasmose gondii)

Bogfrymlasótt með sjúklegum einkennum er sjaldgæf í hundum, en sést helst í tengslum við hundapest.[5] Eitt tilfelli bogfrymlasóttar hefur verið staðfest í hundi hér á landi, en ekkert liggur fyrir hvort það tilfelli var í tengslum við annan og alvarlegri sjúkdóm.[17]

YTRI SNÍKJUDÝR

Hundasoglús (*Linognatus setosus*)

Í mars árið 1989 fannst lús á enskri cockerspaníeltík og var hún greind á Keldum sem hundasoglúsin *Linognatus setosus*.[15] Skömmu áður hafði umrædd tík, ásamt fleiri hundum, verið snyrt hjá sænskum hundasnyrti sem var hér á landi tímabundið. Líklegast er talið að nit eða lýs hafi borist í hundana með snyrtiáhöldunum sem hafi ekki verið þrifin nægilega vel. Fyrst á eftir bar eitthvað á því að lús fyndist á fleiri hundum sem tengdust þeim stað sem snyrtingin fór fram á, en síðan virðist sem þessi lúsatilfelli hafi fjarað út.

Flær.

Tvö staðfest, en einangruð dæmi hafa fundist um fló á hundum hér á landi, 1980 og 1984. Í báðum tilfellum var um kattafló (*Ctenocephalides felis*) að ræða.[10]

Skógarmaur (*Ixodex ricinus*)

Skógarmaur greindist á hundi hér á landi árið 1980 og hefur síðan sést öðru hverju á hundum. Maurinn er sennilega ekki landlægur hér og líklegast er að hann berist til landsins með farfuglum.[20]

Hársekkjamaur (*Democex Canis*)

Áttfætlumaurinn, *Demodex canis*, var staðfestur á 8 mánaða enskum bolabít skömmu eftir komu til landsins í ársbyrjun 1993, að undangenginni einangrun í Einangrunarstöð ríkisins í Hrísey.[9]

Síðan þá hafa fleiri tilfelli hársekkjamaura greinst á hundum hér og þar um landið.

Eyrnamaur (*Otodectes cynotis*)

Eyrnamaur í hundum var lengi vel talinn óþekktur hér á landi.

Í nóvember 1995 var staðfest að eyrnamaur hefði fundist í sýni úr hundseyra.[24]

Húðmaur (*Cheyletiella parasitovorax*)

Áttfætlumaurinn, *Cheyletiella parasitovorax*, greindist hér á landi í ársbyrjun 1996 á köttum og ekki löngu síðar á hundum.[8] Frá þeim tíma hefur maurinn breiðst út hægt og sígandi svo telja verður hann algengan.

Grafmaur (*Sarcoptes*)

Grafmaur hefur ekki fundist á hundum á síðari árum, en virðist hafa verið þekktur hér áður. Magnús Einarson skrifar: „Mér vitanlega hefir þessi kláði ekki komið fyrir hér á landi nema á mönnum og einstaka sinnum á hundum“.[12]

ORMAR

Sullaveikibandormur (*Echinococcus granulosus*)

Sullaveiki af völdum sullaveikibandormsins var landlægt heilbrigðisvandamál í Íslendingum fram undir lok 19. aldarinnar og olli einnig miklum búsifjum. Danski læknirinn, Harald Krabbe, ferðaðist um Ísland árið 1863 og safnaði 100 hundum sem hann krufði í leit að sullaveikibandormum og fann *T. echinococcus* (*E. gran.*) í 28 þeirra.[18] Magnús Einarson dýralæknir nefnir í Dýralækningabók sinni að „í görnum hundsins lifi margar tegundir bandorma sem bæði mönnum og dýrum geti stafað hætta af.[12] Markvissar aðgerðir stjórnvalda í baráttunni gegn sullaveiki virtust þó hafa borið árangur, því á árunum 1950–1960 krufði Páll A. Pálsson, yfirdýralæknir 200 hunda og reyndist þá enginn þeirra sýktur með sullaveikibandorminum.[18] Í dag má telja að sullaveikibandormi hafi verið útrýmt á Íslandi.

Höfuðsóttarbandormur (*T. multiceps*)

Árið 1863 fannst höfuðsóttarbandormur í 18% krufðra hunda en enginn í 200 hundum sem krufðir voru á árunum 1950–1960.[18]

Gúrkukjarnabandormur (*Diphylidum caninum*)

Þessi bandormstegund var afar útbreidd í hundum á 19. öld. Rannsóknir H. Krabbe sýndu að 57% krufðra hunda reyndust

sýktir, en aðeins 1% 100 árum síðar.[18] Í dag má telja að gúrkukjarnabandormi hafi verið útrýmt.

Netjusullsbandormur (*Taenia hydatigena*)

Netjusullsbandormur var algengur í hundum áður fyrr og allt fram á 20. öldina.[12] Harald Krabbe fann 75% krufðra hunda sýkta af orminum árið 1863 en á árunum 1950–1960 fannst hann aðeins í 5.5% krufðra hunda.[18]

Breiðibandormur (*Diphyllobothrium sp.)*

Þó breiðibandormur hafi verið algengur í hundum áður (5%), finnst hann sjaldan í dag.[21]

Árið 1988 fannst breiðibandormur í hundi, en fullvíst er talið að hundurinn hafi sýkst við að éta silungsslóg úr Þingvallavatni.[14]

Refabandormur (*Mesocestoides canislagopodis*)

Refabandormur var algengur áður fyrr í hundum og 21% þeirra hunda sem Harald Krabbe krufði árið 1863 var sýktur af refabandormi.[18]

Toxocara canis

T. canis er eini þráðormurinn sem fundist hefur í innlendum hundum.[21] Harald Krabbe fann þráðorma í 2% krufinna hunda.[18] Árið 1996 voru skoðuð saursýni úr alls 115 hundum og fannst þar enginn spóluormur í fullorðnum hundum en hins vegar í 6 hvolpum af 31 á aldrinum 5–6 vikna og í 1 hvolpi af 25 á aldrinum 2–12 mánaða.[21]

Við rannsókn á tíðni mótefna gegn þráðormum í blóði hunda árið 2002, reyndust 23% þeirra hafa sýkst af eða hafa þráðorminn *Toxocara canis*.[13]

SVEPPASÝKINGAR

Húðsveppasýkingar, hringormur og geitur, virðast hafa verið algengir sjúkdómar hér áður fyrr bæði á dýrum og mönnum. „Af þeim húðsjúkdómum sem sníkjujurtir valda og koma fyrir á dýrum er hringormur (*Trichophyton tonsurans*) helstur. Oftast fá hann nautgripir, hundar og hestar, hin alidýrin sjaldnar.“[12] Hringormur hefur líklega oftast orsakast af sveppum sem sýkja bæði menn og dýr. Geitur (*Trichophyton schoenleinii*) „alþekkt hörunds-

sýki á mönnum ... og af alidýrum fá hann oftast kettir, þá hundar og sjaldnar hestar“[12] olli hins vegar nokkuð öðrum einkennum en hringormur. Hann er mannsækinn og fer sjaldan í dýr. Líklegast er því að smit á milli manna og dýra hafi í flestum tilfellum orsakast af öðrum tegundum en *T. schoenleinii*.

Malassesia

Sveppasýking af völdum gersveppsins *Malassesia pachydermatitis* var staðfest á hundi í Reykjavík 1993.[23] Líklegt má þó telja að sveppurinn hafi verið hér lengur.

KETTIR

VEIRUSJÚKDÓMAR

Kattafár (Feline Panleukopenia) og kattaflensa (Feline Viral Rhinotracheitis)

Kattafár og kattaflensa hafa verið landlægir sjúkdómar um áratuga skeið, en byrjað var að bólusetja gegn þeim um 1980.

Smitandi lífhimnubólga (Feline Infectious Peritonitis)

Smitandi lífhimnubólga var staðfest með krufningu á 5 mánaða persakettlingi í júní 1998.[26] Síðan þá hafa mörg tilfelli smitandi lífhimnubólgu verið staðfest, bæði í hreinræktuðum köttum og húsköttum.

Coronaveira

Tíðni coronaveiru sem getur valdið smitandi lífhimnubólgu hjá köttum, og þá sérstaklega vissum tegundum hreinræktaðra katta, er 53,6% á landsvísu, en mun hærri í hreinræktuðum köttum (88,2%) og flækingsköttum (77,1%) en mældist ekki í köttum til sveita (0%).[28]

Kattaeyðni (Feline Immunodeficiency Virus) og kattahvítblæði (Feline Leukemi Virus)

Klínisk einkenni þessara sjúkdóma hafa ekki enn verið staðfest hér á landi, en rannsókn á tíðni mótefna í blóði íslenskra katta gegn kattaeyðni (FIV) er 2,6% og kattahvítblæði (FeLV) 1,7%.[7]

BAKTERÍUSÝKINGAR

Chlamydia

Grunur um chlamydiusýkingu var staðfestur með ræktun á sýni úr augnslímhúð tveggja innfluttra síamskatta í september 1992.[22] Sýkingin breiddist út meðal katta og sést allaf öðru hverju í dag.

ORMAR

Toxocara cati

Þrjár rannsóknir hafa verið gerðar á tíðni þráðorma í köttum á Íslandi. Þá fyrstu gerði Harald Krabbe eftir miðja 19. öldina og fann þá þráðorma (*Toxocara cati*) í 51,6% þeirra katta sem hann krufði.[18] Árið 1993 var gerð rannsókn á tíðni *T. cati* í saur eða meltingarvegi 64 katta og fannst hann í 12,5% þeirra katta sem rannsakaðir voru.[25] Árið 2002 voru mæld mótefni gegn *T. cati* í blóði íslenskra katta og var tíðnin þar 68%.[13]

Refabandormur (*Mesocestoides canislagopodis*)

Við leit að sníkjudýrum í saursýnum úr köttum í Reykjavík fannst refabandormur í einum þeirra (3,3%).[27]

FRUMDÝR

Bogfrymlar (*Toxoplasma gondii*)

Tíðni mótefna gegn bogfrymlasótt í íslenskum köttum hefur mælst 32%, en þrátt fyrir háa tíðni mótefna hafa klínisk einkenni hennar ekki verið staðfest í köttum hér á landi.[5]

Cryptosporidium sp.

Gródýrið *Cryptosporidium* er útbreitt á Íslandi og algengast í ungum dýrum. Smitunartíðni þess hefur mælst 11,1% í kettlingum.[11]

Isospora felis

Hníslar fundust í saursýnum 7,8% katta árið 1993 og var það í fyrsta sinn sem þessi einfrumungur fannst í innlendum köttum.[27]

Giardia cati

Frumdýr fundust í saursýni eins kattar (1,6%) árið 1993[27] en höfðu fyrir þann tíma aðeins fundist í saursýnum katta í einangrunarstöðinni í Hrísey.

YTRI SNÍKJUDÝR

Kattanaglús (*Felicola subrostratus*)

Kattanaglús var fyrst staðfest hér á landi árið 1973, en Brynjólfur Sandholt, þáverandi héraðsdýralæknir, varð strax var við lýs á köttum er hann hóf störf í Reykjavík. Árið 1990 greindist naglús á þremur köttum sem ekki höfðu nein tengsl sín á milli.[10]

Húðmaur (*Cheyletiella parasitovorax*)

Áttfætlumaurinn, *Cheyletiella parasitovorax*, greindist í ársbyrjun 1996 á tveimur persneskum köttum, fæddum hér á landi, en ekki er þekkt hverning hann barst á kettina. Frá þeim tíma hefur maurinn breiðst út hægt og sígandi, svo telja verður hann algengan.[8]

Eyrnamaur (*Otodectes cynotis*)

Eyrnamaur er algengur um allt land og hefur efalaust verið það lengi.

Áttfætlumaur (*Cyrkolaelaps mucronatus*)

Áttfætlumaur sem hefur nokkrum sinnum fundist í feldi katta hér á landi.[10]

SVEPPASÝKINGAR

Microsporum canis

Snemma árs 1995 greindust 4 hreinræktaðir kettir frá sama eiganda með sveppasýkingu af völdum *Microsporum canis*, en kettirnir komu úr stórum kattahópi sem í voru nýlega innfluttir kettir.[24] Smitið barst á eiganda og barn. Eitthvað mun sveppasýkingin hafa dreifst og þá sérstaklega meðal hreinræktaðra katta, en sést lítið núorðið.

EINANGRUNARSTÖÐ RÍKISINS Í HRÍSEY

Í einangrunarstöð ríkisins í Hrísey hafa greinst eftirfarandi tegundir sníkjudýra sem ekki hafa fundist í eða á innlendum hundum eða köttum:[16,21]

Hundar

Frumdýr: *Giardia* sp., *Hammondia heydorni*, *Isospora babiensis*, *Isospora canis*, *Isospora rivolta*, *Sarcocystis* sp.

Ormar: *Ancylostoma* sp., *Uncinaria stenocephala*, *Capillaria aerophila*, *Strongyloides stercoralis*, *Toxascaris leonina* og *Trichuris vulpis*.

Ytri sníkjudýr: *Ripicephalus sanguineus* og *Trichodectes canis*.

Kettir

Ormar: *Toxascaris leonina*, *Ancylostoma* sp., *Uncinaria* sp.

Ögður: *Ophistorchis felineus*.

Ytri sníkjudýr: *Ctenocephalides felis*.

Sérstakar þakkir til Ingibjargar Hilmarsdóttur, læknis, Landspítala-Háskólasjúkrahúsi, Sigurðar H. Richter og Karls Skírnissonar, Keldum, fyrir góða hjálp og upplýsingar.

Heimildir:

1. Af blöðum sögunnar. Hundaæði á Íslandi 1765? Dýralæknaritið. Tímarit Dýralæknafélags Íslands. 1. tbl, 1. árgangur, bls 32. Júní 1980.
2. Brynjólfur Sandholt. Munnleg heimild 2003.
3. Eggert Gunnarsson. Munnleg heimild 2003.
4. Einar Jörundsson. Munnleg heimild 2004.
5. Helga Finnsdóttir. Toxoplasmose-incidensen af Toxoplasma gondii infektion blandt islandske katte. Hovedopgave ved fagdyrlægeuddannelse for sygdomme hos hund og kat. 1995. 38 bls.
6. Helga Finnsdóttir. Munnleg heimild.
7. Hrund Hólm og Astrid Pihl Hansen. Prevalens av felint leukemivirus og antistoffer mot felint immunosviktvirus blandt katter på Island 2001. Fordypningsopgave (20 s) v. Norges veterinærhøgskole 2001.
8. Karl Skírnisson, Jón Hjaltalín Ólafsson, Helga Finnsdóttir. Um Cheyletiellamaurakláða á mönnum og köttum á Íslandi. Læknablaðið 1996, bls. 82.
9. Karl Skírnisson og Helga Finnsdóttir. Hársekkjamaur á Íslandi. Sámur, blað Hundaræktarfélags Íslands, 2. tbl., 17. árg. júní 1994.
10. Karl Skírnisson, dýrafræðingur og Sigurður H. Richter, dýrafræðingur. Óværa á köttum. Dýralæknaritið janúar 1992, bls. 3–8.
11. Karl Skírnisson, Matthías Eydal og Sigurður Richter. Gródýr af ættkvíslinni Cryptosporidium í dýrum á Íslandi. Dýralæknaritið, desember 1993, bls. 4–13.
12. Magnús Einarson. Dýralækningabók eftir Magnús Einarson, dýralækni í Reykjavík. Bókaverslun Sigfúsar Eymundsonar. MCMXXXI 1–413.
13. Margrét K. Guðnadóttir. A seroepidemiological study on the prevalence of Toxocara canis and Toxocara cati in Icelandic dogs and cats, A veterinary thesis. KVL 2002.
14. Matthías Eydal. Breiðibandormur finnst í hundi. Sámur, 3. tbl. 12. árg. sept. 1989.

15. Matthías Eydal. Hundalús finnst á Íslandi. Sámur, blað Hundræktarfélags Íslands, 3.tbl.13. árg. september 1990.
16. Matthías Eydal, Sigurður H. Richter, Karl Skírnisson. Sníkjudýr í og á innfluttum hundum og köttum árin 1989–2000. Ágrip veggspjalda/XI vísindaráðstefna HÍ. Læknablaðið/fylgirit 47. 2002/88, bls. 90–91.
17. Páll Agnar Pálsson. Óbirt efni 1979.
18. Páll Agnar Pálsson. Echinococcosis and its elimination in Iceland í bókinni „Harald Krabbe: Dagbog fra Island. Ferðasaga (1863, 1870, 1871)“ København 2000, bls. 93–100.
19. Sigurður Örn Hansson. Munnleg heimild. 2003 og niðurstaða krufningar á Keldum.
20. Sigurður H. Richter: Ixodex ricinus á Íslandi. Dýralæknaritið 1981, 1. tbl. 2. árg., bls 14–17.
21. Sigurður Richter and Ásrún Elmarsdóttir. Intestinal parasites in dogs in Iceland. The past and the present. Icel. Agr. Sci. (Búvísindi) 11, 1997; bls. 151–158.
22. Svar til Helgu Finnsdóttur frá sýkladeild Landspítalans, 23. september 1992.
23. Svar til Helgu Finnsdóttur frá Labovet í Danmörku. Desember 1993.
24. Svar til Helgu Finnsdóttur frá Sauðfjárveikivörnum. 24. apríl 1995.
25. Svar til Helgu Finnsdóttur frá Karli Skírnissyni. 21. nóvember 1995.
26. Svar til Helgu Finnsdóttur frá Statens Veterinære Serumlaboratorium, Árósum, Danmörku, 9. juni 1998.
27. Þorleifur Ágústsson, líffræðingur, Sigurður H. Richter, dýrafræðingur. Sníkjudýr í og á köttum í Reykjavík og nágrenni. Dýralæknaritið í desember 1993, bls. 24–29.
28. Þorvaldur H. Þórðarson. Feline Coronaviuses. Serological survey in Healthy cats in Iceland and its implication on importation of cats to the country. Hovedopgave ved fagdyrlægeuddannelse for sygdomme hos hund og kat. KVL 1998.

Auður Lilja Arnþórsdóttir

Baráttan við júgurbólgu í kúm

Inngangur

Til að ná árangri í meðhöndlun og forvörnum gegn júgurbólgu er mikilvægt að vita hver orsakavaldur júgurbólgunnar er í hverju tilfelli fyrir sig og hafa góða þekkingu á eðli hans. Greiningar á júgurbólgusýklum og rannsóknir á þeim eru lykilatriði í þessu sambandi. Mjólkursamsalan í Reykjavík (MR) og Mjólkurbú Flóamanna (MBF) hófu að bjóða upp á slíkar greiningar á sjöunda áratug síðustu aldar en síðar tók Rannsóknarstofa Mjólkuriðnaðarins (RM) við þeim af MR. Margir dýralæknar hafa í gegnum tíðina komið að þessum málum, stundað rannsóknir og/eða unnið að ráðgjöf um júgurbólgu. Má þar nefna Jón Guðbrandsson, Guðbrand Hlíðar, Þorstein Ólafsson, Ólaf Oddgeirsson, Ólaf Jónsson, Ólaf Valsson og Auði Lilju Arnþórsdóttur. Hinir fjölmörgu dýralæknar sem starfa í sveitum landsins hafa þó ávallt borið hitann og þungann af baráttunni gegn júgurbólgu.

Með því að skoða niðurstöður greininga á júgurbólgusýklum og mælinga á frumutölu má fá hugmyndir um hvort baráttan hafi skilað árangri. Þó er varasamt að fullyrða um nokkuð á grundvelli þeirra, því margir þættir hafa truflandi áhrif á niðurstöðurnar, svo sem ólíkar ástæður þess að sýni eru tekin, breytingar á rannsóknaraðferðum o.fl.

Hér verður sett fram yfirlit yfir niðurstöður greininga á júgurbólgusýklum, rannsókna á næmi þeirra og mælinga á frumutölu hér á landi á síðastliðnum árum. Rætt verður um hugsanlegar skýringar á þeim breytingum sem orðið hafa.

Greiningar á júgurbólgusýklum

Bændur og dýralæknar senda sýni inn til RM og MBF til greininga á júgurbólgusýklum. Algengustu ástæður sýnatöku eru: Greining á orsök júgurbólgu og könnun á hvort sýking sé til staðar, t.d. rétt fyrir geldstöðu eða þegar frumutala er há. Á mynd eitt og tvö má sjá innbyrðis hlutfall greininga á júgurbólgusýklum á

tímabilinu 1995 til 2003, hjá RM og MBF. Fjöldi sýna sem að baki tölunum liggur er breytilegur á milli ára, hjá RM er hann frá um 9.000 til 25.000 en hjá MBF frá um 8.500 til 10.000.

Við samanburð á myndunum sést að nokkur munur er á hlutfalli sýkla í sýnum sem send eru til RM annars vegar og MBF hins vegar. Til dæmis er hlutur *Staphylococcus aureus* í greiningum hjá MBF mun minni en hjá RM. Ekki er þó hægt að útiloka að munur sé á milli landsvæða í þessu tilliti en líklegri skýring á þessum mun er að ástæður sýnatöku séu ólíkar, til dæmis getur verið að hlutfallslega meira af sýnum berist til RM frá búum með langvarandi júgurbólguvandamál. Ekki er hægt að fullyrða um þetta, því litlar sem engar upplýsingar fylgja sýnunum og engin skipulögð skráning fer fram á júgurbólgutilfellum.

Eins og sjá má á myndunum greinist mest af kóagúlasa neikvæðum stafylokokkum (KNS) í sýnunum. Hlutfall þeirra er nú um 40–50% og hefur jafnt og þétt verið að aukast á tímabilinu. Þekkt er að þessir sýklar, ásamt *Streptococcus uberis*, geta verið til staðar í júgrinu án þess að valda júgurbólgu. Skýringin á tilhneigingu að stærri hlut þeirra gæti því einfaldlega verið sú að meira sé sent inn til rannsóknarstofanna af sýnum nú en áður úr kúm sem ekki eru með júgurbólgueinkenni, en aðeins er verið að ganga úr skugga um að séu ósýktar, t.d. fyrir geldstöðu. Um þetta er heldur ekki hægt að fullyrða, því eins og áður segir er lítið vitað um hvaða ástæður liggja að baki töku hvers sýnis.

Sá júgurbólgusýkill sem reynst hefur hvað erfiðastur viðureignar hér á landi er *Staphylococcus aureus*. Hann greinist nú í um 30 til 40% spenasýna sem rannsökuð eru hjá RM og MBF. En eins og sjá má á myndum eitt og tvö hefur hlutur hans farið minnkandi á tímabilinu. Freistandi er að líta á þessa tilhneigingu sem árangur þess forvarnarstarfs sem unnið hefur verið. Það hefur jú aðallega beinst gegn *Staphylococcus aureus*, þar sem júgurbólga af hans völdum er oft alvarlegri og erfiðari viðureignar en júgurbólga af völdum annarra sýkla og veldur því mestu tjóni. En mikilvægt er að athuga að tölurnar segja ekki til um tíðni júgurbólgutilfella af völdum *Staphylococcus aureus*. Til þess að ganga úr skugga um hvort um raunverulega fækkun tilfella er að ræða þyrfti að safna sýnum með skipulögðum hætti.

Hlutur *Streptococcus agalactia* hefur líka farið verulega minnkandi á þessu tímabili og hér er sömuleiðis freistandi að álíta þetta

árangur forvarnastarfs, því árið 1992 var hafin reglubundin skimun eftir *Streptococcus agalactia* í tanksýnum frá öllum mjólkurframleiðendum á landinu og settar voru sérstakar reglur í því skyni að fækka tilfellum af völdum sýkilsins og halda útbreiðslu hans í lágmarki. Reglurnar kveða á um hvernig bregðast skuli við þegar tilfelli koma upp. Setning reglnanna kemur til af tvennu, annars vegar því að sýkillinn breiðist oft hratt út og sýkir þá margar kýr, svo af getur hlotist stórtjón fyrir viðkomandi bónda, og hins vegar því að talið er að þessi sýkill geti valdið alvarlegum sjúkdómum í fólki. Á árinu 2003 greindist sýkillinn á 36 búum af 929, eða 3,8% búa á landinu. Í spenasýnum sem berast til RM og MBF greinist hann nú aðeins í um 1% sýnanna.



Mynd 1. *Hlutfall sýkla í spenasýnum sem bárust RM á árunum 1995–2003.*



Mynd 2. *Hlutfall sýkla í spenasýnum sem bárust MBF á árunum 2000–2003.*

Næmi fyrir sýklalyfjum

Mikið hefur verið rætt og ritað, hér á landi sem erlendis, um vaxandi vandamál vegna sýkla sem ónæmir eru fyrir öllum helstu sýklalyfjum. Óhófleg og ómarkviss lyfjagjöf er talin ein helsta ástæða fyrir myndun lyfjaónæmis. Í þessu sambandi hefur sjónum meðal annars verið beint að júgurbólgusýklum, þar sem notkun lyfja við meðhöndlun á júgurbólgu er mikil. Í ljósi þessa settu félagar í Dýralæknafélagi Íslands sér stefnu árið 1998 um notkun sýklalyfja, með það að markmiði að gera lyfjameðferð markvissari og þannig draga úr hættu á myndun ónæmis. Einnig settu stjórnvöld skömmu síðar strangari reglur um ávísun dýralyfja.

Hjá RM og MBF er næmi sýkla fyrir sýklalyfjum prófað. Hlutfall *Staphylococcus aureus* stofna, hjá RM á árunum 1995 til 2003, sem næmir voru fyrir penicillini sveiflaðist á bilinu frá 58 til 69% en sama hlutfall hjá MBF, á árunum 2000 til 2003, jókst frá 59% til 71%, sjá mynd þrjú.



***Mynd 3**. Hlutfall Staphylococcus aureus stofna sem næmir voru fyrir penicillini, í sýnum sem bárust RM á árunum 1995–2003 og MBF á árunum 2000–2003.*

Frumutala

Árið 1984 hófust reglubundnar rannsóknir á frumutölu í sýnum sem tekin eru úr mjólkurtanki hvers mjólkurinnleggjanda á öllu landinu. Landsmeðaltal, samkvæmt tölum úr ársskýrslu RM, og þróun frumutölunnar á landsvísu til ársins 2003 má sjá á mynd fjögur. Meðaltalið hefur farið nokkuð jafnt lækkandi en þó má greina tvö þrep þar sem lækkunin er ívið meiri en almennt á tímabilinu. Það er annars vegar á milli áranna 1987 og 1988, og hins vegar á milli áranna 1996 og 1998. Skýringin á þessum þrepum

liggur nokkuð ljós fyrir. Árið 1986 var sett reglugerð um mjólk og mjólkurvörur sem meðal annars fól í sér ákvæði um flokkun mjólkur miðað við frumutölu og gerlafjölda. Samkvæmt henni skyldi greitt hæst verð fyrir mjólk með frumutölu innan við 600 þúsund frumur í hverjum millilítra. Árið 1997 var þessi reglugerð felld úr gildi og ný reglugerð sett, sem í voru strangari ákvæði um flokkun mjólkur bæði hvað gerlafjölda og frumutölu varðar, 1. flokks mjólk skyldi hafa innan við 400 þúsund frumur í hverjum millilítra. Ástæða þessara krafna er að samhengi er á milli frumutölu og ýmissa efna- og eðlisfræðilegra þátta í mjólk. Kemur það til af því að við júgurbólgu breytist efnasamsetning mjólkurinnar og frumutala hækkar einnig. Mjólk úr kúm með júgurbólgu er mun verra hráefni en mjólk úr heilbrigðum kúm.



Mynd 4. *Beint landsmeðaltal frumutölu í tankmjólk, á árunum 1984–2002.*

Lokaorð

Nokkur árangur hefur óneitanlega náðst í baráttunni gegn júgurbólgu í kúm en betur má ef duga skal. Júgurbólga er enn sá sjúkdómur sem veldur kúabændum hér á landi mestu tjóni.

Heimildir

* Ársskýrslur Rannsóknarstofu mjólkuriðnaðarins. (1995–2003).
* Þorsteinn Ólafsson. (2003). – Niðurstöður júgurbólgugreininga árið 2003 á rannsóknarstofu MBF. http://www.mbf.is.

Brynjólfur Sandholt

Karakúlpestirnar

Allt frá landnámstíð hefur sauðfé verið flutt til landsins til kynbóta bæði til að bæta gæði ullar og auka fallþunga. Margir telja að þessi innflutningur hafi ekki náð að gera neinar umtalsverðar breytingar á íslensku sauðfé til langframa heldur hafi það mótast mest af náttúrufari landsins, aðbúnaði og umhverfi á hverjum tíma.

Innflutningur sauðfjár til kynbóta hefur löngum byggt á og tekið mið af því hvernig markaðsaðstæður hafa verið í sauðfjárræktinni á hverjum tíma. Innflutningur á miðri átjándu öldinni var t.d. ætlað að bæta ullargæði, en verð á ull af erlendu fé var þá allt að fjórum sinnum hærra en af því íslenska, en illu heilli bar kynbótafé sem þá var flutt inn með sér kláðasmit og olli fjárkláðanum fyrri. Á ný var reyndur innflutningur um miðja nítjándu öld sem skyldi bæta kjötgæði þar sem útflutningur sláturfjár á fæti var afar mikilvægur á þessum tíma, en því miður tókst ekki betur til en kláðamaur fylgdi aftur með innflutta fénu og fjárkláði breiddist út á ný. Var hann kallaður sunnlenski fjárkláðinn og fram á síðustu ár eimir enn eftir af honum í landinu. Árið 1878 var fluttur inn hrútur af ensku kyni sem hafði viðdvöl í Danmörku og er talið að hann hafi flutt riðusmit með sér. Á árunum milli 1920–30 kom upp mikill áhugi meðal bænda á að flytja inn tvö sauðfjárkyn, annað frá Englandi til að auka fallþunga en hitt var karakúlfjárstofn til einblendingsræktunar, en skinn af blendingslömbum þóttu þá sérstaklega verðmæt og var leyfi veitt til innflutnings á báðum þessum stofnum.

Sumarið 1932 voru síðan fluttar inn 25 kindur frá Skotlandi og er talið að kýlapest hafi borist með þeim til landsins. Ekki vildi heldur betur til með innflutninginn á karakúlfénu því að það fé bar með sér til landsins þrjá smitsjúkdóma, votamæði, þurramæði og garnaveiki. Sjúkdómarnir áttu eftir að valda geipilegu tjóni næstu áratugina og hér á eftir verður fjallað um baráttuna til að útrýma þeim. Að lokum skal nefndur einn innflutningur enn en árið 1947 voru fluttar inn kindur til notkunar í sæðingum. Þessar

kindur voru sýktar af illkynjaðri fótaveiki og voru felldar meðan þær voru enn í einangrun. Nokkur innflutningur á sauðfé hefur átt sér stað í gegnum aldirnar án þess að skaði hafi hlotist af en það verður ekki rakið hér.

Eftir hina döpurlegu reynslu af innflutningi sauðfjár og dýraafurðum voru árið 1882 sett lög um varnir gegn því að alidýrasjúkdómar bærust til landsins nema með sérstöku leyfi og jafnframt voru þar fyrirmæli um upptöku og slátrun dýra sem væru flutt heimildarlaust til landsins. Þessi lög giltu með nokkrum breytingum þar til lög um varnir gegn því að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar bærust til landsins voru sett 1928 og giltu þau allt til ársins 1993 þegar lög nr. 25 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim voru sett. Í öllum þessum lögum er þó veitt heimild til að veita undanþágu frá banni um innflutning að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Á Alþingi 1931 lá fyrir frumvarp um að leyfður yrði innflutningur á bráðþroska holdafé til blöndunar í íslenskt fé sem mætti verða til þess að auka mjög verðmæti sláturfjár. Síðar kom fram tillaga þess efnis að einnig yrði leyfður innflutningur á þýsku karakúlfé en með einblendingsræktun þess með íslensku fé mætti framleiða mjög dýrmæt skinn af nýfæddum lömbum. Frumvarpið varð að lögum haustið 1931 en í umræðum um frumvarpið kom m.a. fram að nauðsyn væri á að leita allra bragða sem hægt væri til að finna leiðir til þess að létta undir með íslenskum landbúnaði í þeim þrengingum sem hann ætti við að stríða. Jafnframt var tekið fram að öllum varúðarráðstöfunum skyldi beitt til að hindra að sjúkdómar bærust til landsins með þessum tilraunum.

Eftir nokkrar athuganir var ákveðið að flytja inn 15 hrúta og 5 ær af karakúlkyni frá Dýraræktarstofnun háskólans í Halle í Þýskalandi og komu kindurnar til landsins í júlí 1933. Fyrstu tvo mánuðina voru kindurnar hafðar í einangrun í Þerney við Reykjavík en þá var ákveðið að senda þær til bænda sem óskað höfðu eftir að kaupa enda höfðu engin einkenni um sjúkdóma komið fram.

Allar ærnar og 2 hrútar fóru að Hólum í Hjaltadal en 13 hrútar fóru til bænda í Borgarfjarðar-, Stranda-, V-Húnavatns-, S-Þingeyjar-, N-Múla-, S-Múla-, A-Skaftafells- og Árnessýslu. Á Hólum var hugmyndin að koma upp og viðhalda hreinum stofni og selja síðan kynbótadýr til áhugasamra bænda.

Votamæði *(Borgfirska mæðiveikin)*

Fyrstu einkenni þess að veikindi hefðu borist með innflutta fénu komu fram í karakúlhrút sem fluttur var í Deildartungu í Borgarfirði. Veturinn 1933–34 bar á hósta í honum og hann kom ekki af fjalli um haustið. Veturinn 1934–35 bar á óhreysti í fénu í Deildartungu og talin lungnabólga og var bólusett en án árangurs. Næsta haust vantaði margt fé frá Deildartungu í réttum og sumt drapst þegar það kom í réttirnar, virtist ekki þola álagið við reksturinn. Veturinn eftir fór fé að drepast víða á bæjum í Borgarfirði og haustið 1936 kom í ljós að veikin var komin norður yfir Holtavörðuheiði. Sjúkdómseinkennin voru andnauð og mikil vökvasöfnun í lungum. Við að lyfta kindunum upp að aftan mátti oft hella fram úr þeim miklum vökva og létti þeim þá um tíma. Miklar umræður urðu um orsakir veikinnar og töldu margir að um illvíga ormasýkingu væri að ræða eða nýja tegund lungnabólgu eða kannski að nýr sjúkdómur hefði borist með innflutta fénu. Þegar leitað var eftir umsögn dýralækna um ástandið gáfu þeir misvísandi umsagnir hverjar ástæður þeir töldu vera orsakir veikindanna. Þetta kann að hafa verið orsök þess að lítið var til þeirra leitað um ráð til varnar fyrr en á síðari hluta fimmta áratugarins. Það var ekki fyrr en 1965 að fyrsti dýralæknirinn tók sæti í Sauðfjársjúkdómanefnd en dýralæknar áttu úr því sæti í nefndinni þar til hún var lögð niður árið 1993 með tilkomu nýrra laga, laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Síðar kom í ljós að þetta var þekktur sjúkdómur víða erlendis undir nafninu Jaagsiekte en olli ekki sama óskunda þar og reyndist í íslensku fé sem hafði litla mótstöðu gegn honum m.a. vegna langrar einangrunar, þéttleika fjár í fjárhúsum á vetrum, söfnun fjár víða að í réttum og þar með auknu smitálagi og smitdreifingu. Þegar fjárskipti hófust um miðjan fimmta áratuginn virtist sem votamæðin væri í rénun en hafði fram að þeim tíma valdið miklu tjóni þar sem hún kom upp því að allt að 50% fjárins féll á ári á sumum bæjum.

Mæðiveiki *(Þingeyska mæðiveikin, Þurramæði, Mæði/Visna)*

Þessi sjúkdómur sem er rakinn til karakúlfésins var fyrst staðfestur árið 1939 í Reykjadal í S-Þingeyjarsýslu. Fyrst var talið að sjúkdómurinn væri eingöngu í S-Þingeyjarsýslu en veturinn 1942–43 kom í ljós að mæðiveikin var orðin útbreidd um allt Vestur- og Suðurland. Sjúkdómurinn hagaði sér öðruvísi en votamæð-

in, hann var hæggengari og einkenni komu oft ekki í ljós fyrr en 2–4 árum eftir að kindin smitaðist. Þar sem mæðiveikin var þurfti víða að setja á 25–40% lömb í stað 10–15%. Við þessi afföll var augljóst að sauðfjárbúskap varð ekki framhaldið nema aðstæður breyttust til hins betra.

Víða höfðu bændur reist girðingar til að verjast veikinni og skorið niður fé sitt en auðséð var að þessar aðgerðir voru ekki líklegar til að útrýma veikinni þó að þær drægju úr tjóni tímabundið, m.a. vegna þess að orsakir sýkinnar, sjúkdómsferill og smitleiðir voru ekki kunnar á þessum tíma. Þurramæði kom upp á Hreimsstöðum í Borgarfirði 1965 og var allt fé á bænum skorið niður um haustið og hefur þessa illvíga sjúkdóms ekki síðan orðið vart hér á landi.

Garnaveiki *(Paratuberculosis)*

Haustið 1938 fann Ásgeir Ó. Einarsson dýralæknir í fyrsta sinn garnaveikisýkilinn í kind á Útnyrðingsstöðum á Völlum á Austurlandi. Nokkru síðar var sami sýkill staðfestur hjá Rannsóknastofu háskólans í kind úr Hrunamannahreppi. Í báðum þessum tilfellum var talið að veikin hafi borist með innfluttu karakúlfé sem keypt var inn á þessi svæði. Við könnun með Johnin húðprófi kom í ljós að garnaveikin hafði borist vítt um landið. Veikin olli miklu tjóni þar sem hún gerði vart við sig. Garnaveiki barst einnig í nautgripi en í miklu minna mæli og var henni haldið niðri með húðprófunum og slátrun jákvæðra og grunsamlegra gripa.

Ekki tókst jafn vel til við útrýmingu garnaveikinnar í sauðfé með niðurskurði eins og heppnaðist bæði með vota- og þurramæðina. Fyrst þegar bólusetning gegn garnaveiki var tekin upp með bóluefni, sem dr. Björn Sigurðsson forstöðumaður á Keldum þróaði, má segja að varnarsigur hafi unnist og tjón af völdum veikinnar varð viðráðanlegt. Fram til 1966 var bólusetning frjáls, þó hafði reyndar verið fyrirskipuð bólusetning á einstaka svæðum en nú var með reglugerð fyrirskipuð bólusetning alls ásetningsfjár á öllum garnaveikisvæðum. Þar sem bólusetning er framkvæmd reglulega og af samviskusemi hefur veikinni verið haldið niðri og útrýmt á einstaka svæðum.

Rannsóknir

Á fjórða áratugnum fóru rannsóknir á búfjársjúkdómum nær

einungis fram á Rannsóknastofu háskólans undir stjórn Níelsar Dungal og þar starfaði einnig Guðmundur Gíslason læknir. Á Rannsóknastofunni var framleitt bóluefni gegn bráðapest og blandað ormalyf (tetraklórkolefnisupplausn) í búfé, en bráðapest og ormasýkingar ásamt lungnapest voru helstu tjónvaldar í sauðfjárbúskapnum um þessar mundir. Þegar karakúlpestirnar fóru að valda tjóni víða um land var leitað til Rannsóknastofunnar um rannsóknir og úrræði og jukust umsvif stofunnar mikið. Aukið húsnæði var útvegað og hélt Guðmundur Gíslason síðan áfram rannsóknum á búfjásjúkdómum á vegum Sauðfjársjúkdómanefndar eftir að hún var skipuð og eftir fráfall Guðmundar tók Sigurður Sigurðarson dýralæknir við því starfi, en frá 1993 á vegum yfirdýralæknis með aðstöðu á Tilraunastöðinni á Keldum og í nánu samstarfi við vísindamenn þar. Nokkurn tíma tók að greina hvaða sjúkdóma hér var um að ræða. Ýmsar tilraunir til lækninga á mæðiveikinni voru gerðar bæði af leikum sem lærðum en án árangurs. Ein frægasta lækningatilraunin var gerð af Sigurjóni Péturssyni á Álafossi með lyfið „Ála“. Lyfið var blandað í mjólk og gefið inn 6 daga í röð. Nokkrir þeirra sem notuðu lyfið þóttust sjá batamerki á fénu en notkun lyfsins lognaðist fljótlega út af. Einnig var reynt að velja fjárstofna sem taldir hefðu meiri mótstöðu gegn þessum sjúkdómum og einnig var flutt inn sæði úr skoskum fjárstofnum í sama tilgangi.

Nauðsynlegt þótti að komið yrði upp nýrri og fullkomnari aðstöðu til búfjárrannsókna sem lið í baráttunni bæði við þessa nýju sjúkdóma og þá sem fyrir voru í öðru búfé í landinu. Í þeim tilgangi var jörðin Keldur við Reykjavík keypt og Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum reist og tók stöðin til starfa haustið 1948 undir forstöðu dr. Björns Sigurðssonar. Miklar rannsóknir fóru fram á orsökum mæðiveikinnar af dr. Birni og samstarfsmönnum hans sem enduðu í nýrri skilgreiningu á mæðiveikinni og skyldum sjúkdómum sem nefnd er „hæggengir veirusjúkdómar“ og hefur þetta hugtak unnið sér heimsviðurkenningu meðal vísindamanna. Einnig hafa grunnrannsóknir á riðu vakið verðskuldaða athygli en jafnframt hafa margvíslegir aðrir landlægir dýrasjúkdómar eða áður óþekktir sjúkdómar sem komið hafa fram verið greindir og bóluefni eða lyf gegn þeim framleidd á stofnuninni.


FJÁRSKIPTASVÆÐI
ÁRTÖLIN SÝNA HVENÆR NIÐURSKURÐUR
F�fR FRAMM Á HVERJU FJARSKIPTASVÆÐI.
TAKMÖRK FJÁRSKIPTAHÓLFA
VATNAJÖKULL
FAXAFLÓI
BREIÐAFJÖRÐUR
HÚNAFLÓI
Grímsey
Skjálfandi
Eyjafjörður
Skagafjörður
Húnaflói
Breiðafjörður
Faxaflói
Reykjavík
Akranes
Hvalfjörður
Borgarfjörður
Ísafjarðardjúp
Ísafjörður
Bíldudalur
Patreksfjörður
Arnarfjörður
Önundarfjörður
Dýrafjörður
Súgandafjörður
Bolungarvík
Hornbjarg
Látrabjarg
Siglufjörður
Sauðárkrókur
Blönduós
Hvammstangi
Akureyri
Dalvík
Ólafsfjörður
Húsavík
Raufarhöfn
Þórshöfn
Vopnafjörður
Seyðisfjörður
Neskaupstaður
Eskifjörður
Reyðarfjörður
Fáskrúðsfjörður
Stöðvarfjörður
Djúpivogur
Höfn
Kirkjubæjarklaustur
Vík
Kálfafellsstaður
Ingólfshöfði
Hornafjörður
Stykkishólmur
Búðardalur
Ólafsvík
Grundarfjörður
Rif
Arnarstapi
Hellissandur
Borgarnes
Akranes
Hafnarfjörður
Keflavík
Grindavík
Sandgerði
Gullfoss
Geysir
Þingvellir
Hekla
Selfoss
Eyrarbakki
Stokkseyri
Þorlákshöfn
Hveragerði
Laugarvatn
Reykholt
Flúðir
Hella
Hvolsvöllur
Skógar
Vík
Kirkjubæjarklaustur
Öræfi
Skaftafell
Jökulsárlón
Hornafjörður
Ingólfshöfði
Kálfafellsstaður
Djúpivogur
Breiðdalsvík
Stöðvarfjörður
Fáskrúðsfjörður
Reyðarfjörður
Eskifjörður
Neskaupstaður
Seyðisfjörður
Vopnafjörður
Þórshöfn
Raufarhöfn
Kópasker
Húsavík
Ólafsfjörður
Dalvík
Akureyri
Hrísey
Grímsey
Skjálfandi
Eyjafjörður
Skagafjörður
Siglufjörður
Sauðárkrókur
Blönduós
Hvammstangi
Hólmavík
Drangsnes
Hólmavík
Ísafjarðardjúp
Ísafjörður
Bíldudalur
Patreksfjörður
Arnarfjörður
Önundarfjörður
Dýrafjörður
Súgandafjörður
Bolungarvík
Hornbjarg
Látrabjarg
Rif
Ólafsvík
Grundarfjörður
Stykkishólmur
Búðardalur
Borgarnes
Akranes
Hvalfjörður
Borgarfjörður
Hafnarfjörður
Keflavík
Grindavík
Sandgerði
Gullfoss
Geysir
Þingvellir
Hekla
Selfoss
Eyrarbakki
Stokkseyri
Þorlákshöfn
Hveragerði
Laugarvatn
Reykholt
Flúðir
Hella
Hvolsvöllur
Skógar
Vík
Kirkjubæjarklaustur
Öræfi
Skaftafell
Jökulsárlón
Hornafjörður
Ingólfshöfði
Kálfafellsstaður
Djúpivogur
Breiðdalsvík
Stöðvarfjörður
Fáskrúðsfjörður
Reyðarfjörður
Eskifjörður
Neskaupstaður
Seyðisfjörður
Vopnafjörður
Þórshöfn
Raufarhöfn
Kópasker
Húsavík
Ólafsfjörður
Dalvík
Akureyri
Hrísey
Grímsey
Skjálfandi
Eyjafjörður
Skagafjörður
Siglufjörður
Sauðárkrókur
Blönduós
Hvammstangi
Hólmavík
Drangsnes
1944
1937/39
1947
1956
1955
1949
1950
1951
1952
1953
1954
1941/47
1945
1946
1943/49
1948
1949
1950
1951
1952
1953
1954
1955
1956
1957
1958
1959
1960
1961
1962
1963
1964
1965
1966
1967
1968
1969
1970
1971
1972
1973
1974
1975
1976
1977
1978
1979
1980
1981
1982
1983
1984
1985
1986
1987

Fjárskipti og varnir

Karakúlféð kom til landsins 1933 og fjórum árum síðar var orðið ljóst að útbreiðsla og búsifjar af völdum sjúkdóma sem fylgdu fénu voru af þeirri stærðargráðu að afskipti stjórnvalda þyrfti að koma til ef ráða skyldi bót á ástandinu sem skapast hafði í sauðfjárræktinni.

Fyrstu lögin sem sett voru gegn útbreiðslu sauðfjár pestanna voru bráðabirgðalög nr. 116 frá 21. des 1936 um varnir gegn sauðfjárveiki. Síðan hafa fjölmörg lög verið sett t.d. voru árið 1941 sett lög bæði um varnir gegn útbreiðslu mæðiveikinnar, stuðning til bænda, varnargirðingar og fjárskipti. Árið 1947 voru staðfest lög nr. 44 um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra en þá var komin nokkur reynsla á niðurskurð, fjárskipti og varnargirðingar. Þessi lög voru síðan endurskoðuð 1956 og þar ákveðið að lögin skyldu einnig ná til riðuveiki og kýlapestar, þar sem riðuveikin var farin að valda umtalsverðu tjóni víða um land á þeim tíma. Lögin frá 1956 giltu síðan með litlum breytingum allt þar til þau voru felld inn í lög um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim árið 1993.

Fjárskipti voru ekki inni í umræðunni fyrstu árin eftir að einkenni karakúlpestanna komu í ljós bæði vegna þess að hvorki eðli þeirra né gangur var kunnur. Þegar hvorki lækningatilraunir né aðrar ráðstafanir náðu tilætluðum árangri og skoðanir jafnt meðal bænda sem fagmanna voru mjög skiptar hvernig snúast skyldi til varnar, tóku bændur sem urðu fyrir miklu tjóni að skera niður fé sitt og kaupa í staðinn frá stöðum þar sem veikin virtist ekki hafa náð að smita féð en án árangurs.

Þrátt fyrir þennan mótgang og óvissu var ákveðið að ráðast í niðurskurð og fjárskipti á öllum svæðum þar sem sjúkdómanna hafði orðið vart. Ekki var samstaða um þessa ákvörðun og margir fræðimenn vantrúaðir á að þessi leið væri fær en hvað sem því leið var ráðist í fyrstu fjárskiptin samkvæmt nýjum lögum í Suður-Þingeyjarsýslu haustið 1941. Mestu fjárskiptin voru þegar skorið var niður á svæðinu frá Hvalfirði og austur að Ytri-Rangá haustið 1951. Svæðið var haft fjárlaust í eitt ár vegna garnaveiki sem komið hafði upp og var talinn möguleiki á að útrýma henni með því að hafa fjárlaust þennan tíma. Bótaskyld fjártala var um 57 þúsund. Fjárskiptafé inn á þetta svæði kom víðs vegar að af landinu, 10.400 lömb komu sjóleiðis af Vestfjörðum, 17.000 á bílum norð-

an úr Þingeyjarsýslu, 3.400 austan af Síðu og 600 lömb flugleiðis úr Öræfunum.

Eins og gefur að skilja þurfti mikla skipulagningu og undirbúning fyrir slíka flutninga svo að allt gengi þokkalega og greitt fyrir sig því að tíminn var naumur sem gafst til verkefnisins á hverju hausti og veðurfar misjafnt en þetta gekk allt ótrúlega vel fyrir sig. Rannsóknir og staðfesting á sjúkdómum var mikið til í höndum Guðmundar Gíslasonar læknis og starfsfólki Tilraunastöðvarinnar að Keldum og var mikið álag á þessu fólki á haustin í sláturtíðinni. Ákvörðun um á hvaða svæðum skyldi skera niður hverju sinni og hvaðan skyldi kaupa ásetningslömb var í höndum Sauðfjársjúkdómanefndar fyrst og fremst. Það kom síðan í hlut Sæmundar Friðrikssonar, framkvæmdastjóra Sauðfjárveikivarna, að sjá um skipulagningu fjárskiptanna, greiðslu bóta, uppsetningu girðinga og viðhald þeirra. En allar ákvarðanir voru að sjálfsögðu á ábyrgð landbúnaðarráðherra.

Því miður varð mæðiveikinni ekki útrýmt á öllum svæðum þar sem skipt var um fé í fyrsta sinn og urðu Dalirnir sérstaklega illa úti í þeim efnum. Fyrst kom mæðiveikin upp á ný 1954 norðan Laxárdalsgirðingar og síðan í þrígang sunnan girðingarinnar, síðast á tveimur bæjum í Suður Dölum í apríl 1963. Síðasta staðfesta mæðiveikitilfellið kom svo upp á bænum Hreimsstöðum í Norðurárdal haustið 1965. Allt fé á bænum var skorið niður sama haust og síðan hefur mæðiveiki ekki verið staðfest hér á landi.

Varnargirðingar

Fyrstu girðingar til varnar útbreiðslu sauðfjársjúkdómanna voru settar upp á árinu 1937 og því haldið áfram eftir því hvernig niðurskurði var hagað. Talið er að alls hafi verið settar upp allt að 2000 km í girðingum á vegum Sauðfjárveikivarna.

Víða voru vörslumenn við hlið á vegum og fóru einnig með girðingunum til að stugga fé frá og gera við ef með þurfti. Með þessu tókst að halda stórum svæðum fríum við pestirnar og þar með fengust líflömb í stað þess fjár sem skorið var niður. Stór hluti þessara girðinga stendur enn og er nauðsynlegt að halda þeim við til að hindra að búfé þvælist óhindrað um landið og jafnframt er öryggi í þeim til að koma í veg fyrir útbreiðslu ef til kæmi að nýir búfjársjúkdómar bærust til landsins.

Heimildir:

Þættir um innflutning búfjár og karakúlsjúkdóma, Reykjavík 1947.
Sæmundur Friðriksson: Barátta við sauðfjársjúkdóma, Árbók landbúnaðarins, árg. 1970, bls. 101–127.

Kostnaður vegna útrýmingar mæðiveiki

Framlag hvers árs		**Vísitala** neysluverðs án húsnæðis-grunnur 1914	**Framlag hvers** árs ÍKR. - verðlag árslok 2003
Árslok 37	2.512.304	209	525.092.239
Árslok 38	2.512.304	211	520.115.061
Árslok 39	2.512.304	219	501.115.424
Árslok 40	2.512.304	287	382.384.243
Árslok 41	2.512.304	367	299.030.730
Árslok 42	2.512.304	481	228.158.582
Árslok 43	2.512.304	608	180.500.457
Árslok 44	2.512.304	635	172.825.634
Árslok 45	2.512.304	658	166.784.617
Árslok 46	2.512.304	701	156.553.891
Árslok 47	2.512.304	758	144.781.369
Árslok 48	2.512.304	768	142.896.195
Árslok 49	2.512.304	787	139.446.351
Árslok 50	9.892.555	1.042	414.715.674
Árslok 51	13.957.794	1.402	434.889.043
Árslok 52	15.950.060	1.595	436.828.866
Árslok 53	16.809.318	1.577	465.616.214
Árslok 54	8.866.577	1.595	242.831.486
Árslok 55	5.810.313	1.669	152.073.271
Árslok 56	6.841.212	1.863	160.409.428
Árslok 57	10.866.140	1.946	243.917.048
Árslok 58	8.748.528	2.075	184.173.262
Árslok 59	4.893.118	2.106	101.493.217
Árslok 60	5.785.030	2.323	108.784.270
Árslok 61	5.491.246	2.595	92.436.445
Árslok 62	4.555.538	2.905	68.501.997
Árslok 63	7.211.409	3.265	96.482.075
Árslok 64	15.982.832	3.905	178.789.657
Árslok 65	22.136.685	4.195	230.510.289
Árslok 66	6.777.550	4.733	62.552.680
Árslok 67	8.316.588	4.889	74.307.876
Árslok 68	9.626.048	5.679	74.043.314
Árslok 69	10.156.033	7.047	62.954.898
Kostnaður alls	**231.334.526**		**6.920.903.566**

Þorsteinn Ólafsson

Nautgripasæðingar á Íslandi

Guðmundur Gíslason segir frá því í grein í Búnaðarritinu 1945 að sæði hafi verið tekið úr nautum í nágrenni við Reykjavík og nokkrar kýr verið „frjódældar“. Einhverjar kýr virðast hafa haldið. Það virðist vera að Guðmundur hafi kennt mönnum að sæða ær og kýr með glenni. Hann hvetur til þess að komið verði upp sæðingastöðvum fyrir nautgripi.[1]

Í Frey 1946 er ómerkt (Gísli Kristjánsson, ritstjóri) frétt sem segir frá Sæðingastöð Sambands Nautgriparæktarfélaga Eyjafjarðar. Þar er sagt frá því að tveir íslenskir búfræðikandidatar hafi numið störf sem eru tengd „þessari nýtízku-kynbótastarfsemi,“ Hjörtur Eldjárn í Englandi og Sverrir Arngrímsson í Danmörku. Þar kemur fram að Hirti hafi verið falið það hlutverk að annast flutninga á sæði úr skoskum hrútum hingað til lands veturinn 1945–1946. Nú hafi Hjörtur hafið störf á sviði nautgriparæktarinnar með stofnun sæðingastöðvar á vegum Sambands Nautgriparæktarfélaga Eyjafjarðar.

Stöðin var á Grísabóli við Akureyri og var útbúin að enskri fyrirmynd og verkfæri og tæki voru af enskum uppruna. Gangur starfsins og tæknin sem notuð var er þó sögð vera að mestu eins og gerist á Norðurlöndum. Nautin voru þrjú og voru tvö þeirra feðgar ættaðir frá Kluftum. Starfssvæði stöðvarinnar var það sama og Mjólkursamlagssvæði KEA, úr Svarfaðardal í Eyjafjarðarbotn og út í Höfðahverfi. Árangur sæðinganna var mjög góður, um 80% af kúnum voru með kálfi eftir 1. sæðingu.[2]

Hjörtur Eldjárn segir frá því í starfsskýrslu að hann hafi vegna ráða og tilmæla dr. Halldórs Pálssonar kynnt sér sæðingar búfjár í Englandi og unnið á sæðingastöð fyrir nautgripi frá vorinu 1944 til vors 1945. Hjörtur var ráðinn haustið 1945 til tveggja ára til Búnaðarfélags Íslands og var aðalverkefni hans að hafa með höndum sæðingar búfjár í samráði við búfjárræktarráðunauta Búnaðarfélagsins. Það kemur fram að frá sæðingastöðinni á

Frá Einangrunarstöðinni í Hrísey. F.v.: Þorsteinn Ólafsson dýralæknir, Guðjón Björnsson og Valdís Kristinsdóttir með tvo Galloway-kálfa.

Grísaból voru sæddar 460 kýr frá því í maí 1946 til áramóta. Í forföllum Hjartar stóð Jónmundur Zóphóníasson fyrir stöðinni.[3]

Í Búnaðarritinu 1948 skrifar Páll Zóphóníasson um nautgriparækt. Þar er hugleiðing um sæðingastöðvar og segir frá því að sæðingar séu framkvæmdar í Eyjafirði og að þær séu ráðgerðar á næstunni í Borgarfirði og á svæði Búnaðarsambands Kjalarnesþings.[4]

Þó að stöðin í Eyjafirði sé ennþá eina sæðingastöðin sem er starfrækt fyrir nautgripi 1948 er að koma í ljós að sú starfsemi er að festa rætur.[5] Öðru máli gegndi um sauðfjársæðingarnar sem eru fyrst og fremst notaðar í baráttunni við sauðfjársjúkdómana.

Kúasæðingarnar fóru hægt af stað. 1949 voru sæddar um 2000 kýr frá Eyjafjarðarstöðinni og höfðu þá haldið 82,4% af kúm sem sæddar höfðu verið. Páll Zophóníasson talar um að sæðingarnar séu dýrar og stöðin þurfi að fá leyfi til innkaupa á þremur nýjum jeppabílum til þess að þurfa ekki að nota bílakost sem kostar margfalt við það sem þyrfti að vera.[6]

Líklega hefjast sæðingar frá stöð á Hvanneyri 1949. Þar starfaði nautgriparæktarráðunauturinn einn og stöðin var ekki starfrækt samfellt allt árið. Á árunum 1951 og 1952 voru sæddar, eða frjódældar eins og Ólafur E. Stefánsson segir, 200 kýr hvort ár. Stöð á Lágafelli tók til starfa 1. okt. 1951 og voru sæddar 86 kýr það ár og 348 kýr næsta ár. Nú er farið að tala um fanghlutfall við 1. sæðingu sem var frá 64% til 68%.[7]

Greinilegt er að reksturinn hefur verið þungur. 1952 er starfsmönnum við stöðina á Grísabóli fækkað úr 3 í 2 og hætt var að sæða á sunnudögum. Þá virðist vera að starfrækt sé útibú í Svarfaðardal því þaðan voru frjódældar 133 kýr með árangri[8]. Sæðingar á sunnudögum voru teknar upp aftur 1. júní 1955 því það kom



Árangur sæðinga kúa mældur sem hlutfall kúa sem ekki koma til endursæðingar innan 60 daga frá 1. sæðingu, hægri ás og blá lína. Súlurnar og vinstri ás sýna hve hátt hlutfall af kúm og kelfdum kvígum er sætt árlega fram til 1992. Eftir það er miðað við kýr.



Fjöldi sæddra kúa og hlutfall af kúm og kelfdum kvígum sem eru sæddar árlega fram til 1992. Eftir það er miðað við kýr.

í ljós að menn hleyptu heldur fram af kúnum en að nota heimanaut. Stöðin skilaði 30 þúsund kr. hagnaði 1954.[9]

Bjarni Arason fór til Englands og kynnti sér þá nýjung að frysta nautasæði 1956 og eftir að hann kynnti þessa tækni á ráðunautafundi í nóvember það ár héldu nokkrir ráðunautar fund 1. desember og ræddu það hvort stefna ætti að því að taka þessa nýjung upp hér á landi.[10]

Á árinu 1957 reisti Búnaðarsamband Suðurlands glæsilega sæðingastöð sem var sú stærsta á landinu, 335m² með básа fyrir 20 naut og stíur fyrir nautkálfa í uppeldi. Hún tók til starfa 2. janúar 1958 undir stjórn Sigurmundar Guðbjörnssonar. Búnaðarsamband Eyjafjarðar samdi um það við héraðsdýralækninn að hann hefði daglegt heilbrigðiseftirlit með sæðingastöðinni á Grísabóli frá 1. febrúar 1958.[11]

Stöðin á Lágafelli hætti nautahaldi 10. október 1961 og fór að kaupa sæði frá Laugardælum. Sama ár fór annar starfsmaður Lágafellsstöðvarinnar og sótti námskeið í sæðingum í Danmörku og tók próf.[12] Er ekki annað að sjá en að menn hafi yfirleitt kennt hver öðrum handlagið við sæðingarnar.

Áður var minnst á að 1956 var farið að ræða um hvort ætti að fara að nota fryst nautasæði, en þrátt fyrir það ákváðu Skagfirðingar og Húnvetningar 1962 að reisa sameiginlega sæðingastöð á

Blönduósi.[13] Sú stöð hóf starfsemi undir stjórn Ævars Hjartarsonar ráðunautar 15. maí 1963. Í sömu skýrslu kemur fram að stöðvarnar eru farnar að senda sæði víða um land og að Jón Pétursson dýralæknir á Egilsstöðum hafi sætt 29 kýr með sæði sem sent var með flugi frá Laugardælum.[14]

Árangur sæðinganna á þessum árum var oft á bilinu 67 til ríflega 70% fang og sæðingar á kú 1,46–1,55. Þessi árangur virðist vera raunverulegt fanghlutfall, því nautgriparæktarráðunauturinn Ólafur E. Stefánsson birtir mjög nákvæma skýrslu á hverju ári þar sem tekið er fram hve mörgum kúm var slátrað kálflausum eða haldið undir naut og afgangurinn var færður til næsta árs.

Í skýrslu um störf B.Í. 1967 greinir Halldór Pálsson búnaðarmálastjóri frá því að stjórn B.Í. hafi ákveðið að fá til landsins mann frá Noregi með reynslu í notkun og meðferð djúpfrysts nautasæðis. Til fararinnar valdist Oddmund Filseth, dýralæknir yfirmaður nautastöðvarinnar á Stensby. Filseth heimsótti þær 4 nautastöðvar sem voru þá starfræktar í landinu, Tilraunastöðina á Keldum og Áburðarverksmiðjuna í Gufunesi. Í skýrslu sem hann skilaði telur hann nautgripasæðingar vel á veg komnar hér á landi. Hann ályktar að notkun djúpfryst sæðis í stað fersks yrði hagkvæmari leið og ein stöð ætti að nægja fyrir allt landið.

Í framhaldi af þessum athugunum var haldinn fundur 12. sept-



Fjöldi sæddra kúa og dreifing sæðis frá sæðinga- og dreifingastöðvum á meðan notað var ferskt sæði.

ember. Fundinn sátu 36 fulltrúar flestra búnaðarsambandanna og búfjárræktarstöðva o.fl. Eftirtaldir 7 menn voru kosnir í framkvæmdanefnd til að undirbúa málið. Ólafur E. Stefánsson, formaður, Egill Bjarnason, ritari, Bjarni Arason, Hjalti Gestsson, Sigfús Þorsteinsson, Sigurjón Steinsson og Skafti Benediktsson. Sveinbjörn Jónsson hæstarréttarlögmaður var nefndinni til ráðgjafar og taldi eðlilegt að B.Í. ætti stöðina.[15]

Ólafur E. Stefánsson getur þess í skýrslu sinni 1969 að framkvæmdanefndin sem áður var getið hafi lokið störfum 18. febrúar 1968 og skilað skýrslu til stjórnar B.Í. Á búnaðarþingi voru kosnir 4 menn í kynbótanefnd stöðvarinnar og Ólafur var tilnefndur formaður og oddamaður af stjórn B.Í. Nefndinni var falið að endurskoða kostnaðaráætlun við stofnun og rekstur djúpfrystistöðvar. Ólafi finnst málið vinnast seint.[16]

Búnaðarmálastjóri gerir nánari grein fyrir málinu í sinni skýrslu sama ár. Þar kemur fram að B.Í. veitti Sigurmundi Guðbjörnssyni, forstöðumanni Kynbótastöðvarinnar í Laugardælum og Diðriki Jóhannssyni, forstöðumanni Búfjárræktarstöðvar Vesturlands styrk til þriggja mánaða dvalar við Dýralæknaháskólann í Ósló og við nautastöðina í Hamri undir handleiðslu Oddmund Filseth. Þeir voru svo til ráðgjafar um áframhaldandi undirbúning við stofnun frystistöðvar fyrir nautasæði. Í skýrslunni kemur fram ágreiningur um hvar á að velja stöðinni stað. Forsvarsmenn Búfjárræktarstöðvarinnar á Hvanneyri höfðu boðið B.Í. mannvirki og aðstöðu á Hvanneyri til kaups með góðum skilmálum. Hins vegar höfðu forsvarsmenn Kynbótastöðvarinnar í Laugardælum boðið ókeypis aðstöðu til 10 ára. Stjórn Búnaðarfélagsins taldi rétt að kaupa mannvirki strax í byrjun. Í framhaldi af því bauðst stöðin í Laugardælum til kaups samkvæmt mati.

Í bréfi 13. ágúst mælir yfirdýralæknir Páll A. Pálsson með því að stöðinni verði valinn staður á Hvanneyri frekar en Laugardælum, vegna þess að garnaveiki hafi ekki fundist í nautgripum í Borgarfjarðarsýslu, en í Árnessýslu hafi nautgripir sýkst á nokkrum bæjum.

Að ósk stjórna Kynbótastöðvarinnar í Laugardælum og Búnaðarsambands Suðurlands var haldinn fundur með stjórn Búnaðarfélags Íslands 20. nóvember um staðsetningu djúpfrystistöðvarinnar. Hafði Hjalti Gestsson framsögu af hálfu Sunnlendinga. Lögðu þeir ríka áherslu á að Laugardælastöðin yrði fyrir valinu

„og einn fundarmaður gaf í skyn, að líkur væru fyrir, að sunnlenzkir bændur myndu skerast úr leik, ef fram hjá Laugardælum yrði gengið.“ Stjórn B.Í. gerði bókun um þetta mál 5. desember 1968. Þar kemur fram að Ásgeir Bjarnason og Pétur Ottesen samþykkja að stöðin verði á Hvanneyri og vísa til ummæla Ólafs E. Stefánssonar, Páls A. Pálssonar og Filseths dýralæknis í Noregi.

Þorsteinn Sigurðsson leggur hins vegar til að stöðin verði í Laugardælum:

„...sökum þess að 1. Helmingur þeirra kúa sem sæddar verða frá djúpfrystingarstöðinni eru á Suðurlandi. 2. Sæðingar hafa orðið og eru fullkomnari á Suðurlandi en annarsstaðar á landinu. 3. Samgöngur við Reykjavík, þ.e. flug og áætlunarbíla víðs vegar um landið, eru betri og öruggari en frá Hvanneyri.“

Búnaðarmálastjóra var falið að undirbúa samninga um fjármál stöðvarinnar, afhendingu á henni og leita eftir forstjóra fyrir hana. Það var því ljóst að Hvanneyri varð fyrir valinu.[17]

Í grein sem Ólafur E. Stefánsson ritar í Frey 1970 kemur fram að Búnaðarfélag Íslands hafi keypt Búfjárræktarstöð Vesturlands á Hvanneyri og fengið hana afhenta í júlí 1969. Framkvæmdastjóri var ráðinn Diðrik Jóhannsson frá 1. apríl og honum til aðstoðar Sveinn Gestsson frá 1. september. Fyrsta kýrin var sædd með frystu sæði 3. ágúst og sala djúpfrysts sæðis hófst 18. september. Á næstu mánuðum gerðust búnaðarsamböndin hvert af öðru viðskiptaaðilar að stöðinni. Greinilegt er að á fyrri hluta árs 1970 verði öll búnaðarsamböndin farin að skipta við stöðina nema Búnaðarsamband Suðurlands. Hinn 12. febrúar 1970 voru til á stöðinni yfir 18.000 skammtar af sæði sem svaraði til hálfs árs birgða. Mest voru til 4.500 skammtar úr einu nauti.[18]

Fyrsta námskeið í sæðingum nautpenings á Íslandi var haldið 2. til 20. mars 1970. Nú er greinilega komin reglugerð um búfjársæðingar þar sem eru fyrirmæli um þjálfun starfsmanna. Undirbúning námskeiðsins önnuðust Diðrik Jóhannsson og Ólafur E. Stefánsson í samráði við Pál A. Pálsson yfirdýralækni. Þátttakendur voru 11. Það er áberandi að þeir eru lang flestir af svæðum þar sem sæðingar hafa ekki verið áður, þannig að reyndir sæðingamenn hafa ekki farið á þetta námskeið. Kennarar voru átta, Stefán Ólafur Jónsson, fulltrúi, Diðrik Jóhannsson, framkvæmdastjóri,

ráðunautarnir Jóhannes Eiríksson, Ólafur E. Stefánsson og Sveinn Hallgrímsson og dýralæknarnir Guðbrandur E. Hlíðar, Brynjólfur Sandholt og Páll A. Pálsson. Aðstaða til verklegra æfinga var í Sláturfélagi Suðurlands og þátttakendur heimsóttu Nautastöðina á Hvanneyri og Tilraunastöðina á Keldum.[19]

Næsta námskeið var haldið í Reykjavík 26. október til 18. nóvember 1970. Þátttakendur voru 14 og 10 öðluðust réttindi. Ennþá er ekki að sjá að talin hafi verið þörf á því að reyndir sæðingamenn færu á námskeið nema Njáll Þórðarson á Blönduósi hlustaði á nokkra fyrirlestra. Kennarar voru þeir sömu og á fyrsta námskeiðinu, en Sigurður Sigurðarson, dýralæknir bættist í kennarahópinn. Ekki er laust við að örli á því í fréttinni að ritstjórinn Gísli Kristjánsson sé að afsaka þátt dýralækna í kennslunni þegar hann segir:

„Í þessum efnum er tekið með í dæmið, að starfsmennirnir hafa fengið nokkra æfingu í að kanna afbrigðileg fyrirbæri í líffærum kúnna. –Með tilliti til þess er handleiðsla dýralækna bæði eðlileg og sjálfögð á svona námskeiði...“

Seinna í sama hefti af Frey er svo grein eftir Björn Bjarnason, dýralækni á Höfn í Hornafirði: „Sæðing og ófrjósemi nautgripa“.[20]

Þriðja námskeiðið var haldið í nóvember 1971. Auk Guðbrands Hlíðar og Páls Agnars kenndu á því námskeiði tveir ungir dýralæknar, Sigurður Sigurðarson og Valdimar Brynjólfsson.[21]

Kynbótastöðin í Laugardælum hélt áfram að starfrækja nautastöð eins og hafði verið hótað á fundinum 20. nóvember 1968. Þar var notað ferskt sæði áfram, en 4. apríl 1972 var byrjað að frysta sæði þar í tilraunaskyni og 20. maí var farið að nota fryst sæði eingöngu á svæði Kynbótastöðvarinnar í Laugardælum og þar með á landinu öllu.[22]

Voru starfræktar tvær nautastöðvar þangað til nautahaldi var hætt í Laugardælum í september 1978.[23] Þar með var því markmiði náð sem stefnt hafði verið að, að sæði væri fryst á einum stað. Hins vegar var ekki búið að koma uppeldismálum væntanlegra nauta í fastan farveg, en þess var skammt að bíða. Byggð var uppeldisstöð fyrir naut í Þorleifskoti og tók hún til starfa 14. nóvember 1978. Sveinn Sigurmundsson sá um rekstur stöðvarinnar í byrjun.[24] Þar með var sæðingastarfsemin í mjólkurkúastofninum komin í þann farveg sem hún er ennþá.

Síðla sumars 1978 ákvað stjórn Búnaðarfélags Íslands að gefa 1000 sæðisskammta úr 4 nautum til Svíþjóðar. Hafði borist ósk um að fá sæði úr íslenskum nautum til þess að kynbæta kollótta sænska kynið (SKB) og hafði málið tekið langan tíma. Sæðið var flutt út 22. janúar 1979.[25]

Þorsteinn Ólafsson lærði fósturvísaflutning í Danmörku 1984. Hann byrjaði fljótlega eftir það að fikra sig áfram við að flytja fósturvísa, m.a. í Tilraunafjósinu í Laugardælum. Þar fæddist kálfur 7. nóvember 1985 sem hann flutti sem fósturvísi úr kúnni Dagsbrún 777 í fóstur.[26] Hefur Þorsteinn flutt fósturvísa öðru hverju milli kúa í ræktunarkjarna á Tilraunabúinu á Stóra Ármóti og hjá bændum víða um land.

Heimildir:

1 Guðmundur Gíslason. Sæðing húsdýra, Búnaðarritið 58 bls. 84–119, 1945.
2 Freyr 41 1946 bls. 316–318.
3 Búnaðarritið 60 1947, bls. 149–153.
4 Búnaðarritið 61 1948, bls.109–138.
5 Búnaðarritið 62 1950, bls. 90–92.
6 Búnaðarritið 64 1951, bls. 316–324.
7 Búnaðarritið 66 1953, bls. 307–313.
8 Búnaðarritið 67 1954, bls. 178–183.
9 Búnaðarritið 69 1956, bls. 104–109.
10 Búnaðarritið 70 1957, bls. 68–74.
11 Búnaðarritið 71 1958, bls. 70–78.
12 Búnaðarritið 75 1962 bls. 102–106.
13 Búnaðarritið 76 1963, bls. 89–93.
14 Búnaðarritið 77 1964, bls. 61–68.
15 Búnaðarritið 81 1968 bls. 1–27.
16 Búnaðarritið 82 1969 bls. 78–93.
17 Búnaðarritið 82 1969 bls. 22–47.
18 Freyr 66 1970, bls. 123–131.
19 Freyr 66 1970, bls. 318–319.
20 Freyr, 67 1971, bls. 311–312.
21 Freyr, 68 1972, bls. 364.
22 Búnaðarritið, 86 1973, bls. 70–84.
23 Ársrit Búnaðarsambands Suðurlands, 10 1979, bls. 129–130.
24 Búnaðarritið, 92 1979, bls. 52–67.
25 Ársrit Búnaðarsambands Suðurlands 1985, bls. 127.
26 Nautgriparæktin XI 1994, bls. 146–147.

Helga Finnsdóttir

Kvennasmiðjan

Haustið 1985 lauk kvennaáratug Sameinuðu þjóðanna. Í tilefni þess og tíu ára afmælis kvennafrídagsins, var ákveðið að opna sýningu í Kvennasmiðju þar sem konur kynntu störf sín og verk í máli og myndum og vektu um leið athygli á vinnuframlagi sínu, launakjörum og atvinnuþátttöku í þjóðfélaginu. Konum í Dýralæknafélagi Íslands, sem voru 6 á þessum tíma, var boðin þátttaka og mættu þær Kirsten Henriksen og Helga Finnsdóttir á kynningar- og undirbúningsfund fyrir sýninguna á Hótel Hofi í september. Hjá okkur var mikill áhugi á að vera með og eftir að stjórn DÍ hafði góðfúslega samþykkt að okkur væri heimilt að taka þátt í sýningunni undir merkjum félagsins, lofað greiðslu á básaleigu og myndarömmum, var boðið þegið.

Kynningin fór fram í ófullgerðu húsnæði Seðlabankans á Sölv-

Sýningarbás Dýralæknafélags Íslands á sýningu Kvennasmiðjunnar 1985.

hólsgötu, dagana 24. til 31. október. Básinn okkar var örlítill, enda var efni er varðaði íslenskar konur í dýralæknastéttinni af afar skornum skammti. Kirsten kom með fellibönd og handverkfæri úr eigu hennar og Páls Agnars eiginmanns hennar og voru felliböndin hengd upp en áhöldunum komið smekklega fyrir í litlum sýningarskáp. Hópmynd af íslensku dýralæknastéttinni, tekin 1984, mynd með yfirliti yfir fjölda íslenskra dýralækna frá upphafi og hlutfalli kvenna í þeirra hópi og mynd með yfirliti yfir starfsvettvang dýralækna á Íslandi voru hengdar á vegg. Í einu horni var svo komið fyrir sjónvarpi og myndbandstæki og sýnt myndband af störfum dýralæknisins víðfræga, James Herriot. Sýningin var opin frá hádegi og fram á kvöld alla sýningardagana. Kirsten og Helga stóðu vaktina á hverjum degi og svöruðu fyrirspurnum um allt er viðvék dýralæknum, störfum þeirra og námi.

Daglega kom út blaðið Kvennasmiðjan og heimsóttu blaðakonur þess okkur dýralæknana í bás 11 og birtist frásögnin um heimsóknina miðvikudaginn 30. október. (Kvennasmiðjan, 6. tbl., 1. árg. 1985, bls 2).

Ekki er að orðlengja það, að aðsókn að Kvennasmiðjunni var afar góð alla sýningardagana, enda voru kynntar þar yfir 70 starfsgreinar kvenna. Sýningin vakti verðskuldaða athygli á íslenskum konum í dýralæknastétt og stéttinni í heild og ekki síður þeirri ánægjulegu staðreynd, að við konur höfum frá byrjun staðið jafnfætis karlkyns starfsbræðrum okkar, bæði hvað varðar atvinnumöguleika og launakjör.

Eggert Gunnarsson

Loðdýrasjúkdómar og innflutningur loðdýra

Inngangur

Loðdýrarækt hér á landi hófst með innflutningi silfurrefa frá Noregi í nóvember 1929. Blárefir voru fluttir til landsins árið 1933 og 1939 var flutt inn afbrigði af silfurref, svokallaður platínurefur. Eitthvert framhald varð á þessum innflutningi fram á næsta áratug en þá lagðist hann af.

Fyrsti innflutningur á alimink átti sér stað haustið 1931, en þá voru flutt inn þrjú dýr. Árið eftir komu 80 dýr. Öll þessi dýr komu frá Noregi. Næstu árin voru flutt inn dýr frá Noregi og Svíþjóð. Árið 1943 komu fáeinir minkar frá Kanada og árið eftir 30 úrvalsdýr frá Bandaríkjunum en þar með var þessum innflutningi lokið um sinn.[6]

Ekki er talið að sjúkdómar hafi borist með þessum innfluttu dýrum. Menn óraði hins vegar ekki fyrir hvílíku tjóni minkurinn kom til með að valda í lífríki landsins eftir að hann slapp út og aðlagaði sig nýju umhverfi. Af þessum sökum var öll loðdýrarækt bönnuð hér á landi með lögum laust upp úr 1950 og stóð það bann í tæplega 20 ár eða til 1970 er loðdýrarækt hófst hér að nýju með innflutningi á minkum frá Noregi.

Heldur gekk minkaræktin brösulega til að byrja með og var afkoma bænda afar léleg. Frjósemi var lítil og átti sjúkdómurinn plasmacytosis þar stóran hlut að máli. Um 1980 var svo komið að einungis örfá minkabú voru starfandi á landinu. Var þá hafist handa um útrýmingu á þessum skæða sjúkdómi og var það gert með niðurskurði og stofnskiptum á árunum 1983–1985.[3] Þróaðist minkaræktin ört á næstu árum og varð mikil fjölgun minkabúa í kjölfarið. Urðu þau flest 1988 eða um 170 talsins. Vegna lækkandi skinnaverðs fækkaði aliminkum mjög á árunum 1989–1992 en búgreinin náði sér síðan aðeins á strik aftur. Á seinni árum hefur

Þróun minkaræktar á Íslandi 1970–2003



verið nokkuð góður stöðugleiki í greininni. Árið 2003 voru starfandi um 28 minkabú með rúmlega 30.000 kynbótadýr.

Refarækt hófst með innflutningi á ref frá Skotlandi 1979 en þar var um að ræða ref af norskum uppruna. Refabúin urðu flest árið 1986. Verð á refaskinnum hefur verið mjög sveiflukennt og afkoman í greininni löngum slök. Íslenski alirefastofninn telur nú rétt um 3.400 dýr á 15 búum, flest þeirra blönduð bú með bæði ref og mink.

Sjúkdómar á íslenskum loðdýrabúum

Þau sjúkdómavandamál sem helst verður vart við í loðdýraræktinni tengjast fóðri á einn eða annan hátt, umönnun, veðurfari eða öðrum umhverfisþáttum. Hér eins og víða annars staðar hafa komið upp frjósemisvandamál, m.a. fósturlát og mikill hvolpadauði í kringum got, einkum í ref. Mjög erfitt er að henda reiður á orsök en oftar en ekki tengjast þessi vandamál þó líklega fóðrinu, fóðurtækni og/eða umönnun eða öðrum umhverfisþáttum. Ef frá er talinn veirusjúkdómurinn plasmacytosis í mink hafa loðdýr á Íslandi hins vegar til þessa verið laus við flesta þá smitsjúkdóma sem víða annars staðar valda loðdýrabændum miklum búsifjum. Erlendis verja loðdýrabændur árlega miklum tíma og fjármunum í að halda þessum sjúkdómum í skefjum, t.d. með bólusetningum og öðrum fyrirbyggjandi aðgerðum. Það er mikils um vert að halda þessari sérstöðu.

Af smitsjúkdómum sem vart hefur orðið við í eldi hér á landi skulu nokkrir nefndir.

Plasmacytosis. Sjúkdómurinn kom með fyrsta minknum sem fluttur var inn 1970 frá Noregi en á þeim tíma var ekki tiltækt neitt öruggt greiningarpróf. Magnaðist hann upp á fáeinum árum og náði nærri því að ganga að allri minkarækt dauðri. Sjúkdómnum var útrýmt á árunum 1983–1985 með niðurskurði og stofnskiptum.[3] Eftir það batnaði afkoma minkabænda til muna. Árið 1972 var meðalfrjósemi á íslenskum minkabúum aðeins 1,2 hvolpar á paraða læðu. Síðan var frjósemin um 3 hvolpar að meðaltali á þeim árum sem plasmacytosis herjaði hvað verst en eftir niðurskurðinn og stofnskiptin hefur hún batnað ár frá ári og hefur síðustu ár verið um 5 hvolpar að meðaltali. Öllum minkabúum landsins er skylt að láta blóðprófa árlega um 10–15% af lífdýrastofninum fyrir plasmacytosis. Ástæðan er sú að all nokkur smithætta stafar frá villta minkastofninum. Rannsóknir hafa leitt í ljós að hann er sýktur og hefur útbreiðsla og smittíðnin aukist síðustu áratugina.[4, 6] Það er því full ástæða til þess að vera á varðbergi. Ísland er eina landið í heiminum sem tekist hefur að útrýma plasmacytosis í alimink og mikilvægt að halda þeirri stöðu. Þá má ekki gleyma því að þessi sjúkdómur getur alltaf borist hingað með innfluttum dýrum.

Lungnafár í minkum af völdum *Pseudomonas aeroginosa*. Um er að ræða sýkingu af völdum bakteríu sem er alls staðar í umhverfinu, sérílagi í jarðvegi og rotnandi jurtaleifum. Sjúkdómsins verður helst vart á haustmánuðum og getur farið sem eldur í sinu og valdið stórfelldu tjóni. Lungnafárs hefur nokkrum sinnum orðið vart hér á landi, síðast árið 2000. Brugðist er við með lyfjagjöf og bólusetningu.

Lungnafár í mink. Lungu úr mink með lungnabólgu af völdum Pseudomonas aeroginosa. Hluti lungnanna mjög bólginn og blóðþrunginn. Sjúkdómurinn kemur upp öðru hvoru hér á landi og veldur oft stórfelldu tjóni.

Refavanki (nosematosis) er sníkjudýrasjúkdómur í ref af völdum einfrumungs. Sjúkdómurinn kemur niður á frjósemi og þrifum hvolpa. Sjúkdómurinn smitast á fósturskeiði og er ólæknandi. Fullorðin dýr sýna aldrei nein sjúkdómseinkenni. Ekkert bóluefni er til til varnar.

Refavanki hefur einu sinni greinst í aliref hér á landi. Brugðist var við með niðurskurði. Líkur benda til að hann hafi annað hvort borist inn á búið með rottum eða villtum íslenskum ref en sjúkdómurinn finnst í villta refastofninum.[2, 5]

Smitandi lifrarbólga (virus hepatitis/fox encepahlitis) hefur einu sinni (1983) komið upp í ref. Þetta er sjúkdómur sem er landlægur í hundum hér á landi. Hann hefur einnig fundist í villta refastofninum.[2] Í áðurnefndu tilviki var líklega um smit frá hundum að ræða.

Eyrnamaur (*Otodectes cynotis*) barst hingað til lands með innfluttum silfurref 1983. Hann finnst einnig í villta refastofninum á vissum landsvæðum.[1, 2] Maurinn hefur smátt og smátt dreifst á alirefabú um allt land.

Streptokokka sýkinga verður vart við á hverju ári í ref sem er skyndidauði hálfstálpaðra hvolpa. Orsökin er blóðeitrun út frá bitsári, oftast á útlimum. Oftast má koma í veg fyrir þetta með því að draga ekki of lengi að aðskilja hvolpana og koma þannig í veg fyrir slagsmál og illdeilur þeirra í millum.



Eyrnamaur í ref, Otodectes cynotis, 25 x stækkun. Þetta sníkjudýr barst líklega til landsins með innfluttum silfurref 1983. finnst einnig í villtum ref á vissum landsvæðum.

Innflutningur loðdýra

Íslensk loðdýrarækt hefur frá upphafi verið háð innflutningi dýra erlendis frá. Vegna smæðar lífdýrastofnsins verður enn um sinn að flytja reglulega inn kynbótadýr ef íslensk loðdýrarækt á að standa jafnfætis því besta sem gerist erlendis.

Fyrstu minkarnir komu frá Noregi 1970. Við stofnskiptin 1983–1985 voru fluttir inn minkar frá Danmörku. Síðan hafa verið fluttir inn minkar öðru hvoru, síðustu ár nær árlega. Dýrin koma mest megnis frá Danmörku en einu sinni hafa verið flutt inn dýr frá Noregi.

Fyrstu alirefirnir komu frá Skotlandi 1979 en um var að ræða ref af norskum uppruna. Aftur var flutt inn 1980 og síðan þá nokkuð reglulega. Í upphafi var mest flutt inn frá Noregi. Mestur var innflutningurinn 1983 á upphafsárum refaræktarinnar til þess að fullnægja eftirpurn eftir lífdýrum. Árin 1986 og 1987 voru flutt inn talsvert mörg lífdýr, einkum vegna vaxandi áhuga á ræktun ýmis konar litarafbrigða í ref og nauðsyn þess að fá inn í landið sem fjölbreyttast erfðaefni. Síðan þá hefur að mestu verið um innflutning tiltölulega fárra dýra í kynbótaskyni, hin síðari ár frá Finlandi.

Sjúkdómahætta við innflutning

Öllum innflutningi fylgir nokkur áhætta hvað varðar sjúkdóma og verður að kappkosta að búa svo um hnútana við innflutning að næmir sjúkdómar berist ekki til landsins.

Til þess að koma í veg fyrir að áður óþekktir sjúkdómar berist hingað við innflutning er þrennt mikilvægast.

Í fyrsta lagi að vel sé staðið að verki við val á lífdýrum til innflutnings. Mikilvægt er að kanna vel heilbrigðisástand á þeim stöðum, sem leitað er til um kaup á dýrum. Sjúkdómar, sem eru óþekktir hér, geta hafa verið landlægir erlendis um árabil og menn því hættir að veita þeim eftirtekt eða þá að þeim er haldið niðri með bólusetningu. Berist slíkir sjúkdómar hingað geta þeir valdið stórtjóni. Mest hætta er á því að sjúkdómar berist með svökölluðum duldum smitberum, þ.e. dýrum sem virðast vera heilbrigð, en bera engu að síður smit. Slíkir smitberar eru algengir þar sem bólusetning er notuð til að halda sjúkdómum í skefjum. Af þessum sökum hefur einungis verið heimilaður innflutningur frá búum sem nota ekki bólusetningu til varnar tilteknum sjúkdómum.

Til þess að koma í veg fyrir að hingað berist sjúkdómar sem eru landlægir annars staðar og stofninn því kominn með visst ónæmi gegn verður að leita ítarlegra upplýsinga um sjúkdómaástand á viðkomandi landsvæði og búi, skoða hvert einstakt dýr og taka sýni til rannsóknar eftir þörfum. Meðal annars blóðsýni úr minkum vegna plasmacytosisprófs og úr refum vegna nosematosis-

prófs. Einnig þarf að skoða dýrin sérstaklega m.t.t. sníkjudýra. Því færri dýr sem flutt eru inn, þeim mun auðveldari og öruggari verður þessi forskoðun.

Í öðru lagi að innfluttum dýrum sé haldið það lengi í sóttkví að tryggt sé að þau beri ekki með sér sjúkdóma. Lengd einangrunar verður að miðast við að nokkuð tryggt sé að innflutningurinn hafi ekki í för með sér sjúkdómahættu. Búa verður svo um hnútana að enginn hætta sé á að dýr sleppi úr haldi frá einangrunarbúum eða að önnur dýr, sérstaklega villt loðdýr, komist í snertingu við dýr á búinu. Mjög strangar reglur verða að gilda um umgengni á sóttkvíarbúum og er öðrum en starfsfólki og eftirlitsaðilum ekki heimilaður aðgangur á meðan á einangrun stendur.

Í þriðja lagi er nauðsynlegt að innflutt dýr séu undir stöðugu eftirliti meðan á sóttkví stendur. Fylgjast þarf nákvæmlega með heilbrigðisástandi og taka ef þörf krefur sýni til frekari rannsókna. Þá er mjög mikilvægt að öll dýr sem drepast í sóttkvínni séu send til rannsóknar.

Loðdýrasjúkdómar sem borist gætu til landsins með innfluttum dýrum

Hér á eftir er í stuttu máli getið nokkurra sjúkdóma í loðdýrum sem við verðum sérstaklega að gjalda varhuga við þegar flutt eru inn loðdýr.

Refir

Hvolpaveiki (hundafár) er veirusjúkdómur í hundum, refum og minkum og getur valdið miklu tjóni. Sjúkdómurinn er landlægur í hundum erlendis og er bólusett gegn honum. Hvolpaveiki verður vart öðru hvoru á Norðurlöndum og hefur borist inn á loðdýrabú með hundum eða með innfluttum dýrum annars staðar frá, t.d. Kanada. Brugðist er við sjúkdómnum með bólusetningu.

Smitandi lifrar-/heilabólga (HCC) er veirusjúkdómur í hundum og refum. Kemur öðru hvoru fyrir á loðdýrabúum í nágrannalöndum okkar og getur valdið talsverðum hvolpadauða. Eins og áður segir hefur sjúkdómsins einu sinni orðið vart á refabúi hér á landi og hann hefur enn fremur fundist í villtum íslenskum ref.[2]

Refavanki (nosematosis) er sá sjúkdómur sem er hvað mest hætta á að fá inn á alirefabú með innfluttum dýrum. Gerð er sú

krafa að öll innflutt dýr séu blóðprófuð fyrir þessum sjúkdómi fyrir flutning til landsins.

Kláðamaur (*Sarcoptes scabiei*) er mikill skaðvaldur. Hann berst erlendis inn á refabú með villtum refum og er víða landlægur. Hann hefur ekki fundist hér og verður að kappkosta að svo verði áfram.

Eyrnamaur (*Otodectes cynotis*) finnst líklega á flestum refabúum á Norðurlöndum. Hann barst hingað til lands með innfluttum silfurrefum árið 1983. Finnst einnig í villta refastofninum á vissum landsvæðum.[1] Hefur hann smátt og smátt dreifst á alirefabú um allt land.

Hringskyrfi er sjúkdómur af völdum sveppa. Hann kemur upp öðru hvoru í refum erlendis og eru kettir þá algengasti smitberinn. Sveppurinn leggst einnig á önnur húsdýr. Sveppasýkingar af svipuðum toga hafa komið upp öðru hvoru hér á landi í kúm og hrossum og hefur borist frá þeim í menn en smitið barst hingað með erlendu verkafólki.

Minkar

Plasmacytosis. Við innflutning á minkum er gætt sérstakrar varúðar til þess að hindra að þessi sjúkdómur berist á ný í alimink hér á landi.

Veiruskita (Mink virus enteritis) finnst á öllum Norðurlöndum og er nánast landlæg í Danmörku. Brugðist er við henni með bólusetningu og hafa á síðari árum verið vandfundin bú sem ekki bólusetja gegn þessum sjúkdómi. Við innflutning eru gerðar kröfur um að dýrin komi frá búi sem ekki hefur bólusett gegn veiruskitu. Þetta hefur sett nokkrar skorður undanfarin ár við kaup á minkum frá Danmörku.

Hvolpaveiki leggst á mink með svipuðum hætti og á ref.

Smithætta frá hundum, köttum og villtum dýrum

Hundar geta borið nær alla þá sjúkdóma og sníkjudýr sem hrjáð geta refi, t.d. alvarlegar veirusýkingar eins og hvolpaveiki og smitandi heilahimnubólgu. Svipuðu máli gegnir um ketti. Á sóttkvíarbúum er algjört bann við hunda- og kattahaldi. Sömuleiðis er starfsmönnum þessara búa óheimilt að halda hunda og ketti sem heimilisdýr.

Gerð er sú krafa til sóttkvíarbúa að þar sé þreföld vörn gegn því að dýr geti sloppið úr haldi, þ.e. að auk venjulegs búnaðar sé dýrheld girðing umhverfis. Þetta er ekki einungis til varnar því að dýr geti sloppið, heldur einnig til þess að koma í veg fyrir að flækingshundar og kettir, önnur húsdýr og villtir refir og minkar komist í nána snertingu við dýr á búunum. Líkur benda til að hundar hafi borið smitsjúkdóma í refabú hér á landi. Erlendis hefur hringskyrfi (sveppasýking í húð) borist í refabú með köttum svo dæmi séu nefnd.

Þá stafar nokkur smithætta frá villtum dýrum. Villtir refir geta m.a. borið eyrnamaur í aliref, smitandi heilabólgu og refavanka. Þá er vitað að íslenski villiminkastofninn er haldinn *plasmacytosis*. Ekki er síður mikilvægt að varna því að smitsjúkdómar sem hugsanlega gætu borist með innfluttum dýrum berist í villta stofninn og verði þannig landlægir.

Hvernig ber að standa að innflutningi í framtíðinni ?

Ef íslensk loðskinnaframleiðsla á að standast samkeppni á erlendum mörkuðum verður að flytja reglulega inn dýr til kynbóta. Íslenski loðdýrastofninn er einfaldalega of lítill til þess að kynbótastarf skili árangri nógu fljótt. Þetta á sérstaklega við í refarækinni. Við innflutning ætti að leggja frekar áherslu á gæði en magn og flytja inn tiltölulega fá dýr en þeim mun betri, sem sagt kynbótadýr. Þá er hægt að velja þau af þeim mun meiri kostgæfni og allt eftirlit verður einfaldara.

Hingað til hefur verið algengast að flytja refi inn að hausti til. Oft vill þetta dragast fram yfir áramót sem er mjög óheppilegt þar sem dýrin þurfa tíma til að aðlagast aðstæðum fyrir pörun. Kappkosta skal að flytja dýr inn eins snemma að hausti og hægt er.

Hvað minkinn varðar hefur verið algengast að flytja inn paraðar læður í apríl. Þá hafa minkar verið fluttir inn að hausti og ennfremur hafa högnar verið fluttir inn að vori eftir pörunartíma til notkunar á næsta pörunartíma. Við innflutning á minkum hefur dýrunum lengstum verið haldið í langri einangrun. Þetta er fyrst og fremst af ótta við plasmacytosis. Með nýrri reglugerð hefur einangrunartími verið styttur verulega en þá þarf að gæta þess að auka bæði tíðni sýnatöku vegna plasmacytosis og fjölda sýna.

Innflutningur undanfarna áratugi hefur að mestu verið fyrir atbeina samtaka loðdýrabænda og með talsverðum stuðningi hins

opinbera. Málin hafa þó verið að þróast í þá átt að einstök loðdýraræktarfélög eða jafnvel nokkrir bændur í sameiningu hafa sameinast um innflutning og rekstur sóttkvíarbús.

Reynslan hefur sýnt að heppilegasta fyrirkomulagið á sóttkví er að hún sé hjá aðilum sem hafa nokkra reynslu af loðdýrarækt. Sérstök opinber eða hálf opinber sóttkvíarbú, t.d. á bændaskólunum með aðkeyptu og oft óreyndu vinnuafli og jafnvel tíðum mannaskiptum hafa ekki reynst vel. Þar með er ekki sagt að hver sem er geti fengið heimild til innflutnings og rekstur sóttkvíarbús. Gera verður strangar kröfur um aðstöðu, aðbúnað, umönnun og umgengni á slíkum búum. Sagt með öðrum orðum: Til þess að bú komi til álita sem einangrunarbú verður að vera um að ræða úrvals loðdýrabú og bændur í fremstu röð. Ef vel er staðið að innflutningsmálum getum við vænst þess að halda þeirri góðu stöðu sem við höfum hvað varðar skæða smitsjúkdóma í loðdýrum.

Heimildir

1. Eggert Gunnarsson, Páll Hersteinsson and Stefán Aðalsteinsson. Prevalence and geographical distribution of the ear canker mite (Otodectes cynotis) among artic foxes (Aolpex lagopus) in Iceland. Journal of Wildlife Diseases 1991, 27 (1), 105–109.
2. Eggert Gunnarsson, Páll Hesrsteinsson og Stefán Aðalsteinsson. Rannsóknir á sjúkdómum í íslenska melrakkanum. Í: Villt íslensk spendýr. Páll Hersteinsson og Guttormur Sigurbjarnason (ritstj.). Hið íslenska bókmenntafélag/Landvernd, Reykjavík 1993, 50–58.
3. Eggert Gunnarsson & Sigríður Hjartardóttir. Eradication of plasmacytosis on minkfarms in Iceland. XVII Nordic Veterinary Congress, Reykjavík, Iceland. Proceedings and Abstracts, Volum 1, p.87, 1994.
4. Karl Skírnisson, Eggert Gunnarsson og Sigríður Hjartardóttir. Plasmacytosissýking í villtum mink á Íslandi. Búvísindi 1990, 3, 113–122.
5. Páll Hersteinsson, Eggert Gunnarsson, Sigríður Hjartardottir and Karl Skírnisson. Prevalence of Encephalitozoon cuniculi antibodies in terrestrial mammals in Iceland 1986–1989. Journal of Wildlife Diseases 1993, 29 (2), 341–344.
6. Róbert A. Stefánsson, Sigrún Bjarnadóttir, Páll Hersteinsson og Eggert Gunnarsson. Útbreiðsla veirusjúkdómsins plasmacytosis í villta minkastofninum. Raunvísindaþing í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands. Reykjavík 2004, bls. 116.
7. Þættir um innflutning búfjár og karakúlsjúkdóma. Reykjavík 1947.

Páll A. Pálsson

Miltisbruni (miltisbrandur) á Íslandi

Miltisbruni er bráður sjúkdómur sem miltisbrunabakteríur (*Bacillus antracis*) valda. Öll húsdýr geta tekið sjúkdóminn, en skæðastur er hann nautgripum, hrossum og sauðfé. Mörg dæmi eru um að fólk tæki þennan sjúkdóm, og oft leiddi hann til dauða, áður en virk lyf gegn honum komu til sögu. Því hefur fólk óttast þennan búfjársjúkdóm meira en flesta aðra, og hefur þessi geigur búið í fólki allt fram á þennan dag. Hér á landi hefur miltisbrandur aldrei náð mikilli útbreiðslu, heldur hefur hann stungið sér niður á einstökum bæjum og valdið þar miklu tjóni og óþægindum.

Á íslensku hefur þessi sjúkdómur hlotið ýmis nöfn: miltisbrandur, miltisbruni, miltisdrep, miltisbráðadauði og skinnapest, vegna þess að oft mátti rekja upptök veikinnar til ósútaðra innfluttra skinna. Á fræðimáli er sjúkdómur þessi oft nefndur „antrax“ (kol), sem dregið er af hinu dökksvarta blóði, sem sést við krufningu á skepnum, sem farist hafa úr miltisbruna.

Flestum heimildum ber saman um að miltisbruna hafi fyrst orðið vart hér á landi 1865 að Skarði á Skarðsströnd þar sem á annað hundrað fjár drápust. Árið eftir kom miltisbruni upp í Miðdal í Mosfellssveit og þar drápust m.a. 20 stórgripir. Upp úr 1870 fer að bera meira á veikinni í Reykjavík og nærsveitum en síðar verður miltisbruna vart hingað og þangað um landið fram yfir aldamót, en þá fór mjög að fækka tilfellum. Ári áður en fyrst varð vart við miltisbruna var farið að flytja til landsins ósútaðar, hertar húðir. Þessar húðir komu að mestu um Kaupmannahöfn frá Zansibar í Afríku. Þessar húðir voru hertar vegna þess að á langri sjóleið frá suðurhvelslöndum til Evrópu voru hitar miklir og við þær aðstæður héldu þurrkaðar húðir sér betur en blautsaltaðar. Fljótlega var farið að setja þessar húðir í samband við miltisbrunatilfelli í skepnum hér á landi. Þessar aðfluttu húðir voru helmingi ódýrari heldur en innlendar húðir, enda skortur á innlendum húðum eftir

að geldneytabúskapur dróst saman og útflutningur á hrossum og sauðfé jókst mjög. Um 1890 voru fluttar til landsins um 4000 stórgripahúðir. Ekki var komist af án þessara húða og skinna, meðan allir landsmenn að kalla gengu á íslenskum skinnskóm og allir sjómenn á opnum bátum þurftu skinnklæði.

Hinar erlendu húðir þurfti að leggja í bleyti, svo hægt væri að vinna úr þeim. Ef skepnur komust í vatnið, þar sem húðirnar voru bleyttar upp, var voðinn vís, væru húðirnar mengaðar miltisbrunasýklum.

Þýskar rannsóknir frá þessum tíma sýndu að um 1% nautshúða voru mengaðar og um 0.3% af sauðaskinnum. Í sumum sendingum var hlutfall mengaðra húða mun meira, í öðrum minna. Það þarf því ekki að undra þótt hingað bærust mengaðar húðir öðru hverju. Áreiðanlegar sagnir herma, að klyfjahestar, sem látnir voru bera húðir úr kaupstað, nudduðust stundum illa af þessum hertu húðum, sem fóru illa í klyfi og smituðust hestarnir á þann hátt. Stundum veiktust þessir hestar á leiðinni og náðu aldrei áfangastað. Þegar mönnum var orðið ljóst, hver væri algengasta uppspretta veikinnar, leituðu stjórnvöld eftir leiðbeiningum frá danska Dýralæknaráðinu og var lagt til að leggja húðirnar í klórkalkblöndu en þessu mun lítið hafa verið sinnt. Árið 1891 kom fram frumvarp á Alþingi til að sporna við hættu af hertum, innfluttum húðum og skinnum, en vegna gífurlegs verðmunar á innlendum og erlendum húðum treystu menn sér ekki til að banna innflutning heldur var samþykkt heimild til að setja reglur um meðferð húðanna. Lögin komu lítið til framkvæmda og miltisbruni hélt áfram að stinga sér niður öðru hvoru, oft rakinn til innfluttra húða.

Magnús Einarson dýralæknir í Reykjavík beitti sér síðan fyrir því að Alþingi tók á málinu og eftir miklar umræður á þinginu 1902 var veitt heimild til að banna innflutning á ósútuðum húðum og skinnum. Í kjölfar þessara laga fór að fækka tilfellum af miltisbruna á nýjum stöðum. Lög þessi héldust óbreytt til ársins 1993.

Nú munu hvergi vera tiltækar heimildir um öll þau tilfelli, þegar miltisbruni hefur sýkt húsdýr hér á landi. Þeir sem kunnugastir voru þessum málum, telja þó engan vafa vera á því, að mest hafi borið á miltisbruna síðasta áratug nítjándu aldar. Magnús Einarson dýralæknir í Reykjavík 1896–1927 telur að eftir 1908 hafi hann ekki orðið var við miltisbruna. Sigurður Hlíðar dýralæknir á

Akureyri 1911–1947 staðfesti miltisbruna aðeins einu sinni á starfsárum sínum norðanlands.

Þau fáu miltisbrunatilfelli sem staðfest voru á tuttugust öldinni eru oftast tengd jarðraski í einhverri mynd og talið að það hafi haft í för með sér, að smit hafi borist upp á yfirborðið frá skepnum, sem dysjaðar voru á staðnum árum eða áratugum áður. Yfirleitt mun lítið hafa verið hirt um að auðkenna staði þar sem skepnur haldnar miltisbruna hafa verið dysjaðar eða auðkennin horfið í áranna rás. Þess vegna er mjög erfitt að átta sig á því, hvar hætta getur leynst, ef gera þarf jarðrask á landi gamalla miltisbrunajarða.

Ásgeir Ólafsson. (1902–1995)

Jón Guðbrandsson. (1929)

Síðustu staðfestu tilfellin af miltisbruna hér á landi voru á Skáney í Reykholtsdal og Þórustöðum í Ölfusi. Á Skáney hefur miltisbruna orðið vart hvað eftir annað í nær heila öld. Fyrst varð miltisbrunans vart 1873 og talið að upphafið megi rekja til klyfjahests sem hafi nuddast til blóðs af húð og smitast, þó tvennum sögum fari af ferðalagi hestsins. Illa var gengið frá dys hestsins og munu kýr sem voru að snuðra kring um dysina hafa veikst. Þá drápust enn nautgripir 1877 og veturinn 1886 veiktist lánsnaut á Skáney. Frá því að miltisbrandur kom fyrst að Skáney 1873 og fram yfir aldamót, voru hross að drepast með sviplegum hætti og var talið að þau færu úr miltisbruna. Smám saman fjaraði þessi hrossadauði út, og eftir aldamótin hefur hans lítið eða ekkert orðið vart. Árið 1935 kom aftur upp miltisbruni á Skáney. Drápust þá 3 kýr og í kjölfar þess var lögð til ítarlega sótthreinsun af hálfu héraðsdýralæknisins í Borgarnesi, Ásgeirs Ólafssonar. Í árslok 1952 veiktist svo kýr hastarlega og drapst eftir tvo dag. Reyndist hún vera með miltisbruna. Fleiri gripir veiktust ekki í þetta sinn og má þakka það skjótum og réttum viðbrögðum.

Þann 15. september 1965 veiktist kýr á Þórustöðum í Ölfusi og

drapst skyndilega. Héraðsdýralæknirinn Jón Guðbrandsson fann við krufningu bólgur í görnum og vinstur og mjög meyrt milta. Þrem dögum seinna veikist önnur kýr og drapst hún stuttu síðar. Grunur héraðsdýralæknis um miltisbruna var staðfestur og drápust 5 kýr á rúmri viku. Gripið var til víðtækra ráðstafana s.s. pencillín meðferð, bólusetning og sótthreinsun, en sótthreinsunin tók verulegan tíma þar sem búið á Þórustöðum var stórt, 50–60 nautgripir og 70–80 svín. Tveimur dögum áður en fyrsta kýrin drapst, var farið að beita kúnum á fóðurkál, en í nokkra daga áður hafði fóðurkál verið slegið í kýrnar af þessari spildu. Var hér um að ræða gamalt mógrafastykki, þar sem venja mun hafa verið að losa sig við hræ með því að kasta þeim í mógrafirnar. Gamlar beinaleifar fundust víða um þessa spildu, og virtust þær hafa komið upp á yfirborðið við plægingu eða skurðgröft.

Oft er um það spurt, hversu lengi sporar miltisbrunasýkla geti lifað í jarðvegi hér á landi. Um það verður ekkert sagt með vissu, en dæmi þau, sem hér er drepið á benda til þess að miltibrunasporar geti lifað nokkra áratugi við aðstæður hér á landi.

Þessi grein er stytt og endursögð sem birtist í afmælisriti Davíðs Davíðssonar.

Ritstjórn.

Þorsteinn Ólafsson

Sæðingar á refum, svínum, geitum og alifuglum

Guðmundur Gíslason segir frá því í grein í Búnaðarritinu 1945 að í mars og apríl 1940 hafi verið framkvæmdar sæðingar á refum hér á landi. Það tókst að ná 30 sæðisskömmtum úr 23 refum. 17 tófur voru sæddar en aðeins 2 komu með 4 hvolpa hvor.[1]

Á árinu 1985 hófust refasæðingar á nokkrum stöðum á landinu.[2] Haldið var námskeið í refasæðingum á Bændaskólanum á Hólum í Hjaltadal og var norskur dýralæknir, Jan Fougner, kennari. Þetta námskeið sóttu allmargir loðdýrabændur og dýralæknar. Á þeim árum var talsverð gróska í refarækinni og voru refir sæddir að minnsta kosti á þremur stöðum á Suðurlandi; Húsatóftum þar sem Katrín Andrésdóttir sæddi, á Sléttalandi í Holtum þar sem Konráð Konráðsson sæddi og á Þórustöðum í Ölfusi þar sem Páll Stefánsson sæddi. Þorsteinn Ólafsson vann að skipulagningu þessarar starfsemi. Gísli Sverrir Halldórsson sá um sæðingarnar á Hólum í Hjaltadal.

Refabændur hafa nokkrir lært að sæða og sæða sín eigin dýr en ekki eru stundaðar skipulagðar sæðingar lengur.

Í ágúst árið 2000 hélt Þorsteinn Ólafsson námskeið í svínasæðingum fyrir svínabændur þar sem farið var í gegnum sæðingarnar fræðilega, en verklega þáttinn var ætlunin að kenna eftir þörfum heima á búunum. Var námskeiðið haldið til þess að gefa mönnum kost á að sæða sínar eigin gyltur. Þá voru nokkrir svínabændur búnir að læra tæknina erlendis og hver af öðrum. Kristinn Árnason hefur sætt gyltur í einangrunarstöð í Hrísey með innfluttu sæði. Ekki er nein skipulögð sæðingastarfsemi í svínarækt í landinu.

Þorsteinn Ólafsson tók að sér að flytja sæði úr geitum milli búa með sérstöku leyfi sauðfjárveikivarna. Sæðið var lélegt og munu fá kið hafa fæðst eftir þær sæðingarnar.[3]

Alifuglar munu hafa verið sæddir á nokkrum hænsna- og

kalkúnabúum hér á landi um árabil án þess að haldin hafi verið námskeið.

Heimildir:

[1] Guðmundur Gíslason. Sæðing húsdýra, Búnaðarritið 58 bls. 84–119, 1945.

[2] Ársrit Búnaðarsambands Suðurlands 1985 16 1986 bls. 125–128.

[3] Ársrit Búnaðarsambands Suðurlands 1998 29 1999 bls. 33–34.

Sigurður Sigurðarson

Baráttan við riðuveiki á Íslandi

Hvað og hvar er riðuveiki?

Riðuveiki er arfbundinn smitsjúkdómur í sauðfé og geitum, langvinnur og ólæknandi. Hann veldur svampkenndum hrörnunarskemmdum í heila og mænu. Bólgubreytingar eins og þær, sem fylgja smitsjúkdómum sjást ekki. Flestar kindur sem smitast veikjast 1 ½–5 ára. Þó eru dæmi um riðu hér á landi í 7 mánaða gömlu lambi og 14 vetra á. Það veldur erfiðleikum við greiningu, að fyrstu einkenni eru breytileg; til dæmis þrálátur kláði á höfði eða tortu, fælni, deyfð, stjórnleysi vöðva, slettingur í gangi, titringur, tannagnístur, hægfara vanþrif. Eitt þessara einkenna getur verið áberandi frá upphafi, stundum fleiri. Þá er talað um kláðariðu, hræðsluriðu eða lömunarriðu eftir því einkenni sem er mest áberandi. Riða greinist stundum í kindum sem hafa bráðdrepist. Kindur geta gengið með veikina langa ævi án þess að hún komi fram. Veikin getur dulist á sama bæ í 1–2 kynslóðir kinda, kannske lengur. Eftir að riðueinkenni hafa komið fram draga heilaskemmdir kindina til dauða á fáum vikum eða mánuðum. Dæmi eru um, að byrjunareinkenni hafi horfið um skeið, þegar kindurnar voru teknar úr hópnum.

Riðuveiki finnst í sauðfé og geitum um allan heim. Ástralía, Nýja-Sjáland, Grænland og e.t.v. fleiri lönd eru þó laus við veikina. Riða hefur þó ekki verið greind alls staðar þar sem líklegt er að hún sé til staðar. Fyrstu heimildir um riðu eru frá 1732. Þá mun hún þegar hafa verið þekkt á Bretlandseyjum og nokkrum öðrum löndum Evrópu. Þaðan breiddist veikin út um allan heim. Árið 1759 birtist þessi athyglisverða grein í þýsku riti, sem hér er lauslega þýdd:

„*Sumar kindur þjást mjög af riðuveiki, sem þekkist á því, að veikar kindur liggja fyrir, naga fætur og fótleggi, aka sér utan í staura, vanþrífast og loks lamast þær. Þær dragast áfram af veikum burðum og horfalla. Riðuveiki er ólæknandi. Besta*

lausnin fyrir þann sem verður var við riðuveika kind í hjörðinni, er að fjarlægja hana sem fyrst af umráðasvæði sínu, slátra henni og fá þjónustufólkinu til átu. Umráðamaður fjárins ætti að einangra slíka kind strax vegna þess að sjúkdómurinn er smitandi og getur valdið alvarlegu tjóni á fjárhópnum.“

Svo snemma hafa menn verið búnir að átta sig á því að veikin er ólæknandi og smitandi fyrir fé en ekki fyrir fólk, að minnsta kosti ekki fyrir lægri stéttirnar. Lýsing á einkennum veikinnar verður vart gerð nákvæmari í svo stuttu máli.

Sauðfjárriða hefur aldrei greinst í mönnum. Sjúkdómar af sama toga og riða finnast í öðrum dýrum og fólki. Sjúkdómar af riðuflokki, eru nefndir príon-sjúkdómar eftir smitefninu eða TSE-sjúkdómar eftir hinum sjúklegu breytingum (Transmissible Spongiform Encephalopathy, þ.e. smitandi svampheili). Í riðuflokki er hinn sjaldgæfi Creutzfeldt-Jakob sjúkdómur í fólki (CJD), sem finnst um allan heim, líka hérlendis, Kuru, sem kom fyrir í frum-

Riðuveik rolla.

stæðum ættflokki manna sem stundaði mannát í Nýju-Gíneu, og kúariðan, sem sýkt hefur meira en 180.000 nautgripi á Bretlandseyjum. Hún er talin geta borist í fólk með neyslu sýktra afurða og valdið nýju afbrigði af Creutzfeldt-Jakob í ungu fólki (nvCJD). Kúariða hefur aldrei fundist hér á landi. Ekki heldur kattariða, minkariða og hjartardýrariða, sem allir eru þekktir erlendis. Riða hefur ekki fundist í geitum hér á landi, en er þekkt erlendis. Í hreindýrum, sem voru í nábýli við riðufé á Austurlandi fyrir nokkru sáust glögg riðueinkenni. Sönnun fékkst ekki, sýnin ónýttust.

Príon-sjúkdómar geta smitast milli einstaklinga sömu tegundar og milli tegunda. Ýmsar dýrategundir, sem ekki sýkjast af riðu náttúrlega, hafa verið sýktar með riðu í tilraunum. Príon-sjúkdómar í hvaða tegund sem er leiða sjúklinginn yfirleitt til dauða, á nokkrum vikum eða mánuðum eftir að fyrstu sjúkdómseinkenni sjást, stundum á nokkrum árum. Áratugir geta þó liðið áður en sumir príon-sjúkdómar í mönnum koma fram og draga þá til dauða.

Smitefnið er hvorki baktería né veira heldur sjúklegt protein, sem kallast PRÍON. Það hefur aflagast en haldið að mestu sömu efnasamsetningu og eðlilegt príon, sem finnst í heilbrigðri skepnu. Eðlilegt príon myndast í flestum vefjum dýra. Mest af því er í heila, bundið við yfirborð taugafrumna. Hlutverk þess er óljóst en þess er getið til að það skipti máli varðandi miðlun taugaboða, dægursveiflu og öldrun. Það hefur líklega hlutverk við efnaskipti kopars í taugafrumum. Rannsóknir eru í gangi á Íslandi varðandi hugsanleg áhrif snefilefna á langlífi riðusmits í umhverfinu. Einkum er þar til athugunar kopar, mangan, molybden og selen í jarðvegi, gróðri, fóðri, vatni og svo í kindunum sjálfum. Fátt er vitað um krafta þá, sem breyta eða aflaga hið eðlilega príon-protein og gera það að smitefni. Eftir aflögunina hafa eiginleikarnir gjörbreyst. Það er orðið torleyst, tekur ekki þátt í efnaskiptum líkamans eins og heilbrigð príon gera, hleðst upp og skemmir út frá sér í eitlavef í hálskirtlum, kokeitlum, augum, görnum og milti og berst eftir taugabrautum til heila og mænu að lokum. Þegar smitefni komast inn í líkamann, oftast um munn, fara þau fljótlega að finnast í blóði en eru óstöðug þar og nýtast ekki til greiningar með blóðprófi. Þau tengjast eitlafrumum og fjölga sér með því að laga eftir sinni eigin mynd heilbrigð príon-protein sem þau mæta í líkaman-

um. Riðueinkenni fara að koma í ljós, þegar skemmdir í heilanum magnast. Smitefnið er lífseigt, þolir langa suðu og flestar sótthreinsi- og dauðhreinsiaðferðir. Engin varnarlyf eru til við riðu, engar nothæfar aðferðir til að leita að smitberum. Sjúkdómurinn getur legið lengi í landi og ekki er víst, hvernig það gerist. Hann getur komið upp aftur á sama stað eftir langan tíma. Riðan er því einn erfiðasti sjúkdómur, sem við er að fást. Smitefnið er ekki hægt að rækta, en sýna má fram á það með því að sýkja móttækileg dýr t.d. mýs eða beita rafdrætti (WB), mótefnalitun (IHC) o.fl. aðferðum. Nýjast er nákvæmt og hraðvirkt ELISA-próf, sem ekki er enn komið í gagnið hér.

Eftir að farið var að nota ELISA-próf til að leita að riðuveiki í miklum fjölda sýna úr sláturfé, fóru að finnast einstök og áður óþekkt afbrigði hennar, fyrst í Noregi, svo í Svíþjóð o.fl. löndum. Rannsóknir á þessu afbrigði, sem í gangi eru benda til þess að smitefni sé til staðar, sem nái að smita mýs, en að smithætta milli kinda sé ekki sú sama. Þetta afbrigði hefur ekki fundist hérlendis, en með nákvæmara prófi gætu komið í ljós fleiri arfgerðir en nú þekkjast.

Karakúlpestir, varnarhólf og fjárskipti

Mæðiveiki (þurramæði, visna og votamæði) og garnaveiki bárust til Íslands frá Þýskalandi með 20 karakúlkindum sumarið 1933 og urðu landsplágur. Eina ráðið til að vinna bug á þeim var að farga öllu fé á sýktum svæðum og kaupa fé í staðinn frá ósýktum svæðum. Landinu var deilt í varnarhólf. Mörk þeirra voru varnarlínur þar sem notast var eftir því sem hægt var við náttúrlegar torfærur: sjó og fjöll, jökla, vötn, ár og girðingar, sem enn standa margar hverjar. Flutningur á fé yfir varnarlínurnar var bannaður og fargað því fé, sem fór yfir þær af sjálfsdáðum. Flest urðu varnarhólfin yfir 40 talsins, en lengst hafa þau verið 38. Fjárskipti vegna karakúlsjúkdóma fóru fram í einu hólfi á fætur öðru, hófust 1937 og var lokið 1965. Með þeim var votamæði útrýmt 1952 en þurramæði og visnu árið 1965. Gegn garnaveiki var framleitt virkt bóluefni á Keldum, sem skylt var að nota á garnaveikisvæðum frá 1966. Það hefur haldið tjóni í skefjum. Skipulegar aðgerðir eru hafnar til að útrýma garnaveiki. Bólusetningu hefur verið hætt á nokkrum svæðum. Reynslan af fjárskiptunum og varnarhólfin voru mikilvæg undirstaða aðgerðanna gegn riðuveiki.

Riðuveikin berst til Íslands og verður landlæg fyrir norðan

Riðuveiki eða riða (e. scrapie) er talin hafa borist til Íslands með enskum hrúti af Oxfordshire Down (Oxford Down) kyni, sem keyptur var að Veðramóti í Skagafirði árið 1878. Veikinnar varð fyrst vart í Skagafirði nokkru síðar og þaðan breiddist hún út til annarra svæða. Útbreiðslan var hæg fyrstu 75 árin. Veikin var komin vestur í Vatnsdal 1907 og austur í Svarfaðardal 1912. Hún varð smám saman landlæg á Mið-Norðurlandi, en fannst ekki annars staðar á landinu þennan langa tíma, þrátt fyrir mikinn samgang fjár sýktu svæðanna við fé ósýktra svæða, einkum frá Borgarfirði og Árnessýslu. Verulegt tjón varð á stöku bæjum í sumum sveitum á sýkta svæðinu, en veikin barst hægt milli bæja, þrátt fyrir mikla snertingu. Einkennin voru frábrugðin þeim, sem lýst hafði verið í riðukindum í öðrum löndum. Kláði sást ekki eða mjög sjaldan. Enginn áttaði sig á því lengi vel að um þekktan sjúkdóm væri að ræða. Fáir töldu veikina smitandi. Samt var reynt að uppræta veikina með því að farga öllu fé þar sem tjónið var mest en það kom fyrir lítið. Veikin kom á marga sömu bæina aftur, jafnvel aftur og aftur. Sú trú skaut rótum, að orsakanna væri að leita í umhverfinu t.d. gróðurfari á engjum, sem heyjaðar voru handa fénu eða í dýjum á beitilandinu. Óvíst var hvernig hefta mætti útbreiðsluna. Veikin fékk því frið til að breiðast út. Bændur, sem

Útbreiðsla riðu fram til ársins 1946.

misst höfðu margt fé og þekktu veikina best, töldu þó riðuna smitandi.

Riðan breiðist út til annarra landshluta eftir fjárskipti

Á svæðum þar sem riðan hafði verið á miðju Norðurlandi var öllu fé fargað vegna mæðiveikinnar árin 1946–1949 og nýtt fé fengið frá ósýktum svæðum. Förgun á öllu fé á sýktum svæðum dugði víðast til að uppræta karakúlpestirnar. Menn vonuðust til að losna við riðuveikina um leið. Það varð ekki. Eftir 3 ár fór að bera á riðu í nýja fénu. Eftir 5 ár hafði hún skotið rótum á 30 af þeim bæjum, sem verst höfðu verið leiknir af riðu áður. Veikin hafði lifað af á sömu bæjunum allan fjárleysistímann, sem sums staðar var 3 ár. Riðan breiddist út að nýju um gamla riðusvæðið og víðar um fyrir norðan (vestan frá Vatnsnesi í V-Hún. að Jökulsá í Öxarfirði). Brátt fannst hún í nýjum landshlutum, fyrst á Vestfjörðum 1953. Einnig fóru að breytast einkenni og hegðun veikinnar. Nú fór hún að líkjast riðu erlendis í því að meira bar á kláða og veikin breiddist út með meiri hraða. Augljóst virtist að riðan væri smitsjúkdómur.

Vestfirðir:

Árið 1953, skömmu eftir að riðan fór að bæra á sér að nýju á Norðurlandi, var hún í fyrsta skipti staðfest utan gamla riðusvæðisins. Það var í Haga og Grænhóli á Barðaströnd. Ekki er vitað um smitleið en þess getið til að hún hefði borist vestur með forustufé. Riðan varð mjög skæð á stöku bæjum á Barðaströnd og hafði breiðst hægt og sígandi út. Eftir 30 ár var hún komin um alla sveit. Þá var gripið til skipulegra aðgerða í samvinnu við heimamenn, förgun á öllu fé á Barðaströnd og síðar á einstökum bæjum í Patreksfirði, Arnarfirði og við Djúp vegna þess að frá Barðaströnd hafði riðan borist þangað við fjársamgang. Áður hafði verið girt úr Stálfjalli um Skarðabrúnir og Napa niður í Ósafjörð og á hálendinu milli Barðastrandar og Patreksfjarðar, Tálknafjarðar og Arnarfjarðar niður í Trostansfjörð og úr Borgarfirði upp í hlíð sunnan Mjólkár. Aðgerðir gegn riðu á Vestfjörðum virðast hafa heppnast, þótt nokkurs misskilnings og andspyrnu gætti í upphafi af hálfu sumra heimamanna. Sótthreinsun var framkvæmd með nákvæmni af einum aðila víðast hvar. Eftir 1985 hefur riðu ekki orðið vart á Vestfjörðum.



Riða var staðfest í fyrsta sinn á nýju svæði það ár sem tilgreint er á kortinu.

Mýrasýsla, Akranes og Dalir:

Riðan barst að Fornahvammi í Mýrasýslu með fjárskiptafé úr Vatnsdal árið 1951 og gerði þar mikinn usla 1954–1957. Þaðan barst veikin til tveggja nærliggjandi bæja að talið er en kulnaði út þar. Um svipað leyti fór að bera á henni hjá tveimur eða þremur fjáreigendum á Akranesi en var ekki greind þar fyrr en 1958. Riða hefur þó líklega borist þangað með fjárskiptafé einnig. Hún barst á einn bæ í sveitinni utan Akraness en ekki víðar. Tjón varð aldrei mikið á Akranesi. Veikin hvarf að mestu án róttækra aðgerða. Það síðasta af stofninum féll 1992. Árið 1979 fannst riðuveiki í 2 kindum, tvílembingum frá einum bæ í Laxárdal í Dalasýslu. Móðir tvílembinganna hafði veikst og drepist frá þeim 2 árum áður með sömu einkennum. Þóttust menn vissir að sú kind hefði farið úr riðuveiki líka. Ókunnugar kindur höfðu verið á túni sumarlangt á þessum bæ 2 árum áður en ærin drapst, þ.e. 1975, flökkufé af riðusvæðinu á Norðurlandi vegna fjársölu. Þar gæti verið smitleiðin. Aftur á móti er óvíst um það, hvernig smit hefur borist á

einn bæ á Skarðsströnd nokkrum árum síðar. Veikin hefur ekki komið upp á Vesturlandi síðan 1988.

Reykjavík og nágrenni:

Veikin fannst í Reykjavík og á Seltjarnarnesi árið 1966, vegna flutnings á heyi af riðusvæðum nyrðra að talið var. Veikin var staðfest í Kópavogi, Seltjarnarnesi og á Vatnsleysuströnd auk Reykjavíkur, en olli mestu tjóni í Fjárborg Reykvíkinga, sem var gerð að sérstöku tilrauna- og varnarsvæði með 1 árs fjárleysi, öllu fé fargað þar og viðskipti með fé inn á við og út á við bönnuð eftir að nýtt fé var komið að ári liðnu. Ekki gekk það hljóðalaust fyrir sig en allt jafnaði sig þó, þegar frá leið. Fargað var sýktum hjörðum og snertihjörðum 1978, 1979 og 1983. Veikin greindist í um það bil helmingi hjarðanna, sem voru tæplega 50. Riða hafði dreifst frá Reykjavík með ýmsu móti, en hefur nú ekki fundist á Reykjavíkursvæðinu síðan 1983. Reynslan frá Reykjavík var dýrmæt og gaf dug til frekari aðgerða.

Riðan á Suðurlandi:

Riðan barst frá Reykjavík austur um Suðurland. Hún kom fyrst upp í Hveragerði og í nýbýlahverfið vestanundir Ingólfsfjalli vegna fóðrafjár og líffjárflutnings 1976–78. Síðast var riða þar 1984. Óvíst er hvort sótthreinsað var alls staðar. Tekið var fé aftur á einhverja þeirra bæja, þvert ofan í ráðleggingar og viðvaranir. Það veldur áhyggjum. Í Grafningi kom riðan upp á einum bæ 1979 en hefur ekki fundist á fleiri bæjum þar. Vorið 2004 fannst riða á ný vestast í Ölfusi, líklega aðflutt smit fremur en smitleif frá Hveragerði, sem sumir telja vera. Óleyfilegur flutningur hestamanna á heyi frá riðubæ á opið land í Ölfusi fyrir nokkrum árum, sem fé hafði aðgang að er einnig hugsanleg smitleið. Riðan tók stökk austur úr Landnámshólfi og var greind í Miðdal í Laugardal 1980, svo á Hlíðabæjum Biskupstungna og í Grímsnesi og loks í Þingvallasveit 1983. Þessa útbreiðslu var oftast hægt að tengja fjárflutningum af einhverju tagi og hýsingu. Seinna kom veikin upp í Hrunamannahreppi 1988, líklega vegna fjársamgangs við Hlíðabæjafé og hefur fundist þar með nokkrum hléum fram undir þetta. Þar er hún ennþá og nú, veturinn 2004, hefur riða fundist á bæjaklasa í miðjum Biskupstungum á svæði þar sem veikinnar hefur ekki orðið vart áður. Veikin gæti hafa borist þangað frá Hruna-

mannahreppi vegna fjársamgangs eða flutnings, eða þá að eimt hefur eftir af riðuveikinni fyrir niðurskurð á Hlíðabæjunum og að smitið sé þaðan komið. Árið 1981 kom riðan upp á einum bæ í Austur-Eyjafjallahreppi, langt frá öllum riðusvæðum. Tjónið varð verulegt, 33 kindur af liðlega 100 sýndu merki um riðu. Ýmist urðu þær veikar eða þá að ótvíræðar breytingar fundust í heila. Hér var greinilega um lömunarriðu að ræða, kláði sást ekki. Kindurnar svöruðu þó klóri (sjá síðar). Árið 1984 fannst veikin i einni kind á öðrum bæ í sömu sveit. Aðaleinkenni í henni voru kláði. Ekki var um að ræða verslun með fé eða samgang fjár en sameiginlegur mykjudreifari var á þessum tveimur bæjum. Sama árið og veikin fannst fyrst undir Eyjafjöllum 1981, varð hennar vart í einni kind ofarlega á Rangárvöllum. Sú kind reyndist hafa verið flutt ásamt riðunni frá seinni bænum undir Eyjafjöllum, þótt riðan kæmi ekki fram þar fyrr en 3 árum seinna. Útbreiðsluna í Rangárvallasýslu tókst að stöðva. Hún hefur ekki fundist þar síðan 1984. Riðan barst aldrei til Vestmannaeyja, sem er sérstakt varnarhólf. Varúðarráðstafanir til að hindra sýkingu voru gerðar, þegar Eyjaféð var flutt til lands undan gosinu 1973.

V-Skaftafellssýsla:

Árið eftir að riðan fannst undir Eyjafjöllum 1982 kom hún upp á einum bæ í miðjum Mýrdal. Síðar fannst hún á 2 grannbæjum, trúlega vegna samgangs og á enn einum vestast í Mýrdal vegna sölu á fé. Síðasta tilfelli í Mýrdal var 1989. Árið 1984 kom riða upp á einum bæ i Skaftártungu í kind, sem gefin hafði verið frá öðrum bæ i sveitinni. Árið 1986 kom veikin fram á upphafsbænum, e.t.v. komin þangað með flutningi á sláturafurðum frá Vík. Árið 1990 fundust glögg merki um riðu í einni kind frá þriðja bænum í Skaftártungu við skoðun á heila úr sláturfé. Veikin sást aldrei í lifandi kind á þeim bæ en greining var örugg og fjárskipti gerð. Á einum bæ í Síðuhólfi, næst Skaftártungu, fundust riðubreytingar í sláturfé 1987. Við slátrun á fénu frá þeim bæ fundust riðubreytingar í fleiri kindum. Þetta var síðasta tilfelli í Vestur-Skaft. Riðuveikin fannst ekki austar. Hún hefur aldrei fundist í Austur-Skaftafellssýslu.

Austurland:

Skömmu eftir að veikin fannst í Reykjavík, þ.e. um 1968, kom

hún upp á Borgarfirði eystra og árið eftir á Norðfirði. Á þessum stöðum magnaðist veikin upp næstu árin. Heyflutningar og kálfaflutningar frá riðusvæðum fyrir norðan höfðu átt sér stað til Austurlands í talsverðum mæli um árabil. Þar er hugsanleg smitleið. Árið 1978 var veikin staðfest á Brú á Jökuldal. Hefur líklega borist þangað með fé aðfluttu neðan af Héraði. Tveimur árum áður, 1976, hafði verið seldur úr sláturhússrétt á Egilsstöðum lambhrútur frá Brú niður í Berufjörð. Veikin kom fram í honum 1979. Ekki kom riðuveiki fram í fleiri kindum á þeim bæ. Veikin fór nú að breiðast út með miklum hraða um Austurland, enda bættist nú Breiðdalur við eftir að flutt var þangað fé í óleyfi frá Borgarfirði. Í sumum tilfellum var mikil ógætni sýnd við flutning á fé milli sveita og bæja, jafnvel þrátt fyrir viðvaranir. Þegar loks var unnt að grípa til aðgerða um 1990 var veikin dreifð um allt svæðið frá Jökuldal og suður í Berufjörð. Riða fannst aldrei í Mjóafirði. Síðast fannst riða á Austurlandi árið 1998. Þótt riða kæmi upp á Jökuldal norðan Jöklu og í Jökulsárhlíð barst hún ekki norður í Vopnafjörð, Þistilfjörð, Fjallahrepp eða Öxarfjörð. Segja má að þar hafi skollið hurð nærri hælum.

Norðurland:

Riðuveiki á Norðurlandi varð ekki útrýmt með niðurskurði. Eftir fjárskiptin 1946–1949 fór hún að koma fram að nýju á gömlu riðubæjunum á sýkta svæðinu. Loks var hún dreifð um svæðið vestan frá Vatnsnesi í V-Hún. að Jökulsá í Öxarfirði. Hér fór einnig að verða vart við breytta hegðan veikinnar frá því sem þekkt hafði verið. Kláði varð algengur sem fyrsta einkenni, útbreiðslan varð hröð. Enginn var lengur í vafa um að hér væri smitsjúkdómur á ferð. Tjónið varð einnig stórfellt á mörgum bæjum en veikin var misdreifð um svæðið. Mest bar á veikinni í Húnahólfi milli Miðfjarðargirðinga og Blöndu, einnig í Skagafirði, einkum vestan Vatna, út með Skagafirði til Fljóta, í Ólafsfirði og þó einkum í Svarfaðardal og fram Eyjafjörð. Riða fannst aðeins á einum bæ austan Eyjafjarðar og ekki að öðru leyti til Skjálfandafljóts. Hún kom upp á Húsavík upp úr 1970 og eru leiddar líkur að því að hún hafi borist þangað með sláturafurðum frá sláturhúsi, þar sem unnið var að slátrun á riðufé. Í Kelduhverfi var hún komin um 1972 og í Mývatnssveit 1973. Hún breiddist út um Reykjadal og Aðaldal, Reykjahverfi og Tjörnes. Veikin kom upp í Grímsey árið

1987 og hafði verið flutt þangað með hrútum frá Húsavík að talið er.

Einkenni riðuveiki í sauðfé

Veikin er lengi að búa um sig áður en einkenni koma fram, versnar oftast fljótt og dregur til dauða á fáum vikum eða mánuðum, einstaka sinnum tekur það allt að ári. Riðueinkenni geta horfið um skeið, ef aðstæður sjúklingsins breytast til bóta og áreiti minnkar. Á stöku stað erlendis er talið að kindur geti drepist snögglega úr riðuveiki. Algengast er að kindurnar veikist 1 ½ til 5 ára, meðalaldurinn er um 3 ½ ár en þó eru dæmi um riðu hér á landi í 7 mánaða gömlu lambi og 14 vetra á. Skemmdir sem verða í heilanum eftir langa meðgöngu leiða til einkenna frá taugakerfi svo sem ótta, öryggisleysis og fælni og óþols í húð með kláðatilfinningu, kippum og titringi eða þá þróttleysi og stjórnleysi á vöðvum, eins konar lömun. Það villir oft fyrir, tefur og torveldar greiningu veikinnar að upphafseinkenni geta verið mjög breytileg og misjafnlega auðsæ; fyrst og fremst milli landshluta en líka milli einstakra bæja og milli einstaklinga í sömu hjörð. Stundum sést aðeins eitt einkenni eða fá lengi framan af. Oft er þá talað um kláðariðu, lömunarriðu, hræðsluriðu eða taugaveiklunarriðu eftir því einkenni sem er mest áberandi. Það er höfuðatriði að greina riðuveiki sem fyrst á nýjum stað. Fyrst sést breyting á hegðun. Þetta uppgötva þeir sem fjárglöggir eru og þeir sem þekkja kindurnar sínar sem einstaklinga. Sumir tala um að „röddin breytist“, sumir heyra kvörtunarhljóð. Stygg og hnarreist kind verður sljó og hengir jafnvel haus, spök kind verður stygg eða óttaslegin og óróleg og skimar eftir þeim, sem fara um húsin. Best er að virða kindurnar fyrir sér þaðan sem lítið ber á manni um leið og þær ganga að heyinu. Kindur, sem veikin er að byrja í þola oft illa, að þrengt sé að þeim, kippa sér frá, standa um stund úti á gólfi en taka svo aftur til við átið. Oft sést og finnst hárfínn titringur eða skjálfti og tannagnístur heyrist nær alltaf í riðuveikum kindum. Fyrir kemur að riðukindur sjái illa, þær gangi á og beri framfætur hátt. Augun eru oftast útstæð og rennsli aukið frá augum, nösum og munni (slefa). Oft ber á slettingi í gangi, lömun eða þróttleysi. Eftirtakanlegt er, að kindur með fyrstu einkenni riðu sperra dindilinn upp í loft þegar tekið er á þeim. Kindurnar geta dottið niður, ef gerð eru snögg hljóð og snarast um koll ef tekið er í horn. Þegar fengist er við

riðukind bregst hún oft óeðlilega við, berst um, stundum með hálfgerðu æði, fínum titringi, skjálfta eða krampaflogum. Rúningsmenn geta verið lykilmenn við að finna fyrstu tilfelli af riðu. Fái þeir slíkan grun er þeim skylt að tilkynna dýralækni það strax og skilja hlífðarföt og tæki eftir á bænum, þrífa og sótthreinsa. Riðukindur hafa oftast góða lyst, jafnvel er til að þær éti og drekki með meiri áfergju en áður var. Samt leggja þær af. Veikin hefur áhrif á meltingarveginn. Það getur hjálpað við greiningu að spörð úr riðukindum eru stundum, en ekki alltaf, sérstök að útliti: dökk, smá, jöfn að stærð og perulaga með holu í annan enda en totu úr hinum. Þrálátur kláði, sem er algengt einkenni erlendis, sást ekki eða varla í riðukindum á Íslandi áður fyrr, en hefur orðið ríkjandi sem fyrsta einkenni á seinni árum. Sumir sjúklingarnir klóra sér í sífellu, oft með hornenda, eða nudda sér við. Fyrir kemur að kindurnar velti sér eins og hross eða dragi sig áfram á kviðnum líkt og hundar eftir sund. Einkum er þó athugavert, ef kindur fara að nudda höfðinu eða afturendanum við í sífellu. Oftast koma merki á skrokkinn af nuddi t.d. á síðum og baki, ýfing á ull, óhreinindi t.d. mold í baki, hárlausir blettir eða sár sjást á höfði og á tortu við afturenda og víðar. Kindurnar fleygja sér niður og naga fætur frá legg og upp í hnésbót og hækilbót. Þá sjást smásár eftir tennurnar á þessum stöðum, sem blasa við, þegar kindin er sett niður. Stundum lagar blóð úr nag- og nuddsárunum. Stundum sést ekkert annað í fyrstu en vanþrif. Hvorki er þá kláði til staðar né heldur taugaveiklun eða lömun, en oftast svara riðukindur þó nuddi eða klóri í malir og bak eða haus með velþóknun, líka þær sem ekki sýna kláðamerki að fyrra bragði. Þær halla sér á móti þeim sem klórar og kjamsa eða sleikja út um. Við krufningu sjást ekki aðrar breytingar með berum augum en sár í húð, hárlausir blettir, gnúin horn þ.e. merki eftir nudd, þegar kláði hefur fylgt riðunni. Þegar kláði er ekki eitt af riðueinkennunum, sem kemur fyrir, er lítið að sjá. Aukinn vökvi er í heilabúi og höfuðkúpan ekki hörð eins og í heilbrigðum kindum. Hrörnunarskemmdir, svampkenndar finnast við smásjárskoðun á heila og mænu, einkum heilastofni en varla í öðrum líffærum, þótt smitefnið safnist víðar fyrir. Bólgubreytingar finnast ekki í heilanum en mikil aukning er á stjörnufrumum (astrocytum). Ekki finnst mótefnamyndun gegn riðu eins og í öðrum smitsjúkdómum. Líkaminn greinir ekki smitefnið sem framandi.

Smitleiðir riðuveiki

Riðuveiki í sauðfé smitast fyrst og fremst með því að skepnurnar éta, drekka eða sleikja smitefnið í sig úr óhreinindum. Mest hætta er á smiti fyrir lömb af mæðrum sínum, sem eru smitberar eða veikar. Smitefnið hefur fundist í fósturhimnum eða hildum, eitlum í hálsi og koki (tonsilla), í augum og í görnum. Smithætta getur því verið mikil, einkum við húsvist á sauðburði af hildum og fósturvatni, munnvatni eða slefu sem lendir í drykkjarílátum og sameiginlegri jötu og af vessa frá augum og öllu sem saurmengast. Smitun getur einnig orðið um sár á húð. Þess eru dæmi að riðuveiki hafi komið fram í kind eftir burðarhjálp manns með óþvegnar hendur, nýkomnum frá því að hjálpa riðukind að bera. Smitið kann þá að hafa verið borið í skepnu um fæðingarveg. Unnt er að sýkja kindur í tilraunum á marga fleiri vegu. Blóðsýni úr riðukind var dælt í æðar heilbrigðra kinda á Keldum og fengu nokkrar þeirra riðu. Smitleiðir riðuveiki frá kind til kindar, frá einum stað til annars og milli landshluta, virðast margar en fæstar sannaðar vísindalega, þótt reynslan gefi eindregnar vísbendingar. Greiningaraðferðirnar eru ekki nógu fullkomnar ennþá. Smitefnið finnst við slímhúð meltingarvegs, sem skiptir í sífellu um efstu frumulögin og framleiðir slím, er klínist í saurinn. Því er líklegt að smithætta geti fylgt öllu sem saurmengast. Smit er einnig talið geta borist á milli kinda með rúningsklippum, sprautunálum og fleiru. Smithætta er mun minni úti, helst í þröngum beitarhólfum, en sjaldgæft virðist, að smit hafi borist milli kinda á afrétti. Margt er það, sem gæti smitmengast af saur eða sauðataði, fósturvatni og hildum, líffærum sjálfdauðra kinda eða sláturúrgangi. Hér verður lesandinn sjálfur að hugsa. Margsinnis hefur riðuveiki komið upp á ósýktum bæ eftir kaup á heyi af sýktu svæði. Smitið virðist greinilega tengt heyi. Hestaflutningskerrur hafa sums staðar verið notaðar á víxl til að flytja hesta, sauðfé og hey og sjaldnast sótthreinsaðar. Þetta býður hættunni heim. Ósótthreinsaðar hestakerrur ætti ekki að nota meðan riðuveiki er í landinu. Ósannað er ennþá, hvað heldur smitefninu við á fjárleysistíma, hvað veldur því að riðuveiki kemur upp eftir mörg ár á stað sem sýktur var. Sú tilgáta var sett fram á Íslandi, að staðbundnir heymaurar geymdu í sér smitefni og gætu sýkt nýjan fjárstofn eftir langan tíma. Kenningin fékk byr í seglin þegar vísindamenn í New York staðfestu riðu í tilrauna-músum sem sprautaðar höfðu verið allt

að 2 árum fyrr með lausn af heymaurum frá riðubæjum á Íslandi. Þessir bæir höfðu verið fjárlausir mánuðum saman. Endurteknar tilraunir styrktu þetta. Endanleg sönnun er þó ennþá ófengin.

Viðnám hefst 1978

Viðnám, sem miðaði að því að stöðva útbreiðslu á riðuveiki hófst 1978 og fólst í því að riðukindum var lógað strax, hvar sem þær fundust á sýktu svæðunum og eytt var jafnharðan öllum hjörðum á nýjum svæðum. Reynsla var fyrir því frá fyrri aðgerðum, að riða kæmi síður upp aftur á sama stað, ef vel væri sótthreinsað. Þess vegna var kapp lagt á að þrífa og sótthreinsa sem rækilegast, taka til í nánasta umhverfi fjárhúsa, jafnvel djúpplægja lönd þar sem mestur ágangur hafði verið af fé og sand- og mölbera umhverfi húsanna. Rannsóknir benda til að smitefnið lifi lengi í leir og mold en ekki í sandi. Bannað var í upphafi og æ síðan að nota sláturúrgang og sjálfdauð dýr frá riðusvæðum til fóðurgerðar handa búfé. Ástæðan var sú, að grunsemdir höfðu vaknað, þegar minkariða kom upp í Bandaríkjunum, að kjöt- og beinamjöl hefði borið sjúkdóminn úr sauðfé eða nautgripum í minka. Þessi stefna, sem síðar þótti sjálfsögð, var harðari en nokkur önnur lönd höfðu tekið upp þá og 10 árum fyrr á ferð en í Englandi, þar sem kúariðan kom fram 1985–6. Með þessari hörku, sem þótti öfgakennd, höfum við kannske afstýrt því að kúariða kæmi upp og yrði landlæg hér. Eyða skyldi öllum heyjum frá riðutíma áður en nýr fjárstofn kæmi. Hert var á eftirliti með fjárflutningum, heyflutningum og öðru, sem hugsanlega gæti verið smitandi. Viðnámið bar strax góðan árangur en útbreiðslan stöðvaðist ekki. Erlendis var hafin ræktun mótstöðumikilla fjárstofna, sem byggði á því að nota eingöngu til undaneldis fullorðnar ær og hrúta, sem sannað höfðu mótstöðuhæfileika sína með því að lifa lengi í riðuumhverfi. Þetta var áður en menn vissu um arfgerðir smitefnisins. Þetta hafði fljótt áhrif en áhuginn dofnaði, þegar upp kom, að meðgöngutíminn lengdist. Óvíst var og er enn, hvort með þessu væri fjölgað smitberum. Svipuð tilraun var gerð hér á landi á búi þar sem mikið tjón hafði verið af riðuveiki. Árangur lét ekki á sér standa. Hjörðinni hafði verið skipt í næman hluta og þolinn. Tjón var næstum ekkert í þeim síðarnefnda. Þá gerðist eitthvað, sem ekki varð skýrt (stökkbreyting?). Dauðsföll byrjuðu í mótstöðumikla flokknum með síst minni krafti en í hinum. Hafin var athugun á mótstöðu

hrúta á sæðingarstöðvum gegn riðuveiki. Til umræðu kom hvort hefja ætti skipulega ræktun fjár, sem hefði mótstöðu gegn riðuveiki. Óvíst þótti, hvort það ætti við á Íslandi, þar sem stefnt var að útrýmingu veikinnar en ekki að búa við hana. Ræktun í þessa átt gæti orðið til þess að fela veikina í stað þess að útrýma henni. Það var því úr vöndu að ráða. Áraskipti voru að tjóni. Vorið 1979 var óvenju hart. Lambfé stóð inni á sumum riðusvæðanna fram í júní. Fé, sem fætt var þetta vor á þessum riðusvæðum, hrundi niður úr riðu næstu árin. Mjög mikið tjón varð á einstöku bæjum. Allt benti til þess að veikin myndi halda áfram að breiðast út og leggja allt landið undir sig, ef ekki yrðu teknar upp öflugari aðgerðir. Á mörgum bæjum veiktust árlega af riðuveiki 5–15% af fullorðnu fé og mun meira á stöku stað, allt að 50%. Slík útbreiðsla og svo mikið tjón er óþekkt í öðrum löndum. Augljóst virtist, að veikin myndi breiðast út um allt land á fáum árum. Það var annað hvort að hrökkva eða stökkva.

Hertar aðgerðir 1986

Veikin náði hámarki á Íslandi árið 1986. Þá var vitað um virka riðuveiki á 104 bæjum en hún var staðfest á 66 bæjum það ár. Sýkt voru 25 varnarhólf af 38 varnarhólfum landsins og í yfirvofandi hættu voru hólfin 13 sem eftir voru ósýkt. Stjórnvöld tóku þá ákvörðun 1986 að tillögu yfirdýralæknis og Sauðfjársjúkdómanefndar í samráði við samtök bænda, að freista þess með öllum ráðum að útrýma veikinni úr landinu. Ákveðið var að farga öllum hjörðum þar sem veikinnar hafði orðið vart síðustu 5 árin og öllu fé bæði sýktum hjörðum og ósýktum á nokkrum svæðum þar sem veikin var mjög útbreidd og herða á öllu eftirliti. Þessar aðgerðir báru fljótt sýnilegan árangur og leiddi til þess að eytt var einnig flestum hjörðum þar sem vitað var að riðu hefði orðið vart, þótt lengra væri en 5 ár síðan. Þótt útbreiðsla stöðvaðist hélt veikin áfram að koma upp á stöku nýjum bæjum á gömlu riðusvæðunum, jafnvel meira en áratug eftir að nýtt fé var komið. Tvö dæmi eru um að liðið hafi 18 ár milli riðutilfella, án þess að sýnt yrði fram á nýjan aðflutning á smiti, frá því að lógað var sýktri hjörð þar til veikinnar varð vart aftur á sama stað.

Mismunandi stofnar smitefnis og rannsóknir á arfgerðum:

Mótstaða gegn riðuveiki í sauðfé er að miklu leyti arfbundin.

Veikin leggst misþungt á einstakar ættir sauðfjár. Samspil milli kindarinnar og smitefnisins virðist ráða því, hve skæð veikin verður og hve fljótt hún kemur fram, þ.e. hve meðgöngutíminn er langur eða hvort hún kemur fram. Margt er óljóst um smitefnið ennþá. Við rannsóknir á arfgerðum príon-gensins hér á landi hefur sú niðurstaða fengist, að þar sem viðkvæmar arfgerðir væru ríkjandi gæti fé hrunið niður úr riðuveiki, ennfremur að í íslensku fé væri líklega til arfgerð sem gæfi vörn gegn riðunni. Riðuveiki hefur aldrei fundist hér á landi í kindum með þá arfgerð. Hins vegar eru dæmi um það erlendis. Við rannsóknir á erfðavísi príon-proteins hefur verið sýnt fram á breytileika í röðun aminosýra á nokkrum stöðum, svokölluðum setum númer 136, 154 og 171, sem virðist ráða þessum mun. Í seti 136 eru tvær gerðir, A (alanine) og V(valine). Í seti 154 eru einnig tvær gerðir, R(arginine) og H(histidine) en í þriðja setinu 171 eru þrjár gerðir , þ.e. Q (glutamine) auk tveggja þeirra sem fyrr voru nefndar R og H. Rannsóknir á Keldum hafa sýnt þá sérstöðu hjá íslensku fé, að í seti 171 finnst aðeins gerðin Q. Það þýðir að arfgerðirnar eru færri hér á landi en í öðrum löndum. Þar á meðal vantar þá arfgerð, sem hefur R í seti 171 og talin er gefa besta vörn gegn riðu (ARR). Ekki hafa sams konar arfgerðir fundist við rannsókn á smitefni kúariðu. Talað er um hlutlausa arfgerð, verndandi arfgerð og áhættuarfgerð. Tíðni mismunandi arfgerða í íslensku fé var metin með prófum á um 1000 fjár af mismunandi stöðum á landinu, bæði riðulausum svæðum og riðusvæðum. Tíðni mismunandi arfgerða gæti hafa verið að breytast, því að hrútar á sæðingarstöðvum hafa áhrif. Tíðni áhættuarfgerðar á stöðvunum hefur verið hærri en utan þeirra.

Hlutlaus arfgerð = ARQ/ARQ
– lang algengust hér á landi . . . . . (75%)

Verndandi arfgerðir = AHQ/ARQ og AHQ/AHQ
– eru frekar sjaldgæfar, breytilegt eftir svæðum (5–10%)

Áhættuarfgerðir = VRQ/VRQ og VRQ/ARQ
– eru nokkuð algengar . . . . . (10–20%)

Áhættu-/Verndandi- = VRQ/AHQ má kalla óvissuarfgerð,
– mjög sjaldgæf . . . . . (1%)

Við athuganir á Keldum hefur sýnt sig að arfgerðirnar eru fleiri en óvissa er um áhrif þeirra á riðuþol.

Vegna þess að riðan leggst misþungt á ólíkar arfgerðir sauðfjár, hafa menn gert sér í hugarlund, að hægt sé að hamla gegn útbreiðslu veikinnar eða jafnvel útrýma henni með kynbótum eða ræktun á mótstöðumiklum stofnum. Þótt með þessu sé mælt af sérfræðingum Evrópusambandsins, hafa stjórnvöld hér talið óvíst hvort það ætti við aðstæður á Íslandi af eftirfarandi ástæðum m.a.: Þær aðgerðir sem beitt hefur verið hafa skilað árangri. Sú arfgerð riðusmitefnis sem áhrifaríkust er í öðrum löndum er ekki til í íslensku fé. Ekki vitað með vissu, hvort ræktun á mótstöðumiklu fé leiðir til útrýmingar veikinnar eða felur hana þ.e. lengir meðgöngutímann og fjölgar jafnvel smitberum. Rannsóknir á Keldum benda þó ekki til þess. Ekki er vitað, hvort ræktun á einum stofni smitefnisins gefur sömu vörn gegn öðrum stofnum, sem kynnu að vera hér eða gætu borist til landsins við ógætilegan innflutning, við stökkbreytingu eða óhapp. Ekki er vitað, hvaða eiginleikum yrði útrýmt á kostnað aukinnar mótstöðu. Ekki þykir rétt að breyta um stefnu að svo komnu vegna þess árangurs, sem náðst hefur. Lýst hefur verið á annan tug mismunandi stofna af riðuveiki. Breytileiki milli stofna felst í meðgöngutíma, dreifingu skemmda um heilann, útfellingum proteins í heila (amyloid), mismunandi þoli á hita og sótthreinsiefnum o.fl. Þess má geta, að sumir stofnar músa virðast ekki mótækilegir fyrir riðu. Í sumum tilfellum finnst fleiri en einn mismunandi stofn af smitefninu í einni og sömu skepnunni. Enn vantar talsvert á þekkinguna. Hrútar, sem teknir eru inn á sæðingarstöðvar hafa verið greindir til arfgerðar m.t.t. riðuþols um árabil og fjáreigendur hafa sjálfir ráðið notkun. Hér eftir verða hrútar með áhættuarfgerð útilokaðir.

Fjárskipti

Fyrstu skipulegu aðgerðir gegn riðuveikinni hófust 1978 og byggðust á því að fjarlægja jafnharðan kindur, sem veiktust af riðu á gömlu riðusvæðunum en eyða hjörðum og hafa fjárskipti á öllum riðubæjum á nýjum svæðum. Þetta dró úr útbreiðslu og tjóni en stöðvaði ekki útbreiðsluna. Árið 1986 þótti sýnt, að veikin myndi halda áfram að breiðast út og leggja allt landið undir sig, ef ekki yrði gripið til harðari aðgerða. Ákveðið var að hafa fjárskipti á öllum riðubæjum síðustu 5 árin. Það réði úrslitum um árangur

aðgerðanna. Settar voru reglur um framkvæmdina og víða skipaðar nefndir heimamanna til aðstoðar og eftirlits. Það reyndist yfirleitt mjög vel. Stutt lýsing á framkvæmd við niðurskurð fylgir hér með: Þegar riðuveiki finnst á nýjum bæ er öllu fénu fargað strax og grafið djúpt á stöðum samþykktum af heilbrigðiseftirliti. Finna skal og farga hverri kind sem látin var til lífs frá sýktum bæ, einnig kindum frá öðrum bæjum sem hýstar voru á riðubænum yfir nótt eða lengur síðustu árin. Um geitur gegnir sama máli og sauðfé. Riðusmitefnið er með afbrigðum lífseigt. Það fylgir fyrst og fremst lifandi fé en getur einnig verið í öllu því sem óhreinkast af fé, taði, líffærum og hræjum sem ekki hafa verið grafin tryggilega eða eytt. Smitefnið getur líka fylgt tækjum, áhöldum, fóðri, vatni, skóm, hlífðarfötum, óhreinindum á höndum manna o.fl. Víðtæk og rækileg þrif og sótthreinsun á húsum, tækjum, tólum og nánasta umhverfi er því mjög mikilvæg. Ráðlegt er að djúpplægja smitmengað land. Heyi frá riðutíma af landi sem smitað, veikt eða grunað fé gekk á og/eða sauðatað var borið á skal eyða með því að grafa það djúpt eða brenna vegna hættu sem virðist fylgja heyi, e.t.v. vegna sýktra heymaura. Nota skal efni sem eyðir maurum við hreinsun á hlöðum. Fjárlaust skal vera í a.m.k. 2 sumur og lengur, ef veikin hefur komið oftar en einu sinni. Síðan er nýtt fé (lömb) fengið frá ósýktu svæði, ef nákvæmri hreinsun hefur verið lokið í tæka tíð. Vitað er að unglömb eru næmari gagnvart riðusmiti en eldri kindur. Ljóst virðist enfremur að enn getur verið eitthvað af smiti á sýktum stað þrátt fyrir sótthreinsun og fjárleysi í 2 ár eða lengur. Þeim sem hafa fjárskipti hefur verið ráðlagt að kaupa að líflömb af ósýktu svæði fyrstu árin í stað þess að setja á eigin lömb, sem eru uppalin á viðkvæmasta tíma í lífi sínu í hugsanlega smituðu umhverfi. Tíminn hefur sitt að segja við eyðingu á smiti.

Árangur aðgerðanna og staðan í dag

Riðuveiki hafði ekki fundist á nýju svæði í meira en áratug, þegar riðuveiki kom upp vorið 2003 í Ölfusi og fyrripart vetrar 2004 í Biskupstungum. Þrátt fyrir það eru tilfellin sjaldgæf miðað við það sem var og vonir standa til þess að útbreiðslan verði stöðvuð. Reynt er að fylgjast sem best með veikinni og leita að tilfellum, sem ekki hafa komið fram ennþá. Tekin hafa verið árlega um 10.000 heilasýni úr heilbrigðu fullorðnu sláturfé og öllu grunsam-

legu og veiku fé sem náðst hefur í til að leita veikinnar. Beitt hefur verið vefjaskoðun og mótefnalitun fyrst og fremst en stefnt er að því að taka upp hraðvirkari og nákvæmari aðferð, þegar fjárhagur leyfir. Hér er átt við ELISA-próf, sem gefur víðtækari svör en fyrri próf. Fé er skoðað á húsi og í réttum á svæðum þar sem helst þykir ástæða til að óttast veikina. Tekið hefur verið upp eftirlit með kúariðu og einnig er safnað sýnum til riðurannsókna úr geitum og hreindýrum. Við upphaf aðgerða var riða þekkt á meira en 100 bæjum. Árið 1995 fannst veikin á 12 bæjum og á 8 bæjum 1996. Árin 1997 og 1998 fannst veikin á 5 bæjum hvort ár en á tveimur bæjum hvort ár 1999 og 2000. Árið 2001 fannst veikin á einum bæ. Aftur á móti fannst veikin á 2 stöðum 2002 og 5 stöðum 2003 og fram til 1. maí 2004 hefur veikin greinst á 3 bæjum, öllum á litlu svæði í Árnessýslu. Frá upphafi viðnámsaðgerða árið 1978 hefur verið fargað rúmlega 800 hjörðum á riðusvæðum, alls um 150 þúsund fjár. Á 500 bæjum er kominn nýr fjárstofn úr ósýktum varnarhólfum og á rúmlega 400 þeirra hefur verið búið við nýtt fé án riðu í u.þ.b. 10 ár. Veikin hefur verið þrálátust á Norðurlandi og Austurlandi. Á 10 ára tímabili, 1995 til 2004 (1/5´04), hefur riðuveiki greinst í eftirtöldum sýslum: V-Hún. 6 bæir, A-Hún. 8 bæir, Skag. 3 bæir, Eyjaf. 7 bæir, S-Þing. 2 bæir, N-Þing.1 bær, N-Múl. 5 bæir, S-Múl. 9 bæir, Árn. 6 bæir. Riða hefur aldrei fundist í eftirtöldum sýslum: A-Skaftafellssýsla, Vestmannaeyjar, Snæfells- og Hnappadalssýsla, A-Barðastrandarsýsla, Strandasýsla norðan Bitru og Norður-Þingeyjarsýsla austan Jökulsár á Fjöllum. Líflambasvæði, svokölluð ósýkt svæði eru þessi: Suðursveit og Öræfi A-Skaftafellssýslu, Snæfellsnes vestan varnarlínu, A-Barðastrandarsýsla austan Þorskafjarðar og Strandasýsla norðan Bitrufjarðar, Þistilfjörður, Langanes og Slétta í N-Þingeyjarsýslu og verið er að íhuga hvort sala geti einnig orðið úr Öxarfirði austan Jökulsár á Fjöllum. Baráttan gegn riðuveiki hér á landi hefur gengið framar vonum flestra, þótt áföll og óvæntar uppákomur hafi orðið, en víst er að riðuveiki kraumar undir hér og hvar á gömlu riðusvæðunum. Staðan er mjög viðkvæm því að viðbúnaður manna og aðgát sljóvgast, þegar lítt eða ekki verður vart við veikina. Auðvelt er að missa tökin á veikinni og horfa á hana breiðast út að nýju. Það er því nauðsynlegt að menn haldi vöku sinni, forðist viðskipti með líffé og hýsingu á aðkomufé og láti vita þegar í stað um allar grunsemdir sínar.

Helstu heimildir:

1. Benestad, S.L.; Sarradin. P.; Thu. B.; Schönheit, J.; Tranulis. M.A.; Bratberg, B.: Cases of scrapie with unusual features in Norway and designation of a new type, Nor98. Vet. Rec. 153, 202–208,2003.
2. Brown P, Bradley R.: 1755 and all that: a historical primer of transmissible spongiform encephalopathy. Brit. Med. J., 317:1688–92, 1998. (Quoting nr. 17 and 18 in this list).
3. Emilsson, T: Fátækt fólk 2. útg., 287, Akureyri 1978.
4. Fraser, H.: A survey of primary transmission of Icelandic Scrapie (Rida) to mice. In: Affections du systeme nerveuxcentral. Ed. L., Count. Masson Paris 34–46, 1983.
5. Gajdusek DC, Zigas V. Degenerative disease of the central nervous system in New Guinea: epidemic occurrence of „kuru“ in the native population. N Engl J Med 1957; 257: 974–978.
6. Georgsson, G; Sigurðarson, S.; Guðmundsson, G.; Pálsson, P.A.; Valdimarsson. E.M.: Creutzfeldt-Jakob sjúkdómur og riða í sauðfé á Íslandi. VIII ráðstefnan um rannsóknir í læknadeild Háskóla Íslands. Ágrip erinda og veggspjalda. Læknablaðið 82 (fylgirit), 56–58, 1996.
7. Gíslason, Guðmundur læknir: Pers.comm.
8. Hallgrímsson, Snorri: Um ,,Riðuveiki“ í íslensku sauðfé. Læknablaðið 24. 80–91, 1938.
9. Hlíðar, Sigurður E.: Sauðfé og sauðfjársjúkdómar á Íslandi. Oddur Björnsson Akureyri, 92–102, 1937.
10. Journal of the House of Commons , 1755:27:87. (Quoted by nr 5).
11. Leopoldt JG. Nützliche und auf die Erfahrung Gegründete. Einleitung zu der landwirthschaft, fünf Theile. Berlin: Christian Friedrich Günthern,1759:348. (Quoted by nr 5).
12. Pálsson, P.A.: Riða eða riðuveiki í sauðfé. Útbreiðsla. viðnáms- og varnaraðgerðir. Búnaðarritið. 104 1991, 200–220, 1992.
13. Pálsson, P.A.: Pers. communication.
14. Prusiner. S.B.: Novel Proteinaeous Infectious Particles Cause Scrapie. Science 216, 136–144, 1982.
15. Schreuder. B.E.C. and Somerville, R.A.: Bovine spongiform encephalopathy in sheep. Rev. sci. tech. Off. int. Epiz. 22(1), 103–120, 2003
16. Sigurðarson, S.: Fjárskipti vegna riðu 1978–1987. Árbók landbúnaðarins 22, 327–337, 1987.
17. Sigurðarson. S.: Epidemiology of scrapie in Iceland and experience with control measures. In „Sub-Acute Spongiform Encephalopathies“, 233–242. Edited by Ray Bradley, M. Savey and B. Marchant, eds. Kluver, Dordrecht, 1991.
18. Skírnisson, Karl: Riðuveiki í sveitum á Austurlandi. Handrit, Reykjavík, 1980
19. Wisniewsky, Henryk M.; Sigurdarson, Sigurdur; Rubenstein, Richard; Kascsak, Richard J.; Carp, Richard I.: Mites as vectors for scrapie. Lancet 374, 1114. 1996.
20. Thorgeirsdottir, S.; Sigurdarson, S.; Thorisson, Hjalti Mar, ; Georgsson, G. and Palsdottir, A.; PrP gene polymorphism and natural scrapie in Icelandic sheep. Journal of General Virology, 80, 2527–2534 GB 1999.
21. Thorgeirsdottir, S.; Georgsson, G.; Reynisson, E.; Sigurdarson, S.: Palsdottir, Á: Search for healthy carriers of scrapie: an assessment of subclinical infection of sheep in an Icelandic scrapie flock by three diagnostic methods and correlation with PrP genotypes. Arch. Virol. 147(4). 709–722, 2002.
22. Þættir um innflutning búfjár og Karakúlsjúkdóma. pp 296, Reykjavík 1947.

Jarle Reiersen

Salmonella og kampylóbakter í kjúklingaeldi

Upp úr 1950 fjölgaði hér á landi mikið matareitrunartilfellum í fólki af völdum salmonella sýkla, bæði einstökum tilfellum sem og hópum fólks sem höfðu neytt matvæla sem mengast höfðu á framleiðslustað.

Árið 1954 kom upp salmonellasýki í kúm af völdum *Salmonella Typhimurium* á bæ á Seltjarnarnesi. Þaðan var seld ógerilsneydd mjólk í nágrennið og veiktust á annað hundrað manns auk þess sem smitberar báru veikina til Hafnarfjarðar og Ísafjarðar. Fljótlega eftir þetta atvik var bannað að selja ógerilsneydda mjólk til almennings.

Á svínabúi á Suðurnesjum kom samonellasýki upp í andabúi árið 1962. Frá þessari uppsprettu veiktist margt fólk í Reykjavík, allt að 150 að talið var.

Sýking kom upp í fólki af völdum *S. Paratyphi B* í Reykjavík árið1982 og var þessi faraldur tengdur smiti í skjaldbökum. Faraldur af líkum uppruna hefur komið upp aftur og nú er óheimilt að flytja lifandi skjaldbökur til landsins.

Gestir í fermingarveislu í Búðardal haustið 1987 veiktust heiftarlega af völdum *S. Typhimurium* og var smit rakið til kjúklinga sem neytt var í veislunni.

Sama ár veiktust 56 manns í Dölunum af völdum *S. Goldcoast* sem rakið var til svínakjöts sem neytt var í fagnaðinum.

Lög og reglur

Í því skyni að draga úr smithættu af völdum salmonella í alifuglaafurðum var gefin út viðbót við reglugerð nr. 260/1980 þar sem bannað var að dreifa ófrosnum alifuglaafurðum og einnig að merkja skuli umbúðir með leiðbeiningum um hvernig standa skuli að matreiðslu án þess að hætta sé á krosssmitun í önnur matvæli og matarsýkingum.

Sökum vaxandi tíðni matareitrana af völdum salmonella í alifuglaafurðum skipaði landbúnaðarráðherra nefnd árið 1988 sem skyldi koma með tillögur að reglum um bættan aðbúnað og framleiðsluhætti á alifuglabúum. Niðurstöður nefndarinnar voru gefnar út í reglugerð nr. 428/1990 um alifuglarækt og ráðstafanir gegn kjúklingasótt og öðrum sjúkdómum alifugla. Í reglugerðinni er kveðið á um reglubundnar sýnatökur í öllu framleiðsluferlinu m.t.t. mengunar af völdum Salmonella. Einnig var kveðið á um ráðningu dýralæknis alifuglasjúkdóma sem skyldi sinna vörnum, sjúkdómsgreiningu og reglubundnu eftirliti á alifuglabúum.

Eftirlit

Í framhaldi af setningu reglugerðar um alifuglarækt var ráðinn dýralæknir til að kanna útbreiðslu salmonella á alifuglabúum og hvaða bú væru iðulega með salmonella mengaðar afurðir í alifuglaafurðum með skipulögðum sýnatökum bæði í eldinu og við slátrun. Fljótlega kom í ljós að salmonella var nokkuð algeng í afurðum frá tiltölulega fáum búum. Í framhaldi af þessum niðurstöðum var farið í að leiðbeina bændum hvernig hægt væri að ná tökum á menguninni bæði með námskeiðum og persónulegri ráðgjöf. Auk þess að tekið var á hreinsun búanna og umhverfi þeirra lagfært hófst innflutningur á salmonellafríum stofnum frá Svíþjóð



Hlutfall Salmonellamengaðra kjúklingaeldishópa.
(Rannsóknaraðilar: Tilraunastöð H.Í. í meinafræði, Keldum, og Sýni ehf.)

og síðast en ekki síst var komið á „allt inn-allt út“ kerfi í rekstrinum. Árangurinn lét ekki á sér standa, mjög fljótlega tókst að hreinsa stofnbúin af salmonella og eins flest öll kjúklingabúin að tveimur undaskildum. Heilbrigðisyfirvöld náðu síðan árið 1995 að semja við þessi tvö um að hætta kjúklingaframleiðslu og var þá stórum áfanga náð í að draga úr salmonellamengun í kjúklingaeldi hér á landi.

Mengun af völdum kampylóbakter

Haustið 1995 var leyft að selja ófrosna alifugla, m.a. vegna mikils þrýstings frá alifuglaframleiðendum og einnig vegna þess að góður árangur hafði náðst í að draga úr salmonellamenguninni. Fyrstu ófrosnu kjúklingarnir komu á markað vorið 1996 og í dag selst mestur hluti kjúklinga í fersku ástandi. Mikil aukning átti sér stað í sölu kjúklinga á árinu 1998 og var það einkum þakkað aukinni neyslu ferskra kjúklinga, en á sama tíma fjölgar mjög tilfellum kampylóbakter í mönnum og sýkingin rakin til innlends uppruna. Rannsókn sem gerð var á útbreiðslu kampylóbakter í slátruðum kjúklingum árin 1986 og 1991 sýndi að 73–88% kjúklinganna voru mengaðir en á þessum tíma var aðeins leyft að selja frosna kjúklinga, sem að öllum líkindum mun hafa komið í veg fyrir útbreiðslu sýkinga í fólki. Eins og fyrr segir fjölgaði kampylóbakter tilfellum í fólki árin 1998–2000 samhliða aukinni sölu á ferskum kjúklingum en hjaðnaði síðan þegar eftirlitsáætlun og sértækum aðgerðum var hrint af stað. Mikilvægasti þátturinn í þessari baráttu virðist vera að þróa aðferðir til að geta valið úr kampylóbakter mengaðar afurðir og frysta þær. Árangurinn lét svo sannarlega ekki á sér standa því að tilfellum kampylóbakter sýkingum af innlendum uppruna í mönnum hefur fækkað um meira en 80% miðað við árið 1999.

Aðferðir í baráttunni við kampylóbakter

Þegar átakið gegn salmonella í kjúklingaeldi hófst af fullum krafti um miðjan tíunda áratuginn, var talið að með bættri umgengni yrði hægt að halda kampylóbakter í skefjum. Ekki var vitað nákvæmlega um tíðni kampylóbakter í kjúklingaeldi fyrr en reglubundnar sýnatökur hófust í ágúst 1999. Fljótlega kom í ljós að þrátt fyrir að tekist hafði nánast að útrýma salmonella úr kjúklingaeldi, dugðu ekki sömu aðferðir á kampylóbakter. Mikil

áhersla var lögð á að takmarka kampylóbakter í kjúklingaeldi með skoðun á öllum kjúklingabúum landsins og veita ráðgjöf um breytingar á umgengni, húsakosti og umhverfi. Einnig var farið í að breyta skipulagi við slátrun því smit tengt sláturferli virðist vera mjög mikilvægur hlekkur í útbreiðslu kampylóbakter. Árangurinn við að draga úr smiti í kjúklingum hefur látið bíða eftir sér, en með innleiðingu á frystiskyldu á öllum afurðum sem vitað væru kampylóbaktermengaðir við dreifingu, hefur smiti fækkað í fólki af völdum innlends smits.



Hlutfall Kampylobakter-mengaðra kjúklingaeldishópa.
(Rannsóknaraðilar: Tilraunastöð H.Í. í meinafræði, Keldum, og Sýni ehf.)

Erlent samstarf og viðurkenning

Minnkun salmonellamengunar á kjúklingabúum hefur vakið athygli erlendis þar sem margir eru að kljást við sama vandamálið. Einna mestrar athygli hefur vakið árangurinn sem náðst hefur í að fækka kampylóbaktertilfellum í mönnum. Það hefur leitt til víðtæks samstarfs við erlendar rannsóknastofnanir til að finna lausnir á því hvernig og af hvaða orsökum í umhverfinu kjúklingar smitast af kampylóbakter. Markmiðið er að finna marktækar leiðir til að forðast að kjúklingar smitist frá smiti úr umhverfinu.



Tíðni Kampylobakter-sýkinga í mönnum á Íslandi í samanburði við önnur lönd.
(Heimild: Sýkladeild Landspítala-Háskólasjúkrahúss)



Fjöldi Kampylobakter-sýkinga í mönnum á Íslandi, flokkað eftir smitleiðum.
(Heimild: Sýkladeild Landspítala-Háskólasjúkrahúss)

Framtíðarhorfur hér á landi

Útlit er fyrir að tíðni salmonella í kjúklingaeldi verði með svipuðu móti og undanfarin ár. Með auknu gæðaeftirliti í allri matvælaframleiðslunni, þ.e. frá fóðri til neytandans, er vonast til að tilfellum salmonella muni enn fækka.

Mikið hefur verið lagt í að fækka tíðni kampylóbacter í kjúklingaeldinu. Ekki hefur það tekist eins og upphaflega var vonast til, en samstarf er hafið við erlenda aðila sem felur í sér að kortleggja helstu smitleiðir í framleiðsluferlinu svo hægt verði að vinna markvissara að verja kjúklinga fyrir kampylóbaktermengun. Sýnt hefur verið fram á samhengi milli neyslu mengaðra ferskra kjúklingaafurða og sýkingar í mönnum.

Þorsteinn Ólafsson

Sauðfjársæðingar á Íslandi

Upphafið

Spallanzini, ítalskur eðlisfræðingur og munkur, var frumkvöðull í sæðingum með því að sýna fram á að hægt væri að flytja sæði úr hundi í tík um 1780 með þeim árangri að tíkin fæddi 3 hvolpa.

Brautryðjendur í nútíma sæðingum voru rússneskir vísindamenn, Ivanoff og Milavanov í byrjun 20. aldar.[1]

Í yfirlitsgrein sem Guðmundur Gíslason læknir ritaði í Búnaðarritið 1945 kemur fram að þegar 1913 hafi Halldór Vilhjálmsson skólastjóri á Hvanneyri látið gera fyrstu tilraunina til að sæða kindur hér á landi. Tókst að ná sæði úr hrút sem hafði lamast þannig að hann gagnaðist ekki ám. Voru þrjár ær sæddar og hélt ein en tvær gengu upp. Það verður að teljast góður árangur vegna þess að yfirleitt er mjög erfitt að ná sæði úr hrútum sem eitthvað er að í afturfótum. Grein Guðmundar er mjög góð yfirlitsgrein um sæðingar á þeim tíma og ekki síður afar merk heimild um tilraunir hans til að dreifa fjárkynjum sem höfðu mikla mótstöðu gegn mæðiveiki með sæðingum. Hann greinir frá því að 1938 hafi athuganir leitt í ljós að sauðfjárættir hefðu mjög mismikla mótstöðu gegn mæðiveiki. Í framhaldi af því hóf hann að starfa að sæðingum sauðfjár hér á landi.

Þann 15. desember 1939 var tekið sæði úr Fagraness-Gul, 1. verðlaunahrúti af þingeysku kyni, og sæddar 6 ær í Grafarholti sem héldu allar. Í desember 1939 voru sæddar 224 ær og héldu 47 eða 21%. Mest af sæðinu var tekið í Reykjavík eða Mosfelli og flutt austur í Árnessýslu allt upp að Ásum og Hrafnkelsstöðum í Hreppum. Ferðirnar tóku 12–18 klst. Í þessari tilraun var reynt að sæða með sæði sem var allt að 78 klst. gamalt, en elsta sæðið sem reyndist frjótt var 50 klst. gamalt. Á næstu árum batnar árangurinn með hverju ári frá 41% 1940 í 60% 1943. Sæddar voru 218–745 ær á ári, fæstar 1943 þegar áform um sæðingar í stórum stíl strönduðu vegna snjóþyngsla.[2]

Á árunum 1945–1949 starfaði Hjalti Gestsson með Guðmundi

Gíslasyni að sauðfjársæðingum hálfan mánuð í desember á hverju ári. Hjalti valdi 4–5 hrúta með Guðmundi sem voru hafðir í aðstöðu sem var á vörubílspalli með sæðistökuherbergi og litla rannsóknarstofu. Framan af sæddi Guðmundur ærnar út um lúgu á bílpallinum, en seinna var farið að fara með sæðið út á bæina og sæða með lítið kældu sæði sem fyrst eftir sæðistöku.[3]

Hjörtur Eldjárn ritar greinargerð í Frey 1946 um flutninga á hrútasæði frá Skotlandi. Þar segir Hjörtur:

> *„Það er kunnara en frá þurfi að segja, hvaða erfiðleika sauðfjárrækt á Íslandi hefir átt við að stríða á síðustu tímum. Svo rammt hefir að þeim kveðið, að sumir eru teknir að hallast að þeirri skoðun, að sauðkindin ætti ekki að hafa hér lengri landsetu, fólkið þarfnist hennar ekki, og landið vilji hana ekki.“*

Hér vísar Hjörtur til þeirra hremminga sem sauðfjársjúkdómarnir eru og næmni íslenska fjárstofnsins fyrir þeim, en einnig til hins að féð uppfylli ekki kröfur markaðanna um gæði kjöts og ullar.

Hjörtur segir síðan frá því hvernig það æxlaðist að honum var falið að útvega sæði í Skotlandi og fljúga því til Íslands haustið 1945. Leyfi fékkst til að flytja út sæðið og Flutningsdeild konunglega flughersins tók að sér flutningana frá Prestwick til Reykjavíkur, en þeir flugu einu sinni og stundum tvisvar í viku til Íslands. Keyptir voru 5 Cheviot hrútar og fengnir að láni 2 Blackface og 2 Border-Leichester hrútar. Byrjað var á að gera tilraun til þess að sæða 25 ær í Skotlandi og héldu 18 (72%). Eftir tvær misheppnaðar tilraunir til þess að komast heim komst Hjörtur heim með fyrstu sæðisskammtana 19. desember og síðan komu 4 flugvélar frá Prestwick með sæði til áramóta og síðasta sendingin kom 5. janúar. Alls voru sæddar 604 ær, flestar í Borgarfirði, en 66 fyrir austan fjall. Aldur sæðisins var 13–48 klst.[4]

Í Búnaðarritinu 1947 gerir sauðfjárræktarráðunauturinn Halldór Pálsson grein fyrir þessum sæðisinnflutningi. Þar kemur í ljós að af fjalli komu 87 lömb úr þessum innflutningi sem öll átti að ala upp og nota í samanburðartilraun á Hesti. Í sömu skýrslu kemur fram að haustið 1946 voru fluttir inn 8 hrútar sem Hjörtur Eldjárn valdi í Skotlandi. Þeir komu til landsins 1. desember og voru hafðir í einangrun í Gróttu.[5]

Í starfsskýrslu Hjartar Eldjárns í sama Búnaðarriti kemur fram

að tveir af þeim hrútum sem fluttir voru frá Skotlandi voru með „Foot rot“ skv. læknisvottorði. Vegna þessa sjúkdóms ákvað yfirdýralæknir að öllum hrútunum yrði lógað og var það gert 20. desember. Í skýrslu Hjartar kemur fram að hann hafði tekið sæði úr einum Cheviothrútnum og flutt það í jeppa norður í Svarfaðardal áður en ákveðið var að drepa hrútana. Sama haust voru sæddar um 200 ær í Eyjafirði og S-Þingeyjasýslu með sæði úr tveimur gömlum Border-Leicester hrútum úr Svarfaðardal. Hjörtur hafði kennt Arnljóti Sigurðssyni á Arnarvatni töku og meðferð sæðis og hann mun hafa sætt eitthvað í Mývatnssveit með sæði úr hrútum af gamla þingeyska kyninu. Sjálfur tók Hjörtur sæði úr hrútum af Kleifakyni á Hesti og sæddi í Hrunamannahreppi, Biskupstungum og Grímsnesi. Sigurður Eyjólfsson á Fiskilæk sæddi með sæði úr sömu hrútum á Mýrum.[6]

Halldór Pálsson segir frá tilraun sem hófst haustið 1947. Þar voru hafðar heilbrigðar ær í Engey og þær voru sæddar með sæði úr mæðiveikum hrútum. Var hugsunin að sanna að óhætt væri að flytja sæði af sýktum svæðum inn á ósýkt svæði.[7] Samstarfsmenn Halldórs voru þeir Guðmundur Gíslason læknir sem sá um sæðingarnar og Páll A. Pálsson dýralæknir sem hafði eftirlit með heilbrigði fjárins í Engey. Þessi tilraun fór út um þúfur þegar kindur í Engey fengu garnaveiki í september 1952 og ákveðið var að slátra öllu fénu. Hins vegar sáust engin merki þess að votamæði eða þurramæði hefðu borist með sæðinu út í Engey.[8]

Það kemur fram í skrifum Hjartar Eldjárns að í Skotlandi hafi verið notaður blöndunarvökvi sem innihélt Na citrat, og sæðið hafi verið vel nothæft í 48 klst. það lakasta og í allt að 5 sólarhringa það besta. Seinna fer hann að efast um að aðferðirnar við sauðfjársæðingar sem hann nam í Englandi séu nógu góðar og vísar til þess að fréttst hafi af góðum árangri af stórfelldum sauðfjársæðingum í A-Evrópu. Hjalti Gestsson getur þess að Guðmundur Gíslason hafi verið óþreytandi að leita eftir endurbættum blöndunarvökvum og nýrri tækni við sæðingarnar.

Í desember 1949 unnu Jóhann Helgason í Leirhöfn og Kristján Kristjánsson við sæðingar á Melrakkasléttu, Axarfirði og í Núpasveit. Þeir höfðu lært aðferðirnar af Guðmundi Gíslasyni. Þeir höfðu tvo hrúta í rétt sláturhússins á Kópaskeri og tóku sæði úr þeim. Þrátt fyrir að 20°C frost væri var árangurinn um 70%. Alls voru sæddar 1100–1200 ær. Í desember 1953 var flutt sæði úr

Þistilfirði og sæddar ær í Axarfirði og á Sléttu.[9] Þar með lauk þessum kafla sögu sauðfjársæðinganna sem verður að teljast mjög merkur.

Þegar höfundur þessarar greinar komst í kynni við þessa starfsemi hér á landi 1979 hafði hann á tilfinningunni að aðferðirnar sem þá voru notaðar hafi verið mótaðar af Guðmundi Gíslasyni og mjólkurblöndunarvökvinn sem ennþá er notaður er gerður á Tilraunastöðinni á Keldum eftir uppskrift Guðmundar.

Framhaldið

Það urðu umskipti í sæðingum sauðfjár og í allri sauðfjárrækt í fjárskiptunum á árunum 1949–1953. Tilraunin í Engey fór út um þúfur svo ekkert varð úr sæðingum þaðan og menn hafa væntanlega verið að byggja upp nýja fjárstofna hver í sínu fjárræktarfélagi.

Í skýrslu sauðfjárræktarráðunautarins Halldórs Pálssonar fyrir árið 1956 segir hann frá því að hann hafi flutt erindi á III. Alþjóðaþingi um lífeðlisfræði og æxlun búfjár í Cambridge um tilraunir á Hesti með notkun gonadotrop hormóna til þess að auka frjósemi áa. Í sömu skýrslu segir að Búnaðarsamband Borgarfjarðar hafi starfrækt sauðfjársæðingastöð á Hesti nokkra daga í desember ár hvert síðustu 5 árin. Frá þeirri stöð voru sæddar ær í Borgarfjarðarhéraði og sum árin einnig á Snæfellsnesi og í Suður-Dölum. Sæðisflutningar milli fjarlægra héraða höfðu ekki farið fram síðan fyrir fjárskipti. Bændur höfðu mikinn áhuga á að kynbæta sauðfé með sæðingum vegna þess að bannað var að flytja kynbótahrúta milli fjárskiptahólfa. Halldór segist hafa eftir mikinn undirbúning tekist að fá þennan vanda leystan. Með samþykki yfirdýralæknis og sauðfjársjúkdómanefndar voru 7 úrvalshrútar af þingeyskum stofni og 2 forystuhrútar af svæðinu milli Hvítár í Árnessýslu og Þjórsár fluttir í einangrun að Laugardælum. Guðmundur Gíslason læknir sá um sæðistöku úr hrútunum. Sæðið var flutt í Borgarfjörð, á Snæfellsnes, í báðar Húnavatnssýslur og Skagafjörð. Alls voru sæddar 2994 ær.[10]

Næsta ár fjölgaði sæddum ám. Af ánum sem sæddar voru 1956 héldu 33%. Árangurinn var bestur á Snæfellsnesi og lakastur í Skagafirði. Sum sæðingalömbin báru langt af öðrum lömbum á sömu búum svo áhuginn á sæðingunum óx til muna. Hrútunum í Laugardælum fjölgaði. Auk hrúta úr Árnessýslu var fluttur hrútur

austan úr Hörglandshreppi á Síðu, Kollur á Teigingalæk. Hann var af gömlum stofni frá Suður-Vík í Mýrdal, sá stofn var fluttur þangað frá Núpstúni í Hreppum en var upprunninn úr Ólafsdal. Guðmundur sá um sæðistökuna og sæðið var flutt í sömu héruð og áður og þar að auki í Dalasýslu og Árnessýslu. Samtals voru sæddar 5600 ær.[11] Árið 1958 var hafður sami háttur á við sæðingarnar, sæðið flutt með flugvélum og bílum í Borgarfjörð og Snæfellsnes, norður í Bæjarhrepp í Strandasýslu og allt norður í Skagafjörð. Sæddum ám fækkaði í 3759.

Þetta ár var komið á námskeiði fyrir sauðfjársæðingamenn. Kennslu önnuðust Halldór, Guðmundur Gíslason og Páll A. Pálsson yfirdýralæknir.[12]

Árni G. Pétursson tók við starfi sauðfjárræktarráðunauts 1. desember 1963. Það ár voru sæddar 8376 ær frá Laugardælum, Hesti og nýstofnaðri stöð á Blönduósi.[13]

Á næsta ári, 1964 hafði bæst við stöð á Lundi við Akureyri. Þar voru 5 hrútar úr Norður-Þingeyjasýslu. Hafði Árni farið með Einari Erni Björnssyni dýralækni að skoða þau bú sem hrútarnir komu frá.[14]

Það var aðeins stöðin á Lundi sem fékk leyfi næsta ár. Alls voru sæddar 6100 ær um Norðurland og allt vestur á Kjalarnes. Árni vonaðist til þess að lögum um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra verði breytt til hins betra. Síðan segir hann:

„Því ástand það, sem nú ríkir í þesum málum er alls óviðunandi og ekki samboðið þegnum þjóðfélagsins. Árlega verður þjóðarbúið fyrir miklum afurðamissi, vegna þess að eðlilegt kynbótastarf getur ekki dafnað í sauðfjárræktinni.“[15]

Næsta ár er enn við það sama, aðeins voru leyfðar sæðingar frá Lundi og Árna ofbýður. „Enn eru allar framkvæmdir sauðfjársæðinga í hels höndum af löggjafanna hálfu, og vekur undrun mína, að svo geti verið í menningarþjóðfélagi.“[16]

Auk stöðvarinnar á Lundi fékkst leyfi til þess að senda sæði frá stöð sem Borgfirðingar, Dalamenn og Snæfellingar stofnuðu á Hvanneyri árið 1967. Árna finnst nóg um: „óskiljanlega strangar kröfur til leyfisveitinga af opinberri hálfu varðandi sæðingar frá sauðfjársæðingastöðvunum.“[17]

Árið 1968 var tímamótaár í sauðfjársæðingum vegna þess að þá var stofnuð sæðingastöð í Laugardælum sem Sunnlendingar reka

ennþá. Hjalti Gestsson segir ítarlega frá stofnun hennar í bókinni Sauðfjárræktin á Suðurlandi.[18] Auk stöðvarinnar í Laugardælum var stöðin á Hvanneyri rekin þetta ár.[19]

Það má segja að frá árinu 1968 hafi sauðfjársæðingastarfsemin verið komin í þann farveg sem hún hefur verið í síðan. 1970 var sæðingastöðin flutt frá Hvanneyri að Hesti og það ár var sætt frá þremur stöðvum, Hesti, Lundi og Laugardælum.[20] Síðan hafa sæðingarnar verið frá tveimur eða þremur stöðvum árlega og verið víðtækt samstarf milli stöðvanna um skipti á hrútum og sæði. Nú eru allar stöðvarnar í góðu húsnæði, í Borgarnesi, á Möðruvöllum og í gömlu nautastöðinni í Þorleifskoti, þar sem er mjög góð aðstaða til þess að frysta sæði.

Gunnar Þórarinsson ritaði aðalritgerð við Búvísindadeildina á Hvanneyri 1985. Þar gerir hann góða grein fyrir þróun sauðfjársæðinga fram til þess tíma. Áður hefur þess verið getið að Halldór Pálsson gerði grein fyrir tilraunum með notkun gonadotrop hormóna á ráðstefnu í Cambridge 1956. Gunnar Þórarinsson safnaði saman öllum tilraunum sem höfðu verið gerðar fram til 1985. Hann segir frá athugunum Guðmundar Gíslasonar 1939 á áhrifum aldurs sæðis á árangur sæðinganna og frá svipaðri athugun sem Sigurjón Steinsson og Ævarr Hjartarson gerðu 1964 á svæði Sauðfjársæðingastöðvarinnar á Akureyri.[21]



Árlegur fjöldi sæddra áa og hlutfall af heildarfjölda áa í landinu.

Á árunum frá 1972 og næstu 10 ár gerði Ólafur R. Dýrmundsson víðtækar tilraunir með samstillingu gangmála áa með svömpum af ýmsum gerðum. Árangur var ekki góður í fyrstu tilraunum, en fljótlega kom í ljós að u.þ.b. 60% af ánum héldu með einni sæðingu og fastri tímasetningu sem er heldur lægra fanghlutfall heldur en á ósamstilltum gangmálum en frjósemin er vel viðunandi.[22] Gunnar greinir einnig frá því að á Möðruvöllum voru gerðar á 8. áratugnum tilraunir með mismikla þynningu á sæðinu og bornir voru saman blöndunarvökvar frá Tilraunastöðinni á Keldum og Nautastöðinni á Hvanneyri og einnig borin saman mishröð kæling á sæðinu.

Um eða fyrir 1980 var einn og einn sæðingamaður farinn að sæða ær án þess að nota glenni. Gunnar greinir frá tveimur tilraunum sem Ólafur G. Vagnsson stóð annars vegar fyrir í Eyjafirði og Leifur Kr. Jóhannesson stóð hins vegar fyrir á Snæfellsnesi þar sem boðnar voru sæðingar með og án glennis. Þessar tilraunir eru mjög merkar vegna þess að niðurstaða þeirra staðfestir í fyrsta skipti að ekki er þörf á að nota glenni til þess að sæða ær.[23] Norðmenn tóku svo upp þessa aðferð eftir Íslendingum.[24]

Þorsteinn Ólafsson lauk licensiatnámi frá Dýralæknaháskólanum í Ósló 1979. Hann fann aðferð til þess að frysta hrútasæði þannig að hægt væri að sæða með góðum árangri í ytra op leghálsins með glenni.[25] Hefur aðferðin verið þróuð áfram og notuð í Noregi og Svíþjóð með góðum árangri.[26] Þorsteinn Ólafsson gerði tilraunir hér á landi með fryst hrútasæði haustið 1979[27] og næstu ár þar á eftir.[28]

Haustið 1985 var fryst sæði (í Þorleifskoti, innskot Þ.Ó.) úr hrútum af sérstaklega frjósömu kyni (Þokukyni, innskot Þ. Ó.) flutt til Bretlands.[29] Á árinu 1998 hófst útflutningu á frystu hrútasæði til Bandaríkjanna frá Sauðfjársæðingastöðinni í Þorleifskoti.[30] Hefur sá útflutningur verið samfelldur síðan. Fyrstu árin var frystingin miðuð við að sætt væri með holsjá inn í leg, en í nóvember 2003 var haldið sæðinganámskeið fyrir 11 manns frá Bandaríkjunum og Kanada og þeim kennt að sæða ær án glennis með frystu sæði. Jafnframt hófust tilraunir aftur með fryst sæði innanlands.

Í Ársskýrslu Búnaðarsambands Suðurlands 2003 eru birtar upplýsingar um árangur sæðinganna á Suðurlandi á árunum 1997–2001. Fanghlutfallið var 71,7% og frjósemin var 1,83 lömb eftir borna á þegar sæddar voru ósamstilltar ær innan sólarhrings

frá sæðistöku. Þegar notað var sæði frá deginum áður var fanghlutfalli 56,5% og frjósemin var 1,60. Þegar gangmál voru samstillt var árangurinn 56,2% og frjósemin 1,74.

Árið 2002 var reynt að nota sérstaka innflutta blöndunarvökva fyrir hrútasæði og reyndust þeir gefa umtalsvert verri árangur en blöndunarvökvinn sem framleiddur er á Tilraunastöðinni á Keldum.[31] Þetta leiðir vissulega hugann að því þróunarstarfi sem Guðmundur Gíslason vann og því að Hjörtur Eldjárn taldi að þær aðferðir sem hann lærði í Englandi væru ekki nógu góðar.

Líklegt má telja að áhugi og samviskusemi frumkvöðlanna í sauðfjársæðingum eigi mikinn þátt í því að óvíða í heiminum er sætt eins hátt hlutfall kinda og hér á landi. Árið 2002 voru sæddar 28.578 ær sem var 7,6% af ásettum ám það ár.[32]

Á árinu 2001 fengu Norðmenn keypta fósturvísa úr ám í Kirkjubólshreppi á Ströndum. Þorsteinn Ólafsson sá um faglegan undirbúning hér á landi, en aðgerðin var framkvæmd af breskum sérfræðingum. Voru fluttir út um 200 góðir fósturvísar úr 24 ám og 100 komið fyrir í ám í Noregi í desember 2001. Næsta vor fæddust 43 lömb. Það kom Bretunum á óvart hvað íslenska féð var vel gert og hvað skipulagið á sauðfjárræktinni og sæðingunum var gott.[33]

Heimildir:

1 Stig Einarsson, Gustafsson, H., Larsson, K., Swesson, T., Söderqist, L. Artificiell insemination och reproduction, 1987.

2 Guðmundur Gíslason. Sæðing húsdýra, Búnaðarritið 58 bls. 84–119, 1945.

3 Hjalti Gestsson: Gildi sauðfjársæðinga, Búnaðarritið 96 1983, bls. 369–382.

4 Freyr 41 1946 bls. 81–85.

5 Búnaðarritið 60 1947 bls. 85–99.

6 Búnaðarritið 60 1947, bls. 149–153.

7 Búnaðarritið 62 1950, bls. 78–89.

8 Búnaðarritið 64 1951, bls. 305–316.

9 Gunnar Þórarinsson 1985: Sæðingar sauðfjár á Íslandi, aðalritgerð Búvísindadeild Bændaskólinn á Hvanneyri bls. 5–6.

10 Búnaðarritið 70 1957 bls. 46–66.

11 Búnaðarritið 71 1958 bls. 50–63.

12 Búnaðarritið 72 1959 bls. 53–68.

13 Búnaðarritið 77 1964 bls. 54–57.

14 Búnaðarritið 78 1965 bls. 106–110.

15 Búnaðarritið 79 1966 bls. 82–89.

16 Búnaðarritið 80 1967 bls. 109–116.

17 Búnaðarritið 81 1968 bls. 77–84.

18 Hjalti Gestsson: Sauðfjárræktin á Suðurlandi. 1997 bls. 95.

19 Búnaðarritið 82 1969 bls. 96–101.

20 Búnaðarritið 84 1971 bls. 94–100.

21 Gunnar Þórarinsson 1985: Sæðingar sauðfjár á Íslandi, aðalritgerð Búvísindadeild Bændaskólinn á Hvanneyri bls. 10.

22 Ólafur R. Dýrmundsson og Þorsteinn Ólafsson, Sexual development, reproductive performance, artificial insemination and controlled breeding. Reproduction, growth and nutrition in sheep, Dr. Halldór Pálsson. Memorial publication, 1989, bls. 95–104.

23 Gunnar Þórarinsson 1985: Sæðingar sauðfjár á Íslandi, aðalritgerð Búvísindadeild Bændaskólinn á Hvanneyri bls. 11–18.

24 H. Paulenz, T. Ådnøy, O.H. Fossen, L. Söderquist and K. Andersen Berg, Effect of deposition site and sperm number on fertility in sheep inseminated with liquid semen. Vet. Rec. 150 (2002), pp. 299–302.

25 T. Olafsson, Insemination of sheep with frozen semen. Results obtained in a field trial in Norway. Zuchthyg 15 (1980), pp. 50–59.

26 Andersen Berg K. Artificial insemination in sheep in Norway. Proc. Cent. Reprod. Biol.: Spec. Symp. In: Söderquist L, Forsberg M, Rodriguez-Martinez M, editors. Aspects of ovine reproduction. Swedish University of Agricultural Sciences, Uppsala, Sweden; 1999, CRB report 8. p. 35–44.

27 Búnaðarritið 93 1980, bls. 76–78.

28 Þorsteinn Ólafsson, Sigurmundur Guðbjörnsson, Páll Sigbjörnsson og Sveinn Hallgrímsson. Sæðingar með djúpfrystu hrútasæði 1982, Sauðfjárræktin 2 1983 bls.164–165.

29 Búnaðarritið 100 1987 bls. 72–77.

30 Ársrit Búnaðarsambands Suðurlands 29 1999, bls. 33–34.

31 Búnaðarsamband Suðurlands Ársrit 2003 34 2004 bls. 52–55.

32 Búnaðarrit, Íslenskur landbúnaður 116 2003, bls. 29–34.

33 Ársrit Búnaðarsambands Suðurlands 2001 32 2002, bls. 52–53.

Sigríður Björnsdóttir

Spatt í íslenskum hrossum

Slitgigt í flötu liðum hækilsins

Spatt er slitgigt í flötu liðum hækilsins, þ.e. langvinn röskun á liðamótum sem einkennist af brjóskeyðingu og breytingum í beini, liðpoka og liðböndum. Sjúkdómsgreiningin byggir á röntgenmyndatöku þar sem sjá má beinnibbur í útjaðri liðanna (*periarticular osteophytes*), upplausn í aðlægum beinvef, þunna, samfallna eða samvaxna liði. Klínísk einkenni sjúkdómsins eru afturfótahelti, helti eftir beygipróf á hæklum, stirðleiki í afturfótum og lægra afturfótaskref.

Spatt í íslenskum hrossum

Spatt hefur fylgt íslenska hrossakyninu allt frá upphafi. Þetta má glögglega sjá á beinum sem varðveist hafa úr kumlum og eru því a.m.k. 1000 ára gömul (*Mynd 1*). Samkvæmt Dýralækningabók Magnúsar Einarsonar (1931) var spatt talinn afar algengur sjúkdómur í íslenskum hrossum í upphafi síðustu aldar. Mat hans var byggt á afturfótahelti og stirðleika í afturfótum. Síðar hefur verið sýnt fram á með röntgenmyndatöku að mikill meirihluti hrossa með klínísk einkenni sjúkdómsins hefur slitgigt í neðri hluta hækilsins (Helgi Sigurðsson 1991). Eftir að algengt varð að röntgenmynda hækla við heilbrigðisskoðanir hrossa vegna eigendaskipta, kom í ljós að slitgigt (*röntgenbreytingar*) er einnig að finna í hrossum sem ekki hafa klínísk einkenni sjúkdómsins. Þetta leiddi til óvissu um hvernig túlka bæri röntgenbreytingar í flötu liðum hækilsins og samband þeirra við afturfótahelti.

Til að meta tíðni spatts, orsakaþætti og áhrif á endingu hrossa, voru 615 reiðhestar rannsakaðir m.t.t. sjúkdómsins.

Eftirfarandi tilgátur um orsakir spatts voru prófaðar:

1) Að ung hross séu undir of miklu álagi.
2) Að gangtegundin tölt leiði til of mikils álags á hækilinn.
3) Að óheppileg bygging hækilsins leiði til of mikils álags á hann.

4) Að spatt sé arfgengur sjúkdómur. Hæklar úr 111 trippum (efniviður úr sláturhúsum) voru skoðaðir til að varpa ljósi á meingerð sjúkdómsins.

***Mynd 1**. Hækilbein úr hesti sem var heigður á tímabilinu 874 – 1000 e. Kr. Bein þessi eru úr kumli og eru varðveitt á Þjóðminjasafni Íslands.*

a) Flötu bein hækilsins og efsti hluti leggjar á afturfæti. Beinnibbur sjást greinilega í jaðri liðarins sem er á milli flötu beinanna (miðliðarins).

b) Sami hækill og á mynd 1a, flötu beinunum hefur verið flett í sundur. Hrjúfur liðflötur og beinnibbur eru merki um slitgigt í miðliðnum.

Niðurstöður og ályktanir

Við röntgenmyndatöku sáust breytingar í flötu liðum hæklanna í 30,3% hrossa á aldrinum 6–12 vetra. Við vefjaskoðun fannst brjóskeyðing í sömu liðum í 33% sýna úr hrossum yngri en 5 vetra. Hágæða röntgenmyndir af beinskífum úr hæklum ungra hrossa (*high detail radiography*) sýna einnig glögglega að miklar breytingar geta verið komnar í flötu bein hækilsins fyrir tamningaaldur. Í öllum tilfellum jókst tíðni breytinganna með aldri hrossanna (*Mynd 2*).

Þessar niðurstöður staðfesta að spatt er mjög algengur sjúkdómur í íslenskum hrossum. Fyrsta stig sjúkdómsins, brjóskeyðing, er í mörgum tilfellum komin fram hjá trippum áður en tamning hefst. Breytingar í beini, sem sjást á röntgenmyndum, fylgja oft í kjölfarið og sjúkdómurinn hefur einnig tilhneigingu til að breiðast út um liðina með aldrinum. Breytilegt er milli einstaklinga hversu snemma og hversu hratt sjúkdómurinn þróast og hversu langt hann gengur.

Samband röntgenbreytinga og helti eftir beygipróf var sterkt



Mynd 2. *Tíðni brjóskeyðingar í flötu liðum hækilsins í trippum (6 mánaða til 4 vetra) og tíðni röntgenbreytinga í reiðhestum (6–12 vetra).*

þar sem helti eftir beygipróf kom fram í 54,3% hrossa með röntgenbreytingar en í 22,9% hrossa án röntgenbreytinga (*Mynd 3*).

Þegar afdrif hrossanna voru könnuð fimm árum síðar kom í ljós að spatt hefur tiltölulega lítil áhrif á notagildi hrossa framan af aldri. Eftir 13 vetra aldurinn skilur hins vegar greinilega á milli hrossa sem greindust með röntgenbreytingar þar sem þau heltust fremur úr lestinni en hin sem engin einkenni höfðu (*Mynd 4*).



Mynd 3. *Tíðni röntgenbreytinga og helti eftir beygipróf.*



***Mynd 4**. Mismunur á endingu hrossa eftir niðurstöðu spattprófunar.*

Afturfótahelti var algengasta sjúkdómseinkennið sem varð til þess að hross nýttust ekki til reiðar (*Tafla 1*).

Hross með röntgenbreytingar sem auk þess svöruðu beygiprófi á hæklum entust marktækt ver en hross sem aðeins höfðu annað þessara einkenna. Helti eftir beygipróf án röntgenbreytinga hefur minna að segja um horfur hrossanna en röntgenbreytingar einar og sér.

Ástæða förgunar	**Fjöldi**
Afturfótahelti	42
Aðrir kvillar í fótum og baki	11
Aðrir sjúkdómar	6
Slysfarir	12
Geðslag	16
Skortur á hæfileikum	11

Tafla 1. Ástæður þess að 98 hross sem tóku þátt í spattrannsókninni nýttust ekki til reiðar 5 árum síðar.

Krappt horn hækilsins (séð frá hlið) er tengt sjúkdómnum en ekki er hægt að útiloka að sá litli en hámarktæki munur (0,8°) sem þar kom fram sé afleiðing hans fremur en áhættuþáttur. Aðrir byggingargallar, s.s. náhækla fótstaða, hafa ekki verið útilokaðir þar sem nákvæmari mælingar skortir til að leggja mat á áhrif þeirra.

Ekkert kom fram sem bendir til þess að álag sem fylgir tamningu, þjálfun eða notkun hrossa til reiðar sé orsök sjúkdómsins né hafi neikvæð áhrif á þróun hans. Ekkert bendir heldur til þess að tölt sé orsakavaldur sjúkdómsins.

Erfðir eru samkvæmt þessari rannsókn mikilvægasti orsakaþáttur sjúkdómsins þar sem normaldreifð áhrif margra gena eru talin liggja að baki. Arfgengi aldursáhrifanna á röntgenbreytingar (aldur við greiningu), sem endurspeglar veikleikann fyrir spatti, var metið með endingargreiningu og reyndist $h^2 = 0.33$. Arfgengi á helti eftir beygipróf var einnig metið nokkuð hátt, $h^2 = 0.42$ með línulegu einstaklingslíkani.

Vísbendingar komu fram um að erfðaáhrifin geti, a.m.k. að hluta til, legið í byggingargöllum eða óheppilegri gerð liðanna (liðflata og/eða stuðningsvefja) sem geri þá óstöðuga. Þetta veldur óeðlilegu álagi á brjósk og bein flötu liða hækilsins og leiðir til brjóskeyðingar í þeim. Hversu snemma brjóskeyðing tekur að þróast og hversu alvarlegar og útbreiddar liðskemmdirnar verða, fer að miklu leyti eftir því hversu mikill meðfæddur veikleiki (óstöðugleiki) er til staðar hjá hverju hrossi fyrir sig. Ef veikleikinn er ekki mikill þróast brjóskeyðingin ekki frekar. Í þeim tilfellum er líklegt að uppbygging vöðva og bandvefjar eigi þátt í að gera liðinn stöðugri. Í mörgum tilfellum þróast hún þó áfram í breytingar á beini sem eru sýnilegar á röntgenmyndum (röntgenbreytingar). Á því stigi næst oft stöðugleiki og sjúkdómurinn þróast ekki frekar. Hjá u.þ.b. helmingi hrossa með röntgenbreytingar heldur niðurbrotsferillinn þó áfram, liðskemmdirnar verða útbreiddari og bólga breiðist út um liðhimnuna og aðra mjúka vefi liðanna. Þá aukast líkurnar á langvinnri helti.

Fyrirbyggjandi aðgerðir

Val á kynbótahrossum út frá niðurstöðu röntgenmyndatöku eða beygiprófs á hæklum er til þess fallið að lækka tíðni sjúkdómsins í hrossastofninum. Röntgenmyndataka er öruggari greiningarað-



Röntgenmynd af þversneið af neðri hluta hækilsins af 6 mánaða gömlu folaldi. Eðlilegir liðfletir.



Röntgenmynd af þversneið af neðri hluta hækilsins af fjögurra vetra gömlu hrossi. Eðlilegir liðfletir. Flötu bein hækilsins eru orðin þéttari að innanverðu (til vinstri) og er það eðlileg afleiðing hreyfingar / álags.



Röntgenmynd af þversneið af neðri hluta hækilsins af veturgömlu trippi. Óreglulegir liðfletir benda til brjóskhrörnunar. Flötu beinin eru orðin þéttari að innanverðu en þar má líka sjá upplausn í beini.



Röntgenmynd af þversneið af neðri hluta hækilsins af fjögurra vetra gömlu hrossi. Miðliðurinn samfallinn að mestu og nýmyndun beins á sér stað miðlægt.

ferð en beygiprófið og því vænlegri til árangurs. Vegna hinna miklu aldursáhrifa á tíðni röntgenbreytinga er afar mikilvægt að kynbótahross séu á sama aldri þegar mat er lagt á þennan þátt. Einnig er mikilvægt að röntgenmyndatakan sé stöðluð og aflestur myndanna samræmdur.

Þar sem veikleikinn fyrir spatti er svo útbreiddur í okkar hrossakyni sem raun ber vitni, verður að leggja áherslu á að ekki séu notuð til undaneldis stóðhestar og hryssur sem sjálf hafa greinst ung með röntgenbreytingar. Allt bendir til þess að þau beri með sér mestan veikleika fyrir sjúkdómnum.

Lagt hefur verið til að hæklar stóðhesta verði röntgenmyndaðir þegar hestarnir eru sex vetra og upplýsingar um þá skoðun gerðar opinberar til að auðvelda ræktendum, sem svo kjósa, að taka tillit til þessa þáttar. Einnig er mælt með sambærilegri skoðun á hryssum. Þannig væri hægt að draga úr tíðni sjúkdómsins og koma á móts við það göfuga markmið að rækta hraust og endingargott hrossakyn. Með tímanum yrði byggður upp gagnagrunnur og möguleiki á að taka þennan þátt inn í kynbótamatið.

Heimildir:

Helgi Sigurðsson (1991). „Diagnosis and radiographic examination of spavin in 60 Icelandic horses.“ Búvísindi 5. tbl. bls 33–38.

Magnús Einarson (1931). Dýralækningabók, Bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar, Reykjavík. Bls. 356–362.

Vísindagreinar um sama efni:

Björnsdottir S., Axelsson M., Eksell P., Sigurðsson H. and Carlsten J. (2000). „A radiographic and clinical survey of degenerative joint disease in the distal tarsal joints in Icelandic horses.“ Equine Veterinary Journal 32, 268–272.

Björnsdottir S., Arnason Th., Axelsson M., Eksell P., Sigurðsson H. and Carlsten J. (2000). „The heritability of degenerative joint disease in the distal tarsal joints in Icelandic horses.“ Livestock Production Science 63, 77–83.

Axelsson M., Björnsdottir S., Eksell P., Häggström J., Sigurðsson H. and Carlsten J. (2001). „Risk factors associated with hind limb lameness and degenerative joint disease in the distal tarsus of Icelandic horses.“ Equine Veterinary Journal 33 84–90.

Arnason, Th. and Björnsdottir, S. (2003). „Heritability of age-at-onset of bone spavin in Icelandic horses estimated by survival analysis.“ Livestock Production Science 79, 285–293.

Björnsdottir S., Árnason Th., Lord P. (2003). „Culling Rate of Icelandic Horses due to Bone Spavin.“ Acta Veterinaria Scandinavica 44, 161–169.

Björnsdottir, S., Ekman, S., Eksell, P., and Lord, P. (2004). „High detail radiography and histology of the centrodistal tarsal joint of young Icelandic horses.“ Equine Veterinary Journal 36 (1), 5–11.

Páll A. Pálsson

Sullaveiki á Íslandi

Sögulegt yfirlit

Sullaveiki (*Echinococcosis*) er enn í dag útbreiddur sjúkdómur í nokkrum löndum. Þó að fyrirbyggjandi aðgerðir til að brjóta upp þroskaferil sníkilsins (hundur-sauðfé-nautgripir) séu einfaldar, og hafa verið kunnar í meira en eina og hálfa öld, hefur auðljóslega verið erfitt að framfylgja þeim við sérstakar aðstæður þar sem sjúkdómurinn er enn óheftur. Allmargir höfundar hafa því undrast hve sullaveiki var fyrir löngu í raun útrýmt á Íslandi án kostnaðarsamrar og flókinnar skipulagningar.

Hér á eftir mun ég reyna í stuttu máli að skýra mikilvægi sullaveikinnar á Íslandi og þær einföldu ráðstafanir sem gerðar voru til að útrýma henni og hvaða árangur náðist.

Sullaveiki í mönnum, sauðfé og nautgripum hefur verið kunn á Íslandi um aldaraðir. Samkvæmt upplýsingum prófessors G. Magnússonar (1863–1928) hefur tilfellum af sullaveiki verið lýst í íslenskum fornsögum frá 12. og 13. öld.

Í rás tímans varð sullaveikin algengari og náði auðsjáanlega hámarki á síðari hluta 18. aldar samfara hnignandi efnahagástandi í landinu. Á þessum tíma bjó svo til öll þjóðin í frumstæðum hýbýlum við slæmar heilbrigðisaðstæður.

Nautgripir, sauðfé, hundar og menn bjuggu í náinni snertingu yfir veturinn oft jafnvel undir sama þaki.

Fyrsti lærði læknirinn á Íslandi, B. Pálsson (1719–1779), hóf störf árið 1760. Samkvæmt skýrslum hans var sullaveiki einn algengsti sjúkdómur meðal sjúklinga hans og sullir sáust oft í innyflum sauðfjár og nautgripa við slátrun. Á þessum tíma lýstu læknar sullaveiki sem hypertrophy hepatis, hepatalgia, infarctus hepatis o.s.frv.

Nokkrir læknar sem störfuðu á mismunandi stöðum á landinu á síðari hluta 18. aldar og í byrjun þeirrar 19. skýrðu oft frá hárri tíðni sullaveiki en engar nákvæmar tölur er tiltækar. Danskur



Lungu og lifur úr fullorðinni kind með ígulsulli. Í lifur margir smáir sullir, dreifðir um allt líffærið. Í lunga þrír sullir í jaðri líffærisins. Í sullunum var tær vökvi og mikið af sullhausum.

læknir P.A. Schleisner (1818–1900), greindi árið 1849 frá því í ritgerð sinni „Nosography of Iceland“ að einn af hverjum sjö sjúklingum sem voru skoðaðir þjáðust af sullaveiki. Þetta var byggt á eigin athugunum og upplýsingum fengnum frá öðrum læknum í landinu.

Prófessor H. Krabbe (1831–1917) áætlaði árið 1863 samkvæmt rannsóknum sínum á sullaveiki á Íslandi að 1500 manns þjáðust af sullaveiki af 67.000 heildarfjölda landsmanna, auk þess væri erfitt að ákveða hve margir til viðbótar bæru dulið smit. Slíkt væri einungis hægt að staðfesta með reglulegum krufningum sem á þeim tíma voru aðeins framkvæmdar í einstaka tilfellum hér á landi.

Síðan hafa nokkrir greinarhöfundar sem hafa fjallað um sullaveiki í landinu borið brigður á að tíðni tilfella hafi verið svona há. J. Finsen (1826–1924), J. Jónassen (1840–1910) og G. Magnússon.

Skýrslur yfir krufningar 2.227 einstaklinga sem Prof. N. Dungal (1897–1965) framkvæmdi á árunum 1932–1950 sýna stöðugt lækkandi tíðni sullaveiki í fólki. Það er eftirtektarvert í þessari rannsókn (könnun) að sullir fundust í 22% einstaklinga sem fædd-

ir voru á árunum 1860–70 sem staðfestir eldri staðhæfingu að einn af hverjum sjö Íslendingum voru plagaðir af sulli um miðja nítjándu öld.

Á fimmtíu ára tímabili, 1932–1982, voru 15.888 krufningar gerðar á fólki í Reykjavík. Af þessum fjölda kom í ljós að 214 voru með sull, 119 konur og 95 karlar. Allir þessir einstaklingar að undanskildum 8 voru fæddir fyrir 1900. Flestir sullanna fundust í lifrinni. Þetta bendir til að tekist hafi að vinna bug á sjúkdómnum um aldamótin þar sem mjög fá ný tilfelli virðast koma í ljós eftir 1900.

Samt sem áður voru óvænt tveir sjúklingar skornir upp vegna sullaveiki á árunum 1984 og 1988 og lifandi sullir fjarlægðir. Þessir sjúklingar voru fæddir árin 1905 og 1920. Þetta eru síðustu tilfelli sullaveiki sem hafa verið skráð svo kunnugt sé hér á landi.

Hundar og refir

Meðan Prof. H. Krabbe dvaldi hér á landi árið 1862 krufði hann 100 hunda og kom í ljós að 28 þeirra hýstu sull *E. granulosus*. Þegar sambærileg könnun var gerð á 200 hundum á árunum 1950–1960 hýsti enginn þeirra sull *E. granulosus*. Aldrei hefur sullaveiki smit verið staðfest í íslenska fjallarefnum en hann er algengur á Íslandi.

Sauðfé

Sláturhús voru reist og reglubundin kjötskoðun var tekin upp á árunum 1900–1920 hér á landi. Könnun sem var framkvæmd í sex sláturhúsum á 17.244 fullorðnu sauðfé árið 1924 leiddi í ljós að 12.4% þeirra voru með sull í lifur eða lungum. Skýrslur héraðsdýralækna sem eru ábyrgir fyrir heilbrigðisskoðun sláturafurða benda til að sullir í lifur og lungum hafa verið á undanhaldi fyrri hluta 20. aldar. Enginn sullur hefur fundist í nautgripum síðan 1961 og frá árinu 1979 hefur ekkert tilfelli um sull í sauðfé borist frá kjötskoðunarlæknum. Á þessari stundu benda öll gögn til þess að sullaveiki (Echinoccosis) hafi verið útrýmt nær 100% úr íslensku búfé.

Fræðsla og hvatning til almennings

Árið 1863 rannsakaði danskur læknir og sníkjudýrafræðingu Prof. H. Krabbe sullaveikina hér á landi. Hann var skipaður aðalráðgjafi stjórnvalda í baráttunni við sullaveikina frá 1863–1890.

Hann gerði sér strax í upphafi grein fyrir því að til að ná árangursríkum samdrætti í útbreiðslu sjúkdómsins krafðist það kröftugs stuðnings almennings og skilningi á nauðsyn langvarandi forvarnaraðgerða.

Skipulögð barátta gegn sullaveiki byrjaði árið1864 með því að leiðarvísir eftir Prof. H. Krabbe „Athugasemdir handa Íslendingum um sullaveikina og varúðarreglur gegn henni," var sendur inn á öll heimili í landinu þar sem eðli og orsök sjúkdómsins, þróunarferill sníkilsins og aðferðir til varnar voru skýrð. Sambærilegur bæklingur „Sullaveikin og varúðarreglur gegn henni" eftir J. Jónassen var gefinn út árin 1884 og 1891 og dreift á sama hátt um allt landið.

Fjöldi greina um sullaveiki voru birtar í dagblöðum og tímaritum á þessum árum og héraðslæknar sem voru ábyrgir fyrir ormahreinsun hunda drógu stöðugt athygli almennings að þýðingu forvarna.

Þessar mismunandi tilraunir til að upplýsa almenning voru studdar með opinberri tilskipun sem gefin var út 1869 um varnir gegn sullaveiki.

Þar er lagt til að skylt er að eyða öllum sullum og sullmenguðum innmat búfjár, skráningu hunda og leggja skatt á alla hunda sem ekki er þörf á við búfjárhald.

Árið 1890 voru samþykkt ný lög um hundaskatt og fleira sem kom í stað stjórnskipunarinnar frá 1869. Í þessum lögum var enn frekar stefnt að fækkun hunda í landinu, refsing kæmi til ef sullum væri ekki tryggilega eytt og hundar ormahreinsaðir reglulega ár hvert. Síðar var sveitarstjórnum heimilt að takmarka eða banna hundahald á þeirra umráðasvæðum, t.d. í kaupstöðum og bæjarfélögum.

Á Íslandi hefur löggjöfin af ásettu ráði aldrei greint á milli mismunandi tegunda sulla heldur skyldi jafnan eyða öllum sullum sem fundust.

Dr. Krabbe hafði árið 1864 spáð að jákvæður árangur af varnaraðgerðunum myndi fyrst koma í ljós hjá fólki eftir 40–50 ár. Hann reyndist sannspár því að eftir 1900 hefur nýsmit verið ákaflega sjaldgæft og nú er sullaveiki að talið er svo til útrýmt. Núgildandi lög um varnir gegn sullaveiki eru frá 1952 og reglugerð frá 1957. Þessar reglur endursegja að miklum hluta þær varnaraðgerðir sem upprunalega komu fram hjá dr. Krabbe árið 1964.

Umræður

Af skýrslum ýmissa aðila má ráða að varnaraðgerðir sem áskildar eru í lögum og reglugerðum hafi ekki ávallt verið framkvæmdar sem skyldi. Hin lögbundna árlega hundahreinsun og eyðing á öllum sullum sem koma fyrir í sláturhúsum hafa sífellt minnt almenning á þennan sjúkdóm sem var svo algengur í landinu áður fyrr.

Fáein tilfallandi atvik á fyrstu áratugum baráttunnar gætu hafa átt þátt í þeim jákvæða árangri sem náðist.

Hundaskatturinn sem fyrst var lagður á árið 1869 dró úr fjölda hunda og þrjár farsóttir af hundafári sem fóru um landið á árunum 1870, 1888 og 1892 drógu enn frekar úr hundastofninum.

Mikilvægur útflutningur á lifandi sauðfé þróaðist upp úr 1870 og stóð til 1900 eða í þrjátíu ár og útflutningur sum þessi ár af vetrargömlu fé á fæti til slátrunar var nær 60–70% stofnsins.

Vegna veðurfars og búskaparhátta í sauðfjárbúskap fór mest öll slátrun sauðfjár fram á tímabilinu september-október svo mengaðar sláturafurðir voru aðeins fyrir hendi fáeinar vikur á ári.

Samt sem áður telja flestir greinahöfundar sem þekktu til baráttunnar gegn sullaveiki á Íslandi að uppfræðsla almennings sem var frekar auðveld þar sem heildarfjöldi landsmanna var aðeins 70–80.000 og ólæsi nær óþekkt og miklar áhyggjur vegna sullaveikinnar á þessum tíma hafi verið mikilvægustu þættirnir sem réðu því að sjúkdómnum var sem næst útrýmt úr landinu.

Það er eftirtektar vert að flestar niðurstöður sem nú liggja fyrir virðast benda til að samdráttur í nýsmiti sulla hafi byrjað þegar á síðasta áratug 19. aldar, það er áður en breytingar á hefðbundnum búskaparháttur áttu sér stað og áður en þéttbýlismyndun tók til sem leiddi til fækkunar bændafólks sem var í mestri hættu.

Síðustu skrefin til að útrýma sjúkdómi eru oftast þau erfiðustu. Þegar sjúkdómur er ekki lengur vandamál á almenningur vanda til að verða kærulausari og reiknar ekki með veikinni þannig að sífellt reynist erfiðara að framfylgja nauðsynlegum varnaraðgerðum. Þetta hefur verið reynsla okkar heima fyrir á stundum.

Almenningur á Íslandi er ekki lengur vel að sér um þau miklu vandamál sem fylgdu sullaveikinni á fyrri öldum. Því geta verið erfiðleikar á að gera grein fyrir nauðsyn þess að framfylgja varúðarráðstöfunum gegn sjúkdómi sem hefur verið útrýmt að kalla má.

Hve lengi slíkum varúðarráðstöfunum skal haldið áfram er erfitt að segja til um eða á hinn bóginn skal þeim ef til vill aldrei hætt?

Tafla I.
214 krufningar á fólki (af 15.888) framkvæmdar í Reykjavík á árunum 1932–1982, þar sem ígulsullir voru staðfestir.

Fæðingarár hins látna	Einstaklingar með ígulsull
1840–1849	1
1850–1859	8
1860–1869	52
1870–1879	64
1880–1889	56
1890–1899	25
1900–1909	4
1910–1919	3
1920–1929	0
1930–1939	1
1940–1949	0
1950–1959	0
1960–1969	0
1970–1979	0

Heimild: Jón Sigurðsson, Nord. Med. Hist. Árg. 1970.

Þetta er fyrirlestur sem Páll flutti á XVII. International Congress of Hydatology 6.–10. nóvember 1995 í Limasol á Kýpur, og jafnframt mun hann vera síðasti fyrirlesturinn sem hann hélt á ráðstefnu erlendis og þótti við hæfi að birta hann hér. Greininni er snarað úr ensku. *Ritstj.*

Heimildir:

Arinbjarnar, G. 1889. Læknablaðið 75,399–402.

Dungal, N. New Zealand Medical Journal, 56, 212–222.

Einarson, M. Búnaðarritið, 15, 125–146.

Finsen, J. 1874. Iagttagelser angaaende Sygdoms Forholdene i Island, 177 pp.

Jónassen, J. 1882. Ekinosygdommen ved islandske Lægers Erfaring, Köbenhavn. 268 pp.

Jónsson, V. Skírnir 128, 134–175.

Jónsson, S. 1879. Tidskrift for Veterinærer, 2 Rk., 9, 137–178.

Krabbe, H. 1864. Athugasemdir handa Íslendingum um sullaveikina og varnir móti henni. Köbenhavn 18 pp.

Krabbe, H. 1865. Helmintologiske Undersögelser i Danmark og på Island med særligt Hensyn til Blæreormlidelser på Island. 64 pp.

Leared, A. 1862. Islendingur III, 105–106.

Magnússon, G. 1913. Yfirlit um sögu sullaveiki á Íslandi, Reykjavik, 83 pp. Pálsson, P.A.,Vigfússon, H. og Henrikssen, K. 1971. Læknablaðið 57, 39–51. Pálsson, P.A. 1976. Hist. Med. Vet. 1. 4–10.

Pálsson, P.A. 1984, in: Some important parasite infections considered from economic and social (zoonosis) points of view, Commission of the European Communities, 121–131.

Schleisner, P.A. 1849. Island undersögt fra et videnskabeligt synspunkt. Köb.

Sigurðsson, J. 1970. Nordisk Medicinhistorisk Arsbog, Köbeenhavn, 182–198.

Thoroddsen, þ. 1922. Landbúnaður á Íslandi. Köbenhavn 2, 73–81.

Sigríður Björnsdóttir

Sumarexem í íslenskum hrossum

Sumarexem er langvinnur, árstíðabundinn ofnæmissjúkdómur sem þekktur er í hrossum víða um heim. Helstu einkenni eru kláði, þykknun á húð, hárlausir húðflekkir, skrámur, hrúður og sár og er algengast að þau komi fram í faxrót og taglrót en einnig á kviði og á höfði. Ef ekkert er að gert versna einkennin ár frá ári og valda auknum óþægindum og sársauka. Í verstu tilfellunum verða hrossin ónothæf til reiðar og sum þarf að aflífa.

Ofnæmisviðbrögðin einkennast af framleiðslu á IgE mótefnum, losun histamíns og fleiri bólguþáttum. Helsti ofnæmisvaldurinn eru talinn vera prótín sem berst í hross úr biti mýflugna af ættkvíslinni *Culicoides* spp. (Halldórsdóttir and Larsen 1989, Fadok and Greiner 1990). Þessi ættkvísl mýflugna lifir ekki hér á landi og er sjúkdómurinn ekki þekktur hér. Sumarexem er hinsvegar algengur sjúkdómur í íslenskum hrossum sem flutt hafa verið utan og hefur hættan á sjúkdómnum dregið úr áhuga erlendra hestamanna á að kaupa hross frá Íslandi.

Faraldsfræði

Í faraldsfræðilegri rannsókn sem gerð var á íslenskum hrossum í Noregi kom fram að tíðni sjúkdómsins var að meðaltali 17,6%. Tíðnin var mun hærri hjá hrossum fæddum á Íslandi (26,7%) en þeim sem fædd voru í Noregi (8,2%) (Halldórsdóttir and Larsen 1991). Sambærilegar tölur um tíðni sjúkdómsins (26,2% og 6,7%) komu fram í sænskri rannsókn (Broström and Larsson 1987). Báðar þessar rannsóknir byggðu á spurningalistum sem sendir voru til eigenda íslenskra hesta.

Við klíníska skoðun á 330 hrossum sem fædd voru á Íslandi en flutt til Þýskalands, Danmerkur og Svíþjóðar, reyndust 114 eða 34,5% þeirra vera með sumarexem (Sigríður Björnsdóttir, Jakobína Sigvaldadóttir og Ágúst Sigurðsson 2001). Breytilegt var hversu langur tími hafði liðið frá útflutningi þar til sjúkdómseinkenni komu fram, eða frá hluta úr sumri og upp í 8 ár. Að meðal-

tali var tíminn 2,4 ár. Nokkrir þættir reyndust með marktækum hætti tengdir sumarexemi. Þeir voru fjöldi ára frá útflutningi, landsvæði, ræktun beitilands, raki á beitilandi, vindur á beitilandi og vatn í nágrenni beitilands. Síðasttöldu þættirnir eru í raun allir mælikvarði á sama orsakaþáttinn, þ.e. búsvæði mýflugunnar. Ef aðeins var litið til hrossa sem höfðu verið lengur en tvö ár í nýjum heimkynnum (213 hross) var tíðni sumarexems 49,5% og meðal þeirra sem auk þess lifðu á svæðum þar sem mikið er af flugunni fór tíðnin upp í 54%. Ekki var sýnt fram á arfgengi sjúkdómsins.

Könnun á tíðni sumarexems hjá 873 íslenskum hrossum sem fæddust í Þýskalandi á árunum 1990–2000 leiddi í ljós að 41 hross eða 4,7% hafði fengið sumarexem (Lena Johanna Reiher og Sigríður Björnsdóttir 2004). Upplýsingar um 222 hross náðu þó aðeins fram að þeim tíma að þau voru seld. Ef sá hópur var ekki talinn með, reyndist tíðnin vera 6,3%. Flest hrossanna voru á svæðum sem teljast áhættusvæði varðandi sumarexem og á öllum bú-

Hárlausir blettir og sár í fax- og taglrót (Lena Johanna Reiher).

görðunum voru einhver hross með sumarexem. Hærri tíðni kom fram í Norður-Þýskalandi (7,6%) en í Suður-Þýskalandi (1,8%) og má skýra muninn, a.m.k. að hluta til, með því að hrossin hafi búið við misjafnlega mikið áreiti flugunnar. Tíðni sjúkdómsins var marktækt hærri hjá hrossum sem áttu foreldra með sumarexem. Að meðaltali voru hross sem fengu sumarexem 2,4 vetra gömul þegar fyrstu einkenni sjúkdómsins komu fram. Yngsti hesturinn var veturgamall og sá elsti 6 vetra gamall.

Sumarexem er greinilega mun minna vandamál í íslenskum hrossum sem fædd eru erlendis en þeim sem eru fædd hér á landi og flutt úr landi. Vandinn virðist því fyrst og fremst fólginn í þeim miklu umhverfisbreytingum sem hrossin verða fyrir við útflutning. Ekkert bendir til að íslenski hesturinn sé næmari gagnvart sjúkdómnum en mörg önnur hrossakyn ef hann fæðist í umhverfi þar sem ofnæmisvaldinn er að finna.

Þó ekki hafi verið sýnt fram á arfgengi sjúkdómsins hjá útfluttum íslenskum hestum, hafa þau áhrif ekki verið útilokuð. Til þess var efniviðurinn of lítill og umhverfisáhrifin of sterk. Vísbendingar komu hins vegar fram um áhrif erfða á tíðni sjúkdómsins meðal þýskfæddra íslenskra hrossa.

Í erlendum rannsóknum hafa komið fram vísbendingar um að arfgengir þættir hafi áhrif á næmi hrossa fyrir sjúkdómnum og að tíðni hans tengist ákveðnum vefjaflokkum (*Lazary et al.* 1994). Einnig hefur verið sýnt fram á fylgni tiltekins antigens á hvítfrumum „equine leucocyt antigen“ (ELA) við tíðni sjúkdómsins (Halldórsdóttir *et al.* 1991).

Varnir

Miðað við núverandi þekkingu eru betri umhverfisaðstæður áhrifamesta leiðin til að lækka tíðni sjúkdómsins. Íslensk hross á erlendri grundu þurfa skjól fyrir flugunni á beitilandinu sem þau geta forðað sér í á þeim tíma sólarhringsins sem flugan er virkust. Góð reynsla er af slíkum skjólum og þau ættu að vera jafn sjálfsögð og hagaskjól gegn veðri og vindum eru hér á landi. Annar möguleiki er að hýsa hrossin frá því seinnipart dags til næsta morguns, en flugan er virkust í ljósaskiptunum. Stóðhross er heppilegt að halda á vindasömu þurrlendi. Sérhannaðar ábreiður til að verjast flugunni eru líka mikið notaðar með góðum árangri.

Mikilvægt er að hefja meðhöndlun strax og vart verður við ein-

Ábreiða til varnar sumarexemi á íslensku hrossi (Lena Johanna Reiher).

kenni sjúkdómsins. Algengt er að nota barkstera eða anti-histamín til að halda einkennum niðri en einnig er mikið framboð af smyrslum og náttúrulyfjum sem reynst hafa ágætlega.

Framtíðarsýnin er að þróaðar verði aðferðir til að fyrirbyggja eða lækna sjúkdóminn varanlega.

Áframhaldandi rannsóknir

Árið 2000 hófst rannsóknarátak sem miðar að þróun bóluefnis til að fyrirbyggja eða lækna sumarexem. Í rannsóknarhópnum eru vísindamenn frá Tilraunastöðinni á Keldum og Dýralæknadeild Háskólans í Bern í Sviss. Áhersla er lögð á að einangra og greina ofnæmisprótín úr Culicoides mýflugunni. Framleiðsla á ofnæmisprótínum eða genum sem kóða fyrir þeim er forsenda þess að hægt verði að breyta ónæmissvarinu úr hinu óheppilega ofnæmissvari (sem Th2-eitilfrumur stjórna) í þol gegn stungum flugunnar (undir stjórn Th1-eitilfrumna) eða bæla ofnæmissvarið. Í framhaldinu verður reynt að þróa bóluefni sem annað hvort mun byggja á erfðavísunum eða á prótínunum sjálfum með ónæmis-

glæðum. Einnig er verið að þróa tjáningarferjur til að koma erfðavísum inn í frumur hrossa.

Í samstarfi við Erfðafræðideild Animal Health Trust í Newmarket í Bretlandi er nú verið að leita að breytileika í dreifingu erfðamarka sem gætu tengst sjúkdómnum með því að erfðagreina blóðsýni úr íslenskum hrossum sem hafa verið sjúkdómsgreind m.t.t. sumarexems. Slík greining mun auka mjög skilning á eðli sjúkdómsins og kann að verða lykill að lækningu hans.

Heimildir:

Broström H. and Larsson Å., (1987). Allergic dermatitis (sweet itch) of Icelandic horses in Sweden: An epidemiological study. Equine vet. J. 19(3): 229–236.

Fadok A. V. and Greiner E.C., (1990). Equine incect hypersensitivity: skin test and biopsy results correlated with clinical data. Eq. vet. J. 22: 236–240.

Halldorsdottir S., and Larsen H.J., (1989). Intradermal challange of Icelandic horses with extracts of four species of the genus Culicoides. Res. in Vet. Science 47: 283–287.

Halldorsdottir S., and Larsen H.J., (1991). An epidemiological study of summer eczema in Icelandic horses in Norway. Eq. vet. J. 23: 296–299.

Halldorsdottir S, Lazary S, Gunnarsson E, Larsen HJ (1991): Distribution of leucocyte antigens in Icelandic horses affected with summer eczema compared to non-affected horses. Equine Vet J 23(4):300–2.

Lazary S, Marti E, Szalai G, Gaillard C, Gerber H (1994): Studies on the frequency and associations of equine leucocyte antigens in sarcoid and summer dermatitis. Anim Genet 25 Suppl 1:75–80.

Lena Johanna Reiher og Sigríður Björnsdóttir (2004): Tíðni sumarexems í íslenskum hrossum fæddum í Þýskalandi. Handrit.

Sigríður Björnsdóttir, Jakobína Sigvaldadóttir og Ágúst Sigurðsson (2001): Áhrif erfða og umhverfis á tíðni sumarexems í íslenskum hrossum sem flutt hafa verið úr landi. Eiðfaxi-ræktun 1. tbl.

Konráð Konráðsson

Svínasjúkdómar

Svín til forna

Virðing manna fyrir svínum hefur verið nokkuð misjöfn í gegnum tíðina. Í handriti að bókinni Aligrísinn, saga svínaræktar á Íslandi frá landnámi til okkar daga, greinir Friðrik G. Olgeirsson sagnfærðingur m.a. frá því að Platon hafi haldið því fram „að fáar stéttir manna hefðu verið jafnnauðsynlegar og svínahirðar á þeim tíma þegar fyrstu menningarríkin voru að myndast.“ En í elstu menningarríkjunum, sem sagan greinir frá, voru svín húsdýr og höfðu „mikla þýðingu fyrir hag þjóðanna.“ Platon bendir hér á mikilvægi þess að svo þjóð fái þrifist þurfi hún að hafa nægan mat. Svínin voru mikilvæg í þessu sambandi enda frjósöm og áttu svínahirðar virðingu skilið fyrir að stunda svínarækt og stuðla þannig að velferð þjóðarinnar.

Egyptar voru margir hverjir á annarri skoðun og töldu þeir að svín væru smitberar sjúkdóma „vegna þess að það lifði í svo miklum mæli á úrgangi frá fólki.“ Því var þess vegna lýst yfir „að svín væru óhreinar skepnur og svínakjöt óheilnæmt.“

Sama má segja um Móses gamla en hann var nokkuð iðinn, sem talsmaður Guðs, við að banna neyslu svínakjöts. Þegar hann frelsaði hina útvöldu undan þrældómi Egypta og flúði með þá til fyrirheitna landsis „hefðu þeir fengið tríkínur og fleiri sjúkdóma sem raktir voru til svína og þess vegna bannaði Móses svínakjötsát. Í Biblíunni má á nokkrum stöðum finna bann við svínakjötsáti og er það upprunalega komið frá Móses.“ Líklegt er þess vegna að Móses hafi orðið fyrir áhrifum frá Egyptum þegar hann tók þessa ákvörðun sem enn lifir í einstökum menningarheimum nútímans. Sannanlega er máttur orðsins mikill þó forn sé.

Friðrik heldur því einnig fram að frásagnir í Biblíunni ásamt öðrum heimildum séu til vitnis um að „þrátt fyrir boð og bönn var svínarækt stunduð að einhverju marki í Gyðingalandi“ og „ef til vill mest til að selja kjötið til annarra landa.“ Sé rétt til getið, má velta fyrir sér mannkærleik Gyðinga á þessum tíma ef óhætt var að selja

trúleysingjum svínakjöt til manneldis sem þeir vildu ekki neyta sjálfir.

Svín á Íslandi

Þegar land var numið á Íslandi á níundu öld höfðu landnámsmenn með sér svín sem húsdýr. Friðrik setur fram athyglisverða kenningu um að sennilega hafi þessi fyrsti innflutningur svína til Íslands haldið lífinu í víkingunum á meðan þeir voru að koma sér upp sauðfjár- og nautgripastofni. Hafi þetta verið sökum þess að viðkoma svína sé mikil og því hafi svínakjöt verið mikilvæg fæða strax í upphafi.

Færa má rök fyrir því að svín hafi verið nokkuð algeng á Íslandi í upphafi en dáið að lokum út um 1600. Svína er oft getið í fornsögum og heimildum frá yngri tímum. Svínaörnefni eru mjög algeng á Íslandi og má finna þau í öllum landshlutum.

„Örnefnin sem hér um ræðir hafa öll að fyrra lið orðamyndirnar svín, grís, gylta, göltur, galtar, sýr eða purk“ og má nefna Galtarlæk, Svínadal, Purkey og Sýrlæk sem dæmi um þekkt örnefni í þessu samhengi. Ritar Friðrik ennfremur að áreiðanlega séu flest svínaörnefnin vitnisburður um að svínarækt hafi verið stunduð um land allt þó að í sumum tilfellum geti verið um afbökuð orð að ræða eða líkingarmál. Fornleifarannsóknir og uppgreftir hafa einnig leitt í ljós tilvist svínabeina frá fornu fari.

Eins og áður er nefnt er því haldið fram að svín hafi dáið út um 1600 á Íslandi og að svínarækt hafi ekki hafist aftur fyrr en 300 árum seinna. „Erlendir kaupmenn fluttu þó oft svín með sér til landsins til eigin nota og danskir embættismenn ólu gjarnan grísi til slátrunar.“ „Þegar áhugi Íslendinga á svínarækt vaknaði á 19. öld var gamla íslenska landkynið löngu útdautt og því ekki um annað að gera en að flytja inn svín frá öðrum löndum.“

Upp úr aldamótunum 1900 hefst svínarækt að nýju en er á fáum stöðum. Til þess að gera langa sögu stutta fjölgaði búum smátt og smátt og náði hámarki á seinni stríðsárunum eða 1943, en samkvæmt skýrslu Hagstofu Íslands þá var stofninn kominn í 1.508 lífdýr. Upp úr því fækkar svínum mjög mikið og árið 1947 eru lífdýr aðeins 125 talsins.

Svínapest og Blöðruþot

Án efa hafði svínapestin (Classical Swine Fever) sem kom upp

Frá svínabúi. Eldri gerð innréttinga.

1942 mikið að segja um fækkun svínanna á þessum árum en hún olli miklum búsifjum. Einnig hafði brotthvarf hersins 1945 og 1946 mikil áhrif því svínabændur fóðruðu svínin með matarútgangi frá honum. Á þessum árum var Ásgeir Ó. Einarsson starfandi dýralæknir í Reykjavík og ritaði hann grein um „Svínafárið“ sem hann nefndi svo, í 37. árg. Freys 1942. Greinir Ásgeir svo frá: „Það byrjaði að Bjarmalandi við Laugarnes þ. 27. júni s.l. (1942 innsk. höf.) þar sem voru alls 13 svín á búinu.“ Og ennfremur segir Ásgeir „Svínunum á Bjarmalandi var gefið hrátt, nýlegt svínakjöt frá ameríkskri setuliðsstöð nokkrum dögum áður en veikin braust út, og tel ég veikina hafa borist til landsins með hraðfrystu fleski frá Ameríku.“ Ásgeir lýsir því svo hvernig svínapestin berst m.a. með veikum svínum í sláturhús og dreifist þaðan með skófatnaði manna inn á önnur bú.

Páll Agnar Pálsson dýralæknir skrifar yfirlitsgrein um „Svínapest á Íslandi“ í 12. árg. Freys 1998. Þar rekur hann ferli sjúkdómsins og nefnir að svínapestin hafi verið viðloðandi svínarækt á Íslandi í 13 ár og telur að síðustu grísirnir með einkenni svínapestar hafi greinst fyrri hluta ársins 1955. Segir svo í grein Páls „Ás-

geir Ó. Einarsson héraðsdýralæknir í Reykjavík fylgdist um áratuga skeið vel með heilsufari svína í héraðinu. Taldi hann að almenn bólusetning og aukið aðhald varðandi notkun matarleifa til skepnufóðurs hafi verið þeir þættir sem mestu máli skiptu í baráttunni við svínapestina og að lokum leitt til þess að hún hvarf með öllu.“

Ekki er vitað til þess að svínapestar hafi orðið vart hér á landi eftir þennan tíma. Í raun er ótrúlegt að pestin hafi horfið úr íslenskri svínarækt þar sem baráttan, eins og Páll Agnar lýsir því, fyrst um sinn var með sermi en síðar með „crystal violett“ bóluefni sem seinna kom í ljós „að nokkrir annmarkar“ væru á „þó það virðist ekki koma að sök hér á landi.“ Sennilega hefur lukkan verið með í för.

Matarleifar koma aftur við sögu svínaræktarinnar í apríl 1955 þegar blöðruþot (Vesicular exanthema) greinist í svínum á einu svínabúi við Hafnarfjörð sem fóðraði með ósoðnum afgöngum úr eldhúsi Bandaríkjahers á Keflavíkurflugvelli. Eru taldar mjög miklar líkur á því að sjúkdómurinn hafi borist í svínin með þessum hætti. Sjúkdómurinn barst ekki á önnur bú. Páll Agnar Pálsson og Ásgeir Einarsson rituðu grein um blöðruþotið árið 1956 og birtu í Búnaðarriti. Þar er sjúkdómnum vel lýst og skýra þeir félagar m.a. svo frá: „Um miðjan apríl 1955, var héraðsdýralæknirinn í Reykjavík kvaddur til þess að skoða veika gyltu í nágrenni bæjarins. Gyltan var búin að vera veik í 3 daga, dauf og lystarlaus. Við nánari skoðun kom í ljós, að gyltan var með hita 40.4°, mjög stirð í gangi, sárfætt og áberandi eymsli í klaufum. Á flestum spenum sáust brúnar þurrar skorpur. Grísirnir, sem gengu undir henni höfðu verið teknir undan, þar sem gyltan varði þeim að sjúga sig, enda hafði hún gelst að mestu á 2–3 dögum. Þegar grísir hennar voru skoðaðir nánar, kom í ljós, að flestir þeirra höfðu blöðrur, flestar rifnar, á vörum og trýni.“ Þegar önnur svín voru skoðuð á búinu kom í ljós að mörg þeirra voru veik. Lystarleysi var áberandi ásamt hita og helti. Blöðrur mátti einnig sjá á mörgum þeirra aðallega á vörum og trýni.

Þegar einkennum er lýst með þessum hætti kemur gin- og klaufaveiki fyrst upp í hugann. Hún var þó útilokuð á þessum tíma með því að færa kálf inn á búið. Hann var rispaður á tungum og vörum og í rispurnar roðið sýkingarefni. Marsvín voru einnig sýkt með smitefni. „Hvorki kálfurinn né marsvínin sýndu nein einkenni

gin- og klaufaveiki og var því lógað að rúmum tveimur vikum liðnum," segir í grein þeirra félaga. Veikin breiddist ekki út frá búinu en það var einangrað um nokkurra vikna skeið. „Eftir að síðustu svínin voru talin vera orðin heilbrigð, þá fyrst var slátrun leyfð."

Svínasjúkdómar

Heimildir um svínasjúkdóma í íslenskum svínum eru af skornum skammti. Í Handbók bænda frá árinu 1973 má finna lýsingu á nokkrum svínasjúkdómum eftir Pál Agnar Pálsson. Greinir Páll frá þeim sjúkdómum sem vart hefur orðið í íslenskum svínum á þeim tíma er greinin er skrifuð. Þeir sjúkdómar sem hann fjallar um eru rauðsýki, blöðruþot, svínapest, brjóstveiki, berklaveiki í svínum, halabit, snúðtrýni, spóluormaveiki, mjólkurþurrð hjá gyltum, lýs og maura, skort á þrúgusykri og blóðleysi í spenagrísum.

Athyglisvert er að lesa um það sem Páll kallar brjóstveiki, en hún er talin algeng í 3–10 vikna grísum og vel þekkt á ýmsum svínabúum á þeim tíma. Frumorsökin er talin veira, „en mjög oft koma síðar til ýmsar tegundir sýkla, sem yfirgnæfa frumorsökina í hinum sjúklegu breytingum." Að öllum líkindum er Páll að lýsa kregðu eða sýkingu með *Mycoplasma hyopneumoniae* í svínum. *Mycoplasma* sýkillinn var fyrst greindur í USA 1965 en þar sem heimilda í Handbók bænda er ekki getið í yfirlitsgrein Páls er erfitt að sjá við hvaða heimildir hann hefur stuðst. Kregða var aðskilin frá influensu sem sérstakur sjúkdómur 1948 og 1951 en þar sem hægt var að filtrera sýkilinn var honum oft lýst sem „*virus pneumonia*." Sennilegt er að hér sé komin skýring á því hvers vegna Páll greinir frá orsökinni sem veiru. Einkennum sjúkdómsins er jafnframt lýst en líklega er einkennum ofaukið þegar eftirfarandi er sagt: „Í byrjun sjúkdómsins fylgja oft skituköst. Hóstinn helst við vikum eða mánuðum saman og öndunin gerist þung og erfið og oft fá sjúklingarnir skorpur á húðina og útbrot." Aðbúnaður svína hefur breyst og batnað hin síðari ár og lýsa einkenni kregðu sér ekki með þessum hætti í dag. Ekki er gott að segja hver skýringin sé á þeim húðbreytingum sem Páll lýsir né skituköstunum, nema aðbúnaður svínanna hafi verið svo slæmur og svínin af þeim sökum verið mjög móttækileg fyrir ýmiss konar kvillum. Páll sjálfur hafði hins vegar ekki mikla trú á þessu „streitutali" eða að sjúkdómar kæmu í kjölfar streitu og álags eins og hann orðaði það eitt sinn við höfund.

Berklaveiki í svínum virðist hafa verið nokkuð algeng fyrr á árum enda segir Páll í grein sinni að ýmis bú í nágrenni Reykjavíkur hafi verið smituð af fuglaberklum. En með berklaprófum á viðeigandi búum hafi tekist að draga mjög úr berklasmiti og veikin ekki gert vart við sig í mörg ár. Í þessu samhengi má greina frá því að á árunum 1991–1999 greindust fuglaberklar í svínum frá einu svínabúi í Skagafirði. Breytingar í líffærum fundust við kjötskoðun í sláturhúsi Skagfirðinga. Á bænum höfðu verið hænur og má leiða líkum að því að smit hafi borist úr þeim í svínin. Að öðru leyti hefur mjög lítið borið á berklum í svínum.

Páll Agnar nefnir í grein sinni að hér á landi hafi bæði orðið vart svínalúsar og svínamaurs. Höfundur hefur aldrei orðið var við svínalús, eða frá 1991. Ekki hefur hann heldur heyrt svínabændur nefna hana. Sennilega hefur hún dáið út með tímanum þegar bændur meðhöndluðu svín sín við kláða. En kláðamaur var hins vegar mjög algengur í svínum enda mátti sjá einkenni hans á nánast öllum svínabúum landsins þegar dýralæknir svínasjúkdóma heimsótti þau á árunum 1991 og 1992.

Embætti dýralæknis svínasjúkdóma

Frá og með árinu 1976 fór svínarækt vaxandi á Íslandi. Árið 1988 voru um 3.500 gyltur í landinu. Frá þessum tíma hefur fjöldi gyltna verið nokkkuð svipaður og er í dag í kringum 4.000 gyltur. Með aukinni svínarækt kom aukin krafa um leiðbeiningar og ráðgjöf frá svínabændum. Kvörtuðu svínabændur talsvert yfir því að áhugi og þekking dýralækna á svínum og svínasjúkdómum væri af skornum skammti. Sennilegt er að á þessum árum hafi dýralæknar ekki sinnt vitjunum á svínabú nema í neyðartilvikum. Jafnvel voru dæmi um að geldingar hrossa væru teknar framyfir neyðartilvik en það mun vera nokkuð langt síðan. Svo fór að forsvarsmenn Svínaræktarfélags Íslands ásamt góðum stuðningi yfirdýralæknis höfðu sitt fram og samin var reglugerð um aðbúnað og heilbrigðiseftirlit á svínabúum sem öðlaðist gildi 1. september 1991. Þar var kveðið á um aðbúnað svína og að sérstakur dýralæknir skyldi ráðinn í stöðu dýralæknis svínasjúkdóma. Úr þessu varð og hefur dýralæknir sinnt stöðunni síðan, með hléi sem varði frá 15. desember 1999 til 1. febrúar 2001.

Óhætt er að segja að þörf á heilbrigðisaðgerðum hafi verið mikil á svínabúum landsins. Þetta kom fljótlega í ljós í samtölum við

Algengar innréttingar á svínabúum frá því um 1990.

svínabændur. Ákveðið var þess vegna að öll svínabú landsins yrðu heimsótt og þau tekin út með tilliti til aðbúnaðar svínanna og heilbrigðis þeirra. Um 100 bú voru heimsótt og lauk úttektinni í október 1992. Niðurstaða úttektarinnar var sú að sjúkdómar í svínum voru algengir og aðbúnaður víða slakur. Helst bar mikið á einkennum skitu, lungnabólgu, kláða og snúðtrýnis í fráfæru- og eldisgrísum. Sérstaka athygli vakti að sáralítið var um spenagrísaskitu (E. coli) og könnuðust bændur varla við þann sjúkdóm, en hann er mjög algengur þar sem svínarækt er stunduð. Það var ekki fyrr en bændur tóku upp heimablöndun fóðurs að bera fór á þessum skaðlega sjúkdómi. Eftir það hefur spenagrísaskita verið viðloðandi íslenska svínarækt.

Á næstu misserum og árum var unnið jafnt og þétt að sjúkdómsgreiningum og komu margir sérfræðingar Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum þar að. Mörg svín voru krufin á þessum árum, sýni sett í ræktun og skoðuð í smásjá. Lungnabólgusýkillinn *Actinobacillus pleuropneumoniae* var greindur í fyrsta sinn um 1990 þegar Eggert Gunnarsson dýralæknir ræktaði hann úr lungum grísa frá svínabúi á Kjalarnesi, en þar hafði lungnabólga herjað í grísum um nokkurt skeið. Þegar

Nútíma innréttingar á svínabúum.

blóðsýni voru tekin 1992 og 1994 úr svínum frá 54 svínabúum kom í ljós að mótefni voru talsvert algeng gegn lungnabólgunni en leitað var að mótefnum við App 2, App 6 og App 8. Jafnframt var leitað að mótefnum við parvoveirunni og fundust þau einnig víða, þó svo að mörg bú væru neikvæð. Þetta var nokkuð ógnvekjandi staða, að mörg bú væru neikvæð m.t.t. parvoveiru og svínin þar með næm fyrir sýkingu.

Einnig var sýnt fram á með sýnatökum að *Treponema hyodysenteriae* var talsvert algeng á búum landsins og olli hún skitu í fráfæru- og eldisgrísum. Þessi baktería hefur breytt nokkrum sinnum um nafn og mun hún nú heita *Brachyspira hyodysenteriae*. Kláðamaur fannst einnig í skrapsýnum úr eyrum gyltna og af húð. Einkenni snúðtrýnis voru mjög áberandi og fór því ekki á milli mála um hvaða sjúkdóm var að ræða. Rauðsýki skaut upp kollinum við og við auk þess sem spenagrísaskita blossaði upp eins og framar greinir. Af öðrum sjúkdómum sem voru greindir, en voru ekki jafn algengir, má nefna heilahimnubólgu, liðabólgu í spenagrísum (*Streptococcus suis*), sortuexem og fráfæruskitu (E. coli).

Árið 1988 kom upp sjúkdómur á stóru svínabúi á Suðvestur-

landi með einkennum sem svipaði mjög til svínapestar. Eftir ítrekaðar rannsóknir reyndist ekki um svínapest að ræða. Nokkrum árum seinna (1992) varð vart við svipuð einkenni í gyltu og nokkrum grísum á öðru búi á Suðurlandi. Einkennum þessum var lýst í breska dýralæknaritinu Veterinary Record og þegar höfundar greinarinnar höfðu skoðað smásjársýni úr íslensku tilfellunum staðfestu þeir að um sama sjúkdóm væri að ræða og þeir höfðu lýst í dýralæknaritinu. Sjúkdómur þessi hefur fengið nafnið Porcine Dermatitis Nephropathy Syndrome (PDNS) og hefur verið tengdur circoveirum með svipuðum hætti og Postweaning Multisystemic Wasting Syndrome (PMWS), en það er sjúkdómur í svínum sem herjar nú víða um heim. Skilningur manna á hegðun og orsök beggja sjúkdómanna er af skornum skammti. Hugsanlega varð vart við sömu einkenni á einu svínabúi á Austurlandi en Ólafur Jónsson dýralæknir lýsti þeim ágætlega. Frekari rannsóknir fóru ekki fram og tilfellið því ekki staðfest. Einkenni hurfu í svínunum á bæjunum og hefur ekki orðið vart við sjúkdóm þennan síðan.

Bóluefni

Einungis tvö bú stunduðu bólusetningar árið 1991. Annað búið á Austurlandi bólusetti við rauðsýki en hitt búið, á SV-landi, bólusetti við E. coli skitu. Þörf fyrir bólusetningar var mikil og hófust bólusetningar við parvoveirunni og rauðsýki fljótlega eftir 1991. Smátt og smátt jókst fjölbreyttni bóluefnanna og er nú algengt að svínabændur bólusetji við kregðu, spenagrísaskitu, parvoveirunni, rauðsýki, snúðtrýni og illkynja lungnabólgu. Talsverður breytileiki er á milli búa í þessu sambandi enda rekstrarfyrirkomulag þeirra mismunandi. Hafa bólusetningar skilað miklum árangri í heilbrigði svínanna og heyrir það til undantekninga að sjá t.d. grís með snúðtrýni í dag.

Sérstakar aðgerðir

Kláði og blóðskita (B. hyodysenteriae) ollu miklu tjóni á búunum. Fjárhagslega munaði hér mestu um blóðskituna. Ákveðið var að feta í fótspor Dana og reyna upprætingu þessara sjúkdóma þar sem því var komið við. Fyrsta tilraun til upprætingar fór reyndar fram 1990 á Brautarholti á Kjalarnesi, áður en embætti dýralæknis svínasjúkdóma var sett á laggirnar. Tókst að uppræta blóðskit-

una en kláðaútrýmingin mistókst. Á næstu misserum og árum voru tilraunir til upprætingar sjúkdómanna gerðar á allmörgum búum. Uppræting blóðskitu var reynd á 21 búi og tókst hún á 19 þeirra. Óhætt er að segja að aðgerðirnar hafi tekist vel enda skiluðu þær miklum arði til bænda að þeim loknum. Þó svo upprætting blóðskitu mistækist skilaði hún engu að síður útlögðum kostnaði í bættum vaxtarhraða og fóðurnýtingu grísanna fljótlega eftir að aðgerðum lauk. Fjárhagslega var því ávallt kostur að reyna upprætingu. Nú er svo komið að blóðskita og kláði heyra nánast sögunni til. Fækkun búanna undanfarin ár hefur einnig átt sinn þátt í því að lítið er um þessa sjúkdóma í dag, því þeir sem ekki framkvæmdu þessar aðgerðir stóðu ekki jafnvel að vígi og hinir og hættu margir rekstri.

Smitvarnir

Smitvarnir voru ekki til staðar á svínabúunum í byrjun tíunda áratugar síðustu aldar. Algengt var að selja lífdýr á milli búa. Geltir voru jafnvel lánaðir í tilhleypingar. Samgangur manna var óhindraður á milli svínabúanna. Samfara aðgerðum sem hér framar er lýst þurfti að hindra að smit bærist aftur inn á bú með dýrum, mönnum eða tólum. Fordyri urðu því algeng og komið var upp sérstakri afhendingaraðstöðu fyrir sláturgrísi á sumum búunum svo hindra mætti smit inn á bú með sláturbíl. Sala lífdýra breyttist og keyptu bændur dýr fyrst og fremst af þeim búum sem voru laus við framangreinda sjúkdóma. Sumir bændur höfðu það á orði að persónufrelsi þeirra væri skert með öllum þessum aðgerðum, því að þeir þurftu að breyta verulega allri umgengni sinni um bú sín. Í dag þykja smitvarnir sjálfsagður hlutur.

Í einstaka tilfellum hin síðari ár nýttu bændur tækifærið þegar bú þeirra voru stækkuð og gerðu tilraun til útrýmingar á kregðu (*Mycoplasma hyopneumoniae*). Tilraunir til þessa voru framkvæmdar á tveimur búum, Hýrumel á Vesturlandi og Bjarnastöðum í Grímsnesi. Tókust aðgerðir í báðum tilfellum.

Innflutningur erfðaefnis

Bygging einangrunarstöðvar fyrir svín var hafin vorið 1993 í Hrísey á vegum Svínaræktarfélags Íslands. Landbúnaðarráðuneytið veitti innflutningsleyfi á svínum af norsku landkyni og hugsunin var að nota þau einkum til blendingsræktunar. Einangrunar-

stöðin var tekin í notkun 2. mars 1994 þegar 5 fengnar gyltur komu frá Noregi. Þrem vikum síðar bættust 5 fengnar gyltur við á stöðina, einnig frá Noregi. Haustið 1994 voru kynbótagrísir valdir en öðrum grísum og innfluttu gyltunum slátrað. Fyrstu grísirnir (3ja kynslóð) voru síðan fluttir í land sumarið 1995. Til viðbótar hafa kynbótadýr verið flutt inn í tvígang frá Noregi og í eitt skipti frá Finnlandi.

Öll dýr sem drepist hafa eða verið fargað í einangrunarstöðinni hafa verið krufin og rannsökuð. Dýralæknir svínasjúkdóma hefur fylgst með heilbrigðisástandi búsins frá upphafi. Engir nýir smitsjúkdómar hafa borist til landsins með innfluttu svínunum og heilbrigði hefur jafnan verið gott í stöðinni.

Heilbrigðisástand svína í dag

Með þeim aðgerðum sem hér hefur verið lýst, þ.e. upprætingu sjúkdóma, bólusetningum og breyttri umgengni um búin hefur sjúkdómaástand íslenskra svína batnað verulega. Fækkun búa hefur einnig haft mikið að segja, auk þess sem endurnýjun lífdýra fer fram með innflutningi á svínum frá Noregi, en heilbrigðisstaða þeirra er með ágætum. Möguleikar eru því á að viðhalda góðu heilbrigði og bæta ennfremur erfðaframför grísanna með áframhaldandi innflutningi erfðaefnis.

Páll Stefánsson

Sæðingar á hryssum á Íslandi

Í gömlu þýsku dýralæknariti „Veterinarian“ nr. 520 frá 1898, er saga frá árinu 700, þar sem segir af arabískum manni frá Darfur sem átti góða og göfuga hryssu. Eitt sinn þegar hryssan var í hestalátum tók hann bómullarhnoðra og vætti með útferði hryssunnar. Að nóttu til læddist hann inn í búðir óvinveitts nágrannaættbálks, sem átti sérlega glæsilegan stóðhest, æsti hestinn upp með bómullarhnoðranum og safnaði sæði hans í hnoðrann. Flýtti sér síðan til baka og setti hann inn í skeið hryssunnar. Ári síðar eignaðist hann óskafolaldið.

Þetta er elsta heimildin sem vitað er um sæðingu á hryssu, rúmlega 1300 ára gömul. Sæðingar á hryssum eru alls ekki svo nýjar af nálinni því að löngu áður en farið var að sæða kýr höfðu verið stundaðar sæðingar á hryssum. Fljótlega upp úr aldamótunum 1900 voru stundaðar sæðingar á hryssum í Austur-Evrópu. Þróunin var það mikil í Rússlandi að samkvæmt heimildum þaðan munu árið 1938 hafa verið sæddar u.þ.b. 150.000 hryssur þar í landi.

Í Vestur-Evrópu hafa sæðingar á hryssum verið markvisst stundaðar frá því á árunum eftir seinni heimstyrjöldina og síðustu þrjá áratugi hafa sæðingar með fersku sæði færst mjög í aukana um allan heim. Ástæður þess að slíkar sæðingar eru stundaðar eru aðallega þrjár;

1. Betri og meiri nýting á bestu hestunum.
2. Fyrirbyggjandi aðgerð til að hindra útbreiðslu smitsjúkdóma.
3. Tryggingafélög hafna frjálsri notkun hestanna vegna slysahættu.

Hér á landi hefur verið tekið sæði úr hestum og hryssur sæddar um nokkurt skeið. Fyrir u.þ.b. 15 árum var unnið að þessu verkefni á Hvanneyri og þá einnig reynd frysting á hrossasæði. Undanfarin 7 ár hefur verið unnið markvisst að þessu á Sæðingastöðinni í Gunnarsholti á Rangárvöllum og hafa Hrossaræktarsamtök Suðurlands og Dýralæknaþjónusta Suðurlands unnið sameiginlega að því verkefni.

Fyrsta árið (1997) voru sæddar 140 hryssur, annað árið rúmlega 100, árin 1999, 2000, 2001 og 2002 voru þær heldur færri en aftur árið 2003 voru sæddar 193 hryssur með fersku sæði í Gunnarsholti (*sjá súlurit*). Fyljunarhlutfall hefur farið stig hækkandi ár frá ári, var fyrsta árið 49% en árið 2002 var það rúmlega 82%. Árið 2003 var fyljunarprósentan rúml. 77% og verður það að teljast mjög gott miðað við árangur frá öðrum löndum, en mörg Evrópulöndin eru að birta tölur á bilinu 65–70%.

Fjöldi sæddra mera og fyljunarhlutfall



Aðstaða til sæðinga og sæðistöku í Gunnarsholti er mjög góð og fékk stöðin samþykki Evrópusambandsins árið 1999. Þar er vinnuaðstaða öll hin besta og tækjakostur nokkuð góður. M.a. er þar frystitæki til djúpfrystingar á sæði og fósturvísum.

S.l. þrjú ár hefur verið unnið að því að djúpfrysta sæði til notkunar og hefur það starf borið allgóðan árangur. Þessi starfsemi hefur reyndar verið mjög smá í sniðum sökum fjárskorts, en sumarið 2002 tókst að fylja hryssu með slíku sæði auk þess sem hryssa var sædd og fyljuð sumarið 2003 með sæði úr sama hesti og notað 10 sinnum minna magn en áður og beitt svokallaðri speglunartækni við sæðinguna. Hún felst í því að koma sæðinu inn að opi eggjaleiðarans niður í leghornið þeim megin sem egglosið á sér stað u.þ.b. 30 klst. eftir að 1500 IE af HCG hefur verið sprautað í æð hryssunnar (u.þ.b. 2–8 klst fyrir egglos). Kemur þessi aðferða-

fræði til með að verða mjög spennandi í framtíðinni, sérstaklega þegar sú tækni sem nefnist „Semensexing“ verður orðin þróaðri og jafnvel ódýrari.

Það er ljóst að nýtingarmöguleiki hestanna með sæðistöku og djúpfrystingu sæðis er miklu meiri en við náttúrulegar aðstæður. Hvort ræktunarstefnan í landinu vill nýta sér þann möguleika á reyndar eftir að kom í ljós. Ekki síður ef smitsjúkdómar bærust til landsins væri gott að hafa góð tök á þessari aðferðafræði auk þess sem margir kostir felast í starfseminni fyrir hryssueigendur líka. Í lok þessa greinarstúfs langar mig að telja upp helstu kosti sæðinga og frystingar sæðis til frekari glöggvunar fyrir lesendur:

1. Fjölgunarmöguleiki bestu hestanna mun meiri en tíðkaður hefur verið og þ.a.l. hraðari erfðaframfarir.
2. Skoðun gripanna með tilliti til frjósemi (gallar útilokaðir). Viðhald góðrar frjósemi íslenska hestsins.
3. Möguleiki á að hefta útbreiðslu smitsjúkdóma ef upp koma.
4. Söfnun á verðmætu erfðaefni.
5. Stofnvernd með tilliti til ákveðinna þátta sem hugsanlega geta horfið sökum smæðar í stofninum (litir, einkenni, sérkenni, o.s.frv.).
6. Dreifing á erfðaefni án þess að stunda flutning á gripum langar leiðir (hagkvæmnissjónarmið).
7. Stofnvernd ef alvarlegir smitsjúkdómar koma upp (t.d. farbann-, flutningsbann á milli svæða).